ÁRIÐ 1907, mánudaginn 1. júlímánaðar, var hið 20. löggefandi alþingi sett í Reykjavík,

Fyrst söfnuðust alþingismenn ásamt ráðherra Hannesi Hafstein saman í alþingishúsinu og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni.

Sjera Friðrik Friðriksson prjedikaði og hafði valið sjer fyrir texta: 5. Mós. 5. 1.—5.

Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aptur í þinghúsið og inn í þingsal neðri deildar. Las þá ráðherra upp skipun konungs til sín um að setja þingið, dagsetta 10. maí 1907, svo hljóðandi:

Frederik hinn áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum þjer með brjefi þessu sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland vald til að setja í Voru nafni hið reglulega alþingi, sem saman kemur mánudaginn 1. júlímánaðar næstkomandi.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig guði.

Ritað á Amaliuborg 10. maí 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.).

H. Hafstein.

Til vors elskulega
herra Hannesar Hafsteins, kommandörs af Dannebrogsorðunni og Dannebrogsmanns, Vors ráðherra fyrir Ísland.

Að því búnu kvaðst ráðherrann samkvæmt því valdi, sem honum þannig væri veitt, lýsa því yfir í nafni konungs, *að alþingi Íslendinga væri sett.*

Stóð þá upp 1. þingm. Rvk. Tryggvi Gunnarsson og mælti:

»Lengi lifi konungur vor, Frederik hinn áttundi«, og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir þingmenn mættu við þingsetninguna:

A. Konugkjörnir:
Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
Eiríkur Briem, 2. kgk. þm.
Björn M. Ólsen, 3. kgk. þm.
Ágúst Flygenring, 4. kgk. þm.
Þórarinn Jónsson, 5. kgk. þm.
Steingrímur Jónsson, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir:
Árni Jónsson, þm. N.-Þing.
Björn Bjarnarson, þm. Dal.
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
Einar Þórðarson, 2. N.-Múl.
Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
Guðmundur Björnsson, 2. þm. Rvk.
Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv.
Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
Jóhannes Ólafsson, þm. V.-Ísf.
Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv.
Jón Jónsson, þm. Sfjk.
Jón Magnússon, þm. Vestm.
Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
Magnús Andrjesson, þm. Mýr.
Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
Magnús Stephensen, 2. þm. Rangv.

Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.
Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árn.
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.
Sigurður Jensson, þm. Barð.
Sigurður Stefánsson, þm. Ísfjk.
Skúli Thóroddsen, þm. N.-Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.
Tryggvi Gunnarsson, 2. þm. Rvk.
Valtýr Guðmundsson, 2. þm. G.-K.
Þorgrímur Þórðarson, þm. A.-Sk.
Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.

Ókomnir til þings voru: þm. Strand., Guðjón Guðlaugsson og 1. þm. S.-Múl., Ólafur Thorlacius.

Ráðherra kvaddi þá hinn elzta þm. til að gangast fyrir prófun kjörbrjefa og kosningu forseta hins sameinaða alþingis.

Gekk þá 1. þm. Rvk. Tryggvi Gunnarsson til forsetasætis og valdi sjer til aðstoðar sem skrifara Guðmund Björnsson, 2. þm. Rvk., og Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.

Til þess að prófa kjörbrjef eins þm. hins 6. konungkjörna, Steingríms Jónssonar, skiptust þm. eptir hlutkesti í 3 deildir. Kjörbrjef þm. var rannsakað af 1. deild, og kaus hún 2. kgk. þm. Eirík Briem fyrir framsögumann. Við kjörbjefið fannst ekkert að athuga og var kosning þm. því samþ. Þá vann hinn nýi þm. eið að stjórnarskránni.

Því næst var gengið til kosningar á forseta hins sameinaða alþingis og hlaut 2. kgk. þm. Eiríkur Briem kosningu með 23 atkv. Næst honum fjekk 1. þm. N.-Múl. Jóhannes Jóhannesson 11 atkv., Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf. fjekk 1 atkv., 2 atkvæðamiðar voru auðir.

Gekk þá hinn nýkosni forseti til forsetasætis og bað hina sömu skrifara og áður að aðstoða sig þar til er skrifarar væru kosnir.

Forseti: Jeg skal fyrst leyfa mjer að þakka háttv. þm. fyrir þann sóma, sem þeir hafa sýnt mjer með þessari kosningu, og treysti því, að þeir muni sýna mjer hið sama umburðarlyndi og velvild eins og að undanförnu. Oss er nú skylt að minnast þess, að síðan alþingi kom saman síðast, hefur konungur vor, Kristján hinn IX., fallið frá. Flestir af oss, sem hjer erum staddir, höfum að vísu áður vottað honum látnum lotningu vora með því að vera við legstað hans; mjer finnst samt skylt að minnast hans sjerstaklega við þetta tækifæri með hrærðum hjörtum sem vors bezta konungs. Eins og kunnugt er, kom hann hingað til lands 1874 með stjórnarskrána, sem veitti alþingi löggjafarvald og markar svo þýðingarmikil tímamót í sögu þessa lands. Síðan samþykkti hann og breytinguna á stjórnarskránni — meðal annars um ráðherra búsettan hjer á landi. Yfir höfuð sýndi hann á mjög margan hátt, hve annt honum var um þetta land, og hversu hlýjan hug hann ætíð bar til þess, og síðast, er vjer komum hjer saman, sendi hann alþingi hjartfólgna kveðju og heillaósk. Að vísu mýkir það söknuð vorn útaf fráfalli hans, að sonur hans, hinn núverandi konungur vor, hefur sýnt, að hann beri eigi síður hlýjan hug til Íslands og lætur sjer eigi síður annt um hag þess; en eigi að síður mun þó Kristján konungur hinn IX. ávallt verða oss Íslendingum ógleymanlegur. Blessuð sje minning hans.

Meðan forseti flutti þessa ræðu, stóðu allir þingmenn upp í sætum sínum.

Fór síðan fram kosning á varaforseta hins sameinaða þings, og fór hún svo, að kosinn var Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf., með 23 atkv. Næst

honum fjekk Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., 12 atkv. Tveir atkvæðamiðar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar í samþ. og hlutu kosningu Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn., með 22 atkv. og Guðm. Björnsson, 2. þm. Rvk., með 21 atkv. Næst þeim fengu þeir Sigurður Stefánsson 13 atkv. og Sigurður Jensson 12 atkv.

Samkvæmt fyrirmælum í 3. gr. þingskapanna var því næst kosin 5 manna nefnd til prófunar kjörbrjefa og til að rannsaka kosningar, er þingið hefur frestað að taka gildar, enda þótt nefnd þessi hefði ekkert ákveðið hlutverk að þessu sinni.

Í nefnd þessa voru kosnir:

Skúli Thóroddsen, þm. N.-Ísf. með 25 atkv.

Steingrímur Jónsson, 6. kgk. þm. með 24 atkv.

Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk. með 23. atkv.

Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf. með 23 atkv.

Ólafur Briem, 1. þm. Skgf. með 18 atkv.

Næst þeim fengu Jóhannes Jóhannesson 11 atkv. og Sigurður Stefánsson 8 atkv.

Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum kom efri deild alþingis saman í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni

1. Júlíus Havsteen 1. kgk. þm.
2. Eiríkur Briem 2. kgk. þm.
3. Björn M. Ólsen 3. kgk. þm.
4. Ágúst Flygenring 4. kgk. þm.
5. Þórarinn Jónsson 5. kgk. þm.
6. Steingrímur Jónsson 6. kgk. þm.

Enn fremur þessir þjóðkjörnir þingmenn:

1. Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
2. Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
3. Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
4. Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv.
5. Sigurður Jensson, þm. Barð.
6. Sigurður Stefánsson, þm. Ísfjk.
7. Valtýr Guðmundsson, 2. þm. G.-K.
8. Þorgrímur Þórðarson, þm. A.-Sk.

Guðjón Guðlaugsson var ókominn.

Eptir áskorun ráðherra stýrði elzti þingmaður deildarinnar, Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm., forsetakosningu og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara Björn M. Ólsen, 3. kgkj. þm., og Sigurð Jensson, þm. Barðstrendinga.

Forseti var kosinn Júlíus Havsteen, 1. kgk. þingmaður, með 7 atkv., Valtýr Guðmundsson fjekk 5 atkv. og Jón Jakobsson 1 atkv. Síðan var gengið til kosningar á varaforsetum, og kom þá fram skrifleg ósk frá þremur þingmönnum, Jóhannesi Jóhannessyni, 1. þm. Norðmýlinga, Sigurði Stefánssyni, þm. Ísafjarðarkaupstaðar og Þorgrími Þórðarsyni, þm. Austur-Skaptfellinga, um, að hlutfallskosningar væru við hafðar við kosningu á varaforsetum og skrifurum deildarinnar. Forseti kvaðst skilja þingsköpin svo, að eigi ætti að hafa hlutfallskosningar, er kosnir væru varaforsetar, heldur skyldi kjósa fyrsta og annan varaforseta, hvorn útaf fyrir sig. Eptir nokkrar umræður samþykkti deildin með 6 atkv. gegn 5, að ekki væri rjett að við hafa hlutfallskosningu við kosningu varaforsetanna. Síðan voru kosnir með óbundnum kosningum varaforsetar: 1. varaforseti var kosinn Jón Jakobsson, 2. þm. Húnvetninga með 7 atkv., Valtýr Guðmundsson, 2. þm. Gullbringu og Kjósarsýslu, fjekk 4 atkv. og Sigurður Stefánsson 1 atkv.; 2. varaforseti var kosinn Guðjón Guðlaugsson, þm. Strandamanna með 7 atkv.; Sigurður Stefánsson, þm. Ísafjarðarkaupstaðar fjekk 3

atkv. og Valtýr Guðmundsson, 2. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu, 2 atkv.

Þá voru skrifarar kosnir með hlutfallskosningu og voru forseta afhentir 2 listar og merkti hann annan þeirra með A, og voru á honum tilnefndir Björn M. Ólsen, 3. kgkj. þm. og Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga; hinn listann merkti forseti með B, og voru á honum tilnefndir, Sigurður Jensson og Sigurður Stefánsson þm. Ísafjarðarkaupstaðar; listinn A hlaut 8 atkv. og listinn B 4 atkv., og lýsti forseti þá yfir, að kosnir væru Björn M. Ólsen og Sigurður Jensson.

Því næst lagði ráðherrann fram eptirfylgjandi frv. til meðferðar í deildinni:

1. Frv. til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.
2. Frv. til laga um veitingu prestakalla.
3. Frv. til laga um umsjón og fjárhald kirkna.
4. Frv. til laga um skipun prestakalla.
5. Frv. til laga um laun sóknarpresta.
6. Frv. til laga um laun prófasta.
7. Frv. til laga um ellistyrk presta og eptirlaun.
8. Frv. til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.
9. Frv. til laga um sölu kirkjujarða.
10. Frv. til laga um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.
11. Frv. til laga um stjórn landsbókasafnsins.
12. Frv. til laga um verndun fornmenja.
13. Frv. til laga um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga.
14. Frv. til laga um breytingar á lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.
15. Frv. til laga um metramæli og vog.

16. Frv. til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.
17. Frv. til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.
18. Frv. til laga um breyting á lögum 27. septbr. 1904 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland o. fl.
19. Frv. til námulaga.
20. Frv. til laga um breytingar á póstlögunum 13. septbr. 1901.
21. Frv. til laga um ákvörðun tímans.
22. Frv. til laga um forstjórn landsímanna.
23. Frv. til laga um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.
24. Frv. til laga um frestun á framkvæmd laga 19. desbr. 1903 um túngirðingar o. fl.
25. Frv. til laga um breyting á lögum 8. oktbr. 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

Enn fremur gat forseti þess, að útbýtt hefði verið meðal deildarmanna.

1. Tillögum um kirkjumál Íslands frá milliþinganefndinni í kirkjumálum landsins, og
2. Skrá yfir þá innanhjeraðsmenn og bæjarmenn, er kosnir hafa verið í landsdóm í hverju sýslufjelagi og bæjarfjelagi.

Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirskipun þingskapanna, settist neðri deild þingsins að í þingsal sínum og tók til starfa.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni:

Árni Jónsson, þm. N.-Þing.
Björn Bjarnarson, þm. Dal.
Björn Kristjánsson, 1. þm. K.-G.
Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
Einar Þórðarson, 2. þm. N.-Múl.
Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.

Guðmundur Björnsson, 2. þm. Rvk.
Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
Hermann Jónasson, 1. þm Húnv.
Jóhannes Ólafsson, þm. V.-Ísf.
Jón Jónsson, þm. Sfjk.
Jón Magnússon, þm. Vestm.
Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
Magnús Andrjesson, þm. Mýr.
Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
Magnús Stephensen, 2. þm. Rangv.
Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.
Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árn.
Ólafur Thorlacius, 1. þm. S.-Múl.
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.
Skúli Thóroddsen, þm. N.-Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.
Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Rvk.
Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.

Þingmenn deildarinnar voru allir viðstaddir nema Ólafur Thorlacius, 1. þingmaður Sunnmýlinga, sem var ekki kominn til þings.

Elzti þingmaður deildarinnar, Tryggvi Gunnarsson, 1. þingm. Reykvíkinga gekk þá til forsetasætis og stýrði kosningu forseta; kvaddi hann sér til aðstoðar Árna prófast Jónsson, þingmann Norður-Þingeyinga, og Guðm. Björnsson, 2. þingmann Reykvíkinga.

Forseti var kosinn: Magnús Steph- 2. þingmaður Rangæinga með 16 atkvæðum.

Magnús Andrjesson, þingm. Mýramanna fjekk 5 atkvæði, Tryggvi Gunnarsson, 1. þingmaður Reykvíkinga 1, Skúli Thóroddsen, þingmaður Norður-Ísfirðinga 1, og Stefán Stefánsson, 2. þingmaður Skagfirðinga 1 atkvæði.

Hinn kjörni forseti tók þá við fundarstjórn.

Fyrri varaforseti var kosinn Magnús Andrjesson, þingmaður Mýramanna, með 16 atkvæðum; Skúli Thóroddsen, þingmaður Norður-Ísfirðinga fjekk 6 atkvæði, Tryggvi Gunnarsson 1. þingmaður Reykvíkinga 1 og Ólafur Briem 1. þingmaður Skagfirðinga 1 atkvæði.

Því næst var kosinn 2. varaforseti. Hlaut kosningu Tryggvi Gunnarsson 1. þingmaður Reykvíkinga með 16 atkvæðum, Ólafur Briem 1. þingmaður Skagfirðinga fjekk 6 atkvæði.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar. Hlutu kosningu: Árni Jónsson, þingmaður Norður-Þingeyinga með 17 atkvæðum og Jón Magnússon þingm. Vestmanneyinga með 17 atkvæðum. Ólafur Ólafsson, 2. þingmaður Árnesinga fjekk 6 atkvæði og Björn Kristjánsson 1. þingmaður Kjósar- og Gullbringusýslu 5 atkvæði.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði tekið við í dag brjefi frá ráðherranum, þar sem ráðherrann segist ætla að leggja fram í deildinni á næsta fundi hennar 25 frumvörp frá stjórninni.

Á 2. fundi þingd., þriðjudaginn 2. júlí, lagði ráðherrann fram, til meðferðar í deildinni, frumvörp þau, er hjer segir:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.
4. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1904 og 1905.
5. Frv. til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.
6. Frv. til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.
7. Frv. til laga um vitagjald af skipum.

8. Frv. til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.
9. Frv. til laga um almennan ellistyrk.
10. Frv. til laga um veð í skipum.
11. Frv. til laga um vegi.
12. Frv. til laga um brunabótafjelag Íslands.
13. Frv. til laga um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.
14. Frv. til laga um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.
15. Frv. til laga um bygging vita.
16. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Bakkabót í Arnarfirði.
17. Frv. til laga um breyting á lögum 10. febrúar 1888 um Söfnunarsjóð Íslands.
10. Frv. til laga um almennan kosningarrjett til alþingis.
19. Frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. oktbr. 1903.
20. Frv. til laga um skipun læknahjeraða.
21. Frv. til laga um breyting á lögum 4. marz 1904 um stofnun lagaskóla.
22. Frv. til laga um fræðslu barna.
23. Frv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík.
24. Frv. til laga um gjafsóknir.
25. Frv. til laga um útgáfu lögbirtingablaðs.

Öllum þessum frumv. var útbýtt meðal þingdm.

Landsdómurinn.

I.

Ruðning samkvæmt lögum um landsdóm nr. 11, 20. október 1905, 4. gr. á tveim tylftum af hinum 72 mönnum, sem kosnir höfðu verið af sýslunefndum og bæjarstjórnum landsins, fór fram á 2. fundi efri deildar miðvikudaginn 3. júlí, og voru allir á fundi nema Guðjón Guðlaugsson, er var enn ókominn til þings.

Forseti gat þess, að skrifleg beiðni hefði komið frá 3 þingmönnum, Valtý Guðmundssyni, Sigurði Jenssyni og Sigurði Stefánssyni, um að hlutfallskosning væri viðhöfð við ruðningu þeirra manna, er kosnir höfðu verið í landsdóminn og hefðu honum þegar verið afhentir 2 listar. Merkti hann annan þeirra með A, en hinn með B. Á A-listanum voru tilnefndir þessir menn:

1. Einar Benediktsson, sýslumaður á Stóra-Hofi í Rangárvallasýslu.
2. Jens Pálsson, prófastur í Görðum í Gullbringusýslu.
3. Jón Gunnarsson, verzlunarstjóri í Hafnarfirði í Gullbringusýslu.
4. Bjarni Jensson, sýslunefndarmaður í Ásgarði í Dalasýslu.
5. Pjetur Oddsson, kaupmaður í Bolungarvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.
6. Halldór Jónsson, sýslunefndarmaður á Rauðamýri í sömu sýslu.
7. Björn Sigfússon, bóndi á Kornsá í Húnavatnssýslu.
8. Björn Þorláksson, prestur á Dvergasteini í Norður-Múlasýslu.
9. Jón Guðmundsson, prestur í Nesi í Suður-Múlasýslu.
10. Þorleifur Jónsson, hreppstjóri á Hólum í Austur-Skaptafellssýslu.
11. Þórður Thóroddsen, bankagjaldkeri í Reykjavík.
12. Einar Hjörleifsson, ritstjóri í Reykjavík.
13. H. S. Bjarnason, vicekonsúll á Ísafirði.
14. Árni Jóhannsson, bæjargjaldkeri á Seyðisfirði.

15. Eyjólfur Guðmundsson, sýslunefndarmaður í Hvammi í Rangárvallasýslu.
16. Tómas Sigurðsson, hreppstjóri á Barkarstöðum í Rangárvallasýslu.
17. Ólafur Magnússon, prestur í Arnarbæli í Árnessýslu.
18. Vigfús Guðmundsson, bóndi í Haga í Árnessýslu.
19. Hjörtur Snorrason, skólastjóri á Hvanneyri í Borgarfjarðarsýslu.
20. Ásgeir Bjarnason, bóndi á Knararnesi í Mýrasýslu.
21. Ólafur Ólafsson, prófastur í Hjarðarholti í Dalasýslu.
22. Þorvaldur Jakobsson, prestur í Sauðlauksdal í Vestur-Barðastrandarsýslu.
23. Hálfdán Guðjónsson, prestur á Breiðabólstað í Húnavatnssýslu.
24. Guðmundur Davíðsson, hreppstjóri á Hraunum í Skagafjarðarsýslu.

Á B-listanum voru tilnefndir:

1. Halldór Jónsson, bankagjaldkeri í Reykjavík.
2. Sæmundur Halldórsson, kaupmaður í Stykkishólmi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
3. Guðmundur Guðmundsson, hreppstjóri á Þúfnavöllum í Eyjafjarðarsýslu.
4. Sigurjón Friðjónsson, bóndi á Sandi í Suður-Þingeyjarsýslu.
5. Jón Jónsson, hreppstjóri á Hafsteinsstöðum í Skagafjarðarsýslu.
6. Sigfús Daníelsson, verzlunarstjóri á Eskifirði í Suður-Múlasýslu.
7. Kolbeinn Jakobsson, hreppstjóri í Unaðsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.
8. Árni Jóhannsson, prestur í Grenivík í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. Jón Einarsson, amtsráðsmaður í Hemru í Vestur-Skaptafellssýslu.
10. Benedikt Einarsson, hreppstjóri á Hálsi í Eyjafjarðarsýslu.

11. Rögnvaldur Björnsson, sýslunefndarmaður í Rjettarholti í Skagafjarðarsýslu.
12. Kristinn Guðlaugson, bóndi á Núpi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
13. Hallgrímur Hallgrímsson, hreppstjóri á Rifkellsstöðum í Eyjafjarðarsýslu.
14. Bjarni Bjarnason, bóndi á Geitabergi í Borgarfjarðarsýslu.
15. Ólafur Erlendsson, hreppsnefndaroddviti á Jörfa í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
16. Kristján Jörundsson, hreppstjóri á Þverá í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
17. Ásgeir Sigurðsson, kaupmaður í Reykjavík.
18. Benóný Jónasson, hreppsnefndaroddviti í Laxárdal í Strandasýslu.
19. Jón Bergsson, bóndi á Egilsstöðum í Suður-Múlasýlu.
20. Árni Kristjánsson, bóndi á Lóni í Suður-Þingeyjarsýslu.
21. Sighvatur Bjarnason, jústizráð og bankastjóri í Reykjavík.
22. Sigurður Jónsson, bóndi á Yztafelli í Suður-Þingeyjarsýslu.
23. Páll Bergsson, kaupmaður í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.
24. Jónas Sigurðsson, sýslunefndarmaður í Húsavík í Suður-Þingeyjarsýslu.

Var því næst kosið um listana og fjekk A-listinn 7 atkv. en B.-listinn 5 atkv. Lýsti forseti þá yfir að 14 þeir fyrstu á A-listanum og 10 þeir fyrstu á B-listanum væru rjettilega ruddir.

II.

Á 2. fundi í sameinuðu þingi tók forseti þess með hlutkesti þær tvær tylftir, er eiga skulu setu í landsdóminum.

Forseti las upp nöfn allra þeirra

48, er eptir voru í landsdóminum. Voru nöfn þeirra skrifuð á sinn miðann hvert, og þeir síðan lagðir í hylki. Úr því hylki dróg svo skrifstofustjóri alþingis 24 miða. Og komu þá upp nöfn þessara manna, er setu eiga í landsdóminum:

1. Árni Kristjánsson, bóndi á Lóni í Norður-Þingeyjarsýslu.
2. Gísli Ísleifsson, sýslumaður á Blönduósi í Húnavatnssýslu.
3. Bjarni Bjarnason, bóndi á Geitabergi í Borgarfjarðarsýslu.
4. Tómas Sigurðsson, hreppstjóri á Barkarstöðum í Rangárvallasýslu.
5. Hjörtur Snorrason, skólastjóri á Hvanneyri í Borgarfjarðarsýslu.
6. Eyjólfur Guðmundsson, bóndi í Hvammi í Rangárvallasýslu.
7. Halldór Jónsson, verksmiðjueigandi á Álafossi í Gullbringu- og Kjósarsýslu.
8. Kristján Jörundsson, hreppstjóri á Þverá í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
9. Ólafur Magnússon, prestur í Arnarbæli í Árnessýslu.
10. Ólafur Ólafsson, prófastur í Hjarðarholti í Dalasýslu.
11. Benóný Jónasson, hreppsnefndaroddviti í Laxárdal í Strandasýslu.
12. Jón Bergsson, bóndi á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.
13. Jón Sveinbjörnsson, hreppstjóri á Bildsfelli í Árnessýslu.
14. Sigfús Halldórsson, hreppsnefndaroddviti á Sandbrekku í Norður-Múlasýslu.
15. Ágúst Helgason, bóndi í Birtingaholti í Árnessýslu.
16. Magnús Jónsson, sýslumaður í Vestmannaeyjum.
17. Guðmundur Hannesson, hjeraðslæknir í Reykjavík.
18. Janus Jónsson, prófastur í Holti í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

19. Ólafur Erlendsson, hreppsnefndaroddviti á Jörfa í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
20. Kristinn Guðlaugsson, bóndi á Núpi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
21. Hallgrímur Hallgrímsson, hreppstjóri á Rifkellsstöðum í Eyjafjarðarsýslu.
22. Magnús Helgason, kennari í Hafnarfirði í Gullbringu- og Kjósarsýslu.
23. Pjetur Pjetursson, bóndi á Gunnsteinsstöðum í Húnavatnssýslu.
24. Páll Bergsson, kaupmaður í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

En varamenn urðu:

1. Gunnar Ólafsson, verzlunarstjóri í Vík í Vestur-Skaptafellssýslu.
2. Grímur Thórarensen, hreppstjóri í Kirkjuhæ í Rangárvallasýslu.
3. Eggert Benediktsson, hreppstjóri á Laugardælum í Árnessýslu.
4. Gunnlaugur Þorsteinsson, hreppstjóri á Kiðjabergi í Árnessýsln.
5. Vigfús Guðmundsson, bóndi í Haga í Árnessýslu.
6. Ásgeir Bjarnason, bóndi á Knararnesi í Mýrasýslu.
7. Guðmundur Ólafsson, bóndi á Lundum í Mýrasýslu.
8. Snæbjörn Kristjánsson, sýslunefndarmaður í Hergilsey í Austur-Barðastrandarsýslu.
9. Þorvaldur Jakobsson, prestur í Sauðlauksdal í Vestur-Barðastrandarsýslu.
10. Bjarni Símonarson, prófastur á Brjámslæk í sömu sýslu.
11. Kristján Gíslason, bóndi á Prestsbakka í Strandasýslu.
12. Hálfdán Guðjónsson, prestur á Breiðabólsstað í Vesturhópi.
13. Rögnvaldur Björnsson, sýslunefndarmaður á Rjettarholti í Skagafjarðarsýslu.
14. Guðmundur Davíðsson, hreppstjóri á Hraunum í Fljótum.

15. Björn Jónsson, prestur í Miklabæ í Skagafirði.
16. Sigurður Jónsson, bóndi á Yztafelli í Suður-Þingeyjarsýslu.
17. Jónas Sigurðsson, sýslunefndarmaður á Húsavík í sömu sýslu.
18. Sölvi Vigfússon. hreppstjóri á Arnheiðarstöðum í Norður-Múlasýslu.
19. Axel V. Tulinius, sýslumaður á Eskifirði.
20. Sighvatur Bjarnason, jústizráð og bankastjóri í Reykjavík.
21. Ásgeir Sigurðsson, kaupmaður sama staðar.
22. Þorleifur Jónsson, póstafgreiðslumaður sama staðar.
23. Davíð Scheving Thorsteinsson hjeraðslæknir á Ísafirði.
24. Jón Norðmann, kaupmaður á Akureyri.

I. Stjórnarfrumvörp.

A. Samþykkt.

1. Fjárlög 1908 og 1909.

Á 2. fundi Nd. þriðjudaginn 2. júlí lagði ráðherrann fyrir deildina, meðal annara frv., frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Ráðherrann: Háttv. forseti hefur nú lesið upp skrá yfir þau 25 frv., sem jeg hef leyft mjer að senda honum til framlagningar hjer í deildinni af lagafrv. þeim, sem stjórnin leggur fyrir þingið í þetta sinn, og er þeim þegar útbýtt meðal háttv. þingm. Jeg ætla mjer ekki nú að gjöra nákvæma grein fyrir hverju einstöku af frv. þessum, því til þess mundi dagurinn naumast endast, enda nægir að svo stöddu að skírskota til þeirra ástæðna, sem prentaðar eru við frumv., og með skírskotun til þeirra leyfi jeg mjer að mæla fram með þeim við háttv. deild. Viðvíkjandi fjárhagnum vildi jeg þó drepa á nokkur atriði.

Þegar jeg lagði fram fjárlagafrv. á þinginu 1905 og skýrði frá fjárhagnum, gat jeg þess til, að tekjuhallinn fyrir fjárhagstímabilið 1904—05, sem menn höfðu óttazt svo mjög, og láð þinginu 1903 — miljónaþinginu svo nefnda, mundi naumast tara fram úr 200,000 kr. Þessu var spáð eptir því, sem hagurinn stóð, að fyrra árinu liðnu. og framsm. fjárlagan. taldist svo til, við framhald 1. umr., að það mundi láta nærri, að tekjuhallinn fyrir fjárhagstímabilið 1904—1905 mundi verða svipaður eins og tekjuafgangurinn 1902—03, eða liðugar 230,000 kr., svo að heita mætti, að fjárhagurinn stæði í stað á þeim tveim tímabilum. Þetta máttu heita góðar spár, því að auk þess, sem var gjört ráð fyrir freklega 400,000 kr. tekjuhalla á sjálfum fjárlögunum, komu til útborgunar á fjárhagstímabilinu samkv. fjáraukalögum og nýjum lögum o. fl. allt að því 197,000 kr. umfram það, sem sparaðist við niðurlagning embætta, óútborgað ritsímatillag o. fl. Eptir tekjuáætluninni hefði því mátt búast við 597,000 kr. tekjuhalla, og það var öllum kunnugt, að tekjuáætlunin hafði á þinginu 1903 verið hækkuð svo sem frekast þótti fært, svo að alls nam uppfærslan 168,000 kr.

fram yfir það, sem verið hafði í áætluninni næst á undan, án þess að tekjustofnarnir væru hækkaðir að neinum mun.

Nú eru landsreikningarnir fyrir fjárhagstímabilið endurskoðaðir og frv. til laga um samþykkt á þeim lagt fram, en af þeim skjölum sjest, að við frsm. fjárlagan. höfum alls ekki verið of bjartsýnir í tilgátum okkar, heldur jafnvel þvert á móti, því að niðurstaðan varð sú, að á fjárhagstímabili »miljónaþingsins« varð tekjuhalli alls enginn, heldur tekjuafgangur, þó lítill væri, 530 kr. 40 aur. alls. Tekjurnar urðu þrátt fyrir uppfærsluna á áætluninni 1903 597,403 kr. fram yfir áætlun og samsvarar það nálega 36% af allri tekjuáætluninni. Tekjuskatturinn fór 50% fram úr áætlun, er mest stafaði af tekjuskatti hvalveiðamanna, sem sje nálega 13,000 kr. af 30,000 kr. tekjum alls. Aukatekjur (mestmegnis skipagjöld) fóru allt að 30% fram úr áætlun. Útflutningsgjaldið 62%, sem stafaði aðallega af hvalveiðum og auknum síldveiðum útlendinga hjer við land. (Útflutningsgjald af hval og síld nam 98,000 kr. af 130,000 alls). Tóbakstollurinn fór 22% fram yfir áætlun, en kaffi- og sykurtollurinn 21%. Vínfangatollurinn 66% fram yfir það, sem við var búizt og áætlað. Hann var 332,000 full í staðinn fyrir 200,000, sem áætlað var. Aptur minnkaði vínsölugjald um 25%, frá því, sem það nam fjárhagstímabilið næst á undan (1902—03). En pósttekjurnar urðu 76% fram yfir áætlun. Allt þetta bendir á stórum aukin samgönguviðskipti og aðsókn útlendinga. Það er víst, að eigi alllítill hluti af þessum auknu tekjum hefur komið frá útlendingum, en stafar ekki af aukinni byrði á landsins eigin börnum. Sjerstaklega skal taka það fram, að tekjuaukinn af tollalögum þingsins 1905, sem komu í gildi um mánaðamótin júlí—ágúst, nam að eins 68,000 kr. alls það ár, eða rúmlega 11% af þeirri upphæð, sem tekjur fjárhagstímabilsins urðu umfram áætlun, eða 3% af landstekjunum. Nam tollaukinn af vínfangatollinum nálægt 6%, af tóbakstolli tæplega 6%, af kaffi- og sykurtolli 5%, af þeim tekjugreinum hverri fyrir sig yfir fjárhagstímabilið.

Á þinginu 1905 var tekjuáætlunin í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil (1906—07) enn þá færð upp að miklum mun. Auk þess sem allur væntanlegur tekjuauki af tollalögunum frá því þingi, sem talið var að mundi nema 285,000 kr., var tekinn upp í tekjuáætlunina, hafði stjórnin í frumv. sínu hækkað áætlunina (án tollauka) um 87,000 kr., svo að tekjuáætlunin fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil er allt að 372,000 kr. hærri en áætlunin fyrir »miljónaþings«-tímabilið. Þrátt fyrir þessa tekjuhækkun var gjört ráð fyrir tekjuhalla í núgildandi fjárlögum, að upphæð 210,589 kr. Tekjurnar fyrir árið 1906 eru taldar 1,011,865 kr., en gjöldin 1,187,992 kr.; árið 1907 eru tekjurnar taldar 1,028,545 kr. en gjöldin 1,063,007 kr. Af nýnefndum tekjuhalla fjárlaganna kemur þannig á fyrra árið 176,127 kr., en á síðara árið að eins 34,462 kr. Þessi mismunur stafar af því, að á fyrra árið fellur t. d. allur kostnaður við ritsímalagninguna, en auk þess hefur komið til útborgunar á því ári ýmislegt annað en það, sem fjárlögin greina. Jeg skal af þessum upphæðum nefna: kostnað við bygging geðveikrahælis m. m. 62,218 kr., kostnað við útrýming fjárkláðans — kaup á baðtóbaki, sem enn er til óeytt að mestu — 52,000 kr., til Fagradalsbrautarinnar tekið fyrir sig fram frá síðara árinu 20,000 kr., til Fiskiveiðasjóðsins vextir frá 1. janúar

1906 6,015 kr., til byggingarsjóðsins andvirði Klapparlóðarinnar, sem áður var runnið í landssjóð 11,053 kr., o. s. frv. Alls nam þetta 178,000 kr. meira en það, sem sparaðist á ýmsum greinum, eða vel það.

Það þyrfti því samkvæmt þessu alls ekki að kippa sjer upp við það, þó að tekjuhallinn væri nokkuð mikill fyrir árið 1906, þar sem meir en 350,000 kr. komu til greiðslu á árinu umfram þær tekjur, sem frekast var ráð fyrir gjört. Það gæti allt verið með felldu, og engin ástæða til að gjöra sjer neinar grýlur út úr því.

Landsreikningurinn fyrir árið 1906 er að vísu enn ekki formlega tilbúinn, en það er þó þegar fengið fullt yfirlit yfir tekjur og gjöld ársins, svo sjá má hjer um bil, hvernig stendur.

Það kemur þá í ljós, að tekjurnar á síðastliðnu ári, hafa orðið fullar 335,000 kr. umfram áætlunina, og er því ekki sjáanlegt, að tekjuhalli ársins verði meiri en svo sem 15,000 kr. eða rúmlega það, þrátt fyrir ritsímalagninguna og allt og allt. Sú upphæð nemur ekki einusinni því, sem koparþráðurinn, sem við urðum að kaupa, hækkaði í verði eptir síðasta þing vegna innanlandsóeirðanna í Rússlandi, sem þingið þó auðvitað ekki gat varað sig á.

Tekjuaukinn á árinu 1906 stafar mestmegnis af sömu, eða líkum, greinum eins og á fjárhagstímabilinu 1904—05. Tekjuskatturinn varð 34% fram yfir áætlun, skipagjöld og aðrar aukatekjur 37%, kaffi- og sykurtollurinn 37%, vínfangatollurinn 41%, útflutningsgjaldið 93%, pósttekjur 120% og tekjur af símum landsins 217% framyfir áætlun. Aptur á móti var tóbakstollurinn að eins 3% yfir áætlun. Gjaldið af veitingu og sölu áfengra drykkja ennþá næstum 10% lægra en árið næst á undan, og er það nú orðið 52% lægra en það var í árslok 1901, samtímis sem aðflutningur á áfengum drykkjum er orðinn meir en þriðjungi meiri en þegar áfengissölugjaldið komst í lög. Aðflutningsgjaldið með tollaukanum er fullum 70% hærra nú en þá. Lærdómsríkt fyrir þá, sem hyggjast geta temprað þorsta manna með lögum!

En hvað sem því líður, þá er hitt víst, að svo framarlega sem tekjur landssjóðs verða eins miklar þetta ár, sem nú er að líða, eins og þær voru í fyrra, þá er ekki sjáanlegt að neinn tekjuhalli verði á yfirstandandi fjárhagstímabili, jafnvel þó við gjöldin bætist 143,000 kr., sem farið er fram á í frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907, sem hjer er framlagt. Það lítur heldur út fyrir, að dálítill tekjuafgangur muni geta orðið, þrátt fyrir tekjuhalla þann, sem áætlaður var, aukin útgjöld eptir nýjum lögum og nýjar fjárveitingar, allan tilkostnaðinn út af heimsókninni í sumar, »bruðlunarsemi stjórnarinnar«, og allan þann ófögnuð, sem af henni á að stafa að sumra manna sögn.

Af tekjum ársins 1906 nam tollaukinn 175,674 kr. alls, liðlega helmingi af því, er tekjur fóru fram úr áætlun, eða um 13% af landstekjunum.

Eign landssjóðs við árslok 1906 var:

Viðlagasjóður:

a. Veðdeildarbrjef landsbankans 100,000,00 kr.
b. Innritunarskírteini 215,200,00 —
c. Útlánað gegn skuldabr. 759,284,81 —
1,074,484,81 —

og eru þá frádregnar 100,000 kr., sem lagðar eru til fiskiveiðasjóðs sem höfuðstóll hans.

Í jarðabókasjóði var 31. des. 1906 882,519,60 kr.

Flutt	882,519,60 kr.
Skuld við aðalfjehirzlu sama dag	328,521,91 —
	553,997,69 —
Versúrurnar, er landssjóður á hjá öðrum .	12,410,23 —
Peningaforði	566,407,92 —

Þar af stóðu í landsbankanum á hlaupareikningi 370,000 kr. og í Íslandsbanka 158,000 kr.

Þetta má heita langt um fram vonir, og vona jeg, að allir sjái, að ekki er neinn fjárhagslegur voði á ferðum. En hins vegar er það víst, að gjöldin aukast meir en tekjurnar og hljóta að gjöra það, ef halda á í horfinu, og ekki á að slá af nauðsynlegum framfaraþörfum þjóðarinnar. Tekjurnar eru óvissar. Aðaltekjustofnanir fara mjög eptir árferði, þannig að búast má við, að landstekjurnar lækki þegar verst gegnir, og er því öll ástæða til að fara varlega, og gjöra sjer ekki of háar hugmyndir um tekjuvonirnar, þó að vel lánist og byrlega blási góðu árin. Það er full þörf á því, að taka skattamál og tollmál landsins til athugunar, og það þarf að gjöra sem rækilegast og bezt. Það tekur auðvitað tíma, ef undirbúningur á að geta orðið í lagi, og það er ekki slík bráðaþörf fyrir hendi, að eigi megi unna sjer umhugsunartíma. Með þeim tekjuauka, sem tollaukalögin gefa, má komast af í bráðina til venjulegra gjalda, meðan starfað er að gagngjörðri endurskoðun skattamálanna, en hins vegar verður heldur ekki komizt af án þess tekjuauka.

Um frumvarp það til fjárlaga, sem nú hefur verið lagt fyrir deildina, skal jeg ekki ræða að sinni; það er tími til þess þegar fjárlögin koma til umræðu í deildinni.

Á 3. fundi Nd. fimmtudaginn 4. júlí kom fjárlagafrv. til 1. umr.

Ráðherrann: Eins og sjest á fjárlagafrv. er aðaltekju-upphæðin áætluð 2,448,-330 kr., en útgjöldin 2,689,713 kr. Eptir þessu verður áætlaður tekjuhalli hjer um bil 241,000 kr. Til skýringar þessu skal jeg vikja nokkrum orðum að tekjuáætluninni.

Á síðasta fundi hjer í deildinni skýrði jeg frá því, að tekjurnar hefðu bæði síðastliðið fjárhagstímabil og árið sem leið, orðið talsvert hærri en við var búizt; en af tekjum síðastliðins árs stafaði eigi alllítil upphæð — meira en hálft hundrað sjötugasta og sjötta þúsund — af tollaukalögunum, sem falla úr gildi nú um áramótin, ef gildi þeirra verður eigi framlengt. Og í áætluninni um tekjur landssjóðs á næsta fjárhagstímabili verður því að vera skarð fyrir skildi, meðan ekki er tekin ákvörðun um þau lög. Sje tekjuaukinn af aðfluttum vörum samkvæmt tollaukalögunum dreginn frá tekjunum árið 1906, verða þær að eins lítið eitt hærri en tekjurnar 1904, og lægri en tekjurnar 1905. Þetta sýnir, að varlega er í það farandi að hækka mikið tekjuáætlun í fjárlögunum. Þó að tekjur, sem að verulegum mun stafa af góðu árferði og aðsókn útlendinga, verði meiri en við hefur verið búizt eitthvert fjárhagstímabil, þá er rjett að skoða það sem happ, en stopult að treysta á slíkt til frambúðar, eða byggja á því, að aukningin verði stöðug. Og í svo litlum stofni eins og tekjur landsins eru, munar fljótt um hverja upphæðina til eða frá.

Samt sem áður hefur stjórnin ráðizt í, að hækka áætlunina á tekjunum í fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir til umr. þannig, að ef miðað væri við sömu tollgjaldahæð eins og í áætluninni 1905—06, þ. e. 30% bætt við aðflutningsgjaldsupphæðina, þá mundi hækkunin nema rúmum 207,000 kr. alls.

En af þeirri upphæð er 78,000 kr. króna hækkun á áætluninni um tekjur af símum landsins, sem er ný tekjugrein, svo að uppfærslan á eldri tekjuliðum nemur tæplega 130,000 kr. samtals, og er sú uppfærsla miðuð við meðaltal af meðaltölum tekna frá síðastliðnum fimm ára og þriggja ára tímabilum; hærra þótti ekki fært að fara.

Þær tekjur, sem þannig ýtrast má gjöra ráð fyrir án framlengingar tollaukalaganna, nema samtals tæplega 1,950,000 kr., og er það öllum ljóst, sem vita, hvernig útgjaldaþarfirnar hafa aukizt og aukast ár frá ári, að ekki er unnt að komast af með þá upphæð til þess að standast venjuleg nauðsynleg útgjöld, enda er áætlaður tekjuhalli 240,000 kr. En ef frv. um framlenging tollaukalaganna nær fram að ganga, færast tekjurnar upp um liðugar 299,000 kr. og mætti þá bjargast með það þetta fjárhagstímabil, þrátt fyrir mjög aukinn kostnað til vegagjörða, allan kostnað við síma þá, sem þegar eru komnir, og önnur nauðsynleg gjöld, ef ekki væru óvenjuleg útgjöld á ferðum.

En nú er það lagt til í þessu frv., samkvæmt því, sem ráð var fyrir gjört á síðasta þingi, og samkvæmt almennum og eindregnum óskum þeirra landshluta, sem hlut eiga að máli, að varið sje til nýrra talsíma, og ritsímalagninga vestur og austur um land allmikilli upphæð; og með því að þar er að ræða um gjöld í eitt skipti fyrir öll, sem verða eiga til hagsmuna þeim, sem lifa á ókomnum árum, þykir fjárhagslega forsvaranlegt og jafnvel rjettast og sanngjarnast, að skipta þeim útgjöldum niður á nokkur ár.

Það er því lagt til, að nú sé notuð lánsheimild sú, sem veitt er með lögum 19. desember 1903, og tekið lán, að upphæð allt að 500,000 kr., sem endurborgist á 10 árum frá 1. jan. 1910 að telja. Jeg hef fengið vilyrði fyrir því, að fá þetta lán með 4% vöxtum, þótt rentufóturinn sje nú talsvert hærri erlendis, og vona jeg, að þau kjör þyki viðunanleg. Ef mönnum þykir of mikið árgjald, að afborga tíunda hluta lánsins á ári, er mundi nema 100,000 kr. afborgun á fjárhagstímabilinu, má setja afborgunarfrestinn lengri, og mundi það ekki þykja ósanngjarnt í öðrum löndum.

Í frumvarpi þessu er fylgt sömu stefnu eins og í síðasta frumvarpi, að efla samgöngufæri og alþýðufræðslu sem mest og stuðla eftir megni að verklegum framförum í atvinnugreinum landsins. Upphæð sú, sem fram á er farið til vegabóta, er hækkuð upp í 312,000 í stað 183,000 á síðustu fjárlögum, eða um 70%. Upphæðin til nýrra símalagninga er töluvert hærri en vegafjeð. En það er sá munur á framlögum til símalagninga og vegalagninga, að símarnir gefa landssjóði þegar góðar tekjur auk þess mikla og margfalda gagns, sem þeir gjöra almenningi; þannig er þegar á þessu fjárhagstímabili búizt við 100 þúsund króna tekjum af þeim, og er það ekki of hátt reiknað; en vegirnir gefa ekki peninga í landssjóðinn, heldur þvert á móti aukin útgjöld til viðhaldskostnaðar, og kosta landssjóðinn því meira, sem meira er lagt af þeim, ef ekki er breytt þeim vegalögum, sem vjer nú höfum.

Til gufuskipaferða er til bráðabirgða áætluð sama upphæðin eins og á síðasta fjárhagstímabili, af því að svör voru ekki komin upp á málaumleitanir stjórnarinnar um það efni, þegar frumv. var samið. Stjórnin hefur gjört sjer eptir megni far um, að komast að betri kjörum en vjer höfum nú, og fá

betri og hagfelldari ferðir með stærri, þægindameiri, hraðskreiðari og betur útbúnum skipum, en vjer nú höfum, og mun jeg skýra fjárlaganefndinni frá þeim tilraunum og árangrinum af þeim. Það er álit mitt, að tilboð það, sem jeg mun leggja fyrir nefndina, sje miklu betra, en vjer nokkurn tíma áður höfum fengið, og vona jeg, að með því sje bót ráðin á bráðustu þörfum, bæði að því er snertir strandferðir og millilandaferðir.

Jeg skal leiða athygli væntanlegrar fjárlaganefndar að því, að í þeim kostnaði til símalagninga, sem áætlaður er í fjárlagafrumvarpinu, er ekki meðtalinn kostnaður við kaup á staurum og flutning þeirra hingað til lands. Sá kostnaður er tekinn upp í fjáraukalagafrumvarpið fyrir 1906 og 1907, af því að það var nauðsynlegt, að panta staurana þegar í fyrra haust, ef þeir ættu að geta verið hingað komnir svo snemma, að þeir gætu orðið fluttir á sinn stað í vetur og settir upp að sumri.

Loks skal jeg leiða athygli að því nýmæli í samgöngubálkinum, að veita 16,500 kr. til þess að rannsaka og mæla járnbrautarstæði frá Reykjavík að Þjórsá. Þetta er auðvitað ekki að skoða sem tillögu frá stjórninni um járnbrautarlagning austur; það væri of snemmt enn; en það er afar-mikilsvert mál, og ekki ósennilegt, að þeir tímar komi bráðlega, að það verði tekið ítarlega til athugunar. Stjórnin hefur því talið það rjett, að láta rannsaka strax möguleikana á því, svo að menn geti vitað, hvað í er ráðizt, áður en menn taka sjer ákveðna stefnu í málinu, og áður en til frumvarpa eða framkvæmda kemur. Þessi ráðagjörð stendur auðvitað í sambandi við annað stórmál, áveituna úr Þjórsá yfir Skeiðin og úr Hvítá yfir Flóann og upprætun þeirra landssvæða, sem af henni mættu hafa gagn.

Til alþýðufræðslu er nú áætlað hjer um bil 24,000 kr. meira, en á síðustu fjárlögum. Sá kostnaður er alls um 163,000 kr., eða nokkru meiri, ef kostnaðurinn til gagnfræðadeildar hins almenna menntaskóla væri með talinn, sem að vissu leyti mætti. Það skal fúslega játað, að ekki hefði verið vanþörf á, að geta haft framlag til alþýðufræðslunnar talsvert ríflegra, en að svo stöddu hefur ekki álitizt tiltækilegt að fara hærra, enda er hjer talsvert farið í áttina til þess að auka barnaskólakennslu og unglingafræðslu.

Jeg álít svo ekki þörf á, að tefja hina háttvirtu deild með lengri skýrslu að þessu sinni, en vona, að væntanleg fjárlaganefnd aðhyllist aðalstefnu frumvarpsins og taki mjúkum höndum á þeim tillögum um framlög til ýmsra framkvæmda, sem í því eru.

Var síðan stungið upp á 7 manna nefnd til að íhuga og láta uppi álit sitt um málið, og að 1. umr. væri frestað. Hvorttveggja samþykkt. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 8 þingmönnum, og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, 2 þingm. Skgf., Björn Kristjánsson, Skúli Thoroddsen, Magnús Andrjesson, Ólafur Briem, Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius, og Ólafur Ólafsson.

Síðan voru með hlutfallskosningu kosnir í nefndina:

Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Rvk.
Jón Jónsson, þm. Sfjk.
Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.
Stefán Stefánsson, 2. þingm. Skgf.
Árni Jórsson, þingm. N.-Þing.

1. umræðu var frestað.

Í nefndinni var Tryggvi Gunnarsson kosinn formaður og Jón Jónsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr. í Nd. alþingis á 22. fundi, mánudaginn 12. ágúst (A 185, 186).

Forseti skýrði deildinni frá því, að sjer hefði borizt brjef frá ráðherra, dags. 9. ágúst, þar sem hann tilkynnir, að hann hefði veitt landritara Klemenz Jónssyni umboð til þess að mæta á alþingi fyrir sína hönd, á meðan hann væri fjærverandi á ferð með konungi kringum landið.

Framsögumaður (Jón Jónsson): Jeg finn ekki ástæðu til þess, á þessu stigi málsins, að halda langa inngangsræðu. Jeg vil leyfa mjer að vísa til hins ítarlega yfirlits yfir fjármál landsins, sem hæstv. ráðherra gaf, þegar 1. umr. hófst. Þær breytingar, er nefndin leggur til að gjörðar verði á frv. stjórnarinnar, raska hvorki fjárhagsástandinu yfirleitt, nje ganga í aðra átt en frumv. sjálft. Eins og sjest á nefndarálitinu, leggur nefndin til, að tekjuáætlunin sje hækkuð um hjer um bil 64,000 kr. Jeg finn ekki ástæðu til að færa ástæður fyrir þeirri hækkun. Að eins skal jeg geta þess, að gjört er ráð fyrir því, að jafnmikil upphæð, sem tekjuaukanum nemur, gangi til þess, sem stjórnin, samkv. frumv. leggur hvað mesta áherzlu á; en það eru alls konar samgöngubætur, eiukum þó vegir og símar.

Eins og sjest á nefndarálitinu, leggur nefndin til, að lögð verði allveruleg upphæð, fram yfir það, sem áætlað var, til síma, vega og gufuskipaferða. Að öðru leyti er því svo varið, að þótt nefndin hafi komið fram með allmiklar breyt.till., þá er í flestum gr. frv. álíka miklu viðbætt, eins og frá er dregið. Það eru mestu breytingarnar, að ætlazt er til þess, að varið sje til ýmsra verklegra fyrirtækja yfir 20,000 kr. umfram það, er frv. gjörir ráð fyrir, en jafnframt er lagt til, að álíka upphæð verði spöruð, með því að draga úr ýmsum öðrum fjárveitingum á sömu grein.

Jeg skal geta þess, að nefndinni hafa borizt ákaflega margar málaleitanir, er hún hefur ekki sjeð sjer fært að sinna, að minnsta kosti ekki í bráðina. Þetta stafar að nokkru leyti af því, hve seint sumar þeirra hafa borizt nefndinni, en hún hefur haft mjög nauman tíma. Og svo hafa aptur sumar verið óformlega upp bornar. Það má því gjöra ráð fyrir því, að ýmsar af þessum málaleitunum muni verða teknar upp síðar og koma til umræðu og atkv.gr. hjer í deildinni.

Jeg skal benda á eitt, sem nefndin hefur ekki tekið upp, en sem hún ætlast þó ekki til að gengið verði fram hjá, en það eru sjúkraskýlin. Jeg álít heppilegt, að stjórninni yrði veitt heimild til að úthluta fje, er veitt væri í einu lagi í því skyni, og um leið settar reglur fyrir þeirri úthlutun. Það gæti og í æðimörgum fleiri tilfellum verið rjettast, að stjórnin hefði fje til umráða í sjerstöku augnamiði. Jeg skal nefna það t. d., að nefndin hefur lagt til, að fjárstyrkur væri veittur þrem nemendum, sem nú stunda nám erlendis. Vjer litum svo á, að rjett væri að veita þessa styrki, meðan enginn kennaraskóli er til í landinu, en annarsvegar mikill skortur á hæfum kennurum. Fyrir mitt leyti lít jeg svo á, að rjettara væri og hagfelldara, að stjórnin hefði til umráða fjárupphæð í þessu skyni til þess að þingið þyrfti ekki að vera að búta þetta fje niður

og veita það á einstök nöfn. Svona er um margt fleira.

Eins og jeg tók fram áðan, hafði fjárlaganefndin nauman tíma, en í mörg horn að líta, og mundi hún hafa komið með fleiri breytingar, ef tími hefði unnizt til.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta að sinni, enda veit jeg, að margir af háttv. þm. munu vilja taka til máls. Að eins skal jeg geta þess, að »status« er, með breyt.till. nefndarinnar, hjer um bil sá sami, sem áætlað var í frumv. stjórnarinnar, nema hvað tekjuhallinn verður eptir till. n. tæpum 2,000 kr. minni, en stjórnin gjörir ráðið fyrir í frv.

Skúli Thoroddsen: Það gæti verið ástæða til þess, við þetta tækifæri, að minnast á ýmislegt viðvíkjandi stjórnarfari og fjárhagsástandi landsins o.fl. En það eru ýmsar ástæður til þess, að ekki verður farið langt út í það að sinni. Andstæðingaflokkur stjórnarinnar er fáliðaður hjer á þingi, og fáliðaðri jafnvel nú en endranær, sökum veikinda, svo að lítil líkindi eru til þess, að þessi skylda verði innt af hendi svo rækilega, sem æskilegt væri. Jeg sagði *skylda*, því að það er skylda hvers þingmanns, og þá sjerstaklega stjórnarandstæðinga, að benda á ýmislegt það, er miður fer í fari stjórnarinnar. Skylda gagnvart þjóðinni, til þess að hún geti fengið glöggt yfirlit yfir það, hvernig stjórninni ferst úr hendi ráðsmennskan; og það er líka skylda gagnvart stjórninni, því að stjórn, sem hefur mikinn og tryggan meiri hluta þings við að styðjast, getur mjög hætt til þess að leiðast afvega, í trausti til mikils fylgis, og hún hefur því gott af því, að minni hlutinn láti til sín heyra, þegar honum þykir of langt gengið í þá stefnu.

Um pólitíska ástandið er ekki ástæða til að fara mörgum orðum. Það hefur vakið umræður í blöðunum, að stjórnin skyld ekki rjúfa þing, til þess að gefa kjósendum kost á því, að láta uppi álit sitt um aðaláhugamál þjóðarinnar, sjálfstæðis- eða sambandsmálið. En með því að þetta mál hefur verið svo mikið rætt, skal jeg ekki fara frekara út í það hjer, en að eins geta þess, að jeg álít, að stjórnin hafi breytt óhyggilega í þessu efni, bæði gagnvart þjóðinni og málefninu, og sjálfri sjer.

Á fjárhagsástandið get jeg ekki litið sömu augum og hæstv. ráðh. gjörði í byrjun 1. umr. Það er ekki glæsilegt, þegar litið er á fjárl.frv. stjórnarinnar. Þar er gjört ráð fyrir, að tekjuhallinn verði yfir 240,000 kr., þrátt fyrir það, þótt stjórnin hafi neyðst til þess að grípa til þess óyndisúrræðis, að færa væntanlegt 500,000 kr. bráðabyrgðalán inn á tekjudálkinn. Það þætti einkennilegt hjá okkur privatmönnunum, ef við tækjum t. d. 10,000 kr. lán og teldum þá árstekjurnar 10,000 kr. hærri en ella. — Og til þess að greiða tekjnhallann, sem frv. gjörir ráð fyrir, þrátt fyrir þessa miklu lántöku, grípur stjórnin til þess neyðarúrræðis, að fara fram á það, að alþingi framlengi gildi tollhækkunarlaganna, þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. ráðh. á síðasta þingi um það, að þetta væri að eins bráðabirgðaástand, sem ekki ætti að standa lengur en til enda yfirstandandi fjárhagstímabils. Jeg get þessa, at því að þótt þingið sjái ekki annað fært, en að samþykkja að nýju tollhækkunarlögin, þá er það þó illt, þjóðarinnar vegna, sem og vegna ráðherrans sjálfs, að vera að leiða menn til þess, að samþ. frumv. með því að kasta fram loforðum, sem svo eru ekki haldin. Þing og þjóð geta þá síður byggt á því seinna, sem þannig er slegið fram.

Hvað lántökuna snertir, þá er meiri

hlutinn af öllu því fje ætlaður til ritsímalagninga, en þó ekki allt; ummæli stjórnarinnar um þetta í athugasemdunum við fjárlagafrumv. eru ekki rjett; það sjest, þegar menn leggja saman upphæðir til ritsíma í fjárlagafrv., og í fjáraukalögunum. Í sambandi við það má og benda á það, að í því máli hegðar stjórnin sjer ekki sem rjettlátlegast gagnvart hjeruðunum. Það hefur þegar verið lagður sími alla leið milli Reykjavikur og Akureyrar, og áformað er, að leggja síma frá Hrútafirði um Steingrímsfjörð til Ísafjarðar, hjeraðsbúum að kostnaðarlausu, og þá verður það ósanngjarnt gagnvart öðrum hjeruðum landsins, að láta þau bera einn þriðja hluta símakostnaðinum. Mjer finnst að stjórnin hafi ekki athugað þetta mál sem skyldi. Eða eiga þessi hjeruð að gjalda þess, að þeim er illa í sveit komið? Tillagið frá norræna ritsímafjelaginu var greitt fyrir ákveðin einkarjettindi, sem fjelaginu voru veitt, og verður því eigi öðru vísi litið á, en að síminn milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur, hafi að öllu leyti verið lagður fyrir landsfje. Jeg býst við, að stjórnin muni svara því, að hjeruðin hafi lofað framlagi. En af hverju hafa þau gjört það, öðru en því, að þeim hefur verið settur stóllinn fyrir dyrnar? Ef þau eiga að fá ritsíma til sín, þá eru þau neydd til þess, að skuldbinda sig til útgjalda, sem eru þeim ofvaxin. Allir, sem þekkja gjaldþol manna og hugsunarhátt til sveita, vita hve vinsæl beinu gjöldin eru, eða hitt heldur, og hve örðugt mörgum veitir, að inna þau af hendi. Óbeinu tollarnir eru miklu vinsælli, enda geta þeir, sem þurfa og vilja, ljett þeim af sjer að nokkru leyti, með því, að kaupa þeim mun minna af tollskyldum vörum; en beinu skattana verða menn alltaf að gjalda. Og að ætla sjer að fara að leggja á fátæk sýslufjelög, eins og Vestur-Ísafjarðar- og Vestur-Barðastrandarsýslur 25, eða eptir stjórnarfrv. yfir 30 þús. kr. gjald, — það er fjarstæða, sem engri átt nær, og lýsir sljórri rjettlætistilfinningu, sem er ósamboðin þingi og stjórn. Þótt meiri hluti fjárlaganefndarinnar hafi fallizt á þessa stefnu stjórnarinnar, með nokkrum afbrigðum, þá er jeg henni algjörlega mótfallinn. Hver verður svo afleiðingin af þessu atferli? Ætli það fari ekki víðar líkt, eins og fór í Vopnafirði. Þar ruku menn upp til handa og fóta, fengu lánað það, sem þurfti til ritsímalagningar milli Hofs og verzlunarstaðarins, og lofuðu borgun. Nú sækja þeir um eptirgjöf á láninu. Jeg álít að afleiðingarnar muni verða líkar annarsstaðar, og hver beiðnin um eptirgjöf muni reka aðra. Menn eru þannig ginntir til þess, að taka lán, sem þeir geta svo ekki borgað, í stað þess, að landssjóður kosti þá síma, sem þörf er á. Annars eru þessar mörgu óskir um ritsíma meðfram sprottnar af þeim einkennum vor Íslendinga, að vera nokkuð nýjungagjarnir, en ekki að því skapi úthaldsgóðir; nú vilja menn fá ritsima, án þess fjöldinn hafi getað gjört sjer ljósa hugmynd um kostnaðinn, eða hitt, hvað kemur í aðra hönd.

Annars má benda á það, að þótt útgjörðarmenn og verzlunarmenn hafi not af símunum, þá hafa þó, víðast hvar, bændur, sem ekki hvað sízt eiga að borga brúsann, lítil eða engin not af þeim. Þetta gæti meðal annars verið ástæða til þess, að fara sjer hægt. Láta þau hjeruðin ganga fyrir, þar sem þörfin er mest, en hin sitja á hakanum, og krefjast ekki fjárframlaga frá þeim. En ef stíga ætti stórt spor, og

leggja ritsímana sem víðast í einu, þá ætti allt landið að verða sömu hlunninda aðnjótandi. Þá þyrfti auðvitað að taka lán, en það lán ætti ekki að borgast á 10 árum, heldur lengri tíma, 28, eða jafnvel 40 árum. Þetta er fyrirtæki, sem er þýðingarmikið fyrir alna og óborna, og þess vegna eigi ósanngjarnt, að jafna borguninni niður á langt tímabil. Þótt fjárlaganefndin hafi nú fallizt á 10 ára endurborgun á láni þessu, þá álít jeg fyrir mitt leyti að stjórnin hefði átt að taka það til lengri tíma.

Þá skal jeg stuttlega minnast á þá stefnu, sem kemur fram í fjárl. og fleiri frumv. stjórnarinnar, að hækka embættislaun og auka við nýjum embættum. Fjárlagafrumv. kemur með launahækkun starfsmanna við öll söfnin. Það er að líkindum lítill vafi á því, að hinn háttv. meiri hluti muni fylgja stjórninni að málum í þessu, sem ýmsu öðru. Það eru engar getsakir, þótt jeg gjöri ráð fyrir þessu, eptir reynslunni á undanförnum þingum. Má og vera, að stjórnin hafi þá reglu, að ráðfæra sig við flokksstjórnina eða flokksmenn sína yfirleitt. — Flokkurinn í heild sinni ber þá ábyrgð á gjörðum hennar. Að því er snertir þessa launahækkun safnaembættismannanna, þá finnst mjer hún alveg ónauðsynleg. Það er engin hörgull á færum mönnum, sem mundu vilja vinna1, 2 eða 3 kl.st. á dag, fyrir sömu laun, sem sýslunum þessum hefur verið ætluð, eða lítið eitt meira. Og undarlegar eru þær ástæður stjórnarinnar, að *af því að* nú á að flytja söfnin á betri stað, — þar sem vitanlega verður miklu hægra að umgangast þau — *þá* þurfi t. d. endilega að hækka laun landsbókavarðar úr 1,700 kr. upp í 3,000 kr.

Svipað má segja um yfirskógarvarðarembættið, sem stjórnin leggur til að stofnað verði með 5 þúsund kr. launum. Fleira mætti til tína þessu líkt, sem jeg hirði ekki um að fara út í nú.

Þá vil jeg benda á það, að háttv. framsm. (J. J.) gat þess. að heppilegt mundi vera, að veita stjórninni nokkurt fje til umráða, er hún gæti þá veitt til sjúkraskýla, utanfararstyrks handa kennaraefnum o. fl. til þess að spara þinginu það ómak, að þurfa að fjalla um úthlutun slíkra fjárveitinga. Jeg vil taka það fram, að í þessu tilliti talar háttv. framsm. í sínu nafni, en ekki í nafni fjárlagan. (*Framsm.*: Jeg tók það fram). Jeg tel það heppilegra, að þingið ráði sjálft fjárveitingum sínum, en selji ekki landsstjórninni í hendur sjálfræði, sízt þeirri stjórn, sem nú er, og svo hefur hagað sjer, bæði að því er til embættisveitinga kemur, og að því er meðferð fjárveitinga snertir, sem kunnugt er. Það væri að leggja nýjar freistingar fyrir stjórnina. En syndabyrði hennar er, að mínu áliti, nógu mikil, þótt eigi sjeu lagðar nýjar freistingar á götu hennar.

Nú skal jeg víkja að öðru málefni. A síðasta þingi var samþykkt þingsályktunartillaga í báðum deildum um það, að stjórnin hlutaðist til um það, að utanskólasveinum væri leyft að ganga undir árspróf hins almenna menntaskóla. Stjórnin átti að sjá um, að þessari þingsályktun yrði fullnægt, en það hefur hún ekki gjört. Jeg veit ekki, til hvers menn eru að gaspra um þingræði, ef stjórnin getur látið undir höfuð leggjast, að framkvæma fyrirskipanir þingsins. Stjórnin er ráðsmaður þjóðarinnar, og henni er ekki ætlað að virða ályktanir þingsins að vettugi, heldur að framkvæma vilja þess. Ráðherrann var raunar

andvígur tillögunni í umræðunum um hana hjer í deildinni, en var aptur linari í umræðunum um hana í Ed., og fann það þá einna helzt að henni, að ekki ætti við, að piltar, sem vísað væri úr skóla á miðju skólaári, fengju að ganga undir ársprófið. En þrátt fyrir samhljóða ályktanir þingsins, hefur tillagan ekki verið tekin til greina. Í stað þess hefur verið leitað álits kennaranna við skólann, og þeir þannig verið gjörðir að einskonar yfirþingi. Hinn almenni menntaskóli er þó stofnun, sem háð er löggjafarþingi landsins og getur ekki sjálf skapað sjer reglur, nje virt að vettugi vilja þingsins, heldur á vilji þingsins að ráða um þá stofnun, sem aðrar landsstofnanir. Stjórnin hefur leitað álits kennaranna til þess að geta haft þá að bakhjalli; en tillögur þeirra eru stjórninni alls engin afsökun, stjórnin ber sjálf ábyrgð á gjörðum sínum. Afleiðingin af þessu var sú, að 1906 var 2 námssveinum og 1 námsmey synjað um að ganga undir árspróf í skólanum. Auk þess var skólastjórnin svo ófrjálslynd, að hún neitaði 1 pilti að ganga undir próf, vegna þess að hann var eldri en fyrir er mælt í reglugjörð skólans. Fyrirmæli reglugjörðar skólans um aldurstakmark verður að skoðast svo, sem þar sje um aðalregluna að ræða; en »nulla regula sine exceptione« (þ. e. engin regla er án undantekningar), og skólastjórninni er skylt, að koma sem liðlegast fram gagnvart þeim, sem ganga vilja menntaveginn. Þess utan urðu framkvæmdir stjórnarinnar svo seinar, að úrskurður hennar er fyrst birtur 11. júní 1906, deginum áður en árspróf skólans byrjar. Stjórninni hefði þó verið skylt, að láta almenning vita þetta í tíma. Afleiðingin af þessu varð sú, að námsmenn komu til Reykjavíkur og var svo synjað um að ganga undir próf við skólann. Jeg þarf ekki að fjölyrða um, hvílíkt óhagræði landsmönnum er að þessum tiltektum stjórnarinnar, því að þess hef jeg getið bæði á þingi 1905 og í blaði mínu. Skólinn er, eins og nú er, menntastofnn fyrir Reykjavík og efnamenn; það hefur stjórnin áunnið með því, að lækka námsstyrkinn og virða nefnda þingsályktun að vettugi.

Hjer í Reykjavík er ekki hægt að hafa pilta fyrir minna en 400 til 500 kr. um veturinn; af því er augljóst, hvílíkt óhagræði mönnum er það, að mega ekki láta börn sín stunda námið heima, ekki sízt þegar fleiri börn stunda nám frá sama heimili. Auðvitað væri fróðlegt að vita, hvort stjórnin muni ekki sjá sjer fært að breyta þessu fyrirkomulagi, því að henni getur ekki dulizt, hvílíkt óhagræði landsmönnum er í þessu. Þeim, sem hafa börn sín heima, er nauðsynlegt að láta þau ganga undir árspróf skólans, til þess að vita, hvað námi þeirra líður, og láta þau kynnast kennsluaðferðinni í skólanum.

En að leggja svona mikla áherzlu á þessar skólasetur fyrri hluta dags, tel jeg algjörlega rangt. Jeg hef sjálfur gengið á þennan skóla, og það verð jeg að segja, að þann hluta æfi minnar, sem jeg sat á skólabekkjunum, fyrri hluta dags, tel jeg algjörlega eyddan til ónýtis, eða því sem næst.

Í kennslustundunum sitja menn hálfan daginn með höfuðþyngslum og læra lítið sem ekkert. Menn læra í undirbúningstímunum á kveldin. Að mínu áliti er því allt of mikið gjört úr því gagni, sem piltar hafa af því, að vera bundnir í skólanum fyrri hluta dags. Auk þess eru þessar löngu setur á skólabekkjunum unglingum mjög óhollar. Utanskóla hygg jeg að börn-

in læri miklu meira en í skólanum, því að þá hafa þau allan daginn til námsins, en geta þó ljett sjer upp öðru hvoru. Jeg býst við, að sumum kennurum þyki þetta hörð kenning, en vjer, sem gengið höfum þenna veg, vitum, að hún er sönn. Jeg get nefnt það til dæmis um það, hvað hlýzt af þessari þrákelkni skólastjórnarinnar, að hún bakar mjer þann aukakostnað, ef jeg kæmi börnum mínum fyrir hjer í Reykjavík, að jeg sje mig til knúðan til þess, að flytja frá Bessastöðum. *(Umboðsmaður ráðherrans:* Hinc illæ lacrimæ). Annað dæmi, sem sýnir ófrjálslyndi skólastjórnarinnar, er það, að í haust beiddust 2 efnilegir piltar, sem tekið höfðu 4. bekkjar árspróf, að fá að ganga undir stúdentspróf eftir 1 ár. (*Umboðsm. ráðh.*: Hverjir voru það?). Annar var sonur minn, en hinn sonur síra Sigurðar Stefánssonar í Vigur. Þeim var synjað um það; af hverjum ástæðum, veit jeg ekki, því að það var ekki haft fyrir að tilgreina þær. Þetta bakar aðstandendunum töluverðan kostnað auk þess sem það lengir námstímann um 1 ár. Ef þannig á að beita valdinu, í stað þess að sýna tilhliðrunarsemi í slíkum efnum, verð jeg að segja, að það er mjög illa farið.

Þá vil jeg minnast á það, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar 1905 var þess farið á leit, að auk ákveðinnar fjárveitingar til tímakennslu yrðu veittar 1600 kr. til aukakennara. Fjárlaganefndin var þá þessu mótfallin og slengdi báðum liðunum saman í eitt, og ætlaði fjeð til tímakennslu eingöngu. Með Bjarna Jónsson frá Vogi stóð alveg sjerstaklega á; hann hafði í mörg ár verið tímakennari við skólann, áður en honum voru á fjárlögunum veitt sjerstök laun, sem aukakennara. Þessari fyrgreindu tillögu stjórnarinnar var hafnað og ráðstöfun fjárlaganefndarinnar stóð því óhögguð. En þrátt fyrir það leyfir stjórnin sjer á síðastliðnu hausti að skipa aukakennara, eða fastan tímakennara, sem hún svo kallar, til að kenna þýzku og dönsku og veitir honum 1,400 kr. laun, í stað rúml. 800 kr., sem honum bar, eftir stundafjöldanum, 24 stundum á viku. Til þessa var þó engin brýn þörf. Hjer í Reykjavík voru fjölda margir hæfir menn, sem mundu hafa tekizt á hendur tímakennsluna fyrir venjulegt tímakennslukaup. Jeg verð því að álíta, að stjórnin hafi að nauðsynjalausu gefið þessum manni 600 kr., ekki úr eigin vasa, heldur af fje landsins. Þegar þetta mál var rætt í blöðunum í vetur, var því hreyft, að framsögumaður fjárlaganefndarinnar hefði haft einhver þau ummæli um þessa fjárbeiðni stjórnarinnar, sem gæfi henni tilefni til þessara aðgjörða sinna. Hvort svo er eða ekki, er mjer ókunnugt, og jafnvel þótt framsm. hefði eitthvað innt í þá áttina, þá hafði hann ekkert vald til þess af fjárlaganefndarinnar hálfu, og það vil jeg taka fram, að það eru ekki ummæli eða orð framsm., sem stjórnin á að fara eftir, heldur texti laganna.

Loks er það eitt atriði, sem jeg vil benda á, þar sem stjórninni hefur farizt öðru vísi, en vera átti. Það er mál hreppsnefndarmannanna innan Ennis. Þeir sóttu um leyfi til þess, að fá að áfrýja málinu til hæstarjettar á sinn kostnað, en var synjað um það. Hefur það mælzt misjafnlega fyrir. Mönnum mun vera kunnugt um málavextina og málalokin. Í landsyfirdóminum var einn hreppsnefndarmannanna sýknaður, en þrír sektaðir um 20 kr. hver. Það er að vísu lítil upphæð, en málskostnaður mun hafa verið ærið mikill, því að setudómari var sendur vestur þangað um hávetur, og dvaldi

þar alllengi. Þessir menn leituðu fyrst til stjórnarinnar, en var vísað til dómsmálaráðherra Dana, er veitir slík leyfi, að því er hæstarjett snertir. En dómsmálaráðherrann synjaði þeim um leyfi til áfrýjunarinnar, eptir ráði ráðherra Íslands, að því er mælt er. Hugsanlegt mundi hafa verið, að þetta hefði verið mishermi blaðanna, en ef svo hefði verið, mundu þau blöð, sem stjórninni eru nákomin, hafa andmælt því, og kallað það getsakir í garð ráðherrans, en það hafa þau ekki gjört. Stjórninni mundi að líkindum hafa verið það viðkvæmt, ef mennirnir hefðu verið sýknaðir í hæstarjetti, og þess vegna ef til vill tekið þetta til bragðs. En þegar fátæklingar eiga í hlut, og yfir höfuð hver sem í hlut á, er það óheppilegt, og mjer liggur við að segja ógeðslegt, að meina mönnum að leita rjettar síns, og það er leiðinlegt, að stjórnin skuli gjöra sig seka í slíku athæfi.

Að þessu sinni skal jeg láta mjer nægja það, sem jeg nú hefi drepið á og mun ekki fara um það fleiri orðum.

Umboðsmaður ráðherrans (Kl. Jónsson): Viðvíkjandi því, sem háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (J. J.) sagði, hef jeg ekki ástæðu til að taka annað fram en það, að jeg er nefndinni þakklátur fyrir meðferð hennar á frumv. stjórnarinnar yfirleitt. Hún hefur auðvitað gjört nokkrar breytingar, en fæstar eru þær yfirgripsmiklar. Það er ekki tækifæri til þess nú, að fara neitt út í þær; en jeg get þó ekki stillt mig um að minnast á eitt atriði hjá hinni háttv. nefnd, sem jeg tel mjög óheppilegt, nefnilega það, að hún ekki hefur tekið til greina styrkinn til þess, að rannsaka járnbrautarstæðið austur, *(Þórh. Bjarnarson:* Það er að eins meiri hluti nefndarinnar). Það þykir mjer vænt um að heyra, því þá get jeg þó gjört mjer nokkra von um, að þessi till. nefndarinnar falli. Þetta er svo þýðingarmikið mál og ‚princip' mál, að það er undarlegt að vilja ekki gjöra tilraun til þess, að rannsaka málið, hvort það sje yfir höfuð gjörlegt, að leggja járnbraut austur, og þá, hve mikið það mundi kosta, hjer eiga í hlut svo stór og frjósöm hjeruð, að mönnum telst svo til, að allir landsmenn gætu lifað á þessu svæði, eða jafnvel fleiri. Jeg vona að háttv. þm. hugsi sig vel um, áður en þeir samþykkja þessa breytingu nefndarinnar. Auðvitað er það ýmislegt fleira, sem jeg hef að athuga við nefndarálitið, þó að jeg ekki fari út í það nú. Jeg skal þá geta þess, að jeg tel það varúðarvert, að byggja mikinn tekjuauka á út flutningsgjaldinu. Það er aðallega byggt á síldveiðinni og hvalveiðum, þær eru nú að hverfa hjer við land, og því viðbúið, að gjald af hvalaafurðum minnki mikið, eða enda hverfi með öllu, en um síldarveiðarnar er það að segja, að þær eru næsta stopular, og því hæpið að byggja mikið á þeim. En jeg skal ekki fara frekar út í þetta, en geyma það til annarar umr.

Þá sný jeg mjer að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Hann fann ástæðu til þess, eins og búast mátti við, að minnast á illgjörðir stjórnarinnar síðan þing var síðast. En þær syndir, sem hann taldi hana hafa drýgt, voru nú ekki svo fjarska margar nje stórar, svo að ef hann hefur ekki annað í pokahorninu, held jeg að hver stjórn geti setið jafnföst fyrir því. Sjerstaklega þar sem jeg nú vona að jeg geti sýnt fram á það, að aðfinningar hans voru ekki á neinum rökum byggðar.

Hann vildi fyrst sýna, að fjárhagurinn væri ekki eins glæsilegur eins og hann var talinn vera af ráðh. við fyrstu umr. málsins, þar sem fyrst væri all-

stór tekjuhalli og svo þyrfti að taka stór lán; og svo þótti honum kynlcg aðferð, að »smella« þessu svona inn í tekjurnar. Háttv. þm. veit það vel, að það þarf ekki að sýna slæman fjárhag, þó að tekið sje lán. Kaupmaðurinn tekur lán til að auka verzlun sína og bóndinn til þess að stækka bú sitt; og því skyldi landssjóður ekki taka lán þegar hann fær það með góðum kjörum og hefur mikið við peningana að gjöra? Það er ekki sanngjarnt að þeir, sem lifa á einu vissu tímabili beri, allan kostnað fyrir ókominn tíma, sem nýtur hagsmunanna af því, sem nú er gjört. Og hvernig á að »póstera« þetta lán, ef það ekki má koma í tekjurnar á reikningnum? Útgjaldapóstur getur það þó naumast verið. Jeg skal líka taka það fram, að *öll* þessi upphæð, sem á að taka að láni, gengur til verklegra fyrirtækja í landinu, þeirra sem þjóðin er sannfærð um að sjeu til mest gagns og vill að komið sje í framkvæmd sem fyrst. Það er áætlað að full $^1/_2$ miljón fari til ritsímalagningar, og lánið er einmitt $^1/_2$ miljón (*Skúli Thóroddsen:* Ekki rjett). Jú einmitt alveg rjett. Háttv. þm. N.-Ísf. gat þess, að það væri ekki sanngjarnt að leggja ritsíma um sumar sveitir kostnaðarlaust, en láta aðrar leggja fram fje til þess að fá hann til sín, og tók hann í því efni til dæmis fyrirhugaða línu frá Ísafirði til Vatneyrar. Fjárlaganefndin hefur nú fært tillagið þar niður í 25 þús. úr 34 þús. sem það var í stjórnarfrumvarpinu, og jeg held ekki að stjórnin hafi neitt á móti því. En það er ekki rjett »princíp« að hlífa útkjálkunum við gjöldum, sem snerta almenning, þó að þeir kannske hafi minna gagn af fyrirtækjunum heldur en önnur hjeruð, sem betur liggja við. Því er nú einu sinni svo varið, að þeir, sem búa á útkjálkunum, geta ekki haft sömu þægindi og hinir, sem betur er í sveit komið, og við því verður ekki gjört. Þeir þurfa að kosta meiru til aðflutninga en hinir, og þurfa yfir höfuð að hafa meira fyrir lífinu; það getur verið, að það sje hart að heimta þriðjungs framlag af sýslufjelögunum, en það er rjett að heimta eitthvað, því þá fyrst er fengin sönnun fyrir því, að þörfin sje fyrir hendi til þess að framkvæma fyrirtækin, ef sýslufjelögin eru viljug til þess, að leggja verulegt á sig til þess að það verði gjört.

Jeg er samdóma hinum háttv. þingm. um það, að þetta kapp milli sveitanna að koma upp hjá sjer ritsímum, stafi að miklu leyti af því, að menn sjeu um of gjarnir á að gína yfir öllum nýjungum, og mun þetta því fara minnkandi eptir því, sem stundir líða. En það er þó engin furða, þó að menn í þjettbygðum sveitum vilji leggja á sig talsverðar byrðar til þess að fá slíkum fyrirtækjum komið í verk, eins og þeim, sem hjer er um að ræða.

Hinn háttv. þingm. endaði þennan kafla ræðu sinnar á því, að afborgunartíminn væri ekki nógu langur; um það atriði er jeg honum persónulega samdóma, því eins og jeg áður hef tekið fram, álít jeg það ekki rjett,, að núlifandi kynslóð eigi að bera allan kostnaðinn, og jeg ímynda mjer, að stjórnin mundi ganga að því, að fá borgunartímann lengdan.

Þá sneri hinn háttv. þingm. sjer að stefnu stjórnarinnar í fjármálunum, sem hann sagði vera þá, að hækka laun og fjölga embættum; og hann tók til dæmis embættin við söfnin, og kallaði það undarlegt, að rökstyðja launahækkunina með því, að söfnin fengju ný og betri húsakynni og öll afgreiðsla yrði þess vegna fyrirhafnarminni. Jeg held, að það sje ekkert í athuga-

semdunum við frumvarp stjórnarinnar, sem getur gefið tilefni til að segja slíkt; jeg verð þess vegna að ímynda mjer, að hinn háttv. þingm. lesi fjárlagafrumv. stjórnarinnar með athugasemdum, eins og viss persóna les bibliuna. Í athugasemdunum við frumv. er það greinilega tekið fram, að störfin, sem þessir menn hafa á hendi, hljóti að aukast að miklum mun, en það er þó ekki nema rjettlátt, að þegar störfin aukast, vaxi launin, og það því fremur, sem peningar falla svo mjög í verði, sem hjer hefur átt sjer stað á síðustu árum. Hjer verða allar nauðsynjar dýrari með hverju ári, og dýrleikinn vex með svo miklum hraða, að það má sjá mun á örstuttum tíma. Jeg sje t. d. mikinn mun síðan jeg kom hingað, þó það sjeu ekki mörg ár.

Að störf þessara embættismanna fari vaxandi gefur að skilja, þar sem söfnin fá betra rúm og verður þar af leiðandi hægra að nota þau fyrir almenning. Jeg veit ekki, hvort hinn háttv. þingm. veit, hve mikla þörf almenningur hefur til að nota söfnin; en jeg get sagt honum t. d. um landsskjalasafnið, að það er mikið sótt, en með því húsnæði, sem það nú hefur, gæti það alls ekki komið að notum, ef ekki landsskjalavörðurinn með sinni alkunnu góðvild og lipurð hjálpaði mönnum í því efni.

Þá kom háttv. þingm. að launum yfir-skógarvarðarins og vildi jeg sjerstaklega minnast á þau nokkrum orðum. Þegar fjárlagafrumvarpið var samið af stjórninni, lá fyrir beiðni frá forgöngumönnum skógarmálanna þeirra prof. Prytz og kapt. Ryder, um að slíkt embætti yrði stofnað. Jeg skal játa, að mjer blöskraði upphæðin, og áleit alls ekki, að það gæti komið til mála, að stofna nýtt embætti með svo háum launum. En þá var mjer sagt, að þingmenn hefðu lofað Ryder því á Botníu í fyrra, að þetta embætti skyldi verða stofnað með sömu kjörum og í Danmörku (*margir:* Það hef jeg ekki heyrt). Jeg lýsi yfir þessu hjer, til þess að menn geti grafizt fyrir það ef menn vilja, hvort það sje satt eða ekki. En þetta hefur að minsta kosti komið til tals, og þá ekki verið mótmælt nægilega af þingmönnum, og þeir Ryder tekið það sem loforð. Þingmenn voru þá í öru skapi og er ekki ólíklegt, að þeir hafi sagt sem svo, að ekki skyldi standa á sjer.

Hinn háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lýsti yfir því í sambandi við þetta, að hann teldi það óráðlegt, að fá stjórninni fje í hendur til umráða, til þess að láta hana sóa því eins og hún gjörði. Þetta eru nú að eins stór orð, sem auðvelt er að segja, ef ekki er hirt um að færa rök fyrir máli sínu. Jeg svara þessu fyrst og fremst með því, að stjórnin hefur ekki beðið um neitt fje til slíkra umráða; en ef henni væri fengið fje í þessu skyni, þá mundi hún að sjálfsögðu verja því á sama rjettláta og samvizkusamlega hátt og hún hingað til hefur hagað sjer í öllum sínum gjörðum og athöfnum.

Þá kom háttv. þm. að þingsályktuninni, sem þingið 1905 samþ., viðvíkjandi latínuskólanum. Það var lýst yfir því þá, að þingsál. kæmi fram aðallega vegna þeirrar óstjórnar, sem átt hafði sjer stað í skólanum um undanfarinn tíma, og ekki var með öllu horfin þá. Nú er skólinn kominn í bezta gengi, og þar ríkir regla og friður, eins og þegar við háttv. þm. N.-Ísf. vorum í skóla. Hann minnist ekki skólaáranna með ánægju, en þar er jeg honum alveg andstæður. Jeg tel mín

skólaár með þeim skemmtilegustu tímum æfi minnar, og er það ekki minnst að þakka þeirri góðu reglu og »disciplin« sem þá var í skólanum. Nú er sem sagt góð regla í skólanum, og er því engin ástæða til þess að taka neitt frekara tillit til þess, þó að einstaka foreldrar ekki hafi geð í sjer til þess að senda börn sín í skólann.

Jeg skal geta þess, að reglugjörð skólans er gjörð af svo mikilli vandvirkni sem framast var kostur á. Hún var upphaflega samin af manni, sem kostaður hafði verið utan af landsfje, og síðan borin undir kennarana við skólann og kennarana við gagnfræðaskólann á Ákureyri, og þar fjallaði mikið um hana maður, sem jeg ber mikið traust til í þessu efni, maður, sem situr hjer í þingsalnum, h. háttv. þm. Skgf. (St. St.), og einmitt hann; þessi maður lýsti yfir því, að hann væri þingsál. alveg mótfallinn, og áliti hana vera skólanum til skaða; og sömuleiðis var annar háttv. þm., einn þeirra, sem bezt vit hafa á þeim málum, þingsál. mótfallinn; það var háttv. þm. Borgf. Jeg verð nú að halda því fram, að það beri að taka meira tillit til þessara manna, en flestra annara, og jeg met þeirra orð og ummæli í þessu efni meira, en t. a. m. h. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Stjórnin hefur leitað álits kennaranna við skólann um það, hvort taka bæri þingsál. til greina í heild sinni, en þeir voru því alveg mótfallnir. H. háttv. þm. tók það fram, að stjórnin hefði eigi að neinu leyti tekið þingsályktunina til greina. Þetta er ekki rjett. Í brjefi stjórnarráðsins til rektors út af þessu máli, brjefi, sem meira að segja er prentað í Stjórnartíðindunum, er það beint tekið fram, að stjórnin telji sjálfsagt, að þeir nemendur, sem af einhverjum og sjerstökum ástæðum, sem skólastjórn metur gildar, hindrast frá því að koma til skólans eitthvert ár, fái *að* ganga undir ársprófið, og að prófið veiti þeim þá sama rjett og nemendum skólans.

Það er því ekki satt, að stjórnin hafi ekki tekið tillit til þingsályktunarinnar; hún hefur þvert á móti gjört það, að svo miklu leyti sem hún sá sjer fært, og það einmitt í þeim helztu atriðum, sem fram voru tekin í þinginu 1905. En skólinn er ekki og á ekki að vera prófstofnun, þar sem hver og einn getur komið þegar hann vill og gengið undir próf. Þá væri hann ekki lengur skóli, eða að eins fyrir nemendur sína, eins og vera ber. Auk þess er það annað, sem jeg vildi segja í tilefni af þessu og leggja áherzlu á. Löggefandi þing telja sig opt hafa allsherjarvald, svo að þau geti gjört allt, sem þeim þóknast, En slíkt er alveg rangt. Þingið getur ekki haggað dómi, jafnvel ekki lægsta dómstóls, en alveg eins og dómsvaldið hefur sitt takmarkaða svæði, eins er margt hjá umboðsvaldinu svo fast ákveðið, og föstum takmörkum bundið, að löggjafarvaldið hefur hvorki »formelt« nje »reelt« vald til að fara inn yfir þau takmörk. Og þetta mál um reglugjörð latínuskólans er slíkt mál, auk þess sem þingið í heild sinni brestur þekkingu til að fjalla um slíkt mál. Afskipti löggjafarvaldsins mundu því bæði vera sprottin af persónulegum tilfinningum og hagsmunum einstakra manna, og raska þeim ákvæðum, sem annars gilda, og niðurbrjóta ýmsar meginreglur, sem gilda og eiga að gilda.

Þá talaði háttv. þm. um það, að skólastjórnin hefði rígbundið sig við það aldurstakmark, er tiltekið er í reglugjörðinni. Já, auðvitað. Eða hví skyldi hún ekki binda sig við skýlaus fyrirmæli laganna? Í 18. gr. reglugjörðar-

innar er aldurstakmarkið sett 12—15 aldursár til inntöku í gagnfræðadeildina, og 15.—18. aldursár til inntöku í lærdómsdeildina. Frá því er engin undanþága gjörð nema sú, að rýmka megi um hámarkið, 18 ár. Þetta ákvæði var tekið upp í reglugjörðina eptir grandgæfilega íhugun og rækilegar umræður; og fyrirspurnir höfðu verið gjörðar til skólafróðra manna um það, hvort ástæða þætti til að heimila skólastjórninni að veita frekari undanþágur, og kváðu þeir það allsendis óþarft og hvergi tíðkanlegt annarsstaðar. Hjer er þess vegna um skýlaus lagafyrirmæli að ræða, er skólastjórnin hlaut að binda sig við, og því fer fjarri, að rjett sje af háttv. þm. að kalla það að eins »bendingu«.

Háttv. þm. spurði að endingu, hvort stjórnin mundi vilja breyta þessu. Jeg skal ekki segja, ef þinginu er það áhugamál. Það er því að eins hægt, að reglugjörðinni sje breytt. En allir vita, hvernig þessi alda er risin. Hún er runnin frá einstökum mönnum, er sjá sjer hag í því að sinni, barna sinna vegna, að geta fengið undanþágu frá ákvæði reglugjörðarinnar — og sjálfur er háttv. þm. í þeirra manna hóp. Hitt tel jeg næsta ólíklegt, að þinginu sje þetta áhugamál; það mun ekki vilja láta tillit til persónulegra hagsmuna einstakra manna sitja í fyrirrúmi fyrir heill og heiðri skólans. — Tel jeg svo þessu atriði svarað til hlítar, enda mun mjer síðar gefast kostur á að vikja að því á ný, ef andmæli háttv. þm. gefa ástæðu til.

Því næst vjek háttv. þm. að því, að stjórnin hefði skipað aukakennara við hinn almenna menntaskóla þvert ofan í bann fjárlaganna.

Nú er þessu að vísu þannig varið, að á fjárlögunum var slengt saman í eitt, aukakennaralaunum og fé því, er ætlað var til tímakennslu.

En meðferð stjórnarinnar á þessu atriði á rót sína í því, að þá er ráðherra gat þess á síðasta þingi, að sjer fjelli illa sú samsteypa, svaraði framsm. fjárlaganefndarinnar á þessa leið: »Nefndin lítur svo á, að stjórnin hafi frjálsar hendur um það, hvort hún setur aukakennara með fastri þóknun af þessu fje, eða notar tímakennara til að fullnægja kennaraþörfum skólans. Það hefur ekki verið af þinginu ákveðið neitt visst gjald um klukkutímann fyrir þessa kennslu, enda álít jeg ekki hægt, að binda hendur skólastjórnarinnar í því tilliti. Hún miðar sig þar við framboð annars vegar og sannar þarfir skólans hins vegar«, (Alþt. 1905, B, 228). Þetta sagði frsm. fyrir hönd nefndarinnar, og var þeim orðum ekki mótmælt af neinum, ekki einu sinni af háttv. þm. N.-Ísf., er átti sæti í nefndinni.

Háttv. þm. segir, að ekki sje mark á því takandi, hvað framsm. fjárlaganefndarinnar hafi sagt. Hvað er þá að marka? Það er ný kenning, ef ekki mætti leggja trúnað á orð þess manns, er til þess er valinn að vera málsvari nefndarinnar, þau orð, er hann hefur mælt í heyranda hljóði, án þess að nokkur meðnefndarmaður hans hefði neitt við þau athuga.

Jeg get bætt því við, að kennari sá, sem hjer er um að ræða, hafði allra beztu meðmæli fyrir kennslu sína. Og auk þess er það ekki rjett hermt, að hækkað hafi verið við hann um 600 kr., heldur mun það í mesta lagi hafa verið um 500 kr., því að sem tímakennari mundi hann hafa unnið fyrir 900 kr.

Loks tók háttv. þm. það fram, að sjer þætti leiðinlegt, að hreppsnefndin í

Neshreppi utan-Ennis hefði ekki fengið heimild til að áfrýja máli einu til hæstarjettar. Gat hann þess til, að hjer væri um viðkvæmt mál að ræða fyrir stjórnina. En þar á háttv. þm. ekki kollgátuna. Þetta mál er stjórninni alls ekki viðkvæmt, því það er henni alveg óviðkomandi. Það var ekki nema eðlilegt, að hlutaðeigandi embættismaður krefðist málshöfðunar, þar sem vaðið hafði verið upp á hann með ókvæðisorðum í dómarasæti. Og stjórnin hlaut að sjálfsögðu að fyrirskipa málshöfðun án tillits til þess, hver í hlut átti, og eigi síður þótt háttv. þm. N.-Ísf. hefði enn setið í embætti og borið sig upp undan slíkum sökum, því að jeg tel víst, að hann mundi ekki fremur en hver annar embættismaður, er gæta vill sóma síns, hafa látið bera sjer á brýn að ósekju hlutdrægni sem dómara. Málið var því næst tekið til meðferðar í undirrjetti og ákærðu dæmdir í 80 kr. sekt. Yfirrjettur færði dóminn niður í 20 kr. sekt og málskostnað. Þá var þess óskað, að áfrýja mætti málinu til hæstarjettar og sótt um það til dómsmálastjórnarinnar, en stjórnarráðinu hjer þótti ekki ástæða til að veita því meðmæli. Mál þetta var þess eðlis, að það hefði ekki orðið til neins sóma fyrir Ísland, að láta það ganga til hæstarjettar. Og það er mín persónalega skoðun, að helzt til mörg sómasnauð mál hafi verið þangað send, þótt þessu yrði ekki viðbætt. Enda er það engum efa bundið, að hlutaðeigandi hreppsnefnd gat ekkert á því grætt. Er því engin ástæða til fyrir háttv. þm., að vera að vekja það upp. Það hefur bezt af því að vera gleymt, en ekki geymt.

Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.): Mjer þótti það leið aðdróttun af hálfu háttv. aðstoðarmanns ráðh., að jeg ljeti leiðast af persónulegu hagsmunatilliti í aðfinningum mínum að því, hvernig framfylgt er ákvæðunum um inntökuskilyrðin í hinn almenna menntaskóla. Jeg hjelt, satt að segja, að það hefði komið fram, að enda þótt það mál taki til mín, þá snerti það eigi að síður almenning. Og mig furðar það stórlega um mann eins og hann, er veit, hvað það er að vera af fátæku foreldri kominn og hversu miklir erfiðleikar eru á því, fyrir efnalitla foreldra, er fjarri búa, að kosta sonu sína í skóla, að hann skuli ekki sjá, hvílíkur óhagur almenningi er gjörður með því fyrirkomulagi, sem nú er. Jeg efast um, að hann hefði nokkru sinni komizt til náms, ef eigi hefði viljað svo til, að foreldrar hans bjuggu í Reykjavík.

Hann gat þess til, að ástæðan til framkomu áðurnefndrar þingsál.till. hefði verið óánægja með ástandið í skólanum, eins og það var þá. Það er satt og ekki satt. Meðfram mun hafa verið tekið tillit til þess. En aðalástæðan, er borin var fram, bæði af mjer og öðrum, var sú, hversu kostnaðarsamt það er fyrir foreldra, ekki sízt þá er ölmusurnar hafa verið lækkaðar, eins og gjört hefur verið, að geta ekki látið börn sín lesa heima, eða setjast í annan eða þriðja bekk. Nú eru foreldrar neyddir til að senda börn sín að heiman í skóla 12 ára að aldri,— og að senda 12 ára börn í Reykjavíkurlífið er næsta óheppilegt. Jeg veit fjölda foreldra, er kysu heldur að láta þau stunda nám sitt heima, þótti ekki væri nema árinu lengur. Stjórnin verður að gæta þess, að skólinn er til vegna einstakra manna, en ekki vegna kennara. Það er skylda þings og stjórnar, að gjöra landsmönnum sem hægast fyrir að nota skólann.

Háttv. aðstoðarmaður ráðherra gat þess, að skólinn væri eigi prófstofnun.

Það er hann að vísu ekki með núverandi fyrirkomulagi. En ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hann væri látinn vera það jafnframt. Hvaða erfiðisauki er það fyrir kennarana, þótt nokkrir piltar komi að vorinu og gangi undir próf? Ekki næsta mikill.

Háttv. aðstoðarmaður kvað stjórnina hafa »eins og vera ber« sent kennurunum þingsályktunartillöguna til umsagnar. Jeg vil snúa þessu við og segja: þvert á móti því sem vera ber. Er það ekki að fara aptan að siðunum að senda það, sem þingið hefur samþykkt, þeim mönnum til umsagnar, er áttu að hlýða henni. Hann sagði, að stjórnin hefði tekið tillit til þingsályktunartillögunnar. Mikið rjett. Mjer láðist að geta þess fyr, að í ráðherrabrjefinu stendur, að undanþágu megi gjöra um þá pilta, er til eiga að sækja utan af landi, og eigi hafa getað sótt skólann að haustinu af einhverjum sjerstökum ástæðum. En hversu margir mundu þeir verða út um land, er vildu treysta því, að stjórnin viðurkenndi »einhverjar sjerstakar ástæður«; kostnaðurinn er nógur samt, þó menn þurfi ekki að senda sonu sína til Reykjavíkur upp á von og óvon, og eiga það á hættu, að þeir verði gjörðir apturreka.

Háttv. aðstoðarmaður gat þess enn, að þingið hefði engan myndugleika til að blanda sjer í þetta mál. Það hefur bæði rjett og skyldu til að benda umboðsstjórninni á það, sem ábótavant þykir. Enda mundi ráðherra hafa tekið það fram á síðasta þingi, er þingsályktunin kom fram, ef hann hefði litið svo á. En þess lét hann aldrei við getið.

Þar sem háttv. aðstoðarmaður ráðh. kvað svo að orði, að aldurstakmarkinu yrði ekki raskað nema með því, að breyta reglugjörðinni og það gæti stjórnin eigi gjört, þá er það nokkuð villandi. Ráðherra getur vitanlega gjört undantekningu með konunglegri »resolútion«, ef hann vill. Þess vegna verð jeg enn að halda því fram, að það hafi verið ófrjálslyndislegt af stjórnarinnar hálfu, að neyta þess eigi, að gjöra undanþágu, eins og á stóð.

Þá er að víkja að tímakennslunni við menntaskólann. Háttv. aðstoðarmaður ráðh. las upp úr þingtíðindunum frá 1905 orð, er framsm. fjárlaganefndarinnar á að hafa sagt: »Nefndin lítur svo á, að stjórnin hafi frjálsar hendur um það, hvort hún setur aukakennara með fastri þóknun eða notar tímakennara«, o. s. frv. Háttv. aðstoðarmaður hefur sjálfur verið þingmaður, og þekkir það mæta vel, hvernig framsögumenn opt og einatt tala sitt af hverju frá eigin brjósti, og auk þess slæðist ýmislegt inn í þingtíðindin, er aldrei hefur verið talað, eða að minnsta kosti ekki á þann hátt, er skrifararnir herma; þeir reynast löngum misjafnlega. Og þar sem hann leggur mikla áherzlu á, að jeg hafi ekki mótmælt þessum orðum, þá er það vallt sönnunargagn, því að jeg hef aldrei heyrt þau orð töluð svo að jeg muni; hjer á þingi falla svo mörg orð, sem menn taka ekki eptir; það veit háttv. aðstoðarmaður vel, og enda þótt jeg hefði heyrt þau, þá hefði jeg ekki talið mjer skylt að mótmæla þeim. Jeg vissi, hvað fram hafði farið í nefndinni, og taldi sjálfsagt, að stjórnin færi eptir fjárlögunum en ekki eptir skýringum framsögumanna, er sprottnar eru meira eða minna af persónulegum skoðunum. Slíkt atferli má ekki líðast átölulaust. En væntanlega glöggvast nú skilningur stjórnarinnar á þessu atriði, þegar hún sjer, að fjárlaganefndin hefur nú gjört í því efni sömu breytinguna á frumv. hennar, sem á stjórnarfrv. 1905.

Háttv. aðstoðarmaður ráðh. kvað

það hart, ef ekki væri að marka, hvað framsm. segðu. Það er alls ekki hart. Þeir geta verið misjafnlega fyrir kallaðir og fleiprað ýmsu fram úr sjer, án þess það sje allt svo gjörhugsað. *(Umboðsmaður ráðh.*: Svo!). Ójá, það vona jeg að háttv. aðstoðarmaður kannist sjálfur við; hann þarf ekki annað en að stinga hendinni í sinn eigin barm. Hver framsm. nefndar er að sínu leyti ekki annað en umboðsmaður hennar, og umboðsskjal hans er nefndarálitið. Mundi nú háttv. aðstoðarmaður ráðherra taka nokkuð mark á því, þótt umboðsmaður, er kæmi til hans með skýrt orðað umboðsskjal í höndum, segði að sitt hvað í skjalinu ætti að skilja svona og svona? Nei, hann mundi halda sjer við það eitt, er í umboðsskjalinu stendur.

Jeg sje, að háttv. þm. S.-Þing., er var framsm. fjárlaganefndarinnar 1905, er að biðja sjer hljóðs, og ætlar sjer víst að gjöra hreint fyrir sínum dyrum. En jeg segi honum það fyrirfram, að mjer var full kunnugt um, hvað fram fór í nefndinni; jeg var einn af þeim, er mest börðust fyrir breytingunni á þessu atriði; en háttv. framsm. mun hafa verið á annari skoðun, og er ekki nema eðlilegt, að sú persónulega skoðun hans lýsti sjer í framsögunni; hitt, að hann hafi borið nefndina fyrir því, mun ef til vill stafa frá skrifurunum.

Loks skal jeg með fám orðum svara ummælum háttv. aðstoðarmanns ráðherra um málsáfrýjun þeirra Neshreppsmanna. Honum fannst stjórnin hafa breytt í alla staði rjett í því efni. Gott er það, þegar samvizkan er glöð og góð. En jeg held þó, að einhvern hæng mætti hún finna á þessu við nákvæma yfirvegun. Það var opinbert leyndarmál, er jafnvel kom fram í blöðunum, að yfirrjettardómurinn var kveðinn upp með eins atkv. mun (2:1). Jeg skil því ekki, hvernig háttv. aðstoðamaður ráðh. getur sagt, að engin líkindi hafi verið til þess, að honum yrði breytt í hæstarjetti. Þá eru einmitt töluverð líkindi til breytinga, þegar »*separat votum*« hefur verið í yfirrjetti. — Jeg skal ekki fara út í umæli hans um það, hvernig málið er vaxið. Hlutaðeigandi embættismann áfelli jeg ekki, þótt hann bæri sig upp. Það á hann við sína eigin samvizku. En misskilningur er það á mjer og mínu hugarfari, að jeg mundi hafa krafizt málshöfðunar, þótt fáfróðir alþýðumenn orðuðu kröfu sína fyrir rjetti um það, að víkja úr dómarasæti á þann hátt, sem fetta mætti fingur í. Slíkum getsökum verð jeg að vísa alvarlega frá mjer.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vildi að eins láta þess getið, að þau orð mín um fjárveitingu til timakennslu við lærða skólann, er lesin voru upp úr þingtíðindunum 1905 og svo mjög hefur verið rætt um, voru töluð af mjer fyrir hönd nefndarinnar. Svo stóð á, að ráðherra hafði beint eins og fyrirspurn að mjer sem framsm. um þetta atriði, og svaraði jeg fyrir nefndina á þá leið, er þar er greint.

Má vera, að rjettara hefði verið að orða svarið sem álit meiri hluta nefndarinnar. Jeg man ekki svo glöggt, hvað fram fór í nefndinni um það, er slengt var saman aukakennaralaununum og timakennslufjenu, en hitt man jeg, að um það kom ekki fram mikill ágreiningur; enda segir það sig sjálft, að það gat ekki verið á móti skoðun meiri hluta nefndarinnar, að nokkru af þessu fje yrði varið á líkan hátt og áður, sem sje, til þess að launa fastan aukakennara. Það er óneitanlega ólíkt heppilegra og affarasælla fyrir skólann, að hafa fastan aukakennara, þegar svo mikið kennslustarf er fyrir hendi, heldur en að skipta því starfi niður á milli

margra lítt reyndra tímakennara, er verða að hafa það í hjáverkum; því að engin von er á, að nokkur dugandi maður fáist til að gjöra tímakennslu, eins og hún er launuð, að aðalstarfi sínu, og bera úr býtum fyrir 27 stunda kennslu á viku nál. 900 kr. yfir árið. Eða liggur ekki í augum uppi, hvílíkt ranglæti er í því fólgið, að ætla manni, sem er jafnfær kennari og hinir kennararnir, að inna af hendi sömu vinnu og fyrir meira en hálfu minni laun? Af þessum ástæðum var það sprottið, að sjerstakt fje hafði verið veitt handa sjerstökum manni, sem sje Bjarna Jónssyni frá Vogi. Mjer er það kunnugt, því jeg varð til að gangast fyrir því af hreinni og beinni rjettlætistilfinningu. Þegar svo Bjarni Jónsson fór frá, ætlaði stjórnin sömu upphæð sem aukakennaralaun handa öðrum manni, er í hans stað kæmi. En nefndin fjellst ekki á, að launanum yrði haldið óbreyttum, þannig að skoða mætti stöðuna sem fast embætti, heldur fannst henni ástæða til að lækka þau, meðan maðurinn væri óreyndur, að sama skapi sem þau höfðu verið hækkuð við Bjarna. Honum hafði fyrst verið veitt 1,300 kr. þóknun, er síðar var færð upp í 1,600 kr. En hitt er mjer óhætt að fullyrða, að nefndinni hefur aldrei dottið í hug að vilja svelta slíkan mann við skólann upp á 90 aura tímaborgun.

Það liggur í hlutarins eðli, að það getur ekki hafa verið meining fjárlaganefndar 1905, að fyrirmuna stjórninni að útvega skólanum góða og nauðsynlega kennslukrapta. Býst jeg við, að þetta spursmál komi fram við umr. fjárlaganna og fer því ekki fleiri orðum um það í þetta sinn.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsosn): Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugas. H. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði það vera litla bót, þótt það stæði í ráðherrabrjefinu, að þeir, sem sýktust, fengju leyfi til að taka próf; það væri ekki víst, að ástæður þeirra yrðu teknar gildar. Það er þeim innanhandar að fá að vita um leið og þeir fara úr skóla, hvort þeir fá að ganga undir próf, þeir fá strax já eða nei. Um tímakennsluna þarf jeg ekki að tala frekar. H. þm. S.-Þing. (P. J.) hefur gjört ljósa grein fyrir því atriði. Jeg veit ekki um, hvað fram hefur farið í fjárlaganefndinni. En hitt veit jeg, að stjórnin getur ekki farið eptir öðru en því, sem kemur opinberlega fram sem vilji nefndarinnar, en það getur verið á tvennan hátt, annaðhvort í nefndarálitinu, eða í orðum framsm. Þær bendingar verður stjórnin að taka til greina við skýring laganna. H þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.) er góður og glöggur lagamaður og veit það vel, að opt verður að skýra lögin og þá verða menn að grípa til athugasemdanna, ummæla, sem falla í þinginu, einkum frá framsm., og allra annara gagna, er upplýst geta málið. Það lá ekki annað fyrir en þessi framsaga, sem h. þm. hefur ef til vill ekki heyrt, eða þá verið afbökuð í meðferð skrifaranna. En hann les sjálfsagt þingtíðindin. (*Skúli Thoroddsen:* Nei, það er misskilningur.) Þá tek jeg ágizkunina aptur og það, sem jeg ætlaði að byggja á henni. Sjálfur gjöri jeg það, og gekk út frá því sama um h. þgm., og þá hefði hann átt að taka til mótmæla í blaði sínu. H. þgm. bendir mjer nú á, að ráðherra hafi í Ed. komið með breyt.till. um að sundurliða upphæðina, en hún hafi verið felld. Þetta sýnir ekki neitt málstað h. þgm. í vil. Það geta verið ýmsar ástæður til þess, að ráðherra hafi komið fram með

þessa tillögu, og óvíst hvers vegna hún hafi verið felld. Um það er mjer alveg ókunnugt.

Hvað snertir áfrýjunina á þessum umræddu yfirrjettardómi, þá er það að vísu opinbert leyndarmál, að ekki var nema eins atkv. munur, en það sannar ekki mikið, því að það hlýtur alltaf að verða eins atkv. munur ef annars ágreiningur er, og enn þá minna sannar þetta, þegar athugað er, frá hvaða dómara ágreiningsatkvæðið kom, því að hann hefði eptir minni meiningu átt »ex officio« að víkja sæti í þessu máli. H. þgm. N.-Ísf. (Sk.Th.) segist ekki mundu hafa farið að kæra alþýðumenn, þó þeir hefðu haft lík orð um sig í dómarasæti, og tilefni gáfu til þessarar málshöfðunar. Á þessu furða jeg mig. Jeg hefði ekki þolað það í dómarasæti, að vaðið væri þannig upp á mig, og jeg efast um, að háttv. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefði heldur þolað það, þó hann tali svona nú. Fleira hef jeg ekki að athuga. Síðari ræða háttv. þgm. var hógvær og bar vott um, að orð mín hefðu sannfært hann í ýmsum atriðum.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Það hefur nú verið skrafað margt um hinn almenna menntaskóla og er litlu við það að bæta; en það er annar skóli, sem mjer þykir ástæða til að spyrjast fyrir um hjá stjórninni. Jeg á við gagnfræðaskólann á Akureyri. Eins og kunnugt er, er skammt síðan hann var stofnaður, kostaði ærið fje og það var ekkert numið við nögl sjer, til þess að hann yrði sem bezt úr garði gjörður og kæmi að sem fyllstu gagni. Á fjárlögunum stendur hann með 23,400 kr. yfir fjárhagstímabilið. Það er nú opinhert leyndarmál, að talsvert er athugavert við þennan skóla og á allra vörum, að eitthvað sje bogið við hann og það jafnvel meira en lítið. Og þar sem þetta er opinber stofnun, er sjálfsagt að hreyfa því á þessum stað og við þetta tækifæri. Jeg hef heyrt, að í fyrra hafi verið þar 62 nemendur, en ekki hafi nema 40 gengið undir próf. hinir labbað sig burtu próflaust. Enn fremur hef jeg heyrt, að nemendur hafi í vetur tekið upp þann sið, að koma ekki í tíma, nema þegar þeim þóknaðist. Annað er þó lakara, kunnugir segja, að útlit sje fyrir, að skólinn standi tómur eptirleiðis, og fylgir sögninni, að af 10—12 nemendum, sem sótt hafa um skólann, muni ekki koma í haust nema fáeinir í skólann. Allar líkur eru því til, að skólinn tæmist. Eitthvað hlýtur að vera bogið við þetta, og einhverjir fuglar hafa flogið með það, að kæra hafi komið fram út af kennslunni. Heimavistirnar, sem taldar voru einna nauðsynlegasta skilyrði þess, að skólinn geti þrifizt, hef jeg heyrt að væri í mesta ólagi, en að það ólag væri þó þannig, að ráða mætti bætur á því, ef hlutazt væri til um í tíma. Það má búazt við, að eitthvað sje orðum aukið um þetta mál, en jeg er viss um, að eitthvað er hæft í því; það er einhver leki, sem setja þarf undir í tíma. Nú vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort henni sje kunnugt um nokkurt ólag á Akureyrarskólanum, og ef svo er, hvaða ráðstafanir hún hafi gjört eða ætli að gjöra til að laga það. Því að ekki má eiga sjer stað, að þing og stjórn horfi á, að svona dýr og þarfleg stofnun verði ekki að neinu gagni. Jeg vona, að hæstv. umboðsmaður ráðherrans svari þessari fyrirspurn minni.

Umboðsmaður ráðherrans (Kl. Jónsson): Jeg hef heyrt að mikið ólag væri á þessum skóla, svipað því sem h.þm. skýrði

frá, skólasveinar hafi sótt illa tíma, bekkirnir staðið hjer um bil tómir, en þetta væri einungis hjá einum kennara. En sönnur á þessu veit jeg ekki. Jeg hef líka heyrt, að allir piltar úr einum bekk hafi sent þessum kennara áskorun um að segja af sjer. En ekkert hefur borizt landsstjórninni um þetta, svo aðástæða væri til fyrir hana að skerast í leikinn. Skólameistari hefur ekki gefið stjórninni neina tilkynning um þetta. En úr því þessu hefur verið hreyft hjer, þá er málið orðið heyrum kunnugt, og jeg vil svara því, að stjórnin mun gjöra sitt til að koma lagi á hjer, eins og hún hefur gjört við menntaskólann, því að það hefur hún óneitanlega gjört. Eitthvað er að, svo mikið er víst. Hvort þessi kæra yfir einum kennaranum er á rökum byggð, læt jeg ósagt, en það dregur mikið úr henni, að hún var, eptir því sem jeg hef heyrt, ekki afhent honum sjálfum meðan hann var fyrir norðan, heldur send á eptir honum með pósti. Hitt hefði verið drengilegra, að piltar hefðu afhent kæruna honum sjálfum. Hvað margir sækja skólann eða taka próf, er mjer ókunnugt um, og eins veit jeg ekki um, hvort útlit er fyrir, að skólinn standi tómur næsta ár eða ekki. Jeg er samdóma háttv. þm. um það, að þetta er of dýr og góð stofnun til þess að fara í hundana. En hvaða ráð á að taka? Mjer þætti vænt um að heyra, hvað háttv. þingm. vilja leggja til. Það getur verið erfitt að ráða fram úr svona málum, og er því ekki óeðlilegt, að stjórnin fái ráð hjá þinginu sjer til hliðsjónar.

Ólafur Ólafsson: Jeg hef ekki ástæðu til annars, en að þakka hæstv. umboðsmanni ráðh. fyrir svarið. Jeg tek það fram, að þótt jeg hafi hreyft málinu, er jeg því ekki sjerstaklega kunnugur; hvort sakir sje rjettar, veit jeg ekki, en mjer þótti nauðsynlegt og sjálfsagt, að hreyfa þessu, svo að það yrði rannsakað. Það gladdi mig að heyra, að stjórnin tekur málið til greina og ætlar að gjöra það sem hægt er til að koma því í rjett horf. Jeg játa að opt er afarerfitt að ráða fram úr, þegar svona stendur á, en eitthvað verður að gjöra. Skólinn er dýr og gæti gjört svo mikið gagn. En ógagnið er líka mikið, ef hann er í ólagi. Jeg vona, að þær bætur verði ráðnar á þessu, sem tíminn sýnir að sje nauðsynlegar og viðeigandi; þá er mínum tilgangi náð.

Stefán Stefánsson (þm. Skgf.): Hæstv. umboðsmaður ráðh. gat þess, að jeg hefði verið á móti þingsál. um árspróf utanskólasveina. Jeg kannast við, að það sje rjett, og jeg færði ástæður fyrir því atkvæði mínu. En þetta er engin ástæða fyrir því, að jeg sje ekki samdóma ákúrum þeim, sem stjórnin hefur fengið fyrir að hafa ekki framfylgt till. úr því hún var samþ. Meðan hún var í gildi, álít jeg, að stjórnin hafi verið skyldug að taka hana til greina. Þetta hefur verið rætt svo mikið, að ekki er ástæða til að orðlengja um það. Hvað tímakennsluna snertir, er það undarlegt, að leggja meira upp úr orðum framsm., en lögunum sjálfum. Ekki sízt þar sem Ed. fellir sundurliðun liðanna og slær þeim saman, og af hverju, nema því, að hún vill breyta til og álítur, að skoðun Nd. sje rjett. Þetta sýnir, að báðar deildir voru hjer á sama máli, og stjórnin var að mínu áliti skyldug til, að haga sjer eptir því, en hafði enga heimild til að byggja á orðum framsm.; hann talaði þar frá eigin brjósti, og hefði að rjettu lagi átt að taka það fram, að þetta væri að eins sín persónulega meining.

Því að það er hrein meiningarleysa, að slá fyrst liðunum saman og segja svo, að standi á sama, þó stjórnin aðgreini þá og verji nokkru af fjenu til að launa aukakennara. Eða með öðrum um: Þótt þingið sje því mótfallið, að veita fje sjerstaklega til þessa aukakennara, þá má stjórnin samt halda aukakennaranum og launa honum af tímakennslufjenu. Allir sjá hver fjarstæða slikt er.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á, hversu aldurstakmarksákvæðum menntaskólans hefur verið framfylgt.

Umboðsm. ráðh., tók það fram, að í öllu hefði verið farið eptir fyrirmælum reglugjörðarinnar í þessu efni. En þá hefur hann ekki gætt að því, að þar stendur: »Þegar sjerstaktega stendur á, getur stjórnin rýmkvað efra aldurstakmarkið fyrir einstaka pilta, að því er lærdómsdeildina snertir, ef skólameistari mælir með því«.

Nú veit jeg með vissu, að menn hafa sótt um inntöku í lærdómsdeild skólans, en verið neitað, eða engin von gefin um, að þeir mundu fá inntöku í deildina. Þetta er svo ófrjálslegt, sem framast má verða. Og það er æði hart fyrir efnilega pilta, að neita þeim um að geta menntað sig á þann hátt, sem þeir hafa ætlað, fyrir þá sök eina, að þeir hafa ekki, einhverra orsaka vegna, haft tök á því, að gefa sig að námi fyr en þeir voru komnir yfir aldurstakmörk þau, sem reglugjörðin setur. Það er vitanlegt, að hjer á landi hafa menn opt og einatt farið gamlir í skóla; svo er um marga af vorum beztu mönnum, en hefði þeim verið meinað að ganga í gegn um skólann, þá mundi það hafa orðið ómetanlegur skaði fyrir landið, að geta ekki notið þeirra. Þessu þarf að breyta, og þá þannig, að aldurstakmarkið sje rýmkað á báðar hliðar, því að hafa þetta svo rígbundið, sem það er nú, getur orðið stórtjón bæði fyrir skólann og landið.

Úr því að jeg stóð upp, þá skal jeg leyfa mjer að beina til háttv. umboðsmanns ráðh. fáeinum spurningum viðvíkjandi þjóðjarðasölunni. Eins og menn vita, er töluverð óánægja út af því, hvernig stjórnin hefur hækkað verð þjóðjarðanna. Stjórnin hefur víða lítið eða ekkert tillit tekið til matsins á jörðunum, sem framkvæmt er af nákunnugum og valinkunnum sæmdarmönnum, sem staðfest hafa mat sitt með eiði. Í lögunum um þjóðjarðasölu er stjórninni gefin heimild til að taka menn sjer til aðstoðar og meðráða til þess að meta jarðirnar að nýju, ef henni finnst eitthvað athugavert við matið, og það gat stjórnin gjört. En lögin gefa stjórninni enga heimild til þess, að breyta sjálf matinu eptir eigin geðþótta, eins og mjer er grunur á að hún hafi gjört að þessu sinni, þó jeg vilji ekkert um það fullyrða, og þætti mjer fróðlegt að heyra, hvort stjórnin hefði haft nokkra meðráðamenn við þetta yfirmat sitt.

Annars lítur helzt út fyrir það, að stjórnin hafi haft sjerstaklega ríka tilhneigingu til þess, að selja jarðirnar fyrir sem hæst verð, án tillits til þess, hvort það væri sanngjarnt eða eigi. Það virðist svo sem verðhæðin sje aðalatriðið í augum hv. stjórnar. En þetta virðist mjer koma í bága við andann í þjóðjarðasölulögunum. Eða eru þau gjörð til þess eins, að landssjóður fái sem mest fje fyrir jarðirnar, græði *beinlínis* á sölunni? Jeg veit að því munu flestir neita. Tilgangurinn var auðvitað sá, að bæta búnaðinn, efla ræktun landsins og með því móti auka þjóðeignina. Með vaxandi afurðum og meiri velgengni hlutu svo tekjur landssjóðs að aukast, og það sífellt og

varanlega. Þjóðjarðasalan átti því að leiða til aukinna tekna fyrir landssjóð í framtíðinni, en ekki að verða honum bein tekjuaukning í bráð á þann hátt, að verðið á jörðunum væri skrúfað svo upp, að vextir af því næmu miklu meiru en tekjum þeim, sem landssjóður hefur nú af jörðunum. Með því að selja jarðirnar ofdýrt, gjörir stjórnin sitt til, að koma í veg fyrir það, að aðaltilgangur þjóðjarðasölunnar náist. Háar afborganir hljóta, að meiru eða minna leyti, að lama framkvæmdaþrek kaupanda og geta leitt til þess, að hann gjöri hvorki nje geti gjört jafnmiklar umbætur á eignarjörð sinni, eins og meðan hann var leiguliði landssjóðs, og sjá allir, hve þá er illa farið. Jörðinni fer aptur og hún fellur í verði, í stað þess að batna og hækka.

Mjer finnst því stjórnin hafa misskilið þjóðjarðasölulögin. Auðvitað er það rjett af stjórninni, ef hún sjer, að matið fer fjarri sanni, að neita þá hreint og beint um söluna að sinni, þangað til yfirmat kunnugra og áreiðanlegra manna hefði framfarið, því enginn má taka orð mín svo, að jeg ætlist til, að jarðirnar sjeu seldar landssjóði í beinan óhag, en það hika jeg mjer ekki við að segja, að fremur væri það eptir anda laganna, að þær væru seldar krónunni of lágt en of hátt.

Jeg skal ekki að þessu sinni, tilgreina nöfn á einstökum jörðum, það verður að líkindum tækifæri til þess seinna. En þó skal jeg leyfa mjer að beina þeirri spurningu til háttv. umboðsmanns ráðh., hvernig á því stendur, að neitað er um sölu á afrjett, sem fylgir jörð, og hefur fylgt frá alda öðli, og afrjettin þar að auki metin til sjerstaks verðs, þó ávallt hafi verið goldið af henni með jörðinni og hún talin hluti af jörðinni og metin með henni til afgjalds og verðs. Það væri margt fleira, sem jeg vildi spyrja háttv. umboðsmann ráðh. um, t. d. hvernig stjórnin getur látið sjer detta í hug, að byggja verðhækkun jarða á tilboðum óviðkomandi manna, sem hvorki hafa nje geta fengið kauparjett á jörðinni. Slík tilboð ættu engin áhrif að geta haft á jarðarverðið. Enda er óviðkomandi mönnum ætíð innan handar að gjöra hvað há tilboð sem vera vill, þar eð þeir vita, að aldrei kemur til, að þeir þurfi að standa við þau.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tók það fram, að það væri skylda »oppositionarinnar«, að finna að gjörðum stjórnarinnar. Þetta getur verið, en það getur líka komið fyrir, að þeir þm., sem ekki hafa ástæðu til að vera stjórninni ósammála í aðalatriðum, hafi þó ástæðu til að gjöra athugasemdir við ýmislegt, sem stjórnin gjörir. Jeg ætla í þessu skyni að tala um eitt atriði, er snertir mitt kjördæmi. Saga þess máls er á þessa leið:

Það kom fyrir í Rangárvallasýslu í vor, að kona veiktist hastarlega af lungnabólgu. Maður var þegar sendur til Kirkjubæjar eptir lækni með 3 hesta. En þegar þar kom, var læknirinn að ríða af stað til Reykjavíkur; hafði hann verið kvaddur af stjórninni, til að vera prófdómari við vorpróf á læknaskólanum. Hann gat því eigi komið því við, að vitja sjúklingsins. Jeg skal geta þess strax, til að girða fyrir allan misskilning, að það er alls ekki mín meining, að bera viðkomandi lækni á brýn neina vanrækslu á skyldu sinni, því eptir því, sem jeg veit bezt, er hann hinn samvizkusamasti og skyldurækn-asti embættismaður. En þarna hafði hann lent í því, sem kallað er skyldubági, þar sem annars vegar var sjúklingur, sem kallaði að, en hins vegar

skylda sú, sem honum hafði verið lögð á herðar af yfirmönnum, með því að kveðja hann fyrir prófdómara. Hann hlaut því annanhvorn kostinn að velja, og hann valdi síðari kostinn, að gegna yfirmönnum sínum.

Nú mætti virðast, að auðvelt hefði verið að fá einhvern annan nær, til þess að vera prófdómari við læknaskólann, þó þessi maður sje í alla staði heppilegur og vel að sjer, þar eð hann er háskólakandídat með mjög góðum vitnisburði. En það hefði þá að minnsta kosti átt að láta lækninn vita þetta fyr, svo hann hefði getað tilkynnt hjeraðsmönnum brottför sína, og menn þá vitað, að ekki var til neins að vitja hans á þessum tíma, og strax snúið sjer til annars læknis, þó það að vísu komi illa við þarna, þar sem næstu læknar eru, annar í Mýrdal, og þangað er ill leið og yfir stór vatnsföll að fara, en hinn á Eyrarbakka, og þar er nóg að gjöra svo sem gefur að skilja í svo fjölmennu kauptúni. Þetta minnist jeg á, ekki beinlínis til að víta það, að læknirinn var kallaður burt í þessu skyni, heldur að eins til þess, að ef það þykir nauðsynlegt að skipa optar þennan lækni eða annan fyrir dómara við læknaskólapróf, eða taka þá eitthvað annað frá starfi sínu, að þeir þá fengju að vita það svo snemma, að þeim sje mögulegt að tikynna brottför sína hjeraðsbúum, svo þeir þurfi ekki að gjöra sjer árangurslausar ferðir, sem tefja fyrir að þeir geti leitað eitthvað annað, þegar þörf krefur.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): H. 2. þm. Skgf. (St. St.) fór nokkrum orðum um skólamálið, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hóf fyrst máls á. Og hann (2. þm. Skgf.) gat þess, að fyrir sjer væri það sjerstakt áhugamál, að ekki væru föst ákvæði um aldurstakmörk þeirra nemenda, sem í lærdómsdeildina vildu ganga. En um þetta eru ekki föst ákvæði, því þegar sjerstaklega stendur á, má rýmka til um efra aldurstakmarkið, að því er lærdómsdeildina snertir, »ef skólameistari mælir með því«. En þessi orð sýna það jafnframt, sem jeg tók fram áður, að slík málefni eiga að ganga til skólastjóra, en ekki eins og háttv. þm. N.-Ísf. sagði, að stjórnin ein eigi að ráða þeim til lykta án íhlutunar skólameistara og kennara. Háttv. þm. fór mörgum orðum um það tjón, sem einhver piltur hefði beðið við það, að geta ekki haldið áfram námi sínu. En hann gætir þess ekki, að það gat alls ekki komið til mála, að pilturinn kæmist í lærdómsdeildina, því að hún var þá alls ekki til, og er það ekki fyr en á þessu ári, svo að það var ómögulegt að taka piltinn inn.

Hv. 2. þm. Skgf. (St. St.) komst svo nokkuð inn á annað mál, sem jeg allt af bjóst við að mundi verða aðalmálið á þessum eldhúsdegi, en það er þjóðjarðasölumálið. Mjer þykir vænt um að geta svarað sjálfur þeim ákúrum, sem af því kunna að rísa, því að jeg hef mest um það mál fjallað.

Þm. kvað svo að orði, að það virtist vera aðaltilgangur stjórnarinnar að græða á jarðasölunni. En sagði fyrir sitt leyti, að stjórnin ætti að selja þjóðjarðirnar fyrir sanngjarnt verð. Þetta er alveg rjett, og þetta hefur stjórnin allt af haft fyrir augum, að jörðin væri seld eins og hún rentar sig, ef ekki væru sjerstakar ástæður fyrir hendi til hækkunar eða lækkunar. Stjórnin hefur haldið fast við þessa reglu, sem skýrt er tekin fram í 7. gr. laganna, frá því fyrsta til hins síðasta, og það er því algjörlega ósatt mál, að stjórnin hafi nokkru sinni farið eptir handahófsvirðingum um sölu jarðanna.

Það er einkennilegt, að þegar maður

ihugar þjóðjarðamatið úr ýmsum hjeruðum landsins, þá er eins og skipti í tvö horn, eptir því, hvar jarðirnar eru á landinu. Sumstaðar er matið mjög sanngjarnt, en aptur sumstaðar, t. d. í Eyjafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, er það víða svo lágt, að það nær engri átt. Að meta jarðirnar of lágt, er alveg sama og að fara fram á, að gefa einstökum mönnum upphæðir af landsfje, og þær stundum stórar.

Á nú stjórnin að fara eptir sliku mati? Jeg segi nei. Og meðan jeg á að eiga nokkurn þátt í að gæta fjárhags landsins, þá mun jeg aldrei ganga inn á slíkar fjarstæður.

Mjer er hægt að telja upp, hvaða þjóðjarðir hafa verið seldar, hvar og hvernig matsverðið hefur verið á þeim á hverjum stað fyrir sig í hlutfalli við söluverðið.

Í Múlasýslu hafa verið seldar 2 jarðir, fyrir matsverð. Í Norðursýslu-umboði ein fyrir matsverð. Af jörðum í Reynistaðaklaustursumboði hafa verið seldar tvær, einnig fyrir matsverð. Í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboðum hafa 6 jarðir af 7 verið seldar fyrir matsverð. En í Eyjafjarðarsýslu hafa 42 jarðir verið seldar og flestar færðar upp — þó hafa þar einnig nokkrar verið seldar fyrir matsverð, eða því sem næst. Þar stingur í stúf, þó þannig, að eptir því sem utar dregur með firðinum, því nær rjettu verði er matið. Mjer er kunnugt um, að talsverð óánægja er í Eyjafirði út af þjóðjarðasölunni En hvaðan stafar sú óánægja? Frá mönnum, sem sjálfir eru kaupendur og því málsaðilar, og er ekki vant að taka tillit til slíks, enda er það svo almennt í öllum viðskiftum. Eins ímynda jeg mjer að sje um blaðagreinar, sem birzt hafa um þetta, að þær sjeu af sömu rótum runnar, komnar frá mönnum, sem eru við málið riðnir.

Jeg var fyrir skömmu á Ákureyri og átti tal við marga þá, er jarðir höfðu keypt, og var á flestum þeirra að heyra, að þeir væru ánægðir með kaupin, og ekki sögðust þeir vilja selja aptur fyrir sama verð, sem þeir höfðu keypt.

Annars getur hver, sem til þekkir, sannfærzt um það, hvort jarðirnar eru seldar of dýrt. Skyldi t. d, jörðin Reykhús ekki vera 1500 kr. virði, eða ætli nokkur skynbær maður vilji halda því fram, að Munkaþverá sje of dýrt seld á 7,000 kr. Væri sú jörð prívat eign, þá mundi hún alls ekki fást fyrir minna en 10—12,000 krónur. Möðruvellir í Hörgárdal eru falir fyrir 13,000 kr. með ágætis húsum að öllu leyti. Aptur eru Hólar í Hjaltadal virtir á 20,000 kr., jörðin sjálf án allra húsa. Hvort mundi nú vera betra að kaupa Möðruvelli ágætlega húsaða, liggjandi rjett við sjó, og ágætlega við öllum aðflutningum og auk þess rjett í námunda við Akureyri fyrir 13,000 kr. eða Hóla húsalausa og liggjandi langt fram í afdal fyrir 20,000 kr.? Því getur hver svarað fyrir sig, og þó eru Hólar metnir af valinkunnum sæmdarmönnum, og jeg ætla að hv. 2. þm. Skgf. (St, St.) hafi ekki út á það mat að setja, því annar matsmaðurinn var mágur hans.

Jeg held því, að það verði alls ekki með neinni sanngirni sagt, að stjórnin hafi farið illa að ráði sínu í þessu máli, heldur hafi hún í öllu farið beint eptir fyrirmælum laganna. Og það ætti að vera ljóst dæmi upp á það, að hjer er sanngirni látin ráða, að flestir af þeim Eyfirðingum, sem þjóðjarðir hafa keypt, eru persónulega vinir mínir, sem aðallega hefi fjallað um þetta mál, og »pólitískir« fylgismenn stjórnar-

innar. Þetta ætti að vera bezta sönnunin í augum stjórnarandstæðinga, að hjer sje ekki um hlutdrægni að tala Mjer hefur frá því fyrsta verið annt um þetta mál; það hefur fyrir mjer verið sannfæringarmál, að það væri mjög þýðingarmikið fyrir landið, að allir gætu setið á sínu eigin býli, og því hef jeg allt af fylgt þjóðjarðasölumálinu fast fram, meðan jeg sat á þingi, en hins vegar vil jeg ekki gefa jarðirnar. Jeg álít að landssjóður eigi að fá *sitt,* en hvorki meira nje minna.

Ein einasta jörð hefur verið færð mikið upp, allt að því um helming verðs. Má vera að þar sje of langt farið, enda verður þar leitað ýtarlegri upplýsinga, en annars er mat á þessari jörð ágætt sýnishorn. Leigumáli eptir jörðina, sem var áður en núverandi ábúandi og kaupfalandi tók við henni, eptir 10 ára meðaltali kr. 99,86, sem svarar til kaupverðs 2,500 kr. Þessa jörð meta matsmenn á 1,100 kr.

Árið 1883 setti amtsráðið leigumála, og var hann nokkuð lágt settur, því að harðindasamt hafði verið undanfarin ár. Eptir þeim leigumála ætti þessi jörð að seljast nú á 1,500 kr. En vegna þess, hve eptirsótt hún var, hækkaði hún í eptirgjaldi, og ætti nú, eins og jeg sagði, að seljast fyrir 2,500 kr. En hvað segja matsmennirnir? Lakóniskt kveða þeir svo að orði: »Afgjald af jörð þessarri álitum vjer hæfilegt 40 til 45 kr. (— í stað 90—100 kr.! —) og metum hana því á 1,100 kr.« Svo mörg eru þau orð.

Er nú nokkur ástæða til að taka tillit til sliks mats? Getur nokkur í alvöru láð stjórninni, þótt hún vilji ekki á því byggja?

Loks skal jeg láta þess getið, að nú er einmitt heppilegur tími fyrir kaupendur að kaupa, en óheppilegur fyrir landssjóð að selja. Verðlagsskráin hefur hækkað til muna. Til dæmis má geta þess um Möðruvelli, að afgjaldið á síðastliðnum 10 árum hefur verið 229 kr. 83 aurar, en eptir verðlagsskránni ætti það nú að vera um 287 kr. 58 aurar eða nærfellt 60 kr. hærra.

Hv. þgm. gjörði fyrirspurn um, hvernig á því stæði, að ein jörðin væri seld án afrjettar, sem henni hafði fylgt að fornu og nýju. Jeg get ekki að svo stöddu gjört glögga grein fyrir því. En jeg hygg, að ástæðan hafi verið sú, að ábúandanum hafi ekki þótt sjerlega mikið varið í þennan afrjett, sem umboðsmaður hafði virt á 1,000 kr., en hins vegar mundi hreppurinn telja sjer hagsmuni í að eignast afrjettinn. Mun það hafa ráðið úrslitunum. Annars mun jeg síðar geta skýrt þetta atriði nánar.

Háttv. 2. þgm. Rangv. (E. P.) kom með nokkrar ákúrur til stjórnarinnar, er mjer þóttu næsta kynlegar og smásmuglegar. Það væri undarlegt, ef stjórnin ætti að bera ábyrgð á því, þótt einhver kerling hefði ekki getað fengið læknishjálp. Það hefur verið venja að velja til prófdómara við læknaskólann einhvern góðan lækni, er eigi ætti mjög langt til að sækja; Þórður Thoroddsen varð lengi fyrir því og síðar Ásgeir Blöndal. Nú stóð svo á, að eigi var um annan dugandi prófdómanda að gjöra í námunda við Reykjavík, en Jón H. Sigurðsson, læknir Rangvellinga, er talinn er góður læknir og er háskólakandídat með hárri einkunn. Því var leitað til hans. Hvort hann hefur fengið tilkynninguna fyr eða síðar, skiptir minnstu. Það kemur iðulega fyrir um embættismenn, að þeir eiga að gegna tveim eða fleirum skylduverkum í senn, og verður það þá að vera undir þeirra eigin »conduite« komið, hvort þeir leysa fyrst af kendi. Hafi hans verið vitjað

í tæka tíð og mikið legið við, átti hann auðvitað að fara, því að prófið er ekki svo tímabundið. Sje því nokkrum um að kenna, þá er það lækninum sjálfum, sem jeg skal ekkert um segja. Að slengja ábyrgðinni á herðar stjórnarinnar, nær engri átt. Annars finnst mjer það ærið smámunalegt, að vera að koma fram með slíkt á þingi, sjerstaklega þar sem ekki var lengra að vitja annars læknis, en til Eyrarbakka, og má margur vitja lengra læknis en þangað var frá Kirkjubæ.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Það er að vísu eigi vert, að vera að lengja umræðurnar um tímakennarastyrkinn 1905. En þar sem böndin eru látin berast að mjer sem frsm. fjárlaganefndarinnar þá, að jeg hafi talað fyrir mína hönd, en ekki nefndarinnar, þá verð jeg algjörlega að mótmæla þessu, bæði af því, að enginn af meðnefndarmönnum mínum andæpti því, og svo var þetta ekkert annað en bein afleiðing af nefndarálitinu. Það, sem vakti fyrir nefndinni, var ekki það, að hún áliti það rangt, þótt stjórnin útvegaði skólanum tímakennslu eða aukakennslu fyrir hærra en hinn gamla taxta, 90 aur. fyrir tímann, heldur vildi hún láta landsstjórn og skólastjórn hafa óbundnar hendur, hvað þetta fje snerti, eins og glögglega sjest af orðum mínum, sem upp hafa verið lesin. Stjórnin átti ekki heldur að vera skyldug til þess að binda sig við einn fastan mann með 1,600 kr. í laun. — Þetta vakti fyrir nefndinni, og þótt einstakir menn í nefndinni kunni að hafa haft aðrar hvatir undir niðri, þá ljetu þeir ekkert á því bera, og það kemur nefndinni í heild sinni ekki við.

Þá skal jeg snúa mjer að þjóðjarðasölunni. Jeg vildi beina þeirri spurningu að stjórninni, hvort hún telji sig hafa enn heimild til þess, að selja Möðruvelli í Hörgárdal þeim ábúanda, er verið hefur á jörðinni, en er nú farinn þaðan. Jeg hef verið með í tilbúningi þjóðjarðasölulaganna, og mjer finnst þetta ekki vera samkvæmt tilgangi þeirra eða anda. Mjer finnst, að sýslunefnd Eyfirðinga hafi ekki gætt hagsmuna hins opinbera svo vel sem skyldi, þegar hún gaf það eptir, að þessi jörð væri seld. Ef nokkur jörð væri hentug til þess, að skipta sundur í grasbýli, eða þá til þess, að hafa fyrir skólajörð, þá er það þessi, svo að það hefði átt að halda í hana.

Um verðhækkun á jörðum í Eyjafirði skal jeg ekki fara mörgum orðum, jeg er því máli ekki kunnugur, en eptir skýrslu stjórnarinnar virðist svo, sem margir matsmenn misskilji allmjög, hvað er rjett mat. Þetta hygg jeg að komi ekki af vísvitandi hlutdrægni, heldur af því, að þeir leggja mjög rangan mælikvarða, og það þá venjulega af einhvers konar hugsanasljóleik. Jeg fyrir mitt leyti legg nú ekki mikið upp úr því af landssjóðs hálfu, hvort hann fær nokkur hundruð krónum meira eða minna fyrir jörð, ef mönnum er áhugamál, að jarðirnar komist í eign ábúanda. En hitt skiptir miklu, af öðrum ástæðum, að salan á þeim sje með sem rjettustu verði. Salan má ekki verða til þess, að lækka aðrar jarðir í verði, en við því er hætt, ef gálauslega er að farið. Það er ekki mikill hluti af jörðum landsins eign landssjóðs, en nógu margar eru þær þó til þess, að ef þær eru seldar of lágu verði og með þessum ágætu borgunarkjörum, þá hljóta jarðir einstakra manna að falla í verði í stórum stíl og það er ómetanlegt tjón. Það er stórmein, hve jarðeignir eru í lágu verði hjer á landi. Góð sveitajörð, með nægum húsum, selzt ekki fyrir meira en ljelegur húskofi í kaupstað.

Þetta sýnir, að mælikvarðinn fyrir jarðamatinu er skakkur. Af þessu leiðir, að ofmikið af afrakstri jarðanna gengur til vinnulaunanna — öfugt við það, sem hefur verið í öðrum löndum — en of lítið til þess að byggja þær og bæta. Á þetta rákum vjer oss í landbúnaðarnefndinni, þegar ræða var um umbætur á kjörum leiguliða. Það er ekki hægt að heimta mikið af landsdrottni, þegar jarðir eru virtar og leigðar svo lágt, að afgjaldið af þeim svarar hvergi nærri til þess verðs, er í þeim hlýtur að liggja, þegar þær sjálfar og húsin eru í sæmilegu lagi.

Eggert Pálsson (2. þm. Rangv.): Mjer virtist svo, sem háttv. umboðsmaður ráðh. tæki nokkuð hryssingslega í athugasemd þá, er jeg gjörði, og enda svo, sem þar kenndi nokkurs konar fyrirlitningar á konunni, sem veik hafði orðið, af því að hún hafði verið almúgastjettar. Jeg verð að álíta það, að þótt ekki sje um háttstandandi fólk að ræða, þá sje þó líf þess og heilsa því jafndýrmæt og öðrum aðstandendum og þótt ofar standi í þjóðfjelagsstiganum. En annars var kona sú, sem hjer átti hlut að máli, engin fyrirlitleg kerling, heldur vel metin og heiðarleg hreppstjórakona. Háttv. umboðsmaður ráðh. vildi halda því fram, að hægt hefði verið að vitja læknis á Eyrarbakka. Jeg gat þess, að sá læknir hefði mikið að gjöra, og svo væri það æði langur vegur, til að vitja læknis austan úr Rangárhjeraði. En það má náttúrlega halda áfram að segja, að þetta og þetta sje ekki oflangt, þangað til menn komast að þeirri niðurstöðu, að læknir sje með öllu óþarfur í hjeraðinu.

Annars átti þessi athugasemd mín — eins og jeg sagði — ekki að vera bein aðfinning við stjórnina, heldur aðeins bending um það, að læknar ættu að fá að vita það nógu löngu fyrir fram, þegar þeir eru kallaðir frá sýslu sinni, svo þeir geti tilkynnt það í hjeraði sínu, Í þetta skipti fjekk læknirinn ekki skipunina fyr en rjett áður, en það er skiljanlegt, að hann eins og aðrir, teldi sjer skylt að verða við áskorunum frá yfirboðurum sínum, og hjeldi að prófið mætti ekki dragast. Þess vegna get jeg ekki skellt skuldinni á hann, og það gjörir enginn sanngjarn maður.

Í þetta sinn varð nú að vísu þetta ekki að tjóni. Konunni batnaði fyrir guðs hjálp og máske »skottulæknis«, sem njóta þó ekki neinnar sjerlegrar hylli sumra hinna lærðu lækna, en það hefði eins vel getað snúizt á hinn veginn.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Háttv. þm. S.-Þing., gjörði fyrirspurn um það, hvort stjórnin teldi sig nú hafa heimild til að selja Möðruvelli í Hörgárdal. Þegar beiðni kom um það í vetur, fylgdu henni meðmæli sýslunefndar, allt var í góðu lagi, svo að ekkert var við það að athuga, Þar hafa því eigi verið brotin lög að neinu leyti. Þessum ábúanda var, eins og öðrum, gefinn kostur á því, að kaupa ábýlisjörð sína. Mjer var ókunnugt um það þá, að hann væri fluttur, og mjer er ekki kunnugt um það enn.

Annars get jeg lýst yfir því, sem minni persónulegu skoðun, að eigi nokkur ábúandi skilið, eptir anda þjóðjarðasölulaganna, að fá jörð sína keypta, þá er það þessi maður, því að þótt margir sitji vel jarðir sínar, þá jafnast þó fáir við hann í því, sem jeg þekki.

Fleiri tóku ekki til máls, og var svo málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Forseti (Magnús Stephensen): Í 18. gr. þingskapanna er svo fyrir mælt, að samþykki deildarinnar þarf

til þess, að tekin verði til meðferðar þm. frumv., sem ekki hefur verið útbýtt fyr en liðnar eru 4 vikur frá þingsetningu. Nú er komið fram yfir þann tíma, en dagar þeir, er úr hafa fallið fyrir þinghlje það, er gjört var, verða taldir frá, og vildi jeg nú vekja athyggli háttv. þm. á því, að frá því á morgun þarf að leita samþykkis deildarinnar um slík frv.

Á 26. fundi Nd. föstudaginn 16. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A. n185 og 186, 189, 196, 198, 199, 200, 204, 205, 206. 210, 211, 212, 213, 214, 219, 220, 221, 222, 223, 225, 229, 232, 233, 234, 235, 236, 240, 243, 244, 248, 249, 250, 251, 254, 256, 258, 260, 262, 263, 270, 271).

Allir á fundi nema Hannes Hafstein og Guðl. Guðmundsson, sem voru fjærverandi, og Björn Kristjánsson, sem var veikur.

Forseti kvaðst láta ræða frumv. í köflum þannig:

1. tekjukaflann;
2. 9.—12. gr. útgjaldanna;
3. 13. gr. ——
4. 14. og 15. gr. ——
5. 16. — 21. gr. ——

Var þá tekjubálkurinn tekinn til umr.

Framsögumaður Jón Jónsson: Eins og sjá má á nefndarálitinu og jeg drap á við 1. umr., hefur nefndin ýmsar breytingar við þenna kafla frumv., sem allar miða til að hækka tekjurnar. Mjer finnst ekki vera miklu við að bæta umfram það, sem segir í nefndarálitinu; nefndin hefur byggt á því, að þessir tekjuliðir hafa gefið svo mikið af sjer að undanförnu, að líkur eru til, að áætlun fjárlaganefndarinnar sje nærri lagi og jafnvel ættu tekjurnar að geta orðið meiri. Hæstv. umboðsmaður ráðh. gat þess við 1. umr., að sjer þætti varhugaverð till. nefndarinnar um að hækka útflutningsgjaldið af fiski og lýsi, af sömu ástæðum og færðar eru til í athugasemdunum við fjárlagafrumv., sem sje að þetta sje óviss tekjustofn, og því varasamt að byggja mikið á honum. Þetta kannast nefndin við í áliti sínu, en þegar litið er til þess, hversu sjávarútvegurinn vex, sjerstaklega með mótorbátum og botnvörpuskipum, eru engar líkur til, að þessar tekjur minnki svo, að áætlun nefndarinnar reynist of há. Menn verða að gæta þess, að stjórnin miðar við árin fram að 1905, en nefndin hafði líka árið 1906, og þá var þessi tekjuliður miklu hærri, um 126,000 kr. Annað, sem gjörir það að engu áhorfsmáli, að aðhyllast till. nefndarinnar, er það, að þingið hefur nú samþykkt lög, sem hafa í för með sjer, að tekjurnar hækka að töluverðum mun. Fjárlaganefndin hefur ekki hækkað með tilliti til þessa, en jeg gjöri ráð fyrir að nefndin gjöri það við 3. umr. í samráði við stjórnina. Jeg vona því, að háttv. deild fallist á till. nefndarinnar. Nefndin hefur einnig bætt nýjum lið við 2. gr., tekjur af efnarannsóknarstofunni; er það rjett frá formsins hlið skoðað, en þessar 600 kr. eru auðvitað ágizkun ein; þó eru líkindi til, að það verði ekki minna, eptir kunnugra manna sögu.

Við 4. gr. er breyt.till. frá háttv. þm. S.-Múl. og skal jeg um leið geta þess, ag atkvæðaskrá þessi, sem jeg fjekk eigi fyr en 20 mínútum fyrir fund, og hef því ekki getað athugað vandlega, hefur þann galla, að þess er hvergi getið, hvaðan till. sje komnar. Jeg get þessa mjer til afsökunar, ef mjer skyldi verða það á, að segja rangt til um faðernið.

Háttv. þm. S.-Múl. flytur till. um uppgjöf á láni, sem amtið tók tvívegis til útrýmingar fjárkláða. Þessar ráðstafanir voru framkvæmdar áður en landið tók að sjer, að útrýma fjárkláðanum, og Austur-amtið hefur auðvitað borið allan þann kostnað eins og önnur hjeruð, og auk þess nærri 8,000 kr., sem búið er að borga af þessum lánum. Þessar ráðstafanir eru alveg þær sömu og síðar voru fyrirskipaðar, og er því engin ástæða til að neita þessari málaleitun. Nefndin telur till. sanngjarna og leggur til, að hún verði samþ.

Breyttill. við 6. gr. er orðabreyting frá nefndinni, greinin er betri og laglegri eins og nefndin vill orða hana og vona jeg, að hún verði samþ.

Við 7. gr. eru engar breyt. gjörðar, en hún er ekki nefnd í áliti fjárlaganefndarinnar, einkum fyrir þá sök, að hún þóttist ekki geta talað um efni greinarinnar, fyr en hún sæi, hvernig »status« yrði, þótt greinin væri sannarlega þess verð, þar sem hún er mikilsvert nýmæli. En jeg get í fám orðum sagt, að meiri hluti nefndarinnar álítur þessa 500,000 kr. lántöku á rökum byggða og sjálfsagt, að samþ. hana. Eins og liggur í augum uppi, stafar hún einkum af útgjöldunum næsta fjárhagstímabil til símalagningarinnar. Það er einsætt, að almenningur vill fá símasambandið, ekki aðeins einhverntíma, heldur strax. Við þetta er ekkert að athuga. Það er eðlilegt, að til þessa sje tekið lán og útgjöldunum dreift á nokkuð langan tíma. Aðeins finnst nefndinni 10 ára tímabil vera nokkuð stutt. Auðvitað þykir hverjum góðum búhöld gott, að geta lokið lánum sínum sem fyrst, en þó því aðeins, að það standi ekki í vegi fyrir öðrum nauðsynlegum framkvæmdum. Jeg drep á þetta til íhugunar, og nefndin hefur ekki á móti því, að láninu sje dreift yfir lengri tíma.

Eins og jeg drap á við 1. umr., er öll hækkunin 64,200 kr., en eins og jeg þá einnig gat um, hefur fjárlaganefndin lagt til álíka hækkun á útgjöldum til samgöngubóta. Að því kem jeg síðar, og ætla því ekki að segja meira að þessu sinni.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Jeg gat þess við 1. umr. að mjer þætti þær tekjuhækkanir, sem nefndin fer fram á, varhugaverðar, sjerstaklega hvað útflutningsgjaldið snertir. Þetta er raunar engin ný bóla, heldur er það venja, að fjárlaganefndin reynir að standast útgjöldin, sem hún hefur stungið upp á, með því að hækka tekjuliðina, til þess þannig að standast tekjuhallann. Þessi aðferð hefur jafnan mætt mótmælum frá hendi stjórnarinnar, sem hefur talið hana óhyggilega og hættulega. Stundum hefur fjárlaganefndin teygt svo úr tekjunum, sem frekast var unnt. Jeg skal nú ekki um það segja, hvort fjárlaganefndin hefur farið svo langt í þetta skipti. Margt af því, sem hún fer fram á, má til sanns vegar færa; svo er um vitagjald af skipum og toll af kaffi og sykri. Aptur er vafasamt, hvort tiltækilegt er að hækka pósttekjurnar, eins og lagt er til. En einkum er jeg í vafa um útflutningsgjaldið, eins og jeg benti á við 1. umr. Háttv. framsm. skírskotaði til þess, að sjávarútveginum hefði farið svo mikið fram. Vanalega er með sjávarútvegi átt við þorskveiðar, en gjaldið af þeim hossar ekki hátt í landssjóðnum; megnið af útflutningsgjaldinu stafar af tolli af síld og hvalafurðum. Útflutningsgjaldið var 1905 alls um 129,000 kr., þar af af síld 21,000 kr., af hval og hvalafurðum um 76,000. Af fiskiveiðum liðugar 32,000 kr. Árið 1906 var allt útflutningsgjaldið um

127,000 kr., þar af af síld 43,000 kr. og af hvalafurðum um 54,000 kr., af öðrum fiskiveiðum um 30,000 kr., eða líkt og árið áður. Líklega vex þó þetta gjald (af eiginlegum fiskiveiðum) eitthvað, með auknum báta, og skipaflota, en fram úr 40,000 kr. fer það tæplega. Hitt er því alveg vafasamt um; sennilega verður talsvert gjald af síld, en aptur á móti er meira en vafasamt, hvort það verður nokkuð af hvalafurðum, því að hvalaveiðar fara síminnkandi; því nú er búið í bráð að útrýma hvölum við Ísland.

Jeg álít það því mjög ísjárvert, ef fjárlaganefndin fer að hækka mikið tekjuáætlun stjórnarinnar; því það er auðvitað, að stjórnin setur tekjuliðina eins hátt og hún sjer sjer fært. Og þegar verið var að undirbúa fjárlagafrumv., þá þótti það umtalsmál, hvort óhætt væri að setja útflutningsgjaldið 75,000 kr., eins og gjört var. Það er varúðarvert að spenna upp tekjuáætlunina meir en góðu hófi gegnir. Hyggginn búmaður gjörir ekki of mikið úr tekjum sínum, en tekur með þökkum, ef afgangur verður.

Þetta voru þá aðalbreytingarnar við þessa grein. Jeg skal þá leyfa mjer að minnast á þær athugasemdir, sem fjárlaganefndin hefur gjört við 4. og 5. gr. Jeg skil vel athugasemdina við 4. gr., því hún er skýrt orðuð; þar er lagt til, að nú sje eptirgjöfin á 200 kr. til prestsins í Kirkjubæjarprestakalli veitt í síðasta sinni. En athugasemd fjárlaganefndarinnar við 5. gr. gengur mjer ver að skilja; mjer finnst hún líkust goðasvari, sem ekkert segir. Það er eigi hægt að sjá, hvort meiningin er að afnema styrkinn til Staðarstaðaprestakalls eða ekki. Það er auðvitað, að stjórnin fer ekki að taka upp þessa fjárveitingu, ef enginn verður árangur, en ef hún álítur góðan árangur, þá er henni heimilt að taka hana upp; að mjer skilst; ætlast fjárlaganefndin þá til, að skilningur stjórnarinnar ráði? Um þetta vildi jeg fá að heyra skýrt svar frá háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar.

Um allar þær breyt.till., sem liggja fyrir frá ýmsum háttv. þm. við frv. finn jeg ekki ástæðu til að tala frá stjórnarinnar hálfu. Um þá einu breyting við þennan kafla, sem fram er komin frá þm., skal jeg þó geta þess, að jeg álít, að hún sje á fullri sanngirni byggð, og er henni því heldur meðmæltur.

Ólafur Thorlacius (1. þm. S.-Múl.): Eins og háttv. framsm. tók fram, á jeg breyt.till. á þingskj. 235, þar sem farið er fram á, að Austuramtinu sje veitt uppgjöf á eptirstöðvum af 10,000 kr. láni, sem tekið var til þess að útrýma fjárkláðanum. Þetta lán var einmitt byrjunin til þess, að gjörðar voru ráðstafanir um allt Austurland — og auk þess víða um land — til þess að útrýma fjárkláðanum; og var þá hafin hin mikla barátta móti fjárkláðanum, sem leiddi til þess, að Myklestad var fenginn, og þingið 1903 tók málið að sjer. Háttv. framsm. og umboðsmaður ráðh. hafa haft hlý orð um uppgjöf þessa, svo jeg sje ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum. Þetta er líka mjög sanngjörn krafa, þar sem landssjóður hefur tekið að sjer kostnaðinn við útrýmingu fjárkláðans.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk). Háttv. umboðsmanni ráðherrans fórust þannig orð, að fjárlaganefndin hefði lagt kapp á að hækka tekjuáætlunina, til þess að fjárlögin skyldu líta betur út. Jeg skal ekki um segja, hvernig fjárlaganefndir á þingi undanfarið hafa hagað sjer í þessu, en hitt get jeg sagt, að þessi fjárlaganefnd

hefur ekkert tillit tekið til þess og ekki hefur vakað fyrir neinum úr nefndinni að teygja tekjurnar upp meira en sanngjarnt var, enda hefði þá verið ástæða til að setja áætlunina víða miklu hærri. Það er annars undarlegt að heyra þau orð frá stjórninni, að undanfarin þing hafi spennt tekjuáætlunina upp, þar sem engum ætti að vera kunnugra en stjórninni, að tekjurnar hafa árlega farið langt fram yfir áætlun, og að það er einmitt því að þakka og engu öðru, að fjárhagur landssjóðsins er nokkurn veginn þolanlegur enn þá.

Þá minntist umboðsm. ráðherrans á útflutningsgjaldið og gjörði hann ráð fyrir, að ef til vill mætti hækka áætlunina af þorskveiðum landsmanna um 10,000 kr. árlega. Ef svo yrði, þá skilst mjer, að það mundi vera 60,000 kr. síðara árið. Landsmenn stunda mikið þorskfiski og eykst það ár frá ári, eins og bezt sjest af því, að árlega eru lögð hundruð þúsunda í ný skip. Það er því víst, að þar sem uppástunga fjárlaganefndarinnar ekki er hærri en þetta, þá muni þessar 80,000 ekki reynast of hátt, og það þó að hvalaveiðamenn fari með allt sitt hjeðan, sem þeir vel mega og er víst enginn skaði.

Þá var hæstv. umboðsm. ráðherrans ekki ánægður með athugasemdina um Staðarstaðaprestakall. En mjer finnst mjög auðskilið, hvað nefndin meinar, þar sem verið er að leiða athygli stjórnarinnar að því, að hafa vakandi auga á því, hvort fjárveiting þessi komi að nokkru gagni. Það er því alls ekki meining nefndarinnar að ákveða neitt um, hvort þetta skuli halda áfram eða ekki, það á stjórnin að gjöra. Það er í svo mörgum tilfellum, að þingið verður að vekja athygli stjórnarinnar á því, hvort eitt eða annað sje heppilegt eða ekki, og hagar þá stjórnin framkvæmdum sínum eptir því.

ATKVGR.:

2. gr.:

1. 4. tl. brtil. nfd. samþ. m, 19 atkv.
2. 6. — — — — — 19 —
3. 8. — — — — — 16 —
4. 11. — — — — — 18 —
5. 14. — — — — — 16 —
6. (eptir 17. tl. komi nýr tl. 18) samþ. með 19 atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

3. gr. samþ. í e. hlj.

4. gr.:

Viðaukatill á þgskj. 235 samþ. með 19 atkv.

4. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

5. gr. samþ. í e. hlj.

6. gr. samþ. í e. hlj.

7. gr. samþ. með 20. atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Síðan voru teknar til umræðu 9—12 gr. frumv.

Framsögumaður Jón Jónsson (þingm. Sfjk.). Það er að vísu rjett, að á atkvæðaskránni eru aðgreindar þær breyt.till., sem eru frá nefndinni, og þær, sem eru frá öðrum þingm. En það sjest ekki, frá hvaða þingm. hver um sig er og maður getur átt á hættu að fara vilt í því. Annars kom atkvæðaskráin of seint til þess, að mögulegt væri að átta sig verulega á henni.

Jeg skal leyfa mjer, áður en jeg fer út í einstakar breyt.till. við þennan kafla, að geta þess, að jeg hef reynt að tína saman, hvaða áhrif það hefði á »status«, ef allar framkomnar breyt.-till. yrðu teknar til greina. Allar þær breytingar, sem miða að því að minnka útgjöldin, eru tl samans, sagt og skrifað, um 4,500 kr. Aptur á móti er hækkun á útgjöldunum, sem farið er

fram á af einstökum þingmönnum, fyrir utan fjárlaganefnd, rjett að segja 1/4 miljón, meira en 246,000 kr. Þetta er þess vert, að hver einasti þingm. athugi það vel og vandlega, áður en greitt er atkvæði um nokkurn lið. Mjer dylst ekki, að ef þessar tillögur verða samþykktar allar, þá er fjárhag landsins stýrt í voða og á því á hver einstakur þingdm. að bera ábyrgð.

Þetta er því eftirtektarverðara, sem það fje, sem nú er ætlað til útgjalda í frumvarpinu, er miklu hærra, en það hefur nokkurn tíma áður verið. Stjórnin hefur gjört ráð fyrir miklu meira fje til verklegra framkvæmda, en nokkru sinni áður, og þó finnst hv. þingdm. það svo mikils til of lítið, að þeir finna ástæðu til að bæta við það fast að 1/4 miljón króna.

Það er eptirtektarvert, er maður ber saman undanfarin 10 ára tímabil, hversu mjög útgjöld landssjóðs hafa hækkað. Árið 1877 voru þau um 600,000 kr. á fjárhagstímabilinu, árið 1887 um 850,000, árið 1897 1 milj. 466,000, en nú eru þau eptir áætlun stjórnarfrv. 2 milj. 689,000 kr., og ef brtill. þær, er fyrir liggja, næðu fram að ganga, yrðu þær um 3 miljónir. Með öðrum orðum: útgjöldin hafa fimmfaldast á síðastliðnum 30 árum. Að vísu ber þetta vott um vaknandi kröfur hjá þjóðinni og aukinn framkvæmdarhug. En svo er um þetta sem annað, að kapp er bezt með forsjá. Að veita fje til framkvæmda, sem fyrirsjáanlegt er að stjórnin getur ekki komið í verk á næsta fjárhagstímabili, nær engri átt. Jeg á sjerstaklega við fjárveitingar til vegagjörða fram yfir það, er stjórnin leggur til. Þó að nógur væri fjáraflinn, þá vantar eitt til þess að þær komizt í verk: það vantar menn til vinnunnar.

Jeg skal þá stuttlega minnast á breytingaratriði við þennan kafla.

Það er þá fyrst brtill. við 9. gr. 4, (þgskj. 249), frá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) um að lækka fjárveitinguna til aðstoðar og skrifstofukostnaðar í stjórnarráðinu um 1000 kr. Sjálfsagt mun enginn hafa á móti því, að fje það gæti sparazt, og vona jeg, að hinn háttv. flutnm. brtill. færi ástæður fyrir henni.

Um 7. tl. sömu gr. hefur nefndin stungið upp á að hann orðist svo: »Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu«, og sést á athugasemdum hennar, að þessi fjárveiting er ekki einungis ætluð til viðhalds, heldur einnig til umbóta.

Við 10. gr. er engin brtill., og við 11. gr. að eins ein orðabreyting við 3 a, að í stað »umsjónarmannsins« við hegningarhúsið í Reykjavík komi »fangavarðarins«. Í næsta stfl. er hann nefndur fangavörður í frumv., og þótti nefndinni rjettara að hafa sama nafnið á hvorumtveggja staðnum.

Öðru máli er að gegna um 12. gr.; þar eru komnar fram ekki einungis brtill., heldur brtill. við brtill., svo að torvelt er að átta sig.

Fyrst og fremst er brtill. frá meiri hluta nefndarinnar um, að aths. við 3. stafl. falli burtu, sem sje orðin: »Stjórnarráðið skipar aðstoðarlækna þessa«. Um hana skal jeg ekki fjölyrða, því að jeg gjöri ráð fyrir, að það komi í sama stað niður, sakir þess að samskonar tillaga var felld hjer á dögunum, og auðvitað verður þetta á endanum eins og læknalöggjöfin mælir fyrir.

Þar næst kemur viðaukatill. á þgskj. 210, frá háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ó.), er fer fram á 1,000 kr. fjárveitingu hvort árið, til launa handa aðstoðarlækni, er sje búsettur á Flateyri. Jeg hef ekki heyrt ástæður hins háttv. þm., og getur nefndin ekki að svo stöddu fallizt á till. hans, enda fjell sams konar mál hjer í deildinni fyrir skemmstu.

Við 12. gr. 9. h. eru tvær viðauka-till. á þgskj. 199 um fjárveitingu til þess að byggja sjúkraskýli á föstum læknissetrum og um styrk til hjeraðslækna til utanferða í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar. Þessar tillögur hafði fjárlaganefndin til athugunar, og hefur hún komið fram með brtill. við þær, er sýna að hún vill styðja þær, enda þótt hún dragi nokkuð úr fjárveitingunni og vilji haga henni nokkuð á annan hátt. Fyrri brtill. á þgskj. 199 fer fram á 10,000 kr. upphæð og setur jafnframt þær reglur, að styrkveitingin til hvers einstaks sjúkraskýlis nemi eigi meiru en 2 kr. á hvern hreppsbúa, og fari aldrei fram úr þriðjungi byggingarkostnaðar.

Þetta hvorttveggja þótti nefndinni of mikið, bæði það að styrkurinn næmi 10,000 kr. á ári, og að áætla 2 kr. á hvern mann í læknishjeraðinu; þess vegna setti hún þau takmörk, að fjárveiting til hvers sjúkraskýlis fari aldrei fram úr 2,000 kr., og þótti þá nóg að áætla 4,000 kr. á ári.

Nú hefur háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) komið fram með aðra brtill. við brtill. á þgskj. 199 þess efnis að sem hámark verði sett 1,000 kr. fyrir hverja 1,000 íbúa, og að áætlaðar sjeu á ári 6,000 kr. Þetta er miðlunartill., er nefndin hefur líklega ekkert á móti að ganga inn á. En jeg get að sinni ekki talað í nafni nefndarinnar um það atriði, sakir þess, að hún hefur ekki átt kost á að ræða með sjer breyttill.

Að því, er snertir síðari brtill. á þskj. 199, var nefndin því meðmælt, að áætla einhverja upphæð til þess að styrkja einstöku lækna til utanfara, sem áhugasamir eru um starf sitt og þekkingu, en þó ekki hærri en svo, að hlutaðeigendur bæru sjálfir kostnaðinn að verulegu leyti. Þess vegna gjörir hún það að till. sinni, að miða styrkveitingnna við 120 kr. mánaðarlega í 5 mánuði, þannig að hverjum lækni yrði aldrei veitt meira en 600 kr., og færir í hlutfalli við það fjárhæðina úr 1,600 kr. niður í 1,200 kr. Aptur á móti sje jeg, að háttv. þm. N.-Múl. (E. Þ.) hefur lagt það til, að fjárveiting þessi megi eigi fara fram úr 800 kr. handa hverjum einstökum lækni. En jeg get ímyndað mjer, að hann muni vilja taka þá till. aptur og fallast á till. nefndarinnar.

Til allrar lukku eru ekki fleiri brt. við þessa gr. fjárl., og skal jeg ekki fjölyrða meir um þær að sinni, fyr en flutnm. þeirra hafa látið til sín heyra.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.). Mjer heyrðist háttv. framsm. (J. J.) taka það fram, að tiltögur þingm. um lækkun á útgjöldum landssjóðs næmu að eins 4,000 kr., en hækkanirnar aptur á móti nærfelt fjórðungi miljónar. Lofið, er í þessum ummælum felst, tek jeg þá til mín. Það á vafalaust við tillögur mínar um niðurfærslu á skrifstofufje stjórnarráðsins og á launum og ritfje póstmeistara. En lastið hirði þeir, sem eiga. Jeg er víst sá eini, sem komið hefur fram með tillögur um lækkun á ýmsu.

Sú upphæð, sem jeg legg til að klipin sje af 9. gr. 5. lið, skrifstofufje stjórnarráðsins, nemur að vísu að eins 1000 kr. hvort árið, en þar sem fjarþörfin til ýmsra þarfra fyrirtækja er svo mikil, að taka verður $^1/_2$ miljónar kr. lán, auk endurnýjunar tollaukans, sýnist full þörf vera á því, að gæta líka smámunanna. Stjórnarráðið fer fram á. að skrifstofufjeð sje hækkað úr 14,500 kr. upp í 16,000 kr. En jeg tel, að 15,000 megi nægja. Þess er getið í athugasemdunum við frumv., að sú upphæð, sem veitt var með lögum 3. okt. 1903, hafi eigi reynzt

nægileg, og hafi skrifstofukostnaðurinn árið 1905 numið 15,008 kr. og árið 1906 farið nokkuð fram yfir áætlunina, en eptir orðalaginu líklega að eins lítið eitt. Það er ekki undarlegt, þótt skrifstofufjeð hafi ekki hrokkið, þar sem bætt var á 3. skrifstofu — utan áætlunar þingsins — manni með 2,500 kr. launum. Að vísu fara störfin í stjórnarráðinu eins og annarsstaðar allt af vaxandi. En allt um það, virðist mjer 15,000 kr. hvort árið mætti næja, enda er ekki langt að bíða næsta þings og má þá fara fram á meira, ef þörf er á. Þess ber líka að gæta, að mörgum og eflaust góðum mönnum er á að skipa til starfa í stjórnarráðinu, 8 útlærðum lögfræðingum, 1 þjóðmegunarfræðingi og 3 skrifurum, enda má búast við, að frátafirnar muni verða minni á komandi fjárhagstímabili, en orðið hafa á þessu.

Guðmundur Björnsson (2. þingm Rvk.). Jeg hef leyft mjer að gjöra tvær breyt.till. við 12. gr. fjárlaganna, að því er til læknaskipunarinnar kemur.

Það er kunnugt, að til undanfarinna þinga hefur borizt hver beiðnin á fætur annari um styrkveitingar til sjúkraskýla, og það hefur verið viðurkennt, að nauðsyn beri til, að sjúkraskýli væru á öllum föstum læknasetrum á landinu. En styrkveitingarnar hafa verið allmjög af handahófi, og ekki nægilegt tillit tekið til, hvernig þörfum er háttað í hverju hjeraði fyrir sig, nje til þess, að sjúkraskýlin væru sem haganlegast gjörð.

Nú hafa þessu þingi borizt beiðnir um fjárveitingar til 4 sjúkraskýla, en fjárlaganefndin hefur leitt þær alveg hjá sjer af þeirri ástæðu, að hún vildi ekki veita fje út í bláinn.

Þess vegna hef jeg leyft mjer að koma fram með breyt.till. í því skyni, að koma fastri reglu á þess háttar styrkveitingar.

Virðist mjer sú regla eðlilegust, að miða stærð styrkveitinga við íbúatölu hjeraðanna. Eptir reynslu annara þjóða má álíta, að í hverju hjeraði nægi 3 sjúkrarúm á hverja 1,000 íbúa. Það hefur viljað brenna við hingað til í þeim hjeruðum, er komið hafa upp hjá sjer sjúkraskýlum, að menn hafa ekki haft hugmynd um, hve stór þau þyrftu að vera. Sumstaðar eru þau því mikils til of stór og hafa þar af leiðandi staðið hálftóm. Kostnaðurinn verður auðvitað dálítið mismunandi eptir því, hvar á að byggja húsið. En yfirleitt mun mega gjöra ráð fyrir 1,500—2,000 kr. á hvert sjúkrarúm, þannig, að ef ætlað er rúm 4 sjúklingum, þurfi húsið ekki að kosta meira en 5—6 þús. kr. Vitanlega er þó rjettast, að hafa húsin heldur við vöxt, ef hjeraðið sjer sjer það fært. sakir þess, að gjöra má ráð fyrir, að fólksfjöldi aukist.

Jeg hef athugað, hversu miklu kostnaðurinn mundi nema, ef gjört væri ráð fyrir, að sjúkrahús yrði reist í öllum þeim hjeruðum landsins, er þau vantar. Nú eru þau til í 9 hjeruðum, og hafa þau samtals um 28,000 íbúa. Í hinum, er engin sjúkraskýli hafa, eru þá um 58,000 íbúar. Ef fylgt væri þeirri reglu, sem jeg hef lagt til í breyt,till. minni, að miða stærð sjúkraskýlanna við íbúafjöldann og aldrei væri veitt til þeirra meira fje, en svari 2 kr. á mann, þá yrði kostnaðurinn samtals 100,000 kr. En þessi kostnaður mundi jafnast niður á langan tíma; það mundu líða 10—20 ár, áður en öll sjúkraskýlin væru komin upp. Það er þess vegna ekki neitt agalegt að samþykkja breyt.till. mína. Jeg verð að halda því fast

fram, að bezta reglan sje, að miða styrkveitinguna við stærð hjeraðanna og binda hana því skilyrði, að teikningarnar sjeu samþykktar af stjórnarráðinu, svo að vissa sje fyrir, að ekki verði byggð óhentug hús.

Jeg get því ekki fellt mig við breyt.-till. fjárlaganefndarinnar um þetta efni, að fjárveiting til hvers sjúkraskýlis nemi í mesta lagi 2,000 kr. Hún mun þó ætlast til, að styrknum sje úthlutað í hlutfalli við fólksfjölda. Í stærstu hjeruðunum, er hafa um 4,000 íbúa, kæmu þá 50 au. á mann. En minnstu hjeruðin, 10 samtals, er hafa aðeins eitt þúsund íbúa eða þaðan af færri, fengju aðeins 500 kr. hvert um sig eða þaðan af minna. Allir sjá, að sá styrkur er harla lítils virði.

Þá felli jeg mig betur við till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á þskj. 261, er fer fram á að minnka tillagið til hvers sjúkraskýlis, þannig að það fari ekki fram úr 1,000 kr. á hverja 1,000 íbúa. Eptir henni geta stærstu hjeruðin fengið meira, en eptir till. nefndarinnar, og minni hjeruðin líka. Útgjöldin yrðu að vísu meiri, en mundu þó ekki fara fram úr 50,000 kr. allt í allt. Jeg vona, að háttv. deild sjái, að þetta er ekki þung byrði fyrir landssjóð, þó varið sje þeirri upphæð á 10—20 árum, til þess að koma sjúkraskýlum á fót. Ef mín till. nær ekki fram að ganga, þá legg jeg til, að till. á þskj. 261 verði fremur samþ., en till. nefndarinnar, enda heyrðist mjer háttv. framsm. vilja ganga að því.

Þá skal jeg víkja að síðari breyttill. minni á þgskj. 199, um styrk til utanfarar handa hjeraðslæknum. Mjer er kunnugt um, að það er fátt, sem alþýða manna sækist eins eptir og góðum lækni. Rækilega var um það talað fyrir nokkru, hver ráð væru til að fá nóga lækna í hjeruðin, en minna um hitt, hvað gjöra mætti til að þeir væru sem nýtastir. Til þess útheimtist góð undirbúningsmenntun, og kostgæfilegt viðhald þeirrar menntunar. Nú á tímum tekur læknisfræðin stórkostlegum breytingum ár frá ári, og er útlit fyrir, að hún gjöri það framvegis. En það þýðir, að hver sá læknir, er góður vill vera, verður að gjöra sjer far um að fylgjast með. Þetta er auðvitað erfitt fyrir menn uppi í sveit. Það er nauðsynlegt fyrir þá, til þess að þeir trjeni ekki, að geta komizt við og við út úr dagstritinu, brugðið sjer út í heiminn, til þess að sjá, hvað gjörzt hefur og breyzt hefur síðan á námsárum þeirra. Þetta liggur í augum uppi, enda hefur alþýða fundið það, að þá sjaldan einhver læknir hefur brugðið sjer utan, hefur hann komið aptur sem nýr og gagnlegri maður: hann hefur fengið hvíld frá starfi sínu og aflað sjer nýrra krapta og nýrrar þekkingar. Jeg veit líka, að margir læknar finna mjög til þess, kvað þá skortir til þess, að geta staðið vel í stöðu sinni.

Jeg vona því, að þessi breyttill. mín fái góðar undirtektir, og jeg er þakklátur nefndinni fyrir, að hún vill styðja þetta mál, enda þótt hún dragi úr fjárveitingunni. En það er efasamt, að fjárveitingin megi koma að tilætluðum notum, ef úr henni er dregið. Þess verður að gæta, að læknirinn þarf að fá mann í sinn stað meðan á brottveru hans stendur, og til þess fer mikill hluti af tekjum hans, allar aukatekjur og launin hálf. En það þýðir, að enda þótt læknirinn fái þennan fararstyrk, sem jeg hefi lagt til, verður förin samt sem áður til stórútgjalda fyrir hann. Það er því hætt við, ef styrkurinn er skorinn mjög við nögl, að læknar sjái sjer ekki fært að nota hann. Heldur vildi jeg kjósa, að

einum lækni væri veittur sæmilegur ferðastyrkur, en tveimur ljelegur. Væri því æskilegt, að þingið ljeti sig ekki muna þessar 400 kr., er nefndin vill spara.

Á þgskj. 220 er viðaukatill. frá háttv. þm. N.-Múl., þess efnis, að hverjum lækni skuli ekki veittar meira en 800 kr., eða með öðrum orðum, að þeim 1,600 kr., sem jeg hef farið fram á, skuli skipt milli tveggja. Þetta ákvæði tel jeg óþarft, því að treysta má stjórninni til að miðla styrknum á haganlegan hátt.

Jeg vil vekja athygli á því, að í 12. gr. eru liðir, sem ómögulega mega standa, eins og þeir eru nú. Nauðsynlegt, að þeir verði lagaðir við 3. umr. Jeg á við styrkinn til sjúkrahúsa, hann er látinn standa óbreyttur í fjárlögunum, og sje jeg þar, að sjúkrahúsunum á Ísafirði og Akureyri er ætlaður sami styrkur, enda þótt kunnugt sje, að síðastliðið ár voru ekki fullir 50 sjúklingar á sjúkrahúsinu á Ísafirði, en 150 á Akureyri, Gagnið, sem þau gjöra, er því afar mismunandi. Þau, sem koma að mestu gagni, eiga að fá mestan styrk. Ennfremur eru komin fleiri sjúkrahús nú, og tekin til notkunar, en þau fá engan styrk. Jeg á hjer við sjúkrahúsin á Brekku og Sauðárkrók. Jeg hef tekið þetta fram til þess, að háttv. fjárlaganefnd athugi það og færi í lag við 3. umr.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Jeg er alveg samdóma háttv. framsm. í þeirri almennu athugasemd hans, að margar breyt.till. stefni að því, að stýra landinu í voða, og er vonandi, að þær gangi ekki fram. Sjerstaklega þykir mjer varhugavert, að samþykkja hina miklu aukning á vegafjenu.

Háttv. þgm. Snæf. (L. H. B.) hefur gjört breyt.till. um að fella 1,000 kr. viðbót við skrifstofufje stjórnarráðsins. Hann gat þess, að fje það, sem því hefði verið veitt hingað til, mundi nægja. Auðvitað er það engin sönnun, að eins ágizkun ein. Skrifstofukostnaðurinn var:

1904	kr.	14,788.12
1905	—	15,008,03
1906	—	14,786.24

Upphæðin fyrir 1906 er ekki tilfærð í athugasemdunum við frumv., og var svo að heyra á háttv. þgm., að hann hjeldi, að það væri gjört af einhverri lævísi, að stjórninni þætti hyggilegast, að þegja um hana, en upphæðin var ekki tilfærð eingöngu af þeirri einföldu ástæðu, að óvíst var, hve há hún yrði, því að reikningarnir voru ekki tilbúnir, þegar frumv. var samið. Ástæðan fyrir því, að skrifstofukostnaðurinn er hæstur 1905. er sú, að borga þurfti fyrir ýms störf, sem unnin voru utan skrifstofunnar vegna þingsins, eins og nú í ár, og sjálfsagt einnig framvegis, þegar þing er. En að stjórnin fer fram á þessa aukning á skrifstofufjenu, stafar af því, eins og tekið er fram í athugas. við frumv., að óhjákvæmilegt er, að bæta við manni á 2. skrifstofu, og sanngirni mælir með, að hækka laun aðstoðarmanna. Með 15,000 kr. er ekki hægt að bæta manni við, nje hækka launin. Hvort þetta er nauðsynlegt, þykist jeg vera bærari til að dæma um en háttv. þgm. Snæf. (L.H. B.). 1. og 3. skrifstofa geta komizt af sem stendur, að minnsta kosti, en það er svo langt frá því með 2. skrifstofu, að hún er nú á eptir tímanum að því leyti, að þar liggja fyrir nokkur mál, sem helzt hefðu átt að vera afgreidd fyr. Nokkuð stafar þetta raunar af því, að hún hefur verið í mannhraki síðan í vetur, en þótt þar væri fastur fullgildur maður, hrykki það ekki til,

að minnsta kosti með köflum, við og við. Þessi skrifstofa hefur á hendi stór og umfangsmikil störf, meðal annars öll atvinnu- og samgöngumál landsins, störf, sem fara vaxandi með ári hverju. En úr því nú, eins og sýnt hefur verið fram á, er brýn þörf á að bæta manni við, þá verður að veita það fje, sem til þess þarf. Það getur ekki komið til mála, að neita æðstu stjórn landsins um nauðsynlega starfskrapta. H. þgm. var að hrósa sjer af því, að allar sparnaðarhugmyndir kæmu frá sjer. Mig furðar ekki á þessu, þegar jeg sje, að hann þarf að auka 1,000 kr. við kvennaskólann í Reykjavík. Hvort þingið sparar við það, er annað mál. Háttv. þgm. þarf líka einhversstaðar að fá fje til þess að fá tvöfaldan þráð til Stykkishólms. Öðrum þykir það gott og nægilegt, að fá eina línu heim til sín, er háttv. þgm. Snæf. (L. H. B.) nægir ekki minna en tvær, önnur að norðan og hin að sunnan. Ekki sparar það landssjóði fje, ef hann fær báðar óskir sínar uppfylltar.

Þá er breyt.till. háttv. nefndar um, að 9. gr. 7. tl. orðist öðru vísi: til »umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu«, rjett.

Þá hefur háttv, fjárlaganefnd lagt það til við 12. gr., að ákvæðið um, að stjórnarráðið skipi aðstoðarlækna falli burt. Þetta fer auðvitað eptir því, hvernig læknamálið fer. En jeg álít rjett, að stjórnarráðið skipi þá. Ef læknarnir sjálfir eiga að gjöra það, getur opt verið freisting fyrir þá að taka venzlamenn sína, þótt þeir sjeu ekki til þess hæfir. Tryggilegast er, að þeir sje útnefndir af óháðu valdi, og þá er það stjórnarráðið.

Við 12. gr. eru enn fremur ýmsar aðrar breytingar, þar á meðal ein um aðstoðarlækni í Flateyri. Mjer þykir undarlegt,, að till. um nýja aðstoðarlækna skuli koma fram á því þingi, sem hefur læknaskipunarmálið til gagngjörðrar meðferðar, og í því er sannarlega sjeð nægilega fyrir læknishjálp. Jeg get ekki trúað, að þetta sje alvara, og verð fyrir mitt leyti að mæla á móti till.

Hvað sjúkrahúsin snertir, þá er h. 2. þgm. Rvk. (G. B.) auðvitað mjög kunnugur því máli, og jeg treysti honum til þess að fara þar hóflega í sakirnar og með allri sanngirni, en jeg get ekki neitað, að mjer þykir ísjárvert að fjölga þeim, þar sem nú eru allmörg fyrir, er virðast nægja fyrst um sinn. Gagnið, sem þau gjöra, er undir læknunum komið. Þótt á einhverjum stað sje góður læknir, getur hann dáið eða flutzt í annað hjerað, og óvíst, að góður læknir komi í hans stað, en þá kemur sjúkrahús á þeim stað að harla litlu haldi. Þess ber vel að gæta, að fjárhagur landsins leyfir ekki, að reist sje fleiri sjúkrahús, en brýn þörf er á, og svo hins, að hjer hagar svo til, að þau eru ekki heppileg allstaðar. Þess vegna er jeg samþykkur því, að takmarka styrkinn til sjúkrahúsa og utanferða lækna, og verð yfir höfuð að vera á móti öllum auknum útgjöldum, sem ekki geta talizt alveg nauðsynleg.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg vildi segja nokkur orð út af breyt.till. minni á þingskj. 210. Háttv. umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) fann till. margt til foráttu. En jeg verð að álíta, að stjórninni beri ekki að skipta sjer af þessu, ef fjárveitingarvaldið veitir fjeð. Háttv. framsm. sagði, að samskonar mál hefði verið fellt áður. Þetta er ekki rjett, það hefur verið fellt sjerstakt læknishjerað, en landlæknir sagði þó, að svo framarlega sem rjett væri að fjölga læknum, þá væri þess mest nauðsyn á Flateyri. Jeg hef fengið

umsögn hjeraðslæknisins á Þingeyri um, að störfin sje svo umfangsmikil, að hann leggur ekki einasta til, að hjeraðinu sje skipt, heldur einnig að Þingeyrarhjeraðsje minnkað að vestanverðu, og leggur til, að því, sem tekið verður frá Þingeyrarhjeraði, verði bætt við Bíldudalshjerað. Þetta bendir ekki á, að það sje rjett, sem tekið hefur verið fram hjer, að þessi hjeruð yrðu svo lítil, að enginn læknir fengist í þau. Jeg tók það rækilega fram í læknamálinu, hve miklir erfiðleikarnir væri í þessu hjeraði, en jeg skýrði ekki frá, hve miklar aukatekjur læknisins eru og hve mikil ferðalög, af því að mjer var þá ekki kunnugt um það. Eptir því sem læknirinn segir sjálfur frá, fór hann 41 ferð að meðaltali 1905 og 1906, flestar til Flateyrar og Súgandafjarðar. Skaðvænn sjúkdómur hefur legið í landi á Flateyri, þar sem einna mest mun hafa borið á berklaveiki þar. Mjer er þetta kunnugt, því að jeg hef tekið í hús mitt berklaveikissjúklinga þaðan, og veit af fleirum. Læknirinn getur þess, að aukatekjur sínar hafi verið 1,600 kr. á ári, og þegar embættislaun, 1,500 kr. bætast þar við, er það ekki svo ólífvænlegt, þótt hjeraðinu væri skipt. Aðalatriðið í þessu máli er, að hjeraðsbúar sjálfir eru áfram um skiptinguna, og mjer er kunnugt, að þeir eru fúsir til að leggja ekki svo lítið fje til aukalæknis, sem einhver laun fengi úr landssjóði, t. d. 1,000 kr. Auðvitað er ekki um nein eptirlaun að ræða. Fyrir 10 árum vissi jeg til, að samtök væru með hreppunum, um að leggja fram fje til aukalæknis á Flateyri. Eptir þeim áhuga að dæma, má búast við, að þeir vilji gjöra það enn, þótt mjer sje ekki kunnugt um, hvað mikið fje þeir vilja leggja af mörkum. Skyldi nú svo fara, að enginn aukalæknir fengist í hjeraðið, þá er engu fje tapað úr landssjóði; styrkurinn verður þá ekki greiddur. Þess vegna sje jeg enga ástæðu til að samþykkja ekki tillöguna. Ætla jeg svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en jeg vona, að háttv. deild líti á nauðsyn þá, sem hjer liggur fyrir og áhuga hjeraðsbúa á að bæta úr henni, og síðast en ekki sízt, á álit læknisins í Þingeyrarhjeraði, sem er allra manna kunnugastur þessu máli.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. umboðsmaður ráðh. byrjaði ræðu sína á því að taka það fram, að hann væri kunnugri málinu en jeg, og má vera að það sje rjett. En þar sem hann hjelt því fram, að jeg hefði verið að bregða stjórnarráðinu um lævísi, þá vona jeg, að enginn þm. sje svo viðkvæmur, eða öllu heldur svo skilningsslæmur, að hann hafi skilið mig svo, og vonandi er ekki vond samvizka orsökin til annars eins misskilnings hjá háttv. umboðsmanni. Skýrsla hæstv. umboðsmanns um skrifstofukostnaðinn fyrirfarandi sannar einmitt mína skoðun, að hægt sje að komast af með 15,000 kr. Kostnaðurinn var ekki nema 14,786 kr. 1906 og hann hefur þannig aldrei, svo teljandi sje, farið fram úr hinni lögákveðnu upphæð. En auðsætt er, að ef gjöra á hvorttveggja: bæta við aðstoðarmanni og hækka laun hinna, þá hrökkva 1,000 kr. ekki til. Enda sje jeg enga þörf á launahækkun, launin hafa verið meiri en utanlands í samskonar stöðum, aðstoðarmönnunum er ekki ætlað að hlaða niður börnum fyrir launin. Staða þeirra verður hjer sem erlendis ekkert annað en bráðabirgðarstaða, enda hafa bæði þeir og aðrir stjórnarráðsmenn ýms aukastörf. Þörfin er sögð mest á 2. skrifstofu, því að þar

sje mest að gjöra. Það er kunnugt, að þessi skrifstofa var í vetur í mannahraki, en nú er kominn þar fastur aðstoðarmaður, og það mjög nýtur maður, svo að nú er vonandi bætt úr þessu. Landritari beindi þeirri sneið að mjer, að jeg væri að spara handa kvennaskólanum í Reykjavík og tvöföldum síma til Stykkishólms. Jeg ætlaði hann svo skýran mann, að hann skildi það, að nyrðri talsímalínan til Stykkishólms væri borin fram til vara, ef aðallínan, syðri línan, fjelli, en til vonar og vara get jeg tekið það skýlaust fram, að jeg ætlast ekki til, að Stykkishólmur sje settur í samband bæði að sunnan og norðan, heldur að eins öðruhvorumeginn.

Viðvíkjandi stjórnarráðsskrifstofunni sagði háttv. umboðsmaður, að 1. og 3. gæti nokkurnveginn komizt af, og þykist jeg vita, að það sje þá rjett, en jeg vona, að 2. skrifstofa geti líka komizt af, þar sem hún nú hefur fengið duglegan aðstoðarmann.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Jeg ætla að eins að gjöra örstutta athugasemd. Háttv. þm. Snæf. hefur ekki friðað samvizku mína, þess þurfti ekki með, jeg hef góða samvizku, þótt tillagan kæmi fram og jafnvel þótt hún yrði samþykkt. Því að það gefur að skilja, að æðsta stjórn landsins verður að fá nægilegt starfsfje, eg ef hún ekki fær það nú, kemur það á næstu aukafjárlögum. Því að það er auðsætt, að það getur ekki komið til mála, að hætt verði að starfa á skrifstofunum vegna fjeleysis, eða þá að láta málin hrúgast upp og bíða svo afgreiðslu um óákveðinn tíma. Nei, auðvitað verður þá aukið við starfskraptana upp á væntanlega aukafjárveiting, sem sjálfsagt fæst. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að með 1,500 kr. væri ómögulegt, bæði að bæta við manni og auka launin. Þetta er ekki rjett. Það má fá góðan mann fyrir 1,000 kr. og verja 500 kr. til launaviðbóta, svo að þetta er hægðarleikur. Að öðru leyti tek jeg það fram, að starfstíminn er venjulega 6 kl.stundir á dag og allopt 8 kl.stundir á timabilinu rjett fyrir og eptir þing, svo að ekki má búast við, að aðstoðarmenn vinni sjer mikið inn utan skrifstofutímans.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Við 12. gr. hef jeg komið með 3 breyt.till. á þingskj. 271. Um 2 þeirra hefur háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) talað, en 3. till. minntist hann ekki á. Hún fer fram á, að á eptir orðunum: »álit landlæknis« komi: »og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar eg reksturs«. Mjer hefur þótt rjett að bæta inn þessari athugasemd, til þess að koma á samræmi við það, sem áður hefur verið sett að skilyrði fyrir samskonar styrk í fjárlögunum. Ástæðan fyrir slíku skilyrði er sú, að það þarf að vera vís aðgangur að einhverri fastri stofnun um ábyrgð á þessum sjúkraskýlum, ef þau eiga eigi að lenda á landssjóði fyr eða síðar. Þar sem veitt hefur verið fje til sjúkraskýla, hefur niðurstaðan líka orðið sú, að sýslufjelög hafa tekið þau að sjer. Sumstaðar hefur verið boðizt til þess fyrirfram, og hygg jeg, að ekki þurfi að mæla frekar með tillögunni.

ATKV.GR.: Brt. við 9.gr. 5 (249)felld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Eggert Pálsson,	Jóhannes Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Lárus Bjarnason,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Andrjesson,
Hermann Jónass.,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson,	Ólafur Ólafsson,

Já:	*Nei:*
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Thorlacíus,
Pjetur Jónsson,	Skúli Thóroddsen,
Tryggvi Gunnarss.,	St. Stefánss. Eyf.,
Þórh. Bjarnarson,	St. Stefánss. Skagf.,

Breyt.till. við 7. lið sþ. í e. hlj.
9. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
10. gr. óbr. sþ. í e. hlj.
Brt. við 11. gr., A 3 a sþ. án atkvgr.
11. gr. þannig br., sþ. í e. hlj.

12. gr.

1. Breyt.till. við 3. tl., felld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Lárus H. Bjarnas.,	Björn Bjarnarson,
Magnús Andrjess.,	Guðm. Björnsson,
Ólafur Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Ólafsson,	Hermann Jónass.,
Skúli Thóroddsen,	Jóhannes Ólafss.,
St. Stef., þm. Skgf.,	Jón Jónsson,
Þórh. Bjarnarson,	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Thorlacíus,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stef., þm. Eyf.
	Tryggvi Gunnarss.,

2. Viðaukatill. (210) við 12. gr. 3. tl., felld með 13 atkv. möti 5.
2. Breyt.till. (256) við breyt.till. 199, 9, tl. h: i 1 ekki borin upp.
4. i 2, sþ. með 12 atkv.
Stafl. i, samþ. með 19 atkv.
5. j 1, sþ. með 11 atkv.
6. j 2, — — 14 —
7. »aptan við bætist« sþ. með 13 atkv.
8. Brt. við brt. 199 við 12. gr. 9. tl. h. i, samþ. með 19 atkv.
9. j samþ. með 14 atkv.
10. Viðaukatill. (222) við liðinn j., sþ. með 13 atkv.
11. Breyt.till. (271) við breyt.till. 199 fyrri lið við 12. gr.
1. samþ. með 14 atkv.
2. ekki borin upp.
3. samþ. með 17 atkv.
12. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Eptir að atkv.gr. var lokið um þennan kafla frumv., var 13. gr. frumv. tekin til umr., og stóðu þær umr. til kl. 3 e. h.; var þá fundi frestað, en hann hófst aptur kl. 5 e. h. og var umr. um málið haldið í 3 stundir.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Það er með hálfum huga, að jeg legg út í að reyna að útlista þessa grein. Mönnum varð áður torvelt að átta sig á atkv.gr. um 12. gr., og er hún þó barnagaman á móti 13. gr.; svo er hún margbrotin.

Jeg skal leyfa mjer að gefa stutt yfirlit yfir efni þessarar gr. Mest af því, sem fjárlaganefndin og aðrir h. þm. hafa lagt til að hækkuð yrðu útgjöldin um, kemur einmitt niður á þessa gr.; sú hækkun er fast að 300,000 kr. fram yfir það, sem gjört var ráð fyrir í frumv. Nefndin hefur stungið upp á að auka útgjöldin í þessari gr. um 80,000 kr., en hefur í annan stað lagt til, að burt yrði tekið 20,000 kr. af því, sem í frumv. var, svo »netto« hækkun fjárlaganefndarinnar við þessa gr. er um 60,000 kr. En frá ýmsum öðrum háttv. þm. hafa komið fram till. um hækkun, sem nemur um 200,000 kr. Hjer reynir því á, hvaða stefnu háttv, þingd. ætlar sjer að taka í fjármálunum á þessu þingi.

Það eru sjerstaklega og nærri eingöngu tveir liðir í þessari gr., sem breyt.till. hafa komið fram við; það eru B. og D., liðirnir um vegi og síma. Jeg veit ekki, hvernig mjer tekst að sundurliða þetta fyrir háttv. deild, og jeg vænti, að mjer verði sýnt umburðarlyndi, þó allt verði ekki sem nákvæmast.

1. kafli, stfl. A. eru útgjöldin til póstmálanna. Við hann hafa komið fram margar brtill. frá nefndinni og

einstökum þm. Við 1. tölul., laun póstmeistara, eru 2 brtill. Fyrri till. er frá fjárlaganefndinni, og er hún sú, að launin skuli lækkuð frá því, sem gjört var ráð fyrir í stjórnarfrumv., úr 4,500 kr. niður í 4,000 kr. Eins og sjá má af nefndarálitinu, eru laun póstmeistara hækkuð vegna þess, að störf hans aukast árlega, og eins vegna hins, að hann missir íbuð sína í pósthúsinu, sem er sama sem, að lækkuð sjeu launin. Eptir að nefndin hafði athugað þetta, var það einróma álit hennar, að 4,000 kr. væri hæfilegt. En nú hafa tveir háttv. þm.: þm. Snæf. (L. H. B.) og þm. S.-Þing. (P. J.), komið fram með þá brtill., að færa launin niður í 3,500 kr. Jeg skal ekki að svo stöddu mótmæla þessu beint, en mjer finnast ástæður fjárlaganefndar gildar og góðar, að minnsta kosti meðan ekki koma önnur gildari rök á moti.

Við stfl. b. hefur nefndin gjört þá brtitl., að hann sje hækkaður um 200 kr. Þetta er gjört með tilliti til þess, að einn starfsmaður við pósthúsið hjer í bænum hefur beðið um launahækkun. Nefndinni sýnist það sanngjarnt, og þarf það ekki frekari útlistunar við, en gjörð er í nefndarálitinu. Við þennan lið hafa 2 hinir sömu háttv. þm., sem jeg nefndi áðan, gjört þá brtill., að fjórða manninum verði bætt við á póststofuna með 1000 kr. launum. Það er ekki hægt að hafa neitt sjerstakt á móti þessu. Póstmeistari hefur óskað þess áður, að þeim yrði fjölgað um eina 3 eða 4, má jeg segja, svo að þetta er dálitið í áttina til þess, að verða við þeim tilmælum hans. En þessa till. verður að setja í samband við aðra brtill. frá sömu háttv. þm. Hún er við 4. tl., stfl. a. Þann lið hefur stjórnarfrv. fært úr 2,000 kr. upp í 5,000, og er það byggt á því, að póstmeistari þurfi, samkvæmt skýrslu frá honum, fleiri starfsmenn, en hönum eru ætlaðir í lögunum.

Jeg veit ekki, hvort háttv. till.menn hafa átt kost á því, að kynna sjer skýrslur þær um þetta efni, er fjárlaganefndin hafði í höndum; þær eru mjög nákvæmar og ábyggilegar. Fjárlaganefndin hefur, eptir að hafa athugað þær, ekki getað fallizt á það, að færa þennan lið aptur niður í 2,000 kr., jafnvel þótt bætt yrði við einum starfsmanni með 1,000 kr. launum, og hygg jeg því, að þessi brtill. sje ekki rjettmæt.

Það er einsætt, og þarf engum blöðum um það að fletta, að störfin á póststofunni vaxa drjúgum, ár frá ári. Menn verða því að sætta sig við það, að gjalda meira og meira til þeirra, enda er það ekki svo tilfinnanlegt, þar sem pósttekjur fara sívaxandi, svo sem skýrslur um það efni bera með sjer, og tekið er fram á öðrum stað í nefndarálitinu.

Þá leggur fjárlaganefndin það til, að hækkuð verði dálitið laun póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, og skal jeg í því tilliti að eins vísa til ástæðna þeirra, er greindar eru í nefndarálitinu.

Viðvíkjandi liðnum A. 2. skal jeg geta þess, að nefndin hefur ástæðu til að ætla, að þessa upphæð 8,000 kr. sem borgun fyrir póstflutning með skipum, er sigla eptir fastri áætlun, megi færa niður nokkuð, ef samþ. verða tillögur nefndarinnar um fjárveitingu til gufuskipaferða, undir stfl. C. En hún hefur þó ekki komið fram með neina brtill. við þann lið í þetta sinn. Þá eru enn fremur við þennan stfl. tvær litlar brtill., önnur sú, að klipptar sjeu 200 kr. af brjefa-útburðarfje í Reykjavík, en hin sú, að þeim svo sje bætt við til brjefaburðar í öðrum kaupstöðum. Þetta er ekki stórvægilegt, en nefndin væntir þess, að það þyki eigi ósanngjarnt.

Næst kemur þá stfl. B. Það eru vegabæturnar, og þá fer nú heldur að þyngjast undir fæti. Þó er nú ekki mikið um breytingar við fyrstu liðina. Við B. I. 4. er orðabreyting og í sambandi við það lagt til, að B. II. falli burtu. Sú fjárveiting hefur hingað til verið 1,500 kr., en nú hefur stjórnin lagt til, að hún væri sett 1000 kr. af því að lítið hafi verið notað af þessu fje á síðari árum. Það er satt, og síðastliðið ár, 1906, voru ekki notaðar nema um 200 kr. af því. Nefndin leggur því til, að liðurinn sje felldur, og telur að taka megi eitthvað af næsta lið á undan, ef nauðsyn krefur, til verkfróðra aðstoðarmanna, og því leggur hún til, að orðabreytingin sje gjörð við B. I. 4., til þess að heimilt sje að taka af því fje til þessa.

Við næsta lið, flutningabrautirnar, hefur nefndin enga brtill. gjört, en aðrir háttv. þm. því fleiri, og nema þær miklu fje.

Þar er þá fyrst viðaukatill., er fer fram á. að haldið verði áfram flutningabrautinni fram Eyjafjörð, og veittar til þess 11,000 kr. fyrra árið, og við hana aptur sú brtill. (á þskj. 221), að það verði veitt síðara árið. Þá er önnur frá háttv. 2. þm. Skgf, (St. St.), um að veittar sjeu 10,000 kr. síðara árið, til flutningabrautar fram Skagafjörð frá Sauðárkrók, og loks er þar þriðja viðaukatill. frá báðum hv. þm. Árn. (H. Þ. og Ól. Ól.), um að veittar sjeu 10,000 kr. fyrra árið til brautar upp í Grímsnes. Þá er næsti töluliðurinn: Þjóðvegir. Þar eru og komnar fram allstórvægilegar brtill. Þannig er farið fram á aukið fje til vegagjörðar, svo að miklu nemur, bæði í Austfirðinga og Vestfirðingafjórðungi.

Það er nú skemmst af að segja áliti nefndarinnar á öllum þessum breyt.till., að meiri hluti hennar telur það ekki gjörlegt, að þingið veiti fje til þessa, vegna þess, að þótt ekki væri annað, þá eru engin líkindi til þess, að meira verði komið í framkvæmd af þessum fyrirtækjum, en ráð er gjört fyrir í fjárlögunum. Nefndinni dettur ekki í hug að hafa á móti því, að fyrirtæki þessi sjeu flest eða öll nauðsynleg, en hún neyðist til þess, að leggja á móti þeim, af því að hún sjer það ekki fært að framkvæma þau. Þess verður vel að gæta, að áður en þetta bætist við, var búið að ætla allt að 240,000 kr. til vegagjörðar. Til þessa þarf mikinn mannafla. Þess þarf ennfremur að gæta, að á næstu tveimur árum er ætlað afarmikið fje til símalagningar. Gjöra má ráð fyrir, að þangað gangi líka mikill vinnukraptur. Og þegar þess svo loks er gætt, að Reykjavík hefur á prjónunum ýms stórvirki á næstu árum, sem mikils mannafla þarf við, þá finnst mjer fjarstæðu næst að ætlast til þess, að stjórnin geti komið meiru í verk, en ætlazt er til í fjárlagafrumv.

Jeg tek það fram, enn og aptur, að það er fjarri nefndinni, að vilja spyrna á móti því, að þessar vegagjörðir komist á sem fyrst. Þvert á móti. Óskirnar um þær sýna framkvæmdarhug og ef til vill batnandi hag. En kraptarnir eru takmarkaðir. Það er ekki samboðið þinginu, að heimta framkvæmdir og veita fje til þeirra, þegar alls ekki er unnt að koma þeim í verk. Þetta verður að bíða til næsta fjárhagstímabils. Þessi mál eru nú komin á góðan rekspöl og auðvitað verður haldið áfram. Nú þegar er búið að fá yfirlit yfir alla vegi landsins og þegar menn vita, hve mikinn áhuga stjórnin hefur á framkvæmdum í vegamálum, þá geta og verða einstakir menn og einstök hjeruð að fara gætilega og heimta ekki meira en hægt er að fá.

Ef allar þessar breytingar yrðu sþ., þá yrði það liklega til þess, að einhverju af þeim yrði komið í framkvæmd að einhverju leyti, en margt yrði eptir eða hálfgjört; og það er hvorki rjettlátt nje heppilegt fyrir landið.

Jeg hef minnst á þetta allt í einni heild, af því að mjer finnst það eiga saman og sömuleiðis vegina í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum.

Nú skal jeg minnazt á breyt.till. frá háttv. 1. þgm. Rangv. (E. P.), sem fer fram á, að fjárveiting til brúargjörðar á Ytri-Rangá sje hækkuð, en þjóðvegafjeð, sem veitt er til Sunnlendingafjórðungs, aptur á móti lækkað. Þetta hefur nú nefndin athugað og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett að eyða þessu fje þannig. Í fyrsta lagi kostar það 10 þús. kr. meira; í öðru lagi kostar það hjeraðið allmikið; í þriðja lagi hafa komið upplýsingar um það frá landsverkfræðingnum, að brú á þeim stað, er till. nefnir, eigi að vera með öðru byggingarlagi, en hingað til hefur þekkzt hjer, og er þess vegna ekki mikil trygging til fyrir því, hvernig það kann að reynast. Meiri hlutinn verður því að leggja á móti þessari breytingu.

Þá kem jeg að því, að meiri hluti nefndarinnar hefur leyft sjer að leggja það til, að sjöundi liðurinn sje látinn falla burtu. Það eru þessar 16,500 kr., sem ætlaðar eru til þess að mæla upp og rannsaka járnbrautarsvæði fráReykjavíkog að Þjórsárbrú. Þetta er auðvitað dálitið viðkvæmt atriði. Jeg heyri menn halda því fram, að þetta sje framtíðarmál og því viðurhlutamikið fyrir þgm. að greiða atkv. á móti því. En nefndin lítur svo á, að litlar líkur sje til, að slíkt stórvirki komist í framkvæmd fyrst um sinn, og að þar sem svo margt kallar að, sje ekki stórskaði skeður, þó þetta mál dragist. *(Þórh. Bjarnarson:* Ekki öll nefndin).

Jeg skal taka það fram, að jeg man ekki eptir því í hvert skipti að taka það fram, hvort jeg á við alla nefndina eða meiri hluta hennar. Í þetta sinn er það nú meiri hluti hennar, sem lítur svo á, að engin líkindi sjeu til þess, að járnbrautarlagning sú, sem hjer er um að ræða, verði framkvæmd fyrst um sinn. Og þá mætti vel svo fara, að rannsókn sú, er nú yrði gjörð og miðað við tæki þau og kringumstæður, sem nú eru fyrir hendi, yrðu þá orðin úrelt, svo að þá yrði að mæla upp af nýju. Nefndin gjörir þetta að vísu eigi að kappsmáli, en það er margt, sem liggur nær en þetta að svo stöddu.

Þá hefur nefndin lagt það til, að miklu fje sje varið til áframhalds sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogarstapa. Þeim vegi er nú raðað með þjóðvegum, ef vegalögin ganga í gegn, sem líkindi eru til. Í nefndarálitinu er skýrt greinilega frá ástæðunum fyrir þessari fjárveitingu. Jeg skal taka það fram, að framlög sýslufjelagsins þar til þessa vegar er víst eins dæmi, og það jafnvel þótt landssjóður leggi til jafnan hlut framvegis. En það skal tekið fram af hendi fjárlaganefndarinnar 1907, að hún vill láta það koma skýrt fram, að hún hefur komið fram með þessa tillögu, af því að hún ætlast til, að landssjóðurinn borgi helming, en aldrei meira framvegis af kostnaði við þessa vegagjörð. Enda hafa hlutaðeigendur lofað að leggja til helming kostnaðarins nú og framvegis.

Þá hefur háttv. þingm. S.-Múl. (U. Th.) komið fram með viðaukatill. um styrk til brúargjörðar á Tinnudalsá í Breiðdalshreppi (600 kr.). Mjer er ekki vel kunnugt um þetta mál; en

jeg hygg, að jeg megi fullyrða, að þessi brú sje ekki á þjóðvegi, heldur á öðrum vegi. Hún á líka ekki að kosta nema 1,300 kr. og sveitarfjelög hafa oft ráðizt í slík fyrirtæki hjálparlaust; jeg get því ekki lagt með þessari till.

Enn er eptir ein breyt. við þennan lið gr.; hún er frá h. þm. Dal. (B. B.), og fer fram á 4,000 fjárveitingu fyrra árið til uppmælingar á innsiglingarleið inn að Salthólmavík og Króksfjarðarnesi, með því skilyrði, að Dalasýsla og Barðastrandarsýsla leggi fram 1/4 af kostnaðinum. Þessa tillögu hefur fjárl.n. rætt og meiri hlutinn komizt að þeirri niðurstöðu, að hjer muni vera um nauðsynjamál að ræða, sem rjett sje að landssjóður veiti fje til, og geti fengizt góðar upplýsingar um það, að ekki þurfi meira til þessara framkvæmda, en þá fjárveitingu, sem hjer er farið fram á, þá vill meiri hl. leggja með þessari styrkveitingu.

Þá er næst fyrir stafl. C. Í nefndarálitinu er reynt að gefa greinilega skýringu á því, hvern veg fjárlagan. lítur á málið. Stjórnin hefur ekki fengið tilboð nema frá sameinaða gufuskipafjelaginu; nefndin hefur að mestu miðað við tilboð þess, með hliðsjón af bendingum þeim, sem hæstv. ráðherra hefur gefið nefndinni. Nefndin hefur lagt það til, að í stað 30,000 kr., sem á núgildandi fjárlögum eru veittar gufuskipafjelaginu, verði stjórninni veittar 40,000 kr. til gufuskipaferða með nánari skilyrðum. Raunar er í tilboði fjelagsins gjört ráð fyrir 60,000 kr. fjárveitingu af Íslands hálfu, en ráðherra hefur bent nefndinni á, að færa mætti þetta niður, og gefið von um, að samkomulagi mætti ná, þó að fjárveitingin yrði ekki sett hærra. Eitt aðalskilyrði tilboðsins er það, að samningur um gufuskipaferðirnar gildi um 10 ár; auðvitað í sambandi við það er það gjört að skilyrði, að nýjum og betri skipum og framar að óskum manna verði aukið við. Það er þess vegna, að meiri hluti nefndarinnar hefur ekki viljað hafna þessu tilboði, en þó ekki viljað aðhyllast það, heldur gefa stjórninni heimild til að gjöra samning við hvaða fjelag sem er á þessum grundvelli, samning, er gildi um 8 ára tíma, og er það sömuleiðis gjört eptir bendingum hæstv. ráðherra, að þetta takmark er sett, í stað 10 ára, sem fram á er farið í tilboði fjelagsins. Nefndin hefur viljað reyna að tryggja oss það, að ferðirnar yrðu sem beztar; hvort tekizt hefur að orða það svo, að fullnægjandi sje, veit jeg ekki, en engar breyt.till. hafa fram komið um þessa gr. Jeg skal þó fara örfáum orðum um hverja málsgrein til þess að skýra, hvað fyrir nefndinni vakti.

1. málsgrein er á þessa leið: »Að strandferðir og millilandaferðir verði að minnsta kosti jafnmiklar og fullt eins hagkvæmar hinum einstöku landshlutum, eins og þær hafa beztar verið, svo sem strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags 1904 og 1905, og millilandaferðir sama fjelags nú«. (*Lárus H. Bjarnason:* Hvað er meint með hinum einstöku landshlutum?) Jeg skal svara háttv. þm. Snæf. því, að jeg fer eptir þeirri röð, sem jeg hef ásett mjer, og kem að þessu seinna. Jeg skal þá byrja á því fyrsta í málsgreininni, að millilandaferðirnar verði jafnmiklar, sem þá er þær hafa beztar verið. Skal jeg í því sambandi taka það fram, að eigi ætlumst vjer til, að krafizt sje millilandaferða í stað þeirra ferða, er »Hólar« og »Skálholt« nú gjóra milli landa, þar sem tilætlunin er, að breyta strand-

ferðunum aptur í það horf, er þær voru í 1904 og 1905, þannig, að strandferðaskipin fari eigi milli landa, nema þegar þau koma til landsins á öndverðu ári, og fara aptur til útlanda á haustin.

Þá skal jeg svara háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.). Hann hefur ekki getað stillt sig um, að spyrja þeirrar spurningar, sem hann hefur margsinnis lagt fyrir mig undanfarna daga. Við því hefði þó mátt búast, að hann hefði eptir svo langa yfirvegun áttað sig og glöggvað á því og gjört breyt.-till. um þetta, ef honum hefði sýnzt þess þörf; en það hefur hann ekki gjört. En það sem nefndin vill og ætlast til að lagt sje í þessa grein, er það, að stjórnin telji sjer ekki heimilt að gjöra samninga um gufuskipaferðirnar, nema ferðaáætlun sje þannig, að ekki að eins hagsmuna landsins í í heild sinni sje gætt, heldur einnig, að öll hjeruð, landshlutar, eða hvað menn vilja nefna það, hafi *hver fyrir sig* svo góðar og hagfelldar ferðir, sem þá er þær hafa verið beztar, án þess þó að vjer ætlumst til, að þetta snerti hvern einstakan *viðkomustað* sem slíkan út af fyrir sig. Þessi skilningur er það, sem við ætlumst til að lagður sje í þessa skilyrðisgrein, og það er því fremur ástæða til að taka þetta svo ljóslega fram, sem unnt er, þegar þess er gætt, að sú áætlun, sem hið sameinaða hefur gjört og nefndin haft til athuguar, er næsta gölluð. Að vísu hef jeg, því miður, ekki haft tíma til að rannsaka hana vandlega; en jeg rak strax augun í það. að því er Seyðisfjörð, mitt kjördæmi, snertir, að þar er sleppt þeim tveim viðkomum á leið frá Reykjavík til útlanda í desember og febrúar, sem við nú höfum, og sem Seyðisfjörður að sjálfsögðu ætlast til að hafa framvegis, og Austurland má með engu móti missa. Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. Snæf. eða öðrum þykir þetta nægilegt, en ef svo er ekki, þá vil jeg ráða þeim til að koma með breyt.till. við 3. umr., og veit jeg, að fjárl.n. mun kunna þeim þakkir fyrir allar skynsamlegar tillögur.

Í 2. gr. er það gjört að skilyrði, að tvö millilandaskipanna verði ný; get jeg vísað í fylgiskjalið við nefndarálitið um það, hvernig til er ætlazt að þau verði. Sama er að segja um 3. gr., að strandferðaskipin verði ekki lakari en Hólar og Skálholt og farþegarúm verði stækkað og bætt, sem fjelagið hefur einnig lofað.

Annað í þessum greinum er sama sem nú er í skilyrðunum fyrir styrknum til gufuskipafjelagsins, bæði um viðkomur í Færeyjum, að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú, og ívilnun fyrir stúdenta og iðnaðarmenn með fargjald.

Það er að eins eitt, sem vikið hefur verið frá. Það er sú heimild, sem mönnum, er ferðast á 1. farrúmi strandferðaskipanna, hefur verið veitt til þess, að fá keyptan mat á 2. farrými. Fjelagið hefur verið á móti þessu ákvæði, og nefndinni þykja á því vera miklir annmarkar, og yfir höfuð munu flestir kannast við, að það sje ekki í alla staði heppilegt. Mjer er það sjálfum kunnugt, að farþegar á 1. farrými geta opt engra þæginda notið fyrir þröng þeirra manna, sem kaupa sjer far hafna á milli á 1. farrými, en fá mat á 2. farrými, eða fæða sig sjálfir.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta. Það er leitt, að hæstv. ráðherra er ekki sjálfur viðstaddur til að gefa upplýsingar í þessu máli. Hann hefur mest í þessu máli gjört, talað við stjórn gufuskipafjelagsins og haft tækifæri til að þekkja og yfirvega, hvernig þetta

mál horfir við í raun og veru fremur en nokkur annar. Vonandi verða ekki atkvæði greidd um þessa gr., fyr en hann er kominn.

Við stfl. C. eru að öðru leyti lítilfjörlegar breytingar. Lagt er til, að lækkaður verði styrkur til gufubátsferða á Breiðafirði, og byggir nefndin það á því, að notkun þess báts er sögð lítil, hann gengur án þess að hafa verulegt að gjöra, að því er sagt er. Um það munu kunnugir menn geta gefið betri upplýsingar. Þó vill nefndin ekki gjöra það að neinu kappsmáli.

Í öðru lagi hefur nefndin lagt til að hækka styrk til gufubátsferða um Eyjafjörð. Styrkurinn hefur áður verið svo lítill, að ekki hefur verið hægt að hafa nema lítinn og ófullkominn bát til ferðanna, og hjeruðin þó lagt á sig talsvert gjald til að halda ferðunum, og báturinn verið mikið notaður. Á Akureyri er talsverð hreyfing í þá átt að eignast skip, og til þess væri þessi fjárveiting talsverð hvöt; þess vegna vil jeg mæla sem bezt með henni og hygg, að því fje sje vel varið. Í samræmi við ósk og áskoranir manna í Norður-Þingeyjarsýslu. er það skilyrði sett, að báturinn gangi til Axarfjarðar.

Norður-Þingeyjarsýsla hefur orðið svo út undan að því er samgöngubætur snertir, að engin sýsla á landinu er verr sett að því leyti, að Austur-Skaptafellssýslu undanskildri, sem er þó það fremri, að þar er þjóðvegur og þangað hafa þó við og við verið veittir skattar úr landssjóði til vegagjörða. Það er því sanngjarnt að hjálpa þessari sýslu, einkum þar sem menn þar hafa einhuga óskað að komast í samband við Eyjafjörð. Að því er Skagafjörð snertir, þá hafa að vísu eigi legið fyrir áskoranir þaðan um gufubátsstyrk. En það þykir þó mega fullyrða, að Skagfirðingar mundu telja sjer verulegt gagn í því, að vera í stöðugu gufubátssambandi við Eyjafjörð og Þingeyjarsýslu, og því er gjört ráð fyrir, að Eyjafjarðarbáturinn gangi vestur til Skagafjarðar, og mun að þessu verða veruleg samgöngubót fyrir Norðurland, eða megin hluta þess.

Jeg kem þá loks að þeim till. sem snerta símalagningarnar; þá er það eitt, sem sjerstaklega þarf að átta sig á, og það er það, hvaða aðferð sje rjettast fyrir löggjafarvaldið að hafa til þess að koma á símasamböndunum um landið. Þar hefur stjórnin tekið fasta reglu; hún hefur lagt til, að Ísafjarðarálman sje lögð á sama hátt og aðallandsíminn, það er að segja algjörlega á kostnað landssjóðs. En annars er regla stjórnarinnar sú, að hlutaðeigandi hjeruð kosti símann að þriðjungi. Þetta er glögg og einföld regla *(Lárus Bjarnason*: Er hún ekki líka rjettlát?) Einn háttv. þm. spyr, hvort reglan sje rjettlát; jeg skal ekki dæma um það, en hitt er víst, að hún er einföld og »praktísk«. Ætti landssjóður að kosta alla símana einn, þá yrðu þessar 500,000 kr., sem gjört er ráð fyrir að taka til láns, ekki nógar; ekki einusinni nógar til þess að leggja þá síma, sem nú er í ráði að leggja. En svo bætist þar við, að kröfurnar mundu aukast að stórum mun; því engum getur blandazt hugur um, að það er mikið aðhald fyrir hjeruðin, að þau verða að kosta svona miklu til, til þess að fá símana; það er mikil sönnun fyrir því, að þörfin sje brýn, ef hjeruðin eru viljug til þess að leggja svo mikið á sig, sem hjer er um að ræða. En jeg gæti þó trúað því, að þessi regla stjórnarinnar sje naumast nógu kröptug. Jeg er mjög óviss um, að það sje fjárhagslega rjett af hjeruðunum að leggja

svona mikið kapp á að koma símasamböndum á allt í einu, og allsstaðar í einu, eins og raun er á orðin. En jeg álít það rjett, að verða sem bezt við óskum manna í þessu efni, því það er gróði fyrir landssjóð, að hann fær svona mikinn styrk af hjeruðunum; einhvern tíma kemur hvort sem er að því, að það þarf að leggja þessa síma.

Það virðist svo sem flestir vilji fallast á þessa reglu stjórnarinnar. Þannig er t. d, um símann frá Húsavík til Breiðumýrar. Þar buðu hjeraðsbúar þegar í vetur fram 1/3 kostnaðarins. Sama er að segja um símann um Gullbringusýslu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur, sem viðaukatill. er framkomin um. Þar vilja hjeraðsbúar leggja fram 1/3. Eins er það með símann til Vestmannaeyja og er þar þó um allmikla fjárupphæð að ræða, sem kemur niður á fáa menn; sama má segja um Dalasýslusímann; um Snæfellsnessýslusímann sjest þetta ekki eins glöggt; aptur á móti hafa Fáskrúðsfirðingar boðið að kosta hjá sjer símalagningu að helmingi, en jeg álít það ekki rjett að láta þá verða ver úti en aðra, og jeg vil þessvegna skjóta því til háttv. þm. S-Múl. að koma með breyt.till. um þetta við 3. umr. fjárlaganna.

Allir þessir landshlutar hafa lýst sig sammála þessari reglu stjórnarinnar. Aptur eru einstök hjeruð, sem virðast ekki vilja gefa svo mikið fyrir pípuna; jeg á hjer sjerstaklega við Árnessýslu, og marka jeg það af breyt.till. þeirri, sem hjer er komin í dag, frá háttv. 1. þm. Árnesinga. Í stjórnarfrumv. er gjört ráð fyrir, að landssjóður kosti símalagning hjeðan og austur að Ægisíðu, að tveim þriðju pörtum, en Árnes- og Rangárvallasýsla að þriðjungi. Þegar símastæðið austur að Ægisíðu var rannsakað af nýju, kom fram beiðni um það, að honum yrði haldið áfram lengra austur, allt austur að Eystri Garðsauka; kom þá um leið tilboð frá Rangvellingum, að leggja fram 8,000 kr., sem er hjer um bil allur kostnaðurinn til viðaukans. Um leið var skoðað símastæði til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Það kom þá í ljós, sem auðvitað var, að kostnaðurinn við þessar símalagningar mundi verða talsvert meiri en ætlað var í fyrstu, og þess vegna vjek fjárlaganefndin frá reglu stjórnarinnar, og slakaði talsvert til. Þetta gjörði hún náttúrlega í því skyni að gjöra hjeraðsbúum hægra fyrir, þó að sú upphæð, sem um var að ræða, alls ekki væri hærri en annarsstaðar, að tiltölu við mannfjölda og efnahag hlutaðeigandi. Út af þessu vildi nefndin vægja Vestfirðingum. Nefndin lagði til, að tillag hlutaðeigandi hjeraða væri lækkað um 9,500 kr. frá því, sem frv. ætlast til. En svo kom breyt.till. hríðin. Háttv. þm. V.-Ísf. (J. Ó.), reið þar á vaðið, og fer hann fram á, að tillag frá hlutaðeigendum á Vestfjörðum sje enn lækkað um nær helming af því. sem fjárlaganefndin vill hafa það. Háttv. þm. Árn. er þó miklu stórtækari; hann kemur með breyt-till. um það að lækka tillag Árnessýslu niður í 4,000 og Rangárvallasýslu niður í 6,000, og það 2,000 kr. minna en það, sem boðið var í vor fyrir lenging símans til Eystri Garðsauka. Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. er að gjöra að gamni sínu (*Stefán Stefánsson:* Jú sjálfsagt); eða kannske honum sje hreint ekki annt um að fá símann austur. Fjárlaganefndin »sanktioneraði« yfirleitt reglu stjórnarinnar; en illu heilli, vil jeg nú segja, vjek hún frá henni af vorkunsemi við austursýslurnar, einkum kjósendur háttv. þm. Árn. Þessvegna mun meiri hluti hennar nú verða fylgjandi þeim tillögum þar sem

þessari reglu er fylgt og algjörlega slegið fastri. Þó tek jeg að nokkru Vestmannueyjar undan. Fjárlaganefndinni er ekki fullkunnugt um lendingarstað í Vestmannaeyjum, og hvort hægt sje að bæta símslit á sundinu án þess að fá til þess skip og tæki frá útlöndum: þetta er töluvert íhugunarefni, og væri nú kannske vert að hugsa um það, hvort ekki mundi rjett að koma á loptskeytasambandi milli lands og eyja. Það er líka sá hængur á símasambandi við Vestmannaeyjar, að það getur ekki komizt á, fyr en síminn er kominn austur, og verða Vestmannaeyingar því að gjalda þess, ef Árnesingar ekki vilja borga það, sem tilskilið verður af símakostnaðinum, því að þá verður auðvitað enginn sími lagður þangað austur.

Jeg skal svo láta þetta nægja í bráð.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Viðvíkjandi útgjöldunum við póststjórnina, vil jeg geta þess, að póstmeistari hafði sent stjórninni mjög ítarlegt og vel rökstutt álit um það, hvernig þyrfti að haga til á pósthúsinu, svo að það kæmi að sem beztum notum; hann sýndi þar fram á, að það væri óhjákvæmilegt, að hækka tillagið til póststjórnarinnar, svo framarlega sem afgreiðsla öll ætti að vera í góðu lagi. Stjórnin treysti sjer nú ekki til þess að taka þessar tillögur að öllu leyti til greina, og hefur háttv. fjárlaganefnd í flestu verið samþ. till. stjórnarinnar. Þó hefur nefndin stungið upp á að lækka laun póstmeistara um 500 kr. Jeg tel þetta illa farið, því að starf póstmeistarans er orðið svo margbreitt og ábyrgðarmikið, og fer stöðugt vaxandi; og sjerstaklega tel jeg það illa farið vegna þess, að nýbúið er að hækka laun annars manns, sem líkt stendur á með, að talsverðum mun. Póstmeistarinn hjer hefur ekki einungis öll venjuleg póstmeistarastörf á hendi, heldur einnig þau störf, sem sjerstakur embættismaður hefur í Danmörku, er nefnist »Generaldirektör for Postvæsenet«.

Till. nefndarinnar um að hækka laun póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, hef jeg ekkert við að athuga; en aptur á móti álít jeg mjög óheppilegt að lækka útgjöldin til brjefaburðar um Reykjavík, því mjer er kunnugt um það, að það er ekki hægt að fá menn fyrir minna en nú er. En hjer við bætist svo, að nú er komin breyt.till. um að færa niður skrifstofukostnaðinn að mun. En jeg ætla ekki að fara frekar út í þær breyt. að sinni; jeg býst við, að flutnm. gjöri grein fyrir ástæðum sínum.

Þá kemur annar liður, vegabótafjeð. Þar eru engar breytingar frá nefndinni, nema ein, þar sem lagt er til að sleppa liðnum um aðstoð verkfróðra manna við samgöngubætur. En sá liður er tekinn upp annarsstaðar, svo ekkert er við það að athuga.

En svo eru ótal breyt.till. frá öðrum háttv. þingm., sem allar fara fram á hækkun á fjárveitingum til vegagjörða víða um land, sem nema um 62,000 kr. Það er mikið fje, einkanlega ef tekið er tillit til þess, að mikill tekjuhalli er áætlaður áður. Og þótt fjeð væri til og yrði veitt, þá efast jeg um, að svo mikill vinnukraptur fengist, að hægt væri að koma þessu öllu í framkvæmd. Jeg verð því að mæla á móti þessu, þótt það kunni að þykja nauðsynlegt. Að eins er það einn spotti, sem gæti komið til mála að veita fje til, og það er frá Alviðru og upp í Grímsnes. Það er reyndar ekki orðin flutningabraut enn þá, en búast má við, að svo verði. Hjer stendur nefnilega sjerstaklega á. Það er mjög illt að komast að og frá

Sogsbrú, en það er meiningarlaust að gjöra dýrar brýr, ef þær svo ekki verða notaðar. Þess vegna er nokkur ástæða til að veita fje til þessa. Annað mál er það, hvort til þess þurfi svona mikið fje, 10,000 kr. Jeg veit það ekki, því engin áætlun frá verkfræðingi er til, en hitt er mjer persónulega kunnugt um, að hjeraðsbúum er mjög annt um að fá þennan veg, og þeir hafa beinlínis sent til stjórnarráðsins í því skyni.

Jeg játa það, að ýmsar aðrar breytingar eru við þennan kafla, sem ástæða væri til að styðja, en þær verða að víkja í þetta sinn fyrir öðrum fyrirtækjum, sem á að vinna á þessu fjárhagstímabili.

Jeg þarf ekki að taka það fram, að mjer þykir óaðgengileg tillagan um það, að bæta við fje til brúargjörðar á Ytri-Rangá, þar sem stór upphæð er ætluð til hennar í frumv. og hún ákveðin á aðalvegi. Jeg skil varla í, að slík tillaga sje borin fram í fullri alvöru eða von um framgang hjer í deildinni.

Þá er einn liður, sem nefndin hefur lagt til að sje felldur alveg burtu, og þykir mjer það undarlegt. Það er styrkurinn til þess, að rannsaka svæðið austur yfir fjall. Sem betur fer, heyrði jeg við 1. umr., að það var að eins meiri hluti nefndarinnar, sem vildi fella þann lið burtu. Það gleður mig, og jeg vona, að þessi fjárveiting fái góðan byr hjá meiri hluta deildarinnar. Hjer er ekki að tala um nema byrjunartilraun, til þess að komast að því, hvort eða hvar tiltækilegast er að koma járnbrautinni á, og við erum orðnir svo vanir við útgjöldin, að jeg vona, að háttv. deild vaxi ekki í augum 16,000 kr. í þessu skyni. Einkum þegar hjer er að tala um þetta svæði, Suðurlandsundirlendið, sem er talið frjósamasta og bezta hjerað landsins, þá ætti því fremur að vera ástæða fyrir þingið að styðja stjórnina til þessa fyrirtækis. Jeg man eptir því, að þegar þessi stjórn var að komast til valda, þá varð einu sinni tilrætt um það á Akureyri, hvaða stefnu hún mundi taka í framfaramálum landsins, og þá voru menn hræddir um það, að hún mundi ekki verða nógu framgjörn. Því var yfirleitt skorað á hana úr öllum áttum »fram, fram!« og sagt, að henni væri óhætt, að beita sjer fyrir framfarafyrirtækjum. Þegar nú þessi stjórn fer þessa leið og vill ryðja nýjar brautir, þá finnst mjer æði hart, ef þingið fer að halda aptur og vill ekki hjálpa henni til þess, vill ekki einu sinni leggja í hendur hennsvo litla upphæð, til að rannsaka mögulegleikana í þessu efni. Jeg vona svo góðs til deildarinnar, að hún muni verða samdóma stjórninni í því, að rjett sje að veita þessa upphæð. Það verða ekki nema tæpar 20,000 kr., þegar talið er með fje það, sem þarf til teikninga.

Um einstakar tillögur háttv. þingm. skal jeg ekki fara mörgum orðum, enda hefur háttv. framsm. skýrt þær til hlítar. Jeg get þó eigi bundizt þess, að taka það fram, að mjer þykir viðaukatill. háttv. þingm. S.-Múl. (Ó. Th.) um styrk til brúar yfir Tinnudalsá nokkuð undarleg. Þegar menn athuga það, að margar sýslur hafa lagt fram fje, svo tugum þúsunda skiftir, til vega, brúargjörða og þesskonar, þá er það hart, ef þetta hjerað getur ekki lagt fram einar 600 kr., sjerstaklega þar sem stjórnin hefur sjeð þeim fyrir ókeypis yfirmanni við smíðið. Það þykir þeim ekki nóg, svo á landssjóður í tilbót að kosta verkið að miklum hluta. Þessi tillaga á því að falla.

Þá kemur liðurinn C. Það eru gufu-

skipaferðirnar. Jeg vona, að ráðherrann verði kominn, áður umræðum um þetta mál lýkur. Það er hann, sem samningana hefur gjört við gufuskipafjelagið og mest munnlega, og skal jeg því ekki vera margorður um það. En skyldi hann ekki koma í tæka tíð, þá vil jeg taka það fram, að jeg álít hæpið, að fjelagið muni ganga að því, að tillagið verði fært niður í 40,000 kr. Nefndin þykist hafa ástæðu til að ætla, að það megi færa styrkinn svona niður. Það má vel vera, en ekki hef jeg skilið ráðherrann svo. Jeg hygg það bezt vera að fara varlega í það, því að annars má búast við því, að það verði að færa hann upp aptur. Mjer er kunnugt um það, að gjöra má ráð fyrir því, að fjelagið muni ganga að samningum fyrir 8 ára tíma, en hvað hitt snertir, er jeg ekki eins viss um það. En um það má væntanlega fá fulla vissu áður en atkvgr. fer fram. Þetta mál er svo mikilsvarðandi, að það verður að íhuga það vandlega, og það má eigi hrapa of mikið að því að breyta skilyrðunum af fjelagsins hálfu; þá er hætt við, að ferðirnar verði eptir því, en þingið hefur sjálfsagt fullan vilja á því, að laga nú þær miklu misfellur, sem á ferðunum eru.

Þá er nú komið að feita stykkinu: fjárveitingunum til ritsíma og talsíma. Eins og atkvæðaskráin ber með sjer, eru þar fram komnar ótal beiðslur frá almenningi úr öllum áttum. Það gleður stjórnina stórlega; hún hefur tekið það mál sjerstakiega að sjer og undirbúið það eptir föngum. Hún hefði fegin viljað taka fleiri línur upp á fjárlögin, og jeg skal lýsa yfir því, að hún er meðmælt öllum þeim línum, sem um hefur verið beðið, að undanskilinni línunni úr Borgarfirði vestur á Snæfellsnes. Þar kýs hún heldur sambandið milli Borðeyrar og Stykkishólms.

Jeg hefi í þessu tilliti ráðfært mig við forstjóra landsímanna. Hann er orðinn nákunnugur staðháttum hjer og þekkir manna bezt til þessara mála. Hann er þess mjög fýsandi að koma á öllum þeim aukalínum, sem bæði geta komið að notum og á hinn bóginn eru líkindi til að geti borið sig; en það er ekki hægt að gjöra allt í einu, því bæði vantar fje og mannafla til að koma þessu i verk. Spurningin verður þá sú, í hvaða röð leggja eigi þessar línur. Hann hefur nú gefið upp þessa röð: 1. Línan frá Borðeyri til Ísafjarðar. Það var gjört ráð fyrir henni 1905 og hún á að ganga fyrir öllum öðrum.

2. Frá Ísafirði til Vatneyrar.
3. Frá Reykjavík til Eystri-Garðsauka.
4. Frá Reykjavík til Keflavíkur.

Þessar línur ætti allar að leggja á árinu 1908. Þá eru línurnar, er lagðar ættu að vera 1909:

1. Frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja.
2. Frá Breiðumýri til Húsavíkur.
3. Frá Borðeyri til Stykkishólms.
4. Frá Grund til Borgarness.

Þetta er nú hans álit og hans röð. Auðvitað getur þingið gripið fram fyrir hendurnar á stjórninni í þessu efni; en svo framarlega sem ekkert verður tekið fram í fjárlögunum um það, þá býst jeg við því, að stjórnin fylgi till. símastjórans.

Háttv. framsm. gat þess, að það er rjett, að stjórnin heimtaði visst ákveðið tillag af aukalínunum, bundið venjulega við $^1/_3$ kostnaðarins. En nefndin hefur vikið frá því í einstöku tilfellum, sjerstaklega við lagning línunnar frá Ísafirði til Vatneyrar. Þar sem að hún stingur að eins upp á 25,000 kr. frá hlutaðeigandi hjeruðum. Jeg hef talað um

þetta við forstjóra landsimanna og álítur hann það aðgengilegt fyrir stjórnina, en að fara niður fyrir það, nær engri átt. Sama er að segja um þá breyt.till., að lækka tillagið frá Árness- og Rangárvallasýslum að miklum mun. Jeg get ekki skilið, að h. till.menn tali þar sem umboðsmenn þessara hjeraða, sem hafa svo mikinn áhuga á að fá símann austur, því að með þessu móti er það víst, að hann getur ekki komizt á. Jeg býzt við, að þetta verði ekki samþykkt, enda væri það hróplegt ranglæti gagnvart öðrum, sem leggja til 1/8 eða meira. Það yrði þá að borga þeim aptur afganginn, og þá er komið út fyrir þau föstu »princip«, sem hingað til hefur verið byggt á.

Að endingu skal jeg drepa á 13. gr. D. II. 5. Nefndin skýrir frá því, að henni sje kunnugt um það, að fjelag það, sem á talsímakerfið á Akureyri, leggi mikinn hug á að fá að halda því. Um þetta hef jeg líka átt tal við símastjórann, og álítur hann nauðsynlegt að innleysa þetta kerfi, og þau öll, jafnvel líka kerfi Reykjavíkur. Nefndin er heldur treg til þessa, en segist samt ekki vilja leggja til, að liðurinn sje felldur, og endar með því að leggja það til, að notendagjöld verði eigi hækkuð næstu 5 ár, Ef þessu er eigi mótmælt hjer, þá mætti líta svo á, sem þessu væri þar með slegið föstu. En jeg get ekki lofað því fyrir hönd stjórnarinnar, að taxtinn haldist óbreyttur. Það hefur orðið að hækka taxtann hjer í Reykjavík, og stjórnin getur ekki gefið notendum Akureyrarkerfisins nein bindandi loforð um, að þeir fái að halda sínum taxta óbreyttum næstu 5 ár. Hitt er líklegra, að það verði að hækka hann eitthvað, en hvað mikið, get jeg ekki um sagt. Ef fjárlaganefndin vill búa öðruvísi um þetta, þá verður hún að koma með sjerstaka till. um það.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg verð að segja það, að jeg hafði ekki búist við svona snemmbærum umr. um 13. gr., því að háttv. framsm. hafði huggað mig með því, að umr. um þá grein yrðu ekki fyr en á morgun. En úr því að svo er komið, neyðist jeg til að fara nokkrum orðum um breyt.till. minar, og ætla jeg þá fyrst að drepa á breyt.till. á þskj. 248, sem er frá okkur háttv. þm. S.-Þing. Stjórnarráðið leggur til, að laun póstmeistara sjeu hækkuð úr 3,000 kr. upp í 4,500 kr. og ritfje hans úr 2,000 kr. upp í 5,000 kr. Við flutningsm. brt. álítum hins vegar, að minna megi gagn gjöra, og leggjum til, að launin sjeu aukin um 500 kr. í stað 1,500 kr., og ritfjeð sje látið haldast óbreytt, eins og það er nú, en í notum þess bætt við einum póstafgreiðslumanni í Reykjavík, með 1,000 kr. launum.

Stjórnin ver hækkun sína á launum póstmeistara með því, að hún hafi bótalaust tekið af honum hús, og með því, að störf hans vaxi stórmikið.

En ekki get jeg álitið þetta nægar ástæður til þess, að laun hans sjeu hækkuð svo mikið, sem stjórnin gjörir ráð fyrir. Hann átti ekki löglega íbúð í pósthúsinu, og var því engum rangindum beittur, þó hann yrði að víkja þaðan, er stjórnin tók húsið til notkunar í þarfir landsins. Og það er heldur ekki neitt sjerstakt fyrir póstmeistara, að störf hans vaxa, því að störf allra embættismanna landsins fara vaxandi, eg eru þeim þó ekki ætlaðar neinar launabætur þess vegna.

Stjórnarráðið kallar starf póstmeistara í þarfir bæjarins aðalstarf hans, en starf hans fyrir landið aukastarf, en þar hefur stjórnin raunar alveg haft hausavíxl á rjettu og röngu, því að eigi á annað borð að greina störf hans í lands- og bæjarstörf, þá er hann fyrst

og fremst póstmeistari landsins, en síðan póstmeistari fyrir Reykjavík, en annars er engin ástæða til að tala hjer um aðalstörf og aukastörf, er sjeu sjerstakrar borgunar eða hækkunar verð, því að lögin þekkja ekki þessa sundurgreiningu.

Það er sízt ástæða til að fara svona geyst með þetta embætti allt í einu, því hafi nokkurt embætti verið aukið að launum, þá er það póstmeistaraembættið. Fyrst þegar það var stofnað, árið 1872, voru launin ákveðin 700 ríkisdalir eða 1,400 kr.; 1875 voru þau færð upp í 1,700 kr. Þegar sá póstmeistari, sem nú er, tók við embættinu fyrir 10 árum, voru launin orðin 2,400 kr. og ritfjeð 1,800 kr. á ári. Á næsta þingi eða 1899 voru laun hans færð upp í 3,000 kr., ritfjeð aukið um 200 kr. árlega og tveim nýjum póstafgreiðslumönnum bætt við með samtals 2,500 kr. launum. Á þingi 1903 var 3. póstafgreiðslumanninum bætt við, og afgreiðslumannalaunin aukin um 800 kr. 1905 var enn aukið 900 kr. við laun afgreiðslunnar í Reykjavík. Loks er nú sem sagt farið fram á að auka laun póstmeistarans sjálfs um 1,500 kr. og ritfjeð um 3,000 kr. Með öðrum orðum hefur nálega á hverju þingi frá 1897 laun eða ritfje póstmeistarans verið aukið. Ekki er það svo að skilja, að við flutningsmenn þessarar tillögu viðurkennum ekki, að póstmeistarinn sje alls góðs maklegur, en þar sem yfirdómararnir og hinir bezt launuðu sýslumenn hafa ekki nema 3,500 kr. laun úr landssjóði á ári, þá sýnist sú upphæð vera fullboðleg póstmeistaranum, og það því fremur, sem nú á þessu þingi hefur verið stofnað embætti, sem helzt má líkja að störfunum til við póstmeistaraembættið, en það er ritsímastjóraembættið, og því þó að eins ætluð 3,500 kr. laun, því að þær 1,500 kr., sem að auki eru veittar nú þjónandi símastjóra, á að vera »persónuleg« launaviðbót fyrir hann sjálfan.

Meðan jeg man, leyfi jeg mjer að minna hæstv. forseta á, að við flutningsm. breyt.till. á þgskj. 248 óskum, að 3. breyt.till. sje borin upp á undan 2. brtill., af þeim ástæðum, að við viljum því að eins bæta við einum póstafgreiðslumanni, að ritfjeð verði ekki hækkað. Við viljum heldur fjölga póstafgreiðslumönunum en auka ritfjeð, og það hefur póstmeistari sjálfur farið fram á í erindi sínu til stjórnarinnar, og verð jeg að telja það rjett, en hitt miður rjett af stjórninni, að fara fram á að auka ritfjeð í stað þess að bæta við mönnum. Yfirleitt álít jeg rjett, að allt ritfje væri borgað út eptir reikningi, en ekki fengið embættismönnunum sjálfum til eptirlitslausrar meðferðar.

Það er sjerstaklega fært fram sem ástæða fyrir aukningu á ritfje póstmeistara, að »búast megi við«, að póstávísanir aukist mjög hjer á landi, og störf póstmanna fari þess vegna mjög vaxandi, en jeg verð að álíta nægan tíma til að bæta launin, þegar erfiðið fer að aukast, enda er svo stutt til næsta þings í febrúar 1909, að ætla má, að nóg sje að auka laun póstmeistara um 500 kr. og bæta 1 póstafgreiðslumanni við þá 3, sem fyrir eru í Reykjavík. Annars verð jeg að taka það fram, að það er leitt, að erindi póstmeistara til stjórnarráðsins hefur ekki verið lagt fram á lestrarsalinn, en svo er raunar um flest önnur erindi, sem stjórnarráðinu berast; þau eru flestum eða öllum þm. hulinn leyndardómur. Jeg fór til háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar, en hann sagði mjer, að brjefið hefði ekki verið ætlað öðrum en nefndinni.

Þá ætla jeg að minnast lítið eitt á fyrri breyt.till. mína á þgskj. 240. Þar er farið fram á, að hækkuð verði fjárveiting til vega í Vestfirðingafjórðungi um 7,000 kr. f. á., og að sú upphæð verði ætluð til vegagjörðar í Helgafellssveit á þjóðveginum frá Stykkishólmi til Borgarness. Með lögum 9. sept. 1899 var ákveðið, að leggja veg frá Borgarnesi til Stykkishólms. Af þeim vegi er nú komin óslitin braut vestur að Hítará. En vestan árinnar eru að eins lagðir tveir spottar, annar við Hítará, en hinn við norðurendann hjá Stykkishólmi, hvor um sig hjer um bil klukkustundar reið. Veginum frá Borgarnesi vestur að Hítará var lokið 1903, og kostaði hann um eða yfir 66,000 kr. Á þinginu 1903 voru marðar fram 5,000 kr. til norðurendans, en af þessari litlu upphæð voru 4,300 kr. brúkaðar 1905 til brúar yfir Hítará. Brúin var smíðuð hjer syðra og sett upp um haustið nefnt ár, af því að ófært þótti að hafa ána óbrúaða undir haust og vetrarmyrkrið, þar sem vegur hafði verið lagður beggja megin árinnar að brúarstæðinu. Þetta var gjört með góðu leyfi stjórnarinnar og jafnframt dregizt á það, að vinna mundi mega fyrir það, sem brúarkostnaðinum svaraði, á norðurendanum sumarið 1906; en svo varð ekkert úr því vegna ritsímalagningarinnar það sumar. Vegarspottinn frá Stykkishólmi er mjög stuttur og endar við svo kölluð Sýki. Fyrrum voru til götuslóðir fyrir ofan þessi sýki, en þær eru nú að miklu leyti komnar í svo kallaða Bakkaá. Þar verður því að fara um illfær mýrasund og móapælur. Verkfræðingur landsins hefur áætlað, að vegalagning frá Sýkjum upp á svokölluð Stórholt mundi kosta um 7,000 kr. Um sjálft holtið kemur engum til hugar að leggja veg; þar er ekki hugsað til annars en ruðnings. Jeg hafði búizt við því, að fjárlaganefndin mundi láta þennan 8 ára ólagða þjóðveg sitja fyrir sýsluvegum, sem landssjóði ber engin skylda til að annast, en Keflavíkurvegurinn hefur nú samt fundið meiri náð fyrir augum þessarar hávísu nefndar en Stykkishólmsvegurinn. Háttv. framsm. þótti sem Gullbringusýsla hefði gjört þinginu eitthvert kostaboð, sem ekki mætti hafna, með því að bjóðast til að kosta að hálfu þann veg, sem sýslan að rjettu á að kosta allan. Það er rjett eins og ef jeg byði háttv. framsm. upp á það, að jeg skyldi kosta fjölskyldu mína að hálfu, ef hann vildi taka hana að sjer að öðru leyti. Það mundu honum þó líklega ekki þykja nein kostaboð.

Jeg vona nú samt, að háttv. deild verði sanngjarnari en fjárlaganefndin og veiti hið umbeðna fje, og það því fremur, sem sýslan hefur sjálf tekið 4,000 kr. lán fyrir nokkrum árum til þess að leggja veg um verstu svæðin á þessu svo kallaða þjóðvegasvæði, lán, sem ekki er sótt um uppgjöf á.

Hinn mæti maður, háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar, var að skálda eitthvað út af því, að jeg hafði tvívegis spurt hann um, hvað meint væri með »einstökum landshlutum« í 1. málsgr. skilyrða fjárlaganefndarinnar fyrir 8 ára samningnum við Sameinaða gufuskipafjelagið. Hann sagði, að jeg hefði spurt sig 5 eða 6 sinnum að því, og hefur þannig líklega reiðzt yfir því, að hann var ekki tekinn trúanlegur strax.

Jeg hefði nú líklega látið sitja við eina spurningu, hefði annar átt í htut en hann, en jeg þóttist hafa ástæðu til að láta hann endurtaka svarið, svo að fleiri heyrðu til. Mjer er ekki hægt vð skilja þessi orð öðru vísi en svo, að átt sje við hjeruð eða sýslur, því að um ömt eða fjórðunga getur ekki verið að tala. Annars býst jeg

við, að jeg geti ekki greitt atkvæði um þessa till., eða greiði jeg atkvæði, greiði jeg líklega atkv. á móti henni. Bæði þykir mjer tíminn allt of langur og svo hef jeg ekki haft tíma til að átta mig á ferðaáætluninni, sem farið hefur verið með sem hulinn leyndardóm. Og eru þó margir þingmenn verr settir í því efni en jeg, því að jeg fjekk þó að sjá hana.

Þá má það heita kynleg meðferð, sem Breiðafjarðarbáturinn hefur orðið fyrir hjá nefndinni. Hann byrjaði með 10,000 kr. á ári og naut þeirrar upphæðar, meðan alls ómöguleg fleyta »Guðrún« að nafni, vestan af Ísafirði, var höfð til ferðanna fyrir makk ónefndra manna. Næsti bátur var gott sjóskip, en þegar hann hafði tekið við ferðunum, var styrkurinn úr landssjóði færður niður í 8,000 kr. Og nú leggur fjárlaganefndin til, að styrkurinn verði 6,000 kr. og ber fyrir lækkuninni þá undarlegu ástæðu, að *heyrzt* hafi, að báturinn hafi lítið að gjöra. Líklega hefur vakað fyrir nefndinni, að hafa mætti til ferðanna einhvern smábát, en það er hreinasti ógjörningur, því að Breiðiflói er einhver stærsti og vandfarnasti fjörður landsins, auk þess sem að honum liggja 3 sýslur, einhver beztu hjeruð þessa lands, svo að ekki ætti að þurfa að óttast flutningaleysi, þegar mönnum hefur lærzt að nota bátinn. Annars væri nógu gaman að fara nánara út í þetta gufubátsmál.

Þá á jeg breyt.till. á þgskj. 219 með háttv. þgm. Mýr. (M. A.) um, að veittar verði til símalagningar frá Grund eða Norðtungu um Borgarnes til Stykkishólms 67,000 kr. Og aðra til vara á þgskj. 250 með háttv. þgm. Dal. (B.B.) um, að veittar verði rúmar 68,000 kr. til símalagningar frá Borðeyri um Búðardal til Stykkishólms, gegn væntanlegu 1/3 tillagi frá hjeruðum þeim, sem síminn færi um. Háttv. umboðsmann ráðherrans furðaði mjög á því, hve frekur jeg væri í kröfum, að ætlast til þess, að Stykkishólmi væri komið í samband, bæði að sunnan og norðan. En ekki ætlaðist jeg til þess og þóttist taka það skýrt fram. Og undarlega kemur mjer það fyrir af vörum háttv. umboðsmanns ráðh., að heyra það eptir Forberg símastjóra, að norðurleiðin væri betri en suðurleiðin, því að í viðtali við mig og ráðherra sagði Forberg, að hann teldi nyrðri leiðina heppilegri að eins vegna þess, að miðstöð væri á Borðeyri.

Eptir þetta fjárhagstímabil verða símar komnir um allar sýslur landsins, nema Strandasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu, Dalasýslu, Snæfellsnessýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Skaptafellssýslu og Vestmannaeyjasýslu, en á næsta fjárhagstímabili á að leggja síma um Strandasýslu, Ísafjarðarsýslu, Barðastrandarsýslu og Árnessýslu og væru þá að eins Dala-, Snæfellsness-, Skaptafells- og Vestmannaeyjasýslur símalausar. Um Skaptafellssýslur verður sími líklega seint eða aldrei lagður. Og þeim 3, sem eptir eru, sýnist sízt ástæða til að skilja Dala- og Snæfellsnessýslu eptir. Í þeim hjeruðum eru margar hinar beztu sveitir landsins. Í báðum sýslunum eru landkostir ágætir, og Snæfellsnessýsla er auk þess eitt af fiskisælustu hjeruðum landsins. Þar eru 3 allstór kauptún, Stykkishólmur, Ólafsvík og Sandur með á að gizka um 12—1300 íbúa alls, svo að ætla má, að sími þangað yrði allarðsamur.

Jeg mundi óska, að syðri leiðin yrði valin fremur en nyrðri leiðin, ekki eingöngu vegna Stykkishólms, heldur vegna þess, að þá lægi síminn um 5 sveitir, kjarnann úr sýslunni, eptir orð-

um háttv. þm. Borgf. og háttv. 1. þm. Húnv., einhverjar beztu sveitir landsins (*Þórh. Bjarnason:* Og fólksfæstu). Það er ekki rjett, því að Snæfellsnessýsla gengur næst Ísafjarðarsýslu að mannfjölda af öllum sýslum Vesturamtsins, auk þess sem síminn lægi þá betur við Ólafsvík, heldur en ef nyrðri leiðin væri farin. Annars hefði jeg helzt kosið, að Ólafsvík fengi síma jafnsnemma og Stykkishólmur og fór fram á það við fjárlaganefndina, en nærri því var, eins og kunnugt er, ekki komandi að svo stöddu. Raunar mætti, þó nyrðri leiðin væri valin, með tímanum koma símanum um Staðarsveit til Ólafsvíkur og Sands með þeirri aðferð, sem Forberg lagði til við ráðherrann og mig, sem sje með því móti, að leggja strax aukaálmu frá Stykkishólmi í Miklaholtshrepp, sem kosta mundi um 9,390 kr., og síðan, er fje leyfði, þaðan út Staðarsveit til Ólafsvíkur, en erfiðari og dýrari yrði sú leið samt. Þegar nú svo lítill munur er á kostnaðinum á símalagningu nyrðri leiðina og syðri leiðina og búast má við, að sýslan leggi fram fje á borð við aðrar sýslur, þá sýnist mjer enginn vafi geta leikið á því, að velja beri syðri leiðina. Og fjárhagurinn leyfir það prýðisvel, að láta bæði Snæfellsnessýslu og Dalasýslu verða samferða hinum sýslunum í Vesturamtinu á næsta fjárhagstímabili, enda hefur Forberg lagt til, að þær komist í sambandið 1909. Það mætti meira að segja gjöra það *án* aukins kostnaðar á fjárhagstímabilinu. Til þess þyrfti ekki annað en að fresta fullkomnun á Ísafjarðarálmunni, sem lagðar eru til 94,000 kr. seinna ár fjárhagstímabilsins, 1910. Og það er svo laust við, að það væri óforsvaranlegt, að það væri eptir sögn stjórnarinnar og Forbergs enda æskilegt, til þess að reyna, hvernig Ísafjarðarálman gæfist.

Annars verð jeg að álíta það ósanngjarna reglu hjá stjórninni að heimta $^1/_8$ kostnaðar af símalagningu á »aukalínum«, sem hún svo kallar. Annaðhvort er aðallína sú lína ein, sem bindur lendingarstað sæsímans við höfuðstaðinn, og allar aðrar línur aukalínur, eða aðallínur eru allar þær línur, sem binda hjerað við hjerað, en aukalínur þær línur, sem liggja hreppa á milli eða innan hjeraðs. Það liggur í augum uppi, að það er ósanngjarnt, að þeir menn, sem kostað hafa með framlögum sínum til landssjóðs að sínu leyti þær línur, sem nú eru lagðar að öllu leyti á landssjóðskostnað, verði að auki að kosta með öðrum landsmönnum að $^2/_3$ og *einir* að $^1/_8$ línur um þeirra hjeruð, ef þeir eru svo óheppnir að búa ekki við »aðallínurnar« svo kölluðu. Háttv. framsm. spurði, hvað Snæfellsnessýsla vildi borga; jeg veit það ekki upp á víst, enda varðar það litlu, því að ef það verður ekki lagt fram, sem áskilið kann að verða, verður fjárveitingin ekki notuð. En það get jeg sagt, að á sýslufundi í vor var samþykkt að leggja fram tillag á borð við aðrar sýslur. Annars má geta þess, að loforð mun vanta frá Vestfirðingum, hvað mikið þeir vilja leggja til símans þar, og hefur þó ekki staðið á því, að þeir fengju símaloforð þess vegna.

Jeg held, að jeg hafi nú í snöggu bragði tekið fram það helzta, sem jeg vildi sagt hafa og sezt því niður að sinni.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Það er enginn nýr gestur hjer á alþingi viðaukatill. á þingskjali 204, sem jeg hef leyft mjer að koma fram með, og sem er till. um fje til akbrautar í

Eyjafirði; jeg flutti samskonar till. á síðasta þingi, sem fór fram á 12,000 kr. fjárveitingu til framhalds brautinni, en nú áleit jeg, að það mundi málinu fremur til framgangs, að upphæðin færi ekki fram úr 11,000 kr., með það fyrir augum, að gjöra ekki ráð fyrir brautarlagningunni nema inn að Djúpadalsá á næstkomandi fjárhagstímabili; vegakaflann, sem þá er eptir að Saurbæ, hygg jeg að hjeraðsbúar gætu — til bráðabyrgðar — svo lagað með tiltölulega litlum kostnaði, að mögulegt verði að keyra þá leið, í það minnsta ljettar keyrslur.

Jeg sje að vísu, að þröngt muni verða í búi hjá landssjóði, og í annan stað, að nokkrir erfiðleikar kunni að verða á því, að fá verkamenn til þess að vinna að öllum þeim vegagjörðum, sem búast má við á næstu tveim árum, en þar sem hjer er um það að ræða, að halda áfram nauðsynlegri vegalagningu, samkvæmt ítrekaðri áskorun þingmálafunda til þingm. sinna, bæði fyrir síðasta þing og það, sem nú yfir stendur, og þess utan landssjóði skylt samkvæmt núgildandi vegalögum. að leggja veginn, þá vænti jeg þess, að háttv. þingd. taki fullt tilit til þessarar till. Það er ákveðið, að þessi braut nái að Saurbæ í Eyjafirði, og var byrjað á henni fyrir 10 árum og unnið að lagningunni tvö fyrstu fjárhagstímabilin, en nú í 6 ár hefur ekkert verið við henni hreyft. Þetta er mjög tilfinnanlegt fyrir þann hluta hjeraðsbúa, sem brautin er aðallega hugsuð fyrir, og hlýtur að hafa hennar mest not, nfl. Saurbæjarhrepp, sem er fólksflesti hreppurinn innan við Akureyri og á erfiðast aðdráttar. Eins og nú stendur, nær ekki brautin yfir meira en $^2/_5$ af þeim vegakafla, sem lögskipaður er. Slíkur vegur kemur því ekki að helmings notum fyrir það sveitarfjelag, sem hann átti að sjálfsögðu fyrst og fremst að gjörast fyrir, enda eru Saurbæingar neyddir til að fara með vörur sínar á hestum ofan að Grund, og þá fara þeir ekki að leigja sjer vagna, þegar svo langt er komið, og kaupa geymslu eða vöktun á sumum hestum sínum þangað til þeir koma þangað aptur á heimleiðinni. Af þessu er það auðsjáanlegt, eins og jeg hef áður tekið fram, að brautin, sem *akvegur*, kemur sveitarfjelaginu að sára litlum notum, sem mestan ávinning og þörf hefur á brautinni. Jeg hef leitað álits verkfræðings um það, hvað mikið mundi kosta að leggja veg þennan að Djúpadalsá, og er það eptir hans áliti, sem hjer er farið fram að á veitt sje. Þetta er að vísu allmikil upphæð, í tilliti til vegalengdar, þar sem hún er ekki meira en 3,64 km., en þess ber að gæta, að á þessum kafla verður að brúa á, og mundi sú brú, að áliti verkfræðings, kosta um 3,000 kr.

Háttv. framsm. fjárlaganefndar og umboðsmaður ráðh. hafa borið því við, að það mundi vanta vinnukrapt til þess að vinna að öllum þeim vegalagningum, sem fram á er farið. En till þess er því að svara, að jafnframt og jeg leitaði álits verkfræðingsins um fjárupphæð þá, er til vegagjörðarinnar þyrfti að leggja, þá innti jeg hann eptir, hvort hann sæi nokkuð verulegt á móti því, að þessi brautargjörð kæmist á á næsta fjárhagstímabili, og kvað hann nei við, að eins að heppilegra mundi, að ákveðið væri til þess síðara ár fjárhagstímabilsins. Ennfremur hygg jeg, að Eyfirðingar leggi fram töluverðan vinnukrapt, ef til þess kæmi, að menn vantaði til verksins.

Jeg hef skrifað fjárlaganefndinni erindi um þetta mál, og þykir mjer mjög leitt, að hún ekki hefir sjeð sjer fært að taka þennan lið upp í álit sitt. En

samt sem áður ber jeg það traust til háttv. deildar, að hún sjái, hve afarmikil nauðsyn er á, að þetta fái framgang. Því jeg verð að álíta, að það hafi verið meiningin, þegar byrjað var að veita fje til þessarar brautar, að ekki liði svo hvert fjárhagstímabilið af öðru, að ekkert fje væri veitt til framlengingar brautarinnar.

Jeg skal svo ekki fara hjer um fleiri orðum, en leyfi mjer áður en jeg lýk máli mínu, að þakka fjárlagan. fyrir hvernig hún hefur tekið undir ósk Eyfirðinga og manna fyrir norðan yfirleitt, um styrk til gufubátsferða á Eyjafirði og þar í grennd. Á fjárlagafrumv. stjórnarinnar eru að eins 3,000 kr. ætlaðar í þessu skyni, en það er svo lítið fje, að fyrirsjáanlegt er, að þessar ferðir geti alls ekki haldið áfram með svo litlu framlagi. Það hefur orðið sú reyndin á, að sá bátur, sem notaður hefur verið til ferðanna, hefur reynzt öldungis ónógur og ekki líklegt, að betri bátur fáist fyrir sama fjárstyrk. En ef styrkurinn þar á móti verður helmingi hærri, eða 6,000 kr. eins og fjárlaganefndin leggur til, þá má ætla, að fáist stærri bátur og haganlegri ferðir, sem þá taka yfir mikið stærra svæði, og koma þar af leiðandi að margfalt meiri notum.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. á þgskj. 244, sem fer fram á það, að breyta til muna fjárveitingu á fjárlagafrv. undir 13. gr. B. Í frumv. er ætlað til vega í Sunnlendingafjórðungi 15,000 kr. fyrra árið en 6,000 kr. síðara árið, og til að brúa Ytri-Rangá 29,000 kr. Nú hef jeg komið með þá breyt.till., að í staðinn fyrir 15,000 og 6,000 kr., komi 4,000 kr. fyrra árið og 6,000 kr. síðara árið, en aptur á móti fer sú breyt.till. fram á, að í staðinn fyrir 29,000 kr. til brúarinnar á Ytri-Rangá komi 55,000 kr., og af því ætlar Rangárvallasýsla að leggja fram 5,000 kr. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til forseta, að það er ætlun mín, að þessar breytingar verði allar bornar upp í einu lagi.

Hæstv. umboðsmaður ráðh. efaðist um, að mjer væri alvara með þessum breyt.till., en jeg get fullvissað hann um, að mjer er það full alvara, að flytja þessa breyt.till., og full alvara að óska þess, að deildin vildi samþykkja hana. Yfir höfuð sit jeg ekki hjer til þess að gjöra að gamni mínu, og jeg ímynda mjer, að það gjöri enginn þm., og sennilega ekki heldur hæstv. umboðsmaður ráðh. Það er eins og gefur að skilja fullkomin alvara Rangæinga, að fá Ytri-Rangá brúaða, en jafnframt líka einlæg ósk, að brúin verði hjá Ægissíðu, en ekki hjá Ægisíðufossi. Að svo sje, má ráða af því, að sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur fyrst og fremst látið einróma ósk sína uppi um það, og á tveim þingmálafundum í vor var hin sama ósk eða áskorun samþykkt í einu hljóði. En greinilegast og bezt sjest það, að þetta er fullkomið alvörumál, að áin verði brúuð hjá Ægisíðu, en eigi á neðri staðnum, að sýslubúar bjóðast til að leggja fram 5,000 kr. til brúarbyggingarinnar í þessu skyni. Því þar sem sýslubúar sjálfir, sem samkvæmt hlutarins eðli hljóta að vera öllum kringumstæðum kunnugastir, bjóðast til að leggja fram svona mikið fje úr sjóði sýslunnar, þá liggur í því í raun og veru nægileg sönnun fyrir því, að brúin muni koma að miklu fyllri, betri og almennari notum, ef hún yrði sett þar, sem æskt er eptir, á Ægisíðu, en ekki Ægisíðufossi.

Háttv. framsm. talaði um það, að ekki væri gjörlegt að leggja fram fje, svo sem þyrfti til viðbótar til þess að brúin yrði sett á hinum eptiræskta

stað, því að það bæri ekki að eins að líta á það, hve mikill útgjaldaauki það yrði fyrir landssjóðinn, heldur og fyrir sýslusjóð Rangárvallasýslu. En að því, er snertir umhyggju hans fyrir því að Rangæingar bruðli ekki fje sínu eða sýslusjóðs síns til óþarfa, þá get jeg sagt honum, að það er hreinn og beinn óþarfi fyrir hann að bera það nokkuð fyrir brjósti.

Rangæingar eru sjálfir fjár síns ráðandi og munu taka því með litlu þakklæti, að aðrir blandi sjer inn í fjármál þeirra og þykist hafa vit fyrir þeim. Og því síður munu þeir kunna þakkir fyrir þau afskipti, sem þeir eru sannfærðir um, að þessum peningum, er fram væru lagðir í þessu skyni, væri vel varið.

Hjá Ægisíðu hagar svo til, að þar er ágætt brúarstæði. Áin rennur þar milli tveggja bakka, sem menn muna ekki til að hafi nokkurn tíma brotnað; áin er þar lygn eins og stöðuvatn og leggur þar aldrei. En það, sem sjerstaklega gjörir það að verkum, að þessi ósk, um að brúin verði þar sett, ætti að takast til greina, er það, að með því eina móti getur hún komið að fullum notum á flutningabraut. En verði brúin sett neðar, þá er ekki fullkomin flutningabraut nema öðru megin að henni, því blautur sandur tekur við fyrir austan. Verkfræðingurinn hefur sjálfur sagt, að á þessum slóðum væri ekki um vegagjörð að ræða, en það mætti fara um sandana með vagn, þegar þeir væru fulltroðnir orðnir. Nú gefur að skilja, að sandurinn fyrir austan ána væri með öllu ótroðinn, ef brúin væri sett á neðri staðnum og þess vegna óvagnfær fyrst í stað og að líkindum all-lengi fram eptir, þar sem umferðin, eptir sem áður, mundi verða allmikil á Ægisíðuvaði bæði af lausriðandi mönnum, hrossarekstrum og jafnvel vögnum, svo að all-langur tími hlýtur að líða þangað til um verulega vagnfæran veg væri að ræða fyrir austan brúna á neðri staðnum. Ef fara ætti með vagna um brúna á neðri staðnum, þá yrði þess vegna að við hafa sömu aðferð og nú að ljetta þá að miklum mun. Munurinn yrði að eins sá, að nú verður að ljetta vagnana vegna sjálfrar árinnar, en þá yrði að ljetta þá vegna vegarins eða rjettara sagt vegna vegleysunnar, sem tæki við fyrir austan brúna. Allt öðru máli er að gegna, ef brúin yrði byggð á efri staðnum, þ. e. hjá Ægisíðu, þá hlyti hún að koma að fullkomnum notum til allrar umferðar og flutninga, því þar taka strax við fyrir austan á sandinum eldgamlir beinharðir troðningar, sem fullfærir eru öllum vögnum jafnt og lagður vegur væri. — Það gefur þannig að skilja, að eins og brúin yrði verulega góð samgöngubót, ef hún yrði byggð á efri staðnum, eins gjörir hún lítið, allt of lítið til að ljetta flutningana, ef hún er byggð á neðri staðnum. Hún yrði þá að eins til að grípa til, þegar áin væri ófær eða lítt fær á vaðinu. Það gefur að skilja, að úr því að þess þyrfti með að ljetta vagnana jafnt, hvort sem farið væri niður á brúna eða farið væri á vaðinu, þá mundu menn telja á sig krókinn.

Krókurinn yrði að vísu ekki ýkja mikill, hann mun verða á annan km., en það drægi sig saman fyrir þá, sem opt fara um þennan veg. Og þó hann sýnist ekki svo mjög mikill fyrir langferðamenn, þá mundi hann verða æði tilfinnanlegur fyrir þá, sem búa langt upp með ánni beggja vegna, sjerstaklega Holtamenn, er þeir þyrftu t. d. að sækja lækni austur yfir ána, sem opt kemur fyrir. Því jeg gjöri ráð

fyrir, að læknir verði aldrei búsettur jafn neðarlega og brúin yrði sett, ef hún yrði á neðri staðnum.

Jeg hef aðallega heyrt 3 ástæður á móti því, að hafa brúna hjá Ægisíðu. Sú fyrsta er það, að brúin verði þar 10,000 kr. dýrari fyrir landssjóð — því að það, þó sýslufjelagið leggi til 5,000 kr., á ekki að koma til greina öðru vísi en sem meðmæli með efri staðnum. — En jeg álít að þessi ástæða ætti ekki að standa fyrir, þar sem svo miklu meiri not verða að brúnni á efri staðnum en hinum neðri.

Önnur ástæðan, er landsverkfræðingurinn telur, er sú, að brúin sje á hentugri stað niður frá, sjerstaklega með tilliti til heyflutnings Rangvellinga úr Safarmýri. En sú ástæða er ekki á rökum byggð. Sjálfur er jeg þar miklu kunnugri en hann. Rangæingar flestir hafa heyskap í Grafarnesi, en hafi hann brugðizt þar, hafa þeir sótt heyskap í Oddaflóð. Og þó svo væri, að einhverjir sækti hey í Safarmýri, þá gefur að skilja, að fyrir þá er brúin ekki á hentugri stað á Ægissíðufossi en á Ægissíðuhöfða, því að ekki eru nema 4 bæir á sjálfum Rangárvöllum, sem neðar eru settir en brúin yrði sett og þær jarðir allar beztu heyskaparjarðir.

Þriðja ástæða verkfræðingsins gegn því að brúin sje á Ægissíðuhöfða er veigamest, — það skal jeg játa, sem sje sú, að áætlunin sje of lág og óviss hjá honum sjálfum. En hvers vegna er hann að búa til slíka áætlun, sem hann verður að segja um, að ekki sje takandi mark á? Það er ekki til annars en að ala vonir um það hjá sýslubúum, að þeir gætu fengið brúna á þessum stað, fyrir það verð, sem hann hefur sjálfur tiltekið, en svo skuli eintómar falsvonir reynast. Jeg skil satt að segja ekki í því atferli.

Jeg hef svo ekki meira að segja um þetta mál, en hef skýrt það fullgreinilega fyrir hinni háttv. deild, og læt hana svo um það, hvernig hún tekur því.

Jón Magnússon (þm. Vestm.). Jeg á hjer tvær breyt.till. um sama efni.

Breyt.till. á þgskj. 212 fer fram á 32,300 kr. fjárveitingu til símalagningar frá Eystri-Garðsauka til Vestmanneyja, gegn 10,000 kr. tillagi annarsstaðar frá. Að vísu er það ekki fullur þriðjungur kostnaðarins, en jeg tiltók þá upphæð af því, að jeg vissi, að Vestmanneyingar voru við búnir að leggja að minsta kosti svo mikið í kostnaðinn. En síðar sagði framsm. fjárl.n. mjer, að ef þriðjungs-tillagan kæmi gegn tveim þriðjungum úr landssjóði, mundu allir nefndarmenn, að einum undan skildum, vera með símalagningunni til Vestmanneyja, en ekki að öðrum kosti. Eptir þessari bendingu kom jeg fram með aðra breyt.-till., þar sem gjört er ráð fyrir tveggja þriðjunga tillagi úr landssjóði, gegn einum þriðjungi annarsstaðar frá. Jeg hef ástæðu til að ætla, að ekki standi á þessu 14,000 kr. framlagi, enda þótt eyjamenn geti ef til vill ekki látið það allt í tje. En það eru fleiri en þeir, sem græða á símasambandi við eyjarnar.

Sakir þess, sem áður er greint, kom mjer það mjög á óvart, er mjer skildist á ræðu háttv. framsm. nú, að hann vildi mæla fram með öllum breyt.till. um símalagningar, er byðu þriðjung kostnaðar, fremur en brt. um Vestmanneyjasímann. Hvort sem hann nú talaði þar frá eigin brjósti eða meiri eða minni hluta nefndarinnar, þá voru ástæður hans fólgnar í efasemdum um, að þessi símaleið væri nægilega rannsökuð. Til þess liggja þau svör, að jeg kom fram með till. mína eftir viðtali við Forberg síma-

stjóra, er kvað ástæður til að koma á þessu sambandi,og hafði hann þá rannsakað símaleiðina frá Eystri-Garðsauka niður að lendingarstaðnum við Rangársand. Á leiðinni til eyjanna er mestmegnis sandbotn, og er hún því vel til þess fallin, að þar sje lagður sæsími. Það eina, sem athugavert gæti verið, er það, að einatt er allmikið brim við eyjarnar, þar sem síminn yrði að lenda. En þó held jeg ekki sje ástæða til að setja það fyrir sig. Hinu get jeg ekki svarað með vissu, hversu miklum kostnaði það mundi bundið, að bæta símaslit, sem verða kynnu á þessari leið. Um það hefði nefndin átt að geta aflað sjer upplýsinga. Samt hygg jeg ekki meiri vanda að bæta símaslit þar, en annarsstaðar, er sæsímar hafa verið eða verða lagðir hjer við land. Mætti sjálfsagt vel nota til þess mótorbáta.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram aptur, að það er byggt á ummælum og rannsóknum símastjóra, að jeg hef komið fram með þessa tillögu mína. Vona jeg að nefndin játi, að honum verði maður þó að treysta. Hann álítur, að þessi símaspotti eigi að verða einna fyrstur á árinu 1909.

Ef svo skyldi reynast við nánari rannsóknir, að varhugavert væri, að leggja sæsíma á þessari leið, þá er auðvitað sjálfsagt að hætta við framkvæmdir á fyrirtækinu. Þótt brtill. væri tekin upp á fjárlögin, þá getur það ekki skoðast öðru vísi en sem heimild til handa stjórninni, að hún megi nota þetta fje til þessa fyrirtækis, en hins vegar verður hún að álítast skyld til að hætta við framkvæmdirnar, ef fyrirtækið sýndist óráðlegt.

Háttv. framsm. benti til, að ástæða gæti verið til að reyna þráðlaust skeytasamband við eyjarnar. Það er nú svo. Þó nú móttökustöð og sendistöð þráðlausra skeyta væri sett upp í eyjunum, vantar slíka stöð á landi. Auðvitað mætti og setja upp slíka stöð þar. Aðalgallinn er þó sá, að reksturinn á þráðlausu sambandi, eins og hjer stendur á, er margfalt dýrari, og því eigi líklegt, að fyrst um sinn yrði farið að leggja út í það.

Um hitt er jeg samþykkur háttv. framsm., að ekki beri að leggja síma til eyjanna fyr en símalína er komin austur í Landeyjar. Þetta mál er auðvitað því skilyrði bundið, að samningar geti tekizt milli stjórnarinnar og austursýslnanna.

Þegar litið er til þess, hvert gagn mætti verða að símasambandi við Vestmannaeyjar, þá er auðsætt, að hagnaðurinn verður ekki mestur fyrir eyjarskeggja, heldur fyrir ýmsa aðra viðs vegar, ekki síst sjómenn við Faxaflóa. Jeg hef nýlega átt tal um þetta efni við einn stærsta útgjörðarmanninn hjer í Reykjavík. og áleit hann, að símasamband við eyjarnar mundi verða til stórhagnaðar og framfara fyrir fiskiveiðarnar við Faxaflóa. Enn fremur mundi sambandið þaðan við útlönd verða notað svo mikið, svo að telja má víst, að öllu athuguðu, að þessi símalína muni bera sig vel. Jeg veit, að foringjar herskipanna hafa talið það samband mjög nauðsynlegt. Og eigi einungis mundi það notað af útlendum skipum, heldur einnig af innlendum fiskiskipum.

Þar sem nú breyt.till. min er byggð á upplýsingum og tillögum símastjóra, er mest ber að treysta í þessu máli, og þar sem jeg auk þess hef þótzt sýna fram á það með góðum rökum, að öll ástæða sje til, að koma Vestmannaeyjum í símasamband sem fyrst,

vona jeg, að háttv. fjárlaganefnd og háttv. deild taki henni vel.

Fyrri breyt.till. mína tek jeg aptur.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rv.): Það var víst meint til mín, er háttv. þgm. Vestm. (J. M.) kvað einn nefndarmann hafa verið mótfallinn fjárveitingu til símasambands við Vestmannaeyjar. Enda er það líka rjett hermt. Jeg álít, að sú fjárveiting megi bíða fyrst um sinn. Landtaka er mjög slæm báðum megin, bæði við landið og eyjarnar. Flesta mun líka reka minni til, að hjerna um árið, þegar það var efst á baugi í umræðum manna, hvar bezt væri að leggja sæsímann upp að landinu, var því haldið fram, að allstaðar væri slæm landtaka sunnanlands, enda varð það tilefnið til, að Seyðisfjörður varð fyrir valinu.

Þetta, hvernig háttað er landtöku í Vestmannaeyjum, var fyrsta ástæða mín, er jeg bar fram í nefndinni.

Önnur var sú, að mjög mikið er af trollurum við eyjarnar. Jeg hef opt farið þar um, og þá hefur þar ætíð verið krökkt af trollurum. En þeir eru einmitt álitnir eitthvað það hættulegasta fyrir sæsíma, enda var það almennt talið víst hjer á dögunum, er símslitin urðu við Hjaltland, að trollurum væri um að kenna.

Þess vegna er jeg einbeittur á móti því, að eyða fje til þessa sambands. Svo mikið gagn getur heldur aldrei að því orðið, sem háttv. þgm. Vestm. (J. M.) vill vera láta. Íbúar eru þar örfáir. Og fyrir fiskiskip hjeðan úr Faxaflóa hefði það samband enga þýðingu nema um 4—5 vikna tíma. Ef skipin hitta ekki fyrir veiði við eyjarnar, halda þau alla leið austur fyrir Dyrhóla. Í öllu falli er það örstuttur tími, sem þau ílengjast við eyjarnar. Þegar þau koma að austan, halda þau alla leið vestur fyrir Reykjanes til Faxaflóa.

Það hefur komið til mála, að höfn mundi verða byggð í Vestmannaeyjum. Þegar það mál er komið í kring, má vel vera, að skipaaðsókn þangað vaxi svo, að svara mundi kostnaði að hafa eitthvert málskeytasamband milli lands og eyja. Og þó að jeg hafi aldrei verið loptskeytamaður, þá gæti jeg orðið það í þessu máli. Ef á annað borð ætti að koma á sambandi við eyjarnar, þá tel jeg heppilegra að hafa það þráðlaust en sæsíma.

Jeg veit ekki, hvort það er leyndarmál eða ekki, að minnsta kosti þarf það ekki að vera neitt leyndarmál — að komið hefur til orða, að tiltækilegt mundi að koma á þráðlausu sambandi milli Íslands og Færeyja, svo að það mætti vera til vara ef sæsíminn slitnaði. Þá má vel vera, að hentugt væri að hafa stöð bæði á Austfjörðum og í Vestmannaeyjum.

Jeg vil því, að þetta mál bíði, að minnsta kosti þangað til vissa er fyrir, að nokkuð verði úr hafnargjörð í eyjunum og þráðlausu sambandi við Færeyjar.

Úr því jeg stóð upp, skal jeg minnast lítið eitt á annað atriði. Einn h. þgm. kvað áðan svo að orði, að veittar hefðu verið 10,000 kr. til *ljelegs báts* á Breiðafirði. Þetta er ekki ofmælt. Þingið veitir opt fje alveg út í bláinn til báta þar og þar. án þess að taka nokkuð fram um, hvernig báturinn eigi að vera. Það ætti að setja skýr skilyrði fyrir, að styrkurinn fengist. Hingað til hefur skilyrðið að eins verið vissar ferðir, en aldrei hefur verið litið til þess, hvort vörum og mönnum er borgið með þessum bátum, sem verið er að styrkja.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Brtill. okkar þm. Mýr. (M. A.) á þskj. 260 fær svo góðan byr, að ekki er mikil þörf á að tala fyrir henni. Hún fer, eins og kunnugt er, fram á að fá símaspotta niður með Hvítá til Borgarness. Fjárlaganefndin vissi, að hún mundi koma fram og hjet henni fylgi sínu.

Í tilefni af ummælum hæstv. umboðsmanns ráðh. skal jeg geta þess, að brtill. þessi er gjörð í samráði við Forberg símastjóra og miðuð við fyrra ár fjárhagstímabilsins. Jeg skildi hann svo, að koma mætti því við fyrra árið. Hafi það verið misheyrn eða misskilningur, þá bíður spottinn seinna ársins. Varmilækur er heppilegri upptökustaður en Grund, enda hefði sá bær verið símastöð frá upphafi, ef Grundarbóndinn hefði ekki betur boðið í símann. Varmilækur hefur þann kost til að bera, að hann er alveg í þjóðleiðinni og eins í leiðinni ofan að til Akraness. Frá Varmalæk lægi svo síminn á læknissetrið í Stafholtsey, talstöð þar, til stórhagræðis fyrir hjeraðið. Svo er og ráð fyrir gjört, að stöð verði á Hvítárvöllum, og tel jeg þá Hvanneyri komna í sambandið með bændaskólann, þó um sinn yrði beðið fáein ár að fá aukaspotta þangað.

Þriðjung kostnaðarius við síma í Borgarnes munu sýslubúar beggja sýslnanna leggja fram; það þykist jeg mega fullyrða, og veit jeg, að háttv. þm. Mýr. (M. A.) mun samsinna því,

Að öðru atriði vildi jeg gjarnan víkja, af því að jeg var um það í minni hluta í nefndinni, og það er till. stjórnarfrumv. um fjárveitingu til rannsókna á járnbrautarstæði austur yfir fjall. — Fyrir mjer er það stór-áhugamál, að sú fjárveiting fái að standa á fjárlögunum. Þeir, sem kunnugir eru austanfjalls og sjeð hafa, hversu mikill vagnafjöldi er kominn í þessa byggð, á 3—5 síðustu árum, hljóta að fá trú á járnbrautinni. Þar úir og grúir af vögnum um alla keyrsluvegu. Síðast er jeg fór þar um í byrjun júlímánaðar, sá jeg víða menn með 5 vagna í togi, og sumir segjast jafnvel hafa sjeð 8. Þeir sem sjeð hafa alla þá umferð og flutninga, og það nú, meðan grassljettan mikla er svo lítið bætt og notuð, fá járnbrautartrúna.

Og hins vegar vita menn, að þetta mál stendur í nánu sambandi við eitthvert stórkostlegasta framfarafyrirtæki hjer á landi, sem sje áveitu og ræktun á 3 □ mílum lands í Flóanum og á Skeiðunum. Það fyrirtæki er óhugsandi nema því að eins að járnbraut komist á. Það bindur hvað annað.

Við járnbrautina austur og áveituna í Árnessýslu eru bundnar stærstu framfaravonir íslenzks landbúnaðar. Þess vegna eru, ef alþingi 1907 fellir þetta, kæfðar svo miklar vonir, það er uppgjöf, sem lýsir svo mikilli örvílnan, að það slær skugga á framtíðarvonir okkar, og jeg get ekki gjört að því, að mjer sýnist við þá hrapa í áliti sjálfra okkar og annara. *(Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.: Strykum yfir stóru orðin). Orðin eru ekki of stór. Hjer er rætt um, að veita nokkuð fje til rækilegra rannsókna í einu því stærsta máli, sem þetta þing hefur haft til meðferðar; og þá kveður við það sama og þegar síminn kom 1905 á dagskrá: »Við getum beðið, við verðum að bíða«. En við megum ekki bíða. Jeg fyrir mitt leyti get ekki beðið. Jeg vil sjá þetta og fleira í framkvæmd, áður en jeg fer í gröfina.

Loks er eitt atriði, þar sem jeg vil vil árjetta orð háttv. framsm. (J. J.) og það eru framlögin til veganna. Þó

að mjer þyki fyrir með suma þessa vegi og sjái eptir þeim, þá lít jeg svo á, að bæði fjárhags vegna og mannafla, sje ófært að fara lengra en frv. stjórnarinnar hefur gjört í þetta sinn. Frá eigin brjósti vil jeg bæta því við, að hún er skaðleg þessi lagaskipting eða flokkun á vegunum, sem hefur það í för með sjer, að af landssjóði er heimtað að kosta hvern þann veg, sem hefur náð að heita vissu nafni, en annars ekki. Þessi laganöfn, sem smíðuð eru heima í stofunni, eru þýðingarminni, en náttúru-skilyrðin, sem eru fyrir hendi á hverjum stað. Eðlilegi mælikvarðinn er, hve margir fara um svæðið og hve mikið þeir hafa að flytja, eða geta haft. Nafnið hefur minna að segja en þörfin. Þar sem hún er mest, flutningaþörfin, þar borgar sig bezt að styrkja til vegargjörðar. Það er ósk mín, að stefnt yrði inn á þá braut, að veita að eins fje til þeirra hjeraða, sem leggja sjálf fje á móti, því að þar er auðsjáanlega þörf fyrir hendi. Þess vegna hefur mjer verið ánægja, og jeg hef fylgt þeirri reglu, að veita örlátlega fje til sýsluveganna, þegar myndarlega er lagt fram á móti. Einasti mælikvarðinn á þörfinni, er hvað menn vilja sjálfir beint leggja á sig. Þá er málið komið á rekspöl, annaðhvort fyrir sjerstök náttúruskilyrði eða sjerstakan dugnað einstakra manna, sem kemur nokkuð í sama stað niður. Þá er rjett og sjálfsagt að veita styrk. Væri þessari reglu fylgt, gengi allt vel. En nú togar hver fyrir sitt hjerað, ef nafninu »flutningabraut« eða »þjóðvegur« verður komið að.

Það er gamall sannleikur og allt af nýr, og hver hygginn maður beitir í búskap þeirri reglu, að láta peninga og afl ganga þangað, sem arður og kraptur er fyrir. Það er grasmóinn, en ekki grjóturðin, sem tekur við ræktuninni. Stjórn og þing þurfa að temja sjer meiri verkhyggni en verið hefur til þessa.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg ætla að tala nokkur orð fyrir breyt.-till. minum á þgskj. 211. Fyrst ætla jeg að taka það fram, að okkur brá ekki við, að sjá lagt til, að umræddd sýslufjelög ættu að leggja til símans nálægt 35,000 kr., af því að stjórnin í fyrra fann ástæðu til að taka af okkur 9 af 15 póstferðum. Við áttum ekki góðu að venjast. Þó að jeg komi með breyt.till., er jeg háttv. fjárlaganefnd mjög þakklátur fyrir niðurfærsluna á tillaginu, þó að jeg sjái, að sýslufjelagið getur ekki heldur risið undir þeirri byrði. Tilboð frá Vestur-Barðastandarsýslu um að taka þátt í kostnaðinum mun mestmegnis eða nær eingöngu hafa verið miðað við syðri leiðina; jeg þori ekki að segja, hvort það verður nokkuð, ef síminn kemur þessa leið. En það sjá allir, að ómögulegt er fyrir lítið og fátækt sýslufjelag, að taka á sig 35,000 kr. útgjöld þar sem um 1,700 kr. eru tekjur sýlunnar. Þótt tvö sýslufjelög tækju þetta lán, þá kæmi hlutfallslega á Vestur-Ísafjarðarsýslu 14½ þús. kr. Það yrði erfitt að borga slíkt lán með jafnlitlum tekjum og tæki langan tíma, og sjerstaklega er það ósanngjörn byrði, þar sem álman frá Ísafirði til Patreksfjarðar er fyrir allt landið, en ekki fyrir Vestfjörðu eina. Allur fiskiflotinn sunnan að og Norðurlandsflotinn líka stunda nú veiðar úti fyrir Vesturlandi. Í fyrra voru þeir þar frá því í júní og þangað til langt út í september. Háttv. framsm. (J. J.) tók það fram, að sanngjarnt væri, að gjöra öllum jafnt undir höfði, og það væri gjört með því að leggja á hjeruðin, hver svo sem eru, ⅓ af kostnaðinum. Þetta get jeg ekki fallizt á, heldur er

jeg á sama máli og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem rjettilega tók fram, að ef einn landshluti legði ekkert til síma, þá ætti annar landshluti heldur ekki að gjöra það. Einkanlega er það ranglátt með þetta hjerað, þar sem mestallur fiskifloti landsins hefur stöðvar sínar. Hæstv. umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) sagði, að ekki næði nokkurri átt, að taka þessa breyt.till. til greina. Jeg held, að hann hafi ekki athugað hvert hjeraðið er, og hverjir hafa not af símanum, því að þá gæti honum ekki farizt svona orð. Ef einungis Vestur-Ísafjarðarsýsla og Barðastrandarsýsla hefðu símans not, þá væri þetta rjett. Þrátt fyrir þetta, skyldi jeg samt vera með till. fjárlaganefndarinnar, ef jeg sæi nokkurn veg til, að þessi litlu og fátæku sýslufjelög gætu borið 25,000 kr. tillag. En jeg sje það ekki. Jeg hef athugað, að ef tekið væri 25,000 kr. lán og Vestur-Ísafjarðarsýsla tæki að sínum parti 15,000 kr. með 6% vöxtum og afborgun í 28 ár, þá nemur þetta rúmum 850 kr. á ári. Það sjá allir, að sýsla með jafnlitlum tekjum og þessi, getur ekki borið þessi útgjöld, og allra sízt er ástæða til þess, þegar það er ekki eingöngu í þarfir sýslunnar sjálfrar, heldur landsins alls. Sem eina sönnun þess, hve mikið gagn sími á þessari leið gæti haft, skal það tekið fram, að í síðastliðnum janúar fyllti Ísafjarðardjúp þannig af hafís, að fleiri botnvörpuskip lágu þar inniföst; á sama tíma fyllti einnig svo af ís fyrir Vestfjörðunum, að sæta varð lagi fyrir skip að komast fyrir nesin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og milli Arnarfjarðar og Tálknafjarðar. Jafnframt var norðankafalds bylur, en svo vill svo heppilega til, að rjett áður en »Laura« kom vestur, þá birti upp og ísinn lónaði frá landi. Hve mikið tjón hefði nú getað af hlotizt, ef þannig hefði ekki viljað til, geta menn ímyndað sjer, en hefði sími legið til Patreksfjarðar, þá hefðu mátt aðvara skipstjóra. Ísafjörður getur verið tepptur, þótt komast megt á hafnir fyrir vestan.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tók það fram við framhald 1. umr., að landssjóður hefði átt að taka stærra lán til þess að leggja síma víðar þar sem nauðsyn bæri til, og setja ekki þetta skilyrði. Þessu er jeg samdóma, því hver mundi ekki heldur vilja taka við búi föður síns í góðu standi, þótt litlar skuldir hvíldu á því, heldur en að taka við öllu uiðurniddu, enda þótt skuldlaust væri. Margar till. hafa komið fram og ef margar af þeim verða samþykktar, verður auðsjáanlega tekjuhalli, en jeg skal þá með glöðu geði greiða atkv. með stærra láni og lengri afborgunartíma.

Jeg gat þess í byrjun ræðu minnar, að við hefðum ekki orðið fyrir neinum vonbrigðum, þótt stjórnin setti okkur þessi skilyrði, af því að hún í fyrra hefði tekið af okkur 9 póstferðir af 15. Jeg vil bæta því við, að hefði nú þetta verið búhnykkur, þannig að landið hefði getað grætt fje á okkur Vestfirðingum, þá hefði þetta verið sök sjer. En svo óheppilega tókst til, að því fje tapaði landssjóður einmitt af því, að það vantaði þóstgöngur. Það stóð svo á, að stjórnin sendi út umburðarbrjef um, að nokkrar franskar fiskiduggur frá Dunkerque hefðu farið út í leyfisleysi, og var sýslumanni tilkynnt, að leggja ætti hald á skjöl þessara skipa, nema þau greiddu ákveðnar sektir. En brjefin komu illa til reika fyrstu dagana í júlí, og höfðu þá nokkur þessara skipa legið á Dýrafirði og öll, að jeg hygg, sloppið við sekt. Þetta var því enginn búhnykkur.

Jeg býst ekki við, að till. mín verði samþ., en jeg vildi samt koma með

hana, þótt jeg hafi hugsað mjer að ganga inn á dálítið hærri upphæð við 3. umr.; raunar treysti jeg hjeraðinu tæplega til þess að bera hana. Að endingu vil jeg enn einu sinni benda háttv. þm. á, að þessi sími er ekki eingöngu fyrir okkur, heldur allan fiskiflota Íslands. Hve mikill hagnaður hefði verið að því, ef Norðlendingar í sumar hefðu vitað í tíma, að nóg beituráð voru á Vesturlandi, þegar engin síld var á Eyjafirði. Í öllu tilliti eru Vestfirðir það svæði, sem fiskiveiðum okkar er nauðsynlegast að lagður sje ritsími til, og af þeim síma hljóta þar að auki að verða mestar tekjur, að bæjunum undanskildum. Meira ætla jeg ekki að segja, en fel háttv. deild málið og vona, að hún taki tillit til orða minna við atkv.gr.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg og háttv. samþm. höfum komið með 2 breyt.till. Fyrri till. er á þgskj. 222, um að veita 10,000 kr. til að leggja akfæran veg frá Ingólfsfjalli hjá Alviðru og upp í Grímsnes. Þessari till. hefur verið fremur vel tekið; fjárlaganefndin hefur raunar ekki treyst sjer til að mæla beinlínis með henni, en framsm. gat þess þó, að af þeim till. um fjárveitingu til vegalagninga, er fyrir lægju, þá mundi mest nauðsyn vera á þessum vegarkafla, og því sanngjarnt að sinna þessari till. Það er og sannarlega mikil þörf á þessum vegi, og landritari lýsti rjett nauðsyninni á þessum vegarkafla. Þinginu hafa verið sendar nákvæmar skýrslur og bónarbrjef frá Grímsnesingum, en þareð allir þm. munu ekki hafa lesið það, — þesskonar skjöl eru lítið lesin,— ætla jeg að skýra háttv. deild frá aðalatriðunum, og gefa nokkrar upplýsingar í málinu. Það hagar svo til, að beggja vegna við Sogsbrúna er öldungis ófær vegur að kalla má með klyfjahesta, þá er rigningar ganga. Að vestanverðu við brúna þarf að gjöra akfæran veg upp að Ingólfsfjalli, og er það fremur stuttur vegur, en að austanverðu er hraun mjög illt yfirferðar, og er sá spölur allt að 6—7 km., sem vestur er upp á móts við Miðengisflatir. Skammt þar frá er rjómabú Grímsnesinga, og eru í því 32 bændur. Að þessu rjómabúi hafa Grímsnesingar lofað að leggja veg útfrá aðalveginum, og svo hafa þeir einnig lofað að leggja annan vagnveg suður eptir sveitinni að Vaðnesi, Arnarbæli og Kiðabergi, en út frá þessum tveimur aðalálmum ætla þeir svo að leggja eða ryðja vagnveg heim að hverjum bæ í vesturhluta sveitarinnar, svo að hægt verði að aka til og frá rjómabúinu. Áætla þeir, að vegir þessir muni kosta 8—10,000 kr. Ennfremur láta þeir þess getið, að þeir síðarmeir ætli sjer að leggja akbraut frá aðalveginum að rjómabúinu við Apá, en í því eru 65—75 bændur. Sýnir þetta, hve mikið þeir vilja leggja á sig til þess, að fá þessu framgengt, að fær vegur verði gjörður beggja vegna Sogsbrúarinnar.

Auk þess vil jeg geta þess, að þeir lögðu 5,500 kr. til byggingar Sogsbrúarinnar. Eptir vegalögunum, sem nú liggja fyrir þinginu, er gjört ráð fyrir, að flutningabraut, sem landssjóður á að kosta að öllu leyti, liggi um Sogsbrúna upp Grímsnes, og sömuleiðis er stungið upp á, að eldri lán til flutningabrautar, verði gefin upp, og þar á meðal þetta Sogsbrúarlán, eða eptirstöðvar þess, sem 1. október 1909 verða 3,500 kr., en þá hafa Grímsnesingar borgað 2,000 kr., sem landssjóður annars hefði orðið að greiða, og virðist mjer, að taka eigi tillit til þessa, þá er þeir biðja um lagningu þessa vegar.

Grímsnesingar hafa í þessu sýnt mjög mikinn framfaraáhuga, er þeir vilja kosta

svo miklu fje til. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp álit landsverkfræðingsins um þennan vegarkafla. Það hljóðar svo:

»Eptir tilmælum vottast hjer með, að beggja vegna við Sogsbrúna er mjög slæmur vegur, mýri að vestverðu hjá Alviðru, á að gizka 1 km., og hraun að austanverðu allt að 6 km. Þessir kaflar eru mjög illfærir með klyfjahesta, einkum í vætutíð; umferð um þá er nú allmikil, síðan brúin komst á.

Eptir vegalengdum gizka jeg á, að giöra mætti 5 álna breiðan akveg á þessum köflum fyrir um 15,000 kr.

Jeg álít, að mikil þörf sje á vegagjörð á þessum köflum; þeir liggja á sýsluvegi, en í frumv. til vegalaga, sem lagt er fyrir alþingi, er lagt til, að vegurinn verði tekinn i flutningabrautatölu.

Reykjavík 1. júlí 1907.

Jón Þorláksson.

Jeg skal geta þess um þessa upphæð 15,000 kr., að Grímsnesingar hafa í bónarskjali sínu tekið það fram, að þeir mundu geta komizt af með 11,000 kr. Jeg hef þó ekki farið fram á meira en 10,000 kr. í breyt.till. minni, eða 1,000 kr. minna, en þeir þykjast geta komizt af með minnst. Jeg þykist ekki þurfa að fara um þessa breyt.till. fleiri orðum; jeg vona, að henni verði vel tekið, enda á hún það fyllilega skilið.

Önnur breyt.till. frá mjer á þgskj. 275 hefur mætt andmælum hjer í deildinni. H. háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar hjelt að jeg væri að giöra það að gamni mínu, að koma fram með hana; hann hefur víst ekki fyllilega skilið, hvers eðlis sú breyting er, sem þar er farið fram á; en nú ætla jeg að reyna að hjálpa við skilningi h. háttv. framsm., og þeirra annara þingdm. sem eru þessari till. mótfallnir.

Það stóð svo á, að á þingi 1905 voru veittar 4,000 kr. til þess að rannsaka símaleiðir út frá aðallínunni til Ísafjarðar, og hjeðan úr Reykjavík og austur að Ægisíðu. Þessar tvær símalínur áttu að vera jafnrjettháar og báðar að vera kostaðar af landssjóði án tillags frá hjeraðabúum. Ef menn rengja mig í þessu efni, skal jeg leyfa mjer að lesa upp orð þá verandi fjárlaganefndarframsm., h. þgm. S.-Þing. (P. J.). Þau standa hjer í þingtíðindunum 1905 B, 469 dálki, svo látandi:

»Það er auðsjeð. að það þarf að undirbúa þetta rækilega, ef næsta þing á að veita fje til þessarar símalagningar. . . *Nefndin álítur rjett, að landssjóður kosti þessar línur* (þ. e. Ísafjarðarálmuna og Ægisíðuálmuna) *svo fljótt, sem því verður við komið.*«

Svona hafa skrifararnir skrifað orð háttv. framsm. þá, en þau eru ekki alveg nákvæm, eins og framsm. talaði þau. Jeg skrifaði þau upp þá samstundis eptir honum og hafði þau upp í ræðu, sem er prentuð í Alþ.tíð 1905 B 525—543 dálki.

Jeg er viss um, að það eru hans óbreyttu orð, enda hefur því ekki verið mótmælt. Þar stendur svo á 540 dálki neðst og 541. efst:

»Það sem mjer (H. Þ.) þykir mestu máli skipta, er að þessi veiting (þ. e. 4,000 kr. til rannsókna) er að skoða sem *bindandi fyrir fjárframlög á næsta þingi.*«

Jeg skrifaði einmitt upp orðrjett ummæli háttv. framsm. (P. J.) um þetta atriði. Hann sagði svo:

»*Nefndin vildi sýna (þ. e. með þessari fjárveitingu), að það væri fyrirhugað að leggja fram af landssjóði kostnað til þessara lína*« (*þ. e. Ísafjarðar-*

línunnar og línunnar austur að Ægisíðu).

Með þessari yfirlýsingu h. frsm. tel jeg þessu atriði slegið svo föstu,að sýslubúar (Árnesingar og Rangæingar) gætu jafnvel tekið lán til að byrja að leggja línuna á næsta ári í vissu um endurgjald.

Hæstv. stjórn hefur nú ekki tekið mikið mark á þessum ummælum h. framsm. Jeg verð að segja það, að mjer þykir það undarlegt, að stundum byggir stjórnin þýðingarmiklar stjórnarathafnir á orðum framsm. fjárlaganefndar, eins og heyrzt hefur hjer í deildinni fyrir skömmu, en stundum virðir hún þau að vettugi. Hann ætti þó að vera jafnmerkur í hvaða máli sem er, þar sem hann talar »ex officio« eða í nafni nefndarinnar. En það virðist svo, sem stjórnin hafi hann að ómerking, þar sem orð hans ekki »passa í hennar kram«; en aunars skoðar hún þau náttúrlega sem »oraculum«, sem öldungis óskeikulan grundvöll til að byggja á mikilvægar ráðstafanir. Það fer ávallt eptir því hvernig á stjórninni liggur og einkar handhægt að bregða þessu fyrir sig, þegar fátt er til varna.

Út frá þessum ummælum háttv. framsm. fjárl.n. 1905 bjuggust Árnesingar við því, að línan austur yrði kostuð af landssjóði, en bjuggust við að kosta að einhverju leyti aukalínu út frá henni, t. d. niður á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þess vegna kom Árnesingum það mjög óvænt, þegar stjórnin á síðasta vetri ljet spyrjast fyrir um það, hve mikið sýslubúar vildu af mörkum leggja til þessarar aðallínu. En því var svarað neitandi, að þeir vildu ekkert til leggja, því að stjórnin hefði enga heimild til að leita þessa fjárframlags. En Rangæingar lofuðu 8,000 kr., ef þeir fengju línuna lengda að Eystri-Garðsauka, en fyrir þeirri lengingu var ekki ráð gjört á síðasta þingi. En nú hafa Árnesingar orðið að vissu leyti að gjalda þess hjá háttv. fjárlaganefnd, að Rangæingar hafa lofað þessu tillagi.

En — vel á minnst. — Það er annars skrítin þessi skilgreining hinnar háttv. stjórnar á aðallínum og aukalínum í athugasemdum við stjórnarfrumv. Línan frá Borðeyri til Ísafjarðar er kölluð aðallína, og liggur hún þó að miklu leyti um fjöll og óbyggðir og smákaupstaður öðru megin; en lína frá höfuðstað landsins, endastöð landssímans, um blómlegustu hjeruðin, sem þar að auki kemur Reykjavík í samband við eina verzlunarstaðinn á Suðurlandsundirlendinu, — hún er kölluð aukalína. Mjer er ekki ljóst, hvaða »princip« liggja til grundvallar fyrir slíkri skilgreining.

Samvizkan hefur þó slegið fjárlaganefndina (*Ólafur Ólafsson:* Hún hefur enga samvizku!). Jú, einhverjar snertur af samvizku hefur hún hlotið að hafa, þar sem hún þó hefur fært tillagið dálítið niður úr þriðjungstillagi fyrir Árnessýslu, og afsakar sig með því, að hún hafi þarna brotið meginreglu sína, þriðjungstillagið, af eintómri góðvild við Árnessýslu náttúrlega. En jeg er lítt þakklátur henni fyrir þá hugulsemi.

Mín breyt.till. fer fram á, að Árnessýsla leggi 4,000 kr. til símans; Það er nefnilega áætlað, að línan frá Selfossi til Eyrarbakka kosti um 11,000 kr., og 4,000 kr eru rúmur þriðjungur af því. Þessi tillaga er því í fullu samræmi við yfirlýsingu síðasta þings annars vegar og meginreglu fjárlaganefnefndarinnar nú hins vegar. Jeg

kann þess vegna illa við það, að háttv. framsm. (J. J.) skuli vera með hótanir um það, að síminn verði *því að eins* lagður austur, að þetta fje verði lagt fram af hálfu hjeraðsbúa. Fjárlaganefndin gengur nú þvert ofan í orð framsm. fjárlaganefndarinnar á þinginu 1905, metur þau einskis á stjórnarinnar vísu í þessu atriði. Og jeg verð að segja það, að et þingið samþykkir tillögur fjárlaganefndarinnar um þetta mál, þá beitir það ofbeldi. Jeg get ekki kallað það annað en ofbeldi af hálfu þingsins, ef það nú ætlar að kúga út úr Árnes- og Rangárvallasýslum mjög hátt tillag til Ægissíðulínunnar, þvert ofan í ákveðna stefnu síðasta þings.

Jeg vona nú, að hinn háttv. framsögumaður skilji það nokkurnveginn vel, að tillaga mín sje á fullum rökum byggð, rökum, sem alls ekki verða hrakin, hvernig sem deildin hegðar sjer gagnvart henni. Jeg á enga sök á því og ætla ekki að hafa um það fleiri orð að sinni.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Hinn háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) talaði af mikilli reiði og var ómjúkur í garð stjórnarinnar. Jeg skildi í fyrstu ekki, hvað honum gat gengið til þess að hlaupa þannig upp á nef sjer og hella sjer yfir stjórnina eins og hann gjörði. Jeg hef svo verið að velta þessu fyrir mjer, en eigi getað fundið neina ástæðu, nema það eigi að vera hefnd fyrir það, að stjórnin hefur orðið að gefa honum dálitla ofanígjöf fyrir framkomu hans sem hreppstjóra í einu máli, sem jeg skal annars ekki fara neitt frekar út í hjer.

En þar sem hann sagði, að nokkur skip frá Dunkerque hefðu ekki haft heilbrigðisskírteini og ekki verið sektuð, þá hjó hann nærri sjálfum sjer. Því hann var sjálfur hreppstjóri og og því umboðsmaður sýslumanns, og það var skylda hans sjálfs, þegar hann skrifaði upp á skjölin, að rannsaka þetta, halda þeim eptir og tilkynna það síðan tafarlaust lögreglustjóra; það er því hann, sem hefur vanrækt skyldu sína, og hann hefur sjálfur komið því upp. Annars skal jeg láta það nægja að víkja frá mjer og stjórninni þessum ákúrum háttv. þm. og öðrum slíkum.

Úr því jeg stóð upp, ætla jeg að minnast fáeinum orðum á fleiri atriði. Hinn háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) talaði mikið um gufuskipaferðirnar. Mjer sýnist það vera fullskýrt, sem í fjárlögunum stendur um það mál. Jeg álít það rjettara, að þingið veiti ákveðna fjárupphæð með ákveðnum skilyrðum, og feli svo stjórninni að gjöra samningana; jeg álít þetta miklu heppilegra, heldur en að þingið gjöri allt, semji áætlun og hvað eina.

Loks vil jeg svara hv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) fáum orðum; hann brá stjórninni um það, að stundum byggði hún mikilvægar stjórnarathafnir á orðum frsm. fjárlaganefndarinnar, en stundum virti hún þau að vettugi, eptir því sem henni þætti við eiga.

Í þessu tilfelli, sem háttv. þm. á við, eru það alls ekki orð framsm. fjárlaganefndar, sem stjórnin hefur virt að vettugi að hans áliti, heldur, ef nokkuð er, orð hins háttv. þm. sjálfs. Því þessi orð, sem hann tilfærði, standa alls ekki í ræðu framsm. í þingtíðindunum, heldur í ræðu þm. sjálfs, höfð eptir framsm. fjárlaganefndar. (*Hannes Þorsteinsson:* Því var ekki mótmælt, að þau væru rjett höfð eptir). Það er ekkert að marka, og það er ekki alveg að marka þingræður. Þær eru leiðrjettar af ræðumönnum á eptir, stund-

um kannske löngu seinna, og þá kannske bætt inn í einhverju, sem ekki hefur verið sagt í ræðunni sjálfri. Munurinn á þessum tveim tilfellum, sem hinn háttv. þm. á við, er því sá, að í öðru tilfellinu hefur stjórnin fyrir sjer skýlaus orð framsm. í þingtíðundunum, en í hinu tilfellinu ekki.

Kl. 8. e. h. var umr. um fjárlögin frestað til næsta dags.

Á 27. fundi Nd., laugardaginn 17. ágúst var 2. umr. um fjárlögin (13. gr.) haldið áfram, og voru allir á fundi nema Hannes Hafstein og Guðl. Guðmundsson, sem voru fjærverandi, og Björn Kristjánsson, sem var veikur.

Framsögumaður (Jón Jónsson, þm. Sfjk.): Það eru ekki nema fáein atriði af mörgum, sem fram komu í gær við greinina, sem jeg ætla að snúa mjer að í þetta skipti.

Það voru tvær minni háttar brtill., sem mjer sást yfir að nefna í gær. Það var 1. brtill. frá fjárlaganefndinni, viðvíkjandi Fáskrúðsfjarðarsímanum. Þar stendur í fjárlagafrumv. stjórnarinnar: »gegn jafnmiklu framlagi frá sveitinni«. En nefndin leggur til, að það verði orðað svo: »gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá«, því að það væri meiningarlaust, að meina litlu sveitarfjelagi að leita sjer styrks annarsstaðar frá.

2. brtill. frá háttv. þm. S.-Múl. (Ól. Th.) um það, að fje til rannsókna á nýjum símaleiðum sje hækkað til þess, að 2,000 kr. af því fyrra árið yrði notaðar til að rannsaka símaleið frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar. Fjárlaganefndin leit svo á, að sjálfsagt væri, að þessi leið yrði rannsökuð, en efast um það, að meira fje þurfi, en það, sem stendur í stjórnarfrumv. En ef það verður álitið nauðsynlegt, þá hefur nefndin ekki á móti því, að þetta sje veitt.

Þá skal jeg snúa mjer að einstökum atriðum, er fram komu í umr. í gær, og þá fyrst að till. nefndarinnar, um að fella burtu fjárveitinguna til rannsókna á járnbrautarsvæðinu.

Umboðsmaður ráðherrans og háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) töluðu um það stór orð og fögur, og lögðu áherzlu á það, að þessi till. fjárlaganefndarinnar yrði ekki samþ.

Hinn fyrnefndi tók það fram, að sjer þætti það æðihart, að vilja ekki trúa framfarastjórn fyrir svo litlu fje, til þess að efla framfarir í landinu. Þetta getur fjárlaganefndin ekki tekið til sín, því að hún hafði aldrei annað á móti þessu en það, að ekki væru líkindi til þess, að járnbraut austur yfir fjall yrði lögð í bráðina, svo að óhætt væri að spara þessa fjárupphæð í þetta sinn.

Jeg hafði vænzt þess, að fá frá ráðherrasætinu einhverjar líkur fyrir því, að þessi fjárveiting væri nauðsynleg nú, þær líkur vantaði mig við framsöguna í gær, og mig vantar þær enn þá. Þess vegna er jeg enn á sömu skoðun sem þá.

Háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) tók enn þá meira upp í sig, ef jeg mætti svo að orði kveða, og fannst mjer honum það í rauninni óskylt, að vera að halda uppi vörn fyrir það, sem hefur sjálfa stjórnina að bakhjalli. Það vissu hvort sem var, allir, að hann var í minni hluta í nefndinni, svo að hann þurfti ekki að sýna það svona. En ef til vill hefur svarið, sem jeg vænti frá stjórninni, átt að liggja í ræðu hans. Hann sagði, að ekki væri vonlaust um, að þetta fyrirtæki gæti borið sig. Að mínu áliti eru engar frekar líkur til þess, þótt rannsökuð sje leiðin, rannsakað, á hvern hátt og hvar tiltækilegt sje að

leggja járnbraut. Hvort hún borgar sig, það er komið undir flutningamagni og öðru, auðvitað líka undir því, hve mikið er til hennar lagt.

En hann hafði líka þau orð, að það, að fella þetta nú, á þessu framfaraári, bæri vott um ótrú á framtíð landsins, nefndi það jafnvel örvílnan. Jeg vildi athuga þetta dálítið betur. Ef það er svo, að hann álítur, að það sje merki um ótrú á landinu, að við sjáum ekki, að þessu verði komið í framkvæmd á næstu árum, þá lítur hann öðruvísi á þetta mál, en jeg. Jeg hygg, að við, sem viljum slá þessu á frest, höfum eins mikla trú á landinu, eins og hann. Eða er hann svo hræddur, að hann álíti það, að ef þingið ekki samþykkir þetta, þá muni slá svo miklum óhug á landslýð, að það muni ríða traustinu til landsins og framförum þess að fullu? Ef svo er, þá er þetta að eins sett hjer til þess að tildra því framan í þjóðina og blekkja hana og halda henni í þeirri trú, að við sjeum svo og svo miklir menn. Og þá vil jeg segja það, að jeg er allóruggur í því, að greiða atkvæði móti þessari fjárveitingu, og hafi nefndinni ekki verið þetta kappsmál áður, að fella þennan lið, þá er mjer það nú. Einmitt ræða háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) hefur gjört það að verkum, að mjer hugnast ekki það kapp, sem á þetta er lagt.

Illa fjell mjer að heyra það í gær frá ráðherrasætinu, að stjórnin skuli taka fyrir það, að kaupstaðirnir fái að halda talsímakerfum sínum, og að þeir, sem hafa lagt á sig mikinn kostnað til þess að koma þessu á fót, skuli ekki fá að halda sama taxta næstu 5 árin. Í ástæðunum fyrir frumv. er sagt, að símakerfið á Akureyri borgi sig, og einmitt það, að það er arðvænlegt, er fært sem ástæða fyrir því, að landssjóður skuli taka það. Það er líka rjett ástæða. En hver er svo afleiðingin? Afleiðingin er hækkaður taxti. Af því að kerfin eru tekin af notendum, vegna þess, að þeir græða á þeim, þá eiga þeir líka að borga meira. Hjer finnst mjer kenna nokkurrar frekju. Þegar nefndin kom með þessa málamiðlun, þá var það eptir samræðu við forstjóra landssímanna. Jeg skal engu spá um það, hver áhrif þessi ummæli stjórnarinnar muni hafa, en ekki þætti mjer ósennilegt, að einhver kynni að koma með þá till. til 3. umr. að þessi liður yrði felldur úr frv., og að Akureyrarbær og Seyðfirðingar fengju að eiga sín símakerfi sjálfir.

Út af ræðu háttv. þgm. Snæf. (L. H. B.) í gær, skal jeg vekja athygli á því, að kvörtun hans um, að merk skjöl væri innilokuð hjá fjárlaganefndinni og öllum þgm. dulin, getur ekki bitnað á fjárlaganefndinni; hana er ekki um það að saka. Nefndin fjekk skjölin til láns hjá stjórninni með því skilyrði, að þau yrðu vel geymd og þeim yrði skilað aptur, en væru ekki ætluð til almennra nota. Háttv. þgm. fjekk þó lánuð skjöl hjá mjer, og gjörði jeg það á mína ábyrgð. *(Lárus H. Bjarnason:* Jeg fjekk eitt). Nefndin er því sýkn saka um þetta. *(Lárus H. Bjarnason:* Jeg kenndi stjórninni það um). Gott.

Háttv. 1. þgm. Rangv. sagði í enda ræðu sinnar um áætlun um brúna hjá Ægisíðuhöfða, að það væri leitt, að verkfræðingurinn segði, að hún væri ekki áreiðanleg, og virtist mjer hann hálfvegis ásaka verkfræðinginn um það, en það er ekki rjett að kenna honum um það. Ástæðan er sú, að brúin verður vegna staðhátta að vera með annari gjörð en nokkur þeirra brúa, sem enn hafa gjörðar verið, og er því ekki hægt að segja með vissu, hvað kosta muni

slik brúargjörð, og enn síður hversu endast muni; því verður reynslan að skera úr. Þetta er aðalorsökin til þess, að nefndin hefur eigi viljað fallast á till.

Háttv. þgm. Vestm. (J. M.) hefur annaðhvort ekki skilið mig rjett eða mjer hafa farizt klaufalega orð, er jeg talaði um símann til Vestmannaeyja. Jeg ætlaðist ekki til, að sú meining væri lögð í mín orð, að mikil mótstaða væri í móti síma til Vestmannaeyja. En fjárlaganefndinni þótti vanta upplýsingar um, hverjar líkur væru til að bæta símslit með þeim tækjum, sem fyrir hendi eru. Háttv. þgm. taldi, að nefndin hefði sjálf getað aflað sjer upplýsinga um þetta; þetta er ómaklega sagt, þar sem háttv. þgm. veit sjálfur, að erindi um þetta kom ekki fram fyrr en nú síðustu dagana, og hins vegar hefur nefndin haft í svo mörgu að snúast, sem kunnugt er. Annars hefur nú verið bætt úr þessu, því háttv. þgm. hefur útvegað umsögn símastjórans, hr. Forbergs. Hann segir, að það mundi ekki valda neinum sjerlegum erfiðleikum að bæta sæsíma til Vestmannaeyja, ef slitnaði, mætti hafa til þess mótorbáta; að eins gæti það dregizt nokkuð vegna veðra á vetrum. Þessar upplýsingar tel jeg fyrir mitt leyti nægilegar. Auðvitað getur þó, ef slit koma fyrir á vetrum og illa stendur á veðrum, dregizt að bæta þau; en úr því að það er þó hægt, er stærsti agnúinn fallinn burtu.

Þá skal jeg víkja örfáum orðum að hinni skemmtilegu og fjörugu ræðu háttv. 1. þgm. Árn. (H. Þ.) Raunar skrifaði jeg ekki orð hans, en jeg hlustaði á hann. Jeg hef nokkurar athugasemdir að gjöra þar við, sem jeg tel á góðum rökum byggðar. Í fyrsta lagi, þegar hann talaði um þá breyt.till. sína, að veitt yrði fje til flutningabrautar í Grímsnesi, viðhafði hann eitt orðatiltæki, sem jeg verð harðlega að mótmæla fyrir allra manna hönd, það var það, að Grímsnesingar hefðu gefið landssjóði fje, *(Hannes Þorsteinsson:* Ekki fórust mjer svo orð.) af því að þeir hefðu borgað einhvern hlut af láni því, er þeir tóku til byggingar Sogsbrúnni, sem nú mundi komast á landssjóð með vegalögunum. Jeg skil raunar ekki, að háttv. þgm. hafi í alvöru haldið fram þessari staðleysu. En mestur hluti ræðu háttv. þgm. hnje að því að sanna, að þingið 1905 hefði slegið því föstu, að síminn hjeðan til Ægissíðu yrði lagður á kostnað landssjóðs eingöngu. Þetta hygg jeg vera algjörlaga rangt. (*Hannes Þorsteinsson*: Alveg rjett). Já, alveg rjett, að það sje algjörlega rangt. Jeg skal minna á, að þegar sem hæst stóðu kappræður um ritsímann á síðasta þingi, kom brjef frá sýslumönnunum í Árness- og Rangárvallasýslum; var þar skorað á þingið, að sími yrði lagður til Ægissíðu, og það talið eitt af mestu áhugamálum hjeraðanna. Jeg býst við, að háttv. þgm. muni þetta, og veit, að 1. háttv. Árn. (H. Þ.) er svo minnugur, að hann man, að þetta vakti gleði hjá þeim mönnum, sem börðust fyrir ritsímamálinu. Það var eptir það talið sjálfsagt, að þessi lína yrði ein með þeim fyrstu. En allt, sem um þetta mál var rætt, var sprottið af þessari vakningu fyrir austan, og það var beint byggt á því, að boðið var fyrir fram að leggja fram fje til lagningarinnar að nokkru leyti. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp þann kafla brjefsins, er að því lýtur. Brjefið er á 427. dálki þingtíðindanna 1905. Þar segir svo: »Að því leyti sem þingið kynni að gjöra það að skilyrði, að sýslufjelögin sjálf veittu fje til fyrirtækisins, viljum við taka það fram, að

um báðar sýslurnar ganga nú erindi til undirskripta fyrir almenning í þá átt, að menn vilji taka þátt í kostnaðinum, svo sem fært er og nauðsynlegt þykir vera. Þess skal einnig getið, að erindi þetta lá fyrir síðustu sýslunefndarfundum beggja hjeraða, og fjekk það þær undirtektir, að láta því verða sem fyrst framgengt, enda er það álit almennings, að það sje eitt hið mikilvægasta framfaramál þessara hjeraða«. Undir hafa skrifað báðir sýslumennirnir í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Það segir sig sjálft, að þetta hraðaði málinu áfram, og hver maður, sem um málið talaði, hefur byggt á því, sem þarna stendur; allt annað, sem um það er sagt, er rangt. Það er með öðrum orðum, að Árness- og Rangárvallasýslur eiga heiðurinn af því, að hafa fyrst brotið ísinn, orðið tyrstar allra sýslna til þess að bjóða fram fje til símalagninga. Nú vill háttv. 1. þgm. Árn. (H. Þ.) reyna að hafa af þeim þann heiður. Jeg skil ekki, að vitrir menn og sanngjarnir í kjördæmi hans kunni honum nokkrar þakkir fyrir að gjöra þeim slíka minnkunn, en það er þeim gjört, þegar farið er fram á að gefa þessum auðugu hjeruðum það, sem aðrar sveitir landsins og sum fátækustu hjeruðin sveitast blóðinu fyrir að fá að kosta. Þá er næsta kynleg breyt.till. háttv. sama þgm., um að færa niður tillag Rangárvallasýslu, það tillag, sem sú sýsla hefur fyrirfram boðið. Þetta vill þgm. lækka og láta vera að eins 6,000 kr. En þó er það þriðjungi meira en hann vill að Árnessýsla borgi. Rangæingar buðu þessar 8,000 kr., að eins fyrir lenging símans vestan frá Ægissíðu til Eystri-Garðsauka. Nú fá þeir þessa ósk sína, og auk þess hin miklu not, sem þeir hafa af því, að komast í símasamband við kauptúnin, bæði Eyrarbakka og Stokkseyri, allt án þess að farið sje fram á meira tillag frá þeim, en þeir hafa boðið, og þó vill þgm. draga úr þessu. Mjer er hrein gáta, hvað háttv. þgm. meinar með þessu, og verst á jeg þó með að skilja hlutföllin milli sýslnanna, Árness- og Rangárvallasýslna.

Jeg skal ekki tefja umræðurnar lengur í þetta sinn.

Björn Bjarnarson: Jeg á hjer tvær breyt.till., en áður en jeg vík að þeim, ætla jeg að fara örfáum orðum um aðrar breyt.till.

Jeg skal þá fyrst minnast á breyt.till. á þgskj. 248 frá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) og háttv. þm. S.-Þing (P. J.). Hún fer fram á það, að laun póstmeistara verði ákveðin 3,500 kr. í stað 4,500 kr., sem stjórnin fer fram á, og að í stað þess að auka ritfjeð, verði bætt við póstafgreiðslumanni. Þessari brt. er jeg fyllilega samdóma af þeirri ástæðu, að nú á þessu þingi hafa verið ákveðin þau laun, 3,500 kr., handa þeim embættismanni, sem líkast er og jafnast að störfum við að miða; jeg á við símastjórann, og voru þau laun ákveðin í samræmi við laun þeirra embættismanna, sem bezt eru launaðir og mestum störfum hafa að gegna. En þær 1,500 kr., sem þessum embættismanni voru veittar að auki, er að skoða sem persónulega launabót, af því að maðurinn þykir sjerstaklega duglegur maður og er útlendingur, sem gat ekki fengizt fyrir minna, sakir þess að hann hafði embætti í landi sínu, sem ekki var verr launað. Þessar 1,500 kr. falla því burt, þegar þessi maður fellur frá eða fer frá.

Það verður því að teljast sanngjarnt, að póstmeistaraembættið sje launað með 3,500 kr. Auk þess er þess að gæta, að þingið hefur veitt núverandi póstmeistara nokkurs konar persónulega launabót, sem jeg býst við, að

hann fái nú að halda og framvegis. Jeg á við það, að hann hefur verið kosinn fulltrúi í bankaráð Íslandsbanka, og hefur það gefið af sjer í ár 1,300 kr., sem má heita fullsæmileg launaviðbót.

Um hitt atriðið, aukningu ritfjárins, skal jeg taka það fram, að ef starfskrapta vantar á pósthúsið, þá er það ekki ráðið til þess að bæta úr því, að auka laun póstmeistara, heldur að auka kraptana, bæta við nýjum starfsmönnum! það er ráðið. En það verð jeg að telja með öllu óráðlegt, að hækka laun embættismanna framar en ástæða er til, og í þessu tilfelli get jeg ekki sjeð, að þess sje þörf, fram úr því, sem lagt er til á þgskj. 248.

Þá skal jeg víkja að till. fjárlaganefndar um að fella burt 7. lið í 13. gr. B., fjárveiting til að rannsaka járnbrautarleiðir austur í sýslur. Jeg verð að telja þetta mál með öllu ótímabært, af þeim ástæðum, í fyrsta lagi, að nú keppast öll hjeruð af alefli við að fá framlög til símalagninga og annara samgöngubóta, sem brýna nauðsyn má telja til, og heita í móti ærnu fje; það er því með öllu ástæðulaust, að veita hart að 20,000 kr. til þess verks, sem búast má við að seint eða aldrei komist í framkvæmd, og draga það fje frá öðrum bráðnauðsynlegum framfaramálum og fyrirtækjum, sem allir landsmenn leggja hið mesta kapp á.

Í öðru lagi þyrfti þá að rannsaka, hvort járnbrautin gæti komið að notum á vetrum, og hvort snjór mundi ekki verða því til fyrirstöðu, en til þeirrar rannsóknar þyrfti ekki mikið fje, og jeg fyrir mitt leyti get vel hugsað mjer, að hún verði ekki annað en sumarjárnbraut, og þá yrði hún sannarlega of dýr.

Þessu næst skal jeg víkja að breyt.-till. minum. Jeg er fjárlaganefndinni þakklátur fyrir, hversu vel hún hefur tekið í breyt.till. mína á þgskj. 189, um að veittar verði 4,000 kr. til uppmælingar á innsiglingarleið inn að Salthólmavík í Dalasýslu og Króksfjarðarnesi í Barðastrandarsýslu. Jeg hef góðar vonir um, að þessi till. nái fram að ganga, því skilyrðinu, sem sett er, vona jeg að geta fullnægt. Beiðnin er sem sje framkomin eptir áskorun manna í vesturhluta Dalasýslu; sömu áskorun hefur háttv. þm. Barð. fengið frá suðurhreppum Barðastrandarsýslu. Má af því marka, að mönnum í þessum sveitum er það áhugamál, að þetta nái fram að ganga.

Leiðin inn í Salthólmavík, hefur opt verið farin bæði af útlendum skipum og Breiðafjarðarbátum; en opt hefur borið við, að skipin hafa rekizt á sker, og hefur því ekki verið hægt að fá skip frá útlöndum til þess að fara inn á Salthólmavík. Annars er dýpið nóg, en leiðin mjög óhrein og hafnsögumenn ekki til nógu góðir eða kunnugir til þess að leiða skipin inn. Í sumar t. d. rakst Breiðafjarðarbáturinn þar á sker. En það væri hið mesta mein þessa hjeraðs, ef skip fengjust ekki vátryggð þangað inn. Hjeraðið, Saurbæjarhreppur, er einhver hin bezta landskostasveit á landi hjer, frjósöm og grösug og einkar vel löguð til að koma á vatnsveitingum. Margir háttv. þm. munu hafa farið um þá sveit og geta borið máli mínu vitni, að hjer er í engu ofsögum af sagt. Framfarir eru og miklar í hreppnum. Skal jeg t. d. nefna, að hreppurinn hefur lagt á sig með frjálsum samskotum á annað þús. kr. til vegalagningar. Þá hefur hreppurinn keypt alla Staðarhólstorfuna. Mikið hefur og þar verið talað um að stofna smjörgjörðarfjelag eða rjómabú, en allt strandar á samgöngunum, því að allur flutn-

ingur er mjög erfiður. Í Salthólmavík er löggiltur verzlunarstaður og 2 blómlegar verzlanir, þar af önnur kaupfjelagsverzlun, og vöruflutningar miklir. Jeg vil ennfremur benda á það, að þessi fjárveiting mundi ekki eingöngu koma Dalasýslu og Barðastrandarsýslu að notum, heldur gæti og af henni leitt mikið, mjög mikið gagn fyrir Strandasýslu. Það kemur svo opt fyrir, að Húnaflói lokast af hafís á vetrum, en Breiðifjörður er ætíð opinn og ísalög eru þar aldrei nema innst. Til Salthólmavíkur væri mjög hægt að sækja úr miðbiki Strandasýslu, vegalengdin má heita stutt, og öllum er það ljóst, hversu afarmikilsvert það væri, t. d. í bjargarvandræðum fólks norður þar, að geta sótt vörur til Salthólmavíkur.

Nú skal jeg koma að atriðinu um kostnaðinn; jeg skal þá taka það fram, að sú vegalengd, sem hjer er um að ræða, er töluvert styttri en frá Stykkishólmi inn í Hvammsfjarðarbotn. Við vitum, hver kostnaðurinn var við mælinguna á Hvammsfirði. En nú er fyrst og fremst hægra aðstöðu að mæla Gilsfjörð heldur en Hvammsfjörð; því að á Hvammsfirði er röst, sem ekki verður mæld nema straumlítið sje. Annað er það, að það er ekki ólíklegt, að menn hafi lært eitthvað það við mælinguna á Hvammsfirði, er að haldi megi koma við Gilsfjarðarmælinguna. Ennfremur má við mælinguna nota mótorbát, sem auðvitað kostar miklu minna en gufubátur sá, sem hafður var við Hvammsfjarðarmælinguna. Og svo er ekki einungis vegalengdin styttri, heldur er líka breiddarmunurinn á fjörðunum afar mikill. Hvammsfjörður er 2—3 mílur á breidd landa í milli; en á Gilsfirði eru eyjar og sker báðum megin við leiðina, og er vegalengdin milli þeirra ekki fjórðungur af breidd Hvammsfjarðar.

Jeg þykist því fullviss um, og vona, að nefndin sjái það, að þetta megi gjöra fyrir 5,400 kr., þar sem Hvammsfjerðarmælingin kostaði ekki nema rúm 7,000 kr.

Þá vil jeg leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að gufubátsmálum, viðvíkjandi gufubát á Breiðafirði. Árið 1901 voru veittar 6,000 kr. síðara ár fjárhagstímabilsins, til þess að fá gufubát á Breiðafirði, en fjeð reyndist of lítið, enginn bátur fjekkst. Á þingi 1903, voru veittar 10,000 kr. hvort árið, og fjekkst þó enginn bátur fyrra árið, þó að þetta væri auglýst bæði innan lands og utan. En síðara árið fjekkst lítill bátur. Jeg hef nú heyrt á ýmsum, að þeim þætti þetta tillag of hátt. En það er ekki rjett. Það var talsverð áhætta fyrir eiganda bátsins, að senda hann inn á þessa firði, þar sem skip hafa aldrei áður komið. Eigandinn gaf kost á því, að láta sjer lynda nokkurn hluta fjárins, ef við vildum ábyrgjast bátinn; en slíkt gat okkur auðvitað ekki komið til hugar. Hann gat hvergi fengið vátryggt. Og þá er ekki von á því, að hann vildi brjóta ísinn, og hætta skipi sínu, nema hann fengi talsvert í aðra hönd.

Á þinginu 1905 voru veittar 8,000 kr. til gufubátsferða á Breiðafirði; var síðan fenginn annar bátur stærri, en ekki var hann þó gallalaus. Á honum er oflítil lest, því að hann er gamall hvalabátur; hann hefur óþarflega mikinn gang, og er því mjög kolafrekur; hann er því miklu dýrari en jafnstór bátur með minni hraða, sem þó gæti verið miklu hentugri. Jeg er nú hræddur um það, að enginn bátur fáist, ef styrkurinn er lækkaður niður í 6,000 kr. Jeg hef heyrt það talið óvíst,

hvort sá bátur, sem nú er, mundi verða boðinn aptur, jafnvel fyrir 8,000 kr. En þar sem Dalasýsla hefur ekki nema tvo viðkomustaði fyrir strandferðabátana, Búðardal og Skarðsstöð — á Búðardal eru tvær viðkomur að sunnan og tvær að norðan, á Skarðsstöð færri, - þá má svo að orði kveða, að sýslan yrði samgöngulaus, ef bátur ekki fengist. Dalasýslubúar hafa mikil viðskipti við Stykkishólm, og talsverð við Ólafsvík og Sand. Farþegar eru margir og mundu þó vera fleiri, ef báturinn kæmi að fullum notum; en áætlunin er svo klaufaleg (*Lárus H. Bjarnason:* Hver bjó þá áætlun til?). Stjórnarráðið að jeg held; að minnsta kosti hef jeg ekki búið hana til, og er ekkert við hana riðinn, — að báturinn kemur ekki nærri að þeim notum, sem hann ætti að geta.

Þess má geta, að hjá okkur er smjörbú, og er það frágangssök, að koma smjörinu frá sjer öðruvísi en sjóveg. Jeg skil því eigi annað, en að h. háttv. þingd. sjái, að þennan styrk má ekki lækka. Háttv. framsm. lýsti yfir því, að þörfin væri ekki minni á Eyjafirði en á Breiðafirði. Það skil jeg ekki, hvernig háttv. þm. getur sagt, þar sem að Breiðafirði liggja tómar landsveitir. Annars ætla jeg heldur ekki að fara að bera saman þörfina á Eyjafirði, þar sem öll skip koma, og svo í Dalasýslu, þar sem strandbátarnir koma 4 sinnum (*Jón Jónsson*: Vill þá ekki hinn háttv. þm. jafna saman þörfina í Þingeyjarsýslu og Dalasýslu). Nei, það var talað um Eyjafjörð: Hitt þekki jeg ekki.

Loks á jeg breyt.till. á þgskj. 250. Út af umræðunum í gær skal jeg skýra frá því, að Dalasýsla bauð í vor 5,000 kr. til þess að fá Vestfjarðasímann lagðan um Dalasýslu; þar að auki buðu ýmsir hreppar að annast allan staurafiutning. Jeg efast því eigi um, að sýslan vilji leggja mikið á sig, til þess að fá þennan síma; en það er hart, að leggja fram þriðjung kostnaðarins, þar sem þó Árnes- og Rangárvallasýslur eiga að sleppa með miklu minna.

Önnur breyt.till. er hjer um að leggja Stykkishólmssímann frá Grund yfir Borgarnes til Stykkishólms; jeg vona, að háttv. deild taki heldur nyrðri leiðina, þó hún sje lítið eitt dýrari; því annars þarf að kosta sjerstakan síma frá Borðeyri til Búðardals. Það þarf ekki að taka það fram, hverja þýðingu það hafi fyrir sýsluna að fá síma. Það er náttúrlega eins og um aðrar landsveitir; en þau áhrif, sem slíkt hefur á sveitirnar, eru margvísleg og miklu fleiri en menn á augnabliki gjöra sjer hugmynd um. Sjerstaklega hefði síminn mikla þýðingu fyrir viðskipti Dalasýslu við Stykkishólm og Reykjavík. Jeg vona því fastlega, að hin háttv. deild sjái, að þetta er sanngirniskrafa, og samþykki þessi útgjöld; það er engin ástæða til þess að setja Dalasýslu hjá.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísaf.): Jeg stend hjer upp til þess að bera af mjer aðdróttun, sem kastað var til mín úr ráðherrastólnum í gær. Það munu flestir vera á því, að slíkar aðdróttanir til einstakra þingmanna sjeu illþolandi frá öllum og ekki sízt frá ráðherrastólnum.

Í fyrri ræðu sinni brá umboðsmaður ráðherrans (Kl. J.) mjer um það, að jeg væri að gjöra að gamni mínu með breyt.till. minni á þingskjali 210; jeg sýndi þá fram á, að ekki gæti legið neitt slíkt í henni, og hvað aukalækninum viðvíkur, þá mun umboðsmaðurinn síðar sanna, að það er mönnum fullkomið alvörumál.

Umboðsmaðuriun sagði síðan, að

jeg hefði blaupið upp á nef mjer og velt mjer yfir landsstjórnina með skömmum, eða eitthvað því um likt; og svo dróttaði hann að mjer einhverri áminningu, sem stjórnin hefði sent mjer. Jeg er nú svo saklaus sem barn í reifum að því leyti, að jeg hef enga hugmynd um þessa áminningu. Hún var ekki komin til min, þegar jeg fór að heiman, og hún hefur ekki verið send mjer með þeim brjefum, sem komið hafa heim til mín, síðan jeg fór; stjórnarráðið verður því að hafa sent hana einhverja undarlega krókaleið, að hún skuli ekki vera komin. Fyrir hvað þessi áminning er, veit jeg ekki; jeg er póstafgreiðslumaður og hreppsstjóri, og þykir mjer líklegt, að hún snerti eitthvað þau störf mín; því fyrir eitthvað hlýtur hún að vera; jeg býst nú við, að þessi áminning sje rjettlát, og er því þakklátur fyrir hana, — að minnsta kosti þangað til jeg sje hana.

Hann tók það fram, að það hefði verið skylda mín sem umboðsmanns sýslumanns að sekta umrædd skip, en fyrst er nú það, að jeg er alls ekki umboðsmaður sýslumanns, og svo hef jeg heyrt, að skip, sem vantar heilbrigðisskírteini, geti fengið þau gegn drengskaparvottorði skipstjóra um, að sóttir hafi ekki gengið á stað þeim, er þeir koma frá, eða á skipi þeirra, og að hlutaðeigandi umboðsmenn og læknir á staðnum gefi þessi skírteini. En að þau voru ekki sektuð, kom af því, að það vantaði sönnun fyrir því, að þau hefðu farið án leyfis; sú sönnun kom fyrst í umburðarbrjefinu. Jeg ætla nú ekki að fara þess á leit, að fá að vita, um hvað þessi áminning er. Þetta, sem jeg sagði í gær, var heldur enganveginn sagt til þess að hefna mín, enda hafði jeg ekkert að hefna mín fyrir; en því hafði verið dróttað að mjer sem póstafgreiðslumanni af hjeraðsbúum, að þetta væri af mínum völdum. Jeg bar það náttúrlega af mjer. En hefði jeg í gær talað um allan þann óhag, sem hjeruðin höfðu af þessu, þá hefði umboðsmanninum kannske þótt jeg segja nokkuð mikið. Og ef hann kæmi vestur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, þá gæti hann kannske fengið að heyra það.

Jeg læt þetta nú nægja að sinni, en vil að eins óska þess, að jeg framvegis megi vera laus við staðlausar aðdróttanir hjer í þingsalnum.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) hefur tekið óstinnt upp ummæli mín. En hann má sjálfum sjer um kenna. Hann getur ekki búizt við, að nein stjórn megi eða muni þola önnur eins orð og þau, er hann ljet sjer um munn fara. Og jeg gat ekki skilið, að þau væru af öðrum rökum mælt, en jeg ljet áður til getið, enda átti jeg þeirra enga von af hans hálfu. En nú segir hann, að þau rök hafi eigi til þeirra legið, og jeg trúi honum. Um brjefið skal jeg geta þess, að það var sent svo snemma frá stjórnarráðinu, að það hefði getað verið komið í hans hendur fyrir löngu.

Háttv. þm. kvað sjer þykja hart að heyra þau orð frá þessu sæti, að hann bæri fram till. að gamni sínu. Það er þó alkunnugt, að opt og einatt verður ekki annað sjeð, en að menn beri hjer fram á þingi brtill. að eins að gamni sínu. Að koma fram með viðaukatill. við fjárlögin um stofnun aðstoðarlæknisstöðu á sama þinginu, er gjörðar hafa verið gagngjörðar breytingar á læknaskipun landsins, það verður að skoðast sem leikur og ekkert annað, því að í þeirri meiningu getur það ekki verið gjört, að tillagan nái fram að ganga.

Þar sem háttv. þm. sagði, að hann sem hreppstjóri hefði ekkert með það að gjöra að heimta heilbrigðisskirteini af skipum, þá er það alls ekki rjett. Það er skýrt tekið fram í lögunum frá 17. des. 1875, að hreppstjóra ber að rannsaka skjöl þeirra skipa, er koma á hafnir í hans hreppi. Þannig er það líka skylda háttv. þm. um þau fiskiskip, er á Dýrafjörð koma. Og hafi eitthvert þeirra ekki heilbrigðisvottorð, þá á hann að kæra það fyrir sýslumanni, hvort sem hann fær nokkuð aðgjört eða ekki. Hitt, að skipstjórar sjeu látnir gefa vottorð sjálfir upp á æru og samvizku, er einber lögleysa, og jeg trúi því ekki, að það eigi sjer nokkurn tíma stað. Og ef svo væri, þyrfti að taka það fyrir. — Hitt er mjer sem fyrverandi lögreglustjóra kunnugt, að duglegir hreppstjórar gjöra aðvart hlutaðeigandi lögreglustjóra, ef skjöl skipa eru í ólagi.

Allt það, er háttv. þm. sagði um þetta atrtði, fellur því á hann sjálfan en ekki á stjórnina, og hann hefur sjálfur komið því upp, að hann hafi brotið gegn skyldu sinni.

Hann gat þess enn, að ekki væri við góðu að búast af þessari stjórn, er svipt hefði þá Dýrfirðinga póstferðum.

Jeg hef fyrir mjer ferðaáætlunina fyrir yfirstandandi ár, og í henni stendur beint í 11. lið b., að póstur fari frá Ísafirði »eptir komu vestanpóstsins þangað, í hverri póstferð« um Þingeyri að Bíldudal, svo að háttv. þm. hefur farið með algjörlega rangt mál, hvað þetta ár snertir, og hann tók það líka til dæmis. Þetta er því undarlegra, sem háttv. þm. er póstafgreiðslumaður, og því hlýtur að vera þessu kunnugur. Það hefði því verið betra fyrir hann sjálfan að spara sjer stóru og sterku orðin og láta sitja þar við, er komið var í gær.

Af því að jeg býst við, að dagar mínir sjeu nú taldir hjer á þinginu, þá skal jeg leyfa mjer að víkja að einu atriði enn. H. framsm. fór allsterkum orðum um framkomu stjórnarinnar að því, er snertir talsímakerfin, sjerstaklega talsímakerfi Akureyrar. Reyndar lái jeg honum ekki þau ummæli, af því að hann á þar hlut að máli, en því verð jeg að neita, að jeg hafi sagt, að taxtinn yrði að sjálfsögðu hækkaður á næstu 5 árum. Hitt sagði jeg aptur á móti, að jeg gæti ekki gefið neina bindandi yfirlýsingu um, að taxtinn gæti haldizt, eins og nefndin vildi slá föstu. En þar með er alls ekki sagt, að hann hækki. Sje nefndin ekki ánægð með þau svör, þá er sjálfsagt fyrir hana að koma fram með beina tillögu í þá átt; verði hún samþykkt, eru þar með fengin bindandi svör.

Annars er það alls ekki rjett af þinginu að seilast inn á verksvið umboðsstjórnarinnar.

Ólafur Briem (1. þm. Skgt.): Jeg á hjer eina brtill. (þskj. 236), er fer fram á 10,000 kr. fjárveitingu síðara árið til flutningabrautar frá Sauðárkróki fram Skagafjörð. Slík tillaga hefur áður legið fyrir þinginu, en það, sem þá varð henni til fyrirstöðu, var fjárskortur.

Þeir, sem hafa hreyft andmælum gegn þessari till. minni, sjerstaklega háttv. framsm., hafa ekki lagt áherzluna á fjárskort, enda er á fjárlögunum gjört ráð fyrir allhárri lántöku og þar með gengið inn á nýja braut, sem sje þá, að landssjóður taki lán til þess að koma í framkvæmd þeim fyrirtækjum, er nauðsynleg virðast.

Lagning þessarar flutningabrautar er nú eitt af því, sem ekkert spursmál er um, hvort landssjóður eigi að kosta, heldur hvenær hann eigi að gjöra það. Það getur auðvitað verið álitamál. En ýmislegt mælir þó með, að lagning

flutningabrautar komist í framkvæmd heldur fyr en seinna, eigi síður í þessu hjeraði en öðrum, sem á undan eru gengin. Eptir skýrslu verkfræðings landsins eru hvergi á landinu tiltölulega jafnmikil not af jafnlítilli fjárupphæð til flutningabrauta, miðað við fólksfjölda, er not getur heft af brautinni. Brautin öll mundi kosta um 75,000 kr., en 1,400 manns mundu nota hana. Líka er á það að líta, að þó hún komist ekki til fullra framkvæmda, þá geta hennar orðið mikil not, af því að þjettbýlast er næst Sauðárkrók, þar sem hún að sjálfsögðu byrjar. Þetta hefur ekki að eins mikla þýðingu fyrir vöruflutninga, heldur mundi það einnig verða til þess. að innleiða vagna; því að þótt menn víða brúki þá heima fyrir í hjeraði, eru menn almennt ragir við að útvega sjer þá, meðan ekki er flutningabraut til kaupstaðarins og þeir verða ekki notaðir til vöruflutninga.

Ein af aðalástæðum háttv. framsm. gegn þessari fjárveitingu og fleiri samskonar var sú, að það vantaði vinnukrapt til framkvæmdanna. Jeg get staðhæft, að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu mundi vera fús til að útvega verkamenn, að því áskildu, að stjórnarráðið rjeði verksfjóra; og skil jeg ekki, að vandræði þyrftu að verða úr því. Þessir menn, sem útvegaðir yrðu, mundu engir viðvaningar vera, því að enginn hörgull er á mönnum, sem vanir eru sýsluvegavinnu og fúslega mundu ganga í þjónustu landsstjórnarinnar við umrædda vegalagningu.

Það kom fram hjá háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) í gær í umræðunum um fjárveitingu til vegabóta, að þær ættu að vera bundnar því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeruð legðu til fje á móti. Það má segja um það eins og þar stendur, að seint er að iðrast eptir dauðann. Sex flutningabrautir hafa þegar fengið fje án þessa skilyrðis, og ein er nú á fjárlögunum skilyrðislaus, og sama má segja um Húnvetningabrautina, sem jafnframt er þjóðvegur. Þá eru að eins tvær brautir eptir — Skagafjarðarbrautin og Grímsnessbrautin — sem ágreiningur er um. Ef þetta skilyrði hefði verið sett í upphafi, efast jeg ekki um,að Skagfirðingar mundu hafa tekið vel í það, að leggja eitthvað til. En ósamræmi væri það, að fara að koma fram með það skilyrði nú, er þeir hafa beðið eptir þessu síðan vegalögin komu í gildi 1894. Enda hefur líka sýslan lagt óbeinis til þessarar brautar að því leyti, sem um mörg undanfarin ár hefur verið varið fje af sýsluvegagjaldi til sama vegastæðis.

Ennfremur má líta á það, að viðhald brautanna er eptir þessum nýju vegalögum, sem nú liggja fyrir þinginu, lagt á hjeruðin og ljett af landssjóði.

Þó nú þessa yrði eigi gætt, þá má ætlast til, að þessi till. fái fleiri atkv. af þeirri ástæðu að þetta er eina fjárveitingin, sem beðið er um úr þessu hjeraði, og sjerstaklega þar sem brúargjörð yfir Hjeraðsvötn — sem þó má teljast nauðsynleg — er látin sitja á hakanum fyrir öðrum brúm, sem nú eru teknar upp í fjárlögin. Um þessa brú hefur engin till. verið borin fram að þessu sinni, af því að hjeraðsbúar vorkenndu landssjóði og þóttust vita, að hann hefði í mörg horn að líta á þessu þingi.

Um símasambönd hef jeg ekkert fram að bera. Engin beiðni liggur fyrir úr Skagafirði um fjárveitingu í því skyni. Að eins skal jeg geta þess, að á símalínunni yfir Skagafjörð er þörf á meira en þeirri einu stöð, sem þar er nú á Sauðárkrók — því ekki

tel jeg eptirlitsstöðina við Heljardalsheiði, á Skriðulandi í Kolbeinsdal. En nú hefur einn hreppurinn austan vatna — Hólahreppur — samkvæmt áskorun stjórnarráðsins, boðizt til að kosta símastöð á Hólum og lofað að ábyrgjast, að starfsreksturs-kostnaður yrði enginn fyrir landssjóð. Eptir atvikum þykir mega ganga út frá, að þó engin till. um fjárveiting til stofnunar nýrra símastöðva í Skagafirði liggi fyrir þinginu, sje þó hægt að veita til þess af 13. gr. D 6 (»Til rannsóknar símaleiða ... stofnunar nýrra stöðva«, o. fl.).

Þá vildi jeg stuttlega gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg get ekki greitt atkv. með fjárveitingunni til rannsóknar á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur að Þjórsá. Eptir því, sem mjer skyldist á háttv. þm. Borgf., er mest hefur mælt með þeirri fjárveitingu, þá tók hann það fram, að þetta væri veitt í því skyni, að rannsaka, hvort hægt væri að leggja þar járnbraut. En sú rannsókn hefur þegar verið gjörð af Th. Krabbe verkfræðing, og telur hann það í skýrslu sinni engan veginn ókleift. Þetta er tekið fram í aths. stjórnarráðsins við fjárlagafrv. Þessi fjárveiting getur því ekki skoðast veitt í þessu skyni, heldur til undirbúnings undir framkvæmdir í málinu. Og nái hún fram að ganga, þá mundi það verða haft fyrir ástæðu til að knýja þm. til að greiða atkv. með auknum framlögum á næsta þingi til áframhalds. Það hafa menn svo opt rekið sig á, að þegar eitt hefur verið veitt, þá er álitið sjálfsagt að veita annað, sem því er skylt að einhverju leyti. Þannig hefur það nú verið talin aðalástæðan fyrir fjárveittngunni til Grímsnesbrautarinnar, að áður hafi verið veitt fje til Sogsbrúarinnar.

Örvílnunarummælum hv. þm. Borgf. hefur þegar verið svarað nægilega. En með leyfi að spyrja: Hverjir mundu örvílnast ef till. næði ekki fram að ganga? Þess ljet háttv. þm. ekki við getið. Líklega mælir hann það til íbúanna á Suðurlandsundirlendinu. En eptir því, sem stjórnin vill hlynna að þessum sveitum fram yfir aðrar, þá get jeg ekki sjeð mjög mikla hættu á því, þar sem líka er viðurkennt, að það eru beztu sveitir landsins. Sú aðhlynning ætti þó ekki að ganga svo langt, að fulltrúar þessara hjeraða hefðu það fram, að þau fái fyrir ekki neitt það, sem aðrir landshlutar eiga engan kost á nema þá með afarkostum og stórum fjárframlögum, sem erfitt er að standast.

Þá ætla jeg mjer að minnast lítið eitt á till. fjártaganefndarinnar um gufuskipaferðirnar. Það er mikið mein, að áætlunin hefur ekki verið til sýnis, bæði fyrir málið sjálft og nefndina, því að bezta tryggingin fyrir því, að till. nefndarinnar fái góðar undirtektir, er, að þm. veitist færi á að sjá þau skilríki, sem á er byggt. Í till. nefndarinnar er það skilyrði, að millilandaferðirnar verði eins og þær hafa beztar verið, en beztar telur nefndin þær vera nú. Það kann vel að vera, að þær sjeu nú yfirleitt einna beztar, en þó er á þeim einn annmarki og hann mikill frá sjónarmiði Norðlendinga. Hann er sá, að nú fer fyrsta skipið á vetrum norðan um land og til Reykjavíkur og þaðan til útlanda, en 1891 og þar á undan fór skipið frá Reykjavík aptur norður um land til útlanda. Úr þessu gjöra kaupmenn og aðrir menn norðanlands mikið, að missa ekki þessa ferð.

Annað viðvíkjandi ferðunum, sem ekki er minnzt á í skilyrðum nefndarinnar, er miðsvetrarferð til Norðurlandsins. Fyrir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur er sú ferð, ef til vill, af

öllum gufuskipaferðum mest áríðandi, og það má teljast lífsnauðsynlegt fyrir þessi hjeruð, að fá ferð frá útlöndum í janúar eða febrúarmánuði. Nú er fyrsta ferðin í marzmánuði, en þá er venjulegast mest af ís þegar ísaár er, og því opt líkindi til, að ferðin bregðist, en í janúar er mjög lítil hætta á því, því að það er fátítt að ísar sjeu svo snemma. Þessi ferð mundi því hafa afarmikla þýðingu. Kaupmenn búa sig ekki undir að vera byrgir af kornforða nema milli hinna áætluðu skipaferða, reiða sig á næsta skip. En ef ferðin í marz bregzt, eins og dæmi eru til, þá er mönnum búinn hinn mesti voði, ekki einungis vegna manneldis heldur og vegna skepnufóðurs. Það má ef til vill segja, að menn geti á haustin búið sig undir að hafa nægilegt skepnufóður, en ekki er það þó alltaf hægt, jeg vil taka t. d. nú í sumar. Allar fyrningar frá því í fyrra eru uppgengnar, og ofan á það bætist mikill grasbrestur. Menn búa sig ekki nema undir meðalvetur, og það er ekki að búast við því, að menn lógi meiru af fje eða kaupi meira af fóðri en svo að nægi í meðal vetri. Og hvar standa menn ef veturinn yrði harður? Í fyrra voru höfð samtök til þess að fá fóðurbirgðir, en hurð skall nærri hælum að þær fengjust. Fyrst var leitað til sameinaða gufuskipafjelagsins um að fá skip til ferðarinnar, sem kom til meðfram af því, að menn þóttust mega bera bezt traust til þess fjelags í annari eins lífsnauðsyn, bæði af því, að það hefur um mörg ár haft styrk úr landssjóði til gufuskipaferða hjer við land og mikil viðskipti við menn í þessum hjeruðum. En það var svo langt frá því, að fjelagið veitti nokkurn ádrátt um það, að það setti þvert nei fyrir, jafnvel þó að vitanlegt sje, að fjelagið hefur allra fjelaga helzt ráð á góðum skipum og mönnum. Þá var leitað til Thorefjelagsins, og var þessari málaleitun þar tekið betur, en þó varð niðurstaðan sú, að synjað var um skipið. Loks fjekkst þó skip, og munaði litlu um, að það fengist alls ekki, en eins og þá stóð á, var ekki lítið í húfi.

Það er ekki rjett af þingi og stjórn að láta slíkt hlutlaust, eða láta það reka á reiðanum, þó að ekki eigi í hlut nema þessi hjeruð; þessum hluta landsins er það lífsnauðsynlegt, að þetta sje tekið til greina, og landinu öllu í heild sinni er það mikilsvert.

Jeg skal að lokum geta þess, að á undanförnum þingum hef jeg yfirleitt gjört mjer það að reglu, að greiða atkvæði með tillögum fjárlaganefndarinnar, af þeirri ástæðu, að jeg hef talið, að þær mundu stefna að því, að koma samræmi á fjárveitingar til fyrirtækja, og að með þeim væri trygging fyrir því, að gagnvart einstökum hjeruðum væri ekki beitt neinni ósanngirni. og síðast en ekki sízt af því, að með þeim væri fengin bezt trygging fyrir því, að fjárhag landsins væri borgið. Í þá nefnd hefur og mest verið vandað um kosningar. En nú á síðari þingum hef jeg verið sjónarvottur að þeim sorgarleik, að fjárlaganefndin hefur að síðustu gengið frá tillögum sínum, og ekki nóg með það, að hún hafi horfið frá sínum fyrri tillögum, heldur jafnvel gjört samtök um, að styðja breytingartillögur einstakra þingmanna, sem hún hefur upphaflega verið andvíg. Jeg skal ekki segja, hvern veg fara muni nú, en þó býst jeg við, að svo muni enn fara, því miður. Í fjárlaganefndarálitinu er víða talað um meiri hluta, er sje með þessari eða hinni fjárveitingu, en enginn veit, hvort um mismunandi fjármálastefnur er hjer að ræða,

og ekki heldur, hversu fjölmennur þessi meiri hluti er, hvort í honum eru 6, 5 eða 4 menn, því að allir hafa nefndarmennirnir skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust. Þetta skiptir þó miklu, að fá að vita. Hitt er síður þörf að vita, hverjir með eru eða móti, því að það eru málin, en ekki mennirnir, sem er aðalatriðið. Jeg vil óska, að nú færi ekki eins og á undanförnum þingum, og að fjárlaganefndin hefði bæði vilja og kraft til þess, að beina fjárhag landsins í sem bezt horf, og stefni þangað, sem góðu gegnir, og betur en áhorfist, eptir fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar.

Magnús Andrjesson (þm. Mýr.). Jeg er flutningsmaður að tveim breyt.till., með tveim öðrum þgm., annari á þgskj. 219, með háttv. þm. Snæf., en hinni á þgskj. 260, með háttv. þm. Borgf. Báðar eru þær að miklu leyti um hið sama. Þær fara fram á það, önnur eingöngu, hin meðfram, að koma Borgarnesi í símasamband við umheiminn. Það er öllum mönnum kunnugt, að Borgarnes er orðið og verður ætið meir og meir miðstöð póstflutninga, vöruflutninga og fólksflutninga til og frá Reykjavik. Verzlunum fjölgar þar, og verzlunin vex. Það liggur því í augum uppi, að mikil þörf er á, að þessi staður komist í símasamband. Annars hafa meðflutningsmenn mínir talað svo fyrir tillögunum, að jeg þarf þar engu við að bæta.

En þar sem jeg á í einu tvær br. um það sama að miklu leyti, þá er það svo að skilja, að önnur er til vara, ef hin er felld. Sú á þgskj. 219 er yfirgripsmeiri, og ef hún næði fram að ganga, yrði sambandsins meiri not, því að þá kæmust fleiri sveitir í sambandið, þar á meðal vestustu hreppar Mýrasýslu, Hraunhreppur og Álptaneshreppur, og væri þess mikil þörf, ekki sízt vegna þess, að í frumv. því til læknaskipunarlaga, sem nú liggur fyrir alþingi, er ætlazt til þess, að hjeraðslæknir þeirra sitji í Borgarnesi.

Hin breyt.till. á þgskj. 260 fer fram á það, að síminn verði lagður að eins til Borgarness frá Grund eða Varmalæk; af því yrðu og mikil not, þó að ekki yrðu þau eins mikil, og ef hin breyt.till. mín fengi framgang. Ef sú fyrri yrði felld, vona jeg, að hin síðari verði samþykkt, en hvor þeirra sem samþykki nær, legg jeg mikla áherzlu á það, að álman gangi um læknissetrið í Stafholtsey. Það er mikill áhugi fyrir því og margra manna ósk þar efra. Það væru ekki minnstu notin, sem öll alþýða manna upp til sveita mundi hafa af símanum, að geta jafnan haft samband við læknissetrið, vitað hvort hann er heima, og spurt hann ráða. Með því móti mundu sparast margar dýrar ferðir, og öllum má vera það fullljóst, hvílíkt hagræði væri að því, ekki sízt á vetrardegi. Þess vegna ætti helzt allstaðar, þar sem því yrði við komið og símar væru lagðir, sambandið að liggja um lækissetrin. Þetta vildi jeg taka skýrt fram.

Jeg sje mjer ekki fært að gjöra grein fyrir atkvæði mínu um allar þær breyt.till., sem fyrir liggja, því að það yrði of langt mál. Jeg vil að eins taka það fram, að jeg er mótfallinn fjárveitingu til járnbrautarundirbúnings austur um sýslur af sömu ástæðu, sem háttv. sessunautur minn 1. þgm. Skgf. (Ó. Br.) tók nýlega fram. Það mun sannast, að með atkvæðagreiðslunni um þennan lið er í rauninni greitt atkvæði um það, hvort nú þegar skuli leggja út í það stórkostlega fyrirtæki, að leggja

járnbraut austur um sýslur. En það verð jeg, eptir minni sannfæringu, að telja ofvaxið kröptum vorum að svo komnu, og því mun jeg greiða atkv. á móti þessari fjárveitingu.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg hafði fengið orðið næstur og ætlaði að minnast á ýmislegt, en menn eru komnir á víð og dreif, og sumir ekki viðstaddir, þeirra, sem jeg hefði þó þurft að ávarpa. Það er mjög leiðinlegt, að menn skuli ekki vera við. *(Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf.:* Framsögumaður er þó við.*)* Jú! Viti menn! Í þetta skipti er hann við. Það er nokkur bót í máli! Jeg er einn hinna bersyndugu, og eru ekki færri en tvær breyt.till. við 13. gr., sem nafn mitt stendur við. En áður en jeg tala um þessar breyt.till., þá ætla jeg að fara nokkrum almennum orðum um ritsímalagningar, og skal þá fyrst snúa máli mínu sjerstaklega til háttv. frsm., sem jeg sje, mjer til mikillar ánægju, að er inni.

Yfir höfuð hefur mjer líkað vel framsaga hans, en af því leiðir þó ekki, að jeg samþykkist henni í öllu, eða skrifi undir hana í öllum greinum. Háttv. framsm. lýsti yfir því í gær, að stefna stjórnarinnar, að leggja 1/3 af kostnaðinum við talsímalagningar á hjeruðin, væri »skynsöm og praktisk«. Einn h. þgm. spurði þá, hvort hún væri ekki líka sanngjörn. Því svaraði háttv. framsm. ekki, og verð jeg þar með að telja, að hann kafi neitað því, að þessi stefna væri sanngjörn, því að jeg kann svo vel skaplyndi hans, að hann mundi hafa játað því, ef hann hefði talið það rjett. En það er stór galli á reglu, að hún sje ekki sanngjörn. Jeg álít reglu stjórnarinnar *ekki sanngjarna* og *ekki heldur skynsamlega* og ekki »praktiska«; sjálf fjárlaganefndin hefur opt hinn sama skilning um það og ekki treyst að fylgja reglunni, heldur vikið frá henni, jeg segi ekki allstaðar, en sem næst allstaðar í tillögum sínum.

Háttv. framsm. las áðan upp brjef frá síðasta þingi, sem átti að sýna og sanna, að Árnesingar og Rangvellingar hefðu tjáð sig samþykka þessari reglu. En það sanna er, að þetta brjef var skrifað, fyrst þegar hreyfing var að koma á þetta mál og menn höfðu ekki hugboð um, hver aðalstefna mundi verða tekin. Sú tilraun, að leita hófanna hjá sýslubúum um það, hve mikið þeir vildu leggja fram, hefur haft þann árangur, að fjeð, sem leitað var eptir, varð ekkert eða svo lítið, að það er ekki nefnandi. Það er öllum mönnum vitanlegt, sem þingtíðindin lesa, að sú skoðun var efst á baugi á síðasta þingi, að landssjóður kostaði allar aðallínur, og allir voru líka þá sammála um, að línan austur ætti að leggjast á kostnað landssjóðs. Það kom því eins og skollinn úr sauðarleggnum, þegar farið var að spyrja að því, hve mikið sýslurnar vildu leggja til talsímalagningar austur um Árnes- og Rangárvallasýslur, því að þangað til hafði verið talið víst, að línan austur yrði lögð á kostnað landssjóðs.

Allir gengu út frá því vísu eptir síðustu þinglok, að höfuðlínna þessi yrði lögð á kostnað landssjóðs. Því máli til sönnunar, skal jeg leyfa mjer að vitna í tvo þingmálafundi í Árnessýslu í vor, annan á Húsatóptum, og hinn á Selfossi. Í fundargjörð Húsatóptafundarins stendur:

> »Fundurinn telur sjálfsagt. að þingið veiti fje af landssjóði að öllu leyti til talsíma frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu«,

og í fundargjörð Selfossfundarins stendur:

> »Jafnframt lýsir fundurinn óánægju

sinni yfir þeirri ráðstöfun stjórnarinnar, að heimta tillög frá sýslunni til aðallínunnar, þar sem slíkt er í ósamræmi við vilja síðasta alþingis«.

Þetta er beinlínis byggt á ummælum á síðasta þingi, en alls ekki svo að skilja, að Árnesingar vilji skera breiðari þveng af baki landssjóðs, en önnur hjeruð landsins. Það var heldur ekkert merkilegt, þó menn gjörðu ráð fyrir, að sú stefna yrði haldin á þessu þingi, sem þingið setti sjer sjálft á næsta þingi á undan; hinu var ekki gjört ráð fyrir, að þingið hringlaði úr einni stefnu í aðra, þing eptir þing.

Það var önnur regla, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) drap á í gær og sem jeg get fyllilega undirskrifuð, en hún var sú, að landssjóður legði á sinn kostnað allar aðallínur. Þessi regla ein er rjett og sanngjörn. Hvers eiga íbúar þeirra sýslna, sem svo eru settar, að aðallínan frá Seyðisfirði til Reykjavíkur liggur um þær, að njóta, að þær skuli komast í hraðskeytasamband við höfuðstaðinn og útlönd, án þess að borga einn eyri fyrir? Og hvers eiga íbúar þeirra hjeraða, sem aðallína þessi liggur ekki um, að gjalda, þar sem það á að skylda þá til að greiða vissan part af kostnaðinum við þá síma, sem til þeirra verða lagðir? Allar geyma þessar sýslur meðlimi sama þjóðfjelags, sem borga sömu gjöld og eiga því að njóta sama rjettar.

Jeg hef heyrt, að mikil gleði væri í Ísrael yfir öllum þessum mörgu og miklu símalagningum. En jeg er hræddur um, að þessi gleði verði galli blandin, þegar öll kurl eru komin til grafar. Það er eins og menn hugsi, að þegar búið er að velta nokkru af símalagningarkostnaðinum af landssjóði og á sýslusjóðina, þá sje öllu borgið. En þetta er makalaus barnaskapur, mjer liggur við að segja heimska. Allir skynbærir menn vita samt, að sýslusjóðirnir eru ekki færir um þessar nýju skyldur og skatta. Þeim er heldur ekki vísað á neinar nýjar tekjur eða nýja tekjustofna. Það má ofbjóða gjaldþoli sýslusjóðanna engu síður en gjaldþoli landssjóðs.

Með þessari reglu, sem hjer er verið að berja í gegn, er verið að leika — jeg vil ekki segja skollaleik — en þó einhvers konar blindingsleik við þjóðina, eða hvað menn vilja kalla það. Jeg er nefnilega sannfærður um, að af þessum tillögum úr sýslusjóðum verður aldrei borgaður einn evrir; þetta segi jeg ekki út í bláinn, jeg byggi á nægri reynslu frá undanförnum árum í líkum tilfellum. Hvar eiga bláfátæk sýslufjelög að taka fje til að borga þessi framlög? Auðvitað taka lán úr landssjóði, það er ekki í annað hús að venda. Hver verður svo endirinn, ef sýslufjelögin ekki standa í skilum? — Í skilum hefur opt ekki verið staðið með lán úr landssjóði —. Endirinn verður sá, an umsóknir koma til alþingis ár eptir ár um uppgjöf á þessum lánum og þau verða gefin upp á endannm eptir vefjur og vafninga fram og aptur. Það er heldur engin von, að bláfátæk sýslufjelög, sem nú hafa lítil eða engin ráð til að komast frá því, sem á þeim hvílir nú, geti nú tekið á sig svona stórkostlegar nýjar byrðar. Mjer blandast ekki hugur um, að sum sýslufjög muni kikna í knjáliðunum undir þessum þunga áður en langt um líður.

Jeg vil biðja menn, í sambandi við þetta. að taka eptir því, að nú er fyrir þinginu stórmikill lagabálkur, sem kemur harla hart niður á sumum sýslufjelögum; jeg á við *vegalögin*. Það er tilgangurinn, að ljetta byrðinni á lands-

sjóðinum með því að koma vegaviðhaldinu yfir á sýslusjóðina,— ekki sýluvegasjóðina, því allir vita, að í þeim er ekki einn eyrir — þess vegna er því dembt á sýslusjóðina. Sýslusjóðirnir eiga að fá allt viðhald þjóðveganna og þar að auki 1/3 af öllum kostnaði við þetta talsímanet, sem á nú að leggja um landið. Hvar endar þetta? Í upphafi skyldi endirinn skoða. Og jeg get búizt við, að eitthvað af þessu verði beiskt á bragðið, um það búið er að melta það. Það dugir ekki að hugsa um það eitt að velta öllu af landssjóði yfir á sýslusjóðina orðalaust. Þess verður fyrst að gæta, hvort þeir geta borið það. Allt er þetta í mínum augum ein stór ráðleysa, sem fyr eða síðar dregur þungan dilk á eptir sjer.

Nú sem stendur er hrein og bein sótt í landslýð út af landsímum, en jeg er sannfærður um, að sum hjeruðin vita ekki til fulls, um hvað þau eru að biðja; og jeg gæti ímyndað mjer, að margur bóndinn mundi hægja á sjer í símaeptirsókninni, ef honum væri vel ljóst, hvað fram á er farið. En nú er það að athuga, að sumar sýslur hafa alls ekki beðið um neina talsíma. Og hjer í deildinni kveður það við, þegar farið er fram á að leggja síma um þær sýslur, sem ekki hafa beðið um síma, að það sje »vænzt eptir« frá hlutaðeigandi hjeruðum, svo eða svo miklu fje til lagningarinnar. En í þessu felst, að þess hafi aldrei verið farið á leit við viðkomandi hjeruð, að þau leggi neitt fram til slíks. Þetta er varúðarverð braut, og — það er hart að verða að segja það — það er því líkast, sem verið sje að reyna, að *lokka sýslufjelögin út í fjárhagslegar ógöngur.*

Jeg býst nú að vísu við, að fáir fari að þessum orðum mínum, og að þetta sje sama og að tala í eyðimörku, en jeg vildi þó gjarnan, að þessi rödd heyrðist, og gjarnan mætti það sjást í þingtíðindunum, að einhver hefði þó verið á móti þessari ráðleysu. Þegar ekki liggur annað fyrir, en að koma verði aptur til þingsins og knjekrjúpa og biðja um, að ljetta af sjer byrðinni, þá kalla jeg, að menn kunni ekki fótum sínum forráð.

Landssjóður vill, að sýslusjóðir borgi 1/3 af símunum, nema þessari einu aðallínu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur og línunni vestur á Ísafjörð. En hvar sem spotti sjest, sem líklegt er að muni borga sig, þá vill landssjóður fyrir hvern mun ná í hann, og það er máske ekki láandi, þar sem fjárhagurinn er svo bágur, eins og hann er þegar orðinn. Ef talsímakerfi í bæ þykir borga sig, þá vill landssjóður óðar eignast það. Og þegar að er gáð, bera símakerfi í bæjum, hjer á landi, sig vel, og mundu auðvitað eins gjöra það, þó landssjóður eignaðist þau. En jeg kann ekki við, að landssjóður hugsi um að ná í þau til þess að okra á þeim og íþyngja þeim, sem nota þau. Það er sagt, að símakerfið á Akureyri sje gróðavænlegt fyrirtæki eins og nú er. Jeg átti nýlega tal við einn í stjórn talsímans í Reykjavík, og hann sagði, að það væri mjög »lukrativt« fyrirtæki. Það er eðlilegt, að landssjóður vilji eignast svo arðvænlega hluti, ef það er unnt með góðu móti. En jeg vil ekki, að hann gjöri það einasta til að græða á því, og draga meira fje úr vösum þeirra, er talsímann nota, en ella hefði verið.

Áður en jeg hverf frá þessu atriði, skal jeg geta þess, að mjer þykir það undarlegt, að mjer vitanlega hafa engar skýrslur komið fyrir þingið um það, hvernig þær símalínur, sem þegar eru lagðar, bera sig, eða hvort þær yfir

höfuð borga sig eða ekki. Það er næsta undarlegt, að nú þegar í ráði er að leggja svo margar línur, skuli ekki spurt einu orði um það, eða minnzt einu orði á það af neinum, hvort þær línur, sem þegar eru lagðar, borgi sig eða ekki. Þetta ásamt öðru sýnir þá dæmalausu blindni, sem alþýða manna er í, að því er þetta mál snertir, þar sem hún kærir sig alls ekkert um, hvort það borgar sig, sem gjört hefur verið í þessa átt, hvað þá það sem gjöra á.

Það hafa raunar komið skýrslur um, hvað talsíminn milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur gefi af sjer, svona einn og einn mánuð, en þar var galli á gjöf Njarðar, það fylgdi nefnil. engin skýrsla um það, hvaða kostnað lína þessi hefur í för með sjer á sama tíma. Þetta þykir mjer því nokkuð einhliða reikningur; flestir reikningar eru gjörðir svo, að á þeim sjáist bæði tekjur og útgjöld, og er því lítið á að byggja, ef að eins annað sjest.

Jeg er einn af þeim, sem var á móti ritsímalögunum á síðasta þingi. Jeg hef heyrt því fleygt, að oss, sem vorum á móti þessum lögum þá, muni ef til vill ekki vera það ógeðfellt að heyra, að símarnir ekki beri sig. En slíkum aðdróttunum vil jeg nú við þetta tækifæri vísa frá mjer og flokksbræðrum mínum, því þau eru tilhæfulaus með öllu. Jeg óska þess þvert á móti — og eins er jeg viss um að allir gjöra, sem unna framförum þessa lands — að öll þau fyrirtæki, sem einu sinni er í ráðizt og löglega komast á fót, borgi sig sem allra bezt. Ætti slíkt að vera gleðiefni öllum sönnum Íslendingum. Jeg verð að biðja hina háttv. deild velvirðingar á því, þó mjer verði nokkuð skrafdrjúgt og ætla jeg nú að víkja nokkrum orðum að þeim brtill. sem jeg er riðinn við. Fyrst skal jeg nefna brtill. á þgskj. 222, við 13. gr. B. III, um að eptir stfl. 3 komi nýr liður: til vegar frá Ingólfsfjalli upp í Grímsnes 10,000 kr. fyrra árið. Þetta var ítarlega rætt í gær og háttv. samþingismaður minn gjörði svo ljóslega grein fyrir þeirri þörf, sem er á þessum vegi, að það væri að bera í bakkafullan lækinn að taka það upp aptur. En þess skal jeg þó geta, að sje vegur ekki lagður í gegn um hraunið fyrir austan Sogsbrúna, þá er lítið gagn að þeirri brú. Það er alveg eins og með Ölfusárbrúna, hún kom ekki að gagni, fyr en vegur var kominn frá henni upp að Ingólfsfjalli. Jeg er þakklátur hæstv. umboðsmanni ráðh. og háttv. frmsm. fjárlaganefndarinnar fyrir liðlegar undirtektir í þessu máli, og vona jeg, að h. deild láti sjer vel farast við þessa br.till.

Þá vildi jeg minnast á aðra brtill. á þgskj. 243, við 13. gr, B. IV. Þar sem farið er fram á til vega í Austurfirðingafjórðungi 11,000 kr. fyrra árið og 12,000 kr. síðara árið í stað 7,000 kr. hjá stjórninni hvort árið. Af því sú sýsla, sem hjer um ræðir á engan talsmann í þessari deild, og sá þgm., sem er allra manna kunnugastur þar um slóðir (þm. V.-Sk., Guðl. G.), ekki er viðstaddur, þá sje jeg mjer skylt að skýra mál þetta fyrir deildinni. Það er alls ekki út í bláinn, eða til þess að flá landssjóð, að þessi ósk er fram komin. Menn mun reka minni til þess, að á síðasta þingi voru veittar 4,000 kr, til póstvegalagningar frá Laxá í Nesjum að Bjarnanesi, af því að Hornafjarðarfljót og Laxá höfðu eyðilagt veginn, sem áður var þar og gjörður var að póstvegi með landshöfðingjabrjefi $^{8}/_{3}$ 1890. Þessi vegur lá yfir fen og foræði, sem opt eru lítt fær eða ófær, nema þegar bezt og blíðast er. Þetta vegarstæði hefur verið skoðað af vegfróðum manni, Guðjóni Helga-

syni. Þó nú fje hafi verið veitt til þessarar vegagjörðar, þá hefur ræzt hjer sem optar, að »ekki er sopið kálið þó í ausuna sje komið«, því þegar til kom, var verkfræðingurinn á móti, að vegurinn yrði lagður þarna. Hann vildi leggja veginn annarsstaðar; stakk hann því upp á að nota fje þetta til vegagjörðar um Suðursveit, en stjórnin kvaðst ekki hafa heimild til þess að að verja þessum 4,000 kr. til þess, og kann jeg henni miklar þakkir fyrir það. Hjer er því ekki farið fram á annað en að fá þær 4,000 kr. endurveittar, sem veittar hafa verið áður, en ekki notaðar. Verkfræðingurinn áleit, að hentugra væri að leggja veginn ofar, og það er rjett. Nú hefur vegur þessi verið tekinn í þjóðvegatölu og er áreiðanlegt, að hvergi er haganlegra að leggja hann en frá Hólum yfir Laxá, fyrir ofan Þveit, upp hjá Stórulág og inn hjá Hoffelli. En í brjefi dagsettu 20. júlí í sumar leggur verkfræðingurinn á móti því, að farið verði að leggja þennan veg að svo stöddu, það liggi ekki á, með því að til sje annar vegur þar með Laxárbökkum og yfir Hornafjarðarfljót yfir Skógey framundan Bjarnanesi.

Hinn vegurinn liggur, eins og sjest á kortinu, inn að Hoffelli og Svínafelli, og inn fyrir allan Hornafjörð. En hjer er dálítill hængur á hjá verkfræðingnum. Jeg segi þetta ekki í því skyni, að gjöra árás á hann, því að jeg virði hann og störf hans mikils. Hann játar sjálfur, að hann sje ókunnugur á þessum slóðum, en segist byggja orð sín á ummælum nákunnugs manns, en sá maður er annaðhvort eigi svo nákunnugur, sem skyldi, eða hann hefur eigi viljað segja sannleikann. Og sannleikurinn er sá, að það er *enginn vegur til*, annar en sá, sem jeg nefndi, inn að Hoffelli og Svínafelli. Laxárbakkavegurinn er ekki til lengur. Og þau þrjú vöð, sem verkfræðingurinn getur um, eru ekki til heldur. Þar er engin leið yfir fljótið, nema fyrir fuglinn fljúgandi. Fljótið hefur gjörbreytt sjer á síðari árum, svo að þar sem aðalvaðið var, er nú manndrápshylur, þar sem aldrei er grynnra nú en 9 álna dýpi. Þetta er vaðið, sem þessi nákunnugi maður sagði að væri brúkað. Þar er ekki nema um tvennt að göra, annaðhvort ferja, eða þá að fara inn fyrir allt. Jeg tek það fram aptur, að jeg er ekki að ráðast á verkfræðinginn, hann er þessu ókunnugur, og það er ekki nema eðlilegt, að hann sje ekki jafnkunnugur um land allt. Hann segir í sama brjefinu, að líka megi fara yfir fljótið milli Hoffells og Stórulágar, en þar er ekkert Hornafjarðarfljót. Þar er ekkert nema lítil á, sem heitir Hoffellsá, en fljótið er fyrir vestan Hoffell. Hann segir líka, að þessi vegur sje sæmilega góður, en það er hann ekki, nema að eins þegar þurkar ganga. Haust og vor er hann ófær, eða lítt fær, líkt og var í Flóanum, áður en þar var gjörður vegur. Eiginlega eru slíkir vegir verri en ófærir, því að fara um þá er ekki til annars, en að misbjóða mönnum og skepnum.

Það er því ekki um annan veg að ræða, en þennan, gegn um Nesin, og það er þessi vegur, sem beðið er um 4,000+5,000 kr. styrk til þess að gjöra hann brúklegan.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessa skýringu mína gilda, og jeg er framvegis reiðubúinn til þess að gefa þær upplýsingar í þessu efni, sem á þarf að halda. Hjer er einungis farið fram á það, að fá að nota þessar 4,000 kr., sem ekki hafa verið notaðar áður, og 5,000 kr. í viðbót, til þess að gjöra

þennan veg færan. En vegurinn og vöðin, sem talað er um í brjefi verkfræðingsins, eru ekki til.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Það fer nú að sannast á mjer, að það er ekki spaug að komast í tölu kirkjufeðranna í lifanda lífi. Það er allt af verið að »citera« í mig sem framsm. fjárlaganefndarinnar á síðasta þingi, og það er ekki gott að taka á móti því. Það er ekki nóg að segja, hvað maður sjálfur meinti. Því eru menn máske tregir að trúa. Það verður því niðurstaðan að skýra sín eigin orð eins og gamlar ritningar. Þá verður að líta, ekki einungis á orðin sjálf, sem töluð voru, heldur á atvikin, sem lágu að orðunum.

Jeg skal þá víkja að því, sem háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.) skírskotaði til mín í gær. Hann hafði skrifað upp orð mín um símalagninguna austur að Ægissíðu, og er jeg mjög ánægður yfir því, því að orð mín eru þar öllu nákvæmar hermd, eins og hann hefur skrifað þau, heldur en eins og þau standa í þingtíðindunum. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg leyfa mjer að lesa þau upp, eins og hann hefur hermt þau í sinni ræðu þá. Þar stendur svo:

»Nefndin vildi sýna (þ. e. með þessari fjárveitingu) að það væri fyrirhugað, að leggja fram af landssjóði kostnað til þessara lína«.

Af þessu getur hver háttv. deildarm. ráðið, hverja þýðingu hjer á að leggja í þessi orð. Háttv. framsm. hefur þegar skýrt nokkuð frá atvikunum, er til þessa lágu, og jeg vildi leyfa mjer að bæta nokkru við, til þess að rifja þetta upp fyrir háttv. þm.

Það var leitað á það í Ed., að koma inn fjárveitingu til þess að byrja á símalínu til Ísafjarðar á þessu fjárhagstímabili, og þá komu líka fram raddir um þessa línu austur. Nefndin var þessu mótfallin af ýmsum ástæðum, en til þess að taka af skarið um það, að *hún* áliti, að þessar línur ættu að verða næstar, þegar kerfið yrði aukið, þá kom hún með breyt.till. um fjárveiting til rannsókna á símaleiðunum, og áleit rjett, að lýsa þannig yfir því, hverrar skoðunar hún væri.

En áður en nefndarfundurinn, sem þetta gjörðist á, var haldinn, voru komin brjef frá sýslumönnunum í Árnes- og Rangárvallasýslum með yfirlýsingum framlag úr hjeruðunum til síma móts við landssjóð. Nú er í hinum tilvitnuðu orðum ekki sagt »allt fjeð«, heldur að lagt skuli verða fram fje. Hef jeg svo ekki meira um þetta að segja, og getur hver dæmt sem vill eptir þessum atvikum, hvað liggi í yfirlýsing fjárlaganefndarinnar.

Hins vegar gæti verið ástæða til þess, að tala um það, sem háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) minntist á, viðvíkjandi framlögum hjeraðanna til símalagninganna. Hann hjelt því fram, að þau framlög væru fjarstæða, af því að sýslufjelögin væru svo fátæk. En jeg held maður verði þá að líta á það, hvaðan landssjóður hefur fjeð. Hefur hann það ekki frá þessum sömu fátæku sýslufjelögum? Og hver er þá munurinn á því, að borga í landssjóð eða sýslusjóði? Annað mál er það, að gjaldstofnum sýslusjóðanna er ef til vill eigi svo vel fyrir komið, sem skyldi, en þá er að laga það með löggjöfinni, en hitt kemur í sama stað niður, í hvorn sjóðinn fjeð er goldið. Og þegar litið er á það, að fyrirtækin eru fyrir einstakar sveitir og hjeruð, hverjum er þá skyldara að borga þau, en þeim sveitum, sem sjerstaklega eiga að njóta þeirra? Eða hvaða líkindi eru til þess, að fyrirtækin borgi sig fyrir landið, ef þau borga sig ekki fyrir hjeruðin eða sveitirnar, sem eingöngu njóta þeirra?

Yfir höfuð finnst mjer, að í mótmælunum gegn hluttöku hjeraða í fyrirtækjum, sem þeirra vegna eru stofnuð nær eingöngu, vera hrúgað saman svo mörgum hugsunarvillum, að ekki er eyðandi tíma þingsins til að tala um þær, hvað þá heldur að láta þær hafa áhrif á málefnin.

Úr því jeg stóð upp, skal jeg í stuttu máli gjöra grein fyrir atkv.gr. minni um þessa grein fjárlaganna. Jeg hef hugsað mjer að fylgja sem mest till. fjárlaganefndarinnar, eins og þær liggja fyrir í áliti hennar. Í rauninni er það þýðingarlaust að lýsa því yfir, án þess að færa fyrir því nánari rök. En annar þm. hefur fyrir skömmu gefið samskonar yfirlýsingu og rökstutt hana, svo þótt jeg hefði hugsað mjer það áður, get jeg látið mjer nægja litla viðbót. Við þessa grein hafa komið fram breyt.till., er nema hátt á annað hundrað þús. króna útgjöldum fyrir landssjóð; þar af nema — að því er jeg frekast man — breyt.till. nefndarinnar rúmum 60,000 kr., og er það að eins lítill hluti til móts við þau útgjöld, er breyt.till. þm. fara fram á. Á hverju eru nú þessar breyt.till. byggðar? Þær eru auðvitað allar byggðar á því, að þarfir eru fyrir margt og mikið, bæði vegi og síma. Og víst er um það, að ekki er hægt að vera á móti þeim nema af einni ástæðu, sem sje þeirri: að vjer verðum að takmarka oss? Og þar kemur einmitt að þeim grundvelli, sem byggja verður á í þessu efni. Jeg sje ekki, að till. þm. sjeu í samræmi við þá ábyrgðartilfinningu, er krefjast má af löggjafarþingi þjóðarinnar. Aptur á móti eru till. nefndarinnar sprottnar af þeirri ábyrgðartilfinningu, er hver fjárlaganefnd á að hafa gagnvart gjaldþoli landssjóðs.

Auk þess hefur nefndin og stjórnin, er hún undirbjó frumv., notið aðstoðar hinna beztu manna, sjerstaklega um B-lið þessarar greinar. Áður hefur þingið orðið að renna blint í sjóinn um fjárveitingar til vega, en nú hefur verkfræðingur landsins samið yfirlit yfir alla vegi og lagt greinilegt plan fyrir framkvæmdum á vegamálum. Þetta plan hefur verið lagt til grundvallar fyrir vegalögunum. Og engin skynsamleg ástæða er til að ganga út fyrir það í fjárlögunum. Að því hefur líka stjórnin og fjárlaganefndin hallazt. Og jeg fyrir mitt leyti álít, að frá því megi ekki víkja eitt hænufet nema undir alveg sjerstökum kringumstæðum.

Annað mál er það, ef menn telja framkvæmdir stjórnarinnar fara fram úr því, sem fært þykir. Þá er sjálfsagt að taka í taumana, og jeg tel það fremur hlutverk þingsins, að halda í við góða og framkvæmdarsama stjórn, en að vaða svona áfram í fyrirhyggjuleysi.

Sama er að segja um símamálin. Till. frumv. og nefndarinnar eru gjörðar í samráði við símastjórnina, og verður það að teljast óráðlegt að fylgja fram því, sem hann ræður frá. Það er kunnugt, að hann hefur fullkomna löngun til að komast megi á, eins fljótt og hægt er, samfellt símakerfi um allt land. Miklu fremur gæti verið ástæða til af fjárhagslegum ástæðum að halda heldur í en knýja á.

Nú, þegar okkar pólitíska lífi er komið svo, að við höfum fengið stjórn, er áfram sækir ötullega, þá má það undarlegt virðast, að jafnframt því skuli koma fram meiri kröfur en nokkru sinni áður um viðbætur við till. stjórnarinnar og nefndarinnar í fjármálum. Það er eins og menn sjeu enn þá ekki búnir að átta sig á þessum ábyrgðarhluta, sem fylgir frjálslegra stjórnarfari.

Fjárlaganefnd síðastliðins þings gekk út frá, að hæfilegt mundi um næstu 10 ár að verja til vegagjörða að meðaltali 150,000 kr. á ári (— 300,000 kr. á hverju fjárhagstímabili —). Í samræmi við þetta er fjárlagafrumv. stjórnarinnar nú, og fram úrþví sýnist mjer ekki farandi.

Einn aðallið þessarar gr., er hljóðar um gufuskipaferðirnar, finnst mjer þó nefndin og stjórnin hafa farið yfir á hálfgjörðu hundavaði, ef svo má að orði komast. Að líkindum mun ekki hafa verið um önnur ráð að velja, en þesskonar. Í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að beina einni fyrirspurn að hæstv. ráðh. Nefndin leggur til að veita 40,000 kr. einhverju fjelagi með því skilyrði, að strandferðirnar verði jafngóðar og á fjárhagstímabilinu 1904—5 og millilandaferðirnar eins og þær nú eru. En nú er mjer kunnugt um, að með tilboði hins sameinaða gufuskipafjelags hefur legið fyrir nefndinni ferðaáætlun. Mun nú stjórnin leggja þann skilning í till. fjárlaganefndarinnar, að semja megi um ferðir sem næst því, er í áætluninni stendur?

Að því er mínu kjördæmi viðkemur, er þar gjört ráð fyrir lakari ferðum en áður, bæði eru viðkomurnar færri og á óhentugri tíma en áður. Jeg nefni þetta sem dæmi, en ekki vegna þess, að jeg vilji taka mitt kjördæmi út úr, æskja breytinga sjerstaklega fyrir það, og jeg veit líka, að það er í fleiri stöðum, sem þessi áætlun er óhagkvæmari, en hin núverandi. Áætlunin mundi því þarfnast talsverðra breytinga, ef við hana ætti að una. Það er ekki nóg að vita, hve margra ferða hver höfn þarfnast, heldur skiptir hitt meiru, að vita, hvenær ferðirnar koma sjer bezt fyrir þennan og þennan stað, en það veltur á, hvernig vöruflutningum og kauptíðum er háttað. Til norðurlandsins þurfa t. d. skip að vera komin, áður en ís rekur að á vorin.

Þetta vildi jeg athuga yfirleitt, en út í einstök atriði skal jeg ekki fara.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) tók í sama strenginn og jeg, að rjettast væri að fylgja fjárlaganefndinni eptir því, sem hægt er. En hann gaf henni ákúrur í þá átt, að hún væri óheil, og ætla jeg ekki að bera blak af núverandi fjárlaganefnd. En mjer skildist á háttv. þm., að fyrri fjárlaganefndir hefðu verið enn þá verri, hefðu jafnvel gjört samtök við einstaka þm. til þess að koma sínu fram. Jeg vildi mótmæla þessari svæsnu árás á fyrri fjárlaganefndir. Jeg man eptir, að tvær *nefndir* á þinginu gjörðu einusinni samtök, fjárlaganefndin og samgöngumálanefndin, en það hefur aldrei í annan tíma verið gjört. Mjer finnst ekkert óheiðarlegt í þessum samtökum; í þetta sinn urðu þau til þess, að þær unnu sigur og komu góðu til leiðar. Enda er skiljanlegt, að á þann hátt geti orðið meiri heildarhugsun í málameðferðinni, heldur en þegar allt er komið undir, hvernig allt veltist í atkvgr.

Þegar hjer var komið og klukkan orðin 3, ákvað forseti fundarhlje þangað til klukkan 5.

Klukkan 5 hófust umr. aptur, og var ráðherrann þá mættur á fundi.

Ráðherrann: Aður en tekið er til dagskrár, vildi jeg leyfa mjer að tala nokkur orð.

Jeg skildi við konung vorn á Seyðisfirði í fyrra kvöld, er hann hóf heimför sína til aðsetursstaðar síns. Hann fól mjer á hendur, að bera alþingi hjartfólgna kveðju sína og hugheilar óskir um heillaríkan árangur af starfi þess fyrir land og lýð. Hans Hátign fól mjer einnig, að votta alþingismönnum sem fulltrúum hinnar íslenzku þjóðar al-

úðarþakkir fyrir þær góðu móttökur, sem honum hefðu verið veittar hjer á landi, allstaðar þar, sem hann kom, og þann hlýja hug, sem hann hvarvetna hefði fundið. Kvað hann endurminninguna um þessa komu ávallt mundu verða sjer dýrmæta og ógleymanlega, og vonar hann þess, að förin megi leiða til góðs fyrir þetta land, er hann árnar allra heilla og þrifnaðar.

Að skilnaði afhenti hann mjer brjef, þar sem hann til minningar um komu sína stofnsetur sjóð með 10,000 kr. upphaflegum höfuðstóli, til þess að efla friðun og ræktun skóga hjer á landi, og þar með styðja að því, að klæða og prýða landið. Jeg veit, að háttv. þingmenn eru allir samhuga í því, að þakka Hans Hátign fyrir þessa gjöf, er lýsir svo hlýjum hug og bjartri framtíðarskoðun, þakka honum fyrir hingaðkomu hans og alla framkomu hans við æðri sem óæðri, og árna honum góðrar ferðar og farsællar heimkomu.

Jeg vona, að eptirkomendur vorir muni einnig lengi þessa konungskomu og blessi nafn Friðriks konungs áttunda »í lundi nýrra skóga«.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Lengi lifi Friðrik konungur áttundi!

Þingmenn tóku undir með níföldu húrra-hrópi.

Ólafur Thorlacius: Jeg hef flutt 2 breyt.till., á þgskj. 234 og 233. Fyrri tillagan fer fram á hækkun á styrk til rannsóknar símaleiða, 2,000 kr. fyrra árið, til þess að rannsaka og gjöra áætlun um símalagningu frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar. Háttv. framsm. fór hlýjum orðum um þetta, en áleit, að hækkunin væri óþörf, því að þessi mæling mundi fara fram samt sem áður. Mjer þótti vænt um að heyra þetta, jeg skildi það sem bendingu til stjórnarinnar um að láta rannsaka þessa símaleið. Samt sem áður álít jeg engan skaða, að samþykkja till., því að ef fjárins þarf ekki með, verður styrkveitingin ekki notuð. Breyt.-till. á 233 hefur ekki fengið eins góðan byr; hún fer fram á, að veittur sje styrkur til að brúa Tinnudalsá í Breiðdalshreppi. Hjer er um það að ræða, að rjetta fátæku sveitarfjelagi hjálparhönd til nauðsynlegra vegabóta. Háttv. umboðsm. stjórnarinnar fór um þessa tillögu ómjúkum orðum, og sagði, að brúin yfir þessa sprænu væri svo ódýr, að ekki væri ástæða til að veita styrk til annars eins smáræðis. Jeg vil benda mönnum á bænarskjal um þetta á lestrarsalnum, þar sem gjörð er nákvæm grein fyrir kostnaðinum við þetta fyrirtæki. En jeg tek það fram, að það er ekki einasta brú, sem um er að ræða, heldur einnig vegur, sem kostar mörg þúsund krónur, til þess að brúin geti komið að notum. Jeg vona, að þessari beiðni verði sinnt, og vona, að menn sjái á þessu, sem jeg hef sagt, að það er engin goðgá, að bera hana fram.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg hef ekki gjört mikið af því, að koma með breyt.till. við fjárlögin, af því að jeg get að mestu leyti fellt mig við þau. eins og þau liggja fyrir, eptir að fjárlaganefndin hefur haft þau til meðferðar. Samt vil jeg segja nokkur orð, áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Samgöngumálin eru að sjálfsögðu þýðingarmikil fyrir landið. En á hinn bóginn eru fjárhæðir þær, sem ganga til þeirra, ekki all-litlar eptir okkar mælikvarða. Þess vegna verður aldrei of vel athugað, hvaða ráðstafanir skuli gjörðar. Jeg hef verið í miklum vanda staddur í þessu efni, en er nú kominn að nokkurn veginn fastri niðurstöðu, og vil því gjöra grein fyrir atkvæði mínu, því að ýms-

um kann að koma skoðun mín undarlega fyrir sjónir.

Það er þá fyrst að minnast á vegamálin. Ýmsar breytingartillögur hafa verið bornar upp um, að auka fje til vega á ýmsum stöðum, sem hafa það sammerkt, að þörfin er allstaðar mikil; hins vegar, ef þær yrðu allar samþykktar, þá væri of mikið lagt í kostnað, þegar tekið er tillit til annara útgjalda, sem liggja fyrir og nauðsynleg ern. Þess vegna er jeg staðráðinn í, að greiða atkvæði á móti öllum þessum breyt.till. og þar á meðal jafnvel þeim, sem eiga að koma mínu hjeraði til góða, þótt jeg viti, að jeg muni liggja undir hvers manns ámæli. Það læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, jeg met meira mína eigin sannfæringu. Þegar nú þess er gætt, að á fjárlögunum er ætlað nokkuð á fjórða hundrað þúsund kr. til vegagjörða á næsta fjárhagstímabili, þá finst mjer, að varla sje fært þar við að bæta.

Verkfræðingur landsins hefur gjört grein fyrir því, að um 900,000 kr. þurfi til þess, að fullgjöra vegi þá, sem taldir eru á gildandi vegalögum, og leggur hann jafnframt til, að þessu verki verði lokið á næstu 10 árum; jeg lít svo á, að þingið ætti að fara sem allra næst þessum tillögum hans, og jeg treysti því, að allir skynbærir menn muni sætta sig við það fyrirkomulag.

Viðvíkjandi símalagningunum hafa komið fram tvær mismunandi stefnur, önnur sú, að sanngjarnt sje og sjálfsagt, að hjeruðin taki ákveðinn þátt í kostnaðinum; á hinn bóginn er því haldið fram, að landinu beri að kosta símana að öllu leyti. Jeg álít, að ekki geti komið til mála, að landið kosti nema höfuðlinuna, það er frá lendingarstað til Reykjavíkur og Ísafjarðar. Einhver takmörkun verður að vera, og þegar allir landshlutarnir fjórir eru komnir í símasamband, þá er mikið að gjört. Jeg er því á móti því, að aðrar línur sjeu taldar aðallínur, en þessar, því að ef það er gjört, þá getur leitt svo langt, að kröfunum um línur rigni úr öllum áttum; menn vilja fá þær þvers og langs yfir hjeruðin og nærri að segja á hvert heimili. Hið eina rjetta er, að hjeruðin leggi fram fje, og málið ætti að vera rannsakað og undirbúið af sveitarstjórnum og hjeraðsstjórnum, áður en beðið er um síma og byrjað á framkvæmdum. En það er önnur regla, sem gæti komið til skoðunar, og það er, þegar hjeruð bjóðast til að leggja síma á eigin kostnað. Þá er tvennt til, annað hvort að veita leyfið og hjeruðin kosti að öllu leyti símann, eða þá að neita, og landssjóður leggi svo símann á sinn kostnað. Því að það er hart að neita vegna þess, að arðsvon sje fyrir landssjóð í þessari línu, og svo þar á ofan heimta tillag af hjeraðinu til þess að landið leggi línuna. Þessa stefnu vil jeg biðja menn að athuga, hún er nauðsynleg, samfara hinni. Þess vegna get jeg ekki annað, en greitt atkvæði með öllum þeim símalagningum, sem hjeruðin leggja fje til, en jeg neita að rjett sje, að landið leggi síma á sinn kostnað að öllu, nema í því tilfelli, sem jeg áður gat um.

Jeg hafði ætlað mjer að minnast á ráðstafanir til þess, að símar í bæjum verði landsins eign, en það get jeg sparað mjer, af því að háttv. framsm. og háttv. 2. þgm. Árn. (Ól. Ól.) hafa talað ítarlega um það efni, og er jeg þeim fyllilega samdóma. Jeg tel víst og vona, að athugasemdir fjárlaganefndarinnar verði teknar til greina í þessu, að gjaldið verði ekki hækkað um næstu 5 ár. En hvers vegna gildir ekki sama

regla um bæjarsíma í Reykjavík og annarsstaðar. Því að, ef á að afhenda þá landinu annarsstaðar, þá er sjálfsagt, að gjöra það líka þar. Þær ástæður eru að vísu færðar til, að síminn hjer í Reykjavík sje ófullkominn og þarfnist umbóta. En að heppilegra sje, að bæjarfjelagið bæti símann, heldur en að landið gjöri það, það getur ekki verið. Jeg treysti ekki bæjarfjelaginu betur til þess en símastjórninni. Það er hagfeldast, að síminn sje keyptur og endurbættur undir umsjón símastjórnarinnar, sem bezt er fær um að annast framkvæmdir á því. Því að jeg sje ekki, að neitt sparist við að draga kaupin, því að landið verður að gefa fyrir hann það, sem hann kostar á þeim tíma.

Þá vildi jeg að eins minnast fáum orðum á breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. C. 2. b. Jeg er háttv. nefnd þakklátur fyrir það, að hún hefur hækkað tillagið til Eyjafjarðarbátsins. Það er reyndar ekki einungis Eyjafjörður, heldur þrjár aðrar sýslur, sem njóta góðs af því tillagi, svo að tillagan er naumast rjett orðuð. Jeg er samdóma háttv. nefnd um það, að þetta sje það minnsta, sem komizt verður af með. Sem dæmi þess, hverja þýðingu þessi bátur hefur, vil jeg benda á það, að eins og þeir vita, sem til þekkja, hefur á seinni árum opt verið vandræði með að útvega beitu á ýmsum stöðum norðanlands, en gnægð beitu á öðrum stöðum, en ómögulegt að ná henni að sjer, vegna þess, að viðeigandi flutningstæki hefur vantað. Það er hverjum kunnugum manni augljóst, hversu mikill skaði hefur af þessu hlotizt, ekki einungis fyrir þessi hjeruð, heldur einnig fyrir landið í heild sinni. Úr þessu ætti slíkur gufubátur, sem hjer er fyrirhugaður, mjög mikið að geta bætt. Jeg tel það víst, að þingmenn þeirra þriggja hjeraða, sem hjer njóta góðs af, greiði atkvæði með þessari hækkun. En jeg get ekki greitt atkvæði með þeirri till. háttv. nefndar, að lækka tillagið til Breiðafjarðarbátsins; styrkurinn hefur ekki verið meiri en svo, að jeg er viss um, að Breiðfirðingar þurfa hann óskertan.

Það gæti verið ástæða til þess að minnast á fleira, en jeg sleppi því í þetta sinn.

Eggert Pálsson (1. þgm. Rangv.): Jeg vildi áður en atkv.gr. fer fram, bæta nokkrum orðum við það, sem jeg sagði í gær viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 244. Hjer er nú um allmikla fjárupphæð að ræða, hvort sem litið er á fjárlagafrv. eða mína breyt.till. 40,000 kr. samkvæmt fjárlagafrv. — en 50,000 samkvæmt breyt.till. minni. — Jeg þóttist hafa sýnt fram á það í gær, að brúin á Ytri-Rangá gæti ekki komið að *fullum* notum, nema hún væri á Ægissíðu; auðvitað kæmi hún að minnsta kosti á sumum árstímum að miklum notum annarsstaðar, en ekki að fullum. Það verður æfinlega krókur og töf að fara brúna, sje hún annarsstaðar sett. En auk þess er eitt, sem mjer láðist að geta um í gær, og það er það, að eptirlit með brúnni hlýtur að verða miklu verra á neðri staðnum, heldur en hjá Ægissíðu, þar sem bæirnir eru rjett við, sinn hvoru megin árinnar.

Sjálfsögð afleiðing af þessu er auðvitað, að ef brúin skemmist, veit enginn, hver gjört hefur. Mundi þá slíkt verða kennt náttúrukröptunum og kæmi þá á landssjóðs bak að bæta það samkvæmt vegalögunum. Og mundi það þá fyllilega nema þessum 10,000 kr. sem hjer munar. Háttv. framsm. sagði, að áætlunin um kostnaðinn við

brúna á Ægissíðu væri ekki skýr; jeg skal játa, að svo kunni að vera, og er það illt mál við að eiga. Jeg hlustaði á skýringu verkfræðingsins þessu viðvíkjandi í fjárlaganefndinni, og sagði hann um brúarstæðið á Ægissíðu, að það væri ekki fullrannsakað; þar væri klöpp öðru megin, sem óhætt væri að reiða sig á og taldi víst, að það mundi vera hinu megin líka, en hann hefði þó ekki fundið hana eða haft tíma til að rannsaka það nákvæmlega, og væri því með fram þess vegna áætlunin ekki sem ábyggilegust. Það er nú ósk mín, að stjórnin láti rannsaka með fullri nákvæmni brúarstæði á Ægissíðu, áður en Rangá er brúuð annarsstaðar, því annaðhvort yrði það þá til þess að kæfa allar raddir móti því, að brúin yrði sett þarna, sem stjórnin ætlast til, eða þá að hitt sýndi sig, að kostnaðarmunurinn yrði tiltölulega lítill. Og væri þá að sjálfsögðu betra að fresta framkvæmdunum um eitt fjárhagstímabil, heldur en setja hana þar, sem hennar yrði verri not. Jeg ímyndaði mjer, að það gjöri að minnsta kosti engan skaða, þó að brúarstæðið hjá Ægissíðu væri rannsakað betur. Það kæmi þá fyllilega í ljós, hve miklu dýrari brúin mundi verða á Ægissíðu en annarsstaðar. Hitt er víst, að þar gjörir hún meira gagn en á neðri staðnum. Það er hver einasti maður í Rangárvallasýslu sannfærður um, og hefur sýnt sig ljóslega, þar sem sýslan býður 5,000 kr. tillag til þess úr sýslusjóði að fá hana þar.

Jeg vildi vekja athygli hinnar háttv. deildar á því, að brtill. nefndarinnar við 19. lið á atkvæðaskránni, að styrkurinn til að rannsaka járnbrautarstæði austur falli burt, er ekki með mínum ráðum gjörð. Það getur að mínu áliti naumast hjá því farið, að eitthvað verði gjört til þess að koma þessum blómlegu hjeruðum í betra samband við umheiminn en nú er, annaðhvort með hafnargjörð fyrir austan fjall, eða þá járnbrautarlagningu til Reykjavíkur. Höfn á Eyrarbakka eða Stokkseyri gæti að vísu komið hjeraðinu að góðum notum, en ekki Reykjavík. Fyrir Reykjavík er það algjörlega nauðsynlegt að samgöngutækin breytist og batni. Hjer er svo ástatt, að það má heita gjörsamlega ógjörningur fyrir sveitamenn að koma með hesta til bæjarins; það kemur varla fyrir, að ekki týnist eitthvað af þeim, og heggur það skarð í þann hagnað, sem austursveitamenn kunna að þykjast hafa af því að skipta við Reykjavík. Af þessu hefur líka sprottið kaupfjelagsskapur í stórum stíl fyrir austan fjall, sem rekur sína verzlun þar.

Þetta mál stendur líka í nánu sambandi við Flóa-áveituna fyrirhuguðu. Það væri óðs manns æði að ætla sjer að leggja fje, meir en $^1/_2$ miljón, til áveitunnar og byggja á þeim samgöngufærum, sem nú eru; það yrði blátt áfram ómögulegt að koma afurðunum af sjer eða umsetja þær í peninga svo fljótt og svo vel, að fyrirtækið gæti borgað sig.

Þá vildi jeg segja nokkur orð um símann austur. Þó að jeg sje þar á líkri skoðun eins og meðnefndarmenn mínir, þá er hún þó á öðrum rökum byggð heldur en h. hv. frmsm. tilfærði. Mjer sýnist það vera sanngjarnt og rjett, að það hvíli á landssjóðs baki, að leggja ritsímana; en hitt er nauðsynlegt að fá fjárviðbót frá hjeruðunum vegna fjárskorts landssjóðsins á aðra hlið og eptirsóknarinnar eptir símalagningum á hina hliðina, og sem allstaðar er svo mikil. Það liggur auðvitað í hlutarins eðli, að þau hjeruð, sem símalínan milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur liggur um, hafa engan

sjerstakan rjett til þess að fá símann án framlags, frekar enn önnur hjeruð; sama má segja um Vestfirðina; í slíkri ráðstöfun er ekki og getur ekki verið nokkur sanngirni. Það er líka eingöngu af fjárhagsleguin ástæðum en ekki af sanngirni, að menn leggja heldur símann þar sem þjettbýlt er, en ekki þar sem fámennt er og fátækt; hin fámennari og fátækari hjeruð hafa í raun og veru sama rjett, sömu sanngirniskröfu sem hin efnaðri og fjölmennari, en menn hafa látið og láta sífellt hin síðarnefndu sita í fyrirrúmi, einungis af því, að það borgar sig betur að leggja þar síma. Það hefur þannig verið og er enn hin fjárhagslega nauðsyn, sem þessum ráðstöfunum veldur, en ekki sanngirnin og rjettlætið; ekki það að nokkur geti sagt, að það sje sanngjarnt og rjett að haga þessu svo, eins og gjört er.

Þar sem hinn háttv. frmsm. las upp brjef frá sýlumönnum Árnes- og Rangárvallarsýslu frá 1905 og byggði á því þá ályktun, að þær mundu viljugar að leggja fram fje til símans, þá var sú ályktun hans ekki rjett. Hann las nefnilega ekki nema síðari partinn af því brjefi. En í fyrra parti brjefsins stendur, að fjárframlagið sje bundið því skilyrði, ef þingið leggi fram fje til símalagningar á næsta fjárhagstímabili, því tímabili, sem yfir stendur. Og þar sem síminn var þá ekki lagður, þá gildir það tilboð ekki lengur. Það var alveg eins ástatt um það og um 8,000 kr. tilboðið nú frá Rangárvallasýslu. Það stendur ekki og gildir ekki nema næsta fjárhagstímabil. Að ætla að heimta það af henni, að standa við það einhvern tíma síðar, væri alveg rangt.

Jeg get gengið inn á þessa stefnu stjórnarinnar og fjárlaganefndarinnar, sem kemur fram í þessum símalagningum, þó að hún sje ekki sanngjörn eða rjettlát, eingöngu af því, af því að hún er nauðsynleg. Það er ómögulegt að fá nægilegt fje öðruvísi til að fullnægja nokkurn veginn kröfunum. Og jeg er því eptir atvikum meðnefndarmönnum mínum þakklátur fyrir það, hvernig þeir tóku í ritsímalagninguna austur. Mjer finnst, að Rangárvallasýsla hljóti að sætta sig í þessu máli við sitt hlutskipti, eptir því sem um er að gjöra.

Ráðherrann: Jeg hef ekki verið hjer viðstaddur í nokkra daga, og er nú nýkominn aptur. Jeg hef þess vegna ekki sjeð þær brtill., sem fram eru komnar við fjárlögin, og veit heldur ekki, hvað þegar er búið að segja við fyrstu umr. nje það, sem af er þessari umr. Jeg vona því, að háttv. deild virði mjer til vorkunnar, þó að hlutaka mín í umr. í dag verði nokkuð í molum.

Jeg vildi svara fyrirspurn frá hinum hv. þm. S.-Þing. (P. J.). Hann spurði, hvort það væri meiningin að haga gufuskipaferðunum sem næst því uppkasti, sem fylgir tilboði því, sem stjórnin fjekk. Jeg skal lýsa yfir því, að það var tilætlun hr. Kronmanns fjelagsstjóra, að fara ekki út fyrir það uppkast, sem afhent var, en jeg gat þess þá strax, að jeg gæti ekki gengið að því, eins og það lægi fyrir.

Eptir það hafa engir nánari samningar fram farið, enda er það meiningin, að samninga verði aðallega leitað eptir á, eptir að þingið hefur sett sín skilyrði.

Jeg skal taka það fram, að þar sem tiltekið er í athugasemdinni við fjárveitinguna, að millilandaferðir skuli ekki vera færri en nú, þá er það að eins átt við millilandaferðir stærri skip-

anna,en ekki strandferðabátanna »Skálholts« og »Hóla«, sem ætlazt er til að hætti milliferðum milli landa. Það eru því ferðir hinna skipanna, sem átt er við, þar sem sagt er, að millilandaferðirnar eigi ekki að vera færri nje óhagkvæmari en nú; en þegar talað er um hagkvæmar og óhagkvæmar ferðir, þá ber þess að gæta, að það er alls ekki víst, að það sje hagkvæmast, að viðkomustaðirnir sjeu sem flestir. Það tefur skipin og er þó ekki nauðsynlegt, ef strandferðirnar komast í það horf, sem þær áður voru, nefnilega að »Skálholt« og »Hólar« fari annað 6 og hitt 7 ferðir kring um landið.

Jeg hef ekki hugsað mjer, að millilandaferðirnar næsta ár yrðu sniðnar eptir áætluninni 1904 og 1905, sem liggur til grundvallar í tilboðinu, heldur miklu fremur, að áætlunin 1906—7, væri lögð til grundvallar að því, er stærri skipin snertir eptir því, sem föng eru á, og með þeim breytingum, sem leiða af hinum auknu strandferðum, nauðsynlegri vetrarferð kringum landið o. fl. Jeg hef hugsað mjer, að háttv. þm. ljetu fyrir þinglokin stjórninni í tje álit um það, hver fyrir sitt hjerað, hverjar af hinum núverandi viðkomum stærri skipanna eru nauðsynlegastar, og hverjar helst mættu burtu falla, og mætti svo hafa þær upplýsingar til hliðsjónar, þegar ferðaáætlun er búin til eða samþykkt. Að öllum kröfum geti orðið fullnægt, því get jeg auðvitað ekki lofað, en í öllu falli mun stjórnin leitast við eptir megni, að fullnægja skilyrðum þeim, er fjárlögin setja.

Jeg álít, að mjög stórt spor sje stigið í áttina, að því er snertir samgöngurnar á sjónum, ef það fæst, að sett verði inn í ferðirnar tvö ný, stór skip, útbúin með þeim föngum og tækjum, sem lýst er í nefndarálitinu. Og jeg álít ennfremur, að ekki sje við því að búast, að fá hjá nokkru fjelagi byggð slík skip, ef ekki er samið fyrir lengri tíma, en eitt eða tvö ár. Hinsvegar játa jeg það, að varasamt væri að gjöra samninga um langan tíma, ef þar með væru útilokaðir allir samningar við önnur fjelög. En þessi samningur, sem hjer er um að ræða, á ekki að vera þess eðlis. Meiningin er aðeins sú, að fá heimild til þess að skuldbinda landið til þess að greiða í 8 ár 40,000 kr. fyrir millilandaferðir og strandferðir, er fullnægi þeim skilyrðum, sem þingið nú setur; ekki minni ferðir fyrir ekki meira tillag. En um engan einkarjett getur hjer verið að ræða nje skuldbinding til þess, að semja ekki um meiri ferðir, annaðhvort við sama fjelagið eða aðra, ef þetta, sem nú er gjört ráð fyrir, skyldi reynast ónógt vegna breyttra kringumstæðna.

Jeg sje á till. háttv. fjárlaganefndar, að þar er farið fram á, að fella burtu styrkinn til að mæla upp járnbrautarsvæðið. Jeg verð að játa, að þetta kemur mjer nokkuð óvart, því að allir þeir, sem jeg hef átt tal við í sumar, einkum þeir menn, sem menn almennt álíta að hafi gott vit á því, sem miðar að framkvæmdum og framförum yfirleitt, hafa verið á þeirri skoðun, að fyrst og fremst þyrfti að efla innanlands samgöngur á þeim stöðum, þar sem von getur verið um aukna framleiðslu, og hef jeg talað við marga málsmetandi menn, sem ekki hefur vaxið það í augum, að Ísland reyndi að koma upp hjá sjer járnbrautarspotta á arðvænlegustu stöðvunum. En áður en við getum lagt út í slíkt fyrirtæki, er bráðnauðsynlegt að fá nákvæmar undirbúningsrannsóknir, til þess að sjeð verði, hvernig hentugast verði og affarasælast að haga lagningunni.

Þegar ráðinn var verkfræðingur til aðstoðar landsstjórn og hjeraðastjórnum, samkvæmt fjárveiting alþingis 1905, var verkfræðingnum falið á hendur að kynna sjer lagning mjósporaðra járnbrauta í Svíþjóð og Noregi í þeim tilgangi, að hann gjörði fyrstu undirbúningsathuganir viðvíkjandi lagning slíkrar brautar austur hjeðan. Hann skoðaði og járnbrautarsvæðið þegar í fyrra sumar, og leizt vel á, en niðurstaða haus var sú, að að ekki væri auðið að velja neina vissa stefnu eða gjöra sjer ákveðna hugmynd um kostnaðinn, nema nákvæmar landmælingar færu fram. Að fá útlenda »ingeniöra« til slíks, mundi bæði verða dýrt og seinlegt, og var því hans ráð, að leitað væri til landmælingadeildar danska hersins, til þess að fá mælingadeild þá, sem hjer ætti að vinna, til þess að framkvæma mæling og uppdráttarstörf. Samkvæmt þessu var leitað til »Generalstabens topografiske Afdeling«. Eins og kunnugt er, standa mælingar landmælingadeildarinnar í sambandi við sjómælingarnar við strendur landsins, og er því sjerstaklega áríðandi, að fá nákvæmar mælingar hringinn í kring um land allt, með fram strandlengjunni. En innri hluta landsins hefur verið meiningin að mæla á nokkuð annan, miklu fljótlegri hátt á eptir. Það liggur því ekki í fyrirætluninni, eins og hún er, að láta fara fram fyrst um sinn nákvæma mælingu langt inni í landi. En til þess, að velja á milli margra mismunandi leiða fyrir járnbraut, er nauðsynlegt, að mælingarnar sjeu svo nákvæmar sem unnt er. Þessvegna þarf að bæta sjerstakri mælingardeild við, um fram þær deildir, sem hvort sem er á að senda, ef við eigum að geta fengið framkvæmdar þær mælingar, sem við þurfum, þegar á næsta ári. Vjer höfum fengið tilboð um, að svo skuli gjört, ef landssjóður borgar hinn beina kostnað við ferð og dvöl þessarar deildar (að því er mig minnir 1 eða 2 lautinantar, 5 undirforingjar og 13 dátar), en að öðru leyti verður verkið framkvæmt launalaust. Ef þessir menn tækju verkið að sjer, þá er þar með fengin full trygging fyrir því, að það yrði vel af hendi leyst, og kostnaðurinn yrði miklu minni heldur en ef taka ætti útlenda launaða verkfræðinga til þess að framkvæma áætlun og »planering« án þessa undirbúnings, og sjerstaklega yrði hann lítill í samanburði við þann hagnað, er unnizt getur með því, að tryggja sjer með þessu móti fyrirfram mögulegleikann til þess, að velja hentugustu og ódýrustu leiðina, sem annars væri mjög undir hælinn lagt. Jeg hef ekki heyrt ástæður háttv. fjárlaganefndar fyrir því, að fella þennan lið burtu. Jeg vona, að þær sjeu ekki aðrar en þær, að nefndin álíti, að ekki liggi á þessu strax, og því megi spara þetta fje að sinni. En jeg er á þeirri skoðun, að nauðsynlegt sje að gjöra þetta sem fyrst, því annars dregst allt á langinn og tefst um óákveðinn tíma. Það er ekki unnt að gjöra sjer ljósa hugmynd um það, hvort gjörlegt verði að ráðast í fyrirtækið, fyr en mælingunni er lokið. En verði þessi fjárveiting samþykkt nú, þá verður hægt að mæla svæðið 1908; svo snemma, að nægar skýrslur og yfirlit gætu fengizt til þess að leggja fyrir þingið 1909, svo að þm. þá gætu fengið hugmynd um kostnaðinn og arðsvonina við slíka brautarlagning og áttað sig á öðru, sem stendur í nánu sambandi við þetta fyrirtæki. Mjer fyrir mitt leyti blandast ekki hugur um það, að þetta muni verða framkvæmt, þótt síðar verði, og að það

muni þá sýna sig, að þetta er ekki neitt glæfrafyrirtæki, heldur stórhagur fyrir hjeruðin og landið í heild sinni.

Að endingu vil jeg segja nokkur orð, viðvíkjandi kaupunum á símakerfi Reykjavíkur. Eins og tekið er fram í athugasemdum við stjórnarfrumv., er allt öðruvísi ástatt með það, en kerfin á Akureyri og Seyðisfirði. Þau kerfi eru gjörð undir umsjón símastjórans, og með tvöföldum, ágætum síma eptir sömu kröfum og með sömu gæðum og landsíminn. En hjer í Reykjavík er þráðurinn einfaldur og mjór, og kerfið yfirleitt óvandað og ekki til þess fallið, að verða þáttur í símakerfi landsins, eins og það er úr garði gjört. Það mundi þurfa að kosta allmiklu fje til þess að bæta það, og verður því ekki neitað, að ýmislegt annað er með peninga að gjöra í svipinn, en verja þeim til þess að leggja nýtt talsímakerfi í Reykjavík, þó að það fyrirtæki að vísu mundi borga sig, og þó að margt mælti með því, að draga Reykjavík þegar inn undir landsímann, einkum til þess að tryggja það, að talsímanotendur í Reykjavík geti notað landsímann til að símtala heiman frá sjer. Hinsvegar vildi talsímafjelagið ógjarnan selja að svo stöddu, sem það þó hafði skuldbundið sig til, áður en símakerfið komst á. Það varð því að samkomulagi milli fjelags þess, sem kerfið á, og stjórnarráðsins, að stjórnin hætti við að koma fram með till. um, að landssjóður kaupi þau nú með þeim skilmálum, er nú skal greina: Fjelagið fái 5 ára »Concession«. Það á á þessu tímabili að greiða í landssjóð 6 kr. árgjald fyrir hvern almennan notanda; meira fyrir þá, sem hafa tvö eða fleiri tæki. Það á að taka til leigu húsnæði í herbergjum landsímans í pósthúsbyggingunni fyrir 600 kr. á ári, og ekki einungis skuldbinda sig til þess að leggja eingöngu tvíþræðasamband hjeðan af, heldur til þess, að hafa breytt öllu símakerfinu í þríþræðiskerfi innan 5 ára. Að þeim tíma liðnum er fjelagið skuldbundið til að selja landssjóði kerfið fyrir það, sem það kostar það, að frádregnu svo og svo miklu fyrir slit. Með þessu móti fást vissar árlegar tekjur af kerfinu í landssjóð; þar að auki verður starfrækslan í meira sambandi við landsímann, þar sem það er í sama húsi, og landið hefur tryggt sjer kerfið sjálft eptir 5 ár, þegar það verður orðið gott. Með þessu álít jeg, að hag landsins sje eins vel borgið, hvað þetta kerfi snertir, eins og gagnvart kerfunum á Akureyri og Seyðisfirði, sem lagt er til að kaupa strax. Tilgangurinn er allstaðar sá, að tryggja landssjóði tekjur af þeim kerfum, sem borga sig, svo að hann geti fremur stutt hin, sem ekki borga sig.

Enn þá er ekki hægt að segja, að símalagningin yfir landið gefi af sjer arð umfram útgjöldin, en jeg gjöri ráð fyrir því, að árstekjurnar næst muni svara meiru en reksturskostnaði, svo eitthvað verði afgangs upp í rentur af byggingarkostnaði. Og það má kalla, að það sje viðunanleg byrjun á öðru eins fyrirtæki og hjer er um að ræða. Það er ekki mikið, að gefa það fyrir allan þann menningarauka, er síminn hefur í för með sjer, að leggja fram byggingarkostnað rentulaust um hríð.

Hermann Jónasson (2. þm. Húnv.): Jeg bið ekki um orðið af því, að jeg eigi hjer neina breyt.till. En þó jeg hafi enga breyt.till. gjört, þá kemur það ekki af því, að ekki sje full þörf á vegabótum í Húnavatnssýslu. Það er eins brýn nauðsyn á akbraut frá Blönduósi fram í Þing, eins og mörgum öðrum akbrautum, sem fram hafa komið hjer á þinginu. Jeg hef verið beðinn fyrir beiðni til þingsins um fje til

vegar fyrir Múlann. Sú beiðni hefur legið fyrir þinginu áður, og er þar um nauðsynjamál að ræða. En jeg veit, að enga þýðingu hefur að endurtaka hana að þessu sinni, og er þó engin sýsla á landinu, sem á meiri rjettlætiskröfu til vegafjár, en einmitt Húnavatnssýsla, og þar næst Suður-Múlasýsla. Því að það eru þær tvær sýslur, sem eptir vegalögunum frá 1894 hafa orðið að leggja sýsluvegafjeð til þjóðveganna. Síðan 1896 hefur Húnavatnssýsla lagt fram af sýsluvegasjóði til þjóðvega kr. 5,331,74, og er því eðlilegt, að sýsluvegir þar sjeu lakari, en víða annarsstaðar. Jeg hygg, að þetta hljóti að hafa verið sprottið af misskilningi í fyrstu, því að jeg gæti sýnt það með rökum, ef tími væri til, að sú sýsla hefur ekki meira gagn af sínum þjóðvegum, en annarsstaðar gjörist. Þjóðvegurinn liggur um sýsluna þvera, en sýsluvegir liggja langs um frá norðri til suðurs, ofan úr dölunum og niður til sjávar.

Þegar fjárlagafrumv. stjórnarinnar kom á gang í vetur, þótti mjer allhátt farið. En einkum þykir mjer nú vera geyst riðið. Vjer erum svo heppnir, að hafa framfarastjórn, sem siglir svo djarft, sem vjer óskum — jeg álít að hún fari ekki lengra, en góðu hófi gegnir. — En að fjárlaganefndin skuli auka útgjöldin um 62,000 kr., og svo síðan að fjárlögin komu inn í þingið sje bætt við 240,000 kr., það nær engu hófi. Viðbótin er þá komin upp fyrir 300,000 kr. — og mest af þessu fje kemur á 13. greinina. Jeg skal að vísu ekki neita því, að margt að því, sem fje er áætlað til, er mjög nauðsynlegt, en einhversstaðar verður þó staðar að nema. Jeg óttast ekki einungis fjárútlátin, og eru þau þó viðsjárverð, en jeg óttast hitt meira, hvern vinnukraft þær framkvæmdir útheimta, sem taldar eru í þessari grein, því að hvaðan á að taka þann vinnukraft? Menn vita að það eru ekki sjómennirnir, eða fjölskyldumenn úr kaupstöðunum, sem gefa sig í þesshättar störf. Nei, yfirleitt er sá vinnukraftur mestallur tekinn frá landbúnaðinum, og það getur orðið landinu hættulegt, hættulegra, en fjárútlátin sjálf, að taka þann vinnukraft til síma- og vegalagninga. Það er ekki hagkvæmt fyrir okkur, sem höfum svo stutt sumar, að taka megnið af þeim vinnukrafti frá heyskapnum, eða frá því, að bæta hús og jörð. Jeg álít, að í frumv. stjórnarinnar sje gengið full-langt en ef allar þessar viðbætur ættu fram að ganga, þá er nauðsyn á sem mestum útlendum vinnukrafti til vegalagninganna, og leyfi jeg mjer í tilefni af þessu, og skora á landsstjórnina að gæta þess vel, að landbúnaðurinn sje eigi sviptur vinnukrafti að óþörfu.

Útlendi vinnukrafturinn er að vísu dýr, en vjer höfum þá reynslu fyrir oss, að á seinustu árum fjekkst ekki nóg af innlendum mönnum til símalagninganna. Þá var sagt, að landið hefði skaðazt um 13,000 kr. við það, að verða að fá Norðmenn í vinnu 1905. En ætli það hafi nú verið skaði? Hvaðan hefði átt að taka mennina, nema pína þá út frá hjeruðunum? Og hefði það verið gjört, þá hefðu þessar sömu sveitir haft 15—20,000 hestum minna af heyi í harðindunum í fyrra vor, og skyldi ekki muna meira um það, en þessar 13,000 kr., sem kostnaðurinn fór fram úr áætlun á þessum lið.

Þótt jeg játi, að margar af viðaukatill. sjeu þarflegar, þá get jeg ekki annað enn greitt atkv. á móti þeim hjerum bil öllum, að þeirri undantekinni, sem er á þgskj. 140. Það er 7,000 kr. framlag til vegar vestur á Snæfellsnesi. Eptir áliti verkfræðingsins þurfa 7,000

kr. til vegar frá Grísará að Kerlingarskarði. Til þessa vegar voru veittar 5,000 kr. á þinginu 1905, og jeg kann aldrei við, að það, sem þingið einu sinni hefur veitt, sje tekið aptur. Þetta fje var tekið til þess, að brúa Hítará, af því að fjárveiting sú, sem til þess hafði verið ætluð, hrökk eigi til, en nauðsynlegt að brúa ána, úr því að vegur var kominn að henni.

Breyt.till. á þgskj. 243 fer fram á, að auka vegafjeð til Austfjarða um 4,000 kr. til vegagjörðar milli Bjarnaness og Hóla. Þingið 1905 veitti einnig þetta fje beint í þessum tilgangi. Heyrst hefur ágreiningur um, hvort þetta sje heppilegt, en eptir að hátthv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) talaði í dag, finnst mjer öll sanngirni mæla með, að þessar 4,000 sje ekki teknar aptur.

Jeg vildi minnast lítillega á breyt.till. á þgskj. 211, er fer fram á, að til símans frá Ísafirði til Vatneyrar komi frá hjeraðinu ekki 25,000 kr., eins og fjárlaganefndin leggur til, heldur að eins 13,000. Jeg vil ekki segja, að jeg geti gengið alveg svo langt, en jeg lýsi yfir því, að framlag það, sem frumvarp stjórnarinnar fer fram á, nær ekki nokkurri átt, og eins þótt fjárlaganefndin hafi lækkað það um 9,000 kr. Það stendur alveg sjerstaklega á með þennan síma. Þó leiðin sje ekki löng, þá er hún afarerfið, hálsar og firðir m. m., og jeg ímynda mjer, að hver sem um málið hugsar, sjái, að sími hafi hvergi á jafnstuttri leið aðra eins þýðingu fyrir heildina. Álman frá Ísaf. til Vatneyrar er arðvænlegri, en álman frá Borðeyri til Ísafjarðar. Háttv. þingmönnum er kunnugt, að Faxaflóaskipin stunda mjög mikið fiskiveiðar fyrir vestan, og sömuleiðis norðlenzku skipin. Firðirnir vestra eru beitusælir og gott til hafna víðast hvar. Það sjá því allir. hve nauðsynlegt það er fyrir útgjörðarmenn að hafa samband við þessa firði. Auk þessa er hvergi eins mikið af útlendum skipum og fyrir vestan. Á Patreksfirði og Dýrafirði eru 30—40 »trawlarar« í einu, og frönsku skúturnar koma hvergi eins opt og á Patreksfjörð, að undanskildum Fáskrúðsfirði. Vissa er því fyrir, að engin lína, borið saman við vegalengd, veitir jafnmikinn beinan og óbeinan hag, sem þessi lína. Það er því mjög óheppilegt, að þessi símaleið er svo erfið og sýslan lítil og fámenn. Það er óvíst, hvort Barðastrandarsýsla tekur nokkurn þátt í kostnaðinum, ef nyrðri leiðin er valin, en sennilegt er þó, að Vestur-Barðastrandarsýsla vilji leggja eitthvað af mörkum. Allir sjá, að lítil og fátæk sýslufjelög geta ekki borið þungar byrðar. Hins vegar mun það sannazt, að þegar síminn er kominn til Ísafjarðar, þá óska allir mest eptir að fá línu til Vatneyrar. En það er hart aðgöngu fyrir lítið sýslafjelag og 4 hreppa úr öðru sýslufjelagi að leggja fram 25,000 kr. Það frekasta, er komið getur til mála, er helmingur þess, sem stjórnarfrv. gjörir ráð fyrir. Þriðjungur af símakostnaðinum er 34,500 kr.; helmingur af því 17,250 kr. er sanngjarnt. Lengra má ekki fara, því að ef nokkur spotti er arðvænlegur og til almanna gagns, þá er það þessi sími. Og það er ósanngjarnt, að heimta mikið tillag af hjeraði því, sem liggur að þessari leið, þar sem notsímans eru ekki frekar fyrir það, heldur en bæði fyrir Norðurland og Suðurland.

Svo að jeg víki að breyt.till. á þskj. 244 frá háttv. 1. þgm. Rangv. (E. P.), þess efnis, að í stað 29,000 komi 55,000 kr. til brúar á Ytri-Rangá, þá tek jeg það fram, að jeg er raunar ókunnugur, en eptir kunnugra manna sögn,

er jeg í engum vafa um að það er mjög athugavert, að fleygja 40,000 kr. til þessarar brúar (í brúna sjálfa 29,000 og 11,000 kr. í veg að henni), vegna þess, að það er krókur að fara á hina fyrirhuguðu brú, og hún verður því ekki notuð, nema þegar áin er ófær á vaðinu. Hún kemur því ekki að hálfum notum, og þá álít jeg rangt, að landið fari að kasta fje til slíks fyrirtækis. Það væri betra að leggja til helmingi meira fje, ef það kæmi að fullum notum. Vegamál og brúarmál eru svo mikil alvörumál, að þess verður vel að gæta, að ekki sje kastað burtu stórfje athugunarlaust. En það er ekki til nein áætlun um kostnað við brú hjá Ægissíðu; er því heppilegast, að fella nú fjárframlag til brúar á Rangá á þessu þingi, en skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing greinilega áætlun um, hvað brúin mundi kosta á efri staðnum.

Enn vildi jeg minnast á eitt atriði, þótt jeg voni, að þess sje ekki þörf. Jeg sá á uppkasti, að áætlun um millilandaferðirnar, að Hvammstangi var þar ekki. En jeg veit, og það er mjer gleðiefni, að stjórnin telur nauðsynlegt, að millilandaskipin komi þangað í 1. ferð, og tekur það upp í áætlunina. Það hefur ekki verið farið fram á annað en þetta, að komið sje þar við í fyrstu ferð á leið vestur um landið, en þetta er svo nauðsynlegt og mikilsvert, að allar hinar ferðirnar til samans eru í samanburði við hana ljettar á metunum. Það er kunnugt, að óvíða er eins hafísasamt og vestanvert við Húnaflóa. 1. ferð fellur nær æfinlega áður en ísalög koma, en þegar strandbátarnir byrja ferð sína norður um land, þá er vanalega ísatíminn kominn. Þess vegna er svo þýðingarmikið fyrir Húnavatnssýslu, og jeg vil segja fyrir talsverðan part af Strandasýslu, að skip komi á Hvammstanga áður en allt er lokað af ís. Jeg hef viljað taka þetta fram, þótt jeg trúi stjórninni til að hafa gjört nauðsynlegar ráðstafanir til að þetta fáist, því að jeg legg mjög mikla áherzlu á þetta atriði. Á þinginu 1905 talaði jeg um þetta efni við kapt. Aasberg og taldi hann viðkomustað á Hvammstanga sjálfsagðan í fyrstu ferð millilandaskipanna og engum vandkvæðum bundinn.

Loks vil jeg minnast á lántöku landssjóðs. Þessi lántaka er að mínu áliti rjettmæt, og það má treysta því, að það starf, sem unnið verður fyrir þetta fje, beri góða ávexti um langan aldur, afkomendunum til heilla og blessunar. *(Forseti:* 7. gr. var til umr. í gær.) Jeg tek þetta fram, af því að lántakan stendur í beinu sambandi við 13. gr., af því að hún er ráðgjörð eingöngu vegna hennar og þá eðlilegt, að minnast á hana um leið. Að öðru leyti hallast jeg að því, sem fram hefur komið, að heppilegast sje, að taka lánið til lengri tíma, en stjórnin gjörir ráð fyrir. 10 ár er allt of stuttur afborgunartími.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg skal ekki tala langt. Jeg tek til máls út af einu atriði í ræðu háttv. frmsm., þar sem hann rangfærði orð mín, sem jeg sagði út af brtill. minni á þgskj. 222. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að Grimsnesingar hefðu gefið landssjóði. Það sagði jeg aldrei; jeg sagði, að þeir hefðu lagt 5,500 kr. til Sogsbrúarinnar, og ef vegalögin, sem nú liggja fyrir þinginu, verða samþ., þá fá þeir uppgjöf á 3,500 kr. eptirstöðvum af láni til þessarar brúar, og hafa því greitt 2,000 kr., fje, sem landssjóður hefði annars orðið að greiða. Því var það að jeg sagði, að til þess ætti að taka tillit, þegar um veginn frá Sogsbrúnni er að ræða, hversu fram-

lögufúsir Grímsnesingar hafa verið. Annars þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um þessa brtill. mína, því að hún hefur sætt þessum góðu undirtektum hjá þeim, sem á hana hafa minnzt, bæði umboðsmanni ráðherra og jafnvel hjá frmsm. fjárlaganefndarinnar í fyrstu ræðu hans.

Öðru máli er að gegna um brtill. mína á þgskj. 275, hún hefir sætt andmælum, og þó aðallega frá hendi hv. frmsm. um síðari liðinn. Skal jeg geta þess, að jeg kannast fyllilega við það, að hlutfallið í niðurfærslunni milli sýslnanna er sett af handahófi, og legg ekki neina áherzlu á það atriði, því að Rangæingar geta naumast ætlazt til þess af mjer, að jeg fari ótilkvaddur að lækka þetta framboðstillag þeirra, úr því að það mun aðallega vera þessu tilboði þeirra að kenna, að tillag er nú einnig heimtað af Árnesingum. Öðru máli er að gegna um fyrra liðinn. Jeg sje ekki, að þær ástæður, sem jeg færði fyrir þeim lið, hafi verið minnstu vitund hraktar, heldur miklu fremur staðfestar. Það, sem jeg byggði á, var ummæli frmsm. 1905, og þeim hefði stjórnin átt að fara eptir, en eptir þeim var það ekki rjett af stjórninni að krefjast tillags af sýslunni. Umboðsm. ráðherrans dró í efa, að jeg hefði þau orð rjett eptir. Mjer þótti vænt um, að háttv. frmsm, fjárlaganefndarinnar frá 1905 (P. J.) kannaðist við, að þau væru rjett hermd, eins og hans var von og vísa. Að öðru leyti þykist jeg ekki vera þekktur að því að rangfæra orð manna.

Þá gjörði háttv. frmsm. mikið úr brjefi, sem kom á þingið 1905, frá Árness- og Rangárvallasýslum, um talsímalagningu austur. En eins og hv. 1. þm. Rangv. (E. P.) og samþingismaður minn, hv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) hafa tekið fram, var þar engu lofað, nema því að eins, að síminn kæmist á á þessu fjárhagstímabili, 1906—1907.

Upp úr þessu skjali sýslumannanna í Árness- og Rangárvallasýslu er því ekki hægt að leggja neitt, og Árnessýsla á fyllsta rjett á, að þessi lína sje jafnrjetthá og Ísafjarðarálman. Það verður alls ekki vefengt, alls ekki hrakið, hvernig sem h. frsm. reynir það. Það kom því öldungis á óvart, þegar stjórnin leitaði þessa tillags, enda vildu Árnesingar ekkert til leggja. Og stjórnin hefur þannig gjört þessa línu hornreku fyrir Ísafjarðarlínunni, þó svo virðist, sem hún í fyrstu ekki hafi ætlað að gjöra það, enda hefði vel mátt láta þessa línu sæta sömu kjörum að því er rannsókn á símaleiðinni snertir, hefði stjórninni verið eins hugarhaldið um hana. En stjórnin ljet ekki fara að rannsaka leiðina austur, fyr en hún fjekk áminningu um það frá þingmálafundum í Árnessýslu seint í júní. Þá loks sendi hún Forberg austur. Þetta sýnir meðal annars, að stjórnin hefur haft línu þessa alveg útundan í samanburði við Ísafjarðarlínuna.

Háttv. frmsm. vildi gjöra mikið úr því, að Árnessýslu hefði verið ívilnað með tillagið, en jeg met þá ívilnun lítils, úr því að ranglæti er beitt í höfuðatriðinu. Nefndin hefur að vísu sjeð, að stjórnin hafi ekki farið sanngjarnlega að í þessum kröfum gagnvart Árnessýslu, en nefndin hefur ekki viljað lagfæra þetta misrjetti til fulls, ekki búa til rjettlæti úr ranglæti, heldur farið svona bil beggja, með því að krefjast ekki þriðjungs tillags. Nú vil jeg bæta úr þessu með því að fara niður í þennan 1/3, sem samsvarar tillagi til aukalínunnur til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Þetta er hið eina rjetta og sanngjarna, og jeg veit, að það er í fullu samræmi við álit og vilja sýslubúa. Þar sem hv. frmsm. var að tala um, að

jeg gjörði þetta, ef til vill, ekki að ráði minna kjósenda, þá álít jeg, að hann varði lítið um það. Annars vildi jeg biðja hann að gjörast enginn forráðamaður minn um þær tillögur, er jeg ber hjer fram á þingi, hvort sem það er eptir áskorunum kjósenda minna eða ekki. Það er nokkuð, sem hann skiptir engu. Jeg fylgi fram því, sem mjer sjálfum þykir sanngjarnt og sjálfsagt, jafnvel þó jeg ekki hafi fengið áskoranir frá kjósendum mínum um hvað eina. En um þetta atriði er ekki annað hægt að segja, en það sje í fullu samræmi við vilja Árnesinga; það sjest bezt í þingmálafundargjörðunum frá Selfossi og Húsatóptum.

Hjer hefur töluvert verið talað um fjárveitingu til rannsóknar á járnbrautarlagningu austur um sýslur; hefur það mál fengið góðar undirtektir yfirleitt og er það maklegt, að rækt sje lögð við það mál. Og jeg ímynda mjer, að engum blandist hugur um, að ef járnbraut verður lögð hjer á landi, þá verði það fyrst einmitt á þessum slóðum. Og jeg fyrir mitt leyti efast alls ekki um, að slíkt fyrirtæki geti borgað sig, ef menn annars hafa nokkra trú á framtíð landsins. Þess vegna var jeg hissa á því kappi, sem kom fram hjá háttv. frmsm. í þessu. Jeg kalla það kapp, gagnvart hv. þm. Borgf. (Þórh. B.), að segjast einmitt fyrir þær mótbárur, sem hann bar fram á móti frsm., mundi hann verða eindregið á móti málinu. Jeg kalla það undarlega mikið kapp að þola ekki rjettmæt andmæli. Ef til vill á eitthvað líkt að bitna á mjer fyrir þá dirfsku mína, að fara fram á fullkomlega rjettmætar kröfur um niðurfærslu ritsímatillags fyrir Árnessýslu, og jeg má, ef til vill, búast við að fá yfirlýsingu um það frá háttv. frmsm. ekki að eins um það, að þessi tillaga mín skuli steindrepin, heldur fái jeg það fyrir vikið, að fjárlaganefndin færi tillagið til muna upp, ef til vill um helming. Jeg veit, að frmsm. fjárlaganefndarinnar hefur töluvert atkvæðamagn, hefur meiri hlutann sín megin, og getur því beitt þessu valdi gagnvart tillögu minni. Það er ef til vill heldur ekki seinna vænna að gjöra það, fyrir suma hverja að minnsta kosti.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg gat þess í gær, að jeg væri ekki samþykkur skiptingu stjórnarinnar í aðallínur og aukalínur. Það hefur verið látið klingja við, að ókleift væri að verða við tilmælum allra um símalagningu, en mjer finnst það vel kleift, ef að eins rjett er að farið. Ekki þyrfti annað, en að fresta fjárveitingunni til Ísafjarðarálmunnar seinna árið til fjárhagstímabilsins 1910—11 og að láta bíða að kaupa bæjarsímakerfin á Akureyri og Seyðisfirði. Væri hvorutveggju þessu sleppt í þetta skifti, þá sparaðist 121,000 kr., og þá þyrfti ekki nema um 37,000 kr. til þess að fullnægja öllum framkomnum símabeiðnum, og þess er landssjóður sannarlega megnugur. Aðaltillaga mín, viðaukatillagan á þgskj. 219, fer fram á, að veittar verði 67,000 kr. til talsímalagningar frá Grund eða Norðtungu, um Borgarnes til Stykkishólms; þar af væntist frá Mýra- og Snæfellsnessýslum allt að 22,333 kr., svo að framlag landssjóðs yrði þá ekki nema 44,667 kr. Hin viðaukatillagan, varatillagan á þgskj. 622, fer fram á, að veittar verði 68,250 kr. til símalagningar frá Borðeyri um Búðardal til Stykkishólms, gegn 22,783 kr. framlagi frá Dalasýslu og Snæfellsnessýslu, svo að landssjóður legði þá ekki til nema 55,567 kr. Það er svo langt frá, að ó-

kleift sje að verða við þessum tilmælum, að landritari sagði mjer fyrir skemmstu, að símastjórinn byggist við, að leggja mætti línur þessar ásamt Vestmannaeyjalínunni á næsta fjárhagstímabili, og vona jeg því, að allar þessar línur fái góðan byr í deildinni. Enda væri það ósanngjarnt, að þeir, sem ósjálfráðra orsaka vegna ekki búa í námunda við aðallínurnar, væru látnir bíða lengi eptir línum til sín, enda þótt þeir sjeu fúsir á, að borga þær einir að miklu leyti, um leið og þeir borga sinn skerf til annara lína, sem aðrir landsmenn hafa not af en þeir sjálfir ekki.

Annars finnst mjer, aðmiklu rjettara hefði verið, að samin hefðu verið sjerstök lög um allar þessar símalagningar og veitt fje til þeirra í einu, en að taka þær upp á fjárlögin með vanalegum útgjöldum, og sízt hefði verið ástæðulaust að setja nefnd í allt, þetta símamál. Þetta hefur allt af verið gjört í vegamálunum, og eins hefði átt að fara að hjer.

Jeg verð að segja, að mjer brá í brún, þegar jeg fjekk að sjá áætlun sameinaða gufuskipafjelagsins fyrir millilandaferðirnar næsta fjárhagstímabil. Áætlun fyrir strandferðirnar hef jeg ekki sjeð. Stærri skipin koma nú 21 sinni við í Stykkishólmi og 5 sinnum við í Ólafsvík, en áttu eptir áætluninni aldrei að koma við í Ólafsvík og helmingi sjaldnar í Stykkishólmi en nú. En nú, er jeg hef heyrt hæstv. ráðherra lýsa því yfir, að hann hafi alls ekki bundið sig við þessa ómögulegu áætlun, heldur ætlist hann eins og fjárlaganefndin til, að ferðir hinna stærri skipa verði ekki færri og ekki óhagkvæmari hinum einstöku hjeruðum, en þær nú eru, og strandferðirnar ekki lakari en 1904—05, þá ætla jeg, að una megi bæði við millilandaferðirnar og strandferðirnar, en engu að síður er þó samningstiminn helzt til langur. Og jeg er hæstv. ráðherra þakklátur fyrir, að hann ætlar að fara sem næst væntanlegum tillögum þingmanna fyrir hvert hjerað, þegar hann fer að semja við gufuskipafjelagið. Að svo vöxnu máli er mjer ekki fast í hendi um breyt.till. þá við þennan lið, sem jeg hef borið fram með háttv. þm. S.-Þing.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Út af ummælum háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) vildi jeg segja nokkur orð. Hann færði það til sem mótbáru gegn sæsíma til Vestmannaeyja, að þegar um það hefði verið talað á sínum tíma, að leggja sæsíma hingað til lands frá útlöndum, þá hefði það verið talið óráðlegt að lenda honum við Suðurströnd landsins vegna þess, hve lendingin þar væri slæm. Þetta er ekki rjett. Það er ekki af því, að lendingarstaðurinn sjálfur væri svo slæmur á Suðurlandi, að kosið var heldur að lenda honum á Austurlandi, heldur af hinu, að út frá suðurströndinni eru grynningar langt út í haf, og þess vegna hefði þurft að hafa sæsímann svo miklu gildari en ella á lengri leið, en það hefði orðið afardýrt. Mig furðar stórlega á því, að háttv. þm. skuli liðið þetta úr minni, því að »stóra málið« er ekki orðið svo gamalt. Annars skal jeg láta mjer nægja um þetta atriði, að skírskota til álits forstjóra landsímanna um lendingarstað símans í Vestmannaeyjum og við Rangársand. Hann hefir kynnt sjer þessi atriði, og telur lendingarstaðinn góðan við Rangársand, og hyggur, að ekki geti hjá því farið, að fá megi brúklegan lendingarstað úti í Eyjum. Háttv. þm. talar aptur hjer um mál, sem hann hefur ekki nægа þekking á.

Önnur ástæða hins háttv. þm. var sú, að á sundinu milli lands og Eyja

væru svo margir botnvörpungar, að hætt yrði við símslitum þeirra vegna. Jeg hef nú opt farið um þetta svæði, á síðari árum optar en hinn háttv. þm., og hef jeg aldrei á þeim ferðum mínum sjeð botnvörpunga að veiðum á því svæði, er ætlast er til að síminn liggi á. Samt skal jeg ekki bera á móti því, að þetta geti ekki komið fyrir, en að áliti símastjórans, er hætta sú, sem af því stafar fyrir símann, að botnvörpungar sjeu að veiðum á þessum stað stöku sinnum, ekki sjerlega mikil, og auðvelt að gjöra við símann, þótt slit kunni að koma fyrir.

Háttv. þm. er að tala um loftskeytasamband milli eyja og lands. Jeg hefði satt að segja ekki búizt við þeirri uppást. úr þessari átt. (*Tryggvi Gunnarsson*: Tala má það). Til þess að koma þessu í gang, þá þarf að reisa dýrar stöðvar, aðra í landi og aðra í Eyjum, svo að stofnkostnaðurinn við að koma á fót sliku sambandi yrði eflaust meiri en við símann, og auk þess yrði reksturskostnaðurinn miklu dýrari. Jeg er því vonlítill um, að það ráð verði tekið. Loksins talaði h. hv. þm. um að fresta þessu, þar til að höfn væri gjörð í Vestmannaeyjum; en sje svo, sem mig grunar, að hinn háttv. þm. sje þeirri hafnargjörð andvígur, þá gef jeg lítið fyrir þennan ádrátt hans um að vera með símasambandi, þegar höfn sje komin þar.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg var farinn að vona, að jeg mundi sleppa við að masa meir um þessar greinar við þessa umr., en hv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) kom mjer til að standa á fætur, þó það ef til vill hafi litla þýðingu.

Hann byrjaði með því að segja það ranghermi hjá mjer, þar sem jeg hefði sagt eptir sjer, að Árnessýsla hafi »gefið« landsjóði fje, Jeg fullyrði enn að háttv. þm. hafi þetta sagt, og skírskota jeg til annara hv. deildarmanna, sem jeg býst við að hafi heyrt orð hans, enda vona jeg, að orð hans hafi verið bókuð eins og hann talaði þau.

Mjer þótti vænt um að heyra hann játa, að tillögur hans væru gjörðar af handahófi, að því er snertir Rangárvallasýslu. En þegar hann enn á ný fullyrðir, að þingið 1905 hafi slegið því föstu, að símalagningin austur í Rangárvallasýslu skyldi kostuð af landssjóði einum, þá verð jeg að neita þeirri skoðun, sem algjörlega rangri og ástæðulausri. Þessi hreifing er öll fram komin af því, að íbúar hlutaðeigandi sýslu sendu skjal til þingsins 1905 þess efnis, að þeir vildu sem allra fyrst fá lagðan til sín síma; það væri þegar farið að safna fje, og var látið í ljósi, að sýslurnar mundu fúslega ganga að þeim skilyrðum, sem kynnu að verða sett. Þá kom engum til hugar, að Ægissíðulínan gengi fyrir öðrum símalínum, fyr en þetta brjef kom, þá þótti rjett, að þessi lína skyldi látin ganga næst Ísafjarðarlínunni, að því er tímann snerti. Og jeg er sannfærður um, að orð þáverandi framsm. fjárlaganefndarinnar eru einmitt byggð á þessu, og jeg skyldi þau líka þannig, þó háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hafi skilið þau öðruvísi, enda segir hann sjálfur í þingræðu 1905, að verið sje að safna fje, og vissi enginn annað, en allt væri byggt á því.

Gaman þótti mjer að heyra sama háttv. þm. segja, að fjárlaganefndin hefði gengið á skoðun sína, og viðurkennt hana ranga með því að fara sumstaðar niður fyrir $^1/_3$. Jeg þóttist gjöra grein fyrir þessu við framsögu þessa máls, að þetta væri að eins í vilnun, því það væru háar upphæðir, sem um væri að gjöra; en að það hafi verið ætlun nefndarinnar að gjöra

sumum sýslufjelögum hægra fyrir en öðrum, það vona jeg að hinir hv. samnefndarmenn mínir vitni með mjer, að alls ekki var tilfellið. Að öðru leyti þarf jeg ekki að svara mörgu af ræðu háttv. 1. þm. Árn. Hann var að drótta því að mjer, að jeg notaði mjer aðstöðu mína til þess að hefna mín á öðrum, og — jeg veit ekki með hvaða valdi — hækka þær fjárupphæðir, sem hann færi fram á að lækka. En þessum aðdróttunum vil jeg vikja frá mjer. Jeg vil biðja hann að líta á þá ábyrgð, sem hann eins og aðrir þm. ber á fjárhag landsins. Eða hvar ætlar hann að það mundi lenda, ef landssjóður tæki að sjer símalagningar um allt land, án nokkurs framlags frá sýslufjelögum. Og hann er svo sanngjarn maður, að jeg vona, að hann sjái, að það er ekkert órjettlátt, að fara hjer fram á tillag frá sýslusjóði, þar sem um stærstu og efnuðustu hjeruð landsins er að ræða, og hjeruðin þar að auki hafa tjáð sig fús á að taka að sjer nokkurn hluta kostnaðarins. *(Hannes Þorsteinsson:* Þetta er miklu lengri aukalína, en nokkursstaðar annarsstaðar). Enn þá sem komið er, er það, en hann hefir þá ekki verið í Þingeyjarsýslu eða Norður-Múlasýslu, er hann efast um, að aukalínurnar þar verði lengri. (*Hannes Þorsteinsson*: Strjálbyggðin!).

Enda vænti jeg þess, að háttv. þgm. hafi ekki tekizt með ræðu sinni að fá meiri hluta deildarinnar til að fallast á aðra eins fjarstæðu. Með því væri öllum þessum málum teflt í tvísýnu. Hjer er ekki um það eitt að ræða, hvort rjett sje að ætla Árnessýslubúum að leggja fram fje til símalínunnar um Suðurlandsundirlendið, heldur um hitt, hvort hjeruðin um land eigi að bera að meira eða minna leyti kostnaðinn við lagningu nýrra símalína. Eins og einn háttv. þgm. komst áðan að orði, má máske segja, að símasótt hafi gripið menn um allt landið; allir vilja fá síma heim í hlaðið til sín, án þess að yfirvega, hvað það kosti, og allir vilja fá þá strax. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að líklegasta ráðið til að halda kröfunum innan nokkurnveginn skynsamlegra takmarka, sje einmitt það, að láta hlutaðeigendur borga nokkuð af kostnaðinum. Það vona jeg að, háttv. þingmönnum skiljist.

Öll þau hin mörgu orð, er háttv. þgm. mælti um »vanrækslu« stjórnarinnar og breytni hennar um þetta efni gegn »yfirlýstum vilja« þingsins, leiði jeg alveg hjá mjer.

Ráðherrann: Út af ummælum 1. þm. Árn. (H. Þ.), að stjórnin hafi breytt á móti yfirlýstum vilja þingsins með því að ætla Árnessýslu og Rangárvallasýslu hluttöku í símalagningarkostnaðinum, skal jeg geta þess, að jeg hef ekki orðið var við neinn yfirlýstan vilja þingsins um það efni. Þingið 1905 lýsti ekki öðru yfir en því, að þessi símalína ætti að koma á næsta fjárhagstímabili, en sagði ekkert um hitt, hver standast ætti kostnaðinn.

Háttr. þgm. sagði hvað eptir annað, að stjórnin *hefði* beitt þessar sýslur ójöfnuði. Það verður þá að skiljast svo, að stjórnin ætli sjer að fá þingið í lið með sjer, til þess að beita þær ójöfnuði, því að ekki hefur stjórnin enn framkvæmt neitt í þessa átt, og ekki komið til hugar að fara með ofbeldi á hendur sýslubúum. Hún hefur ekki gjört annað en að skrifa upp í fjárlagafrv.ið tillöguna um, að þingið veitti fje til línunnar með því skilyrði, er þar er mælt fyrir um.

Það er skoðun stjórnarinnar, að án framlaga frá hjeruðum sje ekki unnt að koma fljótlega á ritsímasamböndum

um land allt, án þess að reisa landssjóði hurðarás um öxl.

Háttv. framsm. (J. J.) tók fram aðalatriðið í þessu máli, hversu hætt yrði við hreppapólitik, ef gengið væri inn á þá braut, að landssjóður kostaði að öllu leyti nýjar símalínur út um allar sveitir. Hver hreppur og hvert hjerað mundi draga til sín af öllum mætti og heimta svo mikið, að ekki yrði staðizt með þeim tekjum, sem landssjóður hefur nú. Þess vegna er það nauðsynlegt, að láta menn fyrst sanna þörfina. Enda hefur þingið aldrei gengið út frá því, að landssjóður einn kostaði annað en að koma kaupstöðunum í samband við útlönd. Stjórnin hafði því allsendis óbundnar hendur um þetta efni. Og hún komst að þeirri niðurstöðu, að eðlilegast væri að byggja á þeim grundvelli, er þingið hefði lagt, að telja að eins þær línur aðallínur, er sameina lendingarstað sæsímans við kaupstaðina, og standi landssjóður straum af þeim að öllu leyti. Allar aðrar línur yrðu þá aukalínur, er sjálfsagt væri að hlutaðeigandi hjeruð kostuðu að einhverju leyti; þessu er því í frumv. stjórnarinnar fylgt fram um allar talsímalínur, sem ekki eru á leiðinni frá lendingarstað sæsímans til kaupstaðanna þriggja.

Það var því til þess að beita jöfnuði gagnvart hinum hjeruðunum, en ekki ójöfnuði gagnvart Árnessýslu að ætla Árnessýslubúum hluttöku í kostnaðinum við símann þangað. Víst er hjer um hagsældarhjerað að ræða; því ber sízt að neita. En það er víðar en hjer á landi, er segja má, að góð von sje um gott gagn af símalínum; það er ekki einkennilegt fyrir Árnessýslu eina. Eina ástæðan til að hafa sjerstakt ákvæði um þessa línu, gæti aptur á móti verið sú, að langur kafli af henni — hjeðan og austur í sveitir — liggur utan Árnessýslu og sumpart yfir heiðar og óbyggð. Gæti frá því sjónarmiði verið sanngjarnt, að landssjóður bæri kostnaðinn við lagninguna yfir fjallið, enda mun nefndin ætlast til þess, með tilslökun þeirri, sem hún stingur upp á. Hitt væri beinn ójöfnuður gagnvart öðrum landshlutum, ef Árnessýslubúar væru látnir fá línuna án alls tillags.

Háttv. þgm. Snæf. (L. H. B.) kvartaði um, að ferðaáætlunin, er fylgir tilboði »Sameinaða gufuskipafjelagsins«, hafi ekki verið lögð fram á lestrarsalnum. Það kemur til af því, að stjórnin ætlast ekki til, að byggt sje á því áætlunaruppkasti, eins og það liggur fyrir. Millilandaferðir verða, — eptir því, sem talazt hefur til við fjárlaganefndina — að fara nær ferðaáætluninni fyrir 1906—07, heldur en þessu uppkasti, sem miðar við ferðirnar 1905. Uppkastið er að eins fylgiskal með öðrum hjer að lútandi skjölum, sem fjárlaganefndinni voru fengin í hendur. Annars vil jeg í þessu sambandi enn þá taka það fram, að þar sem um það er að ræða, að gjöra ferðirnar sem hagkvæmastar landinu og hjeruðunum, álít jeg ekki, að því takmarki sje náð með því, að viðkomurnar sjeu á sem flestum smástöðum, heldur getur það þvert á móti opt verið óhagkvæmt. Ferðirnar verða fljótari og betri, ef ekki eru allt of margir smáviðkomustaðir. En þessar mörgu viðkomur millilandaskipanna, sem nú eru þeim svo mjög til tafar, stafa af því, að strandferðirnar eru of fáar. Væri þeim fjölgað, svo að milliferðaskipin þyrftu ekki jafn-víða við að koma, mundi tilhögunin geta orðið miklum mun viðunanlegri fyrir þá, sem lengra þurfa að fara eða senda vörur út. Þetta mun verða haft í huga, þegar samið verður um ferðirnar eptir þing.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vildi aðeins leyfa mjer að gjöra stutta aths. út af svörum hæstv. ráðh. upp á fyrirspurn mína, er jeg gjörði um gufuskipaferðirnar. Jeg er honum þakklátur fyrir ummæli hans og loforð, og álít, að jeg geti með glaðara geði eptir en áður greitt atkv. um það atriði.

Það er aðallega tvennt, sem jeg vildi benda á. Fyrst og fremst það, að jeg tel varhugavert, eins og ferðaáætlunin er í aðalatriðunum, að binda sig við 8 ára samning. Á þeim tíma geta margvíslegar breytingar orðið á verzlun og vöruflutningum, sem enginn sjer fyrir nú, svo að ekki er lítið í húfi að binda sig við áætlun, sem þó ekki er rýmri, en þessi hlýtur að verða. Og þó það sje nokkur huggun að bæta má upp ferðirnar með nýjum samningum við önnur fjelög, þá verða menn tvisvar að hugsa sig um, áður en menn bæta við miklum fjárframlögum úr landssjóði til slíkra aukaferða, sem ekki er víst að yrðu í samræmi við hinar. Jeg fyrir mitt leyti álít fullt eins gott, að una við gömlu skipin, í stað þess að binda sig um 8 ár, enda þótt tvö skip fáist þá ný.

Hitt vildi jeg í öðru lagi athuga, er hæstv. ráðh. tók fram, að það væri að mörgu leyti haganlegra, að stóru skipin kæmu eigi víða við. Það er að vísu rjett. En hins vegar er það ekki nóg, að svo og svo margir viðkomustaðir sjeu útilokaðir frá áætluninni. Reynslan hefur sýnt, að fjelagið lætur skip sín sigla inn á hverja smávík utan áætlunar, ef því býður svo hugur um og þykist eiga þar erindi. Til þess liggja ýmisleg atvik. Og hins vegar koma skipin ekki við á sumar hafnir, af því að einhver uppstytta er í fjelaginu við þennan og þennan kaupmann. Maður hefur því að mestu annmarkana sömu af flækingi inn á smáhafnir og töfum þar, en smáhafnirnar missa þó jafnframt alla vissu um, hvenær þær fá skipin, af því það er ekki á áætlun. Þetta þarf einnig að athuga.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg hygg það rjett hermt, að allir þeir háttv. þm., er vikið hafa að ræðu minni í gær um járnbrautarmálið, hafi verið mjer andvígir, að einum undanteknum, og háttv. framsm. ljet sjer jafnvel líka að veita mjer ákúrur. En hafi mönnum hjer í deildinni þótt jeg taka mikið upp í mig, þá skulu þeir vita, að hálfu meira tók jeg upp í mig í nefndinni; þótti mjer því ekki ástæða til að sitja hjer þegjandi hjá málinu.

Menn telja þessar rannsóknir ótímabærar. Það er gamla viðkvæðið, er löngum hljómar af vörum þeirra, er tefja vilja fyrir öllum stórum framkvæmdum. Mjer finnst ekki ofsagt um þá menn, að þá bresti trúna á framtið landsins. Fyrir mjer er það vissa, að járnbraut verður komin austur yfir fjall áður en 10 ár eru liðin. Og þó sú mótbára, að landið geti ekki sjálft kostað járnbrautina að sinni, væri alveg rjett, þá á hún samt sem áður ekki að verða til að fella þessa fjárveiting málinu til undirbúnings. vegna þess að hugsazt getur, að einthvert útlent fjelag vildi leggja hjer járnbraut, eins og gjört var ráð fyrir 1894, er þingið var svo stórhuga, að taka járnbrautarmálið til meðferðar.

Nú er kostur á að fá landmælingamennina dönsku til þess að rannsaka, hvar helzt á að leggja brautina á þessu svæði, en þar er um marga möguleglega að ræða, og um að gjöra að finna það brautarstæði, er stytzt megi vera, haganlegast og ódýrast. Þær rannsóknir mundu verða bæði nákvæmari og stórum ódýrari en ef til

þess starfa þyrfti að fá útlenda verkfræðinga, er kosta 7—10,000 kr. hver yfir sumarið. Í annan stað lægi þá það verkefni fyrir okkar innlendu verkfræðingum að undirbúa málið með rannsóknum um vörumagn hjeraðanna og flutningaþarfir o. fl. Allar þessar rannsóknir kæmu svo fyrir almenningssjónir á einhverju höfuðmáli heimsins. Þá gætu erlend fjelög vel snúizt að því að leggja brautina, og það með sæmilegum kjörum. En þetta undirbúningsverk verðum við sjálfir að vinna; það vinna útlendingar ekki fyrir oss.

Þó að því sumir sjeu sannfærðir um, að landið geti ekki risið undir kostnaðinum við járnbrautarlagninguna, þá er ekki þar fyrir ástæða til að hafna þessari till. um lítilsháttar útgjöld til undirbúningsrannsókna.

Þetta mál er mjer sjerstaklega áhugamál í sambandi við þá framfaramögulegleika, er stafa mega af Flóa- og Skeiðaáveitunni. Það tvennt stendur eiginlega og fellur hvað með öðru, áveitan og brautin, lifir hvað á öðru. En það er mannsviljinn og dugurinn, sem á leikur hjer sem optar.

Það eru framfaravonir líklegasta landssvæðisins, er gæti fætt miklu meiri fólksfjölda en nú er á öllu Íslandi, sem fyrir mjer eru nátengdar járnbrautarmálinu. Og jeg er sannfærður um, að járnbraut verður komin á innan 10 ára, enda þótt tekin yrði sú örvilnunarályktun nefndarinnar (— jeg leyfi mjer enn, að viðhafa þau orð, þrátt fyrir ákúrur háttv. framsm. —), að fella burt þennan undirbúningskostnað stjórnarinnar.

ATKV.GR.: um 13. gr. frumv.

1. A. 1. a. Brtill. 248, felld með 14 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein.
Lárus H. Bjarnas.,	Hermann Jónass.,
Ólafur Ólafsson,	Jóhannes Ólafss.,
Ólafur Thorlacius,	Jón Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Magnús Andrjess.,
St. Stef., þm. Eyf.	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stef., þm. Skgf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Fjarverandi voru Björn Kristjánsson og Guðl. Guðmundsson.

2. A, 1. a. Brtill. nfnd., samþ. með 21 samhlj. atkv.
3. A. 1. b. 1. Brtill. 248, tekin aptur.
4. — b. 1. nfnd., samþ. með 20 samhlj. atkv.
5. A. b. 2. nfnd., samþ. með 22 samhlj. atkv.
6. A. 4. a. Brtill. 248, felld með 16 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Þórðarson,	Árni Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Magnússon,
Lárus Bjarnason,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Ólafur Thorlacius,	Guðm. Björnsson,
Pjetur Jónsson,	Hannes Hafstein,
St. Stefánss. Eyf.,	Hermann Jónass.,
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Jónsson,
	Magnús Andrjesson,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánss. Skagf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson,

7. A. 4. a. nfnd., samþ. í e. hlj.

8. A. 4. f. nfnd., sþ. með 15 shlj. atkv.
9. — 4. g. — — 13 — —
10. B. I. 4. — — 22 — —
11. — II. — talin samþ. án atkvgr.
12. — III. Brtill. 221, samþ. með 12 samhlj. atkv.
13. B. III. Viðaukatill. 204, felld með 12 atkv. gegn 8.
14. B. III. Viðaukatill. 236, felld með 13 atkv. gegn 5.
15. B. III. Viðaukatill. 222, felld með 16 atkv. gegn 6.
16. B. IV. Brtill. 244, samþ. með 18 atkv. gegn 3.
17. B. IV. Brtill. 240, samþ. með 14 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Björnsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Kristjánss.,
Hermann Jónass.,	Ólafur Briem,
Jóhannes Ólafss.,	Pjetur Jónsson,
L. H. Bjarnason,	Skúli Thóroddsen,
Magnús Andrjess.,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
St. Stefánsson Eyf.,	
St. Stefánsson Skgf.	
Tryggvi Gunnarss.,	

18. B. IV. Brtill. 243, 1. liður samþ. með 15 samhlj. atkv.
    B. IV. Brtill. 243 2. liður, felldur með 12 atkv. gegn 5.
19. B. VII. nfnd., samþ. með 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Einar Þórðarson,	Guðm. Björnsson,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
L. H. Bjarnason,	Hannes Þorsteinss.,
Magnus Andrjess.,	Hermann Jónasson,
Ólafur Briem,	Jóhannes Ólafss.,
Ólafur Thorlacius,	Magnús Kristjánss.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Skúli Thóroddsen,	Þórh. Bjarnarson,
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánsson, Skgf.	

    Tryggvi Gunnarsson greiddi eigi atkv., en taldist með meiri hlutanum.
20. B. VIII. Vikaukatill. nfnd., samþ. með 14 samhlj. atkv.
21. B. VIII. Viðaukatill. 233, felld með 13 atkv. gegn 4.
22. B. VIII. Viðaukatill. 189 samþ. með 15 samhlj. atkv.
23. Brtill. á þgskj. 186 við 13. gr. C. 1., samþ. með 21 atkv. samhlj.
24. Brtill. á þgskj. 186 við 13. gr. C. 2. b. samþ. með 14 atkv. gegn 6.
25. Brtill. á þgskj. 186 við 13. gr. C. 2. d., samþ. með 16 atkv. samhlj.
26. Brtill. á þgskj. 211 við 13. gr. D. II. 2., felld með 12 atkv. gegn 6.
27. Brtill. á þgskj. 186 við 13. gr. D. II. 2., samþ. með 21 atkv. samhlj.
28. Brtill. á þgskj. 211 við 13. gr. D. II. 2., þar með fallin.
29. Brtill. á þgskj. 186 við 13. gr. D. II. 2., þar með samþ. án atkv.gr.
30. Viðaukatill. á þgskj. 219. við 13. gr. D. II. 2., felld með 14. atkv. gegn 4.
31. Viðaukatill. á þgskj. 250 við 13. gr. D. II. 2, felld með 14 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon.	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Jóhannes Ólafsson,	Guðm. Björnsson.,
Jón Jónsson.	Hannes Þorsteinss,
L. H. Bjarnason,	Hermann Jónasson,
Magn. Kristjánss,	Magnús Andrjesson,
St. Stefánsson, Eyf.,	Ólafur Briem,
Tr. Gunnarsson,	Ólafur Ólafsson,

Já:	*Nei:*
	Ólafur Thorlacius.
	Pjetur Jónsson.
	Skúli Thóroddsen.
	St. Stefánsson, Skgf.
	Þórh. Bjarnarson.

32. Varatill. á þgskj. 250 við 13. gr. D. II., samþ. með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Herm. Jónasson,
Hannes Þorsteinss,	Ólafur Briem,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Ólafsson,
Jón Jónsson,	Ólafur Thorlacius,
L. H. Bjarnason,	Pjetur Jónsson,
Magn. Andrjesson,	Skúli Thóroddsen,
Magn. Kristjánss,	St. Stefánsson, Skgf.,
St. Stefánsson, Eyf.,	Tr. Gunnarsson.
Þórh. Bjarnason.	

33. Viðaukatill. á þgskj. 260 við 13, gr. D. II., samþ. með 16 atkv. gegn 7.
34. Brtill. á þgskj. 276 við 13. gr. D. II., samþ. með 16 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr. og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Guðm. Björnsson,
Eggert Pálsson,	Herm. Jónasson,
Einar Þórðarson,	L. H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Ólafur Thorlacius,
Hannes Þorsteinss,	Pjetur Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Tr. Gunnarsson.
Jón Jónsson,	
Magn. Andriesson,	
Magn. Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánsson,Skgf.,	
Þórh. Bjarnarson.	

35. Brtill. a. 1. liður á þgskj. 275 við 13. gr. D. II. 4. felld með 15 atkv. gegn 5.
— b. 2. liður á þgskj. 275 við 13. gr. D. II. 4. tekin aptur.
36. Brtill. á þgskj. 186 við 13. gr. D. II. 4., samþ. með 20 atkv. samhlj.
37. Brtill. á þgskj. 212 við 13. gr. D. II., tekin aptur.
38. Viðaukatill. nefnd. við 13. gr. D. II. 4., samþ. með 14 samhlj. atkv.
39. Brtill. á þgskj. 258 við 13. gr. D. II. 4., samþ. með 14 atkv. samhlj.
40. Brtill. á þgskj. 234 við 13. gr. D. II. 6., felld með 13 atkv. gegn 3.
41. Brtill. á þgskj. 186 við 13. gr. D. II. 7.. samþ. með 22 atkv. samhlj.

13. gr., þannig orðuð, samþ. í e. hlj.

Þegar atkv.gr. um 13. gr. var lokið, var kl. $8^1/_2$ og var umr. frestað til mánudags.

Á 28. fundi Nd., mánudaginn 19. ágúst var 2. umr. um fjárlagafrv. haldið áfram, og var fyrst rædd 14. og 15. gr.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Áður en jeg vík mjer að einstökum brtill., skal jeg geta þess, að jeg hef lauslega talið saman, hvað miklu það nemur, sem útgjöldin hafa hækkað hingað til við atkv.gr. í deildinni um þá kafla, sem bornir hafa verið undir atkvæði; það er sem sje hátt á annað hundrað þúsund krónur. Af þessu er mest áætlað til símalagninga yfir 100,000 kr., til vega um 26,000 kr., til gufuskipa og bátaferða um 22,000 kr. o. s. frv.

Jeg vil benda háttv. þingdm. á þetta, svo að þeir geti tekið það til athugunar, ef þeir ekki þegar hafa gjört það. Vil jeg biðja menn að íhuga, að hverju reka muni með þessum hætti.

Þá skal jeg víkja mjer að brtill. og get jeg tekið það fram strax, að jeg tel mjer óþarft að fara mjög ítarlega út í þær, en læt mjer að mestu nægja að vísa til álits nefndarinnar, að því er hennar till. snertir.

Fyrst er þá brtill. nefndarinnar við 14. gr. A. b. 5., um að sá liður falli burt. Jeg hef litlu að bæta við það, sem stendur í nefndarálitinu; meiri hluti nefndarinnar gat ekki sjeð, að það væri skylda landssjóðs, að kaupa þetta hús, þar sem aðalástæðan mun vera sú, að mönnum þykir húsið til lýta í kirkjugarðinum. en í annan stað nóg rúm í kirkjugarðinum. Jeg fæ ekki betur sjeð, en söfnuðurinn ætti að geta framkvæmt þetta, ef honum er hugarhaldið um, að húsið sje tekið í burtu.

Næsta brtill. nefndarinnar, er styrkurinn til sjera Arnórs á Hesti. Jeg vísa þar aptur til nefndarálitsins. Málið horfir þannig við, að maðurinn hefur gjórt allmiklar jarðabætur á jörðinni, en virðist nú þrotinn að heilsu, svo að hann getur ekki notið ávaxtanna af erfiði sínu.

Þá er 3. brtill. nefndarinnar, við 14. gr. II. b. 4., sem fer fram á að lækka um 200 kr. síðara árið fje til bókakaupa og verkfæra við læknaskólann. Nefndinni sýndist þetta ekki nauðsynlegt ár eptir ár, þó segja megi, að fjárlaganefndinni sje þetta ekkert kappsmál, þar sem um svo litla upphæð er að ræða. Sama er að segja um næstu brtill. nefndarinnar, þar sem lagt er til, að fjeð til tímakennslu í efnafræði sje hækkað um helming. Þarna hefur nefndin farið milliveg og leggur því til, að þessar brtill. sjeu samþ.

5. og 6. brtill. eru eins og menn sjá, hvor í sambandi við aðra. Meiri hluti nefndarinnar álítur, að þessir liðir eigi að dragast saman í einn og álítur einnig, að þessi upphæð 2,400 kr. muni vera nægilega há, þó raunar skipti litlu máli, hver upphæðin er tekin. Meiri hluta nefndarinnar fannst 2,800 kr. óþarflega mikið, en jeg var í þessu atriði í minni hlutanum í nefndinni, og get því ekki mælt með þessari till. eins og þyrfti.

Þá hefur nefndin farið fram á, að hækkað væri fje til tímakennslu við gagnfræðaskólann á Akureyri. Er það gjört til þess að halda í þann mann, sem kennt hefur dráttlist og handavinnu við skólann undanfarið. Nefndin væntir þess, að þessi till. fái fylgi hinnar háttv. deildar, því að öðrum kosti mun maður þessi vera ófáanlegur til að vera við skólann, en það væri skólanum mikill skaði að missa hann, því varla mun vera völ á manni í hans stað.

Þá hefur háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) komið með tvær brtill. við þessa grein. Sú fyrri fer fram á að hækka árstillagið til kvennaskóla Reykjavíkur um 1,000 kr. hvort árið. Þessi brtill. kom nógu snemma, til þess að nefndin gæti íhugað hana og get jeg lýst yfir því að meiri hluti fjárlaganefndarinnar er þessari brtill. samþykkur. En seinni brtill. hans, sem fer fram á að hækka þessa sömu fjárveitingu um 2,000 kr. á ári, kom svo seint, að nefndin gat ekki tekið hana til athugunar, og því er ekki unnt að segja hvern byr hún hefði fengið, en hitt er víst, að meiri hluti nefndarinnar var með fyrri brt. hans.

Nefndinni þótti rjett að herða á skilyrðunum fyrir því, að barnaskólar geti fengið styrk úr landssjóði. Hingað til hafa barnaskólar getað fengið allt að $^2/_3$ hlutum alls kostnaðarins úr landssjóði, en nú leggur nefndin til, að landssjóðsstyrkurinn megi aldrei vera meir en helmingur af kostnaðin-

um. Nefndin lítur svo á þetta mál, að eptir því sem skólar fjölga á landinu, því meiri áhugi komi hjá landsmönnum á því að láta börn sín njóta kennslunnar og að því meir muni menn vilja til vinna, enda verði þetta að líkindum allmikill útgjaldaauki fyrir landssjóð innan skamms, þótt fjárveiting til hvers skóla sje takmörkuð svo, sem hjer er lagt til.

Þá er næst sú breyting, að í staðinn fyrir »sveitakennara« komi: »farkennara«. Þetta er orðabreyting, sem ekki þarf neitt um að ræða.

Þá stingur nefndin upp á því, að síðari málsgrein athugasemdarinnar við VII, b, 2 falli burt. Þar er heimilað að verja nokkru af sveitakennarastyrknum til sveitakennara, sem ráðnir hafa verið til að hafa eptirlit með barnafræðslu. Nefndin leggur til að þetta sje burt fellt, með það fyrir augum, að nú komist skólamálin væntanlega í það horf, að þessi athugasemd verði óþörf.

Þá kemur háttv. þgm. S.-Þing. (P. J.) með breyt.till. um, að til unglingaskóla veitist hvort árið 3,500 kr., í stað 3,000 kr., sem áætlað er á stjórnarfrv. Í sambandi við þessa breytingu stingur sami háttv. þgm. upp á, að stafliðurinn n, í 14. gr. B. VII, falli burt. Það er 400 kr. árlega til unglingaskólans á Heydalsá í Strandasýslu. Ætlast háttv. þgm. eflaust til, að þessi skóli sitji við sömu kjör og aðrir unglingaskólar og er nefndin samþykk þeirri breytingu.

Við B. VII, b, 4. leggur nefndin til, að í staðinn fyrir barnaskóla »í sveitum allt að helmingi« komi: »utan kaupstaða allt að þriðjungi«. Og hefur nefndin, eins og sjest á nefndarálitinu, stungið upp á orðabreytingunni með það fyrir augum, að það sje ótvírætt, að veita megi styrk til barnaskólabygginga, þótt reistir sje í kauptúnum, og vill um leið benda á beiðnir þær, er fyrir liggja um styrk til skólabygginga á Blönduósi og Fáskrúðsfirði, og væntir, að þeir geti komizt undir ákvæði þessarar fjárveitingar. En þar sem í frumv. stjórnarinnar er ákveðið, að veita megi allt að helmingi kostnaðarins, þá álítur nefndin það of hátt, og leggur því til, að í staðinn fyrir allt að helmingi, komi: allt að þriðjungi. Eins hefur nefndinni sýnzt rjett að hækka þessa fjárveitingu, til þess að framkvæmdastjórnin hafi rýmri hendur, ef margir sækja að í einu, og leggur því til, að í staðinn fyrir 5,000 kr. hvort árið komi 6,000 kr. fyrra árið og 8,000 kr. síðara árið. Sömuleiðis leggur nefndin til, að næsti liður sje felldur, en ef brýn nauðsyn sýnir sig, þá sýnist ekkert því til fyrirstöðu, að veita til þessa af næsta tölulið á undan og má gjöra ráð fyrir, að það dugi.

Jeg skal geta þess, að fjárlaganefndinni hefur borizt málaleitan um styrkveitingu til stuðnings starfi við kennslu málleysingja og heyrnarleysingja. En búizt er við, að frá stjórninni komi fram innan 3. umr. till. um einhverjar breytingar í því máli, og því hefur nefndin ekki komið fram með neina till. um það.

Um 14. gr. B VII, l. hefur nefndin lagt það til, að þeim lið sje breytt þannig, að faðir stúlkunnar fái að vísu jafnmikinn styrk, sem frumv. gjörir ráð fyrir; en hann fái alla upphæðina fyrra árið. Það hafa komið fram upplýsingar um, að stúlka sú hin vitfirrta, sem kostuð er erlendis af föður sínum, muni verða 16 ára gömul á næsta ári, og lítur þá nefndin svo á, að ef þessi styrkur yrði veittur síðara árið, þá væri hann veittur fæðingarhreppi stúlkunnar, sem úr því á að standa straum af henni, en það geti ekki komið til

neinha mála, að fara að veita einstökum sveitarfjelögum þannig lagaðan styrk.

Frá Magnúsi Sigurðssyni á Grund hefur, eins og flestum mun kunnugt, þinginu borizt erindi, þar sem hann býðst til að byggja lýðháskóla að öllu leyti og útbúa hann með áhöldum, gegn því að hann fái 7,500 kr. styrk, er hann telur svara helmingi alls kostnaðarins. Nefndin leit svo á, að vert væri að styrkja þennan privatmann, er leggja vill fram ótilkvaddur svo mikinn kostnað frá sjálfum sjer, og hefur því gjört það að tillögu sinni, að veita honum 5,000 kr., allt að 1/3 hins áætlaða kostnaðar. En nú hefur háttv. 2. þgm. Eyf. (St. St.) gjört þá breyt.till., að fjárupphæðin verði sett 7,500 kr., og skilst mjer svo sem hann gjöri það í þeirri hyggju, að sú upphæð mnni ekki nema meiru en þriðjungi kostnaðarins. Jeg held líka, að það sje alveg óhætt að ganga út frá því, að kostnaðurinn verði meir en 15,000 kr., svo að þó veittar væru 7,500 kr., þá munu þær koma til útborgunar, enda þótt miðað væri við þriðjung kostnaðar. Um þetta hefur nefndin ekki tekið ákveðna afstöðu, en jeg fyrir mitt leyti er tillögunni hlynntur margra hluta vegna. Þetta, að einn einstakur maður býðst til að kosta svo miklu fje til fyrirtækis, sem eingöngu horfir til almennings nota, er víst eins dæmi hjer á landi, og mjer finnst rjett af þinginu að veita þá upphæð, er hann fer fram á.

Háttv. þgm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) vill fá fjárveiting til unglingaskóla á Núpi í Dýrafirði. Fjárlaganefndin lítur svo á, að ekki sje ástæða til að veita sjerstaklega þessum unglingaskóla styrk, heldur geti hann orðið aðnjótandi styrks af því fje, sem veitt er á fjárlögunum til unglingaskóla almennt. Hún leggur því til, að þessi till. sje felld.

Loks eru komnar fram nokkrar till. um, að hnýta fáeinum styrkveitingum aptan við þessa gr., mestmegnis til handa einstökum mönnum, er stunda vilja nám erlendis. Nefndin tók þá reglu, að leggja til, að slíkur styrkur sje að eins veittur þeim mönnum, sem búnir eru að vera erlendis af eigin rammleik og geta sannað, að þeir hafi stundað þar nám kappsamlega. Samkvæmt því hefur nefndin lagt til 3 styrkveitingar til kennaranáms, handa Jóni Þ. Björnssyni, J. Jónssyni og Ingibjörgu Jónsdóttur; skjöl er að þessu lúta, liggja frammi á lestrarsalnum. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að nefndin getur ekki verið með viðaukatill. háttv. þgm. Mýr. (M. A.) um að styrkja Sigurð Þorvaldsson til að stunda nám við kennara-yfirskólann í Kaupm.-höfn, af því að hann kemur ekki undir þá reglu, er jeg áður nefndi, að veita þeim einum styrk, er fyrir eigin dugnað eru búnir að brjóta ísinn og farnir að læra. Ef þessi maður dveldi t. d. síðara ár fjárhagstímabilsins erlendis af eigin rammleik og sækti svo til næsta þings, mundi hann líklega fá styrk, ef þá væri fylgt sömu reglu og nú. Aptur á móti getur nefndin mælt fram með, að Karl Finnbogason fái nokkurn styrk. Þó hefur hún gjört þá breyt.-till., að styrkurinn nemi að eins 400 kr., en ekki 600. Þessi maður hefur dvalið árum saman erlendis við kennaranám og langar nú til að fullkomna sig, til þess að verða betur hæfur til lýðháskólakennslu einhversstaðar hjer á landi, og er þegar reyndur sem mjög góður og efnilegur kennari.

Síðasta brtill. við 14. gr. frá hv. þm. Ak. (M. K.) er þess efnis, að veita Þóru Matthíasdóttur og Margrjetu

Jónsdóttur styrk til að halda uppi handavinnukennslu á Akureyri. Sú tillaga hefur stuðning nefndarinnar; hún lítur svo á, að á meðan þetta millibilsástand stendur yfir á Akureyri, að þar er enginn kvennaskóli, sje sanngjarnt, að hjálpa þessum konum til þess að geta haldið þar uppi kennslu. Önnur þeirra hefur verið forstöðukona kvennaskólans á Akureyri, og báðar eru þær mjög álitlegar til þessa starfs.

Um 15. gr. get jeg verið enn stuttorðari, en um þá 14.

Um 2., 3. og 4. breyt.till. læt jeg mjer nægja að vísa til nefndarálitsins. Sennilega koma einhverjar upplýsingar fram við umræðurnar, þeim viðvíkjandi, og get jeg þá vikið að þeim síðar.

Sama er að segja um 6. breyt.till. Náttúrufræðisfjelagið getur átt kost á, að fá grasasafn Ólafs heitins Davíðssonar, sem talið er mjög gott og mikils virði, fyrir sjerlega vægt verð, og stafar það af því, að ættingjar hans vilja láta það lenda hjer, en ekki að það fari út úr landinu eða dreifist.

Um 7. breyt.till. þarf ekki að tala, úr því sá er látinn, sem styrkurinn var ætlaður; og af sömu ástæðu er 1. breyt.till. við 18. gr. tekin aptur.

Jeg skal heldur ekki fjölyrða um þær till., er nefndin hefur leyft sjer að koma fram með um styrkveitingar til rithöfunda. Nefndin leit svo á, að þessir menn væru þess verðir, að landssjóður styrkti þá til starfa. Jeg skal í því sambandi benda á það, sem raunar allir skynsamir menn vita, og opt hefur verið sagt, að ekki er rjett fyrir þingið að taka sjer það nærri, þótt vitgrannir menn, er ekkert skynbragð bera á þá hluti, sem hjer er um að ræða, bregði því um, hversu fúst það sje á að veita bitlinga. Þeir menn, er vísindi eða ritstörf stunda, hafa hér á landi lítið við að styðjast. Hjer hafa slíkir menn hvorki »legöt« nje aðrar styrktarstofnanir að snúa sjer að, eins og starfsbræður þeirra í öðrum löndum. Það er því ekki nema sjálfsagt, að landssjóður verji einhverju fje til þeirra hluta. Annað mál er það, hvort ekki væri hentara, að veita í því skyni eina upphæð, er stjórnin hefði til umráða, heldur enn að þingið sje að skammta hverjum einstökum úr hnefa, sumum ríflega deildan verð, sumum lítið og sumum alls ekki neitt. Fram að 1887 var ávalt einn liður á fjárlögunum, er heimilaði stjórninni vissa upphæð til styrktar vísindum og listum, og þó misjafnlega væri þá einatt með farið, var sú meginregla í sjálfu sjer rjett. En þegar harðna tók stjórnarskrárbaráttan, og þingið komst í algjörða »opposition« við stjórnina, varð það úr, að stjórninni var ekki heimilað, að hafa neitt fje undir höndum, er hún sjálf tæki ákvarðanir um. Nú, þegar svo er komið, að við höfum fengið þingræði og meiri hluta stjórn, þá er eptir hlutarins eðli rjett, að láta þessháttar fjárveitingar vera lausar, og heimila heldur stjórninni vissa upphæð.

Um styrkveitinguna til Einars Hjörleifssonar hefur háttv. 2. þgm. Árn. (Ól. Ól.) lagt það til, að hún sje færð úr 1,200 kr. upp í 1,800 kr. hvort árið. Jeg gjöri ráð fyrir, að nefndin geti ekki verið þeirri hækkun meðmælt, enda þótt hún hafi ekki átt kost á að ræða tillöguna sakir þess, hve seint hún kom fram.

Þá er að minnast lítið eitt á breyt.till. á þgskj. 251 frá háttv. 2. þgm. Rvk. (G. B.) o. fl. Nefndinni hafði borizt erindi frá stórstúkunni um að fá 8,000 kr. fjárveitingu fyrra árið í

stað þeirra 1,600 kr. hvort árið, er á fjárlögunum hafa staðið. Sú ástæða er tilfærð fyrir beiðninni, að fjelagið þurfi svo miklu til að kosta til undirbúnings atkvæðagreiðslu næsta ár um aðflutningsbann. Nefndin leit svo á, að þótt starfsemi þessa fjelags sje góð og gagnleg, þá væri þó ekki rjett, að veita því fje til »agitatióna«, jafnvel þó um gott málefni sje að ræða. En til þess þó að sýna, að nefndin væri hlynnt fjelaginu, lagði hún til, að því yrði veittar 2,000 kr. hvort árið. Þetta eru flutningsmenn áðurnefndrar br.-till. auðsjáanlega ekki ánægðir með, og fara því fram á, að veitingin nemi 5,000 kr. Þeirri tillögu er nefndin mótfallin af sömu ástæðu, og jeg fyrir mitt leyti tel það illa farið, ef þetta yrði veitt, sem þó líkur eru til, þar sem flutningsmenn eru svo liðsterkir.

Þá er breyt.till. frá nefndinni um, að fjárveitingin til bókmenntafjelagsins falli niður síðara árið. Kunnugir menn hafa greint svo frá, að verkinu verði þá lokið og styrksins þurfi því ekki lengur við.

Tvær næstu breyt.till. sínar, — um fjárveitingar til Leikfjelags Reykjavíkur og til frú Stefaníu Guðmundsdóttur — tekur nefndin aptur; eptir bendingum, er hún hefur fengið síðan, telur hún rjettara, að þær standi eins og þær eru í frumv.

Um þær breyt.till. nefndarinnar, sem þar fara á eptir, t. d. um, að lækka styrkinn til Helga Pjeturssonar og að veita Einari Arnórssyni 1,500 kr. fyrra árið til að rannsaka og rita um rjettarsögu Íslands, vil jeg að eins vísa til nefndarálitsins.

Um breyt.till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að veita Jóni Ólafssyni styrk til orðabókargjörðar, skal jeg heldur ekki tala að sinni, áður en flutningsmaður hefur fært til ástæður fyrir henni. Enda átti nefndin ekki kost á að ræða þá tillögu, áður hún lauk fundum sínum.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætla að gjöra fáeinar athugasemdir við brtill. þær, sem jeg hef komið með. Það er þá fyrst við 14. gr. 7. þess efnis, að færa upp styrkinn til unglingaskóla um 500 kr. hvort árið, en að sjerstök fjárveiting til Heydalsárskólans sje felld. Jeg tek það fram, að þetta er ekki gjört af því, að jeg vilji, að þessum skóla sje neitað um styrk, heldur sá jeg ekki, að hann væri frábrugðinn öðrum unglingaskólum, sem þessi styrkur er ætlaður, og yrði því að hlýta sömu skilyrðum sem þeir. Jeg bar því upp tillöguna af því jeg vildi koma samræmi í fjárveitingarnar. Af þessum ástæðum býst jeg við að verða á móti till. frá háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.). Þessi skóli hans hlýtur að fá styrk af þessari almennu upphæð, og get jeg mælt með skólanum, þar sem skólastjóri er mjer að góðu kunnur. Brtill. er því ekki til þess að spilla fyrir þessum skólum, heldur er hún gjörð samræmisins vegna.

Önnur brtill. á sama þgskj. er um að færa til liðinn um unglingaskólana. Það er eðlilegra, að hann sje á öðrum stað í gr.; annars varðar það ekki miklu.

Þá er brtill. á þgskj. 270 við 15. gr. um að veita styrk til Jóns Ólatssonar, til þess að semja íslenzka orðabók. Sumum kann að þykja undarlegt, að jeg er flutningsmaður að þessu. Því að jeg er vitanlega ekki mikill menntamaður, sízt málfræðingur; en mjer væri kært að slík bók og hjer er um að ræða kæmi út frá færum manni. Hún væri til mikils gagns fyrir alþýðu manna, því hún sýndi, hvernig orðin ætti að rita rjett og hvernig þau á að

beygja og sýndi mismunandi merking orðanna. Það eru að líkindum ekki sjerlega skiptar skoðanir um nauðsyn og gagnsemi slíkrar bókar. Annað mál er það, hvort þessi maður er fær um að semja hana. Um það er jeg ekki bær að fullyrða, en hitt er víst, að þessi maður hefur gjört íslenzkri tungu mjög mikið gagn. Jeg þarf ekki að vera fræðimaður í þessari grein, þó jeg hafi smekk til þess að finna, að hann ritar gott mál og hefur myndað mörg ágæt nýyrði; og hitt er víst, að hann hefur þýtt og ritað meira en aðrir. Þess vegna berast frekar böndin að honum en öðrum, þótt hann sje ekki sjermenntaður málfræðingur. Það má einnig vera, að upphæðin þyki há, en bókin verður 60—80 arkir og þá eru tvennar 2,400 kr. ekki of mikil borgun. Ef ekki stendur annað í vegi en upphæðin, þá má miðla málum. Hins vegar get jeg þó ekki lofað fyrir hans hönd, að hann gjöri þetta verk fyrir minna. Hann hefur sagt við mig, að hann skuldbindi sig til að hafa bókina tilbúna eptir tvö ár með þessari fjárveitingu.

Þá eru tveir liðir hjá nefndinni, 55 og 56, um skáldastyrk til Einars Hjörleifssonar og Guðm. Magnússonar. Jeg hef verið þeirrar skoðunar, að ef listir og bókmenntir eru styrktar á annað borð á þann hátt að veita einstökum mönnum styrk, þá eigi ekki sízt að veita hann skáldsagnahöfundunum. Jeg ætla nú ekki að fara út í þá sálma, hve nauðsynlegar og gagnlegar *góðar* skáldsögur eru; það kannast líklega flestir við, heldur að eins benda á, hve erfitt þau skáld eiga uppdráttar, sem við skáldsagnagjörð fást í fámennu landi, þar sem bókamarkaðurinn er svo lítill, að höfundarnir geta ekki fengið hæfilega borgun fyrir þá miklu vinnu og tíma, sem gengur til slíkra starfa, ef nauðsynleg vandvirkni er höfð. Þess vegna er langt frá, að jeg sje á móti slíkum skáldastyrk; jeg er ekki heldur á móti þessum mönnum, þeir hafa sýnt sig verðuga flestum framar í þessu efni. En það eru fleiri menn, sem frá því sjónarmiði gætu komið til greina, jeg tek t. d. Jón Stefánsson (Þorgils gjallandi). Jeg get ekki sjeð, að hann stæði ver að vígi frammi fyrir þinginu en hinir. Þetta verða menn að athuga. En jeg er heldur ekki ánægður með, á hvern hátt þessu er hagað. Hjer er að ræða um árlegan styrk, og þó ekki árslaun; heldur að eins styrk til að rita; en maður getur helzt búizt við, að þessir menn verði á fjárlögunum um aldur og æfi, á meðan þeir geta haldið á penna, og það væri þá skoðað sem móðgun, ef þingið vildi losa sig við þá og hætta að veita þeim styrk. Þess vegna er óþægilegt að greiða atkv. með þessu, þingið festir þá ofmikið við sig. Jeg er viss um, ef Þorgils gjallandi hefði sótt um styrk, þá hefði honum verið mjög á móti skapi að láta hafa sig að leiksopp við atkvæðagreiðslu, og hvorki hann nje jeg höfum skaplyndi til, að velkja honum nje hans nafni inn á fjárlögin. En jeg vil benda á, hvort ekki væri heppilegra, að veita stjórninni fje til eflingar bókmenntum, er sje varið þannig, að söguskáld, sem þess eru verð, fái svo góð ritlaun, að lifandi sje við. Því hvað bagar hjer? Kaupendurnir eru of fáir, svo að bókaútgefendur geta ekki gefið sæmileg ritlaun. Þess vegna óska jeg, að þótt liðirnir verði samþykktir, sem jeg vænti, að þá verði þeim við atkvæðagreiðsluna breytt í upphæð, sem falin sje stjórninni; og má þá taka það fram, að þessir menn skuli fá fje,

en helzt ætti að hafa upphæðina svo ríflega, að stjórnin gæti tekið fleiri til greina.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg er háttv. framsm. þakklátur fyrir, hve vel hann tók í breyt.till. mína á þgskj. 240, sem jeg bar fram einn og af sjálfsdáðum. Þar er aðeins farið fram á 1,000 kr. hækkun í framlagi landssjóðs til kvennaskólans hjer í Reykjavík. Jeg hugsaði, að meira þýddi ekki að biðja um. Jeg hef síðan talað við mann úr yfirstjórn skólans og forstöðukonuna, sem báðum bar saman um, að 1,000 kr. mundu hvergi nærri hrökkva. Því hef jeg komið fram með nýja breyt.till. á þgskj. 288. Það er aðaltill. mín, en breyt.till. á þgskj. 240 varatillaga.

Kvennaskóli Reykjavíkur er ekki aðeins elzti kvennaskóli landsins, hann er rúmlega 33 ára gamall, heldur er hann einnig helzti kvennaskólinn. Kennslugreinarnar eru alls um 18, þar af 13 munnlegar: íslenzka, danska, enska, reikningur, skript, teikning, trúfræði, heilsufræði, landafræði, náttúrusaga, söngfræði og söngur og 5 eða fleiri verklegar, sem sje: fatasaumur og hannyrðir, vefnaður, matreiðsla og hússtjórn.

Deildirnar eru 4, auk vefnaðar og matreiðsludeildanna. Kennarar munu 18 alls, allt tímakennarar. Forstöðukonan fær 600 kr. laun á ári auk 180 kr. húsaleigustyrks eða kauplauss húsnæðis, en tímakennararnir fá 50 aura um tímann fyrir munnlegu kennsluna en 35 aura fyrir hina verklegu. Kennslutímarnir eru alls 6 stundir á dag og kennsluskeiðið $7^1/_2$ mánuður.

Við flesta aðra skóla eru kennararnir fastir og tímakennsla borguð með 1 kr., að svo miklu leyti sem hún er notuð, eða helmingi betur borguð en munnlega kennslan við kvennaskólann og nærri þrisvar sinnum hærri en verklega kennslan. Barnaskólinn notast að mestu við tímakennslu, en borgar þó stundakennurunum 75 aura um tímann.

Forstöðunefndin sótti upprunalega um 10,000 kr. styrk til skólans, 5,000 kr. til skólahaldsins og 5,000 kr. til þess að byggja við skólann. Þessi umsókn kvað hafa komið of seint til fjárlaganefndarinnar og því ekki hafa verið sinnt, enda er nú alveg fallið frá því að byggja við skólahúsið að svo stöddu. Hins vegar er brýn nauðsyn á að leggja meira til skólahaldsins, enda hef jeg komið fram með breyt.till. á þgskj. 288 í því skyni.

Skólinn hafði síðastliðið ár 3,886 kr. 10 aura alls til þess að bíta og brenna; af þessari litlu upphæð átti hann að kosta 18 kennara, leigja hús, leggja fram eldsneyti, ljósmat o. s. frv., svo menn sjá, að búsældin er ekki mikil. Og nú versnar hagurinn enn meira við það, að skólinn missir árlegan styrk frá Suðuramtinu nú um áramótin, þegar amtsráðin leggjast niður, svo að þá hefur hann lítið annað fyrir sig að leggja en framlag landssjóðs, sem nú er 3,000 kr. eða öllu heldur 2,700 kr., því að 300 kr. ganga frá sem ölmusufje handa fátækum námsmeyjum. Skólinn þarf nauðsynlega á 2,100 kr. viðbót að halda á ári, 1,400 kr. til að auka kennslukaupið og 700 kr. til húsnæðis, en jeg hef þó aðeins farið fram á 2,000 kr. Jeg vona því svo góðs, að háttv. deild samþ. þessa till. mína, og það því fremur sem deildin hefur nýlega lýst yfir því, að hún vilji auka pólitisk rjettindi kvenna; en að þeim verður konum sem körlum því aðeins not, að menntun þeirra verði jafnframt aukin, og þess er því síður vanþörf, sem jeg nú skal sýna fram á, að kvennmönnum hefur þar

ekki verið gjört hátt undir höfði í samanburði við karlmennina. Til karlaskólanna, eða skóla, sem eingöngu eða því sem næst eru notaðir af karlmönnum, er varið 80,260 kr. á ári; til kvennaskólanna aðeins 6,120 kr. Gjöri maður ráð fyrir, að á Íslandi sjeu 80,000 manns alls og sinn helmingurinn af hvoru kyni, karlmönnum og kvennmönnum, og er það hlutfall þó kvennmönnum í óhag, þá koma 2 kr. á hvern karlmann, en aðeins 15 aurar á hvern kvennmann. Verði framlagið til kvennaskólans í Reykjavík nú aukið um 2,000 kr., þá nemur framlag landssjóðs til kvennamentunar 20 aurum fyrir hvern kvennmann, segi og skrifa — 20 aurum á nef, til að mennta betri helming þjóðarinnar. Jeg vona því, að við karlmennirnir verðum svo rausnarlegir að sjá ekki eptir þessu 5 aura nefgjaldi.

En fáist nú, mót von minni, ekki þessar 2,000 kr., þá er ekkert sýnilegra, en að vefnaðardeildin og matreiðsludeildin leggist niður og enda tvísýna á, að hin kennslan geti haldið áfram, þar sem búast má við, að skólinn eigi örðugt með að fá kennara við miklu lægri borgun en aðrir skólar bjóða.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg vildi tala nokkur orð fyrir breyt.till. á þgskj. 254, sem fer fram á að veita fyrverandi kennslukonum við kvennaskólann á Akureyri, Þóru Matthíasdóttur og Margrjeti Jónsdóttur lítinn styrk til að halda uppi skóla á Akureyri. Sem kunnugt er, var kvennaskóli Eyfirðinga lagður niður, af því honum var neitað um styrk af landssjóði þetta ár. Hversu heppilega það hefur verið ráðið, skal jeg ekki leggja dóm á í þetta sinn, en það hefur vakið óánægju bæði á Norðurlandi og á Austurlandi, því það er full-ljóst, hvílík vandræði leiða af þessu. Það hefur því verið gjörður undirbúningur, til að stofna handavinnuskóla á Akureyri næsta vetur, ekki eingöngu handa kaupstaðnum sjálfum, heldur eiga einnig sveitastúlkur að fá að njóta þar tilsagnar. Úr ýmsum áttum hafa komið fram óskir um, að þessar áðurnefndu kennslukonur, sem hafa áunnið sjer álit og traust nemendanna og aðstandenda þeirra, hjeldu áfram kennslu á Akureyri á þann hátt, sem þær álitu hentugastan. Þær munu taka þessar óskir til greina, svo framarlega sem þessi litli styrkur verði veittur. Það er óhætt að fullyrða, að þessu fje verður vel varið í þeirra höndum. Aðallega er farið fram á þennan styrk með tilliti til þess, að skólinn geti orðið sem bezt útbúinn, bæði að því er snertir húsnæði og annað, og auðvitað á skólavistin að geta orðið nemendunum þeim mun ódýrari, sem styrknum nemur.

Jeg get sparað mjer það ómak, að fara hjer að gjöra samanburð á því, hve mikið fje landið leggur fram til menntunar karla og kvenna. Það þarf ekki mörg orð um það; munurinn er, eins og háttv. þm. Snæf. tók fram, svo auðsær, að þingið getur sóma síns vegna varla neitað um þennan litla styrk, sem hjer er farið fram á. Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta, og vona, að tillagan gangi fram í deildinni.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg á hjer viðaukatill. á þgskj. 205, þar sem farið er fram á, að Karli Finnbogasyni verði veittur 600 kr. til utanferðar til kennaranáms, og einnig til þess að kynna sjer fyrirkomulag við lýðháskóla erlendis.

Þessi maður er svo kunnur orðinn fyrir ritstörf sín og áhuga á mennta-

málum vorum, að jeg hygg það með öllu þarflaust, að fara að ræða það mál fyrir hinni háttv. þingd., enda tel jeg víst, að hann verði álitinn styrksins maklegur. Að vísu er jeg hinni háttv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir þær 400 kr., sem hún leggur til að honum sjeu veittar, en samt sem áður sýnist mjer fremur óviðfelldið að vera að klípa 200 kr.af þessari litlu upphæð, sem hann fer fram á að sjer verði veitt, sjerstaklega þar sem hann hefur sýnt sig sem efnilegan námsmann, og áhugamikinn og góðan kennara.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa tillögu, en vil leggja það eindregið til, að ósk Karls Finnbogasonar verði fullnægt, þar sem ekki er um meiri upphæð að gjöra en 600 kr.

Þá er breyt.-till. á þgsk. 214, að leggja 7,500 kr. til unglingaskóla á Grund í Eyjafirði. Það hefur komið erindi frá Magnúsi bónda á Grund um, að þingið veiti þessa upphæð, en fjárlaganefndin hefur að eins fallizt á, að leggja til 5,000 kr. Mjer þykir mjög leitt, að nefndin skuli ekki hafa sjeð sjer fært að veita þessa upphæð að fullu, en hinn háttv. framsm. hefur talað svo hlýlega um tillöguna, að jeg vona, að hin háttv. deild samþykki hana án alls afdráttar.

Þetta skólamál var tekið til meðferðar heima í hjeraði árið 1897. Þá lofaði Magnús á Grund að gefa 1,000 kr. til unglingaskóla, ef hrepparnir vildu koma honum upp að öðru leyti. Málið var þá mjög mikið rætt og fór á endanum svo, að fleiri urðu á móti því, að skóli yrði settur á stofn, einasta vegna þess, að þeir töldu ekki hreppana færa um að standast kostnaðinn.

Nú síðastliðinn vetur tók Magnús á Grund sig til, og hjelt skóla á eigin kostnað, og hafði sem kennara mann, sem tekið hefði burtfararpróf bæði við Möðruvallaskóla, og síðan við Askovháskóla. Nemendur á skólanum voru 12, og kennslutíminn 6 mánuðir. Og að því er eg bezt veit, þá fór kennslan að öllu leyti mjög vel fram, enda hefur skólinn unnið sjer traust hjeraðsbúa.

Þessi álitlega byrjun varð svo til þess, að allir hrepparnir innan við Akureyri hjeldu sameiginlegan fund á Grund, og var þar samþykkt með öllum atkv. gegn að eins einu, að skora á alþingi að leggja styrk að hálfu leyti til skólabyggingar á Grund, fyrir allt að 30 nemendur, gegn því að hinn helmingurinn af byggingarkostnaðinum kæmi annarsstaðar frá. Magnús lofaði þá helming fjárins sem gjöf frá sjer, ef alþingi legði til hinn helminginn eða 7,500 kr., því það var gjört ráð fyrir 15,000 kr. byggingarkostnaði alls. Þetta boð er svo óvanalega höfðinglegt, að mjer finnst það nokkuð hjáleitt, ef alþingi ekki vildi veita styrkinn eins háan og farið er fram á. Magnús á Grund er þekktur að því, að fylgja þeim málum, er honum eru áhugamál, ekki að hálfu leyti heldur að öllu leyti. Og hvað þetta mál snertir, þá verða víst allir að játa, að hann hefur strax í byrjun tekið málinu af stakri velvild og höfðingskap, og fylgir því fram af sama áhuga. Hann leggur til ókeypis lóð undir skólahúsið og býr sem allra bezt í haginn fyrir framtíðina, hvað stofnunina snertir. Ennfremur leggur hann til, að skólastjórn verði skipuð úr þeim 3 hreppum, er þátt taka í skólahaldinu, og hann fái að sitja í stjórn skólans meðan hans nýtur við, og síðan einhver afkomandi hans, sem þá ætti heimili að Grund.

Að lokum vil jeg óska þess, og vona fastlega, að þessu máli verði vel tekið af h. hv. deild og þinginu yfirleitt, því það er sannarlega þess vert.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg á hjer enga breyt.till. sjálfur; en jeg vildi minnast á eina breyt.till. hinnar háttv. fjárlaganefndar, sem sje tillöguna um, að færa styrk Helga Pjeturssonar niður úr 3,000 kr. í 1,200 kr. Mjer er hálf-sárt um þennan lið og mjer leiðist að vita til þess, að það skuli mega til að hætta í miðju kafli við að rannsaka jarðmyndun Íslands. Helgi Pjetursson hefur skrifað töluvert um jarðfræði Íslands, og getið sjer góðan orðstír meðal stjettarbræðra sinna erlendis.

Nefndin, sem leggur þetta til., byggir aðallega á því, að Helgi ekki hafi sent skýrslu og ekki farið fram á neina fjárveitingu. Mjer er kunnugt um það, að hann hafði búizt við styrk úr Carlsbergssjóði, en þann styrk hefur hann ekki fengið. Nú er hann farinn í rannsóknarferð, og hefur líklega ekki sjeð ástæðu til þess, að sækja um styrkinn til þingsins, þar sem stjórnin hafði tekið hann upp á fjárlagafrumvarpið.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve erfiðar og kostnaðarsamar slíkar rannsóknir eru, þar sem þarf svo mikil ferðalög og það opt um fjöll og óbyggðir. Það má geta nærri því, að 1,200 kr. muni ekki hrökkva mikið til þess starfa.

Þessi maður er mjög reglusamur og sívinnandi áhugamaður. Það er því leiðara að taka af honum styrkinn. Jeg vona því, að hin háttv. deild láti styrkinn standa, að minnsta kosti þangað til eitthvað heyrist frá Helga Pjeturssyni. Hinn háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar talaði ekki um þennan lið, svo jeg vona, að honum sje ekki þetta fast í hendi. Jeg skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni,

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg vildi segja að eins örfá orð, viðvíkjandi breyt.till. minni. Það mætti virðast svo, sem það væri rjett að taka hana aptur. En það get jeg ekki vegna athugasemdar þeirrar, sem fjárveitingunni fylgir. Það stendur þannig á, að það hefur verið byggt skólahús, og hefur sjera Sigtryggur Guðlaugsson kennt þar. Hann hefur ekki haft nokkurn styrk frá hreppnum, því að hreppsfjelagið heldur barnaskóla, sem það styrkir, og getur því ekki styrkt þennan skóla. Hann hefur að eins fengið einar 75 kr. úr sýslusjóði. Á skólanum voru 20 nemendur síðastliðinn vetur, og nutu þar góðrar kennslu; og eptir vottorðum prófdómendanna að dæma, hlýtur skólinn að gjöra mikið gagn.

Jeg hefði tekið breyt.till. mína aptur, ef ekki hefði staðið þetta skilyrði í athugasemdunnm. En nú get jeg það ekki, og jeg vona, að hin háttv. deild sjái það, og lofi henni að ganga fram. Sjera Sigtryggur hefur kennt fyrir ekkert og farið upp á eigin spýtur til útlanda. Það er sjaldgæft, að menn leggi jafnmikið á sig í þarfir alþýðumenntunarinnar, og er illa farið, að slíkum mönnum, sem verja þannig kröptum sínum, skuli ekki vera veittur styrkur af almannafje, sjerstaklega þar sem þörfin, eptir aðsókninni að dæma, þennan stutta tíma, sem skólinn hefur starfað, virðist að vera mikil fyrir þannig lagaða kennslu. Jeg vil að endingu mæla eindregið með því, að háttv. deild samþykki þessa litlu fjárveitingu.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rv.): Jeg vil leyfa mjer að minnast á örfáar af þessum 50 breyt.till., sem fram eru komnar, við þessar tvær greinar fjárlagafrumvarpsins.

Við 14. gr. A hefur nefndin stungið upp á því, að fella burtu upphæð til þess. að kaupa hús Bjarna Matthiesens í kirkjugarðinum. Mjer virðist þó sjálfsagt, að landið sjái bænum fyrir kirkjugarði, þar sem landið fær öll legkaupin. Hinn háttv. framsm. talaði um, að gott rúm væri í kirkjugarðinum; en þessi nýja viðbót mun fyllast á örfáum árum; og þess verður þá ekki langt að bíða, að þetta hús standi í vegi; auk þess er það óviðfelldið, að hafa íbúðarhús í kirkjugarði, bæði fyrir þá, sem í húsunum búa, og líka fyrir söfnuðinn í heild sinni.

Legkaupið er um 500 kr. á ári og fer allt af hækkandi. Þess vegna getur landssjóður vel staðið sig við að annast garðinn; jeg efast ekki um, að söfnuðurinn væri fús á, að taka garðinn að sjer, ef hann fengi legkaupin; en hitt er ranglátt, áð láta söfnuðinn bera útgjöldin við garðinn, en landssjóð hirða tekjurnar af honum. Jeg vona því, að þessi tillaga nefndarinnar verði ekki samþykkt.

Svo er það breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B. 2, viðvíkjandi læknaskólanum. Þar hefur stjórnin í frumv. sínu áætlað 800 kr. hvort árið til verkfæra og bókakaupa handa skólanum. Þessi upphæð er dálítið hærri nú, en það sem áður hefur verið veitt í þessu skyni; það kemur til af því, að rýmkað hefur verið um skólann; húsrúmið er betra nú en áður, og þess vegna er nú unnt að koma við áhöldum, sem vantað hefur hingað til, sjerstaklega til kennslunnar í líffærafræði og sjúkdómafræði. Það stendur þess vegna sjerstaklega á í þetta sinn, og það er ekki ætlazt til þess, að þessar 800 kr. verði veittar nema þetta næsta fjárhagstímabil. Jeg vona þess vegna, að hin háttv. deild taki þessi tilmæli skólans til greina.

Jeg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir það, að hún hefur fært upp tímakennslustyrkinn í 6. lið í þessum kafla. Nú er efnarannsóknastofun komin upp, svo að kennslan er bæði munnleg og verkleg og er talsverð aukin fyrirhöfnin frá því, sem áður var.

Þá skal jeg minnast á nokkrar brtill. nefndarinnar, sem snerta allt annað efni. Það er farið fram á, að bæta nú nýjum mönnum inn í 15. gr., inn á milli þeirra manna, sem smátt og smátt hafa læðzt inn í landssjóðinn, og útlit er fyrir að eigi að lifa á honum framvegis, hvort sem þeir vinna nokkuð eða ekki neitt. Það eru skáldin, sem jeg á við. Jeg verð að taka þar í sama strenginn og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Jeg hef að vísu sízt á móti því, að góðum skáldum sje veittur styrkur af landsfje, en jeg verð að álíta, að launa beri það eitt, sem gjört er, en ekki aðgjörðarleysið. Nú er því svo farið, eins og kunnugt er, að í fjárl. er ákveðinn skáldstyrkur til manna, sem einhvern tíma fyrir löngu *hafa* ort, en ekkert yrkja *nú*, og er því líkast, sem þeir sjeu styrktir til að þegja. Jeg er ekki með þessum orðum að niðra þeim, sem nú á að bæta inn í hópinn, eða spá þeim hrakspám. En vel mætti þó svo fara um þá, sem farið hefur áður um hina, er jeg gat um áðan. Jeg get því ekki greitt atkv. mitt með því að bæta þeim Einari Hjörleifssyni og Guðmundi Magnússyni inn í þennan hóp. En nú er það kunnugt um annan þessara manna, að hann hefur á síðari árum ritað bækur, sem hafa fallið mönnum allvel í geð. Og ef nú nefndin vildi veita honum *verðlaun* fyrir það, sem hann hefur þegar gjört, þá get jeg miklu fremur fallizt á *það*.

Jeg felli mig vel við það, að veita Ásgrími Jónssyni styrk til utanferðar,

og hefði óskað þess, að eins hefði verið farið með Sigfús Einarsson. Hann er efnilegur ungur maður, en hefur hvergi nærri fengið þá menntun og þann þroska, sem hann þyrfti að fá. Að fara nú að veita honum styrk til eflingar og útbreiðslu sönglistar hjer á landi, það er eiginlega sama sem að tjóðra manninn og girða fyrir, að hann afli sjálfum sjer frekari menntunar. Hann hefði einmitt, eins og Ásgrímur, þurft að fá ferðastyrk og því hefði jeg verið meðmæltur.

Úr því að jeg er nú farinn að tala um einstaka liði, þá get jeg ekki stillt mig um það, að spyrja háttv. fjárlaganefnd, hvers vegna hún hefur ekki tekið til greina tilmæli eins manns, sem leitaði um styrk. Það er Hjörleifur próf. Einarsson, gamall embættismaður, áttræður, sem búinn er að vera 46 ár í embætti, og hefur ætíð þótt góður klerkur og nýtur drengur. Auk þess hefur hann verið svo ólánssamur, að verða fyrir meiðslum, sem hafa bakað honum mikinn kostnað og gjört hann öryrkja, svo að hann hefur orðið að láta af embætti og getur ekki leitað sjer annarar atvinnu. Það er kunnugt, að prestar hafa lítil eptirlaun hjer á landi; 460 kr. eru ekki feitur kostur; og ef nokkur ætti skilið, að þingið sýndi honum sóma og veitti honum ellistyrk, þá er það þessi maður. Það er heldur ekki til svo mikils mælzt, ekki nema 300—400 kr. á ári í viðbót við eptirlaunin. Þess vegna á jeg bágt með að skilja það, að háttv. fjárlaganefnd skyldi ekki sinna þessu.

Þá er loks breyt.till. nefndarinnar við 15. gr. 18. tl., um styrkinn til Good-Templararreglunnar. Í fjárlagafrumv. eru henni ætlaðar 1,600 kr. hvort árið. Í þetta sinn hefur reglan beðið um óvenjulega mikið fje, og hefur nefndin ekki sjeð sjer fært að taka þá beiðni til greina. Háttv. frsm. tók það fram, að honum þætti ekki rjett, að þingið veitti fje til »agitatióna«. Jeg skal játa það, að það er auðvitað satt, að fje þetta er ætlað til »agitatióna«. Því að nú fer í hönd sá tími, að þjóðin á að segja álit sitt um áfengissöluna. Good-Templarar líta því svo á, að nú sje nauðsynlegt að leggja miklu meiri áherzlu á bindindisfræðsluna en nokkru sinni áður, og til þess að það sje unnt, þarf meira fje. Jeg vildi vekja athygli háttv. framsm. og annara á því, að þótt hjer sje beðið um fje til »agitatióna«, þá er það engin ný bóla. Því að vitanlega hefur allur sá styrkur, sem reglunni hefur verið veittur, gengið til þess að útbreiða bindindi, gengið til »agitatióna«. Hjer er því ekki farið fram á styrk í neinum nýjum tilgangi, heldur alveg til hins sama og áður. Og þar sem nú þingið hefur veitt fje til þessa fjelags áður, þá hefur það þar með viðurkennt, að tilgangur þess sje rjettur og góður, og það vona jeg að það viðurkenni enn. Þessvegna get jeg ekki sjeð, að það komi í bága við stefnu þingsins, þótt beðið sje um að *hækka* þennan styrk.

Þá eru að eins eptir 2 liðir, sem jeg vildi minnast á. Það er 21. og 22. liður á atkvæðaskránni, styrkveitingarnar til þeirra Helga Pjeturssonar og Helga Jónssonar. Um þessa tvo menn er það að segja, að þeir eru báðir mestu dugnaðarmenn. Helgi Pjetursson hefur á síðari árum unnið að jarðfræðisrannsóknum með hinum mesta dugnaði, og þótt rannsóknir hans hafi ef til vill ekki borið mikinn fjárhagslegan árangur innanlands enn sem komið er, þá geta þær, þegar minnst vonum varir, orðið að miklum notum. Þær geta leitt til ýmissa uppgötvana, sem gagn er að. Í mínum augum er það

engum efa bundið, að ef vjer ættum að styrkja nokkra vísindalega starfsemi, þá ætti það að vera sú, sem lýtur að því, að rannsaka náttúru vors eigin lands. Þessi maður hefur líka sýnt það, að hann er efni í duglegan vísindamann. Hann hefur þegar áunnið sjer doktorsnafnbót við Hafnarháskóla og getið sjer góðan orðstír meðal starfsbræðra sinna og annara vísindamanna erlendis með ritsmíðum sínum. Jeg álít hann því vel verðan þess, að honum sje veittur ríflegur styrkur.

Um hinn manninn, Helga Jónsson, er það kunnugt, að hann hefur á undanförnum árum fengizt við grasafræðisrannsóknir og líka getið sjer góðan orðstír fyrir dugnað sinn. Hann hefur ritað margt í sinni grein, sem mun vera kunnugra í útlöndum en hjer. Hann vill nú einmitt snúa sjer að þeim rannsóknum, sem komið geta að verklegum notum; jeg á við mýrarannsóknirnar. Jeg hef að vísu ekki mikið vit á búskap, en svo mikið veit jeg, að meginið af graslendinu hjer á landi eru óræktarmýrar. Það er líka víst, að þær mýrar eru ekki allar eins, heldur hver annari ólíkar, og á því sín aðferðin við á hverjum staðnum, þegar um það er að ræða að rækta þær. En af því leiðir aptur, að það þarf að gjöra mjög miklar og nákvæmar rannsóknir í þessu efni, ef menn eiga ekki að gjöra glappaskot í jarðabótum. Þess vegna furðar mig á því, ef þeir af háttv. þgm., sem eru áhugamenn í búnaðarmálum, verða ekki meðmæltir þessari styrkveitingu.

Ef til vill er mjer þetta mál ekki eins ljóst og vera skyldi og vænti jeg þá skýringa frá þeim, sem eru betur að sjer, en jeg í búskapnum. En frá mínu sjónarmiði er mýraræktin eitthvert þýðingarmesta atriðið í búnaðarframförunum. Mjer þykir því vænt um, að stjórnin setti þennan styrk inn í fjárlagafrumv. og legg til, að hann fái að standa þar.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Áður en lokið er umræðunni, vildi jeg leyfa mjer að segja fáein orð, viðvíkjandi nokkrum breyt.till., þótt jeg eigi enga af þeim sjálfur, sem ekki er von, þar sem jeg var fyrst að koma í dag eptir langa burtuveru. Jeg hefði gjarnan viljað vera viðstaddur til þess að gjöra breyt.till. við þá kafla frumv., sem þegar eru búnir við 2. umr., og því vona jeg, að háttv. deild taki það ekki illa upp, þótt jeg kunni að gjöra viðtækari breyt.till. við 3. umr. en ella mundi.

Fyrst vildi jeg minnast á viðaukatill. við 14. gr. 28. lið á atkvæðaskrá. Jeg skal taka það fram, til stuðnings þessum tveimur stúlkum á Akureyri, sem sótt hafa um styrk til handavinnukennslu, að aðra þeirra, Margrjetu Jónsdóttur, þekki jeg sjerstaklega fyrir þá skuld, að hún var forstöðukona kvennaskólans þar síðastliðinn vetur, og leysti hún þann starfa prýðisvel af hendi. Jeg tel þeim því vel trúandi fyrir þessum styrk. Þær hafa jafnframt farið fram á það, að kvennaskólasjóður Akureyrar veitti þeim dálítinn styrk, og veit jeg, að sýslunefndin muni taka vel í það, ef styrkur fæst frá þinginu hins vegar.

Það er mjög tilfinnanlegt fyrir þennan landshluta, að síðasta þing skyldi gjöra það glappaskot, að eyðileggja þennan kvennaskóla, og ætla mönnum að sækja til þess skóla, sem liggur við einhverja verstu höfn á landinu.

Viðvíkjandi 26. lið á atkv.skránni, styrknum til Karls Finnbogasonar, til þess að kynna sjer kennslu og fyrirkomulag á lýðháskólum erlendis, skal

jeg geta þess, að hann hefur verið kennari við skóla hjer í 3 ár og kynnt sig vel. Hann hefur próf frá »Blaagaards Seminarium« í Höfn, er allvel menntaður, og að því er jeg hygg, sjerstaklega vel hæfur til kennslustarfa. Næsta vetur ætlar hann að ganga á »Statens Lærerkursus«, og efast jeg ekki um, að þessi styrkur muni koma honum að góðum notum, ef hann fær hann. Jeg skal taka það fram, að menn munu hafa augastað á honum til þess að vera forstöðumaður fyrir unglingaskóla einum, eða stærri barnaskóla á Norðurlandi.

Þá er annað, sem jeg vildi víkja að, og jeg hef engar ástæður heyrt fyrir frá háttv. fjárlaganefnd. Það eru tölul. 5 og 6 á atkv.skránni. Þar stendur í fjárlagafrumv., 4. liður »til fasts aukakennar 1,600 kr. hvort árið« og 5. liður: »til annarar tímakennslu og prófdómenda 1,200 kr. hvort árið«. Þessa liði vill nú nefndin fella burt, en setja einn lið í staðinn, sem hljóðar svo: »til tímakennslu og prófdómenda 2,400 kr. hvort árið«. Hún vill með öðrum orðum lækka styrkinn um 400 kr. og afnema þennan fasta aukakennara. Á þinginu 1903 voru þessi útgjöld 2,800 kr. og 1905 eins. Öll þessi ár hefur verið gjört ráð fyrir föstum aukakennara með 1,600 kr. launum. Jeg get nú ekki skilið, hvers vegna nefndin vill færa þetta niður, úr því aðsóknin að skólanum fer vaxandi og sá maður, sem þessi upphæð mun ætluð, hefur getið sjer engu síður góðan orðstír en fyrirrennari hans. Og sízt skil jeg í þessu, þar sem nú liggur fyrir einróma ályktun frá kennarafundi frá 14. febr. þ. á. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa það upp:

»Kennarafundur 14. febr. 1907.

Fjárhagsáætlun skólans fyrir næsta fjárhagstímabil rædd.

— — — — — — — — — —

Við 13. gr. B. III. c. 4. — Æskilegt væri, að lið þessum væri skipt þannig, að 1,600 kr. væru veittar föstum tímakennara, en 1,200 kr. til annarar tímakennslu«.

— — — — — — — — — —«

Þegar maður hefur þessi rök fyrir sjer, þá fæ jeg ekki sjeð, á hvaða ástæðum nefndin byggir þessa breyt.till., og því síður hvernig hún getur búizt við því, að fá atkv. með henni hjer í deildinni, nema hún færi sterkari rök fyrir henni. Því að þau rök eru allþung á metunum, sem á móti liggja: ósk kennarafundar og vaxandi aðsókn. Hvað starf þessa kennara snertir, hef jeg fengið þær upplýsingar, að hann hefur 100 tíma á mánuði og þarf að leiðrjetta 250 stíla. Síðastliðið ár hafði hann fyrir þetta 1,400 kr. Berum uú þetta saman við íslenzku-kennarann t. d., sem hefur hálfu hærri laun; og segi jeg þetta ekki af því, að jeg sjái eptir því fje, sem honum er goldið. Hann hefur ekki nema 88 stundir á mánuði og 200 stíla. Jeg get hvorki sjeð ástæðu til þess, að breyta því fyrirkomulagi, sem stjórnin ætlaðist til, nje færa þessi 1,600 kr. laun niður, þegar það, sem aðrir kennarar vinna, þótt minna sje, er borgað helmingi betur. Jeg tek þetta fram til þess að andmæla till. nefndarinnar, en ekki af því að jeg álíti íslenzkukennarann eða aðra kennara skólans of hátt launaða, og jeg býst við því, að þessi rök sjeu nægilega sannfærandi til þess, að háttv. þgm. greiði atkv. móti þessum breyt.-till. nefndarinnar, einkanlega þar sem hún hefur engin pósitív rök fært sínu máli til stuðnings.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Það sem sjerstaklega kemur mjer til að taka til máls, er uppástunga nefndarinnar um að lækka laun landsskjala-

varðar frá því, sem ráð er fyrir gjört í frumv. stjórnarinnar. Jeg hygg, að nefndin hafi ekki kynnt sjer þau rök, sem stjórnin byggir tillögu sína á, nje hugsað út í, hversu mikið starf landsskjalavarðarins er. Nefndin telur nægja, að safnið sje opið 1—2 klst. á dag, en það væri apturför frá því, sem nú er í reyndinni, því að nú er safnið opið 2—3 klst. á dag, þó að ekki sje skylt að hafa það opið nema 1 klst. annan hvern dag. Notkun safnsins hefur farið svo mjög í vöxt, að síðasta ár, 1906, hefur notkunin verið jafnmikil sem 4 fyrstu árin til samans. Það er líka auðsætt, að almenningur hlýtur að þurfa mjög að nota safnið, og óhjákvæmilegt, að mönnum sje gjört það auðvelt, þar sem öll skjalasöfn landsins eru þar komin í eitt, öll skjöl 30 ára eða eldri. Nú er það vitanlegt, að öll skjalasöfn landins eru ekki komin á einn stað til þess að dylja þau, heldur til þess að þau varðveitist um aldur og æfi, og einkum til þess að almenningur og einstakir menn, sjerstaklega vísindamenn, geti haft skjalanna not. Safnið á að vera eins og lifandi lærdómslind, en ekki að vera lokað og byrgt fyrir þeim, sem það þurfa að nota. Ef þetta hefði verið nefndinni nógu ljóst, mundi hún ekki hafa stungið upp á að lækka launin. Það er alveg víst, að það veitir ekki af að hafa safnið opið 3—4 klst. á dag, eða mjög þarft að minnsta kosti, og þegar þess er gætt, hve mikið starfið er, þá eiga launin að vera full. Jeg get borið um það, að sá maður, sem nú er landsskjalavörður, hefur lagt afarmikla vinnu í safnið til þess að koma safninu í gott lag. Það má heita, að hann hafi verið vakinn og sofinn í að safna sem mestu til safnsins og yfir höfuð að fullkomna það. Og þó að hann hafi haft tíma til að afkasta ýmsum öðrum störfum, þá kemur það til af því, að maðurinn er sjerstakur dugnaðarmaður, og á það að sjálfsögðu ekki að geta orðið honum til miska eða skaðað hann. Það verður að teljast alveg sjálfsagt, að laun landsskjalavarðar verði ákveðin minnst 2,000 kr., þegar safnið er komið á nýjan stað. Það er líka undarlegt að fækka stundunum, þegar safnið er komið í nýtt hús með lestrarsal handa 20 manns, frá því, sem nú er, þegar lestrarsalurinn rúmar að eins 2 menn. Jeg vona, að hin háttv. deild hugsi sig tvisvar um, áður en hún samþykkir þessa tillögu, því að það kæmi mest niður á almenningi að hafa safnið sjaldnar opið.

Sama er að segja um fjárveitingu til að binda inn skjöl og til aðstoðar í landsskjalasafninu, nefndin vill hækka þann lið um 100 kr. frá því, sem nú er, í stað þess að frumv. gjörir ráð fyrir, að hann hækki um 500 kr. Þetta er mjög illa farið, því að það er nauðsynlegt að hafa aðstoð á safninu, ef það á að koma að fullum notum. Jeg held, að það væri betur farið, að launin haldist óbreytt, eins og þau eru nú, og að ekkert fje verði veitt til aðstoðar, heldur en að samþykkja jafn óverulega hækkun sem þá, er nefndin leggur til. Önnur eins háðungarhækkun yrði að eins til þess, að særa skjalavörðinn.

Úr því að jeg stóð upp, skal jeg minnast á brtill. nefndarinnar við 14. gr. A. b. 5. Nefndin hefur ekki getað aðhyllzt, að keypt væri upp hús Bjarna Matthiesens í kirkjugarðinum hjer í Reykjavík. Jeg tel það illa farið. Það er efalaust skylda landssjóðs að bæta við garðinn svo sem þarf, því að landssjóður fær legkaupin, og verður því ekki hægt að varpa þeirri skyldu á sóknarmenn. Jeg ímynda mjer líka, að ekki verði hjá því komizt, að lands-

sjóður leggi þennan 500 ferálna blett innan skamms tíma til kirkjugarðsins.

Jeg skal að svo stöddu ekki fara frekar út í þetta mál. En jeg get hugsað mjer, að fá mætti þessa upphæð lækkaða, þannig t. d. að landssjóður veitti 2,000 kr. í stað 2,500, og mætti þá finna einhver ráð til þess að hafa þessar 500 kr., sem á vantar, upp annarsstaðar frá. Og þó að landssjóður veitti 2,000 kr. til þess, kostaði það landssjóð í reyndinni ekki svo mikið. Bæinn, sem er úr steini, mætti selja fyrir 500 kr. að minnsta kosti, og blettur inn er minnst 500 kr. virði. Það yrðu þá í reyndinni 1,000 kr., sem landssjóður legði til.

Það hefur verið tekið fram, að það væri ekki fallegt að hafa íbúðarhús í kirkjugarðinum, og er það satt. En þó lít jeg meira á það, að farið hefur verið mjög illa með þennan fátæka mann, sem í hlut á, í þessum kaupum öllum. Hann heldur því fram, og hef jeg enga ástæðu til að efast um orð hans, að sjer hafi verið talin trú um af þeim manni, sem fyrir landssjóðs hönd samdi um kaupin, og telja má umboðsmann landssjóðs í þessu tilfelli, að húsið yrði keypt á næsta fjárhagstímabili; nú væri að eins ekki fje fyrir hendi til þess. Þessu treysti maðurinn, og það því fremur sem einn maður úr sóknarnefndinni var, að sögn hans, viðstaddur og taldi honum trú um hið sama. Nú er þessu neitað, og afleiðingin er, að maðurinn stendur uppi með húseign sína, sem nú er ekki hálfvirði á borð við það, sem hún var áður. Maðurinn hugðist tryggja þetta með því, að skilyrðið væri tekið upp í afsalsbrjefið, en það hefur sýnt sig, að það hefur ekki verið gjört, því miður.

Á þetta lít jeg miklu meira. Það má auðvitað segja, að þeir, sem kaupin hafi gjört, hafi ekkert umboð haft til þess að gefa neitt loforð fyrir þingsins hönd. En maðurinn hefur treyst því, sem þeir hafa sagt, sem von var.

Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Jeg á hjer breyt.till. á þgskj. 200, sem fer fram á, að Sigurði Þorvaldssyni verði veittur 400 kr. styrkur síðara árið, til þess að stunda nám við kennaraskóla ríkisins í Kaupmannahöfn.

Þessi maður hefur tekið gagnfræðapróf við skólann í Flensborg með góðum vitnisburði. Í tvö ár hefur hann verið kennari við lýðskólann á Hvítárbakka. Í haust berst hann fyrir að fara utan og ganga á lýðskóla, en að vetri hyggst hann að stunda nám við þennan kennaraskóla ríkisins í Kaupmannahöfn. Hann hefur mjög góð meðmæli. Jeg hef í höndum brjef skólastjórans í Flensborg og hinna kennaranna þar, dags. 20. maí þ. á., og segir þar, að hann hafi kynnt sig sem siðprúður og vandaður piltur. Forstöðumaður Hvítárbakkaskólans segir, að hann hafi mikinn áhuga á kennslu og sje gott kennaraefni, hafi góða þekkingu og hafi notað allar aukastundir, til þess að auka þekking sína. Til þess nú að auðga þekkingu sína enn frekar, vill hann fara utan. Þetta sýnir, að maðurinn er mjög líklegur maður. Það væri því heppilegt, að þingið vildi veita þessa litlu upphæð, og verður ekki sagt, að sá annmarki sje á þessari beiðni, sem fundizt hefur í mörgum sams konar, nefnilega að um langan tíma sje að ræða, því að hjer er að eins farið fram á eins árs fjárveitingu.

Háttv. framsm. hefur lýst því yfir, að fjárlaganefndin hafi tekið upp þá reglu, að neita öllum slíkum beiðnum, en engin regla er án undantekninga,

og jeg held, að hjer væri ástæða til að gjöra undantekningu. Það var nokkur bót í máli, að háttv. framsm. sagði, að þessi maður mundi standa nærri með fjárveitingu á næsta þingi, ef hann reyndist vel. En maðurinn er svo fátækur, að jeg veit ekki, hvort hann mundi þora að fara utan upp á von og óvon. Það kemur líka nokkurnveginn í sama stað niður fyrir þingið, hvort það veitir þennan litla styrk nú eða síðar.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Það var ein breyt.till, nefndarinnar, sem háttv. framsm. minntist ekki á, breyt.-till. við 15. gr., um að veita Magnúsi Einarssyni 300 kr. styrk til að halda uppi söngkennslu á Akureyri. Mjer þykir ástæða til að álíta, að fjárlaganefndin sje þessari styrkveitingu meðmælt, þó að ekki hafi verið á hana minnzt, og kann jeg fjárlaganefndinni sjerstaka þökk fyrir það, því að það sýnir, að nefndin hefur kynnt sjer starfsemi þessa manns í þarfir almennings, sem nú hefur meir en 30 ár barizt fyrir að útbreiða þessa list, sönglistina, fyrir mjög litla borgun, opt og tíðum fyrir alls ekkert.

Hann hefur haldið uppi söngfjelögum og kennt söng endurgjaldslaust. Hann hefur kennt söng til sveita og tekið á sig ferðir einnig endurgjaldslaust. Auk þess hefur hann varið mjög miklu fje til þess að mennta sig í útlöndum í þessari list. Yfir höfuð álít jeg, þó að þá kunni að þykja mikið mikið sagt, að hann sje sá maður á landi hjer, sem gengið hafi næst Jónasi Helgasyni, í því að efla og útbreiða þekkingu og kunnáttu manna í þessari grein. Ennfremur hefur hann gjört landinu sóma, er hann fór með söngflokk sinn til útlanda, því að honum og hans mönnum var tekið ágætlega og sendar heiðursgjafir frá mjög merkum mönnum utanlands.

Það er miklu meiri ástæða til þess, einkum þegar efnalitlir menn eiga í hlut, að launa unnið starf, heldur en að veita fje til að fóðra eða fæða ýmsan vonarpening, án þess að nokkur vissa sje um, hver árangur muni verða af slíkum fjárveitingum.

Þessi maður, Magnús Einarsson, hefur áður notið styrks af landsfje, og er það vottur þess, að þinginu hefur þá verið ljóst, að hann var styrksins maklegur. Jeg veit ekki, hvers vegna styrkurinn var síðar lagður niður; líklega hefur það verið annaðhvort af tilviljun eða ókunnugleik þeirra manna, sem þá áttu sæti á þingi, eða af einhverjum mjer ókunnum ástæðum öðrum. Það er þó sannast að segja mjög óviðfelldið, að menn á gamals aldri geti ekki haldið áfram þeim störfum, sem þeim eru geðfelld og þeir hafa lengi unnið að í þarfir almennings.

Þessi maður hefur til þessa orðið að verja nokkrum tíma frá þessu aðalstarfi sínu, til þess að vinna fyrir sjer og sínum, en það verður honum því örðugra, sem aldurinn færist yfir. Og það er mín skoðun, að margur hafi og margur muni eptirleiðis njóta styrks af landsfje, sem hafi ekki meiri verðleika til þess en þessi maður. Jeg treysti fjárlaganefndinni til þess, úr því að hún hefur tekið þessa fjárveitingu npp, að skiljast ekki við þetta mál, heldur halda því fast fram, svo að jafnvel þó að fjárveitingin yrði felld nú, gjöri hún sitt til þess, að hún verði tekin upp aptur. Þó að styrkurinn sje lítill, helmingi lægri en maðurinn hefur farið fram á, getur hann samt komið að góðu haldi.

Framsögumaður (Jón Jónssnn, þm. Sfjk.): Jeg ætla að eins að gjöra ör-

fáar athugasemdir út af því, sem sagt hefur verið, áður en til atkvæða verður gengið.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) talaði vel og rækilega fyrir tillögum sínum um, að auka fjárstyrk til kvennaskólans í Reykjavík. Eins og jeg gat um. hefur nefndin ekki getað talað sig saman um síðari viðaukatilllögu háttv. þgm., en jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti henni. En jeg vil benda á eitt atriði í ræðu hins háttv. þgm., sem er ekki rjett. Það var þegar hann var að gjöra upp á milli fjárveitinga til menntunar karla og kvenna úr landssjóði. Það er að vísu svo, að ekki kemur nema lítill hluti af þeim fjárveitingum á kvennfólkið. En það er ekki fjárveitingarvaldinu að kenna. Flestir skólar þessa lands standa jafnt opnir konum sem körlum, og hlutfall þingmannsins sannar því ekkert. Jeg segi þetta ekki í því skyni að mótmæta því, að till. háttv. þingm. hafi ekki við góð rök að styðjast, að minnsta kosti sú fyrri, og ef til vill sú síðari. En því hefur svo opt verið haldið fram, að konur yrðu hjer útundan hjá fjárveitingarvaldinn, að það er orðin full þörf að mótmæla þeirri skoðun, af þeirri ástæðu, að hún er ekki rjett.

Út af ræðu háttv. þgm. G.-K. (B.K.) skal jeg vekja athygli hans á því, sem stendur í nefndarálitinu, sem sje því, að Helgi Pjetursson sendi í hitt eð fyrra umsókn til þingsins um 3,000 kr. hvort ár fjarhagstímabilsins. Var í þeirri umsókn skýrt fram tekið, að ef hann fengi þá það,sem hann sótti um, mundi hann ekki þurfa styrks lengur eða optar. Það mun því hafa verið ástæðan fyrir styrkveitingunni þá, að hjálpa honum yfir þessi tvö ár í von um, að hann ekki þyrfti styrkinn eptirleiðis, enda var styrkur þessi óvanalega hár. Nú hefur fjárlaganefndin ekki sjeð neitt frá honum af neinu tagi, svo það hefði ef til vill verið það rjettasta af henni, að fella þennan styrk alveg burt; en það þótti samt ekki rjett, til þess að hann hefði þó eitthvað, ef hann ef til vill hefur gjört ráð fyrir því, að fá þetta fje. En það er óvanalegt, að bera sig eins að, og hann hefur gjört í þessu efni.

Það hefur verið talað mikið um húskaupin í kirkjugarðinum. Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) talaði all-ítarlega um það mál, en sumt af því, sem hann bar fram, var alls ekki rjett. Hann tók fram, að landssjóður væri skyldugur til að leggja til þennan kirkjugarð. Að vísu hefur fjárveitingarvaldið gengið inn á þann skilning, þegar það samþykkti, að kaupa dýra lóð undir kirkjugarðinn í Reykjavík. En annars hygg jeg, að landsvenjan sje sú, að þær jarðir, sem kirkja stendur á, leggi til lóð undir kirkjugarðinn og þó fær landeigandi ekki legkaupin. Upphaflega mun grafreiturinn hafa verið gefinn af landeiganda, en kirkjurnar áttu legkaupin. Þetta, sem hjer er um að ræða, er því undantekning frá þessari almennu reglu, sem Reykvíkingar hafa notið. Hjer er farið fram á, að landssjóður leggi fram fje til þess, að laga til hjer í kirkjugarðinum; annað getur þetta ekki kallazt, því það er gjört til þess, að betur líti út í garðinum. Jeg get vel skilið, að það særi tilfinningar manna, að sjá ljótt hús inni í kirkjugarðinum; en að landssjóður sje skyldur að laga þau lýti, það er mjer ekki skiljanlegt. Háttv. 2. þgm. Rvk. sagði, að landssjóður stæði sig vel við að gjöra þetta; það má vel vera, að tekjurnar af legkaupunum sjeu svo miklar; en hann sagði einnig, að það væri svo langt frá því, að það væri nokk-

urt rjettlæti, að landssjóður tæki legkaupin, en söfnuðurinn kostaði kirkjugarðinn. En jeg verð að álíta, að hvort sem það er rjettlæti eða ekki, þá sje það ekkert jafnrjetti við önnur hjeruð, að fara að tillögum stjórnarinnar í þessu efni, því eins og jeg hef tekið fram, eiga söfnuðir að sjá um, að hafa kirkjugarða í því standi, sem þeim þykir sæmandi, og fá þeir þó ekki legkaupin.

Þetta, sem jeg nú hef sagt, er jafnframt svar til háttv. þgm. Vestm. (J. M.). En hann leiddi fram nýja hlið á málinu, sem er betur löguð til þess að fá mig til að aðhyllast þetta, en hún var sú, að húseigandi hafi verið gabbaður — og hafi umboðsmenn landssjóðs og sóknarnefnd Reykjavíkur unnið að því, — og ætti landssjóður þess vegna að bæta honum þann skaða, sem hann kynni að líða við það gabb. Og ef svo er, þá er það sú eina ástæða, sem nokkurs er verð, af þeim ástæðum, sem fram hafa verið bornar, með því, að gjöra það, sem hjer er um að ræða.

Hinn háttv. þgm. V.-Sk. (G. G.) hjelt langa ræðu og snjalla. Gat hann þess, að öll rök vantaði fyrir því, hvers vegna við stingjum upp á breytingu á liðnum til tímakennslu við menntaskólann. Jeg tók það fram í morgun, að jeg væri ekki fær um, að færa rök fyrir þessu, því að jeg hefði verið í minni hluta nefndarinnar um þetta atriði. Auðvitað má ætla, að það sjeu rök meiri hlutans, að rjett sje að hafa þennan lið eins og á núgildandi fjárlögum. Annars bjóst jeg við, að þetta atriði mundi koma sjerstaklega til umræðu, eptir því að dæma, hvernig það áður hefur vakið umræður hjer í deildinni. Það var einna mest um þetta talað þann svo nefnda eldhússdag, og þá skildist mjer vera gjört úr því töluvert pólitískt númer, svo jeg undrast, að ekki hefur verið um það rætt nú.

Háttv. 2. þgm. Rvk. (G. B.) talaði um skáldalaun fyrir unnin verk. Það getur vel verið, að það sje ástæða til að veita skáldalaun einmitt á þeim grundvelli, en það er galli á því, sem hann bar fram, að hann hefur ekki komið fram með neina breyt.till. í þá átt. Sama er um það að segja, að því er snertir það, sem hann talaði um styrkinn til sjera Hjörleifs Einarssonar; þar stendur þannig á, að nefndin fjekk ekki þetta erindi í hendur, fyr en allra síðustu dagana. En annarsvegar var nefndinni ljóst, að væri þessum heiðursmanni veitt eptirlaun, þá mundi opnast vegur fyrir þann straum, sem ef til vill yrði erfitt að stöðva, því það er vitanlegt, að margir fátækir prestar hafa slitið sjer út í rýrum embættum. En það er álitamál, hvort gjörlegt er, að sveigja inn á þá braut, að veita slíkum mönnum ellistyrk. Það stendur dálítið líkt á hjer og með póstana. Okkur varð það á í hitt eð fyrra, að veita tveim gömlum og merkum póstum dálitinn styrk. Nú eru óðar komnar 3—4 umsóknir frá öðrum póstum; en af því nefndin áleit, að þessi stefna gæti orðið varúðarverð, þá synjaði hún þeim öllum.

Háttv. 2. þgm. Rvk. (G. B.) sagði, að það væri engin nýung, að Good-Templar-reglan fengi fje til »agitationa«. Það hefði verið svo allt til þessa með fje það, sem henni hefði verið veitt, að hún hefði varið því til »agitatióna«. en mjer finnst samt sem áður ekki rjett, að löggjafarvaldið veiti fje til vissra fjelaga, til þess að »agitera« fyrir einni ákveðinni stefnu í löggjafarmálum, enda mun það aldrei hafa verið meiningin með styrknum til Good-

Templara-reglunnar, og það finnst mjer fjárveitingarvaldið ekki mega gjöra.

Að svo mæltu hef jeg ekki ástæðu til að lengja umræðurnar meira; jeg hef svarað helztu mótbárunum móti gjörðum fjárlaganefndarinnar og læt jeg mjer það nægja.

Var síðan leitað atkv. um áminnztar 2 gr., og fór atkvæðagreiðslan fram þannig:

ATKVGR.: 14. gr. fjárlaganna.

1. A. b. 5. Brtill. nfnd., felld með 13 atkv. gegn 12. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,	Björn Kristjánsson,
Jóhannes Ólafsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Magnús Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Thorlacius,	Hermann Jónass.,
Pjetur Jónsson,	L. H. Bjarnason,
Skúli Thóroddsen,	Magnús Andrjess.,
St. Stefánss., Eyf.,	Ólafur Ólafsson,
St. Stefánss., Skgf.	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

2. A. b. 5. Brtill. nfnd., samþ. með 16 atkv.
3. B. II. b. 4. Brtill. nfnd. samþ. með 14 atkv.
4. B. II. b. 6. Brtill. nfnd., samþ. með 19 atkv.
5. B. IV. b. Brtill. nfnd., felld með 15 atkv. gegn 9.
6. B. IV. c. 4. og 5., Brtill. nfnd. þar með fallin.
7. B. V. b. 3., Brtill. nfnd., samþ. með 17 atkv.
   Brtill. á þgskj. 288, sþ. með 13 atkv.
8. B. VII. a. 1. Brtill. nfnd., þar með fallin.
9. B. VII. b. 1. Brtill. nfnd., samþ. með 22 atkv.
10. B. VII. b. 2. Brtill. nfnd., talin sþ. án atkvgr.
11. B. VII. b. 2. Brtill. nfnd., samþ. með 20 atkv.
12. B. VII. b. 3. Brtill. 332, samþ. með 18 atkv.
13. B. VII. b. 3. Brtill. 232, sþ. með 18 atkv.
14. B. VII. b. 4. Brtill. nfnd., samþ. með 19 atkv.
15. B. VII. b. 4. Brtill. nfnd.. samþ. með 20 atkv.
16. B. VII. b. 5. Brtill. nfnd., samþ. með 15 atkv.
17. B. VII. l. Brtill. nfnd., samþ. með 13 atkv.
18. B. VII. m. Brtill. 214, samþ. með 18 atkv.
19. B, VII. m. Breyt.till. nfnd. (með breyttri tölu: 7,500 fyrir 5,000) sþ. með 18. atkv.
20. B. VII. Viðaukatill. 213, felld með 13 atkv. gegn 8.
21. B. VII. n. Brtill. 232, samþ. með 14 atkv.
22. B. VII. (nýr X. liður) samþ. með 14 atkv.
23. XI., samþ. með 15 atkv.
24. XII., — — 15 —
25. 14. gr. B. Brtill. nfnd. 256 við viðaukatill, 205. samþ. með 20 atkv.
26. 14. gr. B. Viðaukatill. 205 (breytt) samþ. með 13 atkv.
27. 14. gr. B. Viðaukatill. 200, felld með 17 atkv. gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Eggert Pálsson,
Einar Þórðarson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Hafstein,
L. H. Bjarnason,	Hermann Jónass.,
Magnús Andrjess.,	Jón Jónsson,
St. Stefánss., Eyf.	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,

Já:	*Nei:*
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacíus,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánss., Skgf.
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Björn Bjarnarson taldist með meiri hlutanum.

28. 14. gr. B. Viðaukatill. 254, samþ. með 16. atkv.

14. gr. í heild sinni með áorðnum breytingum, samþ. í e. hlj.

15. gr.

1. 2. a. b. c. Brtill. nfnd., samþ. með 22 atkv.
2. 4. a. Brtill. nfnd., samþ. með 14 atkv. gegn 4.
3. 4. b. Brtill. nfnd., samþ. með 14 atkv. gegn 4.
4. 7. b. Brtill. nfnd., sþ. með 18 atkv.
5. 7. b. — — — — 17 —
6. 9. — — — — 16 —
7. 10. — — talin samþ. án atkv.gr.
8. Brtill. á þgskj. 270, felld með 13 atkv. gegn 11.
9. Brtill. á þgskj. 263, felld með 16 atkv. gegn 3.
10. Brtill. nfnd. 16., samþ. með 13 atkv. gegn 12 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,	Einar Pálsson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Andrjess.,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Kristjánss.,	Hermann Jónass.,
Ólafur Ólafsson,	Jóhannes Ólafss.,
Ólafur Thorlacíus,	L. H. Bjarnason,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sk. Thóroddsen,	Sf. Stefánss., Eyf.,
St. Stefánss., Skgf.,	Tryggvi Gunnarss.
Þórh. Bjarnarson.	

Brtill. á þgskj. 299, samþ. með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu, nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánss.,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Hermann Jónass.,	Ólafur Briem,
Jóhannes Ólafss.,	Ólafur Ólafsson,
Jón Jónsson,	Ólafur Thorlacíus,
Lárus H. Bjarnas.,	Skúli Thóroddsen,
Magnús Andrjess.,	Tryggvi Gunnarss.
Magnús Kristjánss.,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánss., Eyf.,	
St. Stefánss., Skgf.,	
Þórh. Bjarnarson.	

11. Brtill. nfnd. 17., sþ. með 19 atkv.
12. — — 18,, — — 19 —
13. — — 19., — — 16 —
14. 16. Brtill. nfnd. — — 18 —
15. 18. — 251., felld með 14 atkv. gegn 7.
16. 18. Brtill. nfnd., sþ. með 18 atkv.
17. 19. — — — — 23 —
18. 21. — — tekin aptur.
19. 22. — — — —
20. 24. — — sþ. með 17 atkv.
21. 25. — — — — 15 —
22. 25. — — — — 18 —
23. 28. — — — — 14 —
24. 29. — — — — 13 atkv. gegn 4.
25. 31. Brtill. — — — 18 —

15. gr. með áorðnum breytingum, samþ. í e. hlj.

Atkvæðagreiðslu þessari var lokið kl. 4½ e. h., og var fundi þá frestað til kl. 5½ sama dag. Hófust þá umr. á ný um frumv. og var rætt um 16.—

21. gr., og var þeim haldið áfram til kl. 8 sama kvöld.

Framsögumaður Jón Jónsson (þgm. Sfjk.): Jeg vona, að jeg geti tekið mjer ljett þann kafla fjárlaganna, sem eptir er. Við þennan kafla eru fáar breyt.till. nema frá nefndinni, og fyrir þeim er gjörð grein í nefndarálitinu. Nefndin hefur gjört allverulegar breyt till. við 16. gr. Hún leggur til, að hækkuð verði fjárveiting til bændaskóla og búnaðarskóla að ekki svo litlum mun. Eptir kunnugra manna dómi er nauðsynlegt að veita fje til aðstoðarkennslu í bóklegum greinum á bændaskólunum báðum og sömuleiðis til verklegrar kennslu; nefndin leggur til, að fje verði veitt til þessa, og enn fremur Torfa í Ólafsdal og Eyðaskólanum til verklegrar kennslu. Allt þetta nemur samtals 12.400 kr. hækkun á fjárhagstímabilinu.

Aptur á móti leggur nefndin til, að lækka lítið eitt styrk til búnaðarfjelaga og þykir rjett, að hann fari heldur minnkandi úr þessu. Þar í móti leggur nefndin til, að hækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands, þó ekki að sama skapi, sem fjelagið hefur óskað. Stafar sú hækkun af því, að útgjöld þess vaxa við það, að búnaðarsamband Vesturamtsins er til orðið og gengið inn í það.

Þá hefur nefndin lagt til að lækka það, sem farið er fram á af stjórninni til skóggræðslu og sandgræðslu. Eru færðar ástæður fyrir því í nefndarálitinu og skal jeg leyfa mjer að vísa til þeirra. Nefndin lítur svo á, að þó að skógrækt sje fögur og girnileg og geti orðið landinu til gagns og prýði í framtíðinni, þá eigi það svo langt í land, að ekki sje ráðlegt að taka þetta fje fyrst um sinn frá ýmsum öðrum mikilsverðum fyrirtækjum, sem mikið liggur á. Þó vill nefndin veita nægilegt fje til þess, að halda áfram þeim tilraunum, sem byrjað hefur verið á.

Út af þeim ummælum, sem fyrir nokkrum dögum komu frá ráðherrasætinu, þess efnis, að þingmenn hafi í fyrra á skipinu »Botnia« lofað fjárframlögum til skógræktar og sandgræðslu, skal jeg geta þess, að nefndinni er ekki kunnugt um neitt slíkt loforð og kannast fyrir sitt leyti alls ekki við að hafa lofað nokkru í þá átt.

Stjórnin hefur lagt það til, að verðlaun fyrir útflutt smjör, sem nú eru 18,000 kr. á ári, lækki um 3,000 kr. fyrra árið og 6,000 kr. síðara árið. Þetta þykir nefndinni alllangt farið, og leggur til, að verðlaunin verði 16,000 kr. fyrra árið og 14,000 kr. síðara árið. Eptir atvikum þykir nefndinni rjett að fara svo að því, og telur, að ekki muni líða svo langur tími þangað til verðlaunin hverfi, þó að þau sjeu ekki lækkuð meira í senn hvert ár.

Um laun yfirmatsmanna skal jeg láta mjer nægja að vísa til nefndarálitsins.

Á þingskj. 229 er farið fram á, að auka við nýjum lið, fjárveitingu til umsjónarmanna við útflutning hesta. Þetta telur fjárlaganefndin að svo stöddu ótímabært; þessu má allt af bæta inn á fjárlögin, ef lög þau um útflutning hesta, sem nú liggja fyrir þinginu, ná fram að ganga; fyr er eigi ástæða til þess.

Þá er á þgskj. 223 farið fram á, að veita 12,000 kr. til umbóta á höfninni á Stokkseyri. Fjárlaganefndin getur ekki fallizt á þessa breyt.till. fyrir þá sök, að hún er ekki studd með neinum þeim skýrslum eða skilríkjum, sem rjettlæti svo mikla fjárveitingu.

Næstu tvær breyt.till. eru frá nefndinni um fjárveiting handa Guðmundi

Jónssyni Hliðdal og Benedikt Jónassyni. Þessir menn eru báðir mjög efnilegir menn og hafa sýnt mikinn dugnað við nám sitt; virðist því rjett, að landssjóður styrki þá til námsins, enda er líklegt, að störf þeirra geti orðið landinu mikilsverð síðar, þar sem annar er rafmagnsfræðingur, en hinn lærir byggingafræði.

Um 18. gr. hef jeg ekki mikið að segja. Fyrsta breyt.till. nefndarinnar er tekin aptur, eins og jeg hef lýst yfir áður.

Við þessa grein eru komnar tvær br.till. frá öðrum þingmönnum. Önnur fer fram á, að veita Tómasi Davíðssyni styrk. Nefndin hefur ekki getið aðhyllzt þessa breyt.till., ekki af því að maðurinn sje ekki góðs maklegur, heldur af því, að margir eru hjer á landi, sem líkt stendur á fyrir, og það getur þó ekki komið til mála, að veita þeim öllum ellistyrk. Það er nú einu sinni svo, þó að sorglegt sje, að ekki verður öllum veittur styrkur, sem þörf hafa á og til hafa unnið, enn sem komið er.

Öðru máli er að gegna um hina breyt.till. á þgskj. 255. Þar er hvorki farið fram á ellistyrk nje þurfamannastyrk. Beiðandinn, Pjetur Pjetursson hefur beiðzt viðurkenningar fyrir eitt mikilsvert starf, sem hann hefur unnið fyrir þetta land og er í því fólgið, að hann hefur fjölgað borgurum þessa lands meir en dæmi eru til um einn mann, og þó komizt af án annara hjálpar. Hann hefur átt 25 börn, þar af eru 16 á lífi uppkomin. Nefndin vill styðja þessa breyt.till., og mun flutningsmaður hennar ef til vill gjöra nánari grein fyrir henni.

Þá skal jeg minnast örlítið á 21. gr. Nefndin leggur til að veita klæðaverksmiðjunni »Iðunn« 50,000 kr. lán með 4%, afborgunarlaust 5 fyrstu árin. Telur nefndin rjett að styðja að endurreist þessarar verksmiðju á þennan hátt. Sömuleiðis leggur nefndin til, að breyt.till. á þgskj. 198, um að veita Ingvari Ísdal 12,000 kr. lán til þess að koma á fót trjesmíðaverksmiðju á Seyðisfirði, verði samþykkt, þó með þeirri breytingu, að lánið sje veitt til 12 ára en ekki 15 ára. Nefndinni hefur þótt það óþarflega langur tími til að afborga ekki stærra lán.

Síðasta brtill. er að eins orðabreyting, nauðsynleg eptir þeirri atkvæðagreiðslu, sem fram hefur farið. Greinin orðist því svo: »Sýslufjelögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar á fjárhagstímabilinu, má veita lán úr viðlagasjóði o. s. frv.«

Jeg hef nú farið nokkuð fljótt yfir sögu, en læt við svo búið sitja að svo stöddu.

Ráðherrann: Mjer þykir hin háttv. nefnd hafa orðið nokkuð harðhent við tillögur stjórnarinnar um skóggræðslu og sandgræðslu. Jeg ímynda mjer þó, að nefndin sje á því, að það sje vinnandi vegur, að auka skógrækt hjer að töluverðum mun. Jeg hef engan heyrt draga það í efa, að lífga mætti skóga aptur hjer á landi, líkt og annarsstaðar, ef rjett er að farið. Og hygg jeg, að þá mundi ekki langt að bíða þess, að kostnaðurinn hefðist upp, og að jafnvel tekjur yrðu af, fyrir utan allan þann óbeina hagnað, sem af skógunum hlytist. En skilyrðið fyrir því er, að rjett sje að farið, að þeir menn sjái um verkið, sem kunna og vit hafa á, og að verkinu sje ætlað svo mikið starfsfje, að hægt sje að gjöra tilraunir og ráðstafanir, sem nokkuru muni, en árangurinn hverfi ekki í sandinn, af því að of lítið fje er lagt til.

Þeir tveir menn, sem mest og bezt hafa stutt skógrækt hjer á landi, prof. Prytz og kapt. Ryder, hafa gjört ítar-

lega grein fyrir því, að ef verkið á að vera annað en kák, þá þurfi að fá til sjerstakan embættismann sem hefði ekki annað að gjöra, en að hrinda þessu máli áfram, og mundi sá maður einnig jafnframt geta staðið fyrir sandgræðslu hjer. Þeir hafa sýnt fram á, að nauðsynlegt sje, að þessi maður sje vel menntur bæði í fræðigrein og framkvæmdum, vel að sjer bæði að þekking og reynslu. En það er engin von, að maður með slíkum hæfileikum fáist fyrir mjög lítil laun. Það er ekki hægt að búast við, að hann fáist fyrir minna en sams konar störf eru borguð í nágrannalöndunum. Eptir útreikningi fyrgreindra manna, sem lagður hefur verið fyrir háttv. fjárlaganefnd, samsvarar launaupphæð sú, sem farið er fram á í frumv., alveg því, sem yfirskógarverðir (Skovridere) í Danmörku hafa í laun; munurinn er að eins sá, að þar eru byrjunarlaunin dálitið lægri, en launin fara hækkandi upp fyrir 5,000 kr., svo að sú upphæð, sem í frumv. er tilgreind, samsvarar rjettu meðaltali. Ef launin verða minni, þá er ekki búizt við því, að dugandi menn, sem æfingu og þekkingu hafi á þessum málum og aðgang eiga að slíkum embættum í Danmörku, fáist hingað til þessa starfs. Það er hætt við, að þá mundi ekki vera um aðra að velja en unga menn og óreynda, með litla praktiska æfingu á baki sjer, eða þá menn, sem af einhverjum öðrum ástæðum gætu ekki tekið þátt í samkeppninni um slíka stöðu annarsstaðar; en oss ríður á að vanda sem mest val þess manns, er fyrstur á grundvöllinn að leggja til þessa framtíðarstarfs.

Jeg ber það traust til hinnar háttv. deildar, að hún sýni það, að hún hafi þá trú á þessu landi, að hægt sje að græða hjer skóg og hepta sandfok. Og jeg vona, að það hafi ekki verið nein föst skoðun í mótsetta átt. sem rjeð þessum tillögum meiri hluta fjárlaganefndarinnar, heldur hafi það að eins verið nokkurs konar augnabliksefi, sem rjeð atkvæðum í svip.

Jeg er mjög hræddur um, að sú upphæð, sem nefndin stingur upp á, geti með engu móti komið að tilætluðum notum. Nefndin hefur klipið fjeð svo við nögl sjer, að vel má vera, að það væri betra að sleppa þessari fjárveitingu alveg fyrst um sinn, og bíða þess, að bjartari skoðun og ríkari trú á framtíð landsins hafi fest rætur í hjörtum manna.

En jeg vona nú enn, að frv. stjórnarinnar um skóggræðslu og varnir gegn uppblæstri lands, sem enn þá sefur í nefndarskauti, verði samþykkt, þegar það kemur til umr. Þá von hef jeg því fremur, sem jeg man það glöggt, að á »Botnia« í þingmannaförinni í fyrra var talað um og að minni hyggju fastmælum bundið meðal margra þingmanna, að leggjast á eitt í því, að hrinda fram skógarmálum landsins, þar á meðal með því að láta nú verða úr því, að stofna skógræktarstjóra-embætti, og man jeg vel, að ræðu kapt. Ryders um þetta málefni og þetta atriði málsins sjerstaklega var tekið með lófaklappi miklu án nokkurra mótmæla eða skoðanamunar.

Við fjárveitinguna til yfirmatsmanna fiskjar hefur háttv. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.) stungið upp á að skeyta þeirri athugasemd, að lögreglustjóra beri að sjá um, að vottorð frá þeim sje skráð á hleðsluskjöl skipa þeirra, sem flytja fisk til Spánar eða Ítalíu frá Reykjavík eða Ísafirði. Jeg þykist skilja, að meiningin sje sú, að sjá um, að menn noti yfirmatsmennina eins og þingið hefur ætlazt til. Þeim til-

gangi er jeg samþykkur, en jeg sje ekki, að mögulegt sje að koma þessu til vegar með þessari athugasemd, eins og hún er orðuð. Meðan það ekki er lögboðið, að fiskútflytjendur skuli láta yfirmatsmenn skoða fisk sinn, er ekki hægt að skylda yfirmatsmennina til þess, að láta af hendi vottorð um gæði alls útflutts fiskjar, nje lögreglustjóra að ganga eptir því vottorði. En slíkt ákvæði, að lögbjóða skoðun á fiski, sem út er fluttur, á að mínu áliti ekki heima í fjárlögum: og hvort yfir höfuð að tala er mögulegt, að setja slíkt ákvæði, án þess að koma of nærri viðskiptafrelsi og atvinnufrelsi manna, um það skal jeg ekkert segja að svo stöddu.

Jeg sje, að í breytingar- og viðaukatillögum við 21. gr. er farið fram á stórar lánveitingar úr landssjóði til klæðaverksmiðjunnar »Iðunn« og til trjesmíðaverksmiðju á Seyðisfirði o. fl, Jeg veit nú ekki, hvernig muni verða skilið við fjárlögin á endanum, en mjer skilst, að nú sje búið að fara fram á miklu meiri útgjöld, en stjórnin gjörði ráð fyrir, án þess að benda á tilsvarandi tekjur. Jeg get því ekki sjeð, að rjett sje að lofa nýjum lánum úr landssjóði, að minnsta kosti ekki með lægri vöxtum, en landssjóður á víst að geta fengið fje fyrir. Þó að það 500,000 kr. lán, sem gjört er ráð fyrir að taka til nýrra ritsíma- og talsíma-lagninga, fáist með 4% rentum, þá er það að skoða sem sjerstakt happ, en jeg tel víst, að lán fengist almennt ekki fyrir minni vexti en $4^1/_2$—5% um þessar mundir eptir því, sem rentufóturinn nú er í útlöndum, og að nota svo dýrt fengið fje til að binda erfiðiskrapt, sem skortir bæði til sjávar og sveita, í vafasömum iðnaðarfyrirtækjum einstakra manna, og það með beinu rentutapi fyrir landssjóð, það álít jeg ekki góða fjármálastefnu.

Skúli Thoroddsen (þgm. N.-Ísf.): Það er ein breyt.till. sem jeg hef komið fram með. Hún fer fram á það, að Pjetri bónda Pjeturssyni í Hafnardal í Norður-Ísafjarðarsýslu sjeu í eitt skipti fyrir öll veittar 400 kr. úr landssjóði. Það stendur svo á, að þessi maður hefur verið tvíkvæntur, og átt 25 börn; af þeim hafa 9 dáið á 1.—5. aldursári, en 16 eru á lífi. Hann hefur ávallt verið leiguliði og átt erfitt uppdráttar, sem von er, en þó aldrei þarfnast annara hjálpar, eða að minnsta kosti ekki þarfnast sveitarstyrks. Jeg lít svo á, að þó að þetta mál sje sjerstaklegs eðlis, þá sje rjett, að sýna þessum manni viðurkenningu, eða veita honum einhvern ljetti á gamals aldri. Jeg hafði í fyrstu hugsað mjer, að fara fram á eitt til tvö hundruð króna ellistyrk árlega, en eptir samráði við fjárlaganefndina breytti jeg því í 400 kr. í eitt skipti fyrir öll, þar sem þess var þá meiri von, að málið næði fram að ganga. Landið á fáa meiri nytsemdarmenn en þá, sem koma upp svona miklum barnahóp.

Aðrar breyt.till. en þessa er jeg ekki við riðinn; en út af ummælum hins hæstv. ráðherra, viðvíkjandi skógræðslumálinu, vil jeg lýsa yfir því, að jeg var einn í tölu þingmanna á »Botnia« í fyrra sumar, og mig rekur alls ekki minni til þess, að það kæmi til mála, að stofna 5,000 kr. embætti handa dönskum skógfræðingi. Þetta hlýtur að vera þannig vaxið, að Ryder hafi talað að eins við fáa menn, því jeg veit það, að margir eru hjer í deildinni, sem alls eigi rekur minni til þessa; en það sýnir sig vonandi við atkvæðagreiðsluna, hversu margir það eru, sem hafa lofað þessu, því þeir telja sig auðvitað bundna við loforð sitt,

og greiða því atkvæði með tillögu stjórnarinnar.

Jeg vildi enn fremur segja nokkur orð um athugasemd þá, sem fjárlaganefndin hefur lagt til að hnýtt verði aptan við veitinguna til fiskimatsmannanna. Jeg er ekki samdóma hinum hæstv. ráðherra um það, að það sje ekki heimilt, að setja slík ákvæði inn í fjárlögin. Fjárlögin eru lög, eins og öll önnur lög, en þau gilda að eins um tveggja ára tíma, og þau ákvæði, sem í þeim standa, eru bindandi um þann tíma, en ekki lengur. Þetta hefur líka verið gjört áður; jeg vil minna á það, þegar ákvæði var sett inn í fjárlögin um það, að latneskur stíll ekki skyldi heimtaður við inntökupróf í latínuskólann; að vísu var því ákvæði aptur kippt burt í Ed, en það stafaði af því, að ákvæðið þótti þá óþarft, þar sem fullnægjandi loforð kom fram af hálfu yfirstjórnar skólans.

Þar sem hinn hæstv. ráðherra kallaði þetta ófrjálslegt, þá get jeg heldur ekki verið honum samdóma um það. Það hafa nýlega verið samþykkt hjer í deildinni lög um eptirlit með útflutningi hrossa; því skyldum vjer ekki einnig vilja hafa eptirlit með útflutningi á fiski, sem er aðalútflutningsvara vor Íslendinga og mestu varðar, að gott verð fáist fyrir. Jeg vona, að hæstv. ráðherra sjái sig um hönd, og verði þessu ekki mótfallinn. Það kom til mála, að setja þessi ákvæði í sjerstakt lagafrumv., en nefndinni þótti þetta handhægra, til þess að ákvæðin kæmu strax í gildi.

Það er leiðinlegt, að enginn skuli hafa notað fiskimatsmanninn á Ísafirði síðast liðið ár, og hefur það leitt til þess, að vestfirskur fiskur er nú í minni metum en sunnlenzkur fiskur, þótt áður væri hann jafnan talinn vandaðri vara. (*L. H. Bjarnason:* Það mundi enginn hafa gjört frekar, þó þessi athugasemd hefði staðið). Jeg verð nú að segja það, að þrátt fyrir lögfræðisnám hins háttv. þgm. Snæf. á síðastliðnum vetri, þá ber jeg ekki það traust til hans sem lögfræðings, að jeg telji það víst, að dómstólarnir líti eins á það mál, eins og hann gjörir.

Ráðherrann: Hinn háttv. þm. N.-Ísf. skildi ekki orð mín áðan, að því er mjer fannst. Það sem jeg meinti, er þetta, að það er ekki hægt, að skylda bæjarfógeta til þess að sjá um að vottorðin fylgi skjölunum, *án þess* að menn sjeu skyldugir til þess að láta skoða fiskinn; en það ákvæði er ekki til, og þess vegna getur þetta ekki staðizt.

Meðan ekki eru til nema tveir yfirmatsmenn, annar hjer, en annar á Ísafirði, er ekki hægt að gefa út almenna skipun, er gildi fyrir allt land, um skoðun yfirmatsmanna á útfluttum fiski, og það er mjög hæpið, að rjett sje að lögbjóða slíka skipun að eins fyrir vissa landshluti. En hvað sem um það er, álít jeg þessa tillögu þannig úr garði gjörða, að ómögulegt sje að samþykkja hana. Að heimta af sýslumanni að hann gjöri það, sem hann ekki getur framfylgt eptir lögum, er meiningarlaust. Jeg skal ekki þrátta um það, hvort heppilegra sje yfirleitt að setja almenn lagaákvæði í fjárlögin eða sjerstök lög; jeg álít, að það liggi í hlutarins eðli, að í fjárlögum eigi í öllu falli ekki að vera önnur lagafyrirmæli en þau, sem bundin eru við einhverja fjárveitinguna sem skilyrði. En þessi athugasemd kemur alls ekki fram sem neitt skilyrði fyrir fjárveitingunni til launa yfirmatsmanna, og kemur yfir höfuð fjárlögunum ekkert við. Að geta þess til, að jeg sje á móti því að giöra fjárlögin að ruslakistu fyrir almenn laga-

ákvæði af þeirri ástæðu, að jeg geti ekki látið synja slíkum ákvæðum um staðfestingu, ef þau eru í fjárlögunum, er hreinasta fjarstæða. Jeg mundi segja til þess strax, ef einhver tillaga í lagafrumv. væri þess eðlis, að jeg gæti ekki ráðið hans hátign konunginum til þess að staðfesta það. Og hvort þingið, þvert ofan í slíka yfirlýsing, samþykkti slíkt ákvæði í fjárlögum eða öðrum lögum, finnst mjer koma í sama stað niður, er um þingræðisstjórn er að ræða. Hjer er auðvitað ekkert slíkt á ferðum. Jeg hef ekkert annað við athugasemdina að athuga en það, að hún nái ekki tilgangi sínum, verði tómur bókstafur.

Hinn háttv. þm. segist ekki muna eptir, að skógarvarðarembætti hafi verið nefnt um borð í »Botnia«; jeg get ekki að því gjört, þó hann ekki muni það. Það var eptir miðdag á »Botnia«, er tilrætt var um skóggræðslumálið, að einhver mjög merkur maður — mig minnir háttv. þm. Borgfirðinga, þó jeg ekki þori að fullyrða það — stóð upp og sagði hvort við nú ekki ættum að heita að stofna embætti það, sem synjað var um á þinginu 1905 (*Þórh. Bjarnarson:* Já, en ekki nema 3,000 kr. laun), handa lærðum skógfræðingi. Þessu var tekið með lófaklappi. Og jeg vissi ekki betur, en allir teldu, að meiri hluti þingmanna hefðu þar með komið sjer saman um, að styðja slíka lagasetning á þessu þingi. Jeg man þetta glöggt, en þó hinn háttv. þm. muni það ekki, þá gjörir það naumast mikið til. Það ætlast auðvitað enginn til, að hann nje aðrir greiði atkvæði eptir öðru en sannfæring sinni, þeirri er þeir nú hafa. En jeg vildi *óska*, að menn litu eins á málið nú, eins og eptir Jótlandsförina.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Við ræðu hins hæstv. ráðherra vildi jeg gjöra þá athugasemd, að jeg get ekki betur sjeð, að fjárlögin sjeu það, sem löggjafarvaldið vill gjöra þau að. Ef löggjafarvaldið setur í þau einhver ákvæði, þá eru þau ákvæði lög um eitt fjárhagstímabil. Við setjum lögin, og lögreglustjóri á Ísafirði á að fara eptir þeim. Það væri leiðinlegt, ef þetta yrði fellt, því það hefur töluverða þýðingu, sem þegar hefur sýnt sig í því, að verð á fisk, er nú lægra fyrir vestan — frá Ísafirði og allt til Ólafsvíkur — en hjer fyrir sunnan. Sunnlenzkur fiskur er »sorteraður« af yfirfiskimatsmanni, en ísfirzkur ekki.

Um skóggræðslumannsembættið vil jeg ekki fara fleirum orðum; þetta hlýtur að hafa verið samtal fárra manna; jeg man eptir, að Ryder sat við annað borð, en jeg; ef til vill hefur þar verið mælt fyrir einhverju minni, og minnzt eitthvað á skóggræðsluna, og menn þá klappað, eða húrrað við það borðið, án þess vjer, sem við hitt borðið sátum, veittum því eptirtekt, hvað umræðuefnið hafði verið.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Það er hjer till. frá nefndinni í hrossasölumálinu á þgskj. 229, sem fer fram á, að í fjárlagafrumv. verði tekin allt að 600 kr. þóknun til umsjónarmanna við útflutning hrossa. Nefndin hefur komið fram með þá till., af því að hún áleit, að það stæði henni næst, og auðvitað með það fyrir augum, að ef hrossasölufrumv. fjelli, þá yrði fjárveitingunni aptur kippt burt úr frumv. En með því nú að þessi till. hefur ekki fundið náð fyrir augum háttv. fjárlaganefndar, þá er hún hjer með tekin aptur.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg á hjer dálitla breyt.till. á þgskj. 206, sem fer fram á það, að Tómasi Davíðssyni verði veittar 200 kr. Þessi maður hefur nú 74 ár á baki, og hefur verið barnakennari í 54 kr. Allopt

hefur hann haft dálítinn styrk til þessa úr landssjóði, en stundum alls engan, og hefur hann þó ætið þótt afburðagóður kennari. Mest hefur hann kennt í Eyjafjarðarsýslu, en þó einnig í Þingeyjar-, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Nú er hann orðinn svo lasburða, að hann getur ekki gengið að heyvinnu, eða öðru striti, en aðalstarf hans er barnakennsla á vetrum. Hann er fjelaus maður, en hefur fyrir gamalli konu og syni að sjá, sem bæði eru ómagar, en nú liggur ekki annað fyrir honum á gamalsaldri, en að leita til sinnar sveitar, en það er honum þung byrði, sem eðlilegt er, því að leita þeirrar hjálpar er alltaf neyðarúrræði fyrir þá menn, sem hafa næma tilfinningu fyrir sjálfstæði sínu, þar sem okkar löggjöf sviptir hvern þann að nokkru borgaralegum rjetti, er þiggur sveitarstyrk, og líti maður til þess, hvað þennan gamla og góða kennara snertir, þá verður sannarlega hver maður að játa, að það er illa launað jafn göfugt og vel unnið starf. Jeg hef því leyft mjer að bera fram þessa till. samkvæmt ósk hans, og er mjer það bæði ljúft og skylt.

Jeg hef verið svo óheppinn, að háttv. fjárlaganefnd hefur ekki getað fylgt mjer að málum að þessu leyti, og þykir mjer það mjög leitt, en sjerstaklega þykja mjer ástæður hennar vera allundarlegar. Háttv. frams., telur það sem aðalástæðu, að ef þetta sje veitt, þá muni svo margir koma á eptir með sömu verðugleika, að það sje þinginu eða landssjóði ofvaxið, að bæta úr þörf þeirra allra. En mjer er spurn: Veit háttv. fjárlaganefnd af nokkrum öðrum, sem hefur verið barnakennari í 54 ár? Þekki hún mann, sem jafnlengi hefur unnið að barna og unglinga kennslu, þá er líka spurning um það, hvort sá hinn sami ekki muni vera betur efnum búinn, en þessi maður, *(Þórhallur Bjarnarson:* Eptirlaun!) Líklega kemur ekki til þess optar, að slíks styrks verði leitað, og þótt svo færi, að slík fjárveiting, sem hjer er farið fram á, stæði lengur en næsta fjárhagstímabil, svo hana mætti kalla eptirlaun, þá sæti það sízt á þeim háttv. þm., sem eru embættismenn, og njóta þar af leiðandi síðar eptirlauna, næstum hvernig sem þeir hafa gegnt sínu starfi, að vera á móti þessum litla styrk. Jeg ber það traust til háttv. Ed., að hún muni ekki þurka þennan styrk út af fjárlögunum, kæmist hann hjer inn á þau. Og jeg ætla að sjá, hverjir gjörast til þess, að drepa till. í deildinni.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir það, að hún hefur verið meðmælt þessu 50,000 kr. láni til klæðaverksmiðjunnar »Iðunn«. En jeg finn ástæðu til þess, að taka það fram, út af ummælum hæstv. ráðh., að lánið er eiginlega ekki nema 15,000 kr. Svo stóð nfl. á, að verksmiðjan hafði 35,000 kr. lán úr landssjóði., sem nú væri eiginlega fallið í gjalddaga, ef í hart væri farið. Verksmiðjufjelagið hefur nú vonast eptir að fá að halda því láni og svo farið fram á þessi 15,000. Og jeg hygg, að það sje sanngjarnt, að þessi verksmiðja njóti sama rjettar, og verksmiðjan á Akureyri. Annað er ekki farið fram á. Vona svo, jeg að h. deild fari eptir till. fjárlaganefndarinnar í þessu efni.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það var út af ummælum hæstv. ráðh. um skóggræðsluna, sem mjer datt í hug að taka til máls. Það mál hefur alltaf verið mjer mjög viðkvæmt. Jeg man ekki fyr til mín, en að jeg man eptir því, hversu mjög mjer sárnaði það, hve landið er skógsnautt, hvernig búið

er að rýja það allri þeirri fegurð og öllu því gagni, sem það hefur um langan aldur haft af skógunum. Jeg hef opt hugsað um það, á hvern hátt mætti bæta úr þessu, bæta fyrir þessar syndir forfeðranna. Það hefur lítið verið gjört til þess, að ráða bót á þessu, og það litla, sem gjört hefur verið, hefur eigi farið svo vel úr hendi sem skyldi. Úr því jeg er nú staðinn upp, þá ætla jeg að skýra frá skoðun minni á þessu máli, sem ætti að vera áhugamál allra góðra Íslendinga.

Um aldamótin síðustu var skóggræðslumálið tekið til meðferðar í amtsráði Norðuramtsins. Vjer áttum um þær mundir völ á ungum og efnilegum manni þar nyrðra, sem var mjög hneigður fyrir þess konar störf, og þá varð það að ráði, að senda hann út, til þess að kynna sjer skóggræðslu í Noregi; veitti amtsráðið honum fje til fararinnar. Það sem þá vakti fyrir mönnum, var að fá efnilegan mann, er lært hefði sjerstaklega skógrækt erlendis, helzt í Noregi, til þess að vinna hjer að skóggræðslu, koma svo upp tilraunastöð og sá þar trjáfræi, aðallega innlendu fræi, ala ungviðina þar upp, þar til þeir væru fullþroska til flutnings og gróðursetningar á öðrum stöðum, en fást ekki við að planta útlend trje. Svo vonuðust menn eptir að geta fært sig smátt og smátt upp á skaptið, þannig, að menn, sem áhuga hefðu á sliku, gætu átt kost á plöntum úr þessari tilraunastöð, til þess að græða hrjóstrin og holtin kring um bæina hjá sjer. Þetta hugsaði amtsráðið, og þetta hefði verið, að sumra áliti, hið affarasælasta.

Þegar maður sá, er amtsráðið hafði sent utan, kom heim aptur, var trjáræktarstöðin á Akureyri stofnuð og hefur hún síðan staðið í hinum mesta blóma. Málið virtist komið á hinn bezta rekspöl og það fyrir lítið fje, en mikinn áhuga og viturlegar ráðstafanir innlendra manna.

En svo kemst málið allt í einu í annan farveg. Útlendur kapteinn — sem auðvitað á allan heiður skilið fyrir starf sitt og góða meiningu — verður hrifinn fyrir málinu. Hann fær landsstjórnina í lið með sjer, og nú er drifinn upp styrkur hjer á þingi til þess að stofna gróðrarstöðvar og planta hjer útlend trje, og sendur út maður til þess að sjá um skógrækt hjer á landi. Fjárlaganefndin tók þó heldur dauft í að veita fje það, sem stjórnin fór fram á, enda var fjeð ekkert smáræði, um 15,000 kr., ef jeg man rjett. Menn vildu sjá, hverju fram vindi, þekktu ekki manninn, og till. hans voru ekki þannig lagaðar, að þær jykju mönnum traust á honum.

Nokkurt fje var þó veitt, starfsemin byrjaði og hefur haldið áfram síðan með vaxandi fjárframlögum; árangurinn þekkja allir eða flestir. Hann er ekki mikill, eins og varla var við að búast.

Það, sem gjört hefur verið af viti í þessu máli, eru t. d. kaupin á skógunum, Hallormsstaðaskógi og Vaglaskógi, svæði afgirt þar og tilraunir gjörðar til ræktunar. En allar skóggræðslutilraunir annarsstaðar eru ekkert annað en sorglegur vottur um það, hversu óviturlega var af stað farið. Þarna var stungið niður í hin og þessi holt útlendum trjáplöntum, er fluttar höfðu verið hingað með ærnum kostnaði og plantaðar voru með ærnum kostnaði, og dóu. Allur árangurinn varð sá, að fá vissu fyrir því, að þær gátu ekki þrifizt. Jeg fyrir mitt leyti þurfti ekki að fá þessa reynslu. Jeg var sannfærður um það fyrirfram, að svona

mundi fara. Hver maður, sem nokkra grasafræðisþekkingu hefur og nokkurt skyn ber á veðráttufar og áhrif þess á gróðurinn, hlýtur að vita, að trje, sem flutt eru stálpuð úr betra loptslagi, úr landi, þar sem vorin eru jafn vel hlýrri en sumrin hjer, úr landi með löngum sumrum og stuttum vetrum, og svo gróðursett í landi með löngum umhleypingasömum vetrum og skammvinnum sumarhlýjindum, þau geta ekki þrifizt. Það hefði ekki þurft skógfræðinga til þess að sjá, að þetta var óvit.

Einu plönturnar, er þrifizt hafa, eru vitanlega þær, sem aldar voru hjer upp, t. d. þær, sem teknar voru úr trjáreitnum á Akureyri, sem stofnað er til og hlúað hefur verið að af íslenzku hyggjuviti; þar hefur enginn danskur maður komið nærri, enginn hálærður skógfræðingur, heldur hefur um þessa stofnun verið hirt af mönnum, er lært hafa eingöngu af reynslunni og þeim bendingum, er þeir fengu hjá aðalstofnanda hennar, Sigurði skólastjóra Sigurðssyni. Þessi litla tilraunastöð er þögult og áreiðanlegt vitni um það, hvað vjer gátum gjört upp á okkar eigin spítur í þessu máli.

Tilraunastöðin hefur kostað einar 400 kr. á ári, og þaðan hafa verið sendar árlega mörg þúsund plöntur; auðvitað hafa þær ekki allar lifað, en þar hefur eigi verið um að kenna skorti þeirra á lífskrapti, heldur meðferð þeirra manna, er við þeim hafa tekið.

Með þessum orðum hef jeg viljað lýsa afstöðu minni í skóggræðslumálinu. Eins og mjer er annt um, að eitthvað sje gjört til skóggræðslu hjer á landi, þannig er mjer eigi síður annt um, að því fje, sem veitt er í því skyni, sje ekki kastað á glæ, eins og gjört hefur verið og gjört mun verða, ef þessari stefnu heldur fram. Það hefði verið heppilegra að fara sjer hægra í fyrstu og hyggja betur fyrir sjer.

Jeg er sannfærður um, að hjer geta engar trjátegundir gróið svo skógur verði, sem ekki eru áður til hjer á landi. Úr innfluttum trjáplöntum verður hjer aldrei skógur. Ef fura og greni ættu hjer gróðrarskilyrði, þá hefðu þær trjátegundir vaxið hjer af náttúrunnar völdum. Enginn skal telja mjer trú um, að fræ þeirra hafi ekki getað fluzt hingað eins og fræ annara trjáa. Landið hefur ekki breyzt það til batnaðar síðan það varð byggt, að nú sje hægra að planta hjer þær trjátegundir, en náttúrunni var það fyrir þúsundum ára eptir ísaldarlok, þegar það tók að skrýðast skógi og öðrum gróðri.

Hæstv. ráðherra lét þess getið, að fjárlaganefndin hafi verið harðhent á till. stjórnarinnar um fjárframlag til skógræktar.

Jeg sje enga ástæðu til þeirra ummæla, þar sem nefndin hefur mælt fram með 28,000 kr. fjárveitingu til skóggræðslu. Þegar litið er til þess, að Búnaðarfjelagið, er fjallar um allar búnaðarframfarir landsins, ber úr býtum tæpar 100,000 kr., þá má þetta þykja ærið mikil upphæð.

Háttv. sessunautur minn vinstra megin, þm. Snæf. (L. H. B.), hvíslar því að mjer, að enginn »control« sje hafður með fjárveitingunni til Búnaðarfjelagsins, en þar sje öðru máli að gegna um skóggræðslustyrkinn. Þessu verð jeg að mótmæla harðlega, fyrir Búnaðarfjelagsins hönd, þar sem valdir eru fulltrúar úr öllum hjeruðum landsins og menn kosnir til að endurskoða alla reikninga, sem síðan eru lagðir fram fyrir búnaðarþingið. Hitt má apt-

ur á móti með sanni segja, að skóggræðslufjenu sje eytt eptirlitslaust. Það er bara fengið í hendur dönskum mönnum, og þeir látnir fara með það eptir vild. Og má það hastarlegt heita. Enda sýna reikningarnir, er frá þeim hafa komið, sumir hverjir að minnsta kosti, að fjárvörzlurnar hafa verið æði skrítnar. Það er ekki nóg, að þessir menn hafi áhuga á málinu; þeir verða líka að vita fótum sínum forráð, ef á að trúa þeim fyrir slíku.

Jeg skal taka það fram, að sá maður, er hefur allra útlendinga bezt vit á íslenzkum búnaðarmálum, »inspektör« Feilberg, Íslandsvinurinn mikli, hefur nýlega ritað grein, sem getið hefur verið í blöðunum, á móti skoðunum hins tilvonandi skóggræðslustjóra okkar; hann sýnir þar fram á með ljósum rökum, að hollast sje fyrir okkur Íslendinga, að Danir skipti sjer ekkert af okkar atvinnumálum; þeir geti gjarnan styrkt okkar menn til náms erlendis, ef þeir vilja styðja þau mál, en ættu ekki að vasast í verklegum framkvæmdum hjer á landi.

Hann tekur skýrt dæmi, þar sem hann er að bera saman Danmörk og Ísland, og spyr eitthvað á þessa leið: Hvað mundu nú Danir segja, ef ætti að fara að sækja menn suður á Ítalíu til þess að segja fyrir um jarðrækt í Danmörku? En öllum er kunnugt, að ekki er minni munur á Íslandi og Danmörk, en á Danmörk og Ítalíu. Ennþá eru það Danir, er komið hafa Danmörk upp, en ekki útlendingar.

Hæstv. ráðherra tók það fram, að þeir herrar Ryder og Prytz hafi talið það sjálfsagt, að skipa hjer skóggræðsluvörð, ef framkvæmdir í þessu máli ættu að fara vel úr hendi.

Jeg álít að vísu nauðsynlegt, að sá maður knnni til skóggræðslu. En þess tel jeg enga þörf, að seilast til Danmerkur eptir sprenglærðum skógfræðingi og stofna handa honum hálaunað embætti, er jafnast á við þau, er hæst launuð eru í Danmörku. Við eigum hjer á landi hyggna menn og skynsama, er hafa þegar fengið verklega æfingu í þessu efni. Bezt þætti mjer til fallið, að leggja skógræktarmálin undir yfirstjórn Búnaðarfjelagsins, og að formaður þess væri umsjónarmaður þeirra eins og annara búnaðarmála landsins. Um þau væri það betur sett en um ýms önnur mál, sem það hefur með að gjöra að því leyti, sem það hefði þar æfðum mönnum á að skipa til starfa.

Hæstv. ráðh. gat þess til, að lækkunin væri ekki gjörð af sannfæringu, heldur hefði einhver augnabliks kvíði verið aðalundirrót hennar. Hvað mig snertir, — og jeg tel víst, að það sje eins með aðra — er ekki að ræða um neinn augnabliks kvíða. Jeg hef hugsað málið, bæði nú á þingi og milli þinga. Við höfum byrjað á öfuga endanum, farið of geyst af stað. Það er betra að byrja hægara og fara hægara, og þegar jeg legg þetta til, þá er það ekki af því, að við viljum hepta framfarirnar, heldur af því, að við álítum, að fulllangt sje farið. Það er nauðsynlegt, að leggja rækt við skóga þá, sem þegar hafa keyptir verið, en hugsa minna um hinar aðrar stöðvar. Þingvallareiturinn er ekki svo blómlegur, að hann hvetji til að halda í sömu áttina. Punturinn vex þar vel, því hann á þar friðland, en skógviðirnir eru þar víðast ósýnilegir. Svo að jeg víki að loforðinu á »Botnía«, lýsi jeg því yfir, að jeg minnist þess alls ekki. Mig rekur reyndar minni til þess, að Ryder hjeldi ræðu um skógræktarmálið, hve landið væri í raun-inni gott; og þegar hann lypti kampavínsglasinu, upp á það, að landið yrði skógi vaxið, þá var sjálfsagt að klappa

fyrir því og það var líka gjört. En að lofa því, að stofna embætti á þingi náði ekki nokkurri átt, og jeg hef ekkert um það heyrt fyr en nú. Jeg hef meira að segja aldrei heyrt yfirskógarvarðarembætti með 5,000 kr. launum nefnt fyr en í vor. Flestir þingmenn hafa sagt það sama. Flestir voru auðvitað þreyttir eptir Danmerkurförina, svo að minnið hefur ef til vill ekki verið í sem bezta lagi. En hvað sem því líður, þvertek jeg fyrir mitt leyti, að jeg hafi nokkru sinni það loforð gefið, sem hjer er um að ræða. Þetta er svo þveröfugt við alla skoðun mína á þessu máli, að jeg gat ekki og get sjálfsagt aldrei gefið það. Hæstv. ráðh. segir, að þetta hafi verið samþ. með lófaklappi, en ef það á að vera sama og samþykki, að klappa fyrir ræðu, þá er mikið sagt. Það var ekki nema almenn kurteisi við Ryder, sem alltaf var með okkur í förinni og bezti vinur okkar allra, að klappa fyrir ræðum hans, sem allar voru fluttar af bezta hug í vorn garð.

Jeg vona, að hæstv. ráðh. verði með fjárlaganefndinni í að halda fram þessari till. og taki höndum saman við okkur og aðra góða menn um að taka málið í okkar hönd, hvað sem Danskurinn segir. Jeg held bezt, að málinu væri alveg náð úr þeirra höndum. Það er svo mikill áhugi í landinu sjálfu og forgöngumenn málsins hafa verið svo heppnir, að ná fylgi stjórnarinnar, og svo duglegir, að ná í fje og fylgi á þingi, að málinu er, að þessu leyti til, alveg borgið. Það er komið á svo fastan fót, að ef skynsamlega er að farið, má gjöra mikið, og það þótt ekki sje stofnað neitt yfirskógarvarðarembætti með 5,000 kr. launum. Skal jeg svo enda mál mitt með þeirri einlægu ósk, að vjer Íslendingar tökum málið algjörlega í vorar eigin hendur, og reynum að gjöra þær ráðstafanir einar, sem viturlegar eru og við vort hæfi.

Þórhallur Bjarnarson (þgm. Borgf.): Háttv. 2. þgm. Skgf. (St. St.) hefur rækilega lýst afstöðu fjárlaganefndarinnar í þessu máli, svo að það er óþarfi að orðlengja frekar um það; en það er ekki síður ástæða fyrir mig en aðra til að tala nokkur orð út af þessu aftali eða loforði eða hvað sem nú á að kalla það, sem svo mikið hefur verið rætt um nú þessa síðustu daga. Jeg hef ekki neitt ákveðið minni um þetta atvik á »Botniu« og vil því ekki leggja neinn dóm á það, en jeg skoða málið svo, að sú tillaga, sem þingið samþykkti 1903 um 3,000 kr. til umsjónarmanns yfir skóggræðslunni og sömuleiðis var samþ. 1905, sje bindandi og ætti að komast í framkvæmd; en þegar jeg nú um nýjár fjekk að vita hjá landritara, að það væri á seyði að stofna yfirskógarvarðarembætti með 5,000 króna launum, þá skrifaði jeg forsprökkum skógarmálsins í Danmörku, að þetta gengi ekki; 5,000 króna embætti væri okkur ofvaxið og mundi ekki fá fylgi á þingi. En hitt, sem háttv. 2. þgm. Skgf. tók fram í samræmi við það, sem hann hjelt fram á þingi 1905, að menn úti í Danmörku ættu ekki að vera að vasast í búnaðarmálum hjer, það get jeg ekki algjörlega skrifað undir. Jeg sje ekki, og sá ekki heldur 1905 neitt á móti því, að danskir menn, búsettir hjer, gefi okkur leiðbeiningar í skógrækt, alveg á sama hátt og norskur maður veitir símanum forstöðu; því að þegar þeir eru búsettir hjer, þá eru þeir orðnir Íslendingar. Þetta er um þá hlið að segja og þetta nær ekki lengra en það, sem lá fyrir þingi 1905, og jeg hygg, að ekki þurfi að ræða frekar um það. En það er annað, sem er athugavert, og það er það, að meðan málinu er

haldið uppi og merkið borið fram af útlendingum, þótt góðir sjeu, þá verður það ekki þjóðarmál. Þjóðin skoðar það sem stjórnarmál og skilur ekki það, sem gjöra þarf. Það þarf allsherjarfjelag með stórkostlegri »agitation« fyrir skógræktinni, og vekur það mjer stórar vonir, að ungmennafjelögin hafa tekið skógarmálið á sína dagskrá, og þar getum við gömlu mennirnir líka verið með; það hygg jeg sje vegurinn, en ekki sú braut, sem málið nú er komið á. Í samræmi við þetta álit mitt mætti vel setja yfirskógarvörð og ætla honum 3,000 króna laun, eins og gjört var 1905, sem jeg álít nægja, þó að það væri konunglegt embætti, sem jeg nú ekki man hvort gjört var ráð fyrir 1905. Og mjer er ánægja að bera um það, að Koefod Hansen hefur einmitt það álit, að framtíð skógræktarinnar hjer eigi að byggjast á birkirækt. Í ritgjörð, sem hann ætlaði mjer að þýða, gjörir hann skynsamlega grein fyrir þessu, og þegar hún kemur út, munu háttv. þgm sjá, að skoðanir Koefods Hansens eru glettilega líkar skoðunum þeim, sem háttv. 2. þgm. Skgf. hefur haldið fram. Aðalatriðið sje friðun og girðing á líklegu svæðunum, og þá muni almenningur eptir 20—30 ár sjá stórkostlegan árangur; það er vegurinn, sem á að halda. Aptur gjörir hann minna úr græðireitunum í ritgjörðinni, og þó enn minna, þegar maður talar við hann. Hann bendir einnig á, að þessa leið megi fara án stórkostlegra fjárframlaga. Hvor leiðin, sem er farin, og hvort sem útlendingar eða innlendir menn veita málinu forstöðu, þá er og verður þetta íslenzkt mál, en þjóðarmál verður það ekki fyr en öll »agitatiónin« og kraptur inn er í landinu sjálfu.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg á eina breyt.till. á þgskj. 223 með háttv. samþingismanni mínum (Ól. Ól.) um, að veittar verði fyrra árið 12,000 kr. til hafnar á Stokkseyri, og er gjört ráð fyrir, að það sje endanleg veiting. Skal jeg stuttlega skýra frá sögu þessa máls. Á þinginu 1901 var sþ. 16,000 kr. styrkveiting til að bæta innsiglingu og skipalægi á Stokkseyri, og sætti það litlum eða engum mótmælum. Auk þess veittu sýslusjóðir Árnes- og Rangárvallasýslu 8,000 kr. styrk til fyrirtækisins. Það eru þannig 24,000 kr., sem varið hefur verið til þessa verks. Er það mikið fje, og leiðinlegt, þegar landssjóður hefur veitt fje, að hætta í miðju kafi við verkið. Eptir skýrslum, sem þó ekki eru fullnægjandi, vantar enn allmikið á, að skipalægið geti talizt í fullgildu standi, en það er talið víst, að það megi bæta það svo, að vel megi við una. Það hefur komið styrkbeiðni til þingsins frá allmörgum Stokkseyringum, undirskrifuð þar að auki af sýslumanni Árnessýslu og nokkrum bændum í Rangárvallasýslu. Í umsókn þessari er að vísu ekki skýrt frá, hvernig framkvæmdir hafi verið á því verki, sem búið er að vinna, eins og æskilegast hefði verið, en með því að enginn sjerstakur verkfræðingur mun hafa haft umsjón þess, er ekki að vænta, að slík skýrsla liggi nú fyrir þinginu. Hinsvegar fylgir umsókninni vottorð frá norskum skipstjóra, sem í 10 ár hefur siglt á höfnina 2var—3var á ári. Hann segir, að höfnin hafi batnað við sprengingarnar, innsiglingin hafi verið dýpkuð um 5 fet, og sje það nægilegt fyrir flest skip, svo að nú þurfi ekki að afferma þau eða ljetta á þeim fyrir utan. Það, sem ávantar, er að sprengja klett eða sker, sem varnar því að skip geti snúizt í hring, sem þarf að vera, en nú geta þau ekki snúizt (»svæjað eða »svinglað« sem kallað er) nema til hálfs. Hann telur það nauðsynlegt,

að þetta sker sje sprengt. Frekari upplýsingar hef jeg ekki, og ef til vill þykir háttv. deild þær ekki fullnægjandi. Samt hygg jeg, að óhætt sje að veita þetta fje með einhverju skilyrði, sem bæta má inn í við 3. umr., t. d. um það, að verkið sje framkvæmt undir stjórn sjerfróðs manns. En jeg vildi vekja athygli deildarinnar á, að mönnum eystra er áhugamál, að verkinu sje ekki hætt, svo að fje það, sem veitt hefur verið, komi að fullum notum. En ef hjeraðið ætti að gjöra það sjálft, er hætt við, að það verði að bíða alllengi, enda er því það öldungis ofvaxið með öðrum kvöðum, er að kalla. Landssjóður verður því að hlaupa undir bagga, og er það ekki nema rjett, úr því að fje hefur áður verið til þessa fyrirtækis. Jeg álít einnig, að þá er byrjað er að veita fje til einhvers fyrirtækis, þá tjái alls ekki að hætta í miðju kafi, áður en verkinu er lokið, heldur veita svo nægilegt fje, að verkið komi að fullum notum. Annars má kalla, að fjenu sje að mestu leyti á glæ kastað.

Hæstv. ráðh. hefur haldið því fram, að þm. hafi á »Botnia«, gefið bindandi loforð um að stofna þetta yfirskógarvarðarembætti, sem svo mikið hefur verið rætt um. Jeg man vel, að Ryder hjelt ræðu, sem klappað var fyrir, en jeg man ekki eptir neinu loforði um ákveðna fjárveiting til skógræktar og sizt stofnun skógarvarðarembættis með 5,000 kr. launum. Jeg man ekki eptir því, og jeg hygg, að þeir muni vera fáir, sem þykjast muna það; álít jeg það alls ekki rjett af nokkrum einstökum þm., að gefa slík loforð utan þings, að minnsta kosti er jeg ekki vanur að gjöra það. Um skógræktunarmálið er jeg að flestu leyti samdóma háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.). Það þarf að miða við, hvernig hjer hagar til. Íslendingar geta farið til Danmerkur og kynnzt skógrækt þar og verða þá færari en Danir til að vinna fyrir því máli hjer á landi. Mjer virðist því hreinn og beinn óþarfi að seilast eptir dönskum manni í þetta embætti. Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) mun hafa lýst rjett áhuga Dana á skógræktarmálinu og vafalaust var för okkar til Jótlands um heiðarnar þar, að nokkru leyti »agitatións« ferð fyrir íslenzka skógrækt, eins og heyra mátti á ræðu Prytz prófessors í Stendalsgaard um skógræktarmálið íslenzka; var það góð ræða og vel hugsuð, og þótti það sjerstaklega smellið, er hann sneri við orðtakinu: »Med Lov skal man Land bygge«, en setti »Skov« í staðinn fyrir Lov. Það er og enginn efi á, að þeim Prytz og Ryder er þetta mál mikið áhugamál, en þrátt fyrir það megum vjer ekki láta þá góðu menn leiða oss í gönur. Það er auðvitað gott að hafa styrk Dana í þessu máli, en það ríður meira á, að vjer sjálfir vitum, hvað vjer erum að gjöra, og högum framkvæmdum máls þessa eptir náttúru og staðháttum landsins, sem er svo mjög ólíkt því, sem er í Danmörku. Jeg efast ekki um, að styrkur sá, er fjárlaganefndin stingur upp á, sje nægilegur fyrst um sinn og mikið megi með honum gjöra, og greiði jeg því ekki atkv. með stjórnarfrumv., heldur með breyt.till. fjárlaganefndarinnar.

Ráðherrann: Jeg skal ekki vera langorður. Það er ekki ástæða til að tala meira um skógræktarumtalið á »Botnia«; og skal jeg ekki deila við háttv 2. þm. Skgf. (St. St.) um afstöðu hans þar.; en mig furðar á, hvað háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) er minnislítill núna, svo minnisgóður sem hann annars er. Mjer liggur við að halda, að það sje eitthvað til í þeirri skýringu, sem háttv. 2. þm. Skgf. gaf á hluttöku sinni

og annara í lófaklappinu fyrir tillögunni, um að menn kæmu sjer saman um, að styðja að stofnun skógræktarstjóraembættis. En ekki er það »þreytunni eptir Danmerkurdvölina« að kenna, að háttv. þm. muna ekki eptir launaupphæðinni. Hún var alls ekki nefnd, og er því ekki von, að þeir kannist við neitt klapp fyrir henni.

Mjer þykir það hálfskrítið, að háttv. 2. þm. Skgf. og Borgf. (St. St. og Þ. B.) skuli koma með það sem *mótbáru* á móti tillögum stjórnarinnar í skógræktarmálinu, að forganga málsins þurfi að verða innlend. Það er einmitt það, sem stjórnin er að fara fram á, og reyna að koma í kring. Hingað til hefur þingið bundið fjárveitingar sínar til skógræktar við nöfn þeirra kapt. Ryders og prófessors Prytz, sem að fyrra bragði sóttu um fjeð, til þess að koma þessu á fót. Þeir hafa því eptir beinum ákvæðum fjárlaganna haft alla framkvæmd hjer að lútandi starfs á hendi, og stýrt öllum aðgjörðum. En nú er farið fram á, að breyta gagngjört þessu fyrirkomulagi, ljetta af þeim þessum störfum, og fela þau hjer búsettum, íslenzkum manni, sem undir umsjón stjórnarráðsins á að gangast fyrir málinu sem fullkomlega innlendu þjóðmáli, og verja til þess öllum kröptum sínum. Tillaga þeirra kapt. Ryders og próf. Prytz um, að þeim sje fyrst um sinn falin umsjá með skógræktinni ásamt yfirskógarverðinum var hafnað af stjórnarráðinu, og við fjárveitinguna í fjárlögunum er þeirra nafns nú hvergi getið, og yfir höfuð er ekkert í tillögum stjórnarinnar, sem gefi hina minnstu átyllu til getsaka um, að meiningin sje að halda áfram útlendum afskiptum af stjórn þessara mála. Annars er engin ástæða fyrir háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) að gjöra þessum mönnum getsakir, um að þeir hafi kastað á glæ því fje, sem þeir hafa haft úr landssjóði til skógræðslu hjer á landi. Það er rangt hjá honum, að þeir hafi eytt fjenu eptirlitslaust. Þeir hafa í ítarlegum skýrslum til stjórnarráðsins sýnt nákvæmlega, hversu fje þessu hefur verið varið, og sjest glöggt af þeim, að það er algjörlega ómaklegt og órjettmætt, að bera þeim á brýn illa eða óskynsamlega meðferð þessa fjár. Þvert á móti hefur því verið varið eins haganlega eins og kostur var á, og allt sitt mikla starf hafa þeir gjört algjörlega endurgjaldslaust.

En hitt, að árangurinn af starfi þeirra er ekki enn þá orðinn meiri eða bersýnilegri en orðið er, er ekkert undarlegt og mega menn ekki kippa sjer upp við það. Það tekur lengri tíma en svo að rækta upp skóga. Hingað til hefur ekki getað verið um annað en tilraunir að ræða, og þarf mjög miklar enn, áður en ákveðnar aðferðir eða vegi er hægt að velja. Í öðrum löndum, sem eru miklu heitari og frjórri, en okkar land, eru trje lengi að vaxa af fræi eða smáum plöntum, og það má búast við, að miklu lengri tíma þurfi hjer, þangað til plönturnar komast svo langt á leið, að árlegar framfarir fara að sjást verulega. Það er því ekki rjettmætt að ætlast til svo mikils árangurs hjer enn þá sem komið er, að trje sjáist gnæfa við himin (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.: Það hefur engum dottið í hug). Háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) sagði hiklaust, að árangurinn væri minni en við mætti búast, og væri það klaufalegum aðförum að kenna. En sú staðhæfing hans held jeg sje alveg ástæðulaus. Það þarf langan tíma þangað til nýir skógar geta farið að verða að nokkrum notum hjer á landi, og það þarf ósjerplægni og þol til að bíða í því trausti, að eptirkomendurnir fái að njóta hagn-

aðarins. Menn þurfa að líta dálítið fram yfir augnabliksins hagsmuni, og muna, að hjer er verið að vinna verk, sem ávöxt á að bera síðar og verða til gagns og gleði fyrir þá, sem þetta land eiga að byggja á ókomnum tímum.

Jeg vona það fastlega, að það verði ofan á, að meiri rækt verði lögð við þetta mál en hingað til hefur verið gjört, og jeg þykist þess fullviss, að það sje að eins tímaspursmál.

Það er að vísu leitt, ef þetta mál er tafið, en um framtíð þess efast jeg ekki.

Stefán Stefánsson (2. þgm. Skgf.): Það er mín skoðun — eins og jeg tók fram áðan — að það sje svo langt frá, að það sje til að tefja fyrir þessu máli, að fara hægt í byrjuninni, að það einmitt sje til hins mótsetta og gjöri mikið gagn. Því vegna þess, að ekki er hægt að búast við nema litlum árangri fyrst, þá er rjett að verja ekki mjög miklu fje til þess í byrjuninni; fyrir mikið fje væntir fólkið mikils árangurs, en þegar það bregzt verða menn óánægðir og missa trúna á þessum tilraunum, því er bezt að vera smátækur fyrst í stað, því svo er ætíð hægt að færa sig upp á skaptið eptir því, sem reynslan sýnir að haganlegast er.

Út af ræðu hæstv. ráðh. skal jeg geta þess, að jeg hef aldrei haldið því fram, að tilætlazt væri, að fje þetta gengi beinlínis í hendur Dana eða annara útlendinga. Jeg segi beinlínis, að svo miklu leyti sem maður sá, sem fje þetta fær verður íslenzkur embættismaður, en að því leyti, sem maðurinn er danskur, fer fjeð í danskar hendur og af því stafar okkur ógagn. Mál þetta verður aldrei eins hjartfólgið þjóðinni, meðan málið er í höndum útlends manns, þó hann eigi að heita íslenzkur embættismaður. Þessi maður byggir auðvitað sínar aðferðir á því, sem tíðkast í Danmörku, en það hentar oss ekki. Það væri miklu nær að styðja einhvern efnilegan íslenzkan mann til þess að kynna sjer skógræktina í Danmörku, því þegar hann kæmi frá prófborðinu, hefði hann það fram yfir danska manninn, að hann þekkir Ísland betur og ann því meir, en mögulegt er að ætlast til að nokkur útlenzkur maður gjöri. Auk þess er ómögulegt fyrir útlendinga að tileinka sjer eins kostgæfilega nákvæma þekkingu á annars lands þörfum, eins og mann, sem er fæddur og uppalinn í landinu sjálfu. Einmitt *þess vegna* er heppilegra að mál þetta sje í höndum íslenzks manns, og þá fyrst er von um, að alþýða manna hætti að líta þetta mál hornauga og skilji það og láti sjer annt um það.

Það er auðvitað rjett hjá hæstv. ráðh., að það er ekki hægt að vænta svo mikils árangurs í flughasti, að maður geti farið að sitja í skugga trjánna að fáum árum liðnum; það hefur mjer aldrei komið til hugar, en við því gæti jeg búizt, að einhver lítill hluti af ungviði því, sem gróðursett hefur verið, lifði, ef kunnugur maður hefði með það farið, því aldrei hefði Íslendingur látið sjer detta í hug að fara eins að í því, og gjört hefur verið. En nú hefur einmitt svo farið, að flest útlenda ungviðið hefur dáið, og hve vongóðir og trúaðir, sem vjer erum, getum vjer þó aldrei vænzt þess, að hvorki vjer nje börn vor eða barna börn sitji nokkurn tíma í skugga þeirra trjáa.

Jeg hef aldrei sagt, að árangurinn af þessu starfi væri minni, en jeg bjóst við; jeg hef sjeð þann árangur, sem jeg bjóst við, nefnilega þann, að aðferðin, sem hingað til hefur verið brúkuð, er ómöguleg. Það eru enginn

albogaskot til Dananna, því þeir geta ekki gjört að því, þó þeir hafi ekki þekkingu á að haga þessu verki eins og bezt hentar. Þeir hafa haft bezta vilja og mesta áhuga á þessu máli, en skort það, sem mest var um vert: þekkingu á eðli lands vors og öllum staðháttum. Þess vegna hafa tilraunir þeirra og störf mislukkazt.

Ráðherrann: Mjer finnst það skiljanlegt, að háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) á móti skipun yfirskógarvarðar og embættisstofnun í því skyni, að danskur maður kynni að verða skipaður í embættið. Jeg hjelt það kæmi málinu ekkert við, þó maðurinn væri danskrar ættar, ef hann gjörist íslenzkur borgari og rekur starf sitt sem íslenzkur embættismaður. Að láta slíkan smásmuglegan þjóðarkrydd ráða atkvæði sínu, það finnst mjer æði ungæðislegt og hefði mjer aldrei dottið í hug að heyra slíkt í alvöru fram borið, Háttv. þm. veit heldur ekkert um það, hvort maðurinn yrði danskur eða ekki, því það verður þó svo bezt danskur maður, að einhver til þess hæfur, danskur maður sæki um embættið, og þó einhver danskur maður sækti, þá er ekki ómögulegt, að einhver annar gæti sótt líka, sem tekinn yrði fram yfir, þegar til veitingar kæmi.

Sami háttv. þm. hjelt því fram, að það heillavænlegasta til að flýta fyrir þessu máli væri, að fara sem hægast, gjöra sem minnst. Jeg er á algjörlega mótsettri skoðun, jeg álít að það liggi í augum uppi, að því meir og fyrr, sem að þessu er starfað, því meiri og fljótari árangur sjáist af starfinu. Það þarf að byrja þannig. að frá upphafi sje stefnt að ákveðnu takmarki með alvarlegri eptirleit eptir því hagfeldasta og vænlegasta, en ekki með neinu káki. Hjer sem annarsstaðar þarf að læra af reynslunni og því duga ekki menn, sem eru fæddir með einhverja vissa ófrávíkjanlega skoðun á málinu fyrirfram og hana kannske skakka. Menn mega reiða sig á það, að hjer á Íslandi ræður hið sama lögmál, sem ræður allstaðar annarsstaðar, nefnilega það, að reynslan verði að vera lærimeistari. Og hversu mikill grasafræðingur sem háttv. þgm. Skgf. (St. St.), kann að vera, þá verð jeg samt að álíta, að það sje kunnáttu hans ofvaxið að gjöra út um það fyrir fram, að óreyndu, hvað mögulegt muni vera í framtíðinni í þessu efni, og eru slíkar kenningar hættulegar fyrir þetta mál.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Út af hinni síðari ræðu hæstv. ráðh., skal jeg leyfa mjer að benda á eitt atriði, sem fjárlaganefndin að vísu hefur tekið fram, en sem ekki hefur komið til umr., en það er framlagið til búnaðarskóla; þó að ekki sje náið samband á milli þeirrar fjárveitingar og þessarar, sem hjer er rætt um, til skóggræðslunnar, þá er nógu fróðlegt að bera þær saman, af því að þær standa hver hjá annari. Til búnaðarskólanna eru ætlaðar 20,000 kr. á fjárhagstímabilinu, en tæp 40,000 kr. til skóggræðslunnar, eða sem næst helmingi meira. Stjórnin hefur lagt búnaðarskólunum af skornum skammti, svo fjárlaganefndin hefur ekki sjeð sjer annað fært, en hækka það til muna. Það mun öllum koma saman um, að þetta mál, um framtíðarhorfur búnaðarskólanna í höndum stjórnarinnar, sje mikilsvert og merkilegt, en þó er eins og enginn skipti sjer af þeim hjer á þinginu. Og satt að segja finnst mjer ómögulegt að ætlast til, að búnaðarskólarnir taki þrifnaði með þeim fjárframlögum, sem þeim eru ætluð í

fjárlagafrumv. stjórnarinnar í þetta skipti.

Hjer hefur mikið verið rætt um skógamál landsins, og þó einkum um það, hvernig ætti að rækta nýja skóga, en jeg vil leyfa mjer að spyrjast fyrir um þá skóga, sem við eigum. Hvað á að gjöra við þá? Og það er þó ekki alllítið, sem enn er eptir af skógaleifum á landi voru. Við sáum það nýlega í austurförinni; jeg skal minna t. d. á Laugardalinn. Í Borgarfirði eru sumstaðar miklar skógarleifar; jeg hygg þar muni vera tveggja mílna svæði óslitið á einum stað, þegar farið er ofan í Norðurárdalinn og ofan allan Borgarhreppinn. Fyrir norðan eru víða skógar enn, t. d. í Ásbyrgi og þar um slóðir beggja megin Jökulsár. Hjer eru margir smáskógar ótaldir, og jeg ætla ekki að minnast á þá stærstu, sem allir þekkja.

En hvað á þá að gjöru í þessu máli? Á síðustu 30 árum hafa skógaleifarnar okkar komið fram og fríkkað svo mikið, að það er rjettmætt að segja, að skógar hafi vaxið hjer á þeim tíma. Jeg skal ekki um segja, hvað skógar hafa verið stórir hjer í fornöld, en hitt er víst, að sumir af þeim nýju eru eigi alllitlir. Að þessum vexti liggja tvær orsakir. Skógarnir fóru að rjetta við, þegar skozku ljáirnir fóru að breiðast út, og þegar hætt var við að beita fje í skóga. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að nú eru skógar að koma upp á ýmsum stöðum, þar sem ekkert sást til þeirra fyrir 30 árum. Jeg hef víða sjeð móta fyrir nýjum skógum í mínu hjeraði og á leiðinni austur um daginn sáum við hvernig nýgræðingurinn klæddi heilar fjallshlíðar. Þetta verðum við að vernda. En jeg verð að segja, að þó stofnað sje embætti og í það settur útlendur maður með 5,000 kr. auk ferðakostnaðar og *fæðispeninga* — sem mjer er ekki kunnugt að fyr hafi komið til mála hjer á landi — þá hef jeg ekki trú á því, að sá hálærði maður sje vel fallinn til að beitast fyrir þetta þjóðlega mál. Hitt hygg jeg heppilegra, að koma því inn hjá alþýðu manna, að hver og einn gjöri það, sem hann getur, bæði beinlínis og óbeinlínis, til þess að vernda hina nýju skóga og halda því við, sem náttúran og drottins hönd hefur grætt og gróðursett í skauti fósturjarðarinnar.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Mjer þykir illt, hve hæstv. ráðh. hefur lítið traust á mjer sem grasafræðing og treystir lítið þekkingu minni í þeirri grein. En hitt þótti mjer vænt um, að heyra háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) taka alveg í sama strenginn og jeg gjörði. Hann gat um reyndan og lærðan danskan skógfræðing og hafði upp eptir honum alveg sömu skoðanirnar og jeg held fram. Jeg get því verið upp með mjer af því, að vera fæddur eins mikill skógfræðingur, og þessi danski maður er með öllum sínum lærdómi!

Klukkan 8 var umr. lokið og gengið til atkv. um umræddar greinar, og fór atkv.gr. fram, sem hjer segir.

ATKV.GR. um 16.—21. gr. fjárlaga fyrir árin 1908—1909.

16. gr.

1. Við 1. tl. brt. fjln. sþ. án atkv.gr.
2. — — a — — — með 16 atkv.
3. — — b — — — — 18 —
4. — 2. tl. — — — án atkv.gr.
5. — — a — — — með 19 atkv.
6. — — b — — — — — —
7. — 2. tl. — — — — 18 —
8. 286 — — — — við brt. á þskj. 196 sþ. með 15 atkv.

9. Við 2. tl. brt. á þskj. 196 með áorðinni breyt. sþ. með 17 atkv.
10. Við 3. tl. brt. fjln. sþ. með 13 atkv. gegn 12 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Guðm. Björnsson,	Herm. Jónasson,
Hannes Þorsteinss,	Magn. Andriesson,
Jóhannes Ólafsson,	Magn. Kristjánss.,
Jón Jónsson,	Ólafur Briem,
L. H. Bjarnason,	Ólafur Thorlacius,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Thóroddsen,
Pjetur Jónsson,	St. Stefánsson, Eyf.,
St. Stefánsson, Skgf.,	Þórh. Bjarnarson.
Tr. Gunnarsson.	

11. Við 4. tl. brt. fjln. sþ. með 17 atkv. gegn 5.
12. Við 5. tl. brt. fjln, sþ. með 18 atkv.
13. — 6. — — — — — 21 —
14. Við 7. — — — — — 18 —
15. — 18. - — — a— — — —
16. — — - — — b— — 20 —
17. — — — — — c— — 23 —
18. — — — viðauktill.— — 16 —
19. — — — —— á þskj. 229 tekin aptur.
20. Við 20. tl., c brt. fjln. sþ. með 17 atkv. gegn 8 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Björnsson,
Einar Þórðarson,	Jóhannes Ólafsson,
Guðl. Guðmundss.,	L. H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Magn. Andrjesson,
Hannes Þorsteinss,	Magn. Kristjánss,
Herm. Jónasson,	St. Stefánsson, Eyf.,
Jón Jónsson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánsson, Skgf.,	
Tr. Gunnarsson.	
Þórh. Bjarnason.	

21. Við 21. tl. viðaukatill. á þskj. 223 felld með 13 atkv. gegn 3.
22. Við 25. tl. viðaukatill. fjln. 1. sþ. með 16 atkv.
23. Við 26. tl. viðaukatilt. fjln. 2. sþ. með 15 atkv.
16. gr. með áorðn. breyt. sþ.i e. hlj.
17. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.

18. gr.

1. Breyt.till. fjln. tekin aptur.
2. —— — sþ. með 16 atkv.
3. —— á þskj. 206 sþ. með 19 atkv. gegn 6 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónass.,
Einar Þórðarson,	Jón Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Hannes Hafstein,	Þórh. Bjarnarson.
Hannes Þorsteinss.,	
Jóhannes Ólafss.,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánsson, Skgf.	

Guðl. Guðmundsson og Pjetur Jónsson greiddu eigi atkv. og töldust því til meiri hlutans.

4. brt. á þskj. 225 sþ. með 20 atkv.
5. — fjln. sþ. með 14 atkv.
18. gr. með áorðn. breyt. sþ. i e. hlj.
19. — óbreytt sþ. í e. hlj,
20. — — — - - —

21. gr.

1. brt. fjln. (sjá þskj. 186) sþ. með 18 atkv.
2. brt. á þskj. 256 sþ. með 16 atkv.
3. — - — 198 — — 15 —
4. — fjl.n sþ. með 19 atkv.

21. gr. með áorðnum breytingum sþ. í e. hlj.

Að frumv. gangi til 3. umr., sþ.í e. hlj.

Á 32. fundi Nd., föstudaginn 23. ágúst, kom fjárlagafrumv. til 3. umr. (A 305, 306, 307, 310, 312, 326, 327, 328, 329, 330, 331, 332, 333, 334, 335, 336, 337, 338, 339, 340, 241, 342, 344, 345, 346, 347, 349, 360, 361, 362, 363, 364, 365, 366, 367, 368, 370, 371, 372, 374, 375).

Framsögumaður (Jón Jónsson, þgm. Sfkj.): Það er ekki ætlun mín, að vinna það verk, sem er óvinnandi, að ganga í gegn um allar breyt.till., hverja fyrir sig; til þess þyrfti að minnsta kosti glögga atkvæðaskrá, því að breyt.-till. eru eins margar og við 2. umr.; en jeg vil fyrst benda á, hvernig fjárlagafrumv. yrði útlits, ef þær yrðu samþykktar allar saman. Útgjaldahækkunin er, samkvæmt tillögum hv. þingdm. utan fjárlaganefndar, allt að 200,000 kr. Sjálfsagt er að draga frá þessari útgjaldahækkun það, sem ætlazt er til að útgjöldin verði lækkuð, en það er rúm 30,000 kr. Tekjuhallinn, sem nú er 344,000 kr., hækkar því um 168,000, eða verður 510,000 kr. Mjer sýnist rjett, að benda á þetta, áður en farið verður lengra út í þetta mál, og mjer þykir ástæða til fyrir hönd fjárlaganefndarinnar, að lýsa yfir því, frammi fyrir háttv. deild, frammi fyrir þingi og stjórn og frammi fyrir allri hinni íslenzku þjóð, að ef deildin skilar frumv. af sjer með þessum eða þvílíkum tekjuhalla, þá á fjárlaganefndin ekki sök á því. Þvert á móti, væri henni fylgt, yrðu fjárlögin sómasamlega útlítandi. Fjárlaganefndin þvær hjer með hendur sýnar og kastar ábyrgðinni yfir á deildina. (Jeg vil mælast til, að háttv. þgm. Snæf. hætti að glepja mig, með því að gjöra innskotssetningar í hálfum hljóðum, hann getur fengið tækifæri til að tala seinna). (*L. H, Bjarnason:* Vona jeg.).

Þá skal jeg snúa mjer að breyt.till. nefndarinnar og reyna að færa rök fyrir þeim. Stærsta breytingin er sú, að breyta tekjuáætluninni. Nú hefur þingið samþykkt lög um framlenging tollaukans, og lög, sem hækka útflutningsgjald af síld, og hafa hvorttveggja þessara laga fengið konunglega staðfestingu, svo að sjálfsagt er, að taka þá hækkun, sem af þeim leiðir, nú þegar inn í áætlunina. Þetta hefur nefndin líka gjört.

Um einstakar upphæðir ætla jeg ekki mikið að tala, það er óþarfi; helzt er ástæða til þess með 1. breyt.-till., við útflutningsgjaldið, af því að sá liður er í eðli sínu óviss, og sú hækkun kann að mæta nokkrum mótmælum. En viðvíkjandi útflutningsgjaldi af síld tek jeg það fram, að ef síldaraflinn í ár verður álíka og í fyrra, þá er hækkunin ekki 1/3 á móts við það, sem hún ætti að vera. Tekjuhækkunin á þeim eina lið mætti þá vera yfir 60,000 kr., en við höfum sett hann að eins 20,000. Reglan hefur verið sú, að nefndin hefur hækkað um sem næst 30% tekjuhliðina, en þó fylgt þeirri reglu, að vera allt af nokkuð fyrir neðan það, eins og sjá má, ef breyt.till. eru bornar saman við frumv.

Þá koma útgjöldin. Það er þá fyrst að geta þess, að fjárlaganefndinni hefur borizt frá hæstv. ráðherra tilboð

frá póstmeistaranum um, að selja póstboxin. Fjárlaganefndin leggur til, að taka þessu boði. Kostnaðurinn er ekki mikill, en tekjurnar af þeim eru miklar, þegar tekið er tillit til upphæðarinnar, sem þau kosta.

Næsta till. nefndarinnar er sú, að fjárupphæð sú til þjóðvega í Vesturamtinu, sem komst inn á fjárlögin við 2. umræðu, sje lækkuð um 2,000 kr. Eins og menn muna, var nefndin á móti þeirri fjárveiting, og eins á móti fjárveiting til vega í Skaptafellssýslu. Það stendur líkt á á báðum þessum stöðum, að fje hefur áður verið veitt til þessara vega, en notað á öðrum stöðum. Í Snæfellsnessýslu var því fje, sem þannig var tekið frá veginum, varið til að brúa á sunnanfjalls á Stykkishólms-Borgarness-veginum, og nam það fje 4—5,000 kr., og er það einmitt sú upphæð, sem nefndin vill að veitt sje, en ekki meira. Það verður þá, eins og í Austur-Skaptafellssýslu, beinlínis endurveiting, og nefndin heldur því fast fram, eins og við 2. umr.. að ekki sje rjett, að veita meira. Vegafjeð er þegar mikið, og það er ekki sjáanlegt, að meiru verði komið í verk; til þess vantar mannafla.

8. breyt.till. fjárlaganefndarinnar er við 13. gr. D II 1, um, að sá liður falli burt. Þar var farið fram á, að verja 94,600 kr. síðara árið til þess að leggja tvöfaldan koparþráð mill Borðeyrar og Ísafjarðar, til að fullkomna sambandið milli þessara staða. Það er talið, að komast megi af án þessa; ritsímasambandið verði gott, og telefónsambandið þannig, að hægt verði að tala frá Borðeyri til Ísafjarðar. En nefndin hefur tvær aðrar ástæður til þessa; önnur er sú, að fjárlaganefndin álítur sjer skylt, að koma með tillögur, sem stuðla að því, að fjárlagafrumv. geti litið nokkurn veginn sæmilega út frá deildarinnar hönd, sem á að bera ábyrgð á fjárveitingunum. Hin ástæðan er, að þessi koparsími er stiginn svo í verði, að hin áætlaða upphæð nægir ekki. Þegar frumv. var samið og áætlun gjörð. var koparinn þegar orðinn alldýr, eða um kr. 1,60 »pr. kíló«, en síðan hefur verðið hækkað svo mjög, að nú mundi þurfa að bæta 20,000 kr. við áætlunina, eptir því verði, sem nú er. Það er því einsætt, að láta sitja við hið ófullkomnara samband fyrst um sinn, og bíða þess, að koparinn lækki og nálgist venjulegt verð.

Næstu br.till.. 9. og 10., fara fram á, að allverulegir útgjaldapóstar, 13. gr. D II 3. og 8., falli burt. Þeir voru raunar samþykktir við 2. umr., en fjárl.n. álítur rjett, að fresta símalagningunni frá Borðeyri til Búðardals og síma til Vestmannaeyja, og láta þá ekki koma til framkvæmda á þessu fjárhagstímabili.

Næsta breyt.till. fjárlagan. er við 14. gr. B, VII, k: í stað 5,000—5,000 komi 5,000—6,500 kr. Jeg gat þess við 2. umr., að nauðsynlegt væri að bæta við þann lið, því að heyrnar- og málleysingjaskólinn er ekki í viðunanlegu standi. Nú hefur fjárlaganefndin fengið þær upplýsingar, að ekki sje hægt að gjöra neinar breytingar á skólanum á þessu ári, þess vegna er engin hækkun fyrra árið. En það vakti fyrir nefndinni, og hún lítur svo á, að ekki sje heppilegt, að hafa skólann lengur á þeim stað, sem hann verið hefur hingað til. Ýmsar ástæður mæla með því, að hafa svona skóla þar, sem meira fjölmenni er, og hægt væri að koma nemendunum fyrir, til þess að læra einhverja iðn, sem gæti veitt þeim lífsuppeldi síðar. Það væri vafalaust hentugra að flytja skólann til Reykja-

víkur; ef til vill gæti Eyrarbakki komið til mála. En nefndin vildi ekki ákveða neitt um þetta, heldur ætlar hún stjórninni að sjá um það, þegar þar að kemur. Jeg skal ekki segja, hvort upphæðin nægir, en nefndin hugsaði sjer, að leigt yrði húsnæði fyrir skólann og þá mundi þetta fje nægja. Nemendunum mætti koma fyrir á góðum stöðum út í bæ, og er í upphæðinni fólgið meðlag þeirra, og laun kennara. Þessar till. eru gjörðar með samráði þeirra, sem vel eru kunnugir, og væntir nefndin góðra undirtekta hjá háttv. deild.

Þá hefur nefndin lagt til, samkvæmt till. stjórnarinnar, að varið sje til veðursímskeyta innanlands 2,400 kr. Það er tilætlunin, að á hverjum degi verði slegið upp skýrslu um veðurfar á nokkrum stöðvum á landinu. Kostnaðinn á að greiða úr landsjóði, en sá kostnaður er í rann og veru sára lítill, því þær tekjur, sem ritsíminn hefur af þessu, koma aptur landssjóðnum að góðu, svo eiginlega er þetta að mestu leyti að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. Aðalútgjöldin verða þau, að smíða þarf skápa fyrir veðurfrjettirnar, á þeim stöðvum, þar sem þeim er slegið upp. — Störfin eru ætluð starfsmönnunum við símann, án aukaborgunar. En formsins vegna þótti rjettast, að veita þessa upphæð á fjárlögunum.

Nefndin leggur til, að 20. gr. verði, að því, er snertir orðalag og tölur, atkvæðagreiðslunni samkvæm; þetta hefði þegar átt að breytast við 2. umr.; en hefur farizt fyrir. Fjárlögin gjöra ekki ráð fyrir tekjuhalla, heldur tekjuafgangi, ef till. nefndarinnar verður fylgt. Greinin verður að orðast á eptir, þegar hinar eru samþykktar.

Þá vildi jeg lítið eitt minnast á brt. hæstv. ráðh. Nefndin hefur nú reyndar ekki haft þær til yfirvegunar, en önnur breyt.till. t. d. er í samræmi við það, sem jeg tók fram í framsöguræðu við 2. umr. Um 3. breyt.till. er víst enginn ágreiningur. 4. breyt.till. veit jeg ekki hvernig nefndin lítur á, en jeg er henni samþykkur fyrir mitt leyti, og sömuleiðis þeirri 5. Mjer er vel kunnugt um, að sú upphæð, sem ætluð er til þess, að kaupa talsímakerfin á Akureyri og Seyðisfirði er of lág. 6. breyt.till. er í fullu samræmi við það, sem fjármálanefndin hefur gengið út frá sem sjálfsögðu, þó það ekki hafi verið tekið fram. 7. breyt.till. er í samræmi við það, sem jeg sagði við 2. umr., að Fáskrúðsfirðingar ættu ekki að verða ver úti en aðrar sveitir landsins. Jeg átti eptir að geta um eina breyt.till. frá nefndinni, sem kom nú í fundarbyrjun, að lækka fjárveitinguna til þess að kaupa húsið í kirkjugarðinum um 500 kr. Það var víst háttv. þgm. Vestm. (J. M.), sem benti á það við 2. umr. að sú upphæð mundi nægja. Svo vil jeg geta þess, að það er vond prentvilla í brt. fjárlaganefndar, þar sem 330,000 tvisvar er fært út með 600,000 í stað 660,000. Auk þess skal jeg vekja athygli á því, að í fjárlagafrumvarpinu er reikningsvilla, svo að tekjuhallinn er í raun og veru 1,200 kr. meiri en í frumv. stendur. Jeg vil benda háttv. deildarmönnum á hann, svo þeir geti sannfærzt sjálfir — það er á bls. 22 í aptasta dálki; þar er skakkt talið saman. Eins og jeg sagði fyrst, vil jeg ekki tala um breyt.till. þingmanna, fyr en flutningsmenn þeirra hafa gjört grein fyrir þeim. Jeg bendi aðeins á brt. háttv. þgm. Snæf. (L. H. B.) og h. þgm. S.-Þing. (P. J.), að hækka lántöku landssjóðs upp í 700,000 kr.; því er nefndin mótfallin vegna þess að hún álítur, að 500.000 kr. geti dugað.

Jeg var búinn að segja það, að nefndin fjellist á ekkert aukið fje til vegagjörða; sama er að segja um þessa breyt.till. sem hjer liggur fyrir frá háttv. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.) — þá stærstu — að nema burtu tillag sveitanna til ritsímanna; það er alveg gagnstætt þeirri stefnu, sem stjórnin hefur tekið, og nefndin fallizt á. Það mundi líka kosta landssjóðinn á annað hundrað þúsund kr. Nefndin er líka mótfallin auknum fjárframlögum til ritsíma yfirleitt.

Háttv. þgm. Húnv. (H. J.) hefur farið fram á, að tillagið til kvennaskólans á Blönduósi sje hækkað. Fjárlaganefndin vill ekki styðja þá till. Jeg vildi um leið minnast á þennan skóla; það er ýmislegt, sem þarf að gjöra við hann. Hann er víst alls ekki forsvaranlegur eptir nútímans kröfum. Og jeg tel það varhugavert að veita fje úr landssjóði til stofnunar, sem hefur svo mikla annmarka. Það er eitt svefnherbergi í skólanum fyrir 28 stúlkur, og þar á ofan sofa tvær í hverju rúmi. Á þessu verður að ráða bót, og sjálfsagt fleiru; neyzluvatn er lítið, en mundi með tiltölulega litlum kostnaði mega fá það gott og mikið. Jeg hygg, að sá skóli hafi frekar verið settur upp með kappi og dugnaði en með tilsvarandi gætni eða fyrirhyggju. Háttv. þgm. Vestm. (J. M.), leggur til, að laun landsskjalavarðarins sjeu hækkuð, og vill nefndin styðja þá till.

Eins og jeg sagði eru ekki svo fáar breyt.till., sem nefndin ekki hefur getað ráðgast um, mjög stórar. Það er leitt, að svo verulegar breyt.till. skuli koma svo seint, að fjárlaganefndin ekki skuli geta lýst afstöðu sinni gagnvart þeim. Mjer sýnist það bera vott um virðingarleysi fyrir þeirri nefnd, sem þingd. hefur kosið til þess að íhuga sjerstaklega fjármál landsins. Nefndin á heimtingu á því að geta áttað sig á öllum hinum stærri tillögum þgm.

Jeg hef nú, að jeg held, bent á allar þær till., sem nefndin vill styðja. Um aðrar breyt.till. er það að segja, að nefndin annaðhvort hefur enga afstöðu gagnvart þeim, eða hún er þeim mótfallin.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg verð að biðja háttv. deild að afsaka það, þótt jeg verði að fara nokkuð fleiri orðum um frv., en eiginlega heyrir til við 3. umr. máls; jeg vona, að ekki verði tekið mjög strangt á þessu, þar sem jeg, eins og háttv. deild er kunnugt, átti ekki kost á að taka þátt í 2. umr.

Eptir þennan formála vík jeg svo að nokkrum atriðum í frv. sjálfu, sem jeg ekki hef gjört breyt.till. við. Fyrst vil jeg minnast á 11. gr. A. 4: viðhald fangelsanna. Til þess eru ætlaðar síðara árið 300 kr. en fyrra árið nokkuð meira eða 1,900 kr., og er sú upphæð að mestu ætluð til aðgjörðar á fangahúsinu á Ísafirði. Jeg þykist vita, að háttv. deild muni minnast þess, að fyrir þinginu 1905 lá skýrsla um, að fangahúsið á Akureyri væri orðið töluvert skemmt og þyrfti viðgjörð. Jeg hef ekki látið gjöra áætlun um, hvað kosta muni að gjöra við það, og hef því ekki farið fram á ákveðna styrkveitingu í þessu skyni; kemur þetta með fram til af því, að stjórninni var veitt heimild til að selja fangahúsið, ef viðunanlegt boð fengist í það, og ef tækist að selja það, væri ekki ástæða til að kosta áður upp á viðgjörð þess, því að hætt er við að ekki yrði hægt að taka hæfilegt tillit til viðgjörðarkostnaðarins við söluna. En ef það selst ekki í bráð, eins og líklegast er, þá er nauðsynlegt að verja nokkru fje til viðgjörðar þess, og þurfa líklega til þess einar 4—500 kr.; jeg hef minnst á mál þetta við landritara,

og taldi hann, að stjórnin mundi álíta sjer heimilt að verja fje til nauðsynlegrar viðgjörðar, án þess sjerstaka fjárveiting þyrfti til þess. En nú vil jeg skjóta því undir hæstv. ráðherra, fyrst og fremst, hvort hann telji eigi heimilt að selja fangahúsið samkv. heimildinni í gildandi fjárlögum, ef sæmilegt boð fæst, og ef slíkt boð fæst ekki, hvort þá sje ekki heimilt að láta gjöra við það á landssjóðs kostnað. Æskilegt væri og að fá að heyra, hvernig háttv. fjárlaganefnd lítur á þetta mál.

Þá skal jeg minnast á 13. gr. D. II. 11, þar sem gjört er ráð fyrir, að til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, og til stofnunar nýrra stöðva o. fl. sje varið fyrra árið 10,000 kr. og síðara árið 7,500 kr. Eins og fjárlögin eru nú úr garði gjörð, þá eru þessar upphæðir sýnilega of lágar. Stjórnin mun hafa miðað þær við frumv., eins og það var, þegar það fór frá henni; en undir meðferð þingsins á frumv. hefur verið bætt við mörgum nýjum símalínum, og í sambandi við þær má og búast við nýjum símastöðum; þetta hlýtur að hafa aukinn stofnkostnað í för með sjer, og verður háttv. deild að taka tillit til þess. Jeg hef ekki sjeð sundurliðað, hvernig eða hvar fje þessu skuli varið, en á það vil jeg minna, að það er einn kafli, sem nauðsyn er að rannsaka á næsta fjárhagstímabili, og það er línan frá Garðsauka að Vík í Mýrdal.

Á síðasta þingi var gjört ráð fyrir, að sími yrði lagður alla leið austur að Vík um leið og síminn væri lagður hjer austur, og mætti það ekki mótspyrnu þá. Það var víst meira að segja frams.m. minni hlutans í ritsímanefndinni (Sk. Th.), sem flutti tillögu um það 1905. En nú er orðið annað uppi á teningnum; það er ekki gjört ráð fyrir, að austurlínan nái lengra en að Garðsauka að sinni. Jeg fer nú ekki fram á annað að svo stöddu, en að símaleiðin sje rannsökuð á næsta fjárhagstímabili. Það hafa ekki komið fram beiðnir frá hjeraðsbúum um síma nú, nje tilboð um að leggja fram fje til símalagningar þangað austur; en jeg veit, að jeg fer að vilja þeirra, er jeg mælist til þess, að símaleiðin sje rannsökuð, og leyfi jeg mjer að fara þess á leit við háttv. fjárlaganefnd, að hún láti þess getið, að sá sje vilji hennar.

Þá er loks þriðja atriðið, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á, þótt jeg hafi eigi komið með breyt.till. um það; það er fjárveitingin og lánið til bryggju og skipakvíar á Akureyri. Jeg skal geta þess, að undirbúningur undir verk þetta, uppdráttur og áætlun er fullgjört að öllu leyti. Sá hluti skipakvíarinnar, sem nú er verið að byggja, gjöri jeg ráð fyrir að verði fullgjör í næsta mánuði; það er hafskipabryggja og út frá enda hennar armur, 150 álna langur, og er hann einn hluti garðs þess, sem skipakvína myndar; gjört er ráð fyrir að þetta verk muni kosta tæpar 100,000 kr. Eptir lauslegri áætlun gjörir Krabbe verkfræðingur svo ráð fyrir, að hitt, sem eptir er, muni kosta um 40,000 kr., þannig að verkið alt muni kosta um 140—150,000 kr. Jeg er þakklátur stjórn og þingi fyrir stuðning þessa máls, sem er svo afarþýðingarmikið ekki einungis fyrir Akureyri, heldur og fyrir allt Norðurland. Vjer litum svo á, að Akureyrarhöfnin sje ekki endurbætt fyrir Akureyri eina, heldur jafnframt fyrir alla þá, sem hana nota á einhvern hátt, og þeir eru miklu fleiri en Akureyrarbúar. Þótt sjálf styrkveitingin sje ekki meiri, en sem svarar $^1/_{10}$ af því, sem gjört er ráð fyrir að bryggjan og skipakvíin muni kosta, þá hefur hún þó orðið hvöt til þess að ráðizt hefur verið í þetta verk, hið mesta

stórvirki hjer á landi, þegar litið er á stærð bæjarfjelagsins, sem leysir það af hendi. Jeg skal taka það fram, að jeg mundi fúslega greiða atkvæði með tilsvarandi styrk, ef líkt stæði á, hvort heldur handa Reykjavík, eða öðrum bæ hjer á landi. — Þá sný jeg mjer að breyt.till. mínum við fjárlögin; má um þær allar segja nema eina, að jeg flyt þær ekki sem þingmaður kjördæmis míns; jeg flyt þær fyrir aðra en mitt kjördæmi; en jeg legg líka *sjerstaka áherzlu* á þessa *einu* breyt.-till. Það er fyrri breyt.till. á þgskj. 330; mun jeg hverfa að henni síðar. Fyrsta breyt.till. er á þgskj. 326 um það, að hækka eptirlaun Sigurðar fangavarðar Jónssonar um 100 kr. eða úr 700 kr. upp í 800 kr. á ári. Í ástæðum stjórnarinnar í fjárlagafrumv. er það tekið fram, að eptir gildandi eptirlaunalögum ættu eptirlaun þessa manns að vera 666 kr. 67 au., ef hann hefði haft eptirlaunarjett, þegar miðað er við starfstíma hans sem fangavörður, 34 ár, og hin föstu laun hans 1,000 kr.; en sje tekin með 200 kr. launaviðbót sú, sem hann hefur notið síðustu árin, þá ættu eptirlaunin að verða 800 kr. Nú hefur stjórnarráðinu þótt rjettast að fara bil beggja, og lagt til, að eptirlaunin væru ákveðin 700 kr. á ári. Hjer er auðvitað ekki um neinn lagarjett að ræða, að því er eptirlaunin eða upphæð þeirra snertir, heldur einungis sanngirnisrjett. Þegar um embættismenn með eptirlaunarjetti er að ræða, þá mun það vera föst venja að telja með við útreikning upphæðarinnar persónulega launaviðbót þeirra.

Maður þessi hefur nú gegnt fangavarðarstarfinu í 34 ár, og er það staða, sem er allt annað en þægileg; meðal annars fylgir ráðsmanns-stöðunni við hegningarbúsið allmikil peningaábyrgð, og það veltur ekki á litlu fyrir landssjóð, að í henni sje sparsamur maður og hygginn.

Nú veit jeg, að það muni öllum knnnugt, sem nokknð þekkja til þessa máls, að Sigurður hefur ekki einungis gegnt fangavarðarstarfi sínu með mestu samvizkusemi, heldur líka með þeirri sparsemi og hagsýni, sem fágæt er og að orðtæki höfð hjer í bæ.

Hann hefur jafnan átt við fremur þröngan kost að búa, en, þrátt fyrir hin lágu laun sín, hefur hann þó sómasamlega komið upp fjölda barna, einum 10—12, og hefur hin fágæta hagsjón hans komið þar fram, sama hagsýnin, sem hann hefur sýnt, þegar hann hefur átt að fara með landsins fje.

Eins og skiljanlegt er af því, sem hjer hefur verið bent á, er maðurinn fremur efnalítill, en á hins vegar allt gott skilið, og er þess verður, að honum sje sýnd viðurkenning fyrir langa og dygga þjónustu.

Það sýnist því ekki nema rjettmætt, þótt þessum 100 kr. sje bætt við eptirlaun hans, sem farið er fram á í breyt.till. Það er lítið fje fyrir landssjóð fram að leggja, en stór fje fyrir hann, og jeg vona, að honum verði veitt það, þar sem það er ósk hans sjálfs, og öll sanngirni mælir með því, að hún sje tekin til greina.

Þá kem jeg að breyt.till. á þgskj. 127. Þessi breyt.till. er nokkuð stærri í vöfunum, og má vera, að hún valdi meiri ágreiningi en hin.

Breyt.till. þessi fer fram á endurgjald til jafnaðarsjóðs Norðuramtsins fyrir búið á Hólum, samkvæmt matsgjörð, að upphæð 10,899 kr. Fyrir háttv. fjárlaganefnd og hæstv. stjórn hafa legið greinilegar upplýsingar um málið. Mig furðar sannast að segja,

að ekki skyldi koma fram við 2. umr. breyt.till. í sömu átt, sem breyt.till. mín, annaðhvort frá háttv. fjárlaganefnd, frá stjórninni eða þá frá einstökum þingmönnum.

Út af búi þessu reis upp ágreiningur milli amtsráðsins í Norðuramtinu og stjórnarráðsins. Amtsráðið leit svo á, að skólanum fyigdi og afhenda ætti að eins skólahúsið, jörðina og kennsluáhöldin, það er að segja, það sem nauðsynlegt væri til þess, að skólinn yrði rekinn, og amtsráðið áleit, að eptir því fyrirkomulagi, sem hefur verið á skólanum síðan 1901, þá hefði búið alls ekki síðan 1901 staðið í neinu sambandi við skólann sem slíkan. — Eins og háttv. deild er kunnugt, var Hólaskóla árið 1901 breytt þannig, að úr verklegum og bóklegum búnaðarskóla var hann gjörður að eingöngu bóklegum skóla. Jeg get vísað í skólaskýrslur frá þeim árum; þar er þetta skýrt tekið fram. Frá þeim tíma stóð búið ekki í neinu sambandi við skólann.

Þetta, að búið er fráskilið skólastofnuninni, sjest glöggt á því, að með samningi, dagsettum 29. júní 1901, var búið selt á leigu ábúandanum á Hólum. Sá leigusamningur inniheldur meðal annars það, að leiguliðanum skuli heimilt, að kaupa búið allt, eða nokkuð af því strax eða smátt og smátt. — Það má telja það slys, að hvorki þessi ábúandi nje hinn næsti sá sjer fært, að kaupa búið, því að þá hefði það horfið úr öllu eignarsambandi við skólann, og andvirði þess gengið til þess, að ljetta byrðar jafnaðarsjóðs Norðuramtsins, og þá hefði þessi ágreiningur ekki risið út af búinu um það, hvers eign það væri. Samningurinn við leiguliðann sýnir það, að þótt sami væri eigandinn að skólanum og búinu, þá var, ef jeg má svo að orði komast, eigi um »realunion« milli þessa tvenns að ræða, heldur að eins »persónalunion«, og hún var uppsegjanleg, eins og sagt var, að farið hefði verið fram á um aðra »union« eigi alls fyrir löngu.

Um þetta skrifaði jeg stjórnarráðinu í janúar 1906, og gjörði þá grein fyrir því, hvernig málið stæði af sjer, jafnframt því, sem jeg bar fram tillögu um, hvernig afhendingu skólans skyldi hagað.

Jeg bjóst þá ekki við neinum ágreiningi af því, að mjer virtist málið liggja svo ljóst fyrir. Af því að ekki átti að afhenda landsstjórninni Hvanneyrarskóla fyr en í fardögum 1907, þá fjekk jeg ekki beint svar upp á tillögur mínar 1906, en að eins tilkynningu um, að stjórnarráðið gjörði ekki ráð fyrir, að afhending Hólaskóla færi heldur fram fyr en í fardögum 1907.

Á fundi amtsráðsins 1906 tók það greinilega fram skoðun sína á málinu, eins og sjá má af fundargjörð þess í Stj.tíð. 1906. — Snemma í marz 1907 tilkynnti jeg á ný með símskeyti stjórnarráðinu þá ályktun amtsráðsins, að það teldi ekki búið standa í neinu sambandi við skólann, og vildi því ekki afhenda það landsstjórninni með honum endurgjaldslaust. En stjórnarráðið svaraði þessu þannig, að eptir 8. gr. bændaskólalaganna áliti það, að búið ætti að afhendast eudurgjaldslaust ásamt skólanum.

Síðan bar amtsráðið sig saman um málið, og komst meiri hluti þess að þeirri niðurstöðu, að afhenda skyldi jörðina Hóla, skólahús og kennsluáhöld fyrirvaralaust, en búið með fyrirvara og eptir mati óvilhallra manna; skyldi málinu skotið undir þingið til álita. Með þessum ummælum var svo

búið afhent 14. júní 1907, og hef jeg hjer fyrir mjer matsgiörð þá, sem fór fram, og kvittun stjórnarráðsins fyrir búinu með skilyrði amtsráðsins. Stjórnarráðið lýsti því yfir, að það gengi að því, að ef ekki fengist endurgjald fyrir búið hjá fjárveitingarvaldinu, þá hefði amtsráðið rjett á, að heimta sjer skólann afhentan aptur með öllum eignum og skuldum, ef amtsráðið eða meiri hluti sýslunefnda í amtinu krefðist þess fyrir fardaga 1908. Málið var áður borið undir allar sýslunefndir, og eptir undirtektum þeirra að dæma, er jeg ekki í minnsta vafa um, að ef sýslunefndirnar fá ekki vilja sinn, en þing og stjórn ætla að taka af þeim þessa eign svo gott sem með valdi, þá mun meiri hluti þeirra heimta hiklaust, að skólinn verði sjer afhentur, svo að þær geti komið eignum hans í peninga, og þá fyrst losað skuldir þær, sem á amtinu hvíla skólans vegna, en skipt upp afganginum. Jeg er ekki í vafa um, að það muni verða hærri upphæð afgangs skuldum, en sem matsverðinu á búinu nemur, 10,889 kr. Jeg þykist þekkja landa mína yfirleitt svo, að þeir vilji reyna að verja rjett sinn, ef á hann á að ganga, og jeg þykist kenna skap Norðlendinga svo, að þeir ekki fremur en aðrir láti þing eða stjórn hneppa sig þannig í bóndabeygju, og eigi væni jeg sýslunefndir í Norðuramtinu þess bleyðiskapar, að þær þori ekki að halda fram því, sem þær telja, og að mínu áliti er, skýlausan rjett sinn. Auðvitað mundi þá þessi »bændaskóli« hverfa. — Það yrði á þingsins ábyrgð. — Jeg hef fyrir mjer afhendingargjörð skólabúsins, undirskrifaða fyrir hönd amtsráðsins af umboðsmanni Ólafi Briem, og fyrir hönd stjórnarinnar af landritara Klemens Jónssyni; er þar tekið fram skilyrði það, sem jeg nefndi áðan, að amtsráðið hefði sett fyrir afhendingunni. Jafnframt liggur og fyrir samningur milli stjórnarráðsins og ábúanda, þar sem hann lofar að greiða fyrir búið 10,889 kr.

Með breyt.till. minni er því ekki farið fram á nein bein útgjöld fyrir landssjóð, heldur að eins, að andvirði búsins á Hólum sje látið ganga í rjettan vasa, en eigi rangan. Um fjárhag skólans, þegar stjórnarráðið tók við honum, er það að segja, að eigur hans *aðrar en búið*, sem hann *ekki* á, voru virtar á 38,881 kr. 80 a.; en skuldir þær, sem á amtinu hvíla vegna skólastofnunarinnar — aðrar skuldir hvíla ekki á því —, eru 18,301 kr. 42 a. Þannig fær þá landssjóður við afhendingu skólans 20.580 kr. 38 a. um fram skuldir, eða með öðrum orðum, það er sama sem amtið gefi landssjóði jörðina Hóla í Hjaltadal, sem er metin á 20,000 kr. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkur ástæða sje að krefjast meira gefins í landssjóðinn, af þessum landshluta, en þessara 20,000 kr., sem jörðin er metin

Svo framarlega sem ábúandinn á Hólum hefði getað keypt búið, þá hefði það, eins og jeg tók fram, horfið úr sögunni sem eign amtsins, og þessi upphæð, 10—11,000 kr. gengið í jafnaðarsjóð, og þá hefði ekki þurft að jafna eins miklu niður á sýslurnar þau árin, 1901—1906; það eru því þær, sem með hækkuðum jafnaðarsjóðsgjöldum hafa haldið búinu saman. Búið var stórskuldugt 1901 og var leyst úr skuldunum með jafnaðarsjóðsgjöldunum. Það gjald, sem sýslurnar hafa lagt sem styrk til skólans — ekki búsins — á árunum 1901—1906 — auk þess, sem rentur búsins hafa gengið til skólans — nemur nokkuð yfir 20,000

kr. að minnsta kosti. Það er með öðrum orðum tvöföld upphæð á við það, sem hjer er farið fram á.

Þingið hlýtur því að sjá það, að hjer er ekki verið að fara fram á nein útgjöld fyrir landssjóð, heldur aðeins að hann seilist ekki til fjár, sem hann á ekki, niður í annara vasa. Og einkum má ekki gjöra þetta óhyggilega bragð vegna þess, að það getur orðið til þess, að landssjóður missi meira, missi það fje, sem honum stendur nú til boða frá amtsráðinu. Jeg vona því, að þingið breyti ekki svo ranglátlega og óhyggilega, að aðhyllast ekki þessa br.till.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að svo stöddu, en ef til vill verður ástæða til þess, að koma að því seinna.

Þá vildi jeg minnast á breyt.till. mína á 13. gr. þgskj. 330, og þá fyrst á 2. lið, viðvíkjandi bæjartalsímakerfunum á Akureyri og Seyðisfirði.

Það var farið fram á það við stjórnina, þegar aðallínan var lögð, að fá þá um leið sett á stofn fyrir reikning landssjóðs bæjartalsímakerfi á Akureyri. Bæjarstjórnin fjekk það svar, að það væri eigi unnt, með því að eigi væri fje fyrir hendi, og var það rjett, en um leið var það gefið í skyn, að leyfi mundi fást til handa bæjarstjórninni til þess, að stofna og starfrækja þetta kerfi. Bæjarstjórnin rjeðst þá í það að taka lán til þessara framkvæmda, með fram af þeirri ástæðu, að ef þetta hefði dregizt, þá hefði kostnaðurinn sjálfsagt orðið þriðjungi meiri; með því, að sæta tækifærinu þá þegar og hafa verkfræðinga og verkafólk, sem þá var að koma til Akureyrar um haustið og hafði áður verið að starfa að landsímanum, varð verkið ódýrara og um leið var þetta hagur fyrir landssjóð. Með því að veita þessum mönnum atvinnu, var landssjóður um leið losaður við að borga þeim dagpeninga, sem þeir annars hefðu átt heimtingu á, meðan þeir biðu fars til útlanda frá Akureyri. Á þennan veg tókst að gjöra talsímakerfið á skemmri tíma en ella og fyrir minna fje, án þess þó, að talinn sje sá óbeini sparnaður, sem landssjóður hafði af því, að fólkið fjekk atvinnu. Það sýndi sig strax í reyndinni, að bæjarstjórnin hafði farið hjer rjett og hagsýnilega að. Hún getur nú sýnt bæjarbúum það hagræði, að hafa notendagjaldið lágt, í samanburði við það hve kerfið er vandað, og það án þess að bæjarsjóður biði nokkurn halla af. Meira að segja eru líkindi til þess, að hann hafi dálítinn hag af því, þótt gjaldið sje svona lágt, og það jafnvel þótt ekki fáist endurnýjaður óbreyttur sá samningur, sem nú er gjörður við landsímastöðina.

Nú á að verðlauna þessa framtakssemi og hagsýni bæjarfjelagsins með því að taka af því nauðugu þetta kerfi, sem landið treysti sjer ekki til að byggja, og sem hefði orðið miklu dýrara, ef bygging þess hefði verið látin bíða. Og það er ekki nóg. Þar á ofan er gefið í skyn, að hækkuð skulu gjöldin á notendum. Það gefi að vísu 10—12% ágóða með hinu núverandi gjaldi, en þó sje rjettast að *hækka taxtann* um $^1/_7$ eða $^1/_6$ hluta. Þetta yfirgengur minn skilning, og jeg veit, að það muni vekja megna óánægju, ef þingið gjörir sig sekt í slíku gjörræði, þvert ofan í þá meginreglu, sem allstaðar ætti að gilda, að fjelögin fengju að stjórna sjer og sínum málum sem mest sjálf. Þegar fyrirtækið er betur framkvæmt og hagsýnilegar fyrirkomið, en landsstjórnin hefði getað gjört, og þar af leiðir, að það borg-

ar sig svo vel, að stjórninni finnst endilega, að hún megi til á eptir að krækja í það þvert ofan í vilja stofnendanna, þá er það að bæta gráu ofan á svart, að kúga þar á ofan þá menn, sem hafa komið þessu í verk, til þess að borga enn þá hærra gjald en áður og það alveg að ástæðu- og þarflausu. Það er tilraun til að flá bæjarfjelagið, og jeg vona, að þingið láti ekki leiða sig inn á þá braut.

Það mun vera forstjóri landsímanna, sem stendur á bak við till. stjórnarinnar í þessu. Hann hefur víðar viljað fara feti oflangt í slíkum málum, að mínu áliti, og skal jeg í rauninni ekki lasta hann fyrir það. Hann vill skara eld að köku landssjóðsins. En ráða vildi jeg stjórninni til þess, að taka ekki aðrar eins tillögur og þessar góðar og gildar, þótt þær komi frá honum, því að mjer er kunnugt um það, að slíkt vekur megna óánægju í öllu falli á Akureyri. Afleiðingin verður sú, að bæjarfjelögin taka til einhverra örþrifaráða, til þess að firra sig slíkri kúgun. Á Seyðisfirði munu þegar komin á samtök um það, að segja lausum öllum talsímasamböndum, ef á að taka af þeim kerfið á þennan hátt, og heyrt hef jeg, að á Akureyri sje eitthvað sviplíkt í undirbúningi. Jeg veit ekki hvað úr þessu kann nú að verða, en jeg vil alvarlega ráða háttv. þm. til þess, að taka fullt tillit til hjeraðanna í þessu efni. Svo mikið er víst, að afnot og þá gagnsemi símanna verður minni, ef slík kúgun er í frammi höfð, því að þótt allir segi sig ekki úr sambandinu, þá munu þó margir gjöra það, ef þeir verða þess varir, að þeim er ætlað að skríða undir þau valdboð þingsins, sem eru gagnstæð allri stefnu löggjafar vorrar í sveitarstjórnarmálum. Það hefur komið fram breyt.till. á þgskj. 368 við þessa breyt.till. mína, og er þar farið fram á það, að Ísafjarðarkerfið sje líka fellt burtu. Jeg vildi ekki flytja hana inn á þingið, af því að mjer er ekki fullkunnugt um það, hvernig Ísfirðingar líta á málið, en hitt veit jeg, að Seyðfirðingar líta sömu augum á það og Akureyrarbúar, ef ekki hvassari. Jeg gjöri nú samt ráð fyrir því, að jeg muni greiða atkv. með þessari breyt.till., því að símastjórinn hefur lýst yfir því, að hann kæri sig ekki um Ísafjarðarkerfið, ef hin fást ekki. En í öllu falli vildi jeg, að mín breyt.till. næði samþykki deildarinnar. Mjer finndist nær að verja þessum 27,000 kr. til einhvers annars, sem meiri þörf er á, verja þeim þar, sem óskað er eptir fjárveitingum til verklegra fyrirtækja, sem hjeruðin hafa ekki bolmagn til að koma á fót, en sem þó er ráðgjört að framkvæma. Jeg á hjer, meðal annars við 1. liðinn í breyt.till. minni á þgskj. 330. Þar er farið fram á 5,000 kr. fjárveitingu í viðbót, hvort árið, til framhalds á vegagjörð í Vestur-Skaptafellssýslu. Við þá till. er og framkomin brtill. á þgskj. 384 um orðalagið, vegna þess að brtill. á þgskj. 330 er ef til vill eigi svo ljóst orðuð, að ekki megi misskilja hana. Í breyt.till. á þgskj. 384, er farið fram á, að veittar verði þessar 5,000 kr. hvort árið, eða til vara 5,000 síðara árið til vegar frá Hólmsárbrú að Skaptárbrú, til þess að þær brýr, sem gjörðar eru á þessum ám, geti komið að notum. Þetta er sú af breyt.till. minum, sem sjerstaklega snertir mitt kjördæmi, og sem jeg legg því mesta áherzlu á.

Eins og menn muna, var lögð fram á þinginu 1903 ýtarleg skýrsla um vegi um miðbik Skaptafellssýslu. Svo voru á þinginu 1905 veittar 14,000 kr. til þess að gjöra þessar brýr, aðra á Hólmsá, hina á Ásavatni. Nú hefur verkfræð-

ingur landsins skoðað aptur og gjört áætlun um veginn austur eptir frá Hólmsá að Skaptá, og nemur sú áætlun nál. 20,000 kr. Hjer er að eins farið fram á 10,000 kr., til þess að gjöra kaflana næst brúnum sæmilega greiðfæra, og vona jeg, að það hrökkvi til þess. Jeg vona, að öllum skiljist það, að brýrnar verða ekki að verulegum notum, nema þessi vegur sje gjörður. Bæði er mjög erfiður vegur frá Hólmsá yfir Hrísnesheiðina og út frá Ásabrúnni liggja ekki nema tveir götuslóðar á apalhrauni, annar í norður og hinn í suður. Fyrir þessa upphæð mætti gjöra svo við hraunkaflann austur frá Ásavatni, að lestamenn gætu farið skemmstu leið, og væri það til stórra bóta. Jeg vona, að þingið geti samþ. þessa till., sem að eins gengur út á það, að halda áfram verki, sem þegar hefur verið áætlað og byrjað er á. Þetta er sú eina fjárveiting, sem nú er farið fram á handa þessu kjördæmi. Það hefur ekkert gagn af þeim hundruðum þúsunda, sem nú er eytt til símalagninga hingað og þangað um landið. Þessi kafli landsins á þó eins mikinn rjett til fjárstyrks úr sjóði landsins til verklegra framfarafyrirtækja, eins og hver annar, og það er bert ranglæti, ef honum er neitað um hann. Það var skýrt tekið fram á þingi 1905, að þau hjeruð, sem ekki hafa gagn af símanum, ættu að sitja fyrir, hvað snerti vegabótafje. Nú vill háttv. fjárlaganefnd þröngva 29,000 kr. upp á hjerað, sem ekkert vill hafa með það fje að gjöra, til brúargjörðar, sem hjeraðið ekki kærir sig um. Jeg á við Rangárbrúna á Ægisíðufossi. Viturlegra væri, að deildin sparaði þessa upphæð fyrst um sinn, en samþykkti heldur breyt.till. mína, sem auk þess fer fram á mikið lægri upphæð.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta mál að sinni, heldur láta hjer staðar numið, þótt ástæða hefði verið til þess, að segja nokkur orð um fleiri af þeim breyt.till., sem hjer liggja fyrir.

Mjer þætti kynlegt að sjá menn greiða atkvæði með öllum símalagningunum, en neita hinni lítilfjörlegu upphæð, sem jeg hef farið fram á til einnar hinnar nauðsynlegustu vegabótar. Þá væri ranglætið fyrst komið í hásætið.

Ráðherrann: Mjer þótti háttv. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) nokkuð harðorður og stórorður um sumt, t. d. um Hólaskólamálið og bæjarsímakerfin. En það væri auðvitað ekki sjerlega fallegt athæfi af stjórn og þingi, ef það hefði annað eins í frammi, eins og h. þgm. lýsti með svo mikilli andagipt og tilfinning. Mjer datt í hug það, sem kerlingin sagði forðum við prestinn sinn, þegar hún var að þakka honum fyrir ræðuna. »En þolið þjer nú þennan framburð, prestur góður?« *(Ól. Ól.:* Og sei, sei, hann er ekki orðinn alveg vindlaus enn þá!).

Jeg ætla fyrst að svara því, sem hann spurði um, áður en hann komst í algleyminginn, viðvíkjandi fangahúsi og ráðhúsi Akureyrar, hvort stjórnin áliti sig hafa heimild til þess, að selja eign landssjóðs í ráðhúsinu á Akureyri fyrir 2,000 kr. eptir 1. janúar næstkomandi. Jeg hef skilið fjárlögin og fjárl.n. þannig, að heimildin sje bundin við það, að byggt sje ráðhús og fangahús handa Akureyri og ætti að draga þessa upphæð frá þeim 4,000 kr., sem í 10. gr. A. 5. í núgildandi fjárl. eru veittar sem tilag til slíkrar byggingar. Viðvíkjandi hinu, hvort stjórnin vilji veita fje til viðgjörðar á húsinu, skal jeg svara því, að jeg tel sjálfsagt, að landssjóður leggi fram fje að sínum hluta til nauðsynlegra viðgjörða af fje því, sem

veitt er í 10. gr. A. 4., svo að húsið komi að notum sem fangahús, því að fangahúslaus má bærinn ekki vera.

Þá talaði hinn háttv. þgm. um rannsókn á símaleið frá Garðsauka austur að Vík í Mýrdal. Jeg skal taka það fram, að þegar tekin var til upphæðin til rannsókna á símaleiðum, þá var ekki tilætlunin að rannsaka þá leið. En jeg hygg, að upphæðin hafi verið tekin til svo ríflega, að líta megi yfir svo lítinn spotta, auk þess, sem tilætlað var. Enda er upphæðin að eins áætluð, og jeg tel víst, að þingið tæki vægt á, þó að farið kunni að verða eitthvað fram úr áætluninni, til þess að fullnægja sanngjörnum óskum hjeraðanna um nauðsynlegan undirbúning til síðari símalagninga.

Þá skal jeg svara háttv. þgm. fám orðum út af því, sem hann sagði um breyt.till. sína, viðvíkjandi Hólaskólabúinu. Það er vissulega ekki ætlun stjórnarráðsins nje nokkurs annars, að beita amtsráðið rangindum eða hafa fje af sýslunum þar nyrðra. En stjórnarráðið hefur orðið að líta svo á, að lögin um bændaskóla kæmu ekki til framkvæmda, fyr en amtsráð Norðuramtsins hefur afhent landsstjórninni búnaðarskólann á Hólum með öllum gögnum og gæðum, skyldum, eignum og rjettindum, þar á meðal skólabúinu, til fullrar eignar og umráða. Svo var ráð fyrir gjört, bæði af milliþinganefndinni, stjórnarráðinu og síðasta þingi, að búið yrði afhent landinu fyrir ekkert, og að það væri beint skylyrði fyrir því, að stjórnin mætti taka við skólanum fyrir landsins hönd. Þegar amtsráðinu gat ekki komið saman við stjórnarráðið um þetta, en nauðsyn rak eptir, að einhver niðurstaða yrði, til þess að auðið væri að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til skólahalds næsta skólaár, varð það að samkomulagi með stjórnarráðinu og amtsráðinu, að amtsráðið afhenti landssjóði skólann ásamt búinu með þeim skilmála, að ef alþingi vildi ekki sinna kröfu amtsráðsins um sjerstaka borgun fyrir búið, þá ætti amtsráðið rjett á því, að taka við skólanum aptur, og yrði þá landssjóður laus við skólahaldið.

Háttv. þgm. heldur því fram, að um þetta bú sje allt öðru máli að gegna, en um Hvanneyrarbúið, sem orðalaust var afhent landssjóði ásamt skólanum; það væri sjerstök eign amtsráðsins við hliðina á skólanum, en ekki eign skólans. Þetta skildist mjer hann byggja á því, að reikningum skólabúsins hefur verið haldið sjerstökum hin síðari ár. En jeg verð að álíta, að þetta reikningsfyrirkomulag stafi af þeim atvikum, að amtsráðið hefur selt búið sjerstaklega á leigu öðrum manni en skólastjóra. En þetta gjörir engan mun í sjálfu sjer. Skóli amtsins á Hólum og bú amtsins á Hólum er búnaðarskólinn á Hólum. Hefði búið verið selt, skil jeg ekki annað, en andvirðið hefði gengið til þess, að borga eitthvað af þeirri skuld, sem nú hvílir á skólanum og landssjóður tekur nú við, en það er hið sama eins og búið sje afhent með skuldinni. Auk þess, sem landssjóður, eptir bændaskólalögunum, tekur við skuldum skólans, tekur hann við öllum kostnaði af rekstri hans framvegis, og »aktíva« skólans auk búsins, eru vissulega lítill höfuðstóll gagnvart þeim ársgjöldum, sem landssjóður þannig tekur upp á sig. Eptir minu áliti er það því mjög rjettmæt krafa, að búið fylgi með, þegar skólanum er ljett af amtinu. Jeg fyrir mitt leyti skal þó láta það hlutlaust, hvað þingið gjörir í þessu efni til friðar og samkomulags. En aldrei skal jeg trúa því. fyr

en jeg tek á því, að amtsráðið vilji taka upp á sig þá ábyrgð, að leggja skólann niður, eða verða þess valdandi, að bændaskólinn komist ekki á fót, jafnvel þó að þingið liti svo á, að krafan um sjerstakt endurgjald fyrir búið væri með öllu ástæðulaus og óaðgengileg.

Ekki get jeg heldur verið samdóma hinum háttv. þgm. um það, að stjórnin beiti nokkru ofríki eða valdi við bæjarstjórnirnar á Akureyri og Seyðisfirði, þó að hún leggi til, að landssjóður innleysi bæjarsímakerfin. Það var í byrjuninni svo örðugt að fá fje til síma, sem kunnugt er, vegna þess, hve örðugt var að koma mönnum til að trúa, að þeir væru til gagns, að stjórnin sá sjer ekki fært að fara fram á það í fjárlagafrumv. fyrir 1906 og 1907, nje á alþingi 1905, að fje yrði veitt til þess, að koma á fót talsímakerfum á Akureyri og Seyðisfirði, auk þess fjár, sem nauðsynlega þurfti, til þess að koma aðalsímanum yfir landið. En stjórninni var það þegar í upphafi fullljóst, að bæjarsímar í kaupstöðum og ódýrar aukalínur milli þeirra og næstu kauptúna væru langarðvænlegustu talsímakaflarnir, sem von gat verið um beinan arð af þegar frá upphafi. Það virðist liggja í augum uppi, að til þess að landssíminn geti eflzt og þróazt, og bolmagn aukizt til þess, að koma samböndum á einnig þar, sem bersýnilegt er að síminn muni ekki bera sig, er nauðsynlegt, að landið eigi sjálft þá kaflana, sem bersýnilegt er, að muni gefa arð af sjer. Þetta var ein af ástæðunum fyrir því, að landinu var áskilinn einkarjettur til ritsíma og talsíma í lögum frá 20. október 1905, er samþykkt voru á síðasta þingi, og þeim háttv. þgm., sem studdu það frnmv., ætti að vera ljúft að stuðla að því, að þessi tilgangur náist. Það skal þegar tekið fram, að þó að slíkar línur geti gefið landinu allgóðan arð, þá er alls ekki víst, að bæjarfjelögin eða sveitirnar mundu græða á þeim, því að landssjóðurinn, sem hefur starfsmenn og viðgjörðarmenn hvort sem er, stendur allt öðruvísi að vígi.

Þegar landsíminn var lagður, 1906, þá óskuðu bæði Akureyringar og Seyðfirðingar að fá strax innanbæjarsímakerfi á báðum stöðunum jafnsnemma og landsíminn væri fullgjör, og í sambandi við hann. Forberg símastjóri áleit sjálfsagt, að landið legði símana á eiginn kostnað, en það strandaði á því, að engin fjárveiting var til í því skyni. Landstjórnin gjörði sjer þá allt far um, að greiða fyrir því, að bæjarsímakerfin gætu komizt þegar í framkvæmd sem »privat«-fyrirtæki fyrst um sinn. Það var engin velgjörð af bæjanna hálfu að nota þá starfsmenn, sem hjer voru þá í landsins þjónustu, alvana menn og einkar færa, heldur var það miklu fremur í þágu bæjanna, að geta fengið þessa menn til að vinna verkið, notið forsjár ritsímastjórans og annara yfirmanna, og þurfa ekkert að borga af kostnaði við að fá þá hingað. En landstjórnin hefur ekki að eins liðsinnt bæjunum að því, er snertir efni og verk við bygging símakerfanna; hún hefir gjört meira. Hún hefur auk þess keypt »central«-borð handa báðum stöðvunum og tekizt á hendur að annast allt miðstöðvarhald fyrir þá árið 1907 gegn gjaldi fyrir hvern notanda, sem er miklu lægra en það, er þetta mundi kosta ella, og svarar ekki nándar nærri til kostnaðarins, sem við slíkt miðstöðvarhald er í raun og veru.

Þetta, að gjaldið var of lágt, var landsstjórninni full ljóst. En af því að það var öllum í hag, að kerfin kæmust sem fyrst á, var þetta gjört til þess að ljetta undir með fyrirtæk-

inn í byrjuninni; *en* það var skýrt tekið fram þegar í byrjun, að samningar stæðu ekki lengur en til ársloka 1907, og í leyfisskránni er sagt með berum orðum, að svo framarlega, sem leyfið verði framlengt við árslok 1907, þá skuli gjöra *nýja samninga* milli bæjarsímanna og landssjóðs, viðvíkjandi miðstöðvarborðum, starfrækslu o. fl. Öllum var full ljóst, að hjer var að eins um bráðabirgðar ívilnun að ræða, og var gengið út frá því á báða bóga, að landið keypti símana á þessu þingi. Yrði ekki úr því, skyldu þeir, sem kerfin eiga, gjöra nýja samninga við landsstjórnina um starfrækskluna og fá »koncession« til 10 ára frá 1. jan. 1908.

Eptir skýrslu Forbergs ritsímastjóra kom honum og fjelögunum fyllilega saman um það, að heppilegast hefði verið, að landssjóður þegar byggði kerfin og ætti þau; en fyrst þetta nú ekki gat orðið sökum þess að fjárveiting til þess skorti, þá að landsjóðurinn keypti kerfin frá 1. jan. 1908 fyrir bókfært verð. Það er fyrst síðar, eptir að bæjarmenn hafa komizt á þá skoðun, að fyrirtækin gætu orðið arðsöm fyrir bæina, að fram er komin ósk um að fá leyfið framlengt.

Jeg gat þess áðan, að það gjald, sem greitt er landssjóði fyrir hvern notanda, fyrir miðstöðvarborð og miðstöðvarhaldið, væri mjög lágt. Það er 10 kr. fyrir hvern notanda á báðum stöðunum. En verði ekki úr því, að landssjóður kaupi símakerfin, þá verður eitt af tvennu: annaðhvort verður gjald þetta hækkað að miklum mun, eða þá fjelögin verða sjálf að kaupa sjer skiptiborð, fá sjer húsnæði, setja upp miðstöð og kosta starfrækslu hennar og »tekniska« aðstoð, og auk þess greiða í landssjóð gjald fyrir hvern notanda, eins og Reykjavíkurfjelagið á að gjöra frá nýjári. Þetta er engin hótun; þetta er sjálfsagt, og út frá því hefur allt af verið gengið.

Samkvæmt skýrslu frá formanni Reykjavíkurfjelagsins nemur kostnaðurinn þar við húsaleigu, ljós, eldsneyti, stöðvarþjónustu, miðstöðvarborð og »tekniska« aðstoð, ef miðað er við sama kaup talsímameyja eins og landssjóður borgar, 21 kr. 67 aur. fyrir hvern notanda. Auk þess á Reykjavíkurfjelagið að greiða 6 kr. fyrir hvern notanda í landssjóð samkvæmt leyfisskránni. Ef símarnir á Akureyri og Seyðisfirði væru látnir sigla sinn sjó, og ættu fjelögin, sem eiga þá, að sæta sömu kjörum sem talsímafjelagið í Reykjavík, þá yrði kostnaður þeirra kr. 21,67 + kr. 6,00, eða 27 kr. 67 a. fyrir hvern notanda, auk alls viðhalds. En með slíkum tilkostnaði er jeg hræddur um, að ágóðinn yrði lítill fyrir fjelögin.

Nú er mótspyrnan gegn því, að landsjóður kaupi kerfin eins og um var talað og allir voru ásáttir um, er símakerfin voru lögð, sprottin eingöngu af því, að menn halda, að gróði muni verða af símunum fyrir fjelögin. Sje hægt að sýna, að svo muni ekki verða, má því ætla, að mótspyrna þessi hverfi. Jeg vil því athuga þetta atriði nánar.

Frá 1. jan. 1908 verða væntanlega um 90 notendur á Akureyri, og bæjarkerfið kostar þá með stækkuninni í sumar um 18 þus. kr. Ársvextir af þessari upphæð með 5%, sem þó er lágt talið, er 900 kr. á ári. Viðhald má gjöra á Akureyri minnst 300 kr. á ári. Það er samtals 1,200 kr. á ári, og eru þó bæði vextir og viðhald lágt reiknað. Ef nú útgjöldin fyrir stöð og starfrækslu m. m. yrði ásamt landssjóðsgjaldi, eins og í Reykjavík, kr. 27,67, fyrir hvern notanda, yrði sá

kostnaður samtals 2490 kr. 30 aurar, svo öll ársútgjöld yrðu 3,690 kr. 30 a. Nú eru tekjur fjelagsins 36 kr. á ári fyrir hvern talsímanotanda eða fyrir 90 notendur samtals 3240 kr., þ. e. 450 kr. minna en gjöldin. Með öðrum orðum, til þess að »ballancera« þyrfti fjelagið strax að bæta við notkunargjöldin 450 kr., það er 5 kr. á hvern notanda, og hefði samt engan ágóða.

En fyrir landssjóð er allt öðru máli að gegna, eins og skýrt er frá í athugasemdunum við lagafrumvarpið. — Hann hefur þarna starfsmenn og þarf engu við að bæta til þess, að fá verkið af hendi innt, að minnsta kosti ekki neinu verulegu, nema venjulegum viðhaldskostnaði, sem líklega yrði ekki meira en rúmar 300 kr. Og eptirlitið hefðu starfsmenn landsins þar án þess að hækka þyrfti laun þeirra fyrir það. Af tekjunum hefði landssjóður þannig, með 36 kr. gjaldi fyrir hvern notanda, afgangs 2,940 kr., sem svarar til 16% af þeim 18,000 kr., sem símakerfið kostar.

Jeg vona, að af þessu sje mönnum ljóst, að ekki er ástæða fyrir fjelögin, að halda í kerfin sem gróðafyrirtæki, og að ómaklegt er að segja, að landið vilji svipta menn rjettindum með valdi eða ofríki, því að það er landið, sem rjettinn hefur eptir lögunum, en fjelögin ekki. Allt, sem jeg hef sagt nú um Akureyri, gildir auðvitað líka um Seyðisfjörð, »mutatis mutandis«. Talsímakerfin á þessum stöðum mundu ekki geta borið sig án gjaldhækkunar á notendur, ef fjelögin gyldu sama gjald í landssjóð, sem talsímahlutafjelagið í Reykjavík, og þau tapa engu við þann hagnað, sem landssjóður fær. Það er ekki rjett hjá háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að tala um kaupverð kerfanna eins og fjárveitingu, sem megi spara; hjer er alls ekki að ræða um nein útgjöld, neina eyðslu á landsfje, heldur um arðvænlega hagnýtingu fjár og um skynsamlega notkun á lögmætum rjettindum landssjóðs.

Jeg vona, að mjer hafi tekizt, að gjöra hinni háttv. deild skiljanlegt, að ummæli háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um yfirgang, rangsleitni eða ásælni við kaupstaðina, eru ekki rjettmæt, og að ekkert sje því til fyrirstöðu, að landið kaupi þessar línur, ef þinginu þóknast.

Þá skal jeg víkja að breyt.till. mínum á þgskj. 375. Hin fyrsta er um, að fje verði veitt til þess, að gjöra nákvæmar landmælingar, er lagðar geti orðið til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár. Jeg hef leyft mjer að koma með þessa breyt.till. eptir að felld var tillaga stjórnarinnar um það, að veita 16,500 kr. til að rannsaka járnbrautarsvæði. Nokkurri minni upphæð hef jeg þó farið fram á nú. Það er vafasamt, hvort leyfilegt er að bera þessa tillögu upp samkvæmt þingsköpunum, en það liggur undir forseta, að skera úr því, og mun jeg fúslega beygja mig undir hans úrskurð, ef mótmæli koma fram. Jeg vil minna á það, að fjárveitingin fjell við 2. umr. með 1 atkvæðis mun, og að margir voru ekki viðstaddir. Menn færðu þær ástæður í móti, að upphæðin væri of há, og að of snemmt væri, að færast þetta verk í fang. En jeg vona, að menn geti sannfærzt um, að nauðsynlegt er, að fá sem fyrst hugmynd um þetta mikilsverða mál. Spurningin er ekki eingöngu um það, að undirbúa áætlun um kostnaðinn og vita, hversu sveitarfjelögin og jarðeigendur á þessu svæði mundu taka í málið, heldur er yfir

höfuð áríðandi, að fá sem fyrst nægilega glöggan undirbúning, er gæti verið grundvöllur undir tilboðum, ef fjelög, útlend eða innlend, vildu gjöra tilboð eða sækja um »concession«.

Það er vitanlega með öllu óhugsanlegt, að nokkur ábyggileg tilboð eða umsóknir komi, meðan menn vita ekki, að hverju er að ganga, og allt er órannsakað; það væri beint tortryggilegt, ef einhver yrði til þess, að gjöra tilboð út í bláinn, að órannsökuðu máli.

Til þess að vjer getum fengið ábyggileg tilboð, er það nauðsynlegt skilyrði, að nákvæm rannsókn hafi verið gjörð á járnbrautarstæðinu, og þeirri rannsókn verður landssjóður nú að koma í framkvæmd. Landið verður ekki fátækara fyrir þessar 16,000, en þeir tímar gætu komið, að það yrði miklu ríkara eptir en áður vegna þessa fjárframlags. Jeg vona því, að hin háttv. deild amist ekki við, að þessi tillaga mín sje borin upp, að samþykktum afbrigðum frá þingsköpum, ef þarf, og vona, að hún sjái sjer fært að samþykkja hana, eins og hún nú liggur fyrir. Um aðra breyt.till. hefur háttv. frsm. talað; það, sem þar er farið fram á, er ekki annað en að taka það bert fram, sem allir meina, að þar sem talað er um »millilandaferðir« er átt við millilandaferðir stærri skipanna, en ekki strandferðabátanna. Þá kem jeg að tillögunum, viðvíkjandi símunum. Breyt.till. við 13. gr. D. II, 4 fer fram á, að línan milli Borgarness og Grundar eða Varmalækjar verði ekki byggð fyr en síðara árið á fjárhagstímabilinu, eins og allar aðrar smálínur. Eptir því, sem símastjórinn segir, verður ekki hægt að koma af nema Vestfjarðasímanum, Ægissíðusímanum og ef til vill Keflavíkursímanum fyrra árið; hinar verða því að bíða til síðara ársins. Breyt.till. við 13. gr. D. II, 5 fer fram á, að það sje ekki látið nægja að leggja síma milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, heldur sje síminn lagður frá Keflavík til Reykjavíkur alla leið. Jeg gjöri ráð fyrir 5,000 kr. annaðhvort til þess að leggja síma milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, eða heldur til þess að kaupa símann sem nú er og endurbæta hann. Hann er mjög úr sjer genginn, staurar fúnir, einfaldur járnþráður og verkfærin slæm að sögn, svo eiginlega er hann mjög lítils virði. Náttúrlega er hægt að byggja nýja línu samhliða núverandi Hafnarfjarðarsíma, en hitt væri eðlilegra að ná samkomulagi en etja kappi, enda hef jeg ástæðu til þess að vona, að fjelagið, sem á Hafnarfjarðarsímann, verði liðlegt í samningum, svo það verði ekki frágangssök að kaupa. Skyldi upphæðin, sem hjer er farið fram á, ekki nægja, mætti væntanlega taka það, sem á vantar, af fjárhæðinni í 10. tölul. (til nauðsynlegrar útfærslu og umbóta).

Svo er næst breyt.till. um, að færa upphæðina til þess að kaupa talsímakerfin á Akureyri og Seyðisfirði upp um 7,000 kr. Þetta er fyrir umbætur og nýjar viðbætur, sem gjörðar hafa verið síðan fjárlagafrumvarpið var samið, eða gjörðar verða fyrir árslok, og var þessi hækkun meðtalin, er jeg áðan taldi Akureyrarkerfið 18,000 kr. virði. Hjer er ekki að ræða um eyðslufje eða kostnað, heldur um arðvænlega notkun á fje landssjóðs, og vona jeg því að þetta mæti engri mótspyrnu; það er beint landssjóðnum í hag. Því stærri upphæð, sem hann getur fengið ávaxtaða með góðum ágóða, því meiri hagur.

Þá hef jeg lagt til, að tölul. 11 sje settur síðastur af öllum liðunum í D II, og bætt við athugasemd um það, að skilyrðið fyrir því, að stöðvar verði

byggðar til almenningsnota, sje það, að hrepparnir kosti starfsrækslu þeirra. Þetta fyrirkomulag hefur verið reynt í Noregi, og reynzt ágætlega. Kostnaðurinn verður minni, þegar sveitirnar annast slíkt, heldur en ef landssjóður á að borga, og margir erfiðleikar detta úr sögunni. Þetta eitt meðal annars hefur orðið því valdandi, að símar Noregs gefa nú af sjer allmikið fje í tekjur á ári hverju. Þessari reglu hefur verið fylgt við flestar landsímastöðvar, en meiningin með till. minni er, að slá reglunni alveg fastri, svo engu sveitarfjelagi, sem stöð vill hafa, geti komið til hugar að færast undan. Í fyrri fjárlögum er stjórninni veitt heimild til þess að heimta af sveitunum að annast starfrækslu stöðvanna; en nú vildi jeg, að þetta yrði beinlínis skilyrði. Einn hreppur í Rangárvallasýslu hefur neitað þessu, og afleiðingin ætti að verða sú, að enginn sími yrði lagður þangað. Breyt.till. mín fer fram á, að það sje fyrirfram trygging fyrir því, að sveitirnar taki stöðvahaldið að sjer. Breyt.till. háttv. þm. Dalam. (B.B.) er um sama efni, og hún er kannske enn þá ljósar orðuð. Hrepparnir þurfa að skilja það, að ef þeir ekki vilja taka að sjer starfrækslu stöðvanna, þá fellur fjárveitingin til símalagningar um þau svæði niður, eða þá verða að minnsta kosti engar stöðvar settar þar til almennra afnota.

Síðasta breyt.till. við 13. gr. D. II, 12, gengur í þá átt, að breyta tillaginu til Fáskrúðsfjarðarsímans. Fáskrúðsfirðingar vildu hafa helming af tekjum hans og leggja fram helming kostnaðarins. En þetta gjörir glundroða í reikningunum. Mjer finnst rjettara að landssjóður leggi þarna eins og annarsstaðar $^2/_3$ af kostnaðinum móti þriðjungs tillagi frá sveitinni, og hafi svo landssjóður allar tekjurnar. Eptir því, sem mjer er kunnugt um, mun allur síminn kosta c. 18,000 kr. Tillag landssjóðs verður þá 12,000 kr. en sveitarinnar 6,000 kr.

Um aðrar breyt.till. skal jeg vera stuttorður, því tíminn líður óðum. Breyt.till. um að fella burtu tillag sveitanna til landsímanna, álít jeg mjög óheppilega; hún brýtur algjörlega bág við það fyrirkomulag, sem stjórnin og fjárlaganefndin hafa komið sjer saman um: að gjöra greinarmun á aðallínum og aukalínum, og heimta þriðjungs framlag af sveitunum til aukalínanna, til þess að sanna nauðsyn þeirra. En jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að það sje af ýmsum ástæðum áríðandi, að hafa þessa takmörkun, og að frá henni megi því ekki víkja, hversu æskilegt sem það væri, að landið hefði efni á því, að fullnægja allra óskum í þessu efni, og láta sama ganga yfir allar sveitir, hvort sem þær eru á aðallínu eða aukalínu.

Jeg get aðhyllzt breyt.till. fjárlaganefndarinnar, um að fella burtu fyrst um sinn fjárveitinguna til koparsíma á línunni milli Borðeyrar og Ísafjarðar. Nú er koparinn svo dýr, að það mundu sjálfsagt verða um 114,000 eða 115,000 kr., sem koparþráðurinn kostaði, svo að auka þyrfti við fjárveitinguna allmiklu, ef hún ætti að standa. En eptir því sem línan er fyrirhuguð, er svo um hnútana búið frá upphafi, að ritsíminn er alveg heild út af fyrir sig, og kemur að fullu gagni sem ritsími, þó lagning koparþráðarins sje frestað. Auk þess má brúka ritsímaþræðina sem talsíma, að minnsta kosti á svæðinu milli Ísafjarðar og Borðeyrar, og ritsímastjórinn hyggur, að tala megi gegnum hann frá Ísafirði alla leið til Reykjavíkur og Akureyrar,

þegar vel stendur á. Aptur á móti yrði ekki talað lengra, og ekki gætu Vestfirðirnir haft talsímasamband við landið. En það, sem aðallega brestur á, að sambandið sje fullnægjandi, er það, að það má búast við, að síminn verði stundum svo upptekinn af ritsímastörfum, að hann ekki verði notaður fyrir talsíma, nema ef til vill einhverja litla stund á dag; en þó þetta sje mikill skortur, get jeg þó ekki annað sagt, en hjer sje bætt úr bráðustu nauðsyn, er stálþráðurinn er lagður, og má vel telja forsvaranlegt, að draga til næsta fjárhagstímabils, að gjöra línuna betur úr garði.

Um breyt.till., að stytta tímatakmarkið í samningunum við gufuskipafjelagið úr 8 árum niður í 4 ár, hef jeg það að segja, að jeg hef enga von um, að samningarnir komizt á, ef að samningstíminn er minna en 8 ár; eiginlega hefur 10 ára bil verið heimtað, sem skilyrði fyrir því, að byggð sjeu til ferðanna tvö ný stór skip, sem samsvari tímans kröfum, hafi kælirúm o. s. frv., og jeg hef sem sagt enga von um, að hægt sje að mjaka þessu lengra niður, en niður í 8 ár; en jeg skal í þessu efni auðvitað gjöra allt, sem jeg get, til að fá sem rýmst kjör, eins og jeg reyndar þegar hef gjört í samningatilraunum mínum.

Jeg álít ekki, að við gætum gengið að samning, sem stæði svo lengi, ef um það væri að ræða, að skuldbinda sig til þess, að semja ekki við önnur fjelög jafnframt, ef svo bæri undir.

En hjer er að eins farið fram á, að lofa 40 þúsund kr. tillagi í 8 ár fyrir ferðir, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem þingið nú setur. Verði framförin svo mikil, að þetta nægi ekki, þá má bæta við.

Jeg vona, að hinir háttv. tillögumenn taki tillöguna aptur, þegar þeir vita, að þetta 8 ára tímatakmark er beint skilyrði fyrir því, að samningar takist með þeim kjörum, sem þingið að öðru leyti heimtar.

Jeg skal svo láta hjer staðar numið, að svo stöddu.

Pjetur Jónsson (þingm. S.-Þing.): Sakir þess, að nafn mitt stendur fremst á 2 breyt.till. á þgskj. 362 og 377, skal jeg leyfa mjer, að gjöra grein fyrir, hvernig á þeim stendur.

Breyt.till. á þgskj. 362 (við 13. gr. C. 1.) hljóðar um það, að færa samningstímann við sameinaða gufuskipafjelagið úr 8 árum niður í 4 ár. Jeg skal geta þess, að jeg skrifaði undir þessa breyt.till. í gær í hálfgjörðu flaustri og athugaði það ekki nógu snemma, að í raun rjettri hefði jeg átt að fara fram á, að samningstíminn yrði færður niður í 2 ár, og í öðru lagi láðist mjer að gjöra þá varatillögu, að, ef það yrði til þess, að koma málinu í óefni, þá að nema burtu 2. lið athugasemdanna sem fylgja, einu greinina, er líkindi eru til, að fjelagið mundi ekki ganga inn á nema með samningi til 8 ára. Jeg legg minnsta áherzlu á ferðirnar eins og þær blasa við eptir áætlun þeirri, sem að tilboðið frá hinu sameinaða gufuskipafjelagi er miðað við, og tillaga fjárlaganefndar hefur bak við eyrað. Það mun eiga að skoðast sem beinagrind, sem fylla má upp í til bóta. Það má búast við, að millilandaferðirnar verði líkar og á fjárhagstímabilinu 1904—1905, þó að við bættum við, að minnsta kosti 2 ferðum. Strandferðirnar verða væntanlega ekki lakari, og heldur ekki hægt að sjá, að þær verði betri, hvað sem nú stjórninni kann að lukkast, þegar til stykkisins kemur. Jeg gjöri mjer ekki vonir um, að stjórnin geti gjört neinar gagngjörðar breytingar á fyrirkomulagi ferðanna, og fyrirkomulagið, eins

og það er, er alls ekki heppilegt fyrir þann hluta landsins, sem jeg þekki bezt og mjer er skylda að halda uppi svörunum fyrir, nefnilega Norðurland. — Bæði eru strandferðirnar seinar og ferðir milliskipanna fáar eins og sjá má á áætluninni. Samband annara eins staða og Akureyrar með þessum föstu rútuskipum verður því ærið bágborið við útlönd og ófært við Reykjavík.

Annað er það, sem bendir á, að fyrirkomulag strandferðanna verður í raun inni afardýrt. Þessar 40,000 kr. eru aðallega vegna strandf. Þar að auki á að verja 29,000 kr. til innfjarðabáta. Auk þess liggur nú hjer fyrir breyt.-till., er fer fram á, að veittar verði 6—10 þús. kr. til gufubátsferða fyrir Austurlandi. Að samanlögðu verður því kostnaðurinn nærri jafn mikill til innfjarða bátanna og strandferðanna. Og er það sýnilegt, að það er æðimikið fje, 70—80 þús. kr., er gengur til hvorstveggja í samanburði við árangurinn. Til þessa hefur ekkert samband verið milli innfjarðabátanna og strandferðaskipanna, og ekki er heldur fyrirsjáanlegt, að það verði nú, eða geti orðið með þessu fyrirkomulagi, sem fjárlagafrumv. bendir til. — En jeg fæ ekki betur sjeð, en að fyrir svona mikið fje megi fá miklu hagkvæmari ferðir, ef til samræmis væri miðað milli innfjarðaferða og strandferða. Þykir mjer ekki ólíklegt, að stjórnin, með svona mikið fje í höndum, gæti undirbúið undir næsta þing álitlegri strandferðir en þær, er fást upp úr þessu hvorutveggja. En ef þetta 8 ára band er lagt á ferðirnar, þá verður því ekki við komið. Jeg býst við, að til þess, að geta fengið þær ferðir, er gjört er ráð fyrir í frv. einungis til tveggja ára, þá verði að sleppa skilyrðinu um þessi 2 nyju skip. Þótt góður árangur geti af því orðið, að fá slík skip með kælirúmum fyrir kjöt og smjör, þá álít jeg hann ekki vera á móti þeim baga, er menn geta bakað sjer með því, að binda sig til átta ára við hinar umtöluðu ferðaáætlanir. Menn verða að gæta þess, að allt er á hraðri ferð í verzlun og viðskiptum, og þær ferðir, sem nú teljast viðunandi, geta orðið óþolandi takmarkaðar og óhentugar eptir t. d. 6 ár.

Þetta eru ástæðurnar til þess, að jeg vil stytta samningstímann, og gæti jeg fengið leyfi hæstv. forseta til þess, að koma fram með nýja breyt.till., þá mundi jeg leggja það til, að samningstíminn yrði færður niður í 2 ár, og numið burtu skilyrðið um þessi 2 skip.

Það var dálítið minnzt á það við 2. umr. fjárlaganna, hve miklu það skipti, að hinir einstöku landshlutar fengju ekki verri ferðir en hingað til, og af því, að hæstv. ráðherra tók skýrt fram, að stjórnin mundi gjöra allt til þess, er í hennar valdi stæði, þá treysti jeg stjórninni til, að gjöra samningana svo úr garði, að ekki einungis landið í heild sinni heldur og hver landshluti um sig fái að minnsta kosti jafngóðar ferðir og þær, er fjárlaganefndin miðar við.

Á þingskjali 377 á jeg nokkrar br.-till., sem jeg verð að ræða um í annari röð en þær koma fyrir. Það sem kom mjer til þess, að gjöra þessar breyt.till. var það, að mjer fannst kröptunum dreift meir en heppilegt er, sjerstaklega fyrir okkar þjóð, sem er fátæk bæði af mönnum og fje. — Við 2. umr. var gjörð sú breyting á fjárlagafrumv. stjórnarinnar, að fella niður töluvert af styrknum til skóggræðslu, þannig, að hann yrði færður úr 20 þús. kr niður í 14 þús. á ári. —

Með þessa móti vildu menn fyrirbyggja, að stjórnin gæti komið fram ýmsu, er hún ætlaði sjer, t. d. að stofna hálaunað skógvarðarembætti. Í öðru lagi var færð niður eptir tillögu nefndarinnar fjárveiting til Helga Jónssonar úr 3,000 kr. niður í 1200 kr. til mýrarannsókna. Með þeim hætti er þessi fjárveiting gjörð alveg þýðingarlaus, og hefði heldur átt að halda henni óbreyttri. Til þess nú að ná þessu markmiði, er sú fjárveiting stefndi að, og jafnframt spara fje, þá vil jeg sameina þau tvö verkefni, að halda áfram mýrarannsóknunum, og að hafa yfirstjórn og umsjón með skóggræðslum. Jeg ætlast því til, að þessar 3,000 kr., er launa átti með skógvörðinn, sjeu veittar Helga Jónssyni til þess, að hann geti stundað mýrarannsóknir og jafnframt haft eptirlit og yfirumsjón með skóggræðslunni.

Jeg veit vel, að Helgi er eigi skógfræðingur, en hann stendur nær því, en flestir íslenzkir menn.

Jeg veit ekki, hvernig hinni háttv. deild kann að litast á þessa till. mína, en jeg vildi ekki láta hjá líða að benda á þennan mögulegleika. Till. mín er með öðrum orðum í því fólgin, að 33. liður í 15. gr. um 1,200 kr. styrk til Helga Jónssonar falli burt, en inn í 16. gr. bætist aptur nýr liður um 3000 kr. fjárveitingu honum til handa til þess að halda áfram mýra- og grasafræðisrannsóknum og til þess að hafa yfirumsjón með skóggræðslu landsins. Þessi upphæð dregst frá fjárveitingunni til skóggræðslu (16. gr. 7), þannig að eptir verða 11 þús. kr. og er það hin veitta upphæð, að frádregnum launum og kostnaði yfirumsjónarmanns.

Breyt.till. 2 á þgskj. 377 hljóðar um það, að færa styrkinn til Búnaðarfjelagsins úr 49 þús. upp í 51 þús. kr. Stjórn Búnaðarfjelagsins fór fram á 50 þús. Mjer er kunnugt um það frá Búnaðarþinginu, að áætlanin, er þar var gjörð, var helzt til knöpp, enda þótt hún væri miðuð við 50 þús. kr. styrk úr landssjóði. Og þar að auki er nú gjört ráð fyrir að fá sjerstakan mann til þess að veita félaginu forstöðu. Til þess þarf valinn mann, er borga verður full árslaun, því að hann hlýtur að verja öllu sínu starfi í fjelagsins þarfir. Þetta kom að vísu til orða þegar á Búnaðarþinginu, en í áætluninni var þó ekki tekið nægilegt tillit til þess, og eptir á gat fjárhagsnefnd fjelagsins ekki klipið svo af, að hún gæti ætlað þessum manni nándar nærri svo há laun, sem fjárlaganefndin ætlar umsjónarmanni skóggræðslunnar, eða sem tíðkanlegt er að greiða mönnum, er svipaða stöðu hafa á hendi. Til þess því að fært sje fyrir Búnaðarfjelagið að launa slíkan mann, án þess að þurfa að kreppa að sjer á öðrum svæðum, þá hef jeg farið fram á að bætt verði við það 2 þús. kr., og er annað þeirra það, er sparast við 1. breyt.till. á þgskj. 377. Það geta allir skilið, hvílík nauðsyn er á þessu fyrir fjelagið, þar sem hinn núverandi formaður þess hefur sagt af sjer störfum sínum. Hann hefur starfað vel og lengi í þess þágu, og enginn getur ætlazt til, að hann gegni lengur öðrum eins önnum fyrir sama sem enga þóknun. Þessar 200 kr., er hann hefur haft á ári, hafa ekki einu sinni verið fyrir átroðningnum auk heldur meiru. Í öðru lagi er það ljóst, að svo stóru fjelagi, er starfar um allt land, þarf að stjórna maður, er helgar því krapta sína óskerta og getur verið lífið og sálin í öllum framkvæmdum þess. Og til þess verður að velja mann, sem vel er hæfur og verður er góðra launa.

Síðasta breyt.till. á þgskj. 377 gengur í sömu átt og hinar, að sameina

störf og krapta, sú sem sje, að Búnaðarfjelagið taki að sjer stjórn og umsjón sandgræðslunnar, því að jeg er sannfærður um, að hún verður kostnaðarminnst í þess höndum. Af innlendum mönnum er ekki öðrum betri á að skipa til þeirra verka en starfsmönnum þessa félags; en ef kosta ætti til þess útlendinga og borga þeim af þessari 4000 kr. fjárveitingu, mundi hún jetast upp til launanna að mestu og framkvæmdirnar verða harla litlar. Jeg vona því, að hin háttv. deild fallist á þessa breyt.till.

Aths. hæstv. ráðh. við fjárveitingarnar til símalagninga, að hlutaðeigandi hreppar skuli kosta starfrækslu landsímastöðvanna að sínum hluta eptir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva, þykir mjer ekki heppilega orðuð. Að vísu er jeg henni samþykkur í aðalatriðunum, en það getur ekki verið sanngjarnt, að sama regla gildi alstaðar. Til sumra stöðva ætti að vera fastákveðinn styrkur, til annara enginn. Og það er engan veginn sjálfsagt, að hlutaðeigandi hreppur leggi fram kostnaðinn, heldur hlutaðeigandi sýslufjelög. Þess vegna felli jeg mig betur við breyt.till. háttv. þgm. Dal. (B. B.).

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg hef leyft mjer að koma með svipaða till. og við 2. umr. á þgskj. 347, sem er þess efnis, að fá fje til framhalds akbrautinni í Eyjafirði. Jeg hef reynt, að gjöra till. svo aðgengilega sem mögulegt er, en þó jafnframt haft fyrir augum, að upphæðin gæti komið hjeraðinu að tilætluðum notum. Meining mín með þessari 6,000 kr. fjárveiting er því sú, að akbraut verði lögð á næsta fjárhagstímabili, síðara árið, aðeins þann stutta vegakafla, sem nú er með öllu ófær yfirferðar, á svæðinu frá Grund að Djúpadalsá. Þessi vegalengd hygg jeg að sje rúmur 1 kílómeter, en á þeirri leið er Þverá, sem óumflýjanlegt er að brúa, og að áliti verkfræðingsins, kostar sú brú allt að 3,000 kr. Með þessu fje sem till. fer fram á, hygg jeg að sje nokkurn veginn full vissa fyrir því, að hægt verði að leggja þennan akbrautarspotta og einnig byggja brúna á svonefnda Skjóldalsá, og hafa þá allflestir hjeraðsbúar meiri og minni not af allri akbrautinni, þar sem, eins og jeg hef áður tekið fram, að nú hefur aðeins örlítill hluti hjeraðsins not af henni sem akbraut. Jeg vona því, að háttv. deild sjái, að hve miklu gagni þessi litla fjárveiting getur orðið, og veiti því till. minni fylgi sitt.

Eptir að umr. um frumv. nú höfðu staðið til klukkan $3^1/_2$, var fundi frestað til klukkan 5.

Klukkan 5 hófust umr. um frv. á ný.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg hef leyft mjer að bera upp fáeinar breyt.till.; því miður var jeg forfallaður við framhald 1. umr. og eins við 2. umr, og gat því ekki þá fylgt þeim fram.

Það er þá fyrst á þgskj. 337 breyt.till. við 13. gr. B. I. Jeg hef leyft mjer að fara fram á, að 3. og 4. liður falli burt. Báðir þessir liðir eru harla óþarfir. þótt máske megi brúka þetta fje til einhvers, þá er þess engin þörf sem stendur. Eins og kunnugt er, var að eins einn verkfræðingur fram að 1905, og var ekki að sjá annað, en að hann kæmi af störfum sínum. Var þó kostað meira fje til vegabóta þá, en á næsta fjárhagstímabili á undan. 1903 voru veittar 271,000 kr. til vegabóta, en 1905 aðeins 185,000 kr. Þar sem nú reynslan sýndi, að 1 verkfræðingur gat annað starfinu, þegar meira fje var varið

til vegagjörða, þá er nú, þegar þeir eru orðnir tveir, óþarfi að bæta við þeim þriðja auk skrifstofuhalds. 1905 var veitt fje handa öðrum verkfræðing til aðstoðar verkfræðing landsins, ef hann kæmist ekki yfir nauðsynleg störf. Jeg held, að það hljóti að nægja að hafa 2 verkfræðinga eins og verið hefur, meðan ekki er veitt meira fje til vegagjörða, en nú er gjört. Jeg vona að háttv. deild fallist á, að þessi útgjöld megi spara í þetta sinn. Svo er annað, sem jeg byggi till. mína á; verkfræðingur landsins gegnir mörgum öðrum störfum, sem ekki koma landinu við. Landsverkfræðingurinn hefur svo mörg aukastörf fyrir bæinn, og sem hann fær allháa borgun fyrir, að þau störf ein mættu álítast nægt starf fyrir hann. Jeg álít ekki ástæðu til að telja upp störf, sem verkfræðingurinn hefur unnið fyrir bæinn, en jeg gjöri það síðar, ef þess er þörf. Jeg hef því komið með þá breyt. við 1. og 2. lið, að laun verkfræðingsins sjeu hækkuð um 500 kr. og athugasemd um, að hann megi ekki vinna í annara þarfir fyrir borgun en landsins. Það er sanngjarnt, að hann hafi sömu laun og aðrir, sem eru í svipaðri stöðu, t. d. skrifstofustjórar stjórnarráðsins. En jafnframt sje það gjört að skilyrði, að hann megi ekki fást við önnur störf. Ef hann leggur fram alla sína krapta í þarfir landsins, þá efast jeg ekki um, að hann sje svo duglegur maður, að 2 verkfræðingar nægja okkur fyllilega fyrst um sinn. Jeg álít ekki þörf að tala frekar fyrir þessari till., en er viðbúinn að rökstyðja hana betur, ef á þarf að halda.

Breyt.till. á þgskj. 338 fer fram á dálitla hækkun á 13. gr. B. III. a. Svo stendur á, að síðasta þing veitti 8,000 kr. til þjóðvega í Mosfellssveit eptir beiðni Kjósarsýslu gegn jöfnu tillagi úr sýslusjóði. Það var áætlað af verkfræðingi, að vegurinn kæmist allt að Leirvogsá fyrir 16,000 kr., en reynslan var sú, að hann komst ekki nema norður fyrir túnið í Gröf. Þetta er sú óskiljanlegasta vegagjörð, sem jeg hef heyrt getið um, og er furða, hvernig tekizt hefur að ráðstafa 16,000 kr. í vegarspotta þennan, aðeins frá því, þar sem vegirnir skiptast í hallanum hjá Ártúni. En ástæðan mun hafa verið sú, að fengnir voru vegna manneklu til verksins handónýtir verkamenn. Nú þolir sýslan ekki að halda lengra út í þetta, en verkfræðingurinn hefur áætlað jafnmikla upphæð frá sýslunni næsta ár. Jeg hef því leyft mjer að koma með þá aðaltill., að sýslan leggi til $^1/_4$ kostnaðarins, og að upphæðir liðsins 5,000 og 6,000 hækki samkvæmt því. Þar sem þetta er til þjóðvegar, sem landssjóði ber að kosta, og sýslan býðst til að leggja á móti $^1/_4$ kostnaðarins, þá vona jeg, að háttv. deild aðhyllist till. Til vara hef jeg sett sýslutillagið $^1/_3$ kostnaðarins. Jeg vona, að háttv. d. samþykki helzt fyrri till., en að minnsta kosti þá síðari. Ætla jeg svo ekki að orðlengja þetta meira, en vona, að deildin gæti allrar sanngirni, hvað þetta lítilræði snertir.

Þá er breyt.till. á þgskj. 339, við 13. gr. C., smá till., sem fer fram á 300 kr. styrk bæði árin, til að halda uppi mótorbátaferðum milli Reykjavíkur, Kjalarness, Laxvogs og Hvalfjarðarstrandar. Á þessari leið hefur mótorbátur haft fasta ferðáætlun í 2 ár; áætlunin er hjer til sýnis. Mjer er kunnugt um, að þessi bátur hefur ekki getað borið sig, af því að ferðirnar eru fastákveðnar, en þær ferðir einar koma að verulegum notum, sem eru fastákveðnar. Í fyrra bar þessi bátur sig, þegar jeg gaf sjálfur afgreiðsluna hjer

og húsaleigu og hluthafar bátsins gáfu vextina; þá stóðst á kostnaður og tekjur.

Annars vildi jeg benda á, að yfir höfuð ætti þingið að styðja þess háttar ferðir, mótorbátaferðir; það kostar ekki mikið, en er mjög þægilegt hvar sem er og getur komið að nægu gagni. einkanlega ef bátarnir eru svo góðir, að þeir geta haldið ferðaáætlun. Yfir höfuð eru samgöngur á sjó þær ódýrustu hjer á landi, og á því þingið að hlynna að þeim.

Þá skal jeg víkja að síðustu breyt.-till. minni, á þgskj. 340 við 16. gr. — Eins og háttv. þm. muna, þá var veitt á fjarlögunum 1905 10,000 kr. styrkur til ábyrgðarsjóðs, sem tæki ábyrgð á mótorbátum. Þessu fje var skipt á milli Eyjafjarðar, Ísafjarðar, Seyðisfjarðar og Vestmannaeyja; lengra náði það ekki.

Hjer um slóðir hefur ekki verið hægt að stofna sjóð, sem tæki vátryggingu á mótorbátum, af því það hefur verið áskilið, að hvert fjelag gæti tryggt minnst 40,000 kr. til þess að geta orðið styrksins aðnjótandi.

Jeg hef orðað þessa tillögu alveg eins og 1905, að einni breytingu undanskilinni, nefnilega þeirri, að róðrarbátar eru hjer teknir með. Það hef jeg gjört af því, að jeg álít það afarmikla nauðsyn, að róðrarbatar sjeu vátryggðir yfir höfuð um allt land. Því það er mikið í það varið, að fátæklingar, sem að eins geta útvegað sjer róðrarbáta, fái bættan skaða sinn, ef þeir missa bátana. Þetta er ástæðan til þess, að jeg hef komið með þennan viðauka. Nú hefur fjárlaganefndin lýst því yfir, að ef jeg tek burt þetta orð, »róðrarbátar«, þá muni hún verða þessari tillögu samþykk. Jeg hef því komið með þá breyt.till. á þgskj. 338, sem er útbýtt nú meðan á fundinum hefur staðið, en sem jeg vona, að deildin taki samt til greina, að orðið »róðrarbátar« falli burt, ekki af því jeg álíti, að þeir eigi að falla burt, heldur gjöri jeg það til samkömulags. Jeg skal ekki fjölyrða meir um þetta; jeg vona, að deildin taki vel í þetta, og fleiri breyt.till., sem jeg hef borið hjer fram, enda miða mínar breyt.till. fremur til að lækka en hækka útgjöld landssjóðs.

Svo skal jeg minnast fám orðum á breyt.till. háttv. þgm. S.-Þing. (P. J.) o. fl., sem fer fram á það, að stjórninni verði ekki gefin heimild til að semja við »Sameinaða gufuskipafjelagið« fyrir meira en fjögur ár í senn. Þessari breyt.till. hefur hæstv. ráðherra andmælt, og ber hann þar fyrir sig, að hann treysti sjer eigi til þess að koma því til leiðar, að fjelagið byggi tvö ný skip, ef ekki verði gjörður við það samningur um 8 ár. Jeg get ekki skilið í, að þessi fjárveiting og þessi samningur í 8 ár, fremur en samningur í 4 ár, hafi nokkur áhrif á, hvort þessi tvö skip eru byggð. En nú er það vitanlegt, að það hefur staðið til í mörg ár, að byggja þessi skip. Fyrir þrem árum hefðu þessi skip verið byggð, ef fjárhagslegar ástæður fjelagsins hefðu leyft það. Nú þykist víst fjelagið betur statt, og treystir sjer líklega til, að láta byggja skipin. Og skipin verða byggð, hvort sem samið er fyrir 8 eða 4 ár í einu. Enda er fjelagið neytt til þess, því þau skip, sem það hefur hjer við land, eru flest gömul og óhæf í samkeppninni vegna kolaeyðslu o. fl. Skipið »Laura« þarf innan skamms höfuðaðgjörð, nýjan gufuketil o. fl.; þá er »Vesta« þannig, að jeg ímynda mjer, að það borgaði sig betur fyrir fjelagið að gefa það skip, heldur en hafa það í förum

hingað til lands, því þetta skip brúkar svo mikil kol, að það getur alls ekki borgað sig á svo löngum ferðum, og þar sem kol eru svo dýr eins og hjer. Fleiri af skipum fjelags þessa eru gömul og úrelt, og ef fjelagið ekki útvegar sjer ný skip til Íslandsferðanna, þá er það í hættu statt fyrir því, að önnur fjelög bjóði betri skip. Nú eiga þessi skip, sem fjelagið hefur fyrirhugað að láta byggja, að vera töluvert stór, svo ætla má, að þau kosti ekki minna, en $^3/_4$ miljón hvort eða meira, og er því óhugsanlegt, að það hafi nokkra þýðingu fyrir framkvæmd þessa fyrirtækis, hvort landssjóður Íslands borgar 40,000 kr. á ári í 8 ár eða 4 ár. 160,000 kr. tekjur samtals á 4 árum þýða ekki mikið fyrir slíkt fyrirtæki, og því síður, sem fjelagið verður einmitt að leggja til *önnur* tvö skip til strandferðanna, en þessi nýju skip, sem á að byggja. En hitt er auðvitað, að fjelagið ætlar að nota tækifærið til þess að ná sem beztum samningum við Ísland og gjöra sig einvalt hjer sem lengst, en til þess á alþingi ekki að hjálpa því. Jeg er því þakklátur hinum háttv. þgm. S.-Þing. og öðrum flutningsm. þessarar breyt.till., því hún er skynsamleg og sjálfsögð, og jeg hefði komið með breyt.till. í þessa átt, hefði jeg verið viðstaddur við 2. umr. fjárlaganna.

Jeg vona, að menn greiði atkvæði með þessari breyt.till., því allir sjá af því, sem jeg hef sagt, að gufuskipafjelagið lætur jafnt smíða þessi skip, hvort sem samningar eru gjörðir fyrir 4 ár eða 8 ár, og einkanlega þegar það hvort sem er verður að útvega önnur skip en þau, sem það nú sendir hingað, ef það vill halda landssjóðsstyrknum.

Umsögn hins hæstv. ráðherra um það, að bygging þessara tveggja skipa sje því skilyrði bundin, að alþingi bindi sig við 8 ára samning, getur ekki verið á nægum rökum byggð.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Nafn mitt stendur aðeins við tvær af öllum þeim breyt.till., sem fram hafa komið við þessa umr. Sú fyrri, á þgskj. 346, er svipuð annari, er jeg flutti við 2. umr., en þá var felld. En nú er þó sú breyting á henni gjörð, að jeg vona, að hún komist að þingskapanna vegna; það er bæði breytt orðalagi og svo er heitið tillagi annarsstaðar frá, sem ekki var áður, og er það mestu varðandi. Álít jeg því sjálfsagt, að breyt.till. þessi komi til atkv. Breyt.till. fer fram á fje til vegalagningar frá Ingólfsfjalli og upp í Grímsnes. Jeg hef lýst þeirri miklu nauðsyn, sem er á þessum vegi, við 2. umr., og skal jeg ekki endurtaka það nú, sem jeg sagði þá. En jeg hef tekið það upp hjá sjálfum mjer, að bjóða fram 2,000 kr. til þessa vegar annarsstaðar frá, og fellur fjárveitingin auðvitað niður, þó hún verði samþ. hjer, ef þessi fjárupphæð ekki verður lögð fram. En jeg veit, að hjeraðsbúar eru fúsir á að leggja þetta fram, þótt þetta sje gjört að skilyrði, til þess að fá veginn sem fyrst og til þess að geta notað Sogsbrúna, sem annars er ekki til hálfra nota, ef vegur verður ekki lagður frá henni. Og ef litið er til þess flutningsmagns, sem hjer er fyrir hendi, þá skil jeg ekki þá ósamkvæmni, ef þingd. fellir fjárveitingu til þessa vegar, þar sem hún áður nýlega hefur samþ. fjárveitingu til vegar vestur á landi, sem ómögulegt er að bera saman við þennan veg, að því er flutningsmagn og umferð snertir. Jeg trúi því sem sagt ekki fyr en jeg tek á, að þessi breyt.till. nái ekki fram að ganga.

Þá á jeg ásamt þrem öðrum háttv. þingdm. breyt.till. á þgskj. 360, við 21.

og er það síðasta breyt.till., sem til atkvæða kemur á fjárlögunum. Hún fer fram á, að 60,000 kr. lán sje veitt tveim ungum og efnilegum mönnum, Bergi Helgasyni og Karli Finnbogasyni, til þess að stofna lýðháskóla á Suðurlandi ásamt fyrirmyndarbúi.

Í beiðni sinni hafa þessir menn beðið um 80,000 kr. lán, en oss flutningsmönnum hefur komið saman um, að færa það niður í 60,000.

Jeg hef átt tal við Berg Helgason, og hefur hann gjört áætlun um, hvað jörð muni kosta, sem sje nægilega stór fyrir þessa stofnun. Sú jörð þyrfti að bera 15—20 kýr, 400 fjár og 10 hesta; ætlar hann að slík jörð mundi kosta um 15,000 kr. Alls er kostnaðurinn ráðgjörður 70,600 kr. við stofnun fyrirtækisins. Á því sjest, að þeir verða að leggja nokkuð fram sjálfir, eins og rjett er, þegar um slíkan privatskóla er að ræða.

Þess má geta, að mál þetta hefur mikið fylgi austanfjalls og þykir hvarvetna líklegt til þjóðþrifa. Má benda á, að á þingmálafundum Árnessýslu þótti þetta nauðsynjamál mikið og var þar skorað á alþingi að veita fje til fyrirtækisins, því öllum kom saman um, að skólinn skyldi vera »privat«skóli, en ekki landseign. Nú hefur enn ekki unnizt tími til að fá ábyrgð sýslunefndanna í Árnessýslu, Rangárvallasýslu eg V.-Skaptafellssýslu fyrir láni þessu, en það er auðvitað, að vilji þessar sýslur ekki taka að sjer ábyrgðina á láninu, þá fellur lánsheimild þessi niður. Hún getur þá ekki orðið notuð. En til þess ímynda jeg mjer að ekki komi. Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefur með brjefi, dagsettu 15. ágúst skýrt frá, að sýslunefnd Árnessýslu mundi verða fús til að ábyrgjast greiðslu lánsins að sínum hluta, þar sem um þesshättar skólastofnun væri að ræða. Og sömu undirtektir mun Bergur Helgason hafa fengið hjá sýslumönnum Rangárvallasýslu og Skaptafellssýslu munnlega, þó ekki hafi komið neitt skriflegt svar frá þeim enn. Vextir af láninu eru áætlaðir 4% og afborgunartími 30 ár. Það er að vísu nokkuð langur tími, en þess ber að gæta, að upphæðin er mikil, enda fóru umsækendur fram á hærri áratölu í umsókn sinni (50 ár), en þann tíma leyfðum vjer flutningsm. oss að stytta.

Jeg veit, að jeg þarf ekki að lýsa nauðsyn þessa fyrirtækis. Það er fullkunnugt, hvað lýðháskólar hafa gjört í Danmörku; jeg þarf ekki að lýsa því; en þeir hafa haft þar óendanlega mikil áhrif. Kennsluaðferðin er ólík því, sem er í vorum skólum; það er kennt með fyrirlestrum, og mest áherzla lögð á tungu landsins, sögu þess, bókmenntir o. s. frv. Yfir höfuð leggja lýðháskólarnir áherzlu á að vekja sálarlíf manna, vekja byltingar í sálum manna og stuðla þannig drjúgum að því, að mynda nýtari, fjölhæfari og áhugasamari kynslóð. Það er ekki fyrst og fremst þekkingarforðinn, sem lýðháskólarnir veita, sem gjörir þá svo nytsama, heldur hitt, að þeir breyta hugsunarhætti manna í framtakssamari stefnu og vekja áhuga á öllum þýðingarmiklum velferðarmálum þjóðanna. Það hafa útlendingar sagt, sem ferðazt hafa um Danmörk, að sú mikla breyting, sem þar er orðin á atvinnuvegum á síðustu árum, stafaði frá lýðháskólunum. Danir hafa eins og kunnugt er, fyrir rúmum 30 árum svo að segja algjörlega breytt höfuðatvinnuvegi sínum, er áður var kornrækt, og snúið honum upp í kvikfjárrækt, og hefur merkur Englendingur sagt, að þá breytingu hefðu þeir aldrei getað

gjört án lýðháskólanna. Landbúnaður, iðnaður og sjómennska (þ. e. kennsla í sjómannafræði) stendur og víðast hvar í sambandi við lýðháskólana þar. Eins og áhrif lýðháskólanna hafa orðið mikil á landbúnaðinn í Danmörku, þannig ætti og að verða hjer. Það hefur sagt merkur bóndi einn í Danmörku, að allar framfarir síðustu ára í Danmörku, mætti rekja til alþýðuháskólanna.

Það getur því enginn vafi leikið á því, að þessi skóli, sem hjer er farið fram á að landssjóður hjálpi til að koma á fót, mundi hafa afarmikla þýðingu, ekki aðeins fyrir Suðurlandsundirlendið, heldur og fyrir landið allt í heild sinni. Og mennirnir, sem beita sjer fyrir þetta fyrirtæki, eru áhugamiklir og efnilegir menn. Bergur Helgason hefur dvalið erlendis í nokkur ár og stundað nám með dugnaði og áhuga; mundi hann taka að sjer hina verklegu kennslu í búnaði á fyrirmyndarbúinu, og Karl Finnbogason, sem taka mundi að sjer hina bóklegu kennslu, er duglegur og reglusamur maður, að þeirra dómi, sem hann þekkja.

Mjer lízt miklu betur á þetta fyrirtæki, heldur en t. d. smáskóla, sem ekki er ætlazt til að veiti kennslu nema að eins í örfáum greinum, sögu og leikfimi, eða því um líkt. Jeg hef ekki trú á, að sú skólastofnun yrði til mikilla nota. En þessi skóli verður byggður á þeim grundvelli, sem allstaðar hefur gefizt vel; það er full ástæða til að halda, að slíkt skólafyrirkomulag reynist vel hjer, enda er mikið undir komið, að hitta rjetta leið, fara rjett af stað og byrja ofurlítið myndarlega í svo miklu máli sem þessu. Það varðar mestu, að »undirstaðan rjett sje fundin« og það vona jeg að verði með svona lagaðri skólastofnun, með fyrirmyndarbúi í sambandi við skólann.

Jeg vona, að menn verði þessari till. meðmæltir, og jeg vona, að heyra h. meðflutningsmann till. leggja fram sín meðmæli með henni. Sjerstaklega býst jeg við, að háttv. þgm. Borgf. (Þ. B.) taki hjer duglega í strenginn, því jeg þykist vita, að hann hafi áhuga á framgangi þessa máls og sje verulega annt um það. Einnig vona jeg, að hæstv. ráðh. verði þessari till. hlynntur, og ef peningar eru til, sem hægt er að lána, þá mun þeim ekki til annars betur varið. Ábyrgðina ímynda jeg mjer að sýslurnar taki óhikað að sjer, en að öðrum kosti kemur vitanlega lánveitingin ekki til greina.

Jeg hef þá ekki meira að segja um þetta atriði að sinni; jeg vona, að h. deild samþ. þessa till., þó upphæðin sje nokkuð há, og láti hana ekki gjalda þess, þótt hún reki lestina á fjárlögunum.

Um aðrar breyt.till. frá öðrum háttv. þgm. skal jeg ekki fara mörgum orðum. Þó skal jeg geta þess, að meinilla er mjer við það, að ganga inn á 8 ára samninga við gufuskipafjelagið. Því að þótt samningar næðust, sem væru heppilegir nú og næsta ár, þá breytast skilyrðin, þarfir og kröfur landsmanna, sífellt ár frá ári, svo að brýna nauðsyn gæti borið til að geta breytt samningunum á þessum 8 ára fresti. En ef þeir eru nú settir óhreyfanlegir, þá erum við hjer bundnir um allt of langan tíma. Jeg get vel skilið það, að við komumst, ef til vill, ekki að jafngóðum kjörum með því að gjöra að eins samninga fyrir fjögra ára tíma, en jeg vildi vinna það til, til að losast við 8 ára klafann, og mun því greiða atkv. með því, að

færa þann tíma niður í 4 ár, samkv. till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.).

Að endingu vildi jeg víkja að tillögu háttv. þm. Vestm. (J. M.) á þgskj. 371, um hækkun á launum landsskjalavarðar. Jeg á bágt með að skilja, hversvegna háttv. fjárlaganefnd hefur tekið svona í það mál, sem hún gjörði. Laun hans eru sannarlega ekki of hátt sett í frumv. stjórnarinnar í samanburði við það, sem mörgum öðrum er goldið, þeim er við opinber störf fást. Það er alkunnugt, að maðurinn er dæmafár eljumaður, og sjerlega vel hæfur til þessa starfa, svo að það væri fárra eða engra manna færi, þeirra er nú eru uppi, að fara í föt hans, að því er snertir dugnað að vinnu í þarfir safnsins, bæði að safna skjölum til þess o. fl. Mjer er kunnugra, en flestum öðrum hjer í deildinni, um störf hans, og jeg veit meðal annars, hve miklu optar og lengur hann hefur haft safnið opið, en skylda var til, og hliðrað til á allan hátt, til þess að menn gætu notað safnið, sem þó hefur verið afar erfitt, vegna hins afarilla húsnæðis safnsins. Þetta hefði hann getað látið ógjört, og mundi margur hafa ógjört látið. Á hann nú að fá þá þóknun fyrir alla umhyggju sína og atorku í safnsins þarfir, að klipið sje af launum hans? Fjárlaganefndin hefur nú að vísu lýst yfir því, að hún muni samþ. þessa lítilfjörlegu hækkun, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) fer fram á, sem ekki er þakklætisvert, og ímynda jeg mjer þá, að hún muni ná fram að ganga.

Menn ættu að gæta þess vel, hve mikils það er vert, þegar einhver virðist sjerstaklega kallaður til einhverrar stöðu, en það virðist svo stundum, sem það sje meira virt, þegar trassar eiga hlut að máli, menn, sem vanrækja hneykslanlega þau störf, sem þeir eiga af höndum að inna, og ekki eru vaxnir stöðunni að neinu leyti. Þeir verða opt miklu betur úti, og gæti jeg nefnt skyld dæmi, en mun láta það samt bíða að sinni. Verður ef til vill tækifæri til að minnast á það síðar.

Skúli Thoroddsen (þm. N.Ísf.): Jeg hef komið fram með eina breyt.till., sem prentuð er á þgskj. 341, og vil jeg nú fara um hana nokkrum orðum.

Á þingi 1905 var samþ., að símalínan austur um Árnessýslu og Ísafjarðarálman ættu að ganga fyrir öðrum símalagningum, og þá kom eigi til mála, að krefjast framlags frá sýslunum, eins og stjórnin hefur gjört í fjárlagafrumv. Það var háttv þm. V.Sk. (Guðl. G.), sem minnti mig á það, að þetta kom til tals í ritsímanefndinni á alþingi 1905, þótt ekki væri þess getið í nefndarálitunum; það var ekki ætlazt til þess, að sýslurnar legðu fram fje til ritsímalagninga. Það mun því mörgum hafa komið það mjög óvænt, að stjórnin skuli hafa tekið upp þá reglu, að ætla sýslufjelögunum að borga $^1/_3$ hluta kostnaðarins. Þetta virðist mjer ekki sanngjarnt; það er ekki rjett, að sá hluti landsins, sem aðallínan liggur um, þurfi ekkert að borga, en önnur sýslufjelög verði að greiða þriðjung kostnaðar. Jafnvel fjárlaganefndin, sem annars hefur ekki litið sanngiarnlega á þetta mál, hefur þó ekki sjeð sjer fært, að fylgja þeirri reglu út í æsar, heldur fært tillag sýslufjelaganna sumstaðar niður fyrir einn þriðja hluta.

Rjettast hefði verið, að stjórnin og alþingi, hefðu komið sjer saman um fasta reglu um símalagningar. Það virðist öll sanngirni mæla með því, að sýslufjelögin kosti, að minnsta kosti að nokkru leyti, þær línur, sem telja má, að eingöngu, eða mestmegnis, sjeu

í þágu sýslufjelagsins sjálfs, og hreppafjelögin, ef hreppsmenn vilja leggja spotta innan hreppsins. Að því, er snertir vegamál landsins, ákveður alþingi, hvar þörf sje á fjallvegum, þjóðvegum og flutningabrautum, er landssjóður kostar, en leggur sýslufjelögunum þó einnig stöku sinnum nokkurn styrk til sýsluvega, er þörf þykir. Að sínu leyti ætti nú þingið einnig að ákveða, hvar ritsímar ættu að leggjast á kostnað landssjóðs, og kosta þá sima að öllu leyti. En að láta öll þau hjeruð, er aðallínurnar, frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og úr Hrútafirði til Ísafjarðar, liggja eiga um, leggja fram þriðjung kostnaðarins, virðist mjög ósanngjarnt, og miðar til þess að leggja einstökum sýslufjelögum allt of þungar byrðar á herðar, sem hlýtur að vekja óánægju út um landið.

Jeg heyrði ekki, að hæstv. ráðh. hefði annað á móti till. minni en það, að tillagið væri nauðsynlegur stöðvari, til þess að menn færu ekki of geyst í kröfurnar um ritsíma; en jeg hygg eigi, að þörf sje á slíkum stöðvara. Það er þingið, sem á að dæma um það í hverju einstöku tilfelli, hvar þörfin sje brýnust, og hvaða ritsímalagningar eigi að ganga fyrir öðrum, eins og þingið sker úr því, hvar brýnust þörf sje á vegagjörðum á hverju fjárhagstímabili, þótt þinginu berist jafnan fleiri fjárbænir, en auðið er að sinna.

Því er borið við, að fjöldi hjeraðabúa óski, að komast í ritsímasamband, svo að þess sje enginn kostur, að sinna nema litlum hluta þeirra fjárbæna; en þessu er alveg eins farið að því er vegabæturnar snertir. Annars stafa þessar mörgu óskir um ritsíma að líkindum nokkuð af nýjungagirni, og þekkingarleysi almennings. Menn vilja fá það, sem aðrir hafa fengið, en þekkja eigi kostnaðinn, og gjöra sjer eigi glöggva grein fyrir gagninu, og þegar um framlög sýslufjelaganna er að ræða, þá er þess að gæta, hverjir hafa símanna mest notin, og hverjir eiga að borga. Jeg skal taka til dæmis Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu. Hverjir eiga að borga kostnaðinn? Auðvitað gjaldendur til sýslusjóðs, en fæstir þeirra hafa mikil not af símunum. Það eru kaupmenn og stærri útgjörðarmenn, er mest notin hafa, en hinir nota hann að eins örsjaldan, og aðal-notin eru þá í því fólgin, að þeir fá fyr frjettir, en ella.

Jeg hygg og, að ef þingið aðhyllist þessa stefnu, sem stjórnin hefur tekið upp hjá sjer, þá verði afleiðingin sú, að bráðlega komi fyrir þingið almennar óskir um eptirgjöf á því fje, sem sýslurnar verða að fá til láns í þessu skyni. Og hvar eiga þær að fá lán? Ekki gjöri jeg ráð fyrir, að landssjóður geti mikið hlaupið undir bagga með þeim, hvað það snertir. *(Raddir*: Jú). Jæja, betur að svo reyndist, en ólíklegt þykir mjer, að hann hafi ráð á því, eins og nú stendur. Þrátt fyrir 500 þúsund króna lán, og þrátt fyrir framlengingu tollaukalaganna — þvert á móti tilætlun síðasta alþingis —, má þó vænta tekjuhalla á fjárlögunum. Í fjáraukalögum er gjört ráð fyrir nær 250 þúsund króna útgjöldum, og þar við bætast gjöldin til konungsmóttökunnar, fráleitt minna en 150 þúsund krónur, framlag til safnhússbyggingarinnar, líklega talsvert á annað hundrað þúsunda, auk margvíslegra útgjalda eptir frumvörpum, er stjórnin hefur lagt fyrir þingið. Svo er og í fjárlögunum gjört ráð fyrir mjög miklum lánum til ýmsra fyrirtækja, og viðlagasjóður að nokkru leyti bundinn í lánum, sem ekki er hægt að fá inn bráðlega.

Jeg gat þess til, að sýslufjelögin

mundu biðja um eptirgjöf, og höfum vjer dæmið fyrir oss í því efni. Vopnfirðingar hlupu upp til handa og fóta í fyrra, báðu um ritsímastaura o. fl., sem þurfti til símalagningar milli Hofs og Vopnafjarðarverzlunarstaðar, 8 þúsund krónur, minnir mig. En hvað skeður? Nú liggur fyrir þinginu ósk um það, að fá þetta fje eptirgefið. Er þetta ekki bending um það, hvað verða muni? Menn ættu og að líta á það, hvað þessir ritsímar hafa kostað landið, og hvort ekki er ástæða til þess, að fara varlega. Jeg hef í þessu máli haft sjerstöðu í nefndinni. Jeg álít, að rjettast hefði verið, að fara sjer hægara, og ekki að svo stöddu samþykkja nema Ísafjarðar-álmuna og línuna til Ægissíðu, af því að gefinn var ádráttur um þær á þinginu 1905, enda þótt jeg áliti að vísu, að Ægissíðu-línan hefði vel mátt bíða, en línan frá Patriksfirði til Ísafjarðar átt að sitja í fyrirrúmi, því að þangað eru miklar skipaferðir; en línan til Ægissíðu liggur um landsveitir, nema aukalínurnar til Eyrarbakka og Stokkseyrar, sem Árnesingar hefðu getað kostað.

En hvað er það nú mikil upphæð, sem landið hefur varið, og ætlar á næstkomandi fjárhagstímabili að verja til símalagninga? Eptir fjárlagafrumv. er ákveðið að verja næsta fjárhagstímabil 491,833 kr. Jeg tel hjer með það fje, sem á að ganga til rannsókna á nýjum símaleiðum, en ekki það, sem gengur til starfrækslunnar. Þá eru, eptir fjáraukalögum fyrir árin 1906—7, 123,075 kr. Á fjárlögunum frá 1905 voru veittar 190,370 kr., en sú fjárveiting mun ekki hafa dugað, eptir því, sem sjá mátti í »Lögrjettu« í vetur, heldur munu gjöldin hafa farið um 60,000 kr. fram úr áætlun. En um það, hvort þetta sje rjett, eða kostnaðinum hafi skakkað enn þá meira, hefur stjórnin ekki gefið þinginu neina skýrslu, og álít jeg þó, að það hefði verið heppilegra.

Sje nú gjört ráð fyrir því, að þessir tveir síðast töldu liðir sjeu til samans 250,370 kr.; þá verður það fje, er lagt hefur verið og leggja á fram til ritsímalagninga, samtals 865,278 kr. Þar við má svo bæta tillaginu frá hinu mikla norræna ritsímafjelagi til símalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur, því að sú upphæð var lögð fram gegn sjerstökum hlunnindum, er fjelagið fjekk.

Þá má telja kostnaðinn 1,145,278 kr., og eru þó ekki taldar þær breytingartillögur, sem nú liggja fyrir þingdeildinni, og ef til vill verða samþykktar.

Þá er nú að líta á tekjurnar. Þær eru í fjárlagafrumvarpinu áætlaðar 43,000 kr. fyrir árið 1908, en 57,000 kr. fyrir árið 1909, eða samtals 100,000 kr. á fjárhagstímahilinu. En nú er gjört ráð fyrir því, að útgjöldin til ritsímans nemi á sama tímabili 170,800 kr., svo að þar verður þá 70,800 kr. tekjuhalli. Auðvitað má nú gjöra ráð fyrir því, að áætlunin, sjerstaklega hvað tekjurnar snertir, muni ekki reynast alveg nákvæm; en víst er um það, að ekki er gjört ráð fyrir því, að símarnir borgi árleg útgjöld, hvað þá heldur að nokkrar rentur fáist af öllu því mikla fje, sem til þeirra er varið. Það má nú að vísu lengi um það þrátta, hvort slík fyrirtæki sem þetta eigi að svara vöxtum eða ekki, en það, sem nú hefur sagt verið, gefur þó fyllstu hvöt til þess, að líta vel á þörf og hvöt almennings, áður en símunum er fjölgað mjög mikið. Þjóð vor er opt fljót til að hlaupa upp, þegar um eitthvert nýmæli er að ræða, en ekki að sama skapi úthaldsgóð. Jeg get og hugsað mjer, að sumar af þessum óskum um ritsíma sjeu

ekki studdar af þekkingu hjá fjöldanum, heldur sjeu það óskir einstakra manna, sem hafa fengið aðra á sitt mál.

Þá er og enn eitt atriði, sem jeg vildi benda á í samanbandi við þetta. Þegar á að taka lán til símalagninga, ekki sízt í jafn stórum stíl, sem hjer er um að ræða, þá væri æskilegt, að það væri tekið til lengri tíma, en stjórnin hefur gjört ráð fyrir. Það mun veita full-örðugt, að finna tekjustofna, til þess að standa straum af útgjöldunum, þótt landssjóði sje ekki ætlað, að borga þessa hálfu miljón á 10 árum, þegar ekki stendur betur á, en nú, að því er fjárhaginn snertir.

Ráðherrann: Mjer heyrðist háttv. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.) telja starfrækslukostnað landsímanna 170,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Var það rjett heyrt? (*Skúli Thoroddsen:* Hef talið það saman í fjárl., og það verður þetta með tillaginu til »stóra norræna«). Þetta datt mjer í hug, en háttv. þgm. fer þar ekki alveg rjett með, þegar tillit er tekið til þess, sem hann var nýbúinn að segja rjett áður, þegar hann var að reikna saman, hve miklu fje búið væri að verja, og fyrirhugað væri að verja til ritsíma- og talsímalagningu. Þar taldi hann með tillagið *frá* mikla norræna ritsímafjelaginu, 300,000 kr., sem og vel má gjöra. En af ársgreiðslunni *til* »Stóra Norræna« er meiri hlutinn borgaður einmitt í notum þessa mikla fjárframlags fjelagsins. Til þess að þessi upphæð endurgreiðist fjelaginu á þeim 20 árum, sem samningurinn stendur og tillagið á að borgast, ásamt 4% vöxtum, þarf 22,000 kr. á ári eða 44,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og þessa upphæð verður háttv. þgm. að draga frá, ef hún á ekki að vera tvítalin. Það er ekki rjett, að telja hann *bæði* sem stofnkostnað og *líka* sem starfrækslukostnað. Það er nóg, að telja hana einu sinni. Þá sjer maður, að nú þegar í byrjun lætur nærri, að standist á kostnaður og tekjur, en svo er auðvitað eptir að fá renturnar af fjenu, sem í símanum liggur. Hvenær það lánast, er ekki hægt að segja, en svo mikið er víst, að eptir því, sem tekjurnar hafa reynzt það, sem af er, má óhætt fullyrða, að tekjurnar á næsta fjárhagstímabili fara töluvert fram úr áætlun fjárlagafrumv., og aukast tiltölulega langtum meira en ársútgjöldin við það, að nýjar álmur bætast við.

En sje hætta á ferðum af því of geyst sje farið, er það þá rjett hjá h. þgm., að vilja sleppa alveg taumunum, taka burt eina stöðvarann, sem gagn er að, þetta, að gjöra það að skilyrði fyrir nýjum landsímalagningum, að sveitarfjelögin leggi til ákveðinn skerf? Ef við erum komnir »út á hálan ís«, eins og hann sagði, þá er það ekki vel ráðið af háttv. þgm., að auka hálkuna; þá er till. hans um, að kippa burt öllum hjeraðstillögum skaðleg og háskaleg, og á að falla.

Háttv. þm. hjelt því fram, að landssjóður væri ekki fær um að lána sveitarfjelögunum til þess að borga tillagið. Þar held jeg hann sje nokkuð svartsýnn, meðan ekki er um meiri upphæð að ræða en þá, sem hjer er farið fram á að lána megi. Hvers vegna skyldi landssjóður fremur vera fær um að lána út fje til annara fyrirtækja. Hjer er í dag verið að fara fram á stórlán úr landssjóði til einstakra manna og hinna og þessara »privat«-fyrirtækja. Því hefur h. þgm. ekkert á móti. En þessi lán, sem miða að því að bæta úr þörf og styðja að hagsmunum heilla hjeraða, þau eru landssjóði um megn! Það skal fúslega játað, að eigi má binda allt of

mikið af fje landssjóðs í lánum, en hitt er ekki hægt að segja með sanni, að þessar upphæðir nemi svo miklu, að frágangssök sje að lána þær fjárhagsins vegna.

Jeg held að það sje ekki hægt að segja með rökum, að það sje ósanngjarnt eða ranglátt af þinginu, að slá þann varnagla, að heimta skerf af hjeruðunum til allra aukalína, þótt aðal-línurnar sjeu tillagslausar. Samkvæmt því, sem jafnan hefur verið gjört ráð fyrir og liggur í hlutarins eðli, *varð* að tengja Reykjavík við lendingarstað sæsímans, hvort sem þeim sveitum, sem á milli liggja, og síminn liggur um, líkar betur eða verr. Og úr því Seyðisfjörður og Akureyri þá komust í samband um leið, þótti ófært að fjórði kaupstaðurinn, Ísafjörður, yrði útundan. Það hefur því verið gengið út frá því sem sjálfsögðu, að sambönd milli lendingarstaðar sæsímans og allra kaupstaðanna væri *aðallínur*, sem landið kostaði undir öllum kringumstæðum, enda eru þar með allir landsfjórðungar komnir í sambandið, og mestu þörfinni fullnægt. Þetta er ákveðið takmark, yfirsjáanlegt verkefni. En að koma á símum allstaðar annarsstaðar, þar er þörf kann að vera, er afarmikið verk, og að svo stöddu kröptum landssjóðs ofvaxið. Hjer verður því að takmarka sig. Óskirnar og kröfurnar koma víða að, og allir þykjast auðvitað hafa þörf og rjett á síma.

Ef öllu er sleppt lausu, ef beizlið er tekið fram af, þá mun opt verða örðugt að afgjöra, hvort þörfin er meiri hjer eða þar; það væri enn þá örðugra um vegina, fyrir menn, sem ekki þekkja allt landið, að skera úr, hvaða lína á að koma fyrst, og hverjar eiga að bíða. Hin aðferðin er miklu hyggilegri, að láta þá sitja fyrir, sem sanna vilja þörfina með því, að leggja fje í sölurnar, til þess að fá símann, og láta það svo ráðast, hvort hlutaðeigendur hafa dæmt þörfina rjett. Þetta er hættuminnsti vegurinn, meðan við eigum þröngt í búi, og höfum ekki fje til að fullnægja öllum þörfum.

Úr því jeg er staðinn upp, ætla jeg að segja nokkur orð út af ummælum háttv. þgm. S.-Þing. (P. J.) um gufuskipaferðirnar. Hann áleit rjettast, að fella burt úr skilyrðunum ákvæðið um, að til ferðanna skuli hafa 2 ný skip; hann áleit, að ekki væri svo mikill hagur að því, að hafa betri, stærri og hraðskreiðari skip, útbúin með kælirúmum og öðru góðu, að neitt verulegt væri til þess vinnandi. Jeg get ekki verið háttv. þgm. samdóma í þessu. Það er mikill skaði fyrir landið á ýmsan hátt, ef skipin, sem höfð eru til millilandaferðanna, geta ekki nokkurnveginn fullnægt þörfinni og kröfum tímans; verzlun og mannflutningur komast alls ekki á það stig, sem annars væri hægt, ef samgöngufærin væru betri. Þetta tjón verða þeir ef til vill meir varir við, sem í kaupstöðum búa, heldur en til sveita, en hitt ætti eins að vera landbændum ljóst, hve þýðingarmikið það er, að þau skip, sem til þeirra flutninga eru höfð, sjeu fljót í förum og með haganlegu fyrirkomulagi.

Háttv. þgm. G.-K. (B. K.) kvaðst vera glaður yfir ummælum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Hjelt hann, að gufuskipafjelagið væri að eins að vita, hvað það kæmist, reyna að nota tækifærið til þess, að ná einveldi yfir skipaferðum hjer við land, en mundi byggja hin nýju skip til ferðanna hvort eð væri, þótt engum lengri tíma væri heitið.

Hjer er fyrst að athuga, að það er alls ekki um það að ræða, að veita neitt einkaleyfi. Það er að eins verið að tala um heimild til að semja um tilteknar ferðir fyrir tiltekna upphæð með tilteknum skilyrðum. Það fjelag, sem samið yrði við, fær engin tök á því að útiloka önnur fjelög, þótt samningurinn gildi til átta ára, og getur því alls ekki verið um neitt einveldi að ræða.

Hvað hitt atriðið snertir, að fjelagið muni byggja skipin hvort sem er, skal jeg taka það fram, að fyrir einu eða tveimur árum síðan var »hið sameinaða« komið á flugstig með að byggja ný skip til Íslandsferða, en hætti við það eptir síðasta þing, af því að það þorði ekki að treysta því, að við það yrði samið um fastar áætlanaferðir eptirleiðis, en skipin áttu sjerstaklega að vera löguð til ferðanna hjer við land og byggð til að fullnægja þeim kröfum, er hjer eru gjörðar. Að fjelagið hætti við að byggja skipin, eptir að teikningar allar voru tilbúnar og tilboð fengin, er fyrir mjer nægileg sönnun þess, að ummæli háttv. þgm. G.-K. (B. K.) eru ekki á rökum byggð. Þegar jeg kom til Hafnar í vetur, ætlaði fjelagið ekki að gjöra neitt tilboð, heldur sigla hjer eptir sínu eigin höfði. Að það fjekkst til að gjöra tilboð, stafaði af því, að lagt var að fjelaginu að skerast ekki úr leik.

En svo jeg snúi mjer aptur að háttv, þgm. S.-Þing. (P. J.), sem reyndar alls ekki hefur komið fram með neina prentaða breyt.till. um að fella burt skilyrðið um hin nýju skip, heldur að eins till. um stytting samningstímans, sem eins og málið liggur fyrir frá 2. umr. mundi gjöra alla samninga ómögulega, þá verð jeg að segja, að jeg held að sú hugsjón hans sje alveg ómöguleg, að taka alla þá peninga, sem nú eru veittir til gufubátsferða á fjörðum og flóum, bæta þeim við þann styrk til strandferða og millilandaferða, sem hjer er um að ræða, og fá fyrir þá upphæð samning við eitt fjelag um ferðir, sem fullnægi öllum þeim þörfum, sem millilandaskip, strandferðaskip og flóabátar nú eiga að fullnægja. Jeg er hræddur um, að þá ferðaáætlun, er slíku gæti orkað, yrði erfitt að semja, enn þá erfiðara að fá nokkurt fjelag til að gjöra tilboð í hana, sízt fyrir þá upphæð, sem hann hugsaði sjer, 40+30=70,000 kr. Jeg er hræddur um, að ekki færi betur, en þegar stjórnarráðið í vetur með tilstyrk Reykjavíkurkaupmanna samdi áætlunaruppkastið, sem hvorki »hið Sameinaða« nje »Thore« vildi takast á hendur fyrir neinn mun, eða í öllu falli ekki fyrir minna en 200,000 kr. tillag á ári, og var þó mjög skammt farið í kröfum, eiginlega engu við bætt af ferðum fram yfir það, sem nú er (auk fjarðabátanna); að eins stungið upp á allt öðru fyrirkomulagi.

Að við fáum ferðirnar fyrir lægra gjald en áður, kemur til af því, að fyrirkomulagið 1904—1905 hefur reynzt ódýrara, en fyrirkomulagið síðasta fjárhagstímabil, sem þó allir hjeldu að yrði útgjaldaminna. Þetta kom til af því, að ferðirnar voru hagkvæmari fyrir fjelagið, þess vegna borgaði það sig betur. En vel borgar það sig ekki að annast þessar ferðir, að minnsta kosti segir fjelagið, að Íslandsferðirnar borgi sig verst af öllum ferðum, þrátt fyrir tillögin, sem þeir fá.

Jeg held, að það sje ómögulegt að hugsa til þess, að fá slíkan samning, sem mjer virðist vaka fyrir háttv. þm., þótt stjórnin hefði 70 eða jafnvel 70—80,000 kr. yfir að ráða, í stað þeirra 40,000 kr., sem hjer er um að ræða. Það eru ekki fáir tugir þúsunda í til-

lagsupphæðinni, sem gjöra allan munin í slíkum fyrirtækjum, sem velta svo afarmiklu fje, heldur hitt, að ferðirnar sjeu nokkurnveginn haganlegar og hagkvæmar fyrir þann, sem tekst þær á hendur. Að nú er von um, að komast af með litla tillagshækkun, þó ferðirnar sjeu auknar mikið, byggist á því, að það fyrirkomulag, sem nú er, er tiltölulega mjög kostnaðarsamt útgjörðarmönnum, og fyrirkomulagið 1904 og 1905 var tiltölulega arðvænlegra, þótt strandferðirnar væru meiri og engar utanferðir strandferðaskipa. En því er nú miður, að það er að eins *von*, en engin *vissa*, sem jeg hef um, að samningar náist með þessum skilyrðum, sem sett eru í fjárlagafrumvarpinu.

Þá vil jeg að eins minnast lítið eitt á aðra breyt.till. háttv. þgm. S.-Þing. (P. J.), um skógræktina. Háttv. þgm. vill fella niður fjárupphæðina til skógræktar og varnar gegn uppblæstri lands, setja cand. Helga Jónsson yfir skóggræðsluna, en fá sandgræðsluna búnaðarfjelaginu í hendur, gegn því, að launa forstöðumann fjelagsins. Hv. þgm. virtist hafa fengið vitrun um það, að skógræktarfrumv. stjórnarinnar eigi ekki að verða langra lífdaga auðið. Þar er stungið upp á, að sami maðurinn annist hvorttveggja, skógræktina og sandgræðsluna. Enn þá er frumv. lifandi, og verði það samþykkt, sem jeg ekki er vonlaus um enn, þrátt fyrir allt, þá væri undarlegt, að fela á fjárlögunum öðrum tilteknum mönnum að annast þessi störf, sem eptir lögum ættu að sæta allt annari meðferð.

Viðvíkjandi tillögunni um, að bæta enn þá meira fje við búnaðarfjelagið, — jafnvel umfram fram komna ósk, — vil jeg að eins segja, að mjer þykir nú nóg vera búið að draga undir það fjelagi í bráðina, sem ekkert eptirlit er með af hálfu þess opinbera. Það getur gengið, meðan fjelagið er undir eins ágætri stjórn, eins og það er nú, en hver getur sagt, hvað það verður lengi, og hvernig fer þá? Jeg heyri sagt, að núverandi formaður fjelagsins hafi í hyggju að segja af sjer í haust, og þá er óvíst, hvernig kosning fer. Og þó hæfileikamaður verði fyrir valinu, er ekki víst, að hann hafi sömu heillahönd til þess að leiða starfsemi fjelagsins í rjetta átt, eins og núverandi form. hefur haft, og getur þá farið svo, að þinginu þyki það hafa nóg að gjört í því, að hlaða hlutverkum á þetta »privat«fjelag. Í öllu falli finnst mjer ekki rjett, að kasta að óþörfu upp á fjelagið störfum, sem starfsmenn þess ekki kunna til, og eru að sumu leyti utanveltu við starfsemi þess, eins og skógrækt og sandgræðsla. Þessi framtiðar- og hugssjónamál geta raunar haft hag af því, að komast í hendur þeirra manna, sem mundu hafa þau útundan, og jafnvel skoða hvern eyri, sem varið er til skógræktar, sem tekinn frá öðrum fyrirtækjum, sem standi nær og gefi fljótari arð í aðra hönd. Skógræktin getur ekki látið sjer nægja mola þá, sem detta af borðum landbúnaðardrottnanna, sem aðallega eru að hugsa um hið daglega brauð, og þau störf, er liggja næst fyrir hendi, til þess að bjarga búinu. Starfssvið búnaðarfjelagsins er nógu mikið og mikilsvarðandi fyrir því, þó að öllu sje ekki á þess herðar hlaðið.

Hermann Jónasson (2. þm. Húnv.): Jeg á breyt.till. á þskj. 334 um styrk til símalagningar frá Blönduósi til Skagastrandar með stöð á Skagaströnd. Forberg hefur áætlað, að þetta mundi kosta 10,200 kr., og jeg hef farið fram

á, að landssjóður beri $^2/_3$ kostnaðarins. Þessi upphæð er mjög lítil og lág í samanburði við þær háu tölur, sem standa í ritsímadálkunum. Jeg hafði hugsað mjer að hreyfa þessu ekki að svo stöddu; en þegar jeg sá hvernig atkv. fjellu við 2. umr., þá fannst mjer sanngjarnt, borið saman við annað, að landssjóður veitti fje til ritsíma á þessari leið. Það hefur ekki lítla almenna þýðingu að hafa ritsímastöð á Skagaströnd, og jeg þori að fullyrða, að enginn staður er eins hentugur á allri þeirri leið, er síminn liggur í nánd við, að gefa skýrslur um ísalög fyrir norðvestur-landinu.

Í sambandi við þetta vil jeg minnast á símalagninguna til Vestmannaeyja.

Það er all-títt, að botnvörpuskip sjeu með veiðarfæri útbyrðis á þeim stöðvum milli Vestmannaeyja og lands, þar sem síminn á að liggja. Jeg hef aflað mjer álits kunnugra manna um þetta, og segja þeir, að þetta hafi verið mjög títt, en nú sje búið að skafa botninn svo ítarlega, að stórskemmdir sjeu orðnar á bæði dýra- og jurtalífi á þeim stöðvum, og því minnki aðsókn þangað. En þrátt fyrir þetta er samt enn mikil hætta fyrir símann á þessari leið, og því fjárhagslega rangt, að beita kappi að þessu sinni.

Þá er viðaukatillaga á þingskj. 333 um, að 800 kr. verði veittar til kvennaskólans á Blönduósi til kennsluáhaldakaupa og fleira. Háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (J. J.) hefur tekið svo liðlega í þetta mál, að jeg þarf ekki meir um það að tala, enda finnst mjer þetta bæði sanngjörn og sjálfsögð krafa.

Þar á móti hefur breyt.till. min á þingskj. 332 ekki fundið sömu náð í augum fjárlaganefndarinnar. Þegar jeg sá, hve greiðlega það gekk við 2. umr., að auka tillagið til kvennaskólans í Reykjavík um 2000 kr., þá áleit jeg ekki sanngjarnt, að synja Blönduósskvennaskólanum um dálitla hækkun á tillaginu. En þar sem háttv. frmsm. fjárlaganefndarinnar (J. J.) segir, að ýmislegt viðvíkjandi húsaskipun sje öðru vísi en það ætti að vera, þá fór hann með ósatt, en væri eitthvað satt í því, er hann sagði, sannar það í fyllsta máta, að skólinn á við fátækt að búa, og að það þarf að auka fje hans.

Þetta finnst mjer hin háttv. fjárlaganefnd hefði átt að taka til greina. En í annan stað get jeg lýst því yfir, að sum af orðum hins háttv. frmsm. (J. J.) voru eigi sönn. Það er t. d. undantekning, að tvær námsmeyjar sofi þar saman, það er að eins ef þær eru systur eða sjerlegar vinstúlkur og óska þess þar af leiðandi sjálfar. Skólinn á eins mörg rúm, og frekast er unnt, að námsmeyjar komist fyrir á skólanum. En af því mikil aðsókn er að skólanum, þá má það vera, að þrengt sje að, frekar en ætlazt er til. En það sannar ekkert annað, en að skólinn hefur traust þjóðarinnar og því mikla aðsókn; þess vegna er eigi rjett, að veita fje til kvennaskólans í Reykjavík, meir en verið hefur, en ganga fram hjá Blönduósskólanum. Jeg vona því, að þessar 500 kr. verði veittar Blönduósskólanum, þar sem það er bæði rjett og sanngjarnt.

Þá hef jeg komið með breyt.till. á þgskj. 374 við 13. gr. B. III. a., þess efnis, að fyrir 15,000 kr. fyrra árið og 6,000 kr. síðara árið, komi: 6,000 kr. hvort árið til vega í Sunnlendingafjórðungi, og í öðru lagi að næsti liður á eptir — 29,000 kr. til brúar á Ytri-Rangá — falli burt. Það er ekki svo að skilja, að jeg ekki áliti brú á Ytri-Rangá nauðsynlega, en af þeim

upplýsingum, sem að jeg hef fengið í deildinni, og einnig frá kunnugum mönnum, þá mun sýslubúum vera það áhugamál, að brúin verði ekki lögð, þar sem nú er ráðgjört að leggja hana, heldur ofar á ánni. Og það, að sýslubúar bjóða að leggja fram 5,000 krónur til brúarbyggingarinnar, ef brúin er á efri staðnum, sýnir það, að þeim er þetta áhugamál. Á neðri staðnum kostar brúin 29,000 krónur, og auk þess þarf að verja 11,000 kr. til vegagjörðar að brúnni.

Nú fer jeg að eins fram á, að draga af þessar 9,000 kr., og byggði jeg þá tillögu mína á því, að jeg álít nauðsynlegt, að rannsaka brúarstæðið á efra staðnum; jeg vissi ekki, hvað mikils mundi þurfa, en lægra vildi jeg ekki fara.

Það er álit mitt, að því fje, sem að varið er til samgöngubóta, svo sem brúa og vega, sje vel varið, en þó hefur opt sýnt sig, að sorgleg mistök verða stundum á undirbúningi og lagningu veganna, og skal jeg t. d. nefna veginn austur að Ægissíðu. Hefði það vegarstæði verið nákvæmlega rannsakað, þá hefði mátt komast hjá miklum óþægindum og kostnaði við þann veg. Það er yfir höfuð mjög nauðsynlegt, að fara gætilega í vegamálum, aðgæta allt sem bezt áður en byrjað er á verkinu, og heppilegra er fyrir þingið, að skera ekki mjög við neglur sjer fje til veganna, en líta fremur til þess hagnaðar, sem af vegunum er líklegt að leiði.

Þá á jeg viðaukatillögu á þgskj. 335; þar er um smáræði að tala, nefnilega að til grasgarðs í Reykjavík verði lagðar 300 kr. Jeg skil ekki í því, að nefndin skuli ekki vilja sinna svona lítilli fjárbón; jeg ímynda mjer, að hún hafi ekki kynnt sjer þetta mál til hlítar. Þessir menn, sem fara fram á fjárveitinguna, hafa þegar lagt allmikinn tíma til vinnu og töluvert fje til þess, að byrja á þessum grasgarði. Það dylst engum, að það væri mjög þýðingarmikið, ef hægt væri, að koma upp grasgarði í Reykjavík, auk þess, sem það yrði bæjarprýði. Það er aðgætandi, að þessir menn biðja ekki um neinn styrk, nema að eins til þess, að stofna garðinn; þeir ætla — eins og þeir hafa gjört — að vinna sjálfir að garðinum fyrir ekkert. Og þar sem nú hefur verið samþykkt hjer í deildinni, að byggja kennaraskólann gagnvart þessum garði, þá er það þó sýnilega skemmtilegt, auk þess, að það er nauðsynlegt, að hafa þennan garð til þess, að nemendur við kennaraskólann geti átt þar að auðugu grasasafni að ganga. Og þar sem samþykkt hefur verið, að veita 800 kr. til þess, að kaupa grasasafn Ólafs heitins Davíðssonar, þá má álíta, að ekki sje óþarfara að koma upp lifandi grasasafni; án þess jeg vilji mæla á móti kaupum grasasafnsins.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. þingm. S.-Þing. o. fl. á þingskj. 377, þá get jeg ekki verið þeim samdóma, sizt öllum. Jeg verð að álíta það misráðið af háttv. fjárlaganefnd, að fella styrkinn til Helga Jónssonar til mýrarannsókna. Því er þannig varið hjer á landi, að meiri hlutinn af öllu heyi, sem að sauðfje og hestum er gefið, fæst einmitt úr mýrajörð. Jeg get nú ekki með vissu sagt, hvað sú jörð framleiðir árlega af heyi hjer á landi, en líklega er það ekki minna en 1 miljón hesta; en um það er illt að segja, því allar skýrslur um það efni eru ekki svo nákvæmar sem skyldi.

Jeg veit líka, að allir, sem eitthvað hafa fengizt við búnaðarkennslu, vita, hvað það er mikill skaði, að þekkja ekki betur skilyrði mýrlendisins, en

vjer gjörum, enn sem komið er. Hingað til höfum við stutzt við útlend rit um það efni, og lauslegar ágizkanir, en það er harla ófullnægjandi.

Færi nú svo, að þessi styrkur verði felldur, sem jeg álít illa farið, þá vil jeg leyfa mjer, að beina því til Búnaðarfjelagsins, hvort það ekki gæti gengizt fyrir, að byrjað verði á framkvæmdum í þessa átt á næstu árum.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg er þakklátur hinni háttv. fjárlaganefnd fyrir, að hún hefur tekið vel í br.till. mína á þgskj. 371, og get jeg, hvað hana snertir, hlýtt tilmælum forseta og verið fáorður. Enda hefur háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) tekið af mjer ómakið. Jeg álít, eins og háttv. 1. þm. Árn., að það sje svo langt frá, að hjer sje oflangt farið um laun skjalavarðarins, að það sje heldur farið of skammt, þó nú verði við það að sitja.

Jeg hafði nú ekki hugsað mjer að tala um hina breyt.till., þá er snertir mitt kjördæmi sjerstaklega, við þessa umræðu, en háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) kom mjer til að minnast á hana. Jeg hef tekið það fram hjer í deildinni, að jeg hafi komið fram með till. um símann til Vestmannaeyja samkvæmt áliti forstjóra landsímanna. Jeg held, að allir hljóti að vera samdóma um það, að þessi maður sje sá eini maður á landinu, sem treysta má að beri verulega gott skyn á þetta mál. Og nýlega hefir háttv. deild heyrt frá ráðherrastólnum, að þessi lína ætti að vera ein at þeim fyrstu, sem lagðar yrðu; hún ætti að koma næst á eptir Ísafjarðarálmunni, Ægissiðuálmunni og Keflavíkurálmunni. Nú er búið að samþykkja margar línur, sem eptir þessu hefðu átt að vera á eptir Vestmannaeyjalínunni.

Jeg skildi orð háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) þannig, að hann áliti, að þessa línu ætti að leggja sem fyrst, ef ekki væri um þessa hættu að gjöra, sem stafaði af botnvörpungum *(Hermann Jónasson:* Það er rjett). En jeg treysti því, að háttv. þm. láti sannfærast eptir orðum Forbergs símastjóra, því hann hefur sagt, að það væri ekki neinum sjerlegum erfiðleikum bundið, að leggja síma til Eyjanna. Sjálfur hefur hann rannsakað lendingarstaðinn á Rangársandi; en um landtökustaðinn í Vestmannaeyjum hef jeg talað við mann, sem margir kannast við, og að mínu áliti hefur vel vit á því, Hjalta Jónsson skipstjóra, og telur hann engin vankvæði á að lenda símanum þar. Eins segir Forberg, og einnig að engin vandræði þurfi að verða, að gjöra við símalínu þessa, þó hún slitni. Það eru þá að eins botnvörpungarnir, sem hætta gæti stafað af. Jeg veit, að það hefur komið fyrir, að þeir hafa verið á því svæði, en tíðast eru þeir teknir töluvert austar, á svæðinu milli Vestmannaeyja og Eyjafjalla. Mjer er vel kunnugt um þetta, því bæði hef jeg opt ferðast til Vestmannaeyja, og einnig dvalið þar, og veit jeg, að það eru ekki að jafnaði, að botnvörpungar sjeu á því svæði, sem línan á að liggja um. En jeg neita auðvitað ekki, að það geti komið fyrir. En ef hvergi ætti að leggja síma, þar sem botnvörpungar geta verið, þá væru færri símalínur til í heiminum heldur en eru; mætti t. d. nefna Norðursjóinn, sem er svo að segja fullur, bæði af símalínum og botnvörpungum. Hættan af botnvörpungum er heldur alls ekki fjarska mikil fyrir símalínur, sjerstaklega þar sem eins stendur á, og milli Vestmanneyja og lands; þar er mjúkur sandur, og sekkur línan á skömmum tíma, ef hún fær að vera í friði, fyrst eptir það hún

er nýlögð. En á nokkrum parti leiðarinnar verður síminn lagður fast við hraun, og þar eru engir botnvörpungar.

Það þarf því alls ekki að óttast þetta atriði, en auðvitað er það, að ef stjórnin fær sönnun fyrir því, að þarna sje mjög hættulegt að leggja síma, þá getur hún látið vera að leggja hann. En mjer finnst ólíklegt, að til þess komi, því að ráðunautur stjórnarinnar í þessum málum, forstjóri landsímanna, sá maðurinn, sem mest má treysta í þessu atriði, hefur eins og jeg optar hef tekið fram, lýst því, að hjer væri ekkert að óttast.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls við þessa umr., en nú hefur hv. þm. Húnv. (H. J.) gefið mjer tilefni til þess, sjerstaklega með ummælum sínum um breyt.till. á þgskj. 374, þar sem hann fer meðal annars fram á, að fella niður fjárveitinguna til brúargjörðar á Ytri-Rangá. Jeg hefði verið honum þakklátur, ef hann hefði við 2. umr., er breyt.till. mín um að flytja brúarstæðið lá fyrir, komið fram með meðmæli sín með flutningi brúarinnar frá Ægisíðufossi til Ægisíðuhöfða. En nú er það eptir dúk og disk og getur ekki orðið málinu að neinu liði.

Jeg er samþ. háttv. flutnm., um að brúin mundi verða að miklu meiri notum á efri staðnum, það er að segja á Ægisíðuhöfða. En þar sem háttv. deild vildi eigi veita fje til brúargjörðar þar samkvæmt till. minni við 2. umr., þá get jeg ekki álitið, að það muni verða til að greiða fyrir málinu að koma með þessa hreyt.till. Þvert á móti. Ef deildin samþ. að fella brúargjörð á Ytri-Rangá, þá mætti það vel verða til þess, að brúin dytti alveg úr sögunni. En það væri illa farið, því að mikil not yrðu vissulega að brúnni á þessum stað, enda þótt þau mættu verða meiri annarsstaðar.

Jeg beindi þeirri ósk til stjórnarinnar við 2. umr., að áður en brú yrði gjörð þarna niður frá, ljeti hún rannsaka brúarstæði á Ægisíðu; ef sú yrði niðurstaðan, að brúin mundi verða þar traust og notadrýgri, þá treysti jeg stjórninni til að láta ekki framkvæma verkið þegar. En til þess væri ekki nauðsynlegt að fella burtu fjárveitinguna. Sýni rannsóknirnar, að hún mundi verða miklu dýrari eða ótraustari á efri staðnum, þá er sjálfsagt að byggja hana niðri frá, og þá mundu sýslubúar líka sætta sig við það. Þessvegna verð jeg að leggja á móti því, að þessi styrkveiting sje strykuð út, svo sem breyt.till. háttv. þm. fer fram á.

Fyrir viðaukatill. á þgskj. 360, hefur háttv. 1. þm. Árn. talað svo vel, að jeg hef þar litlu við að bæta. Hún gengur út á, að stjórninni veitist heimild til að lána Bergi Helgasyni og Karli Finnbogasyni 60,000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelaga Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaptafellssýslu, renturnar eru 4% og lánið afborgunarlaust 5 fyrstu árin, en endurborgist síðan á 30 árum. Fje þetta er til þess ætlað, að koma upp myndarlegum lýðháskóla austan fjalls, er þessar sýslur einkum mundu nota; en jafnframt mætti hann þó verða til gagns fyrir landið í heild sinni. Hjer er ekki verið að fara fram á neinn styrk, heldur lán, og spurningin er því aðeins sú, hvort nóg fje muni vera fyrir hendi. En að svo sje, þykist jeg mega ráða af ummælum hæstv. ráðh. fyrir skemmstu. Hitt get jeg ekki ímyndað mjer, að h. deild sje því mótfallin — ef nóg fje er til — að það sje lánað fram í svo fögru og góðu augnamiði. Menn vita hversu mikið gagn lýðháskólarnir hafa gjört,

þar sem þeir hafa starfað í góðu og fullkomnu sniði, og þarf jeg ekki að lýsa því frekar. Með sveitirnar austanfjalls stendur sjerstaklega á. Menn hafa löngum dáðst að þeim og talið þær eiga blómlega framtíð fyrir höndum. En það geta þær því aðeins átt, að eitthvað sje gjört, er megi verða þeim til gagns og framfara. Og þetta má telja með fyrstu sporunum, sem hægt er að stiga í því skyni, að hrinda þeim áfram til menningar og hagsælda. Eins og menn vita, voru í fornöld blómlegustu menntasetrin í þessum sveitum, þar var hinn nafntogaði Oddaskóli og Haukadalsskóli, er segja má um, að þeir hafi að nokkru leyti orðið til þess, að skapa lýðháskólahugmyndina. Síðar stóð þar Skálholtsskóli um margar aldir, en nú eru horfnir þaðan fyrir löngu allir skólar. Ef sú von ætti að rætast, að þessar sveitir eigi blómlega framtíð fyrir höndum, þá mætti það helzt verða með þeim hætti, að mennta og þroska íbúana í andlegu og líkamlegu tilliti og hrinda á veg menningarhugsjónum þeirra. Það er ekkert efamál, að þar eru til mörg frækorn, er geta tekið þroska. Á þessu svæði eru upprunnin mörg helztu mikilmenni þessa lands, t. d. Tómas Sæmundsson.

Og enn má vera, að þar liggi margir kraptar bundnir, er hjálpfús hönd mætti leysa. Þessar sýslur hafa hingað til staðið illa að vígi til þess að afla sjer menningar. Enda þótt menn eigi þar margir við góð efni að búa, er öll von á, að menn þoli illa allan þann kostnað, er af því leiðir að senda sonu sína og dætur til náms á fjarlægar stöðvar. Það er ólíkt þægilegra og kemur fleirum að notum að hafa góða menningarstofnun á næstu grösum.

Jeg treysti því háttv. deildarm., svo framarlega sem þeir álíta, að nóg fje sje til, til að greiða atkv. með þessari till.

Ráðherrann: Mjer láðist í dag, er jeg svaraði ummælum háttv. þgm. V.-Sk. (Guðl. G.) um kaupin á símakerfinu á Akureyri, að geta eins atriðis.

Jeg hef orðið þess var, að ýmsir menn í kaupstaðnum eru hræddir um, að afnotagjaldið muni hækka að mun, ef landið kaupir símakerfið; og fjárlaganefndin hefur vikið að þessu í áliti sínu og vill leggja það til, að það sje ákveðið, að notendagjaldið skuli ekki hækka um næstu 5 ár. Þess vegna vildi jeg lýsa því yfir, að enda þótt jeg áliti, að það liggi eigi fyrir að hækka gjaldið og jafnvel þótt þesskonar ákvæði líti svo út, sem menn gjöri ráð fyrir hækkun ella, eða að þeim tíma liðnum, þá er jeg því engan veginn mótfallinn, að þessu sje slegið föstu, og má búa svo um hnútana, að um það þurfi engan ugg að hafa. Það má setja það ákvæði í samninginn við afhending símakerfisins, að stjórnin megi ekki um næstu 5 ár hækka notendagjaldið nema með samþykki bæjarstjórnar, og er það þá bindandi, hvernig sem veltur.

Jeg vona því, að enginn láti það atriði fæla sig frá að greiða atkv. með því, að landið kaupi talsímakerfið.

Alveg það sama er að segja um talsímakerfið á Seyðisfirði.

Úr því jeg rtóð upp, þá skal jeg svara nokkrum orðum þeim ummælum háttv. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th,), að stjórnin hafi eigi gefið neinar skýrslur um kostnaðinn við lagningu landssímans til Reykjavíkur. Hann fullyrti jafnvel, að kostnaðurinn hafi farið töluvert fram yfir áætlun. Að vísu eru reikningarnir ekki fullgjörðir enn, en

jeg hef hjer í höndum skýrslu, er sýnir, að gjaldhæðin öll, er borguð hefur verið fram yfir áætlun, er ekki nema líðlega 57 þús. kr., eða svo sem 10% af öllum kostnaðinum. En upp í það kemur eign: Vopnafjarðarálman, 8 þús., Mjóafjarðarálman um 9 þús. kr. og ýmislegt efni, sem er að minnsta kosti 7—8 þús. kr. virði. Þegar það er dregið frá, verður umframgreiðslan líklega um 30 þús. kr., eða með öðrum orðum aðeins um 6% af upphæðinni, er fór til verksins. Og það má sannarlega ekki kalla mikið, sjerstaklega þegar á það er litið, að 20.812 kr. umframgreiðsla varð á einum einasta lið, sem sje koparþræðinum, af því svo illa vildi til, að kopar steig í verði, sem þessari upphæð nam, eptir að stjórn og þing höfðu gjört áætlan sína. Á öðru efni sparaðist aptur á móti svo mikið, að þetta jafnaðist nokkuð, þannig að þrátt fyrir þessar 20,812 kr. umframgreiðslu á koparþræðinum, varð tekjuhallinn á öllum efniskaupum ekki nema 14,800 kr. Og jeg efast um, að nokkur umframgreiðsla hefði orðið á fyrirtækinu í heild sinni, ef það hefði ekki komið á daginn, að ekki var mögulegt að fá þann vinnukrapt í landinu sjálfu, sem við hafði verið búizt og ráð fyrir gjört, nema með því að ráða menn undan bændum frá heyönnum og öðrum bústörfum, til stórtjóns fyrir þá. Stjórnarráðið varð því að taka það til bragðs, að útvega 130 norska og danska erfiðismenn *umfram* það, sem miðað hafði verið við í áætlun og fjárveiting. Til ferðakostnaðar útlendum verkamönnum voru veittar 4,900 kr.; en með þessari miklu fjölgun gengu til þess 16—17 þúsund krónur.

Jeg ætla ekki að fara frekar út í þessa skýrslu að sinni, því jeg vona, að allir sjái af því, er jeg þegar hef tekið fram, að ekki verður annað sagt, en að þær upphæðir, er veittar voru, hafi reynzt furðanlega rjett áætlaðar eptir því, sem mennskum mönnum var auðið fyrir að sjá, og að eigi sje um neina umframgreiðslu að ræða, sem orð sje á gjörandi. Það má með sanni segja, að það gegni furðu, þar sem um svo stórt og áður óþekkt fyrirtæki var að ræða, hve nákvæm áætlun þingsins hefur reynzt í flestöllum greinum og hversu vel allt hefur lánazt. Og Forberg símastjóri á sannarlega skilið beztu þakkir allra fyrir þá ágætu forstöðu, er hann hefur veitt þessu verki.

Jeg skal svo lítillega minnast á brt. háttv. þgm. G.-K. (B. K.), viðvíkjandi verkfræðingi landsins (þgskj. 337).

Hann leggur þar til, að felldar sjeu í burtu fjárveitingarnar ttl aðstoðarmanns og skrifstofukostnaðar. Af ummælum hins háttv. þgm. þykist jeg mega ráða, að hann hefur ekki lesið álitsskjal verkfræðingsins um verklegan undirbúning vegagjörða og framkvæmd þeirra, er lagt var fyrir þingið sem fylgiskjal með fjárlögunum, eða að minnsta kosti hefur hann ekki gjört sjer ljósa grein fyrir, hver sú leið er, sem verkfræðingurinn bendir þar á um framkvæmdir í vegamálum, nje hvaða verksvið þessum aðstoðarmanni er hugað. Meiningin er, að koma á gagngjörðri breytingu í þessu efni, þannig, að akkorðsvinna geti komizt sem víðast á, í stað daglaunavinnu, og taki verkamenn sjálfir að sjer hvern vegarspotta upp á »akkorð«. En það er því að eins hægt, að menn geti haft nokkurn veginn fulla vitneskju fyrir fram um, hvað verkið kostar, og til þess þarf afarmikið undirbúningsstarf; það þarf að vera búið að

velja út og afmarka vegarstæði, framkvæma allar mælingar, gjöra teikningu af veginum, reikna út rúmmál graptar og fyllingar, gjöra áætlun um aðdrætti og ofaníburð o. s. frv. Öll þessháttar gögn verður verkstjórinn að hafa hjá sjer, svo að hann geti samið um framkvæmd á verkinu. Með þessu fyrirkomulagi, er annarsstaðar hefur reynzt vel, býst verkfræðingurinn við, að fá megi ódýrari og betri vegagjörð hjer á landi, en með þeim hætti, er hingað til hefur tíðkazt. En allur þessi undirbúningur tekur mikinn tíma, og það er óhugsandi, að einn verkfræðingur geti annað því starfi. (*Björn Kristjánsson:* Þeir eru tveir). Það er ekki rjett hjá hinum háttv. þgm. Annar verkfræðingurinn hefur alls ekkert með vegamál landsins að gjöra. Hann er settur til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum, til þess að framkvæma ýmsar undirbúningsrannsóknir til annara fyrirtækja. Og það verður ekki annað sagt, en að hann hafi haft nóg að gjöra og ekki legið í letinni; hann hefur sí og æ verið á ferðinni fram og aptur og þó ekki getað annað öllu, sem að hefur kallað. Það liggur alls ekki fyrir, að hann verði skrifstofuþjónn hjá landsverkfræðingnum. Það, sem farið er fram á í stjórnarfrumv., er þetta, að landsverkfræðingnum verði skipaður aðstoðarmaður, til þess að koma megi á stofn almennilegri undirbúningsskrifstofu fyrir vegagjörðir landsins. Jeg skal ekki skýra nákvæmar frá verkefni hennar eða ástæðunum fyrir upphæðinni, sem til er tekin, því að jeg ímynda mjer, að allir *aðrir* þingmenn hafi kynnt sjer álitsskjal landsverkfræðings um þetta efni. Allir munu vita, um hverja meginreglu fyrir vegagjörðum hjer er að ræða, og að fjárveitingin til skrifstofunnar og aðstoðarmannsins miðar ekki til þess, að auka landssjóði útgjöld, heldur til þess, að spara útgjöld, koma í veg fyrir óþarfan kostnað og útvega ódýrara verk síðar meir.

Jeg álít það því heljar-skemmd, ef þessi breyt.till. nær fram að ganga, og það yrði líklega til þess, að vegalögin nýju næðu ekki tilgangi sínum. Þess vegna vona jeg svo góðs til hins háttv. þingmanns, að hann láti sjálfur sansast, er hann hefur kynnt sjer álit verkfræðingsins, og taki breyt.till. sína aptur.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg á hjer nokkuð margar breyt.till., og get því ekki heitið því, að vera æðistuttorður, en reyna skal jeg það þó. Jeg tek breyt.till. eptir töluröð, en þó svo, að samanhengi verði í.

Á þgskj. 361 hef jeg lagt til fyrst, að lánsheimild stjórnarinnar verði færð upp um 200,000 kr., upp í 700,000 kr., og svo að lánið megi afborgast á 20 árum. Mjer er ekki fast í hendi um þessar tillögur; jeg gjörði þær til þess, að tekjur og gjöld landssjóðs gætu vegið salt. En þar sem nú hin háttv. fjárlaganefnd leggur til, að fella burt 94,600 kr. til ritsímans frá Borðeyri til Ísafjarðar síðara árið, og færir ennfremur tekjur landssjóðs upp um 150,000 kr., og þar sem loks er komin fram tillaga um, að fella fjárveitingu til að kaupa talsímakerfin á Akureyri og Seyðisfirði, þá þykist jeg sjá, að ekki muni, að öllu þessu samþykktu, þurfa að halda á þessari auknu lánsheimild, og skal því hvorki eggja hina háttv. deild á eða af um það atriði. Aptur á móti vil jeg vekja athygli deildarinnar á því, hvort ekki mundi heppilegra, að lengja afborgunartímann, eins og gjört er í síðari breyt.till., úr 10 árum upp í allt

að 20 árum. Hjer er um fyrirtæki að ræða, símalagningar, sem koma óbornum að gagni, ekki síður en öldum.

Þá á jeg breyt.till. á þgskj. 363 og 385 um símalagningar. Breyt.till. á þgskj. 385, er komin fram af því, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur lagt til, að fellt yrði burt tillag hjeraðanna, sem sett hefur verið sem skilyrði við allar símalínur, sem nú er í ráði að veita fje til. Jeg vil ekki dragast á nokkurt slíkt tillag úr mínu kjördæmi, ef tillaga hans nær fram að ganga, og því hef jeg gjört þessa breyt.-till.

Breyt.till. á þgskj. 363 fer fram á, að lagður verði talsími til Stykkishólms, annaðhvort að sunnan frá Borgarnesi, eða að austnorðan frá Búðardal. Tillögur mínar við 2. umr. urðu hart úti. Þær komu fyrst til atkv. og deildin þurfti að svala blóðþorsta sínum. En jeg vona nú, að hin háttv. þingd. sþ. aðrahvora leiðina. Jeg vil heldur syðri leiðina, enda hef jeg gjört hana að aðaltillögu minni, af því að þá lægi síminn um fleiri hreppa, og þeir, sem línan lægi ekki um, væru þá nær að fá samband síðar, semsje Staðarsveit og Neshrepparnir báðir. En lína frá Búðardal væri líka notandi, einkum ef spotti væri lagður suður í Miklaholtshrepp, yfir Kerlingarskarð; með því móti væri hægra að koma símanum síðarmeir um Búðir, til Ólafsvíkur og Sands, enda vænti jeg þess, að háttv. þm. styðji norðurleiðina, ef suðurleiðin fellur, það því fremur er jeg greiddi við 2. umr. atkv. með öllum símatillögum, eptir að mínar tillögur voru fallnar. Það er nógu hart fyrir símalausu hjeruðin, að þurfa að kosta aðallínurnar, og verða auk þess, nauðugir viljugir, að leggia fram þriðjung kostnaðar við sína síma, þó að þau þurfi ekki þar á ofan að bíða eptir þeim í mörg ár.

Háttv. framsögum. (J. J.) sagði, að það væri fjárhag landsins of vaxið, að leggja þenna síma nú, en engin rök færði hann fyrir því. Enda er það ekki hægt, sem jeg skal nú sýna. Allur munurinn á fjárlagafrumv. stjórnarinnar og fjárlögunum eins og þau liggja nú fyrir eptir 2. umr., er 100 þúsund krónur, og hafa þó verið teknar upp allar línur, sem beðið hefur verið um, nema þessi eina, sem auka mundi muninn um 30—40 þús. kr., ef hún yrði samþykkt. En nú hefur fjárlaganefndin fært tekjurnar upp um 150 þús. kr., og lagt til, að fella burt fjárveitingu til Ísafjarðarlínunnar síðara árið, svo að þar hafa hafst upp um 250 þús. kr. Auk þess er lagt til, að hætt sje við að kaupa talsímakerfin á Akureyri og Seyðisfirði, og mundi það enn bæta fjárhaginn að mun. Svo að það getur ekki verið fjárhagurinn, sem yrði þessari símalínu til fyrirstöðu, enda heyrði jeg, að háttv. framsögum. (J. J.) sagði í samtali við aðra þingmenn í dag, að svo væri ekki. Jeg vona, að hin háttv. deild láti ekki hræða sig af órökstuddum staðhæfingum háttv. framsögum.

Háttv. framsögum. (J. J.) sagði, að flestar breyt.till. til hækkunar útgjaldanna stöfuðu frá mjer. Það er eins og fleira úr þeirri átt í minn garð, enda ekki undarlegt frá manni, sem sjaldan er inni í deildarsalnum, og enn sjaldnar í sæti sínu, og aldrei tekur eptir því, sem sagt er.

Á þgskj. 364 á jeg lítilfjörlega breyt.-till. Það er að eins leiðrjetting, samkvæm breytingu þeirri, sem nú er orðin á lagaskólalögunum, og þarf ekki að eyða orðum að því.

Þá er breyt.till. frá mjer á þgskj. 365 um, að styrkurinn til Einars Hjörleifssonar falli burtu, skáldastyrkur, verðlaun eða hvað er kallað. Háttv.

2. þm. Rvík. (G. B.) tók það heppilega fram við 2. umr., að skáldastyrkirnir hefðu reynzt illa. Skáldin, sem þá hafa hlotið, eru hættir að yrkja. Það er eins og þeir hafi verið keyptir í mútur, eins og þingið hafi fleygt hnaus á neistann og kæft hann. Skáldin eru nú þrjú á fjárlögunum. Hvaða ástæða er til, að bæta nýjum við? Eða eiga þeir að fá verðlaun fyrir, að þegja? Þá var þó tillaga háttv. 2. þingm. Rvík. (G. B.), um að veita verðlaun fyrir vel unnin verk, ólíkt skynsamlegri. Jeg vil ekki lýsa lífsstarfi þessa manns síðustu árin, en svo mikið er þó óhætt að segja, að lítið hefur hann gott aðhafzt síðan »Vestan hafs og austan« kom út fyrir 6 árum, og allar sögurnar í kverinu voru gamlar: Vonir frá 1888, Litli Hvammur frá 1897 og Örðugasti hjallinn frá 1898. Síðan hefur hann steinþagað, nema hvað fáein sögubrot kvað hafa birzt eptir hann í Skírni og eitt eða tvö í Eimreiðinni. Það virðist því svo, sem hann hafi sungið sitt síðasta vers. Það er reyndar sagt, að verk sje í smíðum hjá honum, en það hefur enginn sjeð, enda varla til þess ætlandi, að kaupa þar köttinn í sekknum. Verk hans á síðari árum eru ekki þess eðlis, að þau geti talizt launaverð frá *almennu* sjónarmiði, ekkert annað en óþverraskrif í ómatvönd blöð og andakukl. Þessar athafnir hans eru ef til vill launaverðar frá einhverju öðru sjónarmiði en því almenna, enda hefur maðurinn lifað á þeim. En ef að maðurinn bætir ráð sitt, þá er ekki nema sjálfsagt, að hann fái einhverja viðurkenningu, og því vil jeg bæta því við breyt.till. háttv. þm. V.-Ísf. (J. Ó.) á þgskj. 370, að veita *megi* honum, að því tilskildu, 1200 kr., fyrra árið. Annars álít jeg rjettast, að sleppa öllum nafnfestum styrkveitingum, en fá stjórninni í þess stað vissa fjárupphæð í þessu skyni. Fjárlaganefndin hefur ekki gjört tillögu um það, og hefur þó frmsm. sagt, að það ætti að gjöra. Vjer aðrir höfum ekki tekið það upp, jeg fyrir mitt leyti af því, að jeg hef ekki haft tíma til þess. En úr því að maðurinn er nú kominn þangað, sem að kallaður hefur verið »ærinn staður« . . . ., þá er í rauninni engin ástæða til, að kaupa hann þaðan aptur.

Á þgskj. 366 hefi jeg leyft mjer, að gjöra viðaukatill. við 16. gr., 6. fjárveitinguna til Búnaðarfjelags Íslands, þess efnis, að: »Fjelagsstjórnin sendi stjórnarráðinu árlega reikning fjelagsins með fylgiskjölum, enda leggi stjórnarráðið reikninginn fyrir næsta alþingi til yfirskoðunar og álita«. Mig hefur dreymt fyrir því, að fjárlaganefndin muni fylkja sjer með formanni fjelagsins í broddi farar móti þessari meinlausu og sjálfsögðu tillögu, sem hefði átt að fylgja fjárveitingunni frá upphafi. Hverju sætir það? Allt af hefur tillag til þessa fjelags farið hækkandi. Fjelagið fjekk:

1901	11,100 kr.	
1902—1903	20,000 kr.	hvort árið.
1904—1095	35,500 —	— —
1906—1907	46,000 —	— —

Nú er farið fram á, að það fái 49,000 kr. hvort árið, og einn þingm. hefur enda lagt til, að tillagið verði hækkað upp í 51,000 kr. Quousque tandem?! Alls hefur fjelagið fengið til ársloka 1907 210,000 kr., eða að meðaltali á ári 30 þús. kr. Árin 1905—1906 eru tekjur fjelagsins, eptir skilagrein fjelagsstjórnarinnar, 9,000 kr., nálega allt úr landssjóði. Er nú til of mikils mælzt, að landssjóður fái náðarsamlegast að vita, hvað gjört er við þetta mikla fje. Að vísu á eptir lögunum, að útbýta reikningi og skýrslu um

starfssemi fjelagsins meðal fjelagsmanna. En í rauninni varðar fjelagsmenn lítið um þá skýrslu, þar sem þeir leggja sáralitið til fjelagsins, heldur varðar þá um það, sem leggja til nálega allt fjeð, þing og stjórn. En reikningurinn er sendur fjelagsmönnum fylgiskjalalaus og mjög lítið sundurliðaður. Fyrst voru fjárveitingar þingsins sundurliðaðar, en nú er allt veitt í einu lagi. Sama er að segja um framkvæmdaskýrsluna, hún er ekki vel löguð til fróðleiks. Þess er að vísu getið, að stjórnarkostnaður og fleira nemi um 10,000 kr. á ári, og er það álitlegur hluti af starfsfjenu, að gengið hafi 8,000 kr. til ræktunartilrauna, um 8,000 kr. til kynbóta, og 2,500 kr. til styrkveitinga til búnaðarnáms. Önnur greinagjörð finnst ekki. Það er allt og sumt, nema hvað vísað er sumstaðar til annara ónafngreindra ritgjörða á öðrum ónafngreindum stöðum. Þingmönnum hefur verið send þessi svo kallaða »skilagrein«, en þar sem hún er mjög ónákvæm og fylgiskjalalaus, er ekkert á henni að byggja.

Nú á að stofna allvel launað forstöðuembætti, sem fjelagið á að ráða eptir vild, og sýnist þá ekki vera til mikils mælzt, þó að þingið fái að sjá reikninga fjelagsins, og það því fremur, sem Búnaðarþingið er ekki heldur sem heppilegast skipað; áður kusu ömtin fulltrúana, en nú eiga sýslufjelögin að kjósa 8, en sjálft búnaðarfjelagið 4.

Enginn má skilja orð mín svo, að jeg vilji í nokkru níðra þeirri stjórn, sem nú er fyrir fjelaginu. Enda má segja, að hún vinni fyrir lítið, þar sem forstöðumaðurinn fær ekki nema 200 kr. fyrir starfa sinn, og þær krónur eru. eptir því, sem mjer er sagt, drukknar út í brennivíni og kaffi heima hjá forstöðumanni af gestum fjelagsins og gangandi mönnum.

Ekki er jeg heldur að amast við búnaðarfjelaginu. Mjer er einstaklega annt um, að landið verði vel ræktað, því að á því byggist framtíðarvegur sona þess og dætra, en það er bæði landinu og fjelaginu fyrir beztu, að hreinir reikningar sjeu lagðir á borðið. Með því móti yrðu menn fúsari til, að leggja fram fje til fjelagsins. Nú eru margir tregir til þess; menn stinga saman nefjum um, hvernig öllu þessu fje sje varið, og af því rís ef til vill ástæðulaus tortryggni til góðs fyrirtækis.

Jeg sje, að fjárlaganefndin hefur á þgskj. 378 lagt til, að fjárveitingin til þjóðvegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms verði færð niður í 5,000 krónur. Mjer skildist á háttv. framsm. (J. J.), að upphæðin hefði verið færð niður vegna þess, að 1905 hafi ekki verið veittar nema 5,000 kr. til vegarins, rjett eins og þinginu væri nú ófrjálst, að bæta 2,000 kr. við.

Þetta kemur nú nokkuð í sama stað niður fyrir landssjóðinn, því ef ekki verða veittar nú meir en 5.000 kr., þá verður áreiðanlega beðið um 2.000 kr. fjárveitingu á næsta þingi. Því það *þarf* 7,000 kr. til þess, að gjöra veginn; og þá 2,000 kr. fjárveitingu getur næsta þing naumast neitað um. — Þess vegna finnst mjer það hefði verið rjett af þinginu, að veita nú strax þessar 7,000 kr., og það því fremur, sem þetta yrði síðasta tillag til vegarins norðanfjalls. En vitanlega eru 5,000 kr. betri en ekki neitt.

Jeg drógst á að vera stuttorður, og þykist hafa efnt það. því nú hef jeg minnzt á 8 tillögur, og þó ekki brúkað nema hálfan klukkutíma.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.). Jeg á hjer nokkrar breyt.till. sem jeg get tekið

aptur, af því að það eru komnar breyt.till. sama efnis annarsstaðar frá. Breyt.till á þgskj. 367 um D. II 1 tek jeg aptur, því fjárlaganefndin hefur gjört breyt.till. sama efnis. Á þgskj. 380 eru 5 breyt.till, sem jeg líka tek aptur, því 4 þeirra eru teknar upp af hæstv. ráðh. og sú 5. af fjárlaganefndinni. Breyt.till. á þingskjali 372 tek jeg líka aptur, því ráðh. hefur tekið hana upp. Þá er breyt.till. á þgskj. 368 við breyt.till. á þgskj. 330, sem fer fram á, að sleppa að stofna símkerfi á Ísafirði, ef hætt verður við að kaupa símkerfi á Seyðisfirði og Akureyri; þetta sýnist mjer nefnilega vera sjálfsagt; en jeg er á móti breyt.till. 330 vegna þeirra upplýsinga, sem jeg hef fengið um það mál; símkerfin geta vel verið bæjunum til skaða, þó að landsjóður gæti grætt á þeim, því landssjóður þarf engu að kosta til starfrækslu (*Guðl. Guðmundsson:* Þetta er misskilningur) því trúi jeg varla, að það geti verið misskilningur; mjer sýnist það svo einfalt.

Þá vildi jeg minnast á eina breyt.till. fjárlaganefndarinnar. Það er tillagan um, að liðurinn í 13. gr. D III falli burtu. Jeg verð að segja, að það datt ofan yfir mig þegar jeg sá þessa tillögu að fella burtu símann frá Búðardal til Borðeyrar eptir að einusinni var búið að samþykkja hana hjer í deildinni. Kostnaðurinn við þennan símastúf er að eins 14,000 kr. og rekstrurinn kostar landssjóð ekki neitt, því stöðin verður á Borðeyri hvort sem er, en hina stöðina, í Búðardal, hafa sýslubúar boðizt til að reka, landssjóði að kostnaðarlausu, að eins fyrir þær »prócentur« af tekjum landssjóðsins af símanum, sem allar aðrar 3. flokks stöðvar fá. Það eru því ekki annað en renturnar af þessum 14,000 kr., sem um er að gjöra, en þær eru 560 kr. ef rentan er talin 4%. Og jeg er viss um, að síminn gæfi þessar rentur; það er náttúrlega ekki gott að segja, hvort þær yrðu 400 kr. eða 560 eða kannske 600 kr., enda skiptir það minnstu. Dalasýsla þarf að fá samgöngubót; allir kannast við það, að siglingin á Hvammsfjörð er ljeleg og alveg ónóg. Þar kemur ekkert millilandaskip og Skálholt aðeins 4 sinnum á ári. Ef símastöð væri í Búðardal, gætu notið hennar 5 þjettbýlir hreppar, svo þjettbýlir, að jeg get sagt það með vissu, að óvíða er þjettbýlla á Suðurlandsundirlendinu; það er mjer fullvel kunnugt um. Jeg þarf heldur ekki annað en minna á það, hve ómetanlegt gagn það er, að geta haft símasamband við beztu lækna landsins. Það vita þeir bezt, sem hafa orðið hættulega veikir. Jeg varð einusinni að senda suður í Reykjavík til þess að fá læknisráð; það kostaði mig 70 kr., en það bjargaði lífi mínu. Það eru ekki allir, sem eiga hægt með að senda suður í Reykjavík og ekki allir, sem geta beðið eptir læknisráðum eða læknishjálp þaðan, á meðan sendimaður fer fram og aptur.

Frá fjárhagslegri hlið sýnist þetta ekki vera mikið. Tekjur landsins leyfa það og er því engin ástæða til að draga það, því það kemur með tímanum, verður að koma. Jeg vona því, að hin hv. deild lofi þessari litlu upphæð að standa, því upphæðin er sannarlega lítil, þegar miðað er við það gagn, sem hjeruðin hefðu af þessu fyrirtæki, ef því yrði komið í framkvæmd.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg ber mjög fyrir brjósti, að fjeð til aðstoðarmanns verkfræðingsins fái að standa, Jeg sannfærðist um það, þegar jeg las till. verkfræðingsins, að þessi undirbúningsvinna við vegagjörðir sparaði landinu stórfje. Mjer finnst háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) koma með

svo ágætt dæmi, einmitt móti sjálfum sjer, þar sem hann minntist á þessar 16,000 kr., sem gengið hafa til Mosfellssveitarvegarins og lítið sýnist unnið fyrir nú. (*Björn Kristjánsson:* Jeg sagði, af hverju hann hefði orðið svo dýr). Já, af því að hann var lagður undirbúningslaust og rannsóknarlaust; hefði allt verið undirbúið til undirboðs á veginum, hefði kostnaðurinn orðið stórum minni. En vjer Íslendingar kunnum því miður sjaldnast að meta sjerþekkinguna sem vera ber.

Annað sem mig langaði til að víkja að, er till. háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), að halda eptir lausafjenu við afhending Hólaskóla. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Það er ekki eign Hólaskóla). Þetta er mjer alveg óskiljanleg krafa. Sem næst allt amtsráðið norðanlands sat á þingi 1905 og samdi og samþykkti bændaskólalögin, og þau eru skýlaus: Allt afhendist landssjóði, og hjer sunnanlands kom engum annað til hugar, og var þó Hvanneyrareignin mun stærri. Jeg get varla skilið, að þetta sje flutt inn á þing öðruvísi en í spaugi. Það er svo fráleitt, þegar landssjóður er einmitt að taka byrðina af fjórðungunum.

Ögn vildi jeg minnast á lýðháskólann austanfjalls, sem á að vera einkaeign þeirra manna, sem gangast fyrir málinu og tel jeg það rjett horfa. Jeg tók eptir orðum hins hv. ráðh., að það væri ekki til neitt fje, og jeg skil það nú reyndar, að það muni vera af skornum skammti eptir öll útgjöldin. En jeg vildi lýsa gleði minni yfir þessu ráði; jeg veit, að það er mjög mikill áhugi í hlutaðeigandi hjeruðum á því, að þetta komist á framkvæmd. Jeg ætla að greiða atkv. með till., þó að sje kannske ekki hægt að veita lánið að þessu sinni, því það er sannfæring mín, að þetta sje sá vegur, sem við eigum að fara; þennan veg hafa Danir og Norðmenn farið, og hefur orðið til þeirra framfara sem öllum er kunnugt. Jeg vil um leið lýsa yfir því, að jeg ber gott traust til þessara manna, sem hjer eiga hlut að máli.

Þá verð jeg að segja, að jeg er í meiri vanda með till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á þgskj. 377. Jeg bjóst við því, að breyt.till. um hækkaðan styrk til Búnaðarfjelags Íslands kæmi ekki fyr en búnaðarþingið hefði lokið störfum sínum í næstu viku; þá vita menn, hverjir veita fjelaginu forstöðu nú í næstu 2 árin og þingið gæti þá ráðið, hve miklu það vildi trúa þeim fyrir. Jeg get ekki betur sjeð, en að frumv. um skóggræðslu og varnir gegn uppblæstri lands sje búið að vera í þeirri mynd, sem það er flutt inn á þingið, því jeg veit það með vissu, að danski skógfræðingurinn Kofoed Hansen gengur ekki að þessum 3,000 kr. sem veittar eru, svo hefur hann afdráttarlaust mælt í mín eyru. Þá verður að hafa önnur ráð. og þm. S.-Þing. vill fela starfið grasafræðing Helga Jónssyni, sem auðvitað hefur nokkur skilyrði til þess. Það var fyrir nokkrum árum, að það lá í loptinu, að fela Búnaðarfjelaginu skóggræðsluna, en jeg var því mótfallinn, meðal annars treysti jeg mjer ekki á því svæði. Sá maður gæti orðið starfsmaður Búnaðarfjelagsins, að skóggræðslustarfið bæri undir það fjelag. En aptur á móti hefur mjer allt af sýnzt, að sandgræðslan eigi þar beint heima. Það er heldur ekki langt síðan — gjörðist fyrir fám dögum — að Búnaðarfjelagið hljóp undir bagga með sandgræðsluna á Skeiðunum. Þar var þrotið fjeð, sem skógræktarmennirnir dönsku höfðu ætlað Reykjasandinum.

Nú vildi jeg minnast á till. háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) og ræðu hans; till. gengur eiginlega út á það, að gjöra

Búnaðarfjelagiðaðnokkurskonarstjórnarritstofu; það á að sleppa sjálfstæði sínu, sem það nú hefur, og sýna það í verkinu með því, að leggja fram reikninga fyrir alþingi til yfirskoðunar og álits.

Jeg get ekki kannazt við það, er háttv. þm. Snæf. sagði, að alþm. gætu ekki haft ueinn kunnugleika til Búnaðarfjelagsins. Það hefur jafnan verið útbýtt meðal þm. skýrslum um gjörðir fjelagsins, og árs reikningum og áætlunum, og svo var enn á þessu þingi. Sjálfur vitnaði háttv. þm. í þessar skýrslur. Þetta, sem jeg hef í höndum mjer, fvö hepti frá Búnaðarþinginu í sumar og hin endurskoðuðu fjelagslög, hafa allir þingmenn fengið, og er allnákvæmlega skýrt frá því til hvers fjenu hefur verið varið og til hvers á að verja því framvegis. Og hjer á þingi sitja 8 búnaðarþingsfulltrúar gagnkunnugir fjelaginu, 5 í þessari deild og 3 í Ed.

Meðan alþingi og stjórn álítur, að því fje, er fjárveitingarvaldið vill veita til styrktar landbúnaðinum, sje bezt varið á þann hátt, að láta stjórnendur Landbúnaðarfjelagsins hafa umráð yfir því, þá fer vel á því. En undir eins og þingið og stjórnin telur þetta fyrirkomulag óhappasælt, þá er ekki annað fyrir það að gjöra, en að kippa að sjer hendinni. Það liggur í hlutarins eðli, að fleiri eða færri af þeim fyrirtækjum, er Búnaðarfjelagið undirbýr og hrindir í framkvæmd, hverfi undir umsjón landsstjórnarinnar, þegar allt er komið í fast lag. Svo hefur það gengið í öðrum löndum. Þegar Búnaðarfjelagið hefur búið allt í garðinn, þá er tími til kominn fyrir stjórnina að taka sjer fasta ráðanauta. Og þá er sjálfsagt að sundurliða búnaðarframlagið á fjárlögunum, þannig að veita t. d. 15,000 kr. til kynbóta, 15,000 til N. N. o. s. frv. og landsstjórnin ræður yfir með búfróðum ráðanaut eða nautum sjer til aðstoðar.

Frá sjónarmiði Búnaðarfjelagsins er hver tilraun til að svipta það fjárráðum sínum, sama sem að skera á lífæð þess. Fjelagið verður að vera sjálfstætt, »prívat«-fjelag; upp á aðra kosti getur það ekki veitt fjenu viðtöku. Styrkurinn er ekki í fjelagsins þágu nje þeirra manna, er þar starfa, heldur fara þeir eins og sjálfboðaverkamenn með það fje, er þing og stjórn vilja verja til eflingar búnaðarframförum. Háttv. þgm. kvað allt af veitt til þessa fjelags meira og meira fje. Mikið rjett. En hvað er það annað en gleðilegur vottur um vaxandi áhuga, framfara-viðleitni og nýja tilburði; en ekki mun fjelagið halda í fjeð og starfsmenn, er landsstjórninni og fjárveitingarvaldinn þykir tími kominn til, að undanskilja fleiri eða færri greinar frá afskiptum fjelagsins.

Í sambandi við þetta vil jeg sem bezt þakka hæstv. ráðherra fyrir hin vinsamlegu og viðurkennandi orð, er hann hafði um fjelagið. Og jeg skal láta þess getið, að jeg hefði fúslega viljað leggja í sölurnar tíma minn og vinnu áfram í fjelagsins þarfir eins og hingað til, ef jeg sæi mjer það fært. Jeg má það eigi embættis míns vegna, og jeg get eigi fullnægt hinni sívaxandi vinnu við fjelagið, auk þess sem þekkinguna brestur í svo mörgum greinum, til þess að geta komið að fullu gagni í yfirstjórn fjelagsins.

Töluverð freistni er það fyrir mig að tala almennt um fjárhag landsins, en til þess er eigi tími. Ófgalaust vil jeg líta á það, og hygg, að fljóti, komi eigi óáran á sjó eða landi. En minna vil jeg á það, að eigi er nóg að fá jöfnuð inn á sjálf fjárlögin. Fjáraukalögin hvorutveggju að þessu sinni veita

svo margfalt stærri upphæðir en nokkuru sinni áður. Komi móttökukostnaðurinn inn á fjáraukalögin 1906 og 1907 í viðbót við símakostnaðinn, og svo margt og margt annað, gæti jeg trúað, að hundrað-þúsundin yrðu jafnmörg á fjáraukalögunum alls og fingurnir á þessari hendi.

Þess vegna studdi jeg það í fjárlaganefndinni og styð það enn með atkvæði mínu í þessum fjármálum, að þær fjárveitingar, er *geta* beðið, enda þótt þær í sjálfu sjer sjeu nauðsynlegar, verði settar hjá að þessu sinni fjárhagsins vegna. Hans vegna og vegna vinnukraptsins í landinu mun jeg nú verða í apturhaldsliðinu með nýjar símalagningar, svo gleðilegt sem það er að sjá áhuga hjeraðanna að fá sem allra fyrst þá menningarbót heim í hlaðið til sín.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Jeg vildi leyfa mjer að gjöra örfáar athugasemdir til skýringar þeim breyt.-till., sem jeg hef komið með.

Breyt.till. mín á þgskj. 306 (við 12. gr. 9) lýtur að styrk til sjúkrahúsa og sjúkraskýla til þess að halda lærðar hjúkrunarkonur. Um undanfarin ár hefur álika hár styrkur verið veittur öllum sjúkrahúsunum, á Akureyri, Ísafirði, Seyðisfirði og Patreksfirði, sinar 400 kr. hverju, nema því síðastnefnda 300 kr. En þess hefur alls eigi verið gætt af þinginu, hvort þau væru öll jafnverðug styrksins og jafnþurfandi, og þess hefur heldur ekki verið gætt nú, að á síðasta vori komu í gang sjúkraskýli á Brekku í Fljótsdal, og á Sauðárkrók, og að þau eru ekki síður þurfandi styrks. Yfir höfuð er ástæðulaust að gjöra mun á sjúkraskýlum og sjúkrahúsum, þegar um styrkveitingar er að ræða.

Eðlilegasti mælikvarðinn fyrir styrkhæðinni sýnist að vera sá, að hún sé í hlutfalli við það gagn, er sjúkrahúsin gjöra eða með öðrum orðum í hlutfalli við sjúklingafjöldann. Árið, sem leið, voru á sjúkrahúsinu á Ísafirði 29 sjúklingar, á Seyðisfirði 43 og á Akureyri 150. En þó að það nú kynni að virðast rjettlátast að veita styrkinn í hlutfalli við sjúklingatölu, þá er víst um það, að hin minni sjúkrahælin fengju svo lítinn styrk, að hann gæti ekki orðið þeim að neinu liði. Og það eru einmitt hin minni sjúkraskýlin, sem erfiðast eiga uppdráttar, svo að ekki væri nema sanngjarnt að styrkja þau meira en í rjettu hlutfalli við sjúklingafjöldann.

Þó er annað verra, og það er það, að styrkveitingarnar hafa ekki verið neinu skilyrði bundnar.

Á Patreksfirði hefur um langan tíma aldrei verið brúkleg hjúkrunarkona, og því hefur sjúkrahúsið þar komið að harla litlu gagni. Það er hverjum manni kunnugt, hversu miklu það skiptir, að sjúklingana stundi góðar hjúkrunarkonur. Og það er skaðlegur sparnaður að spara þann tilkostnað að halda æfða hjúkrunarkonu. Enda veit jeg, að sum sjúkrahúsin hjer á landi hafa beðið af því mikinn baga. Sjúklingarnir fælast að vera þar, sem enginn kostur er góðrar hjúkrunar, enda þótt þar fáist góð læknishjálp.

Til þess að bæta úr þessu, miðar breytingartill. mín á þgskj. 306, er fer fram á, að sameina í eitt fjárveitingarnar til sjúkrahúsa og hækka nokkuð hina samanlögðu upphæð, til þess að hin nýju sjúkraskýli geti einnig orðið nokkurs styrks aðnjótandi. Og í öðru lagi er þar sett það skilyrði, að sjúkrahúsin hafi brúklegar hjúkrunarkonur.

Jeg vona, að hin háttv. deild sjái, að þessi breyt.till. miðar til bóta. Ef

hún nær fram að ganga, má það verða til þess, að þeir menn, er sjúkraskýlunum stjórna, finni meiri hvöt hjá sjer eptir en áður, til að búa svo í haginn fyrir þau, að þau megi verða vel að notum.

Engin vanþörf væri á, að taka það efni til meðferðar, hvernig menn ættu að fara að útvega góðar hjúkrunarkonur, hvar þær ættu að fá menntun sína, á hvers kostnað þær ættu að menntast o. s. frv. En því verð jeg að sleppa að sinni vegna tímaskorts.

Breyt.till. mín á þgskj. 312 hljóðar um fjárveitingu til læknaskólans til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda. Í fjárlagafrumv. stjórnarinnar voru til þess ætlaðar 800 kr. hvort árið, en nefndin færði upphæðina niður í 600 kr. síðara árið. Má vera, að því sje um að kenna, að mjer láðist að tala um þetta við nefndina, áður en til umræðu kom, því jeg tel það víst, að jeg hefði getað sannfært hana um nauðsyn þessarar fjárveitingar. Og jeg tel óþarft að rekja rök til þessa, því að jeg vona, að hin háttv. deild taki mig trúanlegan um það efni.

Breyttill. mín á þgskj. 344 fer fram á, að fjárstyrkurinn til Guðmundar skálds Magnússonar sje að vísu jafnhár og áður, en verði veittur allur fyrra árið, og ekki sem styrkur, heldur sem verðlaun fyrir þau skáldrit, sem hann þegar hefur samið. Háttv. þgm. Snæf. (L. H. B.) hefur þegar fært rök fyrir því, að það sje rjetta stefnan, og hef jeg þar engu við að bæta.

Loks finn jeg það skyldu mína, að minnast á eina breyt.till., er annar háttv. þgm. er flutningsmaður að, og mæla fram með henni; hún hljóðar um, að fyrverandi fangaverði Sigurði Jónssyni sjeu veitt 800 kr. eptirlaun, í stað 700 kr. Jeg segi, að jeg finni það skyldu mína, af því að mjer er svo vel kunnugt um starfsemi þessa manns. Jeg, sem hef verið læknir við tukthúsið á 11 ár, get borið um það, betur en margur annar, að sá maður hefur staðið prýðilega í stöðu sinni, verið einhver hinn samvizkusamasti og skylduræknasti maður, sem hugsazt getur, og gjört sjer stakt far um að spara fyrir landssjóð. Og ef hin háttv. deild sjer, að 800 kr. eru ekki of mikil eptirlaun handa fangaverði, er gegnt hefur starfi sínu með sóma, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja, hvort 460 kr. eptirlaun þyki sómasamleg handa prófasti, er gegnt hefur embætti í 46 ár með heiðri og sæmd, staðið allan þann tíma framar öðrum í sveitarstjórn, sóknarmálum og sýslumálum, og jafnan verið hinn mesti höldur í hjeraði. Jeg á við Hjörleif prófast Einarsson. Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að styðja tillögu mína um 360 kr. eptirlaunaviðbót honum til handa með fleiri orðum. Það er í ráði, að veita öðrum presti 1,000 uppbót fyrir jarðabætur og húsa. Um sjera Hjörleif veit jeg með vissu, að hann hefur gjört svo miklar umbætur á Undirfelli, að sú jörð er nú vafalaust hálfu meira virði, en þá er hann tók við henni.

Þegar hjer var komið, var kl. orðin 8, og kom þá fram uppástunga um, að hætta umr. um málið, og var sú tillaga felld með 14 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hermann Jónass.,	Hannes Hafstein,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Kristjánss.,	Jón Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Lárus Bjarnason,

Já:	*Neil*
St. Stefánss. Skagf.,	Magnús Andrjesson,
Tryggvi Gunnarss.,	Ólafur Briem,
Þórh. Bjarnarson.	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánss. Eyf.,

Stóðu þá umr. enn til kl. 10.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það var fyrst og fremst athugas. hæstv. ráðherra um hækkun útflutningsgjaldsins hjá fjárlaganefndinni, sem fjekk mig til að taka til máls. Hann benti á, að það væri vafasamt, hvort þessi hækkun væri ekki byggð á lausum grundvelli, þar sem hún væri mestmegnis undir síldar-útflutningnum komin, og það væri alls óvíst, að hann yrði eins mikill framvegis, eins og hann hefur verið. Jeg get til stuðnings áætluninni gefið upplýsingar, sem jeg fjekk í dag, raunar eru þær ekki alveg nákvæmar, en þó ekki fjarri sanni. Mjer hefur verið skýrt frá því, að nú eru komnar á land hjer um bil 145,000 tunnur af síld í Norðurlandi, á Siglufirði, Akureyri, Hjalteyri og Raufarhöfn. Á Austfjörðum er mikill síldarafli þessa daga, og það er því útlit fyrir, að útflutningsgjaldið verði ekki lægra í ár en í fyrra. Jeg hygg, að útlit sje fyrir, að þessi útflutningur fari heldur vaxandi, en minnkandi næstu árin.

Jeg er háttv. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þakklátur fyrir, að hann er nú í öllum verulegum atriðum samdóma meiri hluta ritsímanefndarinnar 1905, svo sem sjá má af breyt.till. hans, »stóru tillögunni«, sem svo er kölluð. Jeg verð að telja honum það til gildis. Jeg er sömu skoðunar nú og þá, að landssjóður eigi að leggja allar stofnlínur eða aðallínur, en aukalínur innanhjeraðs eigi sýslurnar að kosta. »Stóra till.« hefur því mitt fylgi. En eins og mótspyrnan var æst á þinginu 1905 gegn ritsímanum, gat enginn búizt við, að menn væru búnir þegar 1907 að átta sig svo vel á þessu framfaramáli, að þeir vildu setja öll önnur framfaramál í skugga fyrir þessu eina. Það er auðsætt, að öllum kröfum um símalínur, sem nú eru á ferðinni, er ómögulegt að fullnægja í einu.

Jeg heyrði sagt, að háttv. þgm. hefði minnzt á kostnaðaráætlun meiri hlutans í ritsímanefndinni 1905. Jeg ætla ekki að fara langt út í það mál, en það er víst, að kostnaður við símann hefur ekki farið fram úr áætlun meiri hluta nefndarinnar, eins og hæstv. ráðh. tók fram, í öllu falli ekki, svo það sje teljandi, alls ekki yfir 6% af upphæðinni, hvernig sem talið er. Hvernig áætlunin var hjá minni hlutanum, það muna allir, svo það er óþarfi að ryfja það upp. Að eins skal jeg minna á, að minni hlutinn taldi fyrirsjáanlegt og alveg efalaust, að skaði landsins á þessari einu línu yrði 2 miljónir króna. En eptir þeirri reynslu, sem fengin er nú, er jeg á því, að svo fari, þó ekki verði á næstu árum, að síminn verði okkur fremur 2 miljóna gróði en 2 miljóna skaði. Frekar ætla jeg ekki að tefja háttv. deild með þessu efni, það yrði, ef til vill of langt mál, ef farið væri að rekja það og tæta til rótar.

Hvað kostnaðinn við talsímakerfið á Akureyri snertir, get jeg ekki lagt mikið upp úr upplýsingum hæstv. ráðh., eða áætlun hans um, að kostnaðurinn hljóti að verða 21 kr. 60 aurar fyrir hvern notanda. Hæstv. ráðh. miðar við Reykjavík, þar sem hann telur kostnaðinn 27 kr. 60 a. Jeg byggi ekkert á Reykjavík, af því það eru sjerstakleg atvik, óvandað kerfi, sem þarf mikið viðhald, tíð skipti á »central«-

borðum o. fl., sem valdið hafa kostnaði þar. Í öðru lagi er þessi upphæð ekki rjett, af því að í henni er talið ýmislegt með, sem ekki á að vera með og alls ekki kæmi til á Akureyri. Að áætla fyrir Akureyri sömu upphæð eins og í Reykjavík, er því ekki á rjettum rökum byggt. Þessi geysiháa áætlun er auk þess byggð á því, að gjört er ráð fyrir, að Akureyri eigi að borga allan kostnað við miðstöð, eins og engin landsímastöð væri til. Jeg hef hingað til borið það traust til stjórnarinnar, hvað sem ritsímastjóranum líður, að mögulegt yrði að koma á sanngjörnum samningum milli landsímastöðvar og miðstöðvar, báðum í hag, og jeg ætla ekki stjórninni að óreyndu þá óbilgirni, sem hjer er otað að manni, og vona, að hún færi ekki að beita þess konar aðferð til þess að auka tekjur landssjóðs. Nú hefur h. ráðh. lýst yfir, að gjaldið skuli ekki verða hækkuð næstu 5 ár, nema með leyfi bæjarstjórnarinnar. Við, sem að þessu máli stöndum, höfum komið okkur saman um, að láta okkur nægja þessa yfirlýsingu. Í samráði við þgm. Ak. (M. L.) tek jeg þessa breyt.till. aptur, og þarf þá væntanlega ekki frekar um það mál að deila.

Þó það sje, ef til vill, að tala fyrir troðnum hlustum, þá ætla jeg að minnast lítið eitt á búið á Hólum í Hjaltadal. Gagnvart háttv. þgm. Borgf. (Þ. B.) skal jeg taka það fram, að búið hefur ekki tilheyrt skólanum síðan 1901. 29. júní það ár var gjörður samningur við mann um kaup á búinu. Þetta sýnir ljóslega, að búið var ekki skoðað sem skólans eign. Ennfremur var skólinn þá í stórri skuld, og það var talað um að selja búið upp í skuldina, en niðurstaðan varð, að jafnaðarsjóður leysti skuldina af búinu.

Að taka Hvanneyrarskólann til samanburðar nær engri átt, því þar var öllu allt öðruvísi varið. Þar var kennslan verkleg og búið því einskonar kennsluáhald, og búinu sjálfu svo veittur styrkur til að fæða og framfæra piltana. Hólabúið hefur þar á móti alltaf verið skoðað sem sjerstakt og ut af fyrir sig, og því er það, að það hefur verið fengið skólanum alveg óviðkomandi manni í hendur, með rjetti til að kaupa það, hvenær sem hann vildi. Jeg skil ekki, hvernig á að fá skýrari ástæður eða sannanir fyrir því, að búið er ekki skólans eign. Þetta sagði jeg líka háttv. þm. Borgf. 1905, en þá var ekki talin nein ástæða til að hreyfa málinu, af því að engum mundi detta í hug að skoða búið sem skólans eign. En telji landssjóður sjer sóma í því, að þröngva kosti Norðuramtsins í þessu mali, þá mun amtsráðið telja það rjett sinn, að heimta skólann og búið aptur af landssjóði.

Þá á jeg breyt.till. á þgskj. 330. Jeg vona, að enginn neiti því, að full ástæða er til að veita til vegagjörðar í þessu kjördæmi hina tilteknu upphæð, og væntanlega gætir hennar ekki mikið innan um alla þá tugi þúsunda, sem hjer eru »á ferð og flugi«.

Breyt.till. á þgskj. 360 um, að þingið veiti lán til að koma upp lýðskóla á Suðurlandsundirlendinu, snertir óbeinlínis mitt kjördæmi. Jeg veit, að hugmyndin hefur þar mikið fylgi, og jeg sje á þingmálafundum, að þar hefur komið fram almenn ósk í þessa átt. Þótt jeg sje ekki lengur riðinn við stjórn þessa kjördæmis, þá veit jeg, að Vestur-Skaptfellingar munu ekki skerast úr leik, svo frámarlega sem Rangvellingum og Árnesingum er áhugamál að koma þessu máli í framkvæmd.

Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg skal tala stutt. Hæstv. ráðh. furðaði á

því, að jeg hafði talið tillagið til norræna ritsímafjel. með kostnaðinum. Jeg sje þó ekki annað, en að það sje rjett, að telja það með útgjöldum, þar sem tekjur af útlendum símskeytum eru taldar með tekjum landssjóðs. Reikningurinn er því rjettur, útgjöldin 170,800 kr. yfir fjárhagstímabilið, en tekjurnar áætlaðar 100,000 kr. Auk þess er þess að gæta, að engir þeirra, sem flutt hafa till. um nýja síma, hafa gjört ráð fyrir nokkurri upphæð til starfrækslu simanna. Það er yfirsjón flutningsm., sem og fjárlaganefndarinnar, að hafa ekki athugað þetta. Það er eins og menn ætlist til þess, að þetta kosti ekkert, og að ekki þurfi að hækka útgjöldin til starfrækslu símanna, viðhalds o. fl., þótt þeim sje fjölgað. Að vísu munu tekjurnar aukast nokkuð, en þó líklega tæplega, sem auknum gjöldum til hins ofangreinda nemur.

En aðaláherzluna legg jeg á það, og þykir leitt, ef hinir háttv. þm. eru mjer ekki sammála um það, að ósanngjarnt sje, að ætla sýslufjelögunum, að leggja fram allt að 1/3 kostnaðarins við símalagningarnar.

Jeg er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um kostnaðinn við ritsímalagninguna í fyrra. Reyndar gat hann þess jafnframt, að reikningarnir væru enn eigi fullgjörðir, svo að hæpið mun að byggja á því, sem hann sagði um upphæð þá, er eyðzt hefði umfram fjárveitingu síðasta alþingis. En í sambandi við þetta atriði verð jeg að furða mig á því, hve háttv. þm. V.-Sk, var ánægður yfir því, að kostnaðurinn hefði ekki farið nema 10% eða jafnvel 6% fram úr áætlun meiri hluta ritsímanefndarinnar á alþingi 1905. Það var þó þessi háttv. þm., sem á þingi 1905 sló í borðið, og sagði, að stjórnin tækist á hendur að gjöra verkið fyrir þá upphæð, sem veitt var. Þá kvað það við hjá meiri hluta þingsins, að fjárveitinguna bæri að skoða sem ákveðna upphæð, er verkið yrði að framkvæmast fyrir, en ekki sem áætlun.

Sama háttv. þm. furðaði á því, eða gladdist yfir því, að jeg væri nú orðinn samdóma meiri hluta ritsímanefndarinnar. Jeg skil ekki, að það geti verið nokkurt sjerstakt gleðiefni, þó að jeg sje því samþykkur nú, sem jeg var samþykkur þá. Ágreiningurinn var þá um það, hvort taka ætti ritsíma eða loptskeyti, en alls eigi um það atriði, sem þm., nefndi. En þetta minnti mig á annað, sem stendur í sambandi við þetta mál. Fyrir þinginu liggur nú bænarskrá frá manni, sem þykist hafa orðið hart úti, að því er snertir staurafluttninginn. Maður þessi heitir Guðmundur Hávarðsson, og jeg skýt því til stjórnarinnar, hvort ekki væri ástæða til, að athuga beiðni mannsins. Jeg hef litið fljótlega yfir umsókn hans, og sjeð, að þar mun að vísu ekki vera um rjettarkröfu að ræða. Eptir skýrslu hans hafa staurarnir komið seinna, og verið fluttir á aðra staði, en um hafði verið samið, og hann þó glæpzt á því, að sinna um staurafluttninginn. En þegar alþýðumenn eiga í hlut, er ástæða til að líta sanngjarnlega á kröfurnar, þar sem þá brestur þekkingu til þess, að meta gildi og ákvæði samninga, sem þörf er á.

Jeg hef líka heyrt getið fleiri manna, sem þykjast hafa orðið hart úti, að því er staurafluttninginn snerti, vegna þess að þungi stauranna hafi reynzt annar, en til var tekið í samningunum við þá; t. d. hefur 2. þgm. Skgf. (St. St.) sagt mjer, að 2 menn þar nyrðra hafi beðið hann að bera upp á þinginu beiðni um uppbót. Það er allt af óheppilegt, er samningar eru

svo úr garði gjörðir, að samningsaðili sjer sje eigi annað fært, en að fullnægja samningnum, þótt það bregðist, er hann taldi áreiðanlegt, eins og sögusögn meiri hluta ritsímanefndarinnar um staurafjungann. Jeg er ekki að ásaka stjórnina fyrir það, þótt hún gæti ekki gefið rjettar upplýsingar á þeim tíma, sem samningar voru gjörðir, en þá átti að haga samningunum á þann hátt, að menn væru eigi ginntir til samninganna, með rangri frásögn um staurafjungann. Jeg öfunda eigi stjórnina af þeim sparnaði, er á þann hátt hefir unnizt.

Þar sem hæstv. ráðh. tók fram, að aðalástæðan til þess, að láta sýslufjelögin borga nokkuð af símakostnaðinum, væri sú, að það væri nokkurskonar »stöðvari« eða »beizli«, sem mundi verða aðhald, ef þörfin væri ekki mjög brýn, þá get jeg látið mjer nægja, að skirskota til þess, sem jeg sagði um vegina; þar sker þingið sjálft úr því, hvar þörfin sje brýnust, og eins ætti að vera, að því er símana snertir. Og þegar um brýr er að ræða, er ekki heimtað tillag frá sýslufjelögum, heldur ákveður alþingi sjálft á hverju þingi, hvaða ár sje mest þörf á að brúa.

Hæstv. ráðh. sagði, að landssjóður mundi geta veitt öll þau lán, sem heimilað er á fjárlögunum að veitt verði. Það er heppilegt, ef svo reynist. En það er þó allmikil upphæð, sem um er að ræða, þótt raunar sje ekki víst, að allar lánveitingarnar verði notaðar til fulls.

Fjáraukalögin gjöra ráð fyrir fjárveitingum, sem eru að upphæð 250,000 kr., eða því sem næst. Nú er auðvitað, að allmikinn kostnað leiðir af komu konungs og ríkisdagsmannanna. Hjer við bætast svo fjárveitingar eptir ýmsum nýjum lögum, sem væntanleg eru frá þinginu, o. fl. Jeg hef því grun um, að þessar glæsilegu vonir, sem stjórnin gjörir sjer um fjárhaginn, rætist ef til vill ekki að öllu leyti.

Björn Kristjánsson (2. þgm, G.-K.): Jeg sje, að menn eru nú orðnir svo þreyttir á þessu langa fundarhaldi, að þeir haldast ekki við í þingsalnum; væri því æskilegast, að umræðunni væri frestað. Því þegar enginn hlustar á það, sem talað er, er ekki til neins að taka til máls, og enn fremur verð jeg að álíta, að að minnsta kosti helmingur þingdeildarmanna verði að vera í þingsalnum, til þess að fundarfært sje.

Jeg skal nú samt byrja mál mitt með því að þakka deildinni fyrir, að hún hefur verið svo frjálslynd að lofa mönnum að tala; það hefur stundum komið fyrir, að umræður um fjárlögin hafa verið skornar niður í miðju kafi, og er slíkt mjög óviðfelldið, einkanlega þegar um fjárlögin er að ræða, því það má ekki minna vera, en menn fái að tala eins og þeir þurfa og vilja í því máli, sem er jafnan stórvægilegasta málið, sem þingið hefur til meðferðar.

Þá ætla jeg að svara hæstv. ráðh. út af mótmælum hans gegn breyt.till. minni á þgskj. 337, sem er þess efnis að hækka laun landsverkfræðingsins um 500 kr. og gjöra honum jafnframt að skilyrði, að hann megi ekki hafa önnur störf á hendi, sem hann fær kaup fyrir. Hæstv. ráðh. þótti þessi tillaga svo mikil fjarstæða, að hann bjóst við, að jeg mundi taka hana aptur. En þessi orð hans koma mjer einmitt til að færa gild rök fyrir því, sem jeg sagði í dag. Hæstv. ráðh. byggði mikillega ástæður sínar á því, að nú ætti að selja vegalagninguna eptir »akkordi« og væri þá nauðsynlegt fyrir verkfræðinginn að hafa góða menn sjer til aðstoðar til þess að hafa á hendi útreikning á vegagjörðunum o. s. frv. En

hann svaraði engu aðalatriðinu í ræðu minni, nefnilega því, að verkfræðingurinn, eins og er, ekki notaði nærri allan sinn tíma í þarfir landssjóðs.

Og því væri engin ástæða til að halda, að hann gæti ekki hæglega komizt yfir störf sín, ef hann aðeins notaði allan sinn tíma í þarfir embættis síns.

Jeg skal nú leyfa mjer að benda á nokkur af þeim störfum, sem hanu gegnir fyrir utan landsverkfræðisstörfin. Í fyrstu lagi er hann forstöðumaður iðnskólans hjer í bænum og hefur fyrir það 500 kr. kaup á ári, það er $^1/_6$ af landssjóðslaununum, en það má ætla, að hann neyti þar meira en $^1/_6$ af starfskrapti sínum, því »privat«fjelög borga ekki eins hátt kaup og landssjóður. Í öðru lagi tók hann að sjer í haust að undirbúa vatnsveitingu hingað til bæjarins. Það er mikið starf og sjest það bezt á því, að fyrirtækið á að kosta um eða yfir $^1/_2$ miljón kr.; þar hefur hann ráðið sig fyrir kr. 1,25 um tímann, þegar hann vinnur úti, en kr. 1,00 inni. Þessi störf taka mjög mikinn tíma, þar sem mæla þarf á aðra mílu vegar fyrir vatnsveituna og finna vatnið. Og vitanlega ætti aukaverkfræðingurinn að gjöra þetta fyrir ekkert bænum til handa, með leyfi stjórnarinnar, og þó tekur hann hátt kaup og þess utan háa »præmíu«, ef áætlanir hans verða notaðar, Á iðnskólanum kennir hann 2—3 tíma á dag allan veturinn. Í þriðja lagi hefur hann nýlega stofnað »cements«pípuverksmiðju og veitir henni forstöðu. Svo er hann í bæjarstjórn og hefur þar á hendi formennsku veganefndarinnar og er það mikið starf, og ekki neytt upp á neinn, því ekki er venja að kjósa menn nauðuga í bæjarstjórn nje til að taka að sjer formennsku í nefndum. En verkfræðingurinn virðist hafa tíma til alls.

Fleira mætti telja, en það sjá allir menn, að þessi störf, sem jeg nú hef talið, nægja einum verkfræðing, ef hann á að leysa þau vel af hendi, þó hann gjöri ekkert annað.

Jeg hef nú viljað fara vel með þennan mann, og legg jeg því til, að laun hans verði hækkuð um 500 kr., en honum aptur á móti ekki heimilað að hafa önnur störf á hendi fyrir borgun, enda er það ekki nema sanngjarnt.

Jeg er sannfærður um það, að þó þessi tillaga verði samþ., þá verður jafn hægt að koma upp vegunum eptir og áður, einkanlega þegar nú á að hækka styrkinn til verkfróðra aðstoðarmanna og vegamælinga. En jeg vildi benda á það í þessu sambandi, að þeir, sem *vegina leggja*, eru einmitt hinir vegfróðustu menn, sem völ er á, miklu vegfróðari heldur en óreyndir ungir verkfræðingar. Jeg er alls ekki á móti því, að aðstoðarfjeð sje hækkað úr 1,500 kr. upp í 2,000 kr., ef breyt.till. kæmi fram um það. Eitt vildi jeg enn benda á, og það er, að nú er í ráði að stofna skrifstofu einhversstaðar hjer í bænum fyrir vegamálin, en jeg ímynda mjer, að stjórnin gæti ekki haft mikið eptirlit með slíkri skrifstofu eða störfum hennar. Enda ætti það að vera stjórnarskrifstofan sjálf, sem tæki þau mál að sjer, og finnst mjer óþarfi að ljetta því starfi af henni. Verkfræðingurinn ætti miklu fremur að vera á stjórnarskrifstofunni, og vinna sín vega-undirbúningsstörf *þar*, þegar hann er í bænum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta; jeg er dauður, og get því ekki tekið til máls aptur. En jeg hef í öllum atriðum skýrt rjett og satt frá, og vona jeg því, að háttv. þdm. fallist á tillögur mínar.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætla að eins að lýsa því yfir, að jeg

tek aptur þá brt., sem jeg gjörði á þgskj. 362 við 13. gr. C. 1, af því að jeg gat ekki komið að till. um að fella burtu skilyrðin, sem þetta var miðað við

1. þm. G.-K. (B. K.) tekur tillöguna á þgskj. 362 upp.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Það eru að eins örfáar athugasemdir, sem jeg finn ástæðu til að gjöra eptir allar þessar umr., því hvorki hefur mörgu nje miklu verið beint að fjárlaganefndinni eða tillögum hennar, og svo er flestu af því svarað.

Út af ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) get jeg lýst því yfir, að fjárlaganefndin er á sama máli og hann um það, að óskandi væri að símaleiðirnar væru rannsakaðar á þessu fjárhagstímabili, þar á meðal símaleiðin austur í Mýrdal. En nefndin hefur ekki getað athugað þetta svo vel, að hún hafi sjeð sjer fært, að koma með breyt.till. út af fje því, sem veitt verður til þess, því stofnun nýrra stöðva mundi kosta meiri útgjöld en til var ætlazt, þegar fjárlagafrumv. var samið.

Þar sem hann lýsti undrun sinni yfir því, að fjárlaganefndin ekki hefur tekið upp fjárveitingu til þess að kaupa búið á Hólum, þá get jeg fyrir hönd fjárlaganefndarinnar lýst því yfir, að hún áleit sjer ekki skylt, að skipta sjer af þessu máli. Eins og jeg vona, að allir sjái, á stjórnin að sjá um, að bændaskólalögin komist í framkvæmd, og meðan stjórnin ekki hreyfir við þessu, áleit fjárlaganefndin sjer ekki skylt, að taka það upp.

Í fyrri ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) í dag hjó jeg eptir því, að hann sagði, að orsökin til þess, hvað lítið hefði verið unnið fyrir mikið fje, að Mosfellssveitarveginum væri sú, að til verksins hefðu ekki fengizt nema ónýtir menn. Þessi orð hans sanna einmitt það, sem jeg lagði áherzlu á við 2. umr., nefnil. að það sje ráðlaust að leggja meira fje fram til vegabóta, en líkindi eru til, að vel verði unnið fyrir. Það er einmitt ágætt dæmi, að svona mikill hörgull skuli vera á góðum vinnukrapti hjer rjett við Reykjavík. Jeg fyrir mitt leyti, er enn sem fyrr á móti þeim auknu fjárveitingum til vega, sem háttv. þm. hafa borið fram.

Mjer þótti illt að tillaga sama háttv. þm. um styrk til mótorbátaferða er í því formi sem hún er. Jeg hefði óskað, að hún hefði verið í sama formi og tillaga háttv. þm. Mýr. (M. A.), með öðrum orðum, að hún væri miðuð við það, að spara eitthvað af því fje, sem ætlað er til gufubátsferðanna um Faxaflóa. Jeg verð að líta svo á, að þar sem 12,000 kr. eru veittar til gufubátsferða hjer á Faxaflóa, mætti spara þessar 300 kr. á ári af því fje, ef laglega væri að farið, og styðja með því mótorbátaferðir.

Út af ræðu háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) skal jeg geta þess, að þrátt fyrir þó jeg í alla staði viðurkenni nauðsyn lýðháskóla hjer á landi og það gagn, sem þeim mundi fylgja, þá get jeg samt sem áður ekki verið með þessari lánveitingu úr landssjóði til þess að stofna slíkan skóla, og ástæðan fyrir því er sú, að jeg sje ekki, að þingið geti bent á handbært fje til útlána, ofan á öll þau útgjöld, sem nú er í ráði að samþykkja. Í öðru lagi sýnist mér vel til fallið, að stofnun þessi komist þannig á fót, að stofnendur fái til þess bankalán, það ætti að vera hægt, ef þrjú sýslufjelög standa á bak við. Jeg lít svo á, að ef skóli þessi verður stofnaður, þá muni forstöðumenn hans leita honum landssjóðssyrks og er það

ekki nema sjálfsagt. Jeg get ekki skilið annað en nóg ráð verði til að koma skóla þessum á stofn án landssjóðsláns, enda þætti mér betur fara á því. Landssjóðsstyrkur árlegur og til frambúðar mundi draga skólanum meira, en sá hagur, sem hann hefði af því að fá landssjóðslán til stofnunarinnar. Þar væri það ekki annað en vaxtamunurinn, því að bankalán er að sjálfsögðu hægt að fá til þessa gegn svo góðri ábyrgð, sem hjer er um að ræða.

Til verulegrar fyrirstöðu gæti það ekki orðið, þótt fjeð fengist ekki úr landssjóði. Þá skal jeg víkja að fáeinum atriðum, sem háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) talaði um. Hann mælti vel fram með fjárstyrk til þess að stofna grasgarð hjer í Reykjavík. Jeg efast ekki um það, að gott væri að fá hann. Háttv. þm. bar þetta saman við aðrar fjárveitingar, sem taldar eru góðar, t. d. til náttúrufræðisfjelagsins til þess að kaupa grasasafn Ólafs heitins Davíðssonar, og er þar þó munur á. Þar er að ræða um litla fjárveiting í eitt skipti; en till. þm. Húnv. er, að jeg hygg, að eins litli fingur, sem verið er að smeygja inn. Fingrinum fylgir sjálfsagt stór hönd, og líkami, hver veit hvað stór. Getur má ske verið fullstór fyrir landssjóðnn. Jeg get ekki verið með þessari fjárveitingu, enda er mjer ókunnugt um stofnun og framkvæmd þessa fyrirtækis.

Þá var hann reiður út af því, er jeg sagði í morgun, að stúlkur sofi saman á kvennaskólanum á Blönduósi. Þetta er nú að vísu ekki þýðingarmikið »pólitískt« eða fjárhagslegt atriði. Að eins vildi jeg láta háttv. þm. vita, að jeg hafði fyrir mjer embættismannsskýrslu, þar sem svo er sagt, að svefnloftin sjeu aðallega tvö, annað fyrir 28 stúlkur, og sofi 2 í hverju rúmi. Þetta hafði jeg fyrir mig að bera, svo að það er ekki jeg, sem hef búið þetta til.

Viðvíkjandi ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) er það að segja, að jeg finn ekki ástæðu til þess, að eyða tímanum í það, að svara smáglepsum úr þeirri átt: álít það og ekki skyldu mína. Að eins skal jeg gjöra þá athugasemd, að jeg er persónulega á sama máli og hinn h. þm. um það, að rjettast væri að veita þetta skáldastyrksfje ekki nafngreindöm mönnum, heldur veita einhverja upphæð, sem stjórnin svo verði til slíkra styrkveitinga. En meiri hluti nefndarinnar er þessu mótfallinn, og það er því ekki undarlegt, þótt nefndin hafi ekki komið með tillögu í þá átt.

Þá vildi jeg að lokum segja fáein orð um ræðu háttv. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Jeg lýsti yfir því þegar í morgun, að þessi stóra breyt.till. hans um það, að fella burtu öll tillög hjeraðanna til símalagninga, er mjög svo á móti stefnu og vilja fjárlaganefndarinnar. Mjer þótti það einkennilegt, hvernig honum tókst, þegar hann fór að verja þetta, svo vitrum manni. Þessi háttv. þgm. er nú dauður, svo að jeg skal gæta þess, að segja ekkert það, að hann þurfi nauðsynlega að bera hönd fyrir höfuð sjer. Hann sagði, að með þessu væru sýslufjel. lagðar þungar byrðar á herðar, en þetta er ekki nema að hálfu leyti rjett. Í raun og veru er þeim að eins gefinn kostur á því, að fá símana, ef þau vilja nokkuð til þess vinna, en þau geta látið það vera, ef þau vilja. Hann sagði sjálfur að það væru ekki sýslufjel. sjálf, sem mest berðust fyrir símalagningunum, heldur einstakir menn, sem aðallega ætla sjer gagnið af þeim. Og jeg vil benda háttv. þgm. á það, að jeg játa það, að fyrir lítil sýslufjel., eins og t.

d. á Vestfjörðum, getur það orðið alltilfinnanleg byrði, að gjalda sem slík þessar 25 þús. kr., en þau þurfa ekki annað en að segja: »Við viljum það ekki«. Þar sem þörfin er fyrir, má telja hjer um bil víst, að muni fara eins og á Fáskrúðsfirði, efnamennirnir munu segja: Við skulum annast það, sem til þarf. Það er líka þeirra skylda gagnvart málinu, því að það eru þeir, en ekki fátæklingarnir, sem mest nota símana.

Hann sagði, að það væri sín skoðun, að landssjóður ætti að kosta aðalsímana, en sýslusjóðir þá, sem liggja innan sýslufjelaganna.

Eptir þessari kenning hefði hann átt að láta haldast það, sem í frumv. stendur um tillög hjeraða til Húsavíkursímans og Keflavíkursímans, því að þeir símar liggja innan sýslu en ekki sýslna á milli. Hann sagði, að hann væri hræddur um, að eptirsóknin eptir símunum væri sprottin af nýjungagirni og þekkingarleysi. Jeg skal ekki mótmæla þessu. Jeg hef sagt þessu líkt áður, en ekki með jafnsterkum orðum. En undarlegt væri það, ef úr þessu ætti að bæta með því, að láta öllum heimilt að fá síma á landsjóðs kostnað, hvenær sem þeir vilja. Þetta er, eins og allir sjá, ber mótsögn, og er það furða, hjá svo vitrum manni. Hann sagði, að bezt væri að fara varlega, en því hefur hann þá ekki heldur komið með brt. í þá átt?

Viðvíkjandi fjárupphæð til lánveitingar í síðustu gr. fjárlaganna, hvort hún verði nægileg, skal jeg taka það fram, að um það er ekki hægt að segja að svo stöddu, því að það er ekki að vita, hvaða símar kunna að standa á fjárl. að síðustu, og það er allt af hægt að setja það í samræmi síðar. Nú sem stendur er það, eptir till. fjárlaganefndarinnar, lítið eitt of lágt, en slíkt má ætíð laga. Þá varð háttv. þgm. skrafdrjúgt um það, að orðið hefði »undirballance« á áætlun meiri hluta ritsímanefndarinnar á síðasta þingi. Háttv. þgm. V.-Sk. (Guðl. G.), sem var framsm. þeirrar nefndar, er nú dauður, en jeg var einn í meiri hluta þeirrar nefndar, og vildi jeg því lýsa yfir því, að þar er um engan »undirballance« að ræða. Þar sem ekki munar meiru á jafnstóru fyrirtæki, þá mundi það hvergi vera kallað því nafni meðal þeirra manna, sem nokkurt vit hafa á slíku. Jeg skil ekki í því, hve lengi þeim þgm., sem þá voru í minni hluta í því máli, ætlar að endast þrek og dirfska til að tala um þær áætlanir, sem þá voru gjörðar.

Lárus H. Bjarnason (þgm. Snæf.): Jeg gleymdi að geta þess, þegar ræða var um símaálmuna, að forstj. landsímanna leyfði mjer að hafa það eptir sjer, að tekjurnar af símunum í ár muni verða helmingi hærri en búizt var við, eða 40,000 kr. í stað 20,000 kr.

Út af því, sem háttv. þgm. Borgf. (Þ. B.) sagði um búnaðarfjelagið, skal jeg taka það fram, að maður getur ekki *sjeð* það á reikningum og skýrslum fjelagsins, hvort því er vel stjórnað eða ekki, en maður *heldur* að svo sje, af því að góðir menn sitja í stjórn þess. Það er heldur ekki verið að fara fram á, að reikningar þess sjeu lagðir fram til úrskurðar, heldur aðeins til yfirlits.

Út af orðum háttv. þgm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vildi jeg benda á það, að það er ekki til neins, og ekki rjett heldur, að vera sí og æ að veifa tekjuhallanum. Á miljónaþinginu svokallaða var tekjuhalli áætlaður 400,000, en þó reyndist að verða afgangur. Þessi áætlunarskekkja, sem hann talaði um að hefði orðið 1905, á sjer

engan stað, og það litla, sem munaði, kom af ófyrirsjáanlegum orsökum; koparinn steig í verði, og það varð að fá meiri útlendan vinnukrapt, en búizt hafði verið við, af því að Íslendingar fengust ekki. Það eina, sem mun hafa gleymzt, var að áætla fyrir uppskipun á ýmsu smáefni, og er það sannarlega engin dauðasök, þar sem um stórfyrirtæki er að ræða.

Magnús Andrjesson (þgm. Mýr.): Jeg hef beðið um orðið til þess, að skýra breyt.till. á þgskj. 331.

Svo stendur á, að nokkrir merkir bændur í Mýras. hafa í hyggju að reyna að ljetta nokkuð erfiða flutninga frá sjó upp í uppsveitir Borgarfjarðarhjeraðsins með því, að koma á »mótor«bátsferðum frá Borgarnesi og eitthvað upp eptir Hvítá. Þessa er því brýnari þörf, þar sem nú er svo komið, að menn verða að ala skepnur sínar meðfram á útlendu fóðri sakir vinnufólkseklu. En fyrirtæki þetta er kostnaðarsamt og miklum erfiðleikum og áhættum bundið, og þess vegna eru menn deigir að leggja út í það styrklaust. Mjer hefur nú nýlega borizt brjef frá þessum mönnum, þar sem farið er fram á það, að þingið rjetti þeim einhverja hjálparhönd til þessa. Af vissum ástæðum hef jeg þó ekki sjeð mjer fært að fara fram á beinan fjárstyrk í þessu skyni á þann hátt að hækka útgjöld þau, sem nú eru þegar ákveðin í fjárlagafrumv. þessu. En mjer hefur dottið í hug, að þar sem flutningar til Borgarness eru nú orðnir miklu meiri en áður, þá væri eigi óhugsandi, að eitthvað af þeim 12,000 kr., sem ætlaðar eru til Faxaflóabátsins, kynni að verða afgangs, eða með öðrum orðum, að komast mætti að samningum við útgjörðarmann hans um nokkru minni upphæð en 12,000 kr., þar sem sennilegt er, að útgjörðin beri sig sæmilega nú orðið. Ef svo skyldi fara, þá hef jeg í þessari breyt.till., sem jeg hef borið fram í samráði við þgm. Borgf., farið fram á það, að því fje, allt að 750 kr. hvort árið, mætti verja handa þessu fjelagi, til þess að koma á reglubundnum »mótor«bátsferðum upp eptir Hvítá. Hjer er því ekki farið fram á neina sjerstaka fjárveiting eða aukin útgjöld fyrir landssjóð, og vonast jeg því eptir, að deildin samþykki þetta.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Viðvíkjandi því, sem háttv. framsm. tók fram áðan, vil jeg geta þess, að jeg var svo heppinn, að geta notið þess, að síminn er »hentugt áhald«. Óðara en þessi sögn kom fram, reyndi jeg að útvega mjer áreiðanlegar upplýsingar í þessu efni. Jeg símaði þá norður á Blönduós og fjekk svar frá forstöðukonu skólans og einum manni úr forstöðunefnd hans. Að visu þóttist jeg vita, að jeg mundi ekki hafa sagt of mikið, en þótti þó vissara að fá upplýsingar þaðan, og þær urðu alveg í samræmi við þær, er jeg hafði áður haldið fram. Þess vegna leyfi jeg mjer að mótmæla ummælum háttv. framsm. En þótt jeg gjöri það, þá er það eingöngu af því, að jeg vil mótmæla öllu, sem ekki er rjett, en ekki af því, að jeg álíti þetta neitt ódæði. Herbergi, sem stúlkurnar sofa í, eru stór og rúmgóð, þótt ekki hafi hver og ein herbergi út af fyrir sig, eins og nú virðist eiga að heimta, að hverju sem það rekur.

Jeg treysti því þess vegna, að háttv. deild athugi þetta vel, þegar gengið verður til atkvæða um breyt.till. á þgskj. 332. Og jeg vil enn taka fram, að þar sem lagt hefur verið til að hækkað verði við kvennaskóla Reykja-

vikur, og fjárlaganefndin hefur gengið inn á það, þá er ekki nema sanngjarnt, að Blönduósskólinn fái 500 kr. hvort ár fram yfir það, sem áætlað er í fjárlagafrumv. stjórnarinnar. Jeg treysti rjettsýni háttv. deildar til þess að samþ. þetta.

ATKV.GR.: Brt. á þgskj. 305 við 2. gr. samþ. með 14 atkv. gegn 11 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Guðm. Björnsson,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein.
Guðl. Guðmundss.,	Hermann Jónass.,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Jónsson,
Jóhannes Ólafss.,	Lárus H. Bjarnas.,
Magnús Kristjánss.,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Briem,	St. Stef., þm. Eyf.
Ólafur Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Thorlacius,	Þórh. Bjarnarson.
Skúli Thóroddsen,	
St. Stef., þm. Skgf.	

Magnús Andrjesson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

1. brt. á þgskj. 378 við 2. gr. 8.tl.sþ.í e.hlj.
2. — - — — — - — 9. - ——
3. — - — — — - —10. - ——
4. — - — — — - —11. - ——
5. — - — — — - —12. - ——
1. — - — 361 — 7. —1 felld með 17 atkv. gegn 4.
2. brt. á þgskj. 361 við 7. gr. 2 sþ. með 13 atkv. gegn 12 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.	Guðm. Björnsson,
Hermann Jónasson,	Jón Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Briem,
L. H. Bjarnason,	Ólafur Ólafsson,
Magnus Andrjess.,	Ólafur Thorlacius,
Magnús Kristjánss.,	St. Stefánsson, Skgf.
Pjetur Jónsson,	Tr. Gunnarsson,
Skúli Thóroddsen,	Þórh. Bjarnarson,
St. Stefánsson, Eyf.,	

Brt. á þgskj. 306 við 12. gr. 9 sþ. með 14 atkv. gegn 7.

6. brt. á þgskj. 378 við 13. gr. A. 4, sþ. með 19 shlj. atkv.
2. brt. á þgskj. 337 1. liður við 13. gr. B. I. 1. a. sþ. með 16 shlj. atkv.
1. brt. á þgskj. 337 2. liður við 13. gr. B. I. 1. a. sþ. með 15 shlj. atkv.
3. brt. á þgskj. 337 3. liður við 13. gr. B. I. 2. felld með 14 atkv, gegn 9.
4. brt. á þgskj. 337 4. liður við 13. gr. B. I. 3. felld með 14 atkv. gegn 6.

Brt. á þgskj. 346 við 13. gr. B. II. felld með 14 atkv. gegn 11 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon.	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Björnsson.,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Guðl. Guðmundss.,	Hermann Jónasson,
Hannes Þorsteinss,	Jón Jónsson.
Jóhannes Ólafsson,	Magn. Kristjánss,
L. H. Bjarnason,	Ólafur Briem,
Magnús Andrjesson,	Ólafur Thorlacius.
Ólafur Ólafsson,	Pjetur Jónsson.
St. Stefánsson, Eyf.	Skúli Thóroddsen.
	St. Stefánsson, Skgf.
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Brt. á þgskj. 347 við 13. gr. B. II. felld með 13 atkv. gegn 10.

1. brt. á þgskj. 374 við 13. gr. III. a. felld með 14 atkv. gegn 2.
2. brt. á þgskj. 374 við 13. gr. B. III. h. felld með 14 atkv. gegn 2.
1. brt. á þgskj. 338 við 13. gr. B. III. a. felld með 14 atkv. gegn 4.
2. brt. á þgskj. 338 við 13. gr. B. III. b. felld með 14 atkv. gegn 4.
1, varatill. á þgskj. 338 við 13. gr. B. III. a. felld með 14 atkv. gegn 7.

2. varatill. á þgskj. 338 við 13. gr. B. III. b. felld með 14 atkv. gegn 7.

Brt. á þgskj. 384 við 13 gr. B. III. a. felld með 14 atkv. gegn 11 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Þórðarson,	Árni Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Magnússon,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Bjarnarson,
L. H. Bjarnason,	Björn Kristjánsson,
Magnús Andrjess.,	Eggert Pálsson,
Magnús Kristjánss.,	Guðm. Björnsson,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Ólafur Thorlacius,	Hermann Jónass.,
Pjetur Jónsson,	Jóhannes Ólafss.,
Sf. Stefánss., Eyf.,	Jón Jónsson,
Tryggvi Gunnarss.	Ólafur Ólafsson,
	Sk. Thóroddsen,
	St. Stefánss., Skgf.,
	Þórh. Bjarnarson.

Varatill. á þgskj. 384 við 13. gr. B. III. a. samþ. með 17 shlj. atkv.

1. brt. á þgskj. 330 við 13. gr. B. III. a. þar með fallin.

Brt. við 13. gr. VII 10 tekin aptur.

7. brt. á þgskj. 378 við 13. gr. B. III. a. felld með 14 atkv. gegn 11 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson.	Hannes Hafstein,
Guðm. Björnsson,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónsson,	Hermann Jónasson,
Pjetur Jónsson,	Jóhannes Ólafsson,
Skúli Thóroddsen,	Lárus H. Bjarnas.,
St. Stefánss., Skagf.,	Magnús Andrjess.,
Tr. Gunnarsson,	Magnús Kristjánss.,
Þórh. Bjarnarson.	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	St. Stefánsson, Eyf.

Brtill. á þgskj. 375 við 13. gr. B. samþ. með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánss.,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jónsson.
Guðm. Björnsson,	Magnús Andrjess.,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Thorlacius,
Hermann Jónass.,	Pjetur Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Skúli Thóroddsen,
L. H. Bjarnason,	St. Stefánss., Eyf.
Magnús Kristjánss.,	St. Stefánss., Skgf.
Ólafur Ólafsson,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Brtill. á þgskj. 349 við 13. gr. C. 1. sþ. með 17 atkv.

Brtill. á þgskj. 362 við 13. gr. C. 1. málsgr. felld með 13 atkv. gegn 7.

Brtill. 2 á þgskj. 375, samþ. með 19 atkv.

Brtill. 331 við 13. gr. C. 2. a. samþ. með 19 atkv.

Brtill. 336 við brtill. 328, felld með 13 atkv. gegn 9.

Brtill. 328 samþ. með 14 atkv. gegn 5.

Brtill. 339, að á eptir C. 3. komi nýr liður, felld með 13 atkv. gegn 5.

Brtill. 1. 367 við 13. gr. D. II. 1, tekin aptur.

Brtill. 342 við 13. gr. D. II. 2., felld með 13 atkv. gegn 10.

Brtill. á þgskj. 378 við 13. gr. D. II. 1. samþ. með 21 atkv.

Brtill. á þgskj. 378 við 13. gr. D. II. 3. felld með 14 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Hermann Jónass.,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Ólafur Thorlacius,	Hannes Hafstein,
Pjetur Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
Skúli Thóroddsen,	Jóhannes Ólafsson,

Já:	*Nei:*
St. Stefánss., Skgf.	L. H. Bjarnarson,
Þórh. Bjarnarson.	Magnús Andrjess.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	St. Stefánss., Eyf.

Tryggvi Gunnarss., greiddi eigi atkv. og telst með meiri hlutanum.

Brtill. á þgskj. 375 við 13. gr. D, II. 8., tekin aptur.

Viðaukatill. 334 við 13. gr. D. II. 2., felld með 17 atkv. gegn 3.

Brtill. 380 1. við 13. gr. D. II., tekin aptur.
2. — 13. — D. II., — —
3. — 13. — D. II., — —
4. — 13. — D. III., — —
5. — 13. — B. III., — —

Brtill. 363 við breyt.till. á 13. gr. D. eptir 9. lið, felld með 14 atkv. gegn 8. Til vara samþ. með 16 atkv.

Brtill. 385 við breyt.till. á þgskj. 363, fallin af sjálfri sjer.

Brtill. 341 við 13. gr. D. II. 2 felld með 16 atkv. gegn. 5.

Brtill. 341 við 13. gr. D. II. 3., felld með 17 atkv. gegn 5.

Brtill. 341 við 13. gr. D. II. 4., felld með 17 atkv. gegn 4.

Brtill. 341 við 13. gr. D. II. 5., felld með 17 atkv. gegn 3.

Brtill. 341 við 13. gr. D. II. 7., felld með 15 atkv. gegn 5.

Brtill. 341 við 13. gr. D. II. 8., felld með 16 atkv. gegn 5.

Brtill. 341 við 13. gr. D. II. 9., felld með 19 atkv. gegn 4.

Brtill. 341 við 13. gr. D. II. 12., felld með 18 atkv. gegn 4.

Brtill. 375 við 13. gr. B. (nýr VIII. liður) samþ. með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánss.,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Magnús Andrjess.,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Thorlacius,
Hermann Jónass.,	Pjetur Jónsson,
Jóhannes Ólafss.,	Skúli Thóroddsen,
Lárus H. Bjarnas.,	St. Stefánss., Eyf.,
Magnús Kristjánss.,	St. Stefánss., Skgf.
Ólafur Ólafsson,	
Tryggvi Gunnarss.	
Þórh. Bjarnarson.	

Brtill. 375 við 13. gr. C. 1. samþ. með 19 atkv.

Brtill. 375 við 13. gr. gr. D. II. 4., sþ. með 21 atkv.

Brtill. 375 við 13. gr. D. II. 5., samþ. með 22 atkv,

Brtill. 375 við 13. gr. D. II. 10., samþ. með 15 atkv,

Brtill. 375 við 13. gr. D. II. 11., samþ. með 17 atkv. gegn 4.

Brtill. 375 við 13. gr. D. II. 12., samþ. með 23 atkv.

Brtill. 329 við 13, gr. D. II. 12., tekin aptur.

Brtill. 372 við brtill. á þgskj. 329, tekin aptur.

Brtill. 381 við brtill. á þgskj. 372, tekin aptur.

Brtill. 383 við 14. gr. A. b. 5., samþ. með 13 atkv. gegn 8.

Brtill. 312 við 14. gr. B. II. b. 4., sþ. með 16 atkv.

Brtill. 364 við 14 gr. B. III., sþ. með 17. atkv.

Brtill. á þgskj. 378 við 14. gr. B. III. c. 1. og 2., sþ. með 21 atkv.

Brtill. 382 við 14. gr. B. VII. a. 3., felld með 15 atkv. gegn 4.

Brtill. 333 við 14. gr. B. VII. a. 4., sþ. með 16 atkv. gegn 1.

Brtill. á þgskj. 378 við 15. gr. sþ. með 21 atkv.

Brtill. 371 við 15. gr. 4. a., samþ. með 19 atkv.

Brtill. 365 við 15. gr. 15., felld með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Björnsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Herm. Jónasson,	Jóhannes Ólafsson,
L. H. Bjarnason,	Jón Jónsson,
Ólafur Briem,	Magn. Andrjesson,
St. Stefánsson, Eyf.,	Magn. Kristjánss.,
Tr. Gunnarsson.	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánsson, Skgf.,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. á þgskj. 379 við breyt.till. á þgskj. 344 og 370 felld með 15 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Einar Þórðarson,
Hermann Jónass.,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónsson,	Guðm. Björnsson,
L. H. Bjarnason,	Jóhannes Ólafss.,
Magnús Kristjánss.,	Magnús Andrjess.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
St. Stefánsson, Eyf.	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánss., Skgf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. á þgskj. 370 við 15. gr. 15, samþ. með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Magn. Andrjesson,
Hannes Þorsteinss,	Ólafur Briem,
Herm. Jónasson,	Ólafur Ólafsson,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Thorlacius,
Jón Jónsson,	Skúli Thóroddsen,
L. H. Bjarnason,	St. Stefánsson, Skgf.,
Magn. Kristjánss,	Þórh. Bjarnarson.
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánsson, Eyf.,	
Tr. Gunnarsson.	

Breyt.till. á þgskj. 344 við 15. gr. 16, samþ. með 14 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Björnsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Einar Þórðarson,
Jóhannes Ólafsson,	Guðl. Guðmundss.,
L. H. Bjarnason,	Herm. Jónasson,
Magn. Kristjánss.,	Jón Jónsson,
Ólafur Briem,	Magn. Andrjesson,
Ólafur Thorlacius,	Ólafur Ólafsson.
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánsson, Skgf.,	
Tr. Gunnarsson.	

Hannes Hafstein og Þórhallur Bjarnarson greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

Breyt.till. á þgskj. 378 aftan við 15. gr., samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 327 við 16. gr. 1, felld með 16 : 6 atkv.

Breyt.till. á þgskj, 366 við 16 gr. 6, felld með 13 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakelli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Árni Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Kristjánsson,
Herm. Jónasson,	Eggert Pálsson,

Já:	*Nei:*
Jóhannes Ólafsson,	Einar Þórðarson,
L. H. Bjarnason,	Jón Jónsson,
Magn. Andrjesson,	Ólafur Briem,
Magn. Kristjánss.,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacius,	Skúli Thoroddsen,
St. Stefánsson, Eyf.,	St. Stefánsson, Skgf.,
Tr. Gunnarsson.	Þórh. Bjarnarson,
	Pjetur Jónsson.

greiddi ekki atkv., og var því talinn með meiri hlutanum.

3. breyt.till. á þgskj. 377 við 16. gr. 6, samþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðm. Björnsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Eggert Pálsson,
Herm. Jónasson,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
Magn. Andrjesson,	Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Briem,	L. H. Bjarnason,
Ólafur Ólafsson,	Magn. Kristjánss.,
Ólafur Thorlacius,	Skúli Thoroddsen,
Pjetur Jónsson,	Tr. Gunnarsson.
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánsson, Skgf.	

Þórhallur Bjarnarson greiddi ekki atkv., og var talinn með meiri hlutanum.

1. breyt.till. á þgskj. 377 við 15. gr. 33, þar með samþ.

4. breyt.till. á þgskj. 377 við 16. gr. 7, þar með samþ.

5. breyt.till. á þgskj. 377 við 16. gr. 8, samþ. með 17 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 335 við 16. gr. 8, felld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 345 við 16. gr. 20, felld með 16 : 7 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 388 við 16. gr. 27, samþ. með 15 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 340 við 16. gr. 27, sþ. með 18 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 307 við 18. gr., sþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 326 við 18. gr., sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 378 við 20. gr., sþ. án atkv,gr.

Breyt.till. á þgskj. 360 við 21. gr., samþ. með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Guðm. Björnsson,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Guðl. Guðmundss.,	Herm. Jónasson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Magn. Andrjesson,
L. H. Bjarnason,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Briem,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Thorlacius,	Tr. Gunnarsson.
St. Stefánsson, Eyf.	
St. Stefánsson, Skgf.	
Þórh. Bjarnarson.	

Frumv. þannig breytt samþ. í einu hlj. og sent til Ed.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 28. ágúst kom frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909 (401) til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að þessu máli sje vísað til nefndar þeirrar, sem kosin hefur verið áður hjer í deildinni til þess að íhuga fjármál landsins, og umr. því næst frestað.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg sje ekki ástæðu til þess að fresta umr., og legg til að málinu sje vísað til 2. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg veit ekki betur, en að það hafi verið siður að undanförnu, að hafa þá aðferð, sem jeg stakk upp á, en í sjálfu

sjer, get jeg verið samþ. breyt.till. háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) og breyti því minni till. í þá átt, að málinu sje vísað til fjármálanefndarinnar, þegar þessari 1. umr. er lokið.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Í fjármálanefnd höfðu verið kosnir:
Eiríkur Briem, formaður,
Jón Jakobsson, skrifari og frsm.,
Guðjón Guðlaugsson,
Sigurður Jensson,
Jóhannes Jóhannesson.

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til þessarar nefndar.

Á 44. fundi Ed., miðvikudaginn 4. september kom fjárlagafrumv. til 2. umr. (A, 401, 503, 504, 509, 528, 529, 530, 533, 534, 535, 538, 539):

Eptir að umræðurnar um málið höfðu staðið til kl. 3½, var fundi frestað til kl. 5. Hófust þá aptur umr., og var þeim ekki hætt fyr en kl. 8½.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg skal fyrst leyfa mjer að skjóta máli mínu til hæstv. forseta og stinga upp á, að frv. þetta sje rætt í tveimur köflum, þannig, að fyrst verði ræddar 1.—13. gr., að 13. gr. meðtaldri, en í síðari kafla verði ræddar 14.–21. gr. *(Forseti:* Fellst á uppástungu framsm.). Það hefur farið nú sem optar hjer í deildinni, að fjárlaganefndin hefur haft of lítinn tíma til þess að athuga þetta þýðingarmikla og víðtæka mál. Frv. kom til nefndarinnar 27. ágúst, en nefndarálitinu skiluðum við 31. ágúst, svo að það voru aðeins 5 dagar, sem við höfðum málið til meðferðar. Á þessum 5 dögum áttum við 14 fundi um málið, en af því tíminn var svo stuttur, þá hefur nefndarálit okkar ekki getað orðið svo ítarlegt, sem æskilegt hefði verið, og er því nauðsynlegt fyrir mig að taka allar breyt.till. okkar og gjöra grein fyrir hverri út af fyrir sig.

Fyrir stærstu breyt.till. nefndarinnar er gjörð nokkur grein í nefndarálitinu, en áður en jeg fer frekar út í það, skal jeg til yfirlits fyrir hina háttv. deild skýra frá því, að upphæðir þær, sem nefndin leggur til að sparaðar sjeu, frá því er frumv. Nd. fer fram á, nema 132,067 kr.; aptur á móti hefur nefndin ekki komizt hjá því, að hækka nokkra liði í frv. og nemur sú hækkun alls 37,550 kr. Mismunur þessara tveggja upphæða eða 94,517 kr., ætlast nefndin til að sparaðar verði landssjóði. Auk þessa sparnaðar í útgjöldunum hefur nefndin leyft sjer að stinga upp á, að flestar lánveitingarnar, sem gjört er ráð fyrir í 21. gr. frumv., verði felldar burtu, þannig að af frekum 380,000 kr., sem gjört er ráð fyrir í frumv. neðri deildar, megi lána úr viðlagasjóði, verði að eins lánaðar um 78,000 kr. Ástæður til þessa eru þær, að nefndin gat ekki sjeð, hvar taka ætti fje þetta, og ótilhlýðilegt er að vera að vísa mönnum á tóman kassa, til lántöku.

Jeg sný mjer að svo mæltu að hinum einstöku breyt.till. nefndarinnar, og skal jeg um leið minnast á aðrar breyt.till., er fram hafa komið frá ýmsum háttv. þingdeildarm. Ef jeg fylgi fjárlagafrumv. grein fyrir grein og lið fyrir lið, þá verður fyrst fyrir mjer breyt.till. frá hæstv. ráðh. við 2. gr. 7. um nafnbótaskattinn.

Nefndin hefur tekið þær breyt.till., sem komizt hafa í hennar hendur, til athugunar og rætt þær, en nefndin í heild sinni hefur ekki tekið neina afstöðu gagnvart þessari breyt.till. hæstv. ráðh.; það má bæði mæla með og

og móti þessum nafnbótaskatti; það mælir með að hafa hann, að fá það afgjört, hvort hjer er um rjettmætan skatt að ræða eða eigi, en aptur mælir það á móti skattinum, að láta þá menn, er hjer er um ræða, gjalda skatt af þeim titlum, sem þeir hafa tekið á móti í þeirri trú, að þeir þyrftu ekkert af þeim að gjalda.

Þá skal jeg geta þess, að 1. breyt.till. nefndarinnar er ekki beinlínis við fjárhagslið, en við aths. við 3. gr. 1. lið, og ræður nefndin til, að þær falli burtu. Samkvæmt þessum aths. frá Nd., er stjórninni heimilt að verja allt að helmingi af afgjaldi þjóðjarða í hverju umboði fyrir sig, til þess, að gjöra umbætur og breytingar á leiguhúsum jarðanna. Styrkurinn er þó bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram, að minnsta kosti 1/3 hluta kostnaðarins að eins, og í öðru lagi að þessar umbætur verði gjörðar eptir ráði verkfræðings. Nefndin fær ekkt sjeð, að praktiskt sje að samþ. þessar aths., sízt nú á þessu þingi. Nú höfum vjer fengið lög um þjóðjarðasölu, og má gjöra ráð fyrir, að áhugi manna fari vaxandi í þá átt, að eignast þjóðjarðir. En þar sem nú þjóðjarðasalan stendur fyrir dyrum, fær nefndin eigi sjeð, að rjett sje að verja svo miklu fje til umbóta jarðanna, með öðrum orðum til leiguliða, þar sem ekkert tillit verður tekið til þeirra útgjalda við söluna. Því fje eða þeim útgjöldum álítum við rjettara að hlífa landssjóði við. Jeg skal geta þess, að í tekjukafla fjárlaganna stendur hjer ekki liður einn, sem áður hefur verið hjer, viðvíkjandi Eldey. Við höfum ekki komið fram með neina breyt.till. um það. »Aktiu«-fjelagið »Grams-Handel«, hefur leigt eyna fyrir 1,000 kr. gjald á ári; það er óvíst, hvort fjelagið vill leigja framvegis, en jeg skal geta þess, að hafi leigjandi ekki sagt upp fyrir 24. nóv. þ. á., þá er hann skyldugur að hafa eyna fyrir sama afgjald í næstu 30 ár. Jeg vildi að eins vekja athygli á þessu, en nefndin treystir því, að þessi liður verði færður til tekna landssjóðs, ef til kemur.

Þá kemur næst 2. breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. 3. lið, að í stað 10,000—10,000 komi 10,000—5,000. Það er sýnileg afleiðing af fjárhagsástandi landsins að leiga af innstæðufje í bönkum og bankavaxtabrjefum hlýtur að fara minnkandi, og nefndin hyggur ekki oflágt farið, þótt í stað 10,000 kr. síðara árið komi 5,000 kr. Samlagningarliðurinn breytist í sambandi við þetta úr 20,000 í 15,000 kr.

Næsta breyt.till. nefndarinnar er við 7. gr. Þar stendur, að það skuli taka bráðabirgðarlán að upphæð 500,000 kr. Í stað »skal« viljum við setja »má«. Það er ekki svo mikið gleðiefni að þurfa að taka þetta lán, að vert sje að skylda stjórnina til þess, nóg er að gefa henni heimild til þess; það er heldur ekki neinni *hugsunarloku* fyrir það skotið, að ekki verði þörf á *allri* þessari upphæð, þótt líkindi sjeu til, að það verði efst á baugi. Einnig höfum vjer breytt tímanum, sem lánið á að borgast á, þannig að 15 ár komi í stað 20. Frumv. stjórnarinnar gjörði ráð fyrir, að borga skyldi lánið á 10 árum, en Nd. hefur lengt það í 20 ár. Nú höfum við farið bil beggja. Okkur þótti 20 ár helzt til langur tími, og virðist oss rjettmætt, að kynslóðin sjálf, sú núlifandi, finni til þess, hvað hún er að gjöra, og það bitni mest á henni sjálfri, en sem minnst á eptirkomendunum.

Þá kemur breyt.till. við 10. gr. Þar hefur nefndin gjört þá breyt.till. að hækka 51,600 kr. upp í 65,600 kr. Þessa breytingu telur nefndin sjálfsagða

og telur víst, að háttv. Nd. hafi að eins láðst að gjöra kostnaðaráætlun við 2 milliþinganefndir, sem nú er ákveðið, að sitji á rökstólum, á næsta fjárhagstímabili. Nefndir þessar er sambandsnefndin, og höfum við gjört kostnaðaráætlun við hana 10,000 kr.; við hina nefndina, skattamálanefndina, höfum við ætlað 4,000. Nefndin áleit ekki rjett að skera þetta fje svo við neglur sjer, að hætt væri við, að aukafjárveitingu þyrfti, en aptur á móti gjörir ekkert til, þótt eitthvað yrði afgangs.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. á þgskj. 535 frá háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) við 12. gr. 3. lið. Breyt.till. þessi fer fram á, að Öræfingum sje veittur 150 kr. styrkur til þess að vitja læknis; þetta hefur áður staðið á fjárlögunum, en nú verið strykað út í stj.frumv. og ekki tekið upp í Nd., og hefur nefndin hjer litið svo á, að breyting þessi stæði í sambandi við breytingar þær, er gjörðar eru á skipun læknahjeraða í frumv., er nú liggur fyrir þingi, og að stjórnin hafi ekki sleppt þessari upphæð af fjárlögunum nema með samkomulagi við landlækni. Ef athuguð er læknahjeraðaskipunin, eins og frumvarpið gjörir ráð fyrir, þá er ætlazt til, að Hofshreppur, sem breyt.till. fer fram á að fái þennan styrk, teljist framvegis til Síðuhjeraðs en ekki Hornafjarðarhjeraðs eins og áður. Að vísu er nefndin ekki kunnug þar eystra, en hún áleit, að nú mundi hægra fyrir Öræfinga að ná til læknis en áður, og gat því ekki fallizt á þessa breyt.till.

Þá er 5. breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. 9. lið. Þessi breyt.till. er í því fólgin, að koma frumv. aptur í sama horf og það hafði hjá stjórninni, því að Nd. breytti þessum lið allmikið, þar sem þessi styrkur er orðaður svo, að sjúkraskýlin fái hann til þess að halda lærðar hjúkrunarkonur. Nefndin hjer í deild áleit rjettara að ákveða, að 400 kr. skyldi verja til hvers af sjúkrahúsunum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði og 300 kr. til sjúkrahússins á Patreksfirði. Samkvæmt þessu breytist svo 2,000 kr. í 1,500 kr. Bein afleiðing af þessari breytingu er það, að liðirnir b, c, d og e verða e, f, g og h. Nefndin leit svo á þetta mál, að það bæri að fara varlega í það að rígskorða þennan styrk til sjúkrahúsa við lærðar hjúkrunarkonur, sem enn þá er lítið til af; aptur á móti er tekinn til greina styrkur í því augnamiði með nýjum lið, þar sem ætlazt er til, að verja megi 200 kr. til þriggja sjúkrahúsa (200 kr. til hvers) til þess að halda lærðar hjúkrunarkonur, og álítum, við að það myndi nægja í bráðina.

Næsta breyt.till. okkar er við 12. gr. 9. f. Þar leggjum við til, að styrkur sá, sem er ætlaður til þess að byggja sjúkraskýli á föstum læknasetrum, sje lækkaður um helming, þannig að fyrir 1,000 kr. komi 500 kr. og fyrir 4,000 kr. komi 2,000 kr. Þá höfum við enn fremur lagt til, að ákvæðið: »allt að þriðjungi byggingarkostnaðar« falli burtu, og álítum við ekki rjett, að það skilyrði væri sett, þegar styrkurinn var minnkaður svo mikið. Að öðru leyti höfum við viljað, að aðrir liðir þessarar greinar hjeldu sjer, en þó höfum við lagt til, að í stað 1,200 kr. við g komi 600 kr. og síðasta setningin falli burtu, því að heimska er að taka fram, að hver skuli eigi fá meira en 600 kr., þegar ekki getur nema einn fengið styrkinn.

Við álítum ekki svo brýna þörf á að hafa þennan styrk hærri. Ef einhver læknir skarar að einhverju leyti fram úr, getur hann snúið sjer til þingsins,

ef hann vill fá styrk til utanfarar, og mun þingið þá fúslega taka það til greina. Á öllum þessum lið (9. lið) leggur nefndin til, að sparaðar sjeu 4,000 kr. á fjárhagstímabilinu.

Þá kemur 3. gr. frumv. Fyrsta breyt.till. þar er við A. 4. a. frá nefndinni, að á eptir »póstmeistara« komi: »eptir reikningi allt að«. Þetta leggur nefndin til, af því að hún telur sjálfsagt, að ekki sje póstmeistara borgað meira skrifstofufje, en hann sýnir eptir reikningi, að hann hafi brúkað á skrifstofunni, en ekki er hægt fyrir því að segja, hvort þessar 5,000 kr. verða notaðar að fullu. Laun póstmeistara sjálfs koma þessu máli ekkert við. Þá er breyt.till. við 13. gr. A. 4. f., að í stað 1,400 kr., sem eru ætlaðar til brjefaburðar í Reykjavík, komi 1,600 kr. Nefndinni er kunnugt um, að brjefaburður hjer í Reykjavík veldur því, að frímerki eru mikið notuð hjer innan bæjar í Reykjavík, og fer notkun þeirra stórkostlega í vöxt. Af því leiðir aptur, að tekjur póstsjóðsins aukast, en nú er ekki hægt að fá mann hjer hæfan til þessa starfa fyrir 1,400 kr., en allmiklar líkur til, að hægt sje að halda sama manni, sem nú er og reynzt hefur ágætlega, fyrir 1,600 kr. En nefndinni finnst ekki ástæða til að hækka þessa upphæð til annara kaupstaða og hefur því lagt til, að g-liðurinn sje lækkaður um 200 kr. úr 600 kr. í 400 kr. Álítum vjer með þessari tilhögun, að fje þetta komi niður á rjettum stað, þar sem bæði mest er þörfin og mestar tekjurnar fyrir landssjóð eru í aðra hönd.

Þá er 13. gr. B. I. 1. a., laun verkfræðings landsins. Nd. hækkaði launin um 500 kr., 3,000 upp í 3,500 kr. frá því, er þau voru áætluð í stjórnarfrumv. Setti Nd. samtímis eina athugasemd um það, að hann mætti ekki hafa nein önnur atvinnustörf á hendi. Vjer ráðum til að fella burtu þessa aukning og stryka um leið út athugasemdina. Finnst oss eigi ástæða til að hækka launin óbeðið úr því, sem þau hafa verið og hækka með því útgjöld landssjóðs. Líka virðist það eptir atvikum eigi rjett að hafa svona athugasemd, sem getur verið særandi fyrir slíkan hæfileika, dugnaðar- og atorkumann, eins og hjer er um að ræða. Hinsvegar er og stjórnarráðinu bæði heimilt og skylt að sjá um, að menn taki ekki að sjer þýðingarmikil og erfið störf í þjóðfjelaginu, ef þau eru svo viðtæk og erfið, að fyrirsjáanlegt, sje að þau hljóti að draga til muna úr framkvæmdum þeirra mála, sem þeir eiga að helga krapta sína. Jeg hygg, að vegalagafrumv. það, sem nú er fyrir þinginu og þessi verkfræðingur á mikinn þátt í, sýni, að hann er maður skýr og þinginu nytsamlegur. Ef við hefðum átt þessu hans frumvarpi að fagna fyrir 10 árum, hefði ef til vill ýmislegt verið betur farið í fjármálum okkar en nú er.

Við 13. gr. A 2 láðist mjer að geta um, að líkur eru til, að það sem áætlað er til póstflutninga, 48,000 kr. hvort árið, reynist svo þúsundum króna skiptir of lágt, sökum þeirra breytinga á póstlögunum, sem samþykkt eru á þinginu, þar sem bækur o. fl. eru leyfðar til útsendinga um *vetrarmánuðina* með krossbandskjörum um landið. Var það illu heilli samþykkt og lítil nauðsyn virtist á því vera.

Næsta breyting er við 13. gr. B III b, brú á Ytri-Rangá, sem lagt er til að sje felld. Um það er talsverður ágreiningur, hvar brúin eigi að standa. Verkfræðingurinn ræður til, að setja hana á Ægissíðufossi, og er við það miðuð sú (lægri) áætlun, er stendur í frumv. Nd., 29,000, en líkindi

eru til, að brúarstæðið sje hentugra á Ægissíðuhöfða; verður það að vísu dýrara, áætl. 55,000 kr., en það er að athuga, að það er ekki lítill krókur úr beinni leið niður að Ægissíðufossi, og til vegalagningar um þann krók eru ætlaðar hjá verkfræðingnum 11,000. Og síðast en ekki síst ber að taka það fram, að það er vond stefna fyrir framtíðina, að búa til lykkju á leið; brúarstæði er óheppilegt þarna og alláreiðanlegar upplýsingar eru nú þegar fengnar um, að vegurinn fyrir austan brúna er einatt illfær og ólær haust og vor, svo að mikið fje mundi þurfa til að gjöra hann góðan.

Jeg hygg, að Rangæingum sje ekkert mein gjört, þótt þetta sje fellt burt og látið bíða, þar sem Rangá virðist heldur ekki **sá** farartálmi, að brúar gjörðin þoli ekki tveggja ára bið, þangað til hjeraðsbúar og verkfræðingur geti orðið á eitt sáttir, eða í ljós komi, hvað ber á milli hjeraðsbúa, verkfræðings og landssjóðs. Vjer í nefndinni höfum ekki gjört neina breyt.till. viðvíkjandi *vegagjörðinni* og verða þó óþarfar þær áætl. 9,000 kr. til vegargjörðar frá Rauðalæk að Ytri-Rangá; skil jeg þessu fram hjer til að sýna, að með þessu er sparað til þjóðvega 9,000 kr.

Þá er 13. gr. B III. »Í Vestfirðingafjórðungi« í athugasemd, að af fje því, sem veitist til Vestfirðingafjórðungs (10 og 12,000) sjeu ætlaðar fyrra árið allt að 7,000 kr. til vegagjörðar í Helgafellssveit »— upp á svokölluð Stórholt«; meiri hluti nefndarinnar er á því, að leggja til, að upphæðin 7,000 kr. sje lækkuð í 5,000. Er þetta meðfram með tilliti til þess, að þessi upphæð gangi á annan stað í Vestfirðingafjórðungi. Það er að vísu laukrjett stefna, að vera ekki að smáparta niður um víða vegu vegabætur, heldur að unnið sje sem mest á einum stað; er það stór kostur, því að á þann hátt má losast við ærinn kostnað, er af flutningum vegamanna, fæðis og áhalda leiðir. Það er að öllu leyti »praktiskast«, að vinna sem mest á einum stað í einu. En fleira verður að gjöra, en gott þykir; þarfirnar eru margar, og meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að brýnar þarfir sjeu víðar í Vestfirðingafjórðungi, en á leiðinni frá Stykkishólmi til Borgarness; en þar sem upphæð sú, sem til vega er áætluð, er það frekasta, sem hægt er að veita, þá hefur nefndin eigi sjeð sjer fært að hækka hana, heldur leggur hún til, að það af hinum fyrirhugaða vegi fullgjörist, sem brýn þörf er á, þó eigi fram yfir 5,000 kr., en því, sem afgangs verður 7,000 kr., skuli varið til vegar úr Svínadal og í Þorskafjarðarbotn. Jeg er þar ekki kunnugur, en jeg býst við, að aðrir, er til þekkja, muni skýra nauðsyn þessa hjer í deildinni.

Þá skal jeg geta þess, að nefndin hefur ekki komið fram með breyt.till. við 13. gr. B VII, um, að styrkur til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa, verði strykaður út, þar sem hún þykist viss um, að sá vegur verði ekki í vegalögunum, sem nú liggja fyrir þinginu, talinn til þjóðvega, því að ef það yrði, þá heyrði hann ekki heima hjer. Er þetta látið hlutlaust eptir samkomulagi við veganefndina, með því að við höfum loforð hennar fyrir, að þessi vegur skuli strykaður út úr þjóðvegatölu.

13. gr. B VIII. Nefndin leggur til, að þessi liður hækki úr 16,000 kr. upp í 16,500 kr. Þá upphæð hafði og stjórnin áætlað í frumv. sínu til nákvæmra landmælinga til járnbrautarstæðis frá Reykjavík að Þjórsá, fyrra árið. Eins og stjórnin telur nefndin þýðingarmikið og heppilegt, að nota

það góða tækifæri, sem býðst, til að rannsaka þetta svæði; fyrir liggur sem sje tilboð frá landmælingamönnunum dönsku um, að taka að sjer þennan starfa, án nokkurrar sjerstakrar borgunar fyrir vinnu þeirra.

Gagnvart breyt.till. á þgskj. 538 um, að á eptir IX lið bætist inn nýr liður um 400 kr. styrk til brúargjörðar á Tinnudalsá, þá skal það tekið fram, að nefndin er ekki kunnug staðháttum á þessu svæði, og veit því ekki, hvílíkur háski þessi á kann að vera, nje heldur hvaða vegi hún til heyrir, þjóðvegi, sýsluvegi eða jafnvel hreppavegi! Ef tillagan yrði samþykkt, þá gæti það haft háskalegar afleiðingar, ótal aðrir kalla í landssjóðinn, og væru þá svona styrkveitingar vont fordæmi. Vænti jeg þess, að háttv. 2. þgm. S.-Múl, (G. V.) muni gefa skýringar viðvíkjandi þessari tillögu, en eptir því, sem lá fyrir nefndinni, þá gat hún ekki gefið henni atkvæði sitt, og ræður til að fella hana.

Þá er 13. gr. C. Nefndin hefur eigi farið fram á neina breytingu við 1. lið, enda er svo frá honum gengið, að engin tök voru, á þeim stutta tíma, sem nefndin hefur haft, að bæta neitt úr skák. Jeg vil þó geta þess, að þó jeg væri með nefndinni í þessu, þá er jeg ekki mjög ánægður, ef ekkert frekara fæst. Þetta er að eins persónuleg athugasemd, en ekki frá mjer sem framsögum. fjárlaganefndarinnar. Það er líkast, að það verði uppi á baugi, að við sama fjelag — gufuskipafjelagið — verði samið, en hjá því fjelagi eru nú farmgjöld milli hafna hjer svo há, að ósvinnu gengur næst. Jeg vil taka t. d. steinolíutunnuna, sem jeg veit persónulega að nýlega hefur fengizt flutt hingað upp til landsins fyrir 1 shilling og 6 d., en fyrir að flytja hana hjer á milli hafna — á næstu höfn — tekur fjelagið 3 kr. eða 75 aurum meira en farmgjaldið til landsins! Það er ósk mín til stjórnarinnar, að hún gjöri sitt ítrasta til, að fá farmgjöld fjelagsins, ekki sízt hjer innanlands, ákveðin á skaplegan og skiljanlegan hátt.

Hins vegar skal jeg játa fyrir mína og nefndarinnar hönd, að ný og stórkostleg hlunnindi eru hjer í vændum, er t. d. skipin hafa kælirúm, ný skip samsvarandi kröfum tímans, hraðskreið, en eigi þessir sömu dallar, sem við hingað til höfum mátt búa við. Þar af leiðandi hefur nefndin ekki fundið ástæðu til, að hreyfa neitt við þessum lið.

[Til athugunar skal jeg benda á, að prentvilla hefur slæðzt inn í 5. málsgrein C 1: »Guskipafjelags« í staðinn fyrir gufuskipafjelags; vona jeg, að þetta verði aðgætt í skrifstofunni].

Við 13. gr. C 2 a ráðum við til lítilfjörlegrar breytingar. Í fjárlagafrumv. Nd. eru áætlaðar 12,000 kr. til báta-ferða á Faxaflóa; en ef ekki þarf á þessari upphæð allri að halda, þá skulu allt að 750 kr. ganga til reglubundinna mótorbátaferða frá Borgarnesi upp eptir Hvítá. Nefndinni barst, meðan hún sat, erindi frá háttv. þgm. Borgf. (Þórh. B.) og háttv. 1. þgm. G.-K. (B. Kr.) þess efnis, að styrkur yrði tekinn upp, 256 kr. hvort árið, til mótorbátsferða milli Reykjavíkur — Kjalarness — Hvalfjarðar — Laxvogs, reglubundinna ferða. Menn verða nú að viðurkenna, að nauðsyn er á slíku sambandi milli þessara staða, þar sem viðskipti eru mikil á þessu svæði, og þess vegna hefur nefndin orðið við þessari ósk; en þessir staðir koma ekki til greina, nema afgangur verði af Faxaflóa-upphæðinni, og vona jeg, að háttv. deild gefi breyt.till. þessari samþykki sitt.

Í 13. gr. C. 2. b. hefur nefndin sett inn 8000 kr. í stað 6000 kr., þannig, að við bætist athugasemd um það, að styrk þessum megi, ef hlutaðeigandi sýslunefndir óska, verja til tveggja mótorbáta, um norður- og suðurhluta Breiðafjarðar.

Þar sem jeg er ekki kunnugur, hvernig þar til hagar, þá býst jeg við, að einn af nefndarmönnum, háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) skýri þetta atriði, og skal jeg því ekki fara frekar út í það. Nefndin var á einu máli um að sinna þessu, þar sem samgöngur eru örðugar á þessum stöðum og fjarlægðir langar, svo að bátur gæti þar að góðu liði komið.

Nefndin vill mæla með, að styrkurinn í staflið c, til bátaferða á Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu, sje hækkaður úr 5,000 kr. upp í 6,000 kr., en að stafl. orðist: »til sumar- og vetrarferða«. — Það er kunnugt, að nýlega hefur stórslys hlotizt þar við póstflutning að vetrinum; er það ábyrgðarhluti fyrir landssjóð, að láta slíkan flutning flytja á *óyfirbyggðum* bátum, enda er mannháski, að nota þá til ferða á sjó úti, og hefur að slysi orðið vestra og hjer syðra, og getur orðið meira í framtíð. Álít jeg því þessu fje vel varið og mæli hið bezta með því.

Undir 2. í athugasemd við stafl. d. viljum við gjöra þá orðabreyting, að þar komi: *gangi* í staðinn fyrir: »geti gengið«, með því að áríðandi er, að þessir staðir (Skagafjörður og Axarfjörður) komizt í nánara samband við Akureyri, sem er og verður höfuðstaður Norðurlands.

Þá kemur næst 21. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. c. 3. Hún er að eins lítilfjörleg orðabreyting, og fer fram á, að í stað: »styrkur til gufu- *og* mótorbátsferða á milli Vestmannaeyja og Rangársands«, komi: styrkur til gufu- *eða* mótorbátsferða o. s. frv. Í þessu »og« lá eins og skuldbinding til að halda uppi bæði gufu- og mótorbátsferðum, en sje því breytt í eða, þá ákveður það ekkert, hvort hafa skuli.

Þá var 1. breyt.till. á þgskj. 530 frá háttv. 1. þm. Ísafjarðarkaupstaðar (S. St.) við 13. gr. B. VIII. Þessi breyt.till. fer fram á, að fella burt liðinn um 16,000 kr. fjárveitinguna til þess, að gjöra landmælingar, er lagðar geti orðið til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár, verð jeg að geta þess fyrir nefndarinnar hönd, að hún var í einu hljóði á móti þessari breyt.till háttv. þingm.

Jeg gat þess áðan, að tækifæri til þessara framkvæmda er nú svo gott og hentugt, þar sem oss býðst verkið sjálft kostnaðarlaust og mjög óvíst, að við fáum aptur svo hæfa menn til að framkvæma það. En þótt því væri frestað og það yrði síðar samþykkt af þinginu, þá álít jeg það mjög óskynsamlegt, að bíða, þar sem verkið yrði þá dýrara, og þá ef til vill verr gjört.

Þá erum við nú komnir að 13. gr. D. Það er þessi mikli liður um ritsímana og fjölgun þeirra. Þar hefur nefndin leyft sjer að gjöra lítla breyttill. við D. I. um, að skiptingin á árgjaldinu, til hins mikla norræna ritsímafjelags, falli burt, o: upphæðirnar 13,000 kr. og 22,000 kr. innanstryks. Nefndin áleit þessa skiptingu alveg óþarfa, og fannst betur eiga við, að hafa tillagið í einni heild, þar sem hjer er um alls enga skuld að ræða í síðari gjaldliðnum. Annars er þetta smá atriði, sem hvorki gjörir til nje frá.

Við 13. gr. D. II. 1., skal jeg geta þess, að sá liður hefur verið mikið

lækkaður í neðri deild, þar sem kippt var burtu koparþræðinum.

Þá er 13. gr. D. II. 2., og skal jeg þar geta þess, að þótt nefndin leggi þar til, að fært sje niður um 5000 kr. tillagið frá hjeruðunum, og að sama skapi hækkað landssjóðs tillagið, þá hefur hún ekki getað orðið á einu máli um það. Jeg fyrir mitt leyti gjörði þetta að ágreiningsatriði, aðallega af því að liðurinn var upphaflega 34,000 kr., svo þegar hingað kom, þá var búið að lækka það um 9,000 kr. Og að fara svo nú á ný að gefa eptir 5,000 kr., þar sem gjaldið var orðið svo lágt, að það eptir mínum reikningi var 4,500 kr. fyrir neðan 1/3 kostnaðarins, það er að mínu áliti mjög varasamt og getur dregið þann dilk eptir sig, að önnur hjeruð heimti niðurfærslu hjá sjer að sama skapi. En meiri hluti nefndarinnnar var sem sagt með þessari niðurfærslu og afleiðingin af henni er sú, að landssjóðstillagið hækkar uppí 68,500 kr.

Þá kemur næst breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. D. II. 3., sem leggur til, að síminn frá Borðeyri til Búðardals falli niður. En ætlazt er á frumv. til, að til hans veitist 14,000 kr. seinna árið úr landssjóði. Nefndin leit svo á, að brýna nauðsyn bæri til þess, að stryka eitthvað út af þessum stórkostlegu símafjárveitingum. Þar sem fjárhagur landssjóðs leyfir þær ekki, því að óskir manna í þessu efni eru ótakmarkaðar, en fjármagnið, sem landssjóður hefur yfir að ráða, mjög svo takmarkað. Nefndin hefur því ei treyst sjer til að halda þessum lið, en ræður háttv. deild til að fella hann. Þá er breyt.till. við 13. gr. D. II. 8. Þar leyfir nefndin sjer að ráða háttv. deild til að fella burt fjárveitinguna til símans frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja. Til þessa liggur sama ástæða; þörfin á að taka eitthvað af útgjöldunum burt. Með þessum breytingum og fleirum, er jeg nú þegar skal nefna, sparast frekar 76,000 kr. Og nefndin gat ekki sjeð, að *þessi* sími væri svo bráðnauðsynlegur, að hann ekki mætti bíða, enda þótt hún játi, að margt mælir með, að Vestmannaeyjar fái símasamband við land, þar sem þar eru nú orðnar svo miklar og landsbúum hagfelldar fiskiveiðastöðvar.

Þá kemur breyt.till. við 13. gr. D. II. 10, um að síminn milli Stykkishólms og Búðardals falli burtu. Þetta stendur í sambandi við breyt.till. þá, sem jeg áðan talaði um, að fella burt símann til Búðardals frá Borðeyri, og þarf jeg því lítið um þessa breyt. till. að tala. Að eins skal jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg álít heppilegra, að setja Stykkishólm í símasamband syðri leiðina, vegna þess að þá lægi hann um fjölbyggðari hjeruð, sem þá kæmust í samband við Reykjavík. Þá hefðu Mýra-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Hnappadalssýslur miklu meira gagn af símanum.

Þá er næst breyt.till. við 13. D. II. 12 um að hækka tillag sýslufjelagsins til símans milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar upp í 9,000 kr. úr 6,000 kr. og lækka að sama skapi tillag landssjóðs úr 12,000 kr. ofan í 9,000 kr. Það sem nefndinni gekk til þessarar breytingar var tilboð frá Fáskrúðsfirðingum, þar sem þeir sjálfir bjóðast til að leggja fram helming kostnaðarins, og fannst nefndinni engin ástæða til að hafna því góða boði. Þá á nefndin ekki fleiri breyt.till. við 13. gr., en á þgskj. 530 hafa komið fram mjög stórfelldar breyt.till. við þennan kafla greinarinnar frá háttv. þgm. Ísfk. (S. Stef.). Þessar 4 breyt.till. gilda allar ritsímana og skal jeg leyfa mjer að taka hverja þeirra fyrir sig. 1. br.till.

er við D. II. 4, og fer fram á að fella burt fjárveitinguna til símalagningar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness. Hjer getur meiri hluti nefndarinnar ei orðið háttv. þgm. samferða, en lítur svo á, að þar sem hjer sje um fjölbyggt hjerað að ræða, þá sje auðsætt, að mikil not verði að símanum þar, en tillag landssjóðs tiltölulega lítið, að eins 8,800 kr. síðara árið. En hvað mig sjálfan sem einstakling snertir, þá skal jeg geta þess, að jeg mun greiða atkv. með öllum þessum br.till. háttv. þgm., af því að jeg greiddi atkv. á móti öllum þessum liðum í fjárlaganefndinni. Viðvíkjandi breyt.till. háttv. þgm. við D. II. 5 a—b um að fella burt styrkinn til símalagningar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur og til að endurbæta og kaupa símann milli Reykjavíkur ng Hafnarfjarðar, þá skal jeg geta þess, að mjer finnst þar koma fram misræmi hjá háttv. þgm., og ekki vera hugsunarrjett, að taka þá ekki einnig með D. II. 11, fjáveitinguna til að kaupa landssjóði til handa talsímakerfin á Akureyri og Seyðisfirði og stofna bæjarsímakerfi á Ísafirði. Og mundi jeg þar einnig hafa fylgt honum, þótt jeg verði að játa, að jeg er einna deigastur við þennan lið af því, að vissa er fyrir því, að Keflavíkursíminn muni mjög vel borga sig, en að kaupa Hafnafjarðarlínuna er hreint og beint gróðafyrirtæki fyrir landssjóð. Mjer er ókunnugra um þessa bæjarsíma, en hef þó heyrt, að hagnaður væri að eiga þá. Þá er breyt.till. h. þgm. við D. II. 9; gildir það sama um hana eins og hinar, að nefndin heldur fast við sínar breyt.till. einar, en mun eigi greiða atkvæði með þessum breyt.till. háttv. þgm., að mjer einum undanteknum. Finn jeg svo ekki ástæðu til að orðlengja meira um þessar breyt.till. háttv. þgm. Ísafjk. (Sig.St.) því jeg býst við, að hann sjálfur færi rök fyrir þeim, og læt jeg svo úttalað um þenna 1. kafla fjárlaganna.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Mjer finnst ástæða nú til þess að fara nokkrum almennum orðum um frv. þetta og fjárhaginn yfirleitt, þar sem því, til tímasparnaðar, var vísað orðalaust til 2. umr., og finnst mjer því mega skoða þetta, sem bæði 1. og 2. umr.

Jeg hef opt áður á þessu þingi lýst því yfir, að jeg yrði mótfallinn launahækkunum og stofnun nýrra embætta, af því fjárhagurinn væri svo bágborinn, nema slíkt væri óhjákvæmilegt. En jeg hef jafnan fengið þau svör, að fjárhagurinn væri góður og sjerstaklega hefur hæstv. ráðh. haldið því fram, og háttv. meiri hluti hefur trúað því, og þessvegna orðið örari á fjárveitingum eins og fjárlagafrumv. háttv. Nd. sýnir. Enda er það mjög eðlilegt þó háttv. Nd. hafi byggt á orðum og yfirlýsingu ráðh., því að hans er að gæta fjárhagsins, enda á hann að geta haft öll tæki til þess og geta útvegað sjer sem bezta aðstoð í þeim sökum. Og hann ber ábyrgðina á fjárhagnum. Auðvitað hvílir ábyrgðin líka á meiri hlutanum, þar sem stjórnin styðst við hann. En engin von er til þess, að einstakir þm. hafi eins glöggt yfirlit yfir fjárhaginn eins og ráðh. og er því von, að þeir byggi á því, sem stjórnin segir, og verði þess vegna örari á fjeð, heldur en ef þeir væru aðvaraðir og látnir vita, að fjárhagurinn væri ekki sem beztur. Það er líka auðsýnilegt, þegar litið er á þetta fjárlagafrumv., sem kemur frá háttv. Nd., að þetta hefur verkað á hana og að hún hefur trúað því, að fjárhagurinn væri góður. Hið sama hefur mjer virzt *hingað til*

koma fram hjá hinum háttv. meiri hluta hjer í deildinni í ýmsum málum, að hann hefur skoðað fjárhaginn sem góðan. En nú virðist svo, sem háttv. fjármálanefnd þessarar deildar hafi rankað við sjer og sjeð, að hann er ekki eins glæsilegur og hann var sagður; þar sem hún í nefndaráliti sínu kemst svo að orði: »Að ráða bót á þessu *fjárhagsböli*« o. s. frv«. Þetta er viðurkenning sannleikans og gleðilegur vottur þess, að augu hennar hafa opnazt fyrir því, að fjárhagurinn sje bágborinn, en þó sá háttv. framsm. ekki ástæðu til að gefa neitt yfirlit yfir hann. Held jeg því, að ekki væri vanþörf á, að augu háttv. nefndar opnuðust enn betur, svo að hún sæi, að núverandi stjórn er að teyma þingið út í verstu fjárhagslegar ógöngur, já, hreint og beint að stofna landinu í voða. Þetta þykir nú, ef til vill freklega mælt, en jeg mun leitast við að sýna fram á, að það er ekki sagt út í loptið.

Þegar litið er á fjárlagafrumv. eins og það kemur frá háttv. Nd., þá sýnir það tekjuhalla að upphæð kr. 32,077,67, en í raun rjettri er tekjuhallinn eptir því kr. 532,077,67 þegar talið er með það 500,000 kr. lán, sem í frumv. er talið með tekjunum. En lán er ekki tekjur heldur skuld, og hverjum lifandi manni skyldi detta í hug, að telja skuldir sínar annað en tekjuhalla? Engum nema fjármálastjórn vorri mundi koma til hugar að telja skuldir sínar tekjur.

En nú bætast við þetta kr. 144,462,66, sem veittar voru á fjáraukalögunum 1906 og 1907. En það er meira blóð í kúnni, því að samkvæmt reynslu fyrri ára, þá megum við eiga von á nýjum fjáraukalögum. Nú er nýlega búið að samþykkja hjer í deildinni fjáraukalög fyrir 1904 og 1905. Á sama hátt getum við átt von á nýjum fjáraukalögum fyrir þetta fjárhagstímabil og hefur maður pata af, að á þau fjáraukalög eigi að setja símakostnað, er farið hefur að minnsta kosti 60,000 kr. fram úr áætlun. Það hefur sjezt í blöðunum. En hvað sem er um það, þá ímynda jeg mjer, að þar sem nú þurfti aukafjáraukalög og fjáraukalög, þá þurfi fyrir þetta fjárhagstímabil fjáraukalög í viðbót, upp á ekki minna en 120,000 kr. Það sannast á sínum tíma, hvort þetta er ofhátt reiknað. Sje þessari upphæð nú bætt við tekjuhallann, þá verður hann að upphæð kr. 796,540,33, auðvitað að láninu meðtöldu.

En hjer við bætist það, að bæði á fjárlögum og fjáraukalögunum eru ýmsar upphæðir enn ótaldar, sem hljóta að koma til útborgunar, t. d. til millilandanefndarinnar og skattanefndar, sem fjárlaganefnd Ed. áætlar 14,000 kr.., en mun reynast allt of lítið. Jeg ætla þó að halda mjer við þá upphæð. Heimboðskostnaðurinn mun nema um 200,000 kr., en eitthvað af honum mun fást inn fyrir seldar leifar, aktýgi o. fl. Fjárlaganefnd Ed. telur hann »nettó« 150,000 kr. og fylgi jeg henni í því, þótt jeg sje hræddur um, að sú áætlun reynist of lág. Þá er og vantalið í fjárlögunum tillag til Fiskiveiðasjóðsins, sem greiða á samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 (2. gr.) 6,000 kr. á ári eða 12,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Enn fremur er á fjárlögunum 2. gr. 18. lið talið landssjóði til tekna sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar 20,000 kr. En af þessu á landssjóður ekki neitt. Hann verður að borga það allt út aptur, $^2/_3$ í ríkissjóð Dana, samkvæmt 19. gr. fjárl., en $^1/_3$ í Fiskiveiðasjóðinn samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 (1. gr.). Þessu verður því að bæta við gjaldaliðinn, þótt stjórninni hafi

skotizt yfir að gjöra það, og aðeins talið það tekjumegin.

Nú munu og skilyrði vera fyrir hendi með tilkynningu frá nógu mörgum sveitafjelögum til þess að stofnaður verði sameiginlegur brunabótasjóður fyrir sveitabæi, og verður þá landssjóður að greiða til hans 10,000 kr. samkv. lögum 20. okt. 1905 (17. gr.).

Þessi gleymdu gjöld, sem hljóta að koma til útgjalda á fjárhagstímabilinu, nema þá samtals 206,000 kr. og sje þeim bætt við áður talinn tekjuhalla verður hann nú 1,002,540 kr. En enginn skyldi ætla, að hjer með sje allt talið; það er öðru nær. Hjer við bætist samkv. 21. gr. fjárl. þau útgjöld. sem koma til útborgunar á fjárhagstímabilinu, sem samþykkt verða hjer á þingi í sumar. Hve mikil þessi útgjöld kunna að verða, er ekki hægt að segja fyrir með vissu sem stendur, þar sem flest þessara mála eru enn óútkljáð. Jeg verð því í yfirliti mínu að miða við frumv. eins og þau eru nú, eptir síðustu atkv.greiðslu, þótt eitthvað kunni að breytast í þeim síðar. Upphæðir þessar verða á þessa leið:

Til vitabygginga (frumv. Nd.) 14,000 kr. Til kennaraskóla í Rvk, stofnunarkostaður samkv. stj.frumv. 40,000 kr., samkv. Nd. 30,000, en samkvæmt nefndarálitinu hjer 43,000 kr. Jeg ætla að fara meðalveginn og halda mjer við stj.frumv., sem er 40,000 kr. Kennaralaun og reksturskostnaður verður samkvæmt nefndaráliti Ed. 11,100 á ári, sem gjörir 22,200 kr. á fjárhagstímabilinu. Tillag landssjóðs til öryrkjasjóðsins 53,000 kr. Stjórn fræðslumálanna, (laun) frumv. Nd. 3,000 kr. Lögbirtingablaðið 800 kr. á ári, á fjárhagstímabilinu 1,600 kr. (auk 1,600 kr. tekjutaps). Laun og eptirlaun sóknarpresta mun mega áætla samkvæmt frumv. Ed. um 75,000 kr. á ári eða í allt 150,000 kr. Laun prófasta 3,200 kr. Fornmenjaútgjöld samkv. samþ. frumv. skal jeg áætla eins lágt og unnt er, 2,000 kr. á ári eða í allt 4,000 kr. Viðbót við laun læknisins við geðveikrahælið á Kleppi 300 kr. Húsmæðraskóli samþykktur í Nd. Þar er erfitt að gjöra áætlun, það er að eins sagt, að stofnkostnaður, laun og annar reksturskostnaður greiðist úr landssjóði. Hjeruðin eiga að leggja til 15,000 kr. til stofnunarkostnaðar og gjöri jeg ráð fyrir, að ætlazt sje til, að það sje 1/4 hluti. Stofnunarkostnaðar fyrir hús, jörð og áhöld yrði þá frá landssjóði 45,000 kr. Laun og reksturskostnað get jeg ómögulega áætlað minna en 3,000 kr. á ári og er þó líklega of lítið; í allt 6,000 kr. Þessi síðast töldu útgjöld eru samtals 442,100 kr. Þegar þessi upphæð er lögð við áður talinn tekjuhalla, verður hann 1,444,640 kr.

Hjer við bætist enn fremur lán þau, er heitið er úr landssjóði, sumpart á fjárlögunum, og sumpart á sjerstökum lögum. Samkvæmt 21.gr. fjárl.frv. Nd., ef talin eru öll hjeraðatillög til síma, sem ætlazt er til, að þau fái lánuð úr landssjóði (105,400). samtals 431,849 kr.

Gaddavírslán samkvæmt frumv. Ed. 100,000 kr.

Lán til byggingarsjóðs (fjárl. nefndarálit Ed.) um 270,000 kr.

Lán til Brunabótasjóðs Íslands, Nd. 20,000 kr.

Lán til húsa á prestssetrum 15,000 kr. á ári, (stjórnarfrumv. og frumv. Ed.) 30,000 kr.

Lán til sameiginlegs brunabótasjóðs fyrir sveitabæi (lög 20. okt. 1905, 21. gr.), annað en áður talið tillag til stofnunar hans, 10,000 kr.

Þessi lán verða samtals 861,849 kr.

Sje nú þessum lánum bætt við áður talinn tekjuh., verður hann 2,306,489 kr.

En hjer við bætist enn þá, að landssjóður verður samkvæmt lögum 12. jan. 1900, um stofnun veðdeildar í Landsbankanum að leggja til hliðar sem tryggingarfje 200,000 kr. í þinglesnum skuldabrjefum, sem hann má ekki snerta, en fær að eins vextina af. Þetta fje má því alveg eins skoða sem útborgun, þar sem landssjóður hefur engin umráð yfir því, þótt það sje eign hans. Sama er að segja um þær 600,000 kr., sem landssjóður á samkvæmt frumv. Brunabótafjelags Íslands að leggja fram sem tryggingarfje. Þetta fje verður að liggja til taks handbært, þar sem fyrir getur komið, að grípa þurfi til þess alls á einu ári, jafnvel á fyrsta ári, ef stórbruni kemur fyrir, í einhverjum kaupstaðanna eða í fleiri kauptúnum á árinu. Þó ber þar frá að draga þær 20,000 kr., sem landssjóður verður þegar í stað að afhenda brunabótasjóðnum sem starfsfje, sem jeg hefi áður talið með lánum úr landssjóði. Tryggingarfjárhæðin verður þá 580,000 kr., og að veðdeildartryggingunni meðtalinni 780,000 kr.

Sje nú þessari upphæð bætt við sjálfan tekjuhallann, sem mjer vel finnst mega gjöra, þar sem landssjóður hefur ekki frjáls umráð yfir þessum peningum, en verður að leggja þá til hliðar, þá verður tekjuhallinn með því móti 3,086,489 kr.

Þá er að líta á viðlagasjóðinn. Hann var við lok síðasta fjárhagstímabils 1,172,028,28 a.

tekjueptirst. landssjóðs	59,412,72	-
peningaforði	590,506,52	-
Samtals	1,821,947,52	a.

Reyndar má búast við, að fje þetta sje nú drjúgum farið að skerðast, með þeirri fjárhagsstjórn, sem vjer eigum nú við að búa, en jeg verð þó að miða við þessa upphæð með því að mjer er ekki kunnugt um síðari breytingar.

Af viðlagasjóði átti í byrjun þessa fjárhagstímabils að afhenda Fiskiveiðasjóði 100,000 kr. samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 og verður því að draga þá upphæð frá. Verður þá eptir í honum 1,073,028 kr. Tekjueptirstöðvunum er líklega óhætt að sleppa, því að búast má við, að þær verði svipaðar við lok þessa fjárhagstímabils. (Þær munu allt af verða nokkrar), og því ekki hægt að brúka þær til nauðsynlegra útgjalda.

En þá er peningaforðinn, rúmlega 590,000 kr., eina handbæra fjeð, sem til var. Þessa upphæð má ekki snerta, því hún verður að vera tryggingarfje fyrir brunabótasjóð Íslands, sem á að nema 580,000 kr., og grípa getur orðið til á hverri stundu sem er. Verður þess vegna að liggja í handbæru fje.

Af þessu sjest, að ekkert handbært fje er til, til þess að borga með tekjuhallann, nema ef vera skyldi einar 10,000 kr., og verður þá að grípa til viðlagasjóðsins sjálfs, og *segja upp öllum lánum*. En það mundi baka mönnum voðaleg óþægindi, því hvar ættu þeir að fá peninga, þegar bankarnir eru líka tómir, eins og nú á sjer stað. Auk þess munu sum lánin (t. d. prestakallalánin o. fl.) vera veitt til svo langs tíma, að ómögulegt mun vera, að segja þeim upp með stuttum eða engum fyrirvara. Þessi leið er því algjörlega ófær. En þótt maður gjörði ráð fyrir, að hægt væri að brúka allan viðlagasjóðinn..... 1,072,000 kr.
ásamt peningaforða landssjóðs..... 590,000 —
samtals 1,662,000 kr.
þá hrykki það lítið móti öllum tekju-

hallanum. Hann var eins og jeg hef áður sýnt, að tryggingarfje meðtöldu 3,086,000 kr., ef þar frá er dreginn allur viðlagasjóðurinn og peningaforði landssjóðs; þá er eptir 1,424,000 kr., *sem enginn eyrir er fyrir neinsstaðar*, ekki einu sinni lánsheimild fyrir, nema 500,000 kr. af þeirri upphæð. Landið getur því alls ekki greitt 924,000 kr. af því fje, sem því er ætlað að greiða. Það er komið á kúpuna, landsbúið orðið þrotabú, »fallitbú«. Þetta er ómótmælanlegt; því að þó menn kunni að geta vjefengt einhverjar tölur í þessu reikningsyfirliti mínu, sniðið af 100 kr. eða jafnvel 1,000 kr. hjer og þar, þá verður niðurstaðan sú sama, að landið verður »fallit«, ef allar þær fjárveitingar og frumv. ganga fram, sem jeg hef nefnt. Því að seint mun mönnum takast að sanna, að svo mikil skekkja sje í þessum reikningi, að hún nemi yfir 900,000 kr.

Þetta er fyrirhyggjan hjá vorri núverandi fjárhagsstjórn. Hún tók við fjárhagnum í bezta ástandi, en eptir 3—4 ára stjórn ætlar henni að takast að gjöra landið »fallit«.

Og þetta, að viðlagasjóður og landssjóður er alveg jetinn upp og langtum meira, er enn iskyggilegra, þegar þess er gætt, að búast má við, að harðæri standi nú fyrir dyrum. Tíðin hefur verið þannig í sumar, að heyafli verður víðast hvar miklu minni en vant er. Afleiðingin af því verður, að menn verða að verja miklu fje til fóðurkaupa, sem veita hefði átt lán til úr landssjóði. Því það er tilgangurinn með viðlagasjóðinn, að hlaupa undir bagga, þegar einhver áföll eða harðæri ber að höndum. Nú er útilokað, að hann geti það. Þá setja menn á von og úr viti, og fella svo fje sitt næsta vor, ef veturinn verður ekki því mildari.

Ástand fiskiveiðanna er heldur ekki glæsilegt, því þrátt fyrir hátt verð á fiski, þá hefur ekki svo mikið fiskazt víðast hvar, að útgjörðin borgi sig. Það má því búast við harðæri bæði til lands og sjávar. En þá má líka búast við, að tekjur landssjóðsins verði minni en áætlað er.

Manni verður nú að spyrja, hvernig stendur á því, að stjórnin skuli ekki hafa bent þinginu á þetta ástand? heldur gefið því undir fótinn með því að segja því, að fjárhagurinn væri góður. Jeg hef heldur ekki orðið þess var, að hæstv. ráðh. hafi gjört sjer neitt far um að halda aptur af þm., og reyna að draga úr útgjöldunum. Hann mun einmitt sjálfur hafa greitt atkv. með flestum ef ekki öllum útgjaldahækkunum. Þess hef jeg líka orðið var, að hann hefur barizt eins og ljón fyrir því, að hafa lögmæt gjöld af landssjóði, t. d. nafnbótaskattinn, og hann var líka á móti að auka tekjurnar með auknum síldartolli, þótt sá tollur lendi nær eingöngu á útlendinga. Kemur nú þetta af því, að hæstv. ráðh. hafi sjálfur enga hugmynd um fjárhaginn, hafi enga grein gjört sjer fyrir honum? Jeg get ekki skýrt það fyrir mjer á neinn annan hátt. En það eru til aðrir menn, sem ekki geta fengið sig til að trúa því, að hæstv. ráðh. geti verið svo blár í þessum efnum. Og þeir eru þá að reyna að gjöra sjer grein fyrir framkomu hans á annan hátt og leita að öðrum orsökum. Og þetta hefur jafnvel leitt suma þeirra til slíkra getgátna, að það væri gjört af ásettu ráði í pólitisku augnamiði, að reyna að eyðileggja fjárhag vorn með öllu móti, til þess að sjá um, að vjer yrðum algjörlega ófærir í sjálfstæðisbaráttu vorri. Því að það sæju allir, að ef vjer yrðum fjárhagslega ósjálf-

bjarga, þá væri ekki til neins að vera að hugsa um pólitiskt sjálfstæði. Einn maður skaut því meira að segja að mjer hjerna um daginn, að það mundi gjört að ráðum Dana, að reyna að koma svo miklu ólagi á fjárhag vorn, að vjer yrðum neyddir til að leita á náðir þeirra og gjöra okkur þeim fjárhagslega háða, því að þá væri ekki hætt við, að pólitiskt sjálfstæði fengi mikinn framgang.

Þetta sýnir, hve óskiljanleg mönnum er framkoma hæstv. ráðh., og hvílíkum fjarstæðum menn geta fundið upp á, til þess að reyna að skýra hana fyrir sjer. Því að ætla, að ráðherra vor ljeti Dani hafa sig til að brugga slík fjörráð gegn landi voru og þjóð vísvitandi, nær náttúrlega engri átt. Hinsvegar get jeg vorkennt mönnum, þótt þeim detti eitthvað svipað í hug, með því að ekki verður neitað, að þetta geti litið svona út, ef gjört er ráð fyrir, að hæðstv. ráðh. virkilega viti, hvað hann er að gjöra. Allt er gjört til þess að telja þinginu trú um, að fjárhagurinn sje góður. Því er vjeluð sýn, með því að tilfæra sem tekjur upphæðir, sem ekki eru tekjur, (t. d. 500,000 kr. lán og sektarfje, fyrir ólöglegar fiskiveiðar), en hins vegar sleppt að tilfæra í fjárlögunum ýms lögmæt útgjöld, eins og jeg hef áður sýnt fram á. Lán er tekið — og hvar? Einmitt hjá Dönum, í ríkissjóði Dana, stjórn þess lands, sem vjer eigum í höggi við í sjálfstæðisbaráttu vorri. Jafnframt er fjárhagurinn gjörður svo, að vjer verðum naumast sjálfbjarga, nema Danir hlaupi enn betur undir bagga með oss, taki oss að sjer sem þurfaling. Með *þessu er* snúin snara að hálsi oss fjárhagslega, og forsætisráðherra Dana fenginn annar endinn, svo að hann geti kippt í og hert á, ef vjer erum ekki góð og þæg innlimunarbörn, en förum að hreyfa einhverju sjálfstæðis kvabbi.

En þó að niðurstaðan af þessu ráðlagi verði nú einmitt þessi, ef ekki er úr því bætt, þá er það fjarri öllum sanni, að ætla, að hjer liggi nokkur »pólitísk« launráð á bak við gegn frelsi voru. Nei, hjer er því einu um að kenna, hve dauðans ósýnt stjórn vorri er um allt, sem að fjárhagsmálum lýtur. Og jeg skal því til sönnunar nefna eitt dæmi enn. Jeg man eptir því frá skólaárum mínum, að þá var smákaupmaður einn hjer í Reykjavík, sem keypti sykur hjá Fischer og seldi svo pundið tveim aurum ódýrara en hann keypti það. Þegar hann svo var spurður, hvernig hann gæti staðið sig við þetta, þá svaraði hann, að »það væri umsetningin, sem gjörði það«. Jeg man, að það var hlegið dátt, að þessari kaupmanns vizku.

En einmitt sama konar fjármálavizka kemur nú fram hjá stjórn vorri, þar sem hún tekur $^1/_2$ miljón að láni fyrir 4% og leggur svo til á fjárlögunum og öðrum lögum, að lána út talsvert mikið af þessari upphæð fyrir 3% og $3^1/_2$ %. Hún álítur víst eins og kaupmaðurinn, að »umsetningin« muni bæta upp vaxtahallann.

Þetta sýnir bezt fiármálaspeki stjórnarinnar, og að annað ráðleysi hennar hlýtur að stafa af sömu rótum, — af fávizku en ekki öðru. En niðurstaðan verður hin sama fyrir því, og er því nauðsynlegt, að hjer sje tekið alvarlega í taumana, svo að landinu verði forðað frá, að steypast í fjárhagslegan voða, sem óhjákvæmilega mundi leiða til þess, að kippa fótunum undan öllu sjálfstæði þess. Sje það vanrækt, þá fellur ábyrgðin á háttv. meiri hluta, því að hann ber ábyrgðina á því, hver niðurstaðan verður hjer á þinginu. Hann hefur bæði forustuna og atkvæðamagnið, og móti honum má minni hlutinn sín einskis. En minni

hlutinn mun hins vegar ekki láta sitt eptir liggja, að styðja hann í því, að ráða bætur á því fjárhagsböli, sem nú sýnist vofa yfir.

Jeg sje, að hæstv. ráðherra brosir, bæði nú — og hann hefur líka gjört það áður, á meðan jeg hef verið að halda þessa tölu, og litur út fyrir, að hann taki sjer mál þetta ljett, en hjer ætti að vera óþarfi að brosa, því að hjer er alvörumál á ferðum. Það, sem jeg hef sagt, mun ekki verða hrakið, og það er sorglegur sannleiki, sem samt verður að gjörast heyrum kunnugur, að verið er að gjöra landið »fallit«, og grundvellinum kippt undan fjárhagslegu sjálfstæði voru, ef að stjórn og meiri hlutinn heldur áfram þeirri stefnu í fjármálum vorum, sem háttv. Nd. virðist hafa tekið.

Ráðherrann: Jeg hef ekki getað verið að staðaldri hjer inni í deildinni, svo að jeg hef ekki haft þá ánægju, að heyra allan lesturinn hjá háttv. þm. G.-K. (V. G.). Svo mikið hef jeg þó heyrt, að mjer er það fullkomlega ljóst, að ræða hans var ein samanhangandi keðja af endileysum og blekkingum, og skýrsla hans og framsetning röng frá upphafi til enda, þó að jeg verði að leiða hjá mjer í svipinn, að rekja sundur allan vef hans, lið fyrir lið. Vonandi verður tækifæri til þess síðar.

Gagnvart ályktar-orðunum, er beint var til mín persónulega, og minnar viðleitni, þá ætla jeg enga vörn að færa. Það voru svo ódrengilegar og svívirðilegar getsakir, að þær eru lang-verstar fyrir þingmanninn sjálfan, er blygðast sín ekki fyrir, að bera þær á borð hjer í þingsalnum.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.) gat þess, að jeg hefði brosað að útreikningunum hans og harmatölum hans yfir »fjárhagsvoðanum«, sem hann telur skyldu sína að auglýsa þjóðinni. Það er satt, að jeg brosti. Mjer er ómögulegt annað, þegar hann er að færast í aukana og brýna röddina, og setja á sig spekingssvip yfir öðru eins fádæma hrófatildri af vitleysum, sem hann sjálfur hlýtur að vita að engri átt getur náð, að draga neinar slíkar ályktanir af, sem hann gjörði. Og þó er raunar ekki að því hlægjandi, að maður, sem eitt af kjördæmum landsins hefur trúað fyrir þingmennskuumboði og unnið hefur þingmannseið, skuli ekki skyrrast við, að beita öðrum eins vopnum og þeim, sem háttv. þm. G.-K. (V. G.) hjer notar til þess, að reyna að vekja ástæðulausan ugg, tortryggni og óhug hjá alþýðu gagnvart stjórninni og meiri hluta þingsins, og að hann skuli vera svo grunnhygginn, að halda, að það muni geta dulizt til lengdar, hvernig hann hefur hjer hagað sjer gagnvart sannleikanum.

Háttv. þingm. G.-K: (V. G.) komst að þeirri niðurstöðu, að á þeim 3—4 árum, sem jeg hef verið við stjórnarstörfin, þá hafi mjer þegar tekizt, að gjöra landið algjörlega gjaldþrota, og langt fram yfir það. Jeg hafi tekið við landssjóðnum í bezta og blómlegasta ástandi, en nú sje jeg búinn, að setja allt á kúpuna, og peningaforði landssjóðs sje eyddur, viðlagasjóðurinn upp jetinn o. s. frv., allt fyrir fádæma klaufaskap og óspilunarsemi stjórnarinnar, ef ekki verra.

Jeg hef nú ekki getað skrifað upp hjá mjer upphæðirnar, sem að hann nefndi þessu til sönnunar, og skal jeg því í bráðina að eins benda á það, að samanlögð upphæð viðlagasjóðs og peningaforði landssjóðsins var *hærri* við árslok 1905, heldur en þegar jeg tók við, í árslok 1903, eða rjettara sagt í ársbyrjun 1904, þrátt fyrir það,

að þannig var í garðinn búið, þegar stjórnarskiptin urðu, að ekki var annað fyrirsjáanlegt, en að mjög stórt skarð yrði að höggvast í hvort tveggja.

Á fjárlögunum fyrir 1904 og 1905 var ráðgjörður tekjuhalli yfir 400,000 kr. og eptir fjáraukalögum og nýjum lögum veittar allmiklar upphæðir — er komu til útborgunar með um 188,000 kr. Auk þessa voru á fjárlögum og öðrum lögum lánsheimildir af viðlagasjóði 429,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og upp í allt þetta var leyft að taka allt að því 500,000 kr. lán. Ábyrgð landssjóðs fyrir veðdeildinni var hin sama sem nú. Þannig var búið í hendurnar á hinni nýju stjórn. En svo fór, að ekkert þurfti að nota af lántökuheimildinni, tekjuhallinn varð enginn, heldur þvert á móti dálítill afgangur. Og jafnvel þótt út væri lánaðar 227,648 kr. af landssjóði á fjárhagstímabilinu, var peningaforðinn við árslokin 1905 samt yfir 590,000 og viðlagasjóður alveg óskertur. Eins og jeg hef skýrt frá í Nd., breyttist ástandið ekkert í fyrra, árið 1906, að öðru leyti en því, að 100,000 kr. í skuldabrjefum fyrir þilskipalánum voru lagðar út fiskiveiðasjóði samkvæmt lögunum um stofnun þess sjóðs, og tekjuhalli nam að eins um 15,000 kr. af meira en 210,000 kr. tekjuhalla, sem áætlaður var í fjárlögunum. Allt þetta hið mikla tjón, sem háttv. 2. þgm. G.-K. (V. G.) lýsti, glötun viðlagasjóðsins, töpun peningaforðans, gjaldþrot landssjóðs o. s. frv. hefur þá orðið að eiga sjer stað á þeim tíma, sem af er yfirstandandi ári, ef það er satt og rjett, sem háttv. þgm. sagði afdráttarlaust, að mjer hefði heppnazt að koma öllu þessu til leiðar á þeim 3—4 árum, sem jeg þegar hef verið við stjórnina. En hvað er þá orðið af öllu þessu fje? Hvað ber háttv. þgm. mjer á brýn að jeg hafi gjört af viðlagasjóðnum og peningaforðanum? Því verður hann að svara, ef nokkurt mark á að vera að orðum hans. Á hvern hátt hef jeg sólundað þessu? Það hlýtur hann að gjöra sjer einhverja hugmynd um, áður hann kemur fram með aðra eins heljarásökun. Segi hann til. Hvað hyggur hann að stjórnin hafi gjört af öllu þessu fje? Svari hann ekki, er þetta fjölmælgi ein hjá honum. Þá er það bert, að hann hefur borið það fram hjer, sem hann vissi, að ekki var rjett mál.

Jeg heyrði, að hann byrjaði tekjuhalla-skáldskap sinn á þeirri 500,000 kr. lántöku, sem í fjárlagafrumv. er farið fram á samkvæmt lögunum frá 1903 og taldi hann lán þetta sem beinan tekjuhalla. En það virðist þó liggja í augum uppi, að hvorki peningaforði landssjóðs nje viðlagasjóður geta minnkað við það, þó að tekið sje — þeim til hlífðar — lán til sjerstaks framfarafyrirtækis, sem sjálft á að bera vöxtuna af láninu. Væri þetta fyrirtæki tekið á fjárlög, upp á hinar venjulegu tekjur, án þess að útvega sjerstakt fje til þess, *þá* mundi það valda *reikningslegum* tekjuhalla, að minnsta kosti í bráð; en með þessu móti, sem gjört er í fjárl.-frumv., getur það með engu móti verið rjettnefndur tekjuhalli, hvorki reikningslega nje í raun og veru. Landssjóður stofnar skuld. En hann fær í móti þeirri skuld eign, sem gefur arð í aðra hönd, ávaxtar skuldina og endurborgar hana á sínum tíma.

Mjer virtist yfir höfuð reikningur háttv. þgm. vera kekkjóttur grautur af sundurleitustu bollaleggingum, umliðnu og ókomnu, mögulegu og ómögulegu. Jeg heyrði ekki betur, en hann tæki

stóruppliæðir, sem þegar er búið að borga einu sinni á yfirstandandi fjárhagstímabili, eins og t. d. ritsímakostnaðinn frá í fyrra og móttökukostnaðinn frá í ár o. fl., og bætti þessu aptur ofan á útgjöldin á *næsta* fjárhagstímabili, að eins til þess að búa til einhvern ímyndaðan tekjuhalla. Ofan á þetta hrúgaði hann svo grýlu á grýlu ofan út af útgjöldum, samkvæmt nýjum lagafrumvörpum, sem engin vissa er fyrir, að komist gegnum þingið, sumpart allt skakkt og skælt meðfarið. Þar ofan á tildrar hann lánveitingaheimildum eptir fjárlagafrumv. fyrir *næsta* fjárhagstímabil, og ofan á það loksins ábyrgðum landssjóðs, bæði gömlum ábyrgðum og ábyrgðum fyrir ókomnum fyrirtækjum, sem enn eru að eins í frumvarpi; og með því að leggja allt þetta saman, fær hann út þann dómadags tekjuhalla, á 4. miljón króna, er hann taldi sjer skylt að kunngjöra þjóðinni sem sönnun fyrir því, að stjórnin sje *þegar búin* að gjöra landið »*fallit*«, eyðileggja það í fjárhagslegu tilliti, í *þeim tilgangi*, að gjöra landið ósjálfbjarga, hepta alla sjálfstæðisviðleitni þess og vjela það til að sleppa frelsi og sjálfsforræði. Því þetta var meiningin; þetta var það, sem hann vildi gefa almenningi inn, láta menn gruna, jafnvel þótt hann með helgisvip og flærðarrómi væri að láta svo, sem hann sjálfur tryði ekki því, að stjórnin væri vísvitandi að brugga launráð gegn frelsi landsins; það væri bara flestir aðrir en hann, sem væru sannfærðir um það.

Þetta er vopn, sem naumast verður þm. til mikils sóma — naumast heldur til gagns. Heldur gæti jeg trúað því, að hann ætti eptir að súpa af þessari hernaðaraðferð sinni seyði, sem hann sizt væntir nú. Með sliku má ef til vill þyrla upp ryki í svipinn; en það, sem heiðarlegt er og drengilegt, er affarasælla og langærra.

Jeg ætla ekki að svo stöddu að tala frekar um árásir háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) nje eltast við einstakar upphæðir í reikningi hans, enda þarf undirbúning til þess að tæta sundur lið fyrir lið svona vef, ofinn saman með aðstoð annara. Mig vantar líka sumar tölurnar, af því jeg þurfti að bregða mjer inn í Nd., til að greiða atkvæði, á meðan hann ljet dæluna ganga. En jeg býst fastlega við, að auðbætt verði úr því, því naumast mun á löngu líða, áður vjer fáum að lesa þessa ræðu þgm. í lif-málgagni hans, »Ísafold«, með sannleiksvottorði og viðbót frá ritstjóranum um, að svona sje nú stjórnin; þetta sýni, hvernig hún teymi þjóð og þing út í glötunina, og hvernig fjárhagsástandið sje orðið, þegar öllu sje á botninn hvolft.

Jeg sný mjer þá að breyt.till. þeim, sem fram eru komnar við fjárlagafrv. Jeg á hjer eina breyt.till., en geymi mjer að koma með nokkrar til 3. umr. Sú breyt.till. fer fram á, að nema burt 276 kr. úr tekjukaflanum, sem jeg álít ekki lögmætt að innheimta. Það er nafnbótaskatturinn, sem jeg minntist á við umræðurnar um fjáraukalögin og reikningslögin. Jeg er á sömu skoðun eins og þá, að ekki sje fært, að innheimta þessa upphæð, með því að ekki eru fyrir því hein lagaákvæði, er gildi hjer á landi. (*Valtýr Guðmundsson:* Þá er að láta dómstolana skera úr). Jeg álít það ekki þess vert, að hætta sjer út í það, að leita dómstólanna með þetta mál, og það er að minnsta kosti ekki viðfelldið, að setja það fyrir fram inn í fjárlögin. Jeg heyrði, að einhver sagði, að háttv. Nd. hefði dæmt í þessu máli, og að

Ed. ætti ekki að setja sig sem yfirdómara yfir hana. En jeg kannast ekki við, að þetta sje rjett. Hjer er ekki um neinn dóm að ræða, heldur frumvarp til lagaákvæðis, sem mundi eiga betur heima í almennum lögum, áður en það er sett í fjárlög. Jeg þykist viss um, að ýmsir í Nd., sem greiddu atkvæði með þessum lið, mundu nú ekki mótfallnir því, að taka þessa upphæð aptur út úr tekjuáætlun fjárlagafrvs., og velja heldur aðra leið, og veit jeg, að þar er á ferðinni þingsályktunartillaga, sem snertir þetta mál. Þó að það sje væntanlega lögmætt í sjálfu sjer, að taka upp í fjárlögin fyrirmæli um, að beita þessum gömlu ákvæðum, þá finnst mjer það mjög illa við eigandi, að fara að taka þetta upp aptur svona upp úr þurru, úr því að alþingi fyrir 22 árum síðan hefur fellt þennan lið úr fjárlögum, og vafi getur verið um, *hve mikið* af hinum gömlu ákvæðum ætti að teygja hingað. Þessi skattur er úreltur, og mjer finnst ekki ástæða til að apa það eptir Dönum, að leggja slíkan skatt á. Tíðarandinn heimtar það nú, að miða skatt við verðgildi, en leggja ekki skatt á skegg manna, eins og Elísabet Rússadrottning gjörði. Jeg hygg, að háttv. þgm. G.-K. (V. G.) hefði verið heppilegra, að snúa svolitið minna upp á yfirskeggið, ef hann hefði lifað í Rússlandi á þeim tímum. Jeg legg því til, að 7. liður 2. gr. verði felldur burt, meðan því er ekki slegið föstu, að þetta skattgjald sje lögkræft gjald hjer á landi.

Jeg er háttv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir það, að hún hefur bætt við kostnaði við sambandslaganefndina og skattanefndina. Hvorug þessi nefnd var til, þegar fjárlagafrumv. var samið, og gat stjórnin því ekki tekið upp tillögur um kostnað til þeirra. Jeg vona, að upphæðin reynist nóg, þó að hjer verði sjálfsagt um talsverðan kostnað að ræða. Því bæði verður að greiða allháa dagpeninga, þeim sem utanlands eiga að dvelja, til þess að baka þeim ekki beinan skaða, og svo getur skattamálanefndin orðið töluvert langvinn.

Í sambandi við þetta vil jeg minnast á, að þar sem alþingiskostnaðurinn er talinn í 10. gr., ætti ef til vill að bæta við upphæð fyrir lóð við alþingishúsið, til þess að koma fyrir rafmagnsljósi og miðstöðvarhitun, svo og eldhúsi fyrir risnuherbergi og matsal fyrir þingmenn. Það er gjört ráð fyrir, að þessu sje ekki hægt að koma fyrir, nema með því annaðhvort að taka af garðinum, eða kaupa nágrannalóðina af ekkju H. Kr. Friðrikssonar. Þegar alþingishúsið var byggt, var leyft að byggja það fast upp að þeirri lóð, enda þá gjört ráð fyrir því, að kaupa þá lóð síðar. Þess hefur verið farið á leit við frú Friðriksson, að fá húsið og lóðina keypta. Vildi hún fá 25,000 kr. fyrir hvorttveggja, og mega búa í húsinu það sem hún ætti eptir. Stjórninni þótti þetta óaðgengilegt, og hefur ekki viljað fara fram á svo háa upphæð, það því síður, sem fleiri vegir eru til, og naumast hætta á því, að byggt geti orðið fyrir gluggana á þinghúsinu að vestan verðu, úr því leyft var að byggja fast að lóðarmörkum skilmálalaust. En jeg get um þetta, til þess að engum komi á óvart, þótt bætt kunni að verða við »tekjuhallann« enn þá fram yfir það, sem háttv. þgm. G.-K. (V. G.) hefur sagt, áður þessu þingi lýkur.

Jeg er og þakklátur háttv. nefnd fyrir það, hve vel hún hefur tekið undir fjárveitinguna í 13. gr. B. VIII., þar sem hún hefur fært þann lið úr 16,000 krónum uppí 16,500 kr., og skoða jeg

þessa hækkun sem yfirlýsingu um, að nefndin sje sannfærð um, að þessi fjárveiting til landmælinga fyrir járnbrautarstæði frá Reykjavík til Þjórsár, sje rjettmæt, og að það sje sanngjörn upphæð, sem stjórnarfrumv. fór fram á.

Jeg sló 500 kr. af þessari upphæð í háttv. Nd., í þeirri von, að hægt væri að fá verkið ódýrara með því að minnka mælingasvæðið, þannig að það næði ekki alveg austur að Þingvallavatni, en þar sem háttv. nefnd hefur lagt það til, að þessi upphæð verði hækkuð, þá er jeg henni mjög þakklátur fyrir það, og mun það gleðja mig mikið að geta látið framkvæma þessar útmælingar á sama svæði, sem ákveðið hefur verið áður.

Jeg heyrði ekki, að háttv. framsm. færði neinar sjerstakar ástæður fyrir því, að fella burt sundurliðunina í 13. gr. D. I.; sú sundurliðun er alveg rjett, og jeg get því ekki sjeð neitt á móti því, að hún sje látin standa. Jeg held þess vegna, að það sje rjettast, svo framarlega sem nefndin hefur ekki neinar sjerstakar ástæður fram að bera fyrir því, að fella þessa sundurliðun burt, að lofa henni að standa eins og hún er orðuð í frumv. háttv. Nd.; »Til hins mikla norræna ritsímafjelags, umsamdar ársgreiðslur um 20 ár, frá 25. ágúst 1906 að telja, fyrir að halda uppi ritsímasambandi milli Íslands og Hjaltlands kr. 13,000, svo og fyrir 300,-000 kr. tillag fjelagsins til landssímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur 22,000 kr.«. Hin síðarnefnda upphæð samsvarar «*amortisation*« á 300,000 kr. með 4% rentu á 20 árum, og sjest þá, að hið eiginlega tillag er að eins 13,000 kr., sem telja má með árgjöldum símans, en hitt fremur stofnkostnaður, og má teljast með vöxtum af byggingarkostnaði. Að vísu er hjer ekki um eiginlegt lán að ræða; því greiðslan fellur burt, ef samningurinn er brotinn, og getur einnig minnkað af öðrum ástæðum, samkvæmt ákvæðum ritsímasamningsins, ef fjelagið fær auknar tekjur af «*transit*«-sambandi til annara heimsálfa. En greiðslan er samt frá upphafi byggð á og miðuð við framlag fjelagsins, og virðist því gott að halda sundurliðuninni fyrir glöggleika sakir.

Tillögu nefndarinnar um að færa upphæðina undir II, 2, tillagið frá hlutaðeigandi hjeruðum til talsímalagningar frá Ísafirði til Vatneyrar úr 25.000 kr. niður í 20,000 kr., er jeg alveg samþykkur, og álít jeg það fullmikið gjald fyrir sýslurnar, þótt það ekki sje ákveðið hærra en þetta, sem nefndin fer fram á, og í samræmi við það hefði jeg helzt óskað, að nefndin hefði sjeð sjer fært að lækka tillagið frá Árnessýslu, þar sem Árnesingum er ætlað að borga 4,000 kr. meira til talsímalínunnar þar, en Rangvellingum. Jeg verð að líta svo á, að það sje hægt að færa þetta gjald Árnesinga svo mikið niður, að þeir ekki greiði meira til þessarar línu, en Rangvellingum er ætlað að gjöra, þar sem ætla má, að sú álma gefi af sjer nokkurn arð, og mikið af henni liggur utan Árnessýslu, sumpart um óbyggðir og fjallvegi (hjeðan austur yfir heiði).

Þá skal jeg geta þess, að jeg get ekki verið samdóma háttv. þgm. Ísfjk. (Sig. St.), þar sem hann leggur það til, að fella burt fjárveitingarnar til nýrra landsímalagninga eða aukalínurnar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness, frá Hafnarfirði til Keflavíkur, frá Breiðumýri til Húsavíkur og frá Fáskrúðsfirði til Reyðarfjarðar; þessar línur verða vafalaust byggðar, þótt síðar yrði, og vilji hjeruðin nokkuð á sig leggja til þess að fá þær strax, þá finnst mjer einsætt að láta

það í tje, úr því lán verður tekið til símalagninganna, og úr því tekjuhallinn verður ekki meiri, þrátt fyrir kostnaðinn við þessar aukalínur, en hann er, rjett talinn, á fjárlagafrumv. Nd.

Jeg get ekki skilið, hvernig stendur á þeirri till. háttv. fjárlaganefndar, að færa Fáskrúðsfjarðar-símalínu tillagið úr 6 þúsund krónum upp í 9 þúsund. Fáskrúðsfirðingar hafa að vísu boðið 9,000 kr., áður en stjórnarfrv. var samið, en það kom síðar í ljós, að þeir gengu út frá því, að þeir ættu þá sjálfir að eiga hálfar tekjur af símanum. Þetta mundi valda óþægindum og vafningum, og því var það lagt til í Nd., að láta sömu reglu ganga yfir þessa línu sem aðrar aukalínur, þannig að hjeraðið greiddi að eins þriðjungs tillag, en landssjóður ætti svo línuna og allar tekjur af henni. Þetta er miklu hentugra öllum hlutaðeigendum, og vil jeg þess vegna mæla með því, að þessi upphæð yrði samþ. óbreytt eins og í frumv. hv. Nd. Mjer heyrðist á háttv. framsm., að honum virtist, fyrir sitt leyti rjett að fella burt fjárveitinguna til álmunnar frá Keflavík til Hafnarfjarðar, og fannst mjer hann gefa í skyn, að hann gæti einnig aðhyllzt að fella burt kaupin á bæjarkerfinu á Akureyri og Seyðisfirði, og bygging bæjarkerfis á Ísafirði. Þó var hann í nokkrum vafa um Keflavíkurlínuna, af því hún mundi borga sig, og hitt taldi hann hreint gróðafyrirtæki, að kaupa Hafnarfjarðarsímann. Út af þessu skal jeg taka það fram, að svo framarlega sem línan frá Keflavík til Hafnarfjarðar eða alla leið til Reykjavíkur gefur arð af sjer, þá mun það sannast, að bæjarsímakerfin gefa þó helmingi meiri arð. Það er áreiðanlegt, að upphæðir, sem beðið er um í þessu skyni, eru ekki kostnaður til eyðslu, heldur arðberandi fje fyrir landssjóð, gefa góðar tekjur og verða til þess að gjöra landssjóð öflugri til þess að leggja fleiri línur, þar sem ágóðinn er minni eða í þeim hjeruðum, þar sem línurnar ekki bera sig.

Jeg hef þá talað um þær breyt.till., sem jeg ætlaði að minnast á við 13. gr., og skal jeg svo ekki fjölyrða frekar að sinni.

Sigurður Stefánsson (þgm. Ísfjk.): Jeg á nokkrar breyt.till. við, 13. gr. á þgskj. 530, og býst jeg við að mjer verði talið skylt að fara um þær fáeinum orðum.

Jeg skal strax taka það fram, áður en jeg vík að þessum breyt.till. mínum, að jeg kann sjerstaklega háttv. fjárlaganefnd miklar þakkir fyrir afskipti hennar af fjárhag landsins, og get jeg fyllilega undirskrifað þau orð, sem standa í nefndarálitinu, að hjer sje um fjárhagslegt böl að ræða eins og nú horfir við í fjármálum þessa lands; og að æskilegt sje að reyna, svo sem frekast er unnt, að ráða bót á eða að minnsta kosti rýra það böl. Það hafa fallið svo þung og stór orð hjer í deildinni í dag um fjárhag landsins milli hæstv. ráðh. og háttv. þgm. G.-K. (V. G.), og skal jeg ekki fara út í þá deilu, en finnst mega heimfæra til hennar orð skáldsins »strykum yfir stóru orðin«. En það verð jeg að segja, að á öllum þeim 12 þingum, sem jeg hef setið, hef jeg aldrei haldið á fjárlagafrumv. með jafn mikilli áhyggju og nú á þessu þingi. Jeg vildi óska, að þessi áhyggja væri ekki á rökum byggð, en jeg hygg, að margir muni líta alveg sömu augum á þetta mál og jeg. Það má að vísu vel vera, að háttv. 2. þgm. G.-K. hafi málað of skarpa mynd af hinu ískyggilega fjárhagsástandi, og það verð jeg að segja, að ræða hans hefur

ekki sannfært mig um neitt, sem jeg ekki þegar áður var sannfærður um í þessu efni, eða með öðrum orðum, að fjárhagur landssjóðs er engan veginn svo góður, sem hann ætti að vera.

Jeg veit það vel, að jeg hef verið kallaður sparnaðarmaður í fjármálum, og að sú stefna hefur verið sett í samband við apturhald; en jeg held líka, að fram að árinu 1900 hafi fjárhagur landsins verið svo blómlegur, sem hann var, einmitt fyrir það, að stjórnin og þeir heiðursmenn, bæði lifs og liðnir, sem þá áttu sæti á þingi, höfðu það hugfast, að reisa ekki landinu hurðarás um öxl, að því er fjárhaginn snerti, og án þess þó að skirrast við þeim útgjöldum, sem nauðsynleg voru til sannra þjóðþrifa og eðlilegra framfara í flestum greinum, og sje litið með óhlutdrægni yfir sögu þingsins frá 1875—1900, þá hygg jeg, að hún þrátt fyrir sparnaðarstefnu þess, beri vitni um margar og miklar framfarir í lífi þjóðarinnar bæði verklegar og andlegar. Síðan 1903 hefur þingið verið stórstigara en áður í framfaraáttina; út á þetta er ekkert að setja, svo lengi sem þau stóru skrefin fara ekki fram úr efnum og ástæðum þjóðarinnar. Það gildir sama regla fyrir landssjóð eins og fyrir bóndann, að hann verður að sníða sjer stakk eptir vexti í búskapnum. Það er ekki hyggilegt fyrir bóndann að ráðast í stór fyrirtæki, enda þótt gróðurvænleg kunni að vera, ef hann vantar öll efni til þess, og verður að hleypa sjer í stórskuldir; að minnsta kosti verða fyrirtækin þá að gefa honum meiri arð en sem svarar vöxtum af lánum hans; annars gengur efnahagurinn til þurrðar.

Við þekkjum allir bæði gætna og ógætna bændur. Gætnu bændurnir kasta ekki fje í nein þau fyrirtæki, sem þeir geta ekki haft nokkurnveginn vissu fyrir að veiti þeim arð. Þeir fylgja einmitt þeirri gullvægu reglu, að sníða sjer stakk eptir vexti, þar sem hinir, sem fara gálauslega með efni sín og ráðast fyrirhyggjulitið í efasöm fyrirtæki, verða öreigar og aldrei stjett sinni eða þjóðinni til sóma. Alveg sama reglan gildir í þjóðarbúinu og fyrir ráðsmann þess.

Fyrir jafnfátæka þjóð og okkur Íslendinga, sem ekki hefur meira úr að spila en það, sem við allir þekkjum, gildir sú fyrsta regla að gá í budduna, og segja við sjálfan sig: »Get jeg lagt út í þennan kostnað; verður hann svo mikill, að jeg fái ekki undir honum risið«.

Hæstv. ráðh. tók það fram í andsvörum sínum til háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að fjárhagsástand landsins mundi við lok fjárhagstímabilsins verða betra en þegar alþingi skildi við fjárlögin síðast. Þetta getur verið rjett, en mjer fannst hann ekki jafnframt taka fram, af hverju þetta stafaði; en það einmitt stafar af varfærni þings og stjórnar í því, að áætla ekki tekjurnar of hátt; og það skal hjer sagt hinni gömlu stjórn til maklegs lofs, að hún hefur á undanförnum þingum, og nýja stjórnin sömuleiðis, farið mjög varlega í að áætla ekki tekjurnar of hátt, og þessvegna hefur tekjuafgangur opt orðið, þótt tekjuhalli væri áætlaður samkvæmt fjárlögunum, og fjárhagur landsins því betri, en við var búizt. En nú hefur bæði stjórnin og einkum þingið, horfið frá þessari góðu reglu. Eptir því, sem fjárlagafrumv. kom frá stjórninni, og einkum eptir því, sem fjárlögin komu frá háttv. Nd., þá eru mjög lítil líkindi til, að það verði tekjuafgangur í lok fjárhagstímabilsins, miklu meiri líkur fyrir, að það verði stórkostlegur tekjuhalli, og liggur það í

þeirri óvarfærni, að tekjurnar eru áætlaðar svo hátt, sem hugsanlegt getur verið. Jeg skal taka það fram, að jeg get fyrir mitt leyti skrifað undir margt af því, sem háttv. 2. þm. G.-K. sagði í sinni ræðu um fjárhagsástand landsins; auðvitað mun ástandið ekki vera alveg eins og hann lýsti því; enda varð hann að byggja á áætlunum víða hvar, en hins vegar dylst mjer það ekki, að ástandið muni, eptir þetta fjárhagstímabil sem nú fer í hönd, verða töluvert verra en nokkru sinni áður, og jeg er mjög hræddur um, að svo framarlega sem fjárlögin fara frá þinginu í líku formi og þau komu frá háttv. Nd., þá sje um fjárhagslegan voða að ræða fyrir vora fámennu og fátæku þjóð, og á þessari hræðslu eru byggðar þær breyt.till., sem jeg hef leyft mjer að koma fram með. Jeg hefði getað gjört miklu fleiri og stærri breyt. á frumv., en jeg vildi ekki koma fram með þær, til þess að eyða ekki hinum mjög svo afskammtaða og dýra tíma þingsins.

Jeg ætla ekki að fara sjerstaklega út í hvern einstakan lið þessara brtill. minna, en taka þær allar undir sama númeri, af því að það gildir hið sama um þær allar.

Eins og háttv. þingdm. muna, þá var á síðasta þingi skírt tekið fram, að það væru að eins tvær ritsímaálmur, sem þingið ætti að veita fje til á þessu fjárhagstímabili, nefnilega Vestfjarða- og Ægisíðulínurnar. Eins og þingið skildi við það mál síðast, þá varð ekki við því búizt, að þingið nú sæi sjer fært að leggja út í meiri ritsímakostnað, en ráð var gjört fyrir þá. Samkvæmt frv. háttv. Nd., eru tekjurnar fyrir næsta fjárhagstímabil áætlaðar rúmlega 2,800,000 kr., og þar af ganga 614,000 kr. til síma og starfrækslu þeirra. Nú vil jeg spyrja, og vænti í því efni upplýsinga frá hæstv. stjórn, hvort nokkurstaðar muni í nokkru öðru landi í heiminum vera varið jafnmiklu fje til ritsíma og hjer er farið fram á í sambandi við »Budget« landsins.

Jeg hef að vísu ekki fyrir mjer »Budget« annara landa, og get því ekki borið þau saman við okkar, en jeg hygg, að það muni vera sárfá eða jafnvel engin lönd í öllum hinum menntaða heimi, þar sem tiltölulega jafnstórri upphæð er varið til ritsíma. Mjer dettur ekki í hug að segja, að símarnir sjeu ónauðsynlegir, en jeg verð samt að halda því fram, að arðurinn af þeim hjer á landi standi ekki í sama hlutfalli við kostnaðinn og í hinum þjettbýlu löndum, vegna þess, að meiri hlutinn af símunum hjer á landi liggur um heiðar, fjöll og firnindi, þar sem símarnir í flestum öðrum löndum liggja um blómlegar og þjettar byggðir, stórborgir og fjölmenn kauptún. Fyrir aðra en kaupmannastjettina og hina stærri sjávarútvegsmenn verður ritsíminn hjer á landi meira til gamans en gagns. Þess vegna hefði jeg fyrir mitt leyti helzt kosið, að þingið hefði nú haldið sjer að því, að veita að eins fje til þess að leggja þær tvær álmur, sem ráð var gjört fyrir á síðasta þingi, og jeg hygg ekki, að neinn hefði láð þinginu það, eða brugðið því um ofmikinn sparnað eða apturhald, þótt það hefði látið staðar numið við þær tvær línur, sem jeg áður nefndi. Þessar símalagningar, sem þegar eru fullgjörðar, hafa orðið til þess að gjöra alla þjóðina símasjúka, löngu áður en hún hefur fengið nokkra hugmynd um, til hvers gagns þessir ritsímar verði fyrir hana og hvað þeir kosta hana. Nú kemur annar hver þingm. fram með fjárbænir til ritsíma, einn á þessum staðnum, annar á öðrum stað. Um allt landið á þegar að

leggja ritsímanet, án þess að nokkuð sje um það hugsað, hvað öll þessi símaósköp kosta. Þetta er sannarlega ekki hyggilegt af þinginu, og að því er háttv. fjárlaganefnd snertir, þá get jeg satt að segja ekki sjeð, hversvegna hún ekki strykaði út allar fjárveitingar til annara síma en þessara tveggja, er jeg nefndi. Jeg get ómögulega sjeð, að það sje meiri þörf á þessum línum, sem háttv. fjárlaganefnd vill veita fje til en á hinum línunum, sem hún strykar út. Jeg vil láta hið sama ganga yfir þær allar, stryka þær allar út, og af því eru breyt.till. mínar sprottnar. Jeg vil með þeim sýna, að jeg í þessu máli vil hvorki fylgja meiri nje minni hlutanum; mjer stendur það alveg á sama, hvað um það er sagt. Jeg álít það heilaga skyldu mína að spara landinu það, sem mögulegt er að spara, svo framarlega sem sparnaðurinn ekki bakar þjóðinni skaða, eða tefur fyrir eðlilegum framförum hennar, sem jeg verð að álíta að hann ekki gjöri undir núverandi kringumstæðum; en jeg vil þvert á móti segja, að það sje fjárhagslegt böl fyrir þjóðina að fá alla þessa síma, sem um hefur verið beðið, og þegar búið er að leggja allar þessar línur, þá mun það sjást, hve mikill happafengur er í þeim, þegar búið er að leggja þær út á hvert annes og um þvert og endilangt Ísland, með afarþungum fjárkvöðum á sveitarfjelögunum.

Jeg get grobbað af því, að jeg er nú orðinn nokkuð gamall þingmaður, og mjer er ekki með öllu ókunnugt um það, hvernig gengur með greiðslu lána í landssjóð. Jeg sje í anda hrúgur af bænarskrám berast inn á þingið, þar sem farið er fram á uppgjöf á símalánum þeim, sem menn nú binda sjer á herðar. Eins og fjárhagurinn í landinu er nú og eins og allar horfur eru, þá er það víst, að það er miklu hyggilegra að fresta nú þessum mörgu og miklu símalagningum, en að ráðast í þær. Hæstv. ráðherra sagði, að það mundi reka að því, að símarnir yrðu lagðir, þótt hægt væri að tefja fyrir því í bili. Það getur vel verið, að svo verði, en okkar er að velja þó að minnsta kosti hagkvæman tíma til þess, og hann er ekki nú. Það getur vel verið, að þó að útlitið sýnist óálitlegt nú, þá verði það ekki eins á næsta þingi. Að minnsta kosti má ætla svo eptir þeirri skoðun, sem hæstv. ráðherra hefur á því, hvernig rætast muni úr með fjárhaginn, að fjárhagshorfurnar verði glæsilegri næst en nú.

Jeg býst við, að bænirnar um símana komi aptur fram á næsta þingi, og ef svo fer, að áhyggjur mínar út af fjárhagnum reynast ekki á rökum byggðar, en skoðun hæstv. ráðherra á fjárhagnum aptur á móti rjett, þá er mjög líklegt, að hægt verði að taka fleiri eða færri af bænunum til greina.

Það var ákveðið á síðasta þingi, að sími yrði lagður til Ísafjarðar á fjárhagstímabili því, sem nú fer í hönd, og þá var gjört ráð fyrir að hann yrði eins úr garði gjörður eins og sími sá, sem þegar hefur verið lagður. En hvað gjörir þingið nú? Til að greiða fyrir hinum símunum, þá dregur það af honum fram undir 100,000 kr. Það fer að eins og bóndi sá, sem reisir sjer hurðarás um öxl með einhverju fyrirtæki; heldur en að hætta við það í miðju kafi, tekur hann það úrræði, að gjöra það illa heldur en að láta það ógjört. Sje það nauðsynlegt að hafa bæði járnþráð og koparþráð milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur, þá er það engu síður nauðsynlegt með Ísafjarðarálmuna. En til þess að koma hreppapólitíkinni í algleyming, inn á þing, þá er vikið frá því, sem þingið

1905 ákvað, og línan gjörð með því að hálfgjörðu káki og ófullnægjandi. Mig furðar því meira á því, ef háttv. nefnd fellst ekki á breyt.till. um símana, sem hún þó sjer fyrir fjárhagslegt böl, eptir því sem hún kemst að orði í álíti sínu, og þar sem háttv. frams.m (J. Jak.) kemst svo að orði, að ekki væri hægt að veita lán úr tómum kassa. Jeg vil stryka undir þessi orð, því að þau eru viturlega mælt. En fyrst kassinn er tómur, er þá ekki alveg sjálfsagt að spara allt, sem sparað verður?

Háttv. framsm. (J. Jak.) tók það fram, að svo væri ástatt með suma af símunum, að það mundi verða gróði fyrir landssjóð að reka þá, og nefndi hann til þess Hafnarfjarðar-Keflavíkursímann. Það getur verið, að þetta sje rjett um hann. En það er nú svo ástatt með þennan síma, að hlutaðeigendum er engin þægð í, að landssjóður leggi fram fje til að koma honum upp; þeir hafa safnað nægu fje til að gjöra það sjálfir. Og því má ekki lofa þessum hjeruðum að leggja símann og njóta ágóðans af honum nú í bráðina? Landið getur áskilið sjer kauprjett að honum og eignast hann, þegar til þess árar. Fyrst kassinn er tómur, skil jeg ekki í því, hvers vegna þingið vill grípa fram fyrir höndurnar á mönnum með fullar hönður fjár, hafandi sjálft ekki einn einasta handbæran eyri til símalagningar. Það er víst, að sími þessi getur komizt á án nokkurrar tilhlutunar löggjafarvaldsins og hví skyldum vjer þá ekki lofa honum það? Eins og jeg sagði, má búa svo um, að hægt sje að kaupa hann, þegar landssjóður á eitthvað til að kaupa fyrir.

Jeg hef enn ekki minnzt á fyrstu breyt.till. mína við 13. gr. B. VIII. Jeg veit, að jeg hef þunglega móðgað ýmsa góða menn með því að gjörast svo djarfur, að koma með hana, og jeg veit, að hæstv. ráðherra er mjög sárt um, að þessi fjárveiting til rannsóknar járnbrautarstæðis sje felld. En jeg verð að gjöra þessu sömu skil og öðru vegna minnar gömlu og nýju sparnaðarnáttúru. Bæði hæstv. ráðherra og háttv. frams.m. (J. Jak.) hafa tekið það fram, að það væri óráð að fresta þessari rannsókn, því að nú gætum vjer fengið vinnuna við hana fyrir ekki neitt, og einkar vel af hendi leysta. Þetta getur nú rjett verið. En í mínum augum er ekkert útlit fyrir, að þessi járnbraut verði lögð nú að sinni; og þá skil jeg ekki, hvers vegna vjer eigum að kasta út peningum til þessarar rannsóknar nú, þegar fjárhagurinn er ekki betri en hann er. Til hvers eigum vjer að hafa alla þessa verkfræðinga? Jeg held vjer getum látið þá framkvæma mælinguna, þegar hentugur tími er til þess, það ætti ekki að vera ofverk fyrir þá. Það getur varla orðið stórtjón að því fyrir landssjóð, þótt vjer látum mælingu þessa bíða.

Jeg á svo ekki fleiri breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna. En jeg endurtek það aptur, að ef þessi deild og þingið í heild sinni skilur ekki við fjárlögin í betra horfi, en þau voru, þegar þau komu hingað til deildarinnar, þá fer jeg með þungum áhyggjum um fjárhag landsins heim af þessu þingi, þyngri en nokkru sinni fyr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) skildi ekki í því, á hverju fjárlaganefndin hefði byggt það að leggja ekki til, að í burt væru felldar allar þær símalínur, sem ekki standa í frumv. stjórnarinnar, fyrst hún vildi þó láta fella sumar þeirra burt. Háttv. frams.m. (J. Jak.) tók það fram, að hann hefði ekki verið sammála nefndinni um þetta, og því var ekki von, að hann gjörði ýtarlegri grein fyrir á-

stæðnm meiri hlutans. Jeg skal því skýra frá, af hverju meiri hlutinn vill láta gjöra þann greinarmun á símunum, sem kemur fram í breyt.till. nefndarinnar. Það má vera, að það hafi verkað nokkuð á niðurstöðuna, að málið hefur verið sótt af miklu kappi, og því eigi ugglaust um, að nefndin kæmi að lokum engu fram, ef hið meira væri tekið. En hvað sem þessu líður, þá er þó nokkur munur á þeim símum, sem hjer er ráðið til að fella, og hinum, sem haldið er. Það er þá fyrst síminn frá Grund eða Varmalæk til Borgarness. Hann er lang ódýrastur af öllum hinum ráðgjörðu símum, þar sem eigi er talið að kostnaður til hans úr landssjóði muni nema meiru en 8,800 kr. Auk þess er Borgarnes endastöð landpóstanna að norðan og vestan. Því eins og vjer vitum er pósturinn fluttur þangað frá Reykjavík og þaðan sjóveg. En það er nokkuð undir hælinn lagt, hvort skipið, sem póstinn á að flytja, getur fylgt áætlun, eða svo hefur það reynzt með það skip, sem undanfarna vetur hefur annazt póstflutningana. Það er töluvert þýðingarmikið að geta talað saman milli Borgarness og Reykjavíkur, þegar eitthvað ber út af með ferðir póstanna eða skipsins; þetta gildir ekki um neinn af hinum símunum. Síðasta vetur strandaði póstflutningaskipið Reykjavík; það vildi nú svo heppilega til, að strandið varð hjer syðra en ekki efra, og af því símastöð var þó í Borgarfirðinum, þá var hægt að koma fremur fljótt boðum uppeptir, og láta póstana fara með póstflutninginn til Akraness, og þangað var hann svo sóttur á mótorbát. Ef skipið hefði strandað efra, er hæpið, að eins bráður bugur hefði verið undinn að því að koma póstflutningnum áleiðis. Þá er síminn til Keflavíkur. Hjeraðsbúar eru fúsir á að leggja hann sjálfir, en það sýnist full ástæða til, að landssjóður taki það að sjer. Að vísu má láta þá leggja hann sjálfa, og kaupa hann síðan, þegar betur árar, eins og háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St) vildi; en sjálfsagt er það þó haganlegra, að landssjóður ráði frá upphafi, hvernig hann er lagður, og ódýrastur mun hann honum með því móti. Háttv. þm. Ísafjk. tók það eflaust rjettilega fram, að nokkuð af þessum ákafa manna að fá síma væri ekki á gildum rökum byggður; það er sjálfsagt nokkuð til í því, að það sje eigi síður til gamans en gagns fyrir sveitabændur að hafa síma; en fyrir sjávarbændur verður gagnið yfirleitt miklu meira; og hjer stendur einmitt svo á, að það er um sjávarhjerað að ræða.

Um Hafnarfjarðarsímann á það einmitt heima, sem háttv. þm. Ísfjk. vildi að ætti sjer stað með símana; hann borgar ekki að eins rekstur, heldur og rentur og drjúgar afborganir af stofnfjenu; mjer er fullkunnugt um þetta, því jeg er hluthafi í honum; síðasta ár gaf hann 20% í ágóða hluthöfum, og var þó lagt ríflega í sjóð fyrir viðhaldi og fyrningu.

Þá er síminn frá Breiðumýri til Húsavíkur. Það er líkt ástatt með hann og Keflavíkur símann, að hann á að leggja í fjölmennt kauptún, þar sem all-mikið sjávarúthald er. Það má því telja víst, að bæði gjöri hann mikið gagn, og gefi af sjer verulegar tekjur, enda munu hlutaðeigendur hafa verið fúsir til, að leggja hann að öllu leyti á sinn kostnað.

Að því er símann milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar snertir, þá gaf hæstv. ráðh. upplýsingar um hann, sem nefndinni voru ókunnar, þær upplýsingar, að tilboð þeirra þar eystra

hefði verið bundið við það, að þeir ættu að hálfu leyti símann og tekjur af honum. Nefndin hafði ekki við annað að styðjast, en það, sem stendur í stjórnarfrumv., þar sem lagt er til, að sími þessi sje lagður af því, að Fáskrúðsfirðingar vilji leggja svo mikið í sölurnar til að fá símann á næsta fjárhagstímabili. Jeg tel óvíst, hvernig nefndin hefði litið á málið, ef henni hefðu verið kunnugir allir málavextir eins og hæstv. ráðh. hefur skýrt frá þeim; og jeg vildi óska, að háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) vildi taka aptur breyt.-till. sína um þennan síma nú, svo að nefndin gæti athugað, hvort hún gæti ekki orðið honum fylgjandi með þessa breytingu til 3. umr., því ef að breyt.-till. yrði felld nú, þá er samkvæmt þingsköpunum ekki hægt, að taka hana upp aptur til 3. umr. Þegar nefndin stakk upp á því, að lagðar væru fram 9,000 kr. úr landssjóði til síma þessa gegn jafn-miklu tillagi annarsstaðar að, þá gjörði hún það í þeirri trú, að landssjóður ætti að eignast allan símann, eins og alla aðra síma.

Úr því jeg er staðinn upp, þá ætla jeg að minnast á tvö önnur atriði. — Það er þá fyrst breyt.till. á þgskj. 530; þar er stungið upp á, að burt sje felld styrkveitingin, til að mæla upp járnbrautarstæði austur í sýslur frá Reykjavík. Það er eigi eins og háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) virðist ætla, að hver og einn verkfræðingur geti leyst starf þetta af hendi, en því er eigi svo varið; til þess þarf menn, sem að sjerstaka kunnáttu og æfingu hafa í því efni; það er mikið verk og vandasamt og hlýtur að kosta mikið, ef borga á vinnuna við það; en nú er kostur á, að »Generalstaben« vinni verkið kauplaust, en fái að eins útlagðan kostnað borgaðan. Það gæti því orðið stórum dýrara, að vinna verkið síðar, ef vjer þá yrðum að borga það að fullu.

Viðvíkjandi símalagningunni frá Ísafirði til Vatneyrar er á það að líta: Fyrst, að síminn er tiltölulega mjög kostnaðarsamur, þar sem hann á að liggja yfir 4 heiðar og 3 firði; það mundi því leggjast ákaflega þungt á htutaðeigandi sveitir, ef af þeim væri heimtað, að greiða $^1/_3$ kostnaðarins, enda hefur háttv. Nd. fært tillagið niður í 25,000 kr., og oss hefur fundizt ástæða til, að færa það enn meira niður; það er ekki nema eitt lítið sýslufjelag og lítill hluti af tveim öðrum, sem þessi kostnaður lendir á; en þessi sími hefur mikla þýðingu fremur en flestir aðrir símar, ekki einungis fyrir hjeruð þau, sem hann liggur um, heldur og einkum fyrir fiskiskip bæði hjeðan frá Faxaflóa og að vestan og norðan, allt norður á Eyjafjörð.

Það má og gjöra ráð fyrir, að þessi símalína gefi talsverðar tekjur. Á Patreksfjörð kemur — auk innlendu skipanna — fjöldi af útlendum skipum, og má búast við, að þau noti símann all-mikið.

Jeg er háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) þakklátur fyrir alvöruorð þau, er hann talaði um, að vjer þyrftum að hafa gætur á fjárhag landsins, og yrðum að sníða oss stakk eptir vexti.

Aptur fór háttv. 2. þm. G.-K. (V.-G.) út í öfgar í ræðu sinni, og margt af því, sem hann talaði um, var langt frá því, að hægt sje, að finna því stað.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl): Jeg á hjer eina litla breyt.till. á þgskj. 538; jeg skal ekki tala langt mál um hana, því að líklega er hún dæmd hvort sem er. Háttv. framsm. sagðist eigi vita, hvernig á stæði með þessa brú á Tinnudalsá, hvort hún væri á hreppavegi, sýsluvegi eða þjóðvegi.

Jeg get upplýst um það, að hún er á engum vegi. Jeg vil first benda á, að eptir því, sem mjer er bezt kunnugt, mundi brúin verða nauðsynjafyrirtæki; hún mundi kosta líklega um $1^1/_2$ þús. kr., en afleiðingar af því, að brúin kæmist á, mundu verða hreppsfjelaginu dýrar, þar hún er ekki nálægt neinum vegi. Yrði að leggja dýran veg, á hreppsins kostnað að brúnni. Um nauðsyn þessarar brúar sje jeg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum, og ef til vill yrði mjer ekki trúað. Áin rennur úr fjalli, að heita má, yfir þveran Breiðdal, og er hin versta torfæra fyrir sveitarmenn, ekki einasta á leiðinni til kirkjustaðarins, heldur einnig til aðalverzlunarstaðar sveitarinnar, torfæra sem á þessum fjölfarna vegi er svo mikil, að ekki sjaldan hefur komið fyrir, að hún hefur verið alófær þegar mest hefur legið á, t. d. að ná læknishjálp í lífsnauðsyn o. s. frv.

Skal jeg svo láta staðar numið með að tala um breyt.till. þessa, sem verður að standa eða falla, eptir því sem deildinni þykir sanngjarnt og rjettlátt, en það vil jeg taka fram, að mislagðar sýnast mjer deildinni vera hendurnar, ef hún neitar um þennan styrk, þar sem upphaflega var farið fram á 1,000 kr., en í Nd. var borin fram till. um 600 kr. og nú loks einár 400 kr.

Þá vóru það sjerstaklega ummæli háttv. 2. kgk. þgm. (E. B.) um Fáskrúðsfjarðar-símaálmuna, sem jeg vildi athuga. Mjer heyrðist hann telja það líklegt, að sá liður yrði strykaður út, ef Fáskráðsfirðingum dytti í hug að fá hlutdeild í arðinum af símanum, þótt þeir legðu til helming kostnaðarins; en jeg tel ekkert undarlegt, þó þeim hafi fundizt það sjálfsagt, ef þeir legðu svona mikið eða helming alls kostnaðar fram.

Jeg hef nýlega fengið brjef frá Fáskrúðsfirðingum um þetta mál, þar sem þessi skilningur er látinn í ljósi, og þar sem einnig er tekið fram, að þeir krefjist jafnrjettar við aðra landsbúa í þessu máli, þó jeg á hina hliðina sje þess full viss, að þeir mundu heldur vilja mikið á sig leggja en að vera símalausir um langan tíma, og jeg veit, að hæstv. ráðh. hefur fengið brjef um þetta, sem fer í sömu átt. Vona jeg svo góðs til þgm. um þetta, að þeir felli breyt.till. nefndarinnar, því frekar sem jeg þykist viss um, að þessi símakaflinn gefi ekki minna af sjer, heldur miklu meira, en flestar þær aukalínur, sem nú er talað um að leggja.

Úr því jeg stóð upp, vil jeg gjöra dálitla aths., til þess að fá upplýsingar. Á fjárlögunum hefur lengi staðið sú kvöð til gufuskipafjelagsins, sem um getur í 13. gr. C. 1., að allt að 25 stúdentum og 50 efnalitlum iðnaðarmönnum sje árlega veitt sú ívilnun í fargjaldi, að þeir ferðist á 2. farrými báðar leiðir, fyrir sama sem annars er venjulegt fyrir aðra leið. Jeg veit, að þetta er gott ákvæði, en það er opt miklu meira í orði en á borði. að minnsta kosti fyrir alþýðumenn og verzlunarmenn, sem t. d. fara á verzlunarskóla í Danmörku eða annan alþýðuskóla. Það er sjaldnast, að þeir nái í þessi hlunnindi, þeir eru vanalega lengur en þá 6 mánuði, sem farseðillinn gildir, fjöldinn allt að 7—8 mán. Mjer dettur því í hug, og skýt því til frsm., hvort eigi muni hægt að athuga þetta og ráða bót á því, þannig að farbrjefið geti gilt minnst 7—8 mánuði. Jeg bendi á þetta af því að það kemur jafnaðarlega fyrir, að þessi ívilnun kemur hvergi nærri að fullum notum.

Mjer hefur flogið í hug að gjöra

breyt.till. við 13. gr. C. 2. a.; þar eru ætlaðar 12,000 kr. til bátaferða á Faxaflóa, og ef ekki þarf á henni allri að halda, þá af henni 750 kr. til mótorbátsferða frá Borgarnesi upp eptir Hvítá. Jeg veit ekki, hvernig þetta er hugsað, hvort það er fjelag eða einstakir menn, sem ætla að halda uppi þessum Hvítárferðum. Jeg er svo opt minntur á þær 400 kr., sem einusinni voru lagðar til Lagarfljótsbátsins, að mjer dettur í hug, hvort ekki væri heppilegra að leggja 400 kr. til Hvítárbátsins einusinni fyrir allt, í staðinn fyrir að festa árlegt tillag til hans við fjárlögin.

Áður en jeg sezt niður, vil jeg víkja örlitið að þeirri miklu og löngu ræðu háttv. 2. þgm. G.-K. (V. G.); hann lagði sjerstaka áherzlu á ábyrgð meiri hlutans í fjármálunum. Það er nú víst í 10. sinni, sem jeg heyri þetta hjá háttv. þgm. í ýmsum málum, og er það í sjálfu sjer ekki nema gott; en það er líka gott fyrir minnihlutann að geta sagt og haldið fram öllum fjarstæðum, sem hann lystir, hvaða vitleysa sem það er, í skjóli ábyrgarleysis síns. Háttv. þgm. skoraði á okkur að taka höndum saman við sig í því að greiða úr fjármálavandræðunum. Þegar hann sagði þetta þaut jeg í öll mín skjól, til þess að gæta að, í hverju jeg gæti fylgt háttv. þgm., í sparnaðaráttina, og hvað fann jeg svo, jú, breyt.till. frá háttv. þgm. G.-K., um *hækkun* á 1. lið um *1000 kr.* árl., nýja liði til hækkunar yfir 1400 kr. og enn fremur 900 kr. aukin útgjöld! Þetta var þá allur sparnaður þgm., en ekki ein einasta till. sem fór í þá átt að spara fje landssjóðs.

Sigurður Jensson (þgm. Barðstr.): Jeg ætla mjer að minnast á 1. lið í breyt.till. fjárln. af því að framsm. vísaði til mín; það er 13. gr. C. 2. b., til báta-ferða á Breiðafirði, þar sem stungið er upp á hækkun úr 6,000 kr. upp í 8,000, og komi sem athugas. við l., að »styrk þessum megi, ef hlutaðeigandi sýslunefndir óska þess, verja til tveggja mótorbáta, og gangi annar aðallega um norðurhluta Breiðafjarðar, en hinn um suðurhlutann.

Svo stendur á, að fyrir nokkrum árum var lagt til þessara ferða 10,000 kr. Stjórnin lagði til nú, að það yrði 8,000, en Nd. lækkaði það niður í 6,000 kr. Það er nú fyrst auðsjeð og vitanlegt, ef þetta gengur fram, að engar ferðir verða á Breiðafirði. Ástæðan til þessarar stöðugu lækkunar á styrknum er, segja menn, sú, að báturinn hafi þar sumstaðar svo lítið að flytja. Það er satt, að það er sumstaðar svo, en til þess eru eðlilegar orsakir. Gufubátar geta ekki komið við nema á fáeinum stöðum, en á Breiðafirði er svo háttað, að þar eru margir firðir og langir og þótt bátar komi á fáeina staði, geta fæstir náð í þær ferðir eða haft gagn af þeim. Stór bátur (gufubátur) getur ekki verið að rekast í að elta þarfir allra og tína upp hvern fjörð, en það gætu mótorbátar þar á móti. Þeir geta hæglega komið á hvert nes og hvern fjörð svo að segja, og bætt þannig úr flutningaþörf og samgönguleysi. Þessir mótorbátar þyrftu að vera talsvert stórir og rammbyggilegir, þeir verða að fara í langar ferðir: út undir Jökul, til Hvammsfjarðar, í Víkurnar fyrir vestan og þeir þyrftu að vera á ferð fram eptir haustinu. Á Breiðafirði eru miklir straumar og slæmur sjór; þurfa því bátar að vera áreiðanlegir, svo að óhætt sje flutningi og mönnum. Slíkir bátar — mótorbátar — kosta mikið og þarf því ríflegan styrk í fyrstu, er síðar má minnka, þegar ferðirnar eru komnar á. Menn ráðast ekki í að kaupa svo dýra báta, nema þeir fái ríflegan styrk

í byrjun. Það er satt, að nú borga þessar ferðir sig ekki og munu því síður gjöra það, ef tillagið verður lækkað; mundi það koma sjer óþægilega, ef hætt yrði við ferðirnar. Mundu mótorbátar greiða mjög fyrir flutningi og samgöngum t. d. á Hvammsfirði og Gilsfirði. Jeg vona því, að háttv. deild gangi inn á aths., og hættan er engin með fjárveitinguna, þar eð stjórnin samþ. ferðirnar.

Annar liður, sem jeg vildi minnast á, er ritsímaálman til Ísafjarðar. Þessu hefði jeg viljað fá breytt svo, að ekki stæði í frv. neitt um það, hvora leiðina skuli velja, nyrðri eða syðri, fyr en fullkomin rannsókn hefur fram farið. Mín skoðun er stöðugt sú, að álman eigi að leggjast um Barðastrandarsýslu og muni það verða hagvænlegast, en þar hef jeg stjórn og meiri hluta þings á móti mjer. Jeg hef þó í nefndinni komið fram með till. um, að gjald það, sem lagt er á hlutaðeigandi sýslur, eða sýsluhluta, sje lækkað; hef jeg með mjer í því efni hæstv. ráðh. og háttv. 2. kgk. þgm. (E. Br.), og er jeg þeim þakklátur fyrir það. Meiri lækkun þorði jeg ekki að fara fram á. Ef þessi aðalleið, sem jeg sting upp á, yrði valin, þá hefur hjeraðið boðið fram meira fje, og líka einstakar sveitir. En ekki er vonlaust um, þegar ítarleg rannsókn hefur farið fram á leiðunum, að erfiðleikar sýni sig að vera meiri á Ísafjarðarleiðinni eða þeirri leiðinni, sem stungið er upp á í fjárlögunum, og þá vona jeg, að hin leiðin verði valin. En það er víst, að það hefur þýðingu fyrir allt landið og ekki Vestur-Ísafjarðar- og Vestur-Barðastrandarsýslur einar, að síminn nái til kauptúnanna á Vestfjörðum. Þess vegna er það ósanngjarnt, að þessar sýslur einar borgi kostnaðinn við símann. Þessi álma mundi vera fullt eins þýðingarmikil fyrir aðra hluta landsins eins og sjálf þessi hjeruð. Jeg heyrði merka menn segja það nýlega, að eiginlega ætti Reykjavík að leggja til þessa síma, þar sem íslenzki fiskiflotinn, sem mikið til á heima hjer í Reykjavík, er mjög mikið þar vestra. Má geta þessa eigi síður en háttv. 2. þm. S.-Múl. talaði um franska flotann á Fáskrúðsfirði.

Vona jeg svo, að eigi þurfi jeg að tala meira fyrir þessu, en skýt því til rjettlætis háttv. þm.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg á enga breyt.till. við þennan kafla frumv., og hefði ei staðið upp, ef brt. háttv. þm. Ísfik. (Sig. St.), hefðu ei snert mig dálítið. Ræða hans var mjög vel flutt og góð eins og von var á úr þeirri átt, og þó hann málaði með nokkuð sterkum litum, þá var það orð í tíma talað hjá honum, að hvetja menn til að athuga vel fjárhagsástandið. En mjer fannst ekki till. hans eins góðar og sanngjarnar. Mjer fannst hann líkjast dálítið púkanum á kirkjubitanum. Sjálfur fær hann síma til Ísafjarðar og getur því kátur og kotroskinn sparkað í okkur hina ræflana símalausa. Enda áleit hann enga ástæðu til að veita fje til annara símalagninga en Vestfjarðaálmunnar og Ægissíðuálmunnar, sem hvorttveggja hefði verið talað um á síðasta þingi. Jeg get ei verið sömu skoðunar um þetta efni. Jeg álít, að 2 símaálmur af þeim, sem háttv. þm. leggur til að felldar verði, sjeu alveg eins bráðnauðsynlegar eins og Vestfjarðaálman, og eigi eins vel skilið að þeim sje sinnt. Skal jeg leyfa mjer að minnast dálítið á atriði þau, er þetta snerta. Þessar 2 símalínur eru í 13. gr. D. II. 5. og D. II. 9. Skal jeg þá byrja á D. II. 9, en það er

síminn frá Breiðumýri til Húsavíkur. Þessi málaleitun er aðallega komin frá Húsavíkurþorpi, sem er eitt af stærri þorpum landsins. Jeg held, að það sje fjórða í röðinni að stærðinni til, þegar undanskildir eru kaupstaðirnir, og verzlunin er svipuð hlutfallslega við stærðina. Árið 1906 hafði Húsavík 550 íbúa, en í lok þessa árs býst jeg við að þeir verði yfir 600, en uppland þorpsins hefur eitthvað um 2,200 íbúa auk þess sem allmikil verzlun úr Norður-Þingeyjarsýslu gengur í gegnum Húsavík. Þetta þorp hefur því mjög mikla þörf á því, að komast í samband við umheiminn, svo að það þurfi ekki að sækja alla leið til Breiðumýrar, ef það vill nota þessa samgöngubót. Hjeraðsbúar hafa líka sýnt hve mikið þeir vildu til vinna, þar sem bæði sýslunefnd og hreppsbúar Húsavíkurhrepps hafa boðið fram $^1/_3$ kostnaðarins, eða 7,000 kr., ef álman fengist fyrir 1909 eða á næsta fjárhagstímabili. Og það er ekki einungis stærð þorpsins, sem kemur hjer til greina, heldur einnig, að þetta er nýtt þorp, sem er að stækka mikið, og hefur lagt mikið fje bæði til bygginga og mótorbátaútvegs. Það er því nauðsynlegt, þegar á allt er litið, bæði sjávarútveginn og verzlun, að þetta þorp geti fylgzt með hinum kauptúnunum. Auk þess finnum við norður í Húsavík enn meira til þess, að vera ekki í símasambandinu, þar sem það var almenn skoðun þar nyrðra, að síminn hefði átt að liggja um strandir og þá um Húsavík. Það virðist því eigi vera nema rjettlætiskrafa, að Húsvíkingar fái síma. Og það er að eins til þess að fá hann sem fyrst, að þeir vilja leggja þetta gjald á sig. Þó bætt yrði við þessum símakafla, þá held jeg að óhætt sje, að ábyrgjast, að landssjóður liði ekkert rentutap á því fje, sem til hans fer. Ef landssjóður leggur til einar 14,000 kr. og hefur svo allar tekjur af símanum, en sveitirnar kosta starfræksluna við stöðvarnar, þá held jeg, að engum muni finnast djarft í lagt, að »brúttó« tekjurnar muni verða yfir 5% af 14,000 kr. Þá kunna menn að segja: »En viðhaldið verður svo mikið«, en jeg held að ekki þurfi að óttast það. Jeg þekki svo mikið til á Norðurlandi og hvernig stálsíminn reynist þar, að á viðhaldskostnaði miklum er engin hætta. Jeg álít því, að vissa sje fyrir því, að tekjurnar verði fullkomnustu rentur af upphæðinni. Jeg vona því, að háttv. deild samþ. ekki breyt.till. háttv. þm. Ísfjk., þar sem líka allir hlutaðeigendur hafa verið samþ. þessari álmu, nefnilega stjórnin, fjárlaganefnd Nd., Nd. sjálf og síðast fjárlaganefndin hjer í deildinni. Þetta var nú viðvíkjandi þessum lið, en sama hygg jeg, að megi segja um D. II. 5., símann milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Eru einnig miklar líkur til, að hann muni gefa af sjer miklar tekjur og góða vexti af fje því, sem landssjóður leggur til hans. Jeg er minna kunnugur hinum tveimur álmunum, er háttv. þm. vill fella burt, en hygg þó að Fáskrúðsfjarðarálman muni gefa góðar tekjur. Vona jeg því, að háttv. deild samþ. þessa 4 liði, en felli breyt.till. háttv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar.

Viðvíkjandi öðrum breyt.till., sem fram hafa komið, þá skal jeg geta þess, að jeg er þakklátur háttv, nefnd fyrir þá stefnu, sem hún hefur tekið, að spara sem mest og draga úr hinum miklu útgjöldum. Hygg, að jeg muni víðast hvar fylgja henni að málum í því efni í þessum kafla,

Aptur get jeg ekki allstaðar fylgt henni, þar sem hún leggur til, að auka útgjöld landssjóðs; skal jeg ekki fara

út í hverja einstaka breyt.till,, en að eins minnast á tvær þeirra; fyrst skal jeg leyfa mjer að geta þess, viðvíkjandi því, að tillagið til álmunnar milli Ísafjarðar og Vatneyrar frá sýslufjelögunum sje fært niður í 20,000 kr., að jeg mun greiða atkvæði með því, af því að mjer finnst það svo mikið fje fyrir fámenn og strjálbyggð hjeruð að leggja fram. En breyt.till. um að hækka styrkinn til gufubatsferða á Breiðafirði mun jeg ekki verða með í að samþykkja að svo komnu. — Jeg sje enga ástæðu til að ætla þessum bát hærri styrk en öðrum gufubátum. Það er ætlazt til, að landssjóður styrki 5 gufubáta og þar á meðal er 1 bátur á Breiðafirði og annar á Eyjafirði, sem á að ganga vestur á Skagafjörð og austur á Axarfjörð eða með öðrum orðum þjóna upplandi, sem hefur um 16 þúsund íbúa. Þó er þessum bát ekki ætlaðar nema 6,000 kr., og skil jeg ekki annað, en Breiðafjarðarbáturinn hafi bæði minna svæði og færra fólki að þjóna, og finnst mjer því, að hann muni líka geta komizt af með 6,000 kr. styrk. En þessi viðbótar-athugasemd, sem nefndin kemur með, um að skipta megi styrknum milli tveggja mótorbáta, finnst mjer hættuleg, og að styrkurinn muni þá ekki koma að sama gagni, þar sem engin skilyrði eru sett. Ef háttv. fjármálanefnd hefði sett það skilyrði fyrir styrkveitingu til báta þessara, að þeir væru eign hjeraðsins eða einstakra manna í því, þá hefði jeg fremur getað fellt mig við, að greiða atkvæði með breyt.till. þessari um ríflegri styrk, því að slíkt gæti orðið til þess, að undirbúa gufubáta- og gufuskipaútgjörð landsmanna, bæði til innanlands- og millilandaferða. Þetta hefur enn engan byr fengið hjer á þingi, og held jeg mest af því, að menn hafa ekki þorað að setja þetta ákvæði inn. Jeg held því, að jeg mundi greiða atkvæði með þessari hækkun upp í 8,000 kr. við 3. umr., ef því yrði bætt inn í, að hjeraðsbúar sjálfir skyldu eiga bátinn.

Þá er það enn eitt atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á, og sem mig furðar mjög, að enginn skuli hafa minnzt á, en það eru: gufuskipaferðirnar. Jeg hef fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að sú aðferð sje tekin upp, að fela stjórninni á hendur, að semja um ferðirnar með þeim skilyrðum, sem sett eru.

En það er að eins eitt atriði í þessu máli, er mjer finnst athugavert, nefnilega það, að stjórnin megi gjöra samninga, er gildi allt að 8 árum. Þessi 8 ár eru í samanburði við efnalegar framfarir lands og þjóðar, eins og þær hafa verið á síðari árum, afarlangur tími. Eptir þeim umbrotum og þeirri framfaraviðleitni, sem hvervetna lýsir sjer nú, þá virðist varla hægt að segja nú, hvað fullnægjandi verði eptir 8 ár. Virðist mjer því hæpið, að rjett sje að leyfa, að gjöra slíkan samning til 8 ára, og það ekki sízt við hið stóra og ríka sameinaða gufuskipafjelag. Því að þó það sje álitið gott, þá er það apturhaldssamt og mun halda fast við samning þann, sem gjörður er, án tillits til þess, hvort hann er fullnægjandi fyrir oss, eptir því sem árin líða. Og þó þessum skilyrðum, sem í frumv. eru sett, verði fylgt, þá veit jeg ekki, hvort samningurinn verður sem allra girnilegastur. Jeg hef sjeð uppkast yfir ferðaáætlun hinna stóru skipa, er fjelagið hefur sent stjórninni, og má skoða sem tilboð um slíkar ferðir, en er auðvitað ekki bindandi á hvoruga hlið. Jeg skal þó leyfa mjer að benda á, að á þeim stöðum, sem jeg þekki til, varð jeg alls ekkert hrifinn af þessari

áætlun. Og finnst mjer þær ferðir, sem Norðurland á von á, ekki vera neitt keppikefli, og væri varla von, að Norðlendingar vildu við það búa, ef það ætti að teljast fullnægjandi. Svæðið milli Horns og Langaness er gjört ráð fyrir að fái 8 ferðir á árinu frá Kaupmannahöfn. Og dreifast þessar ferðir yfir megnið af árinu, eða með öðrum orðum, sú fyrsta er í febrúar, en hin síðasta í október. En að dæma eptir viðkomustöðunum, þá lítur ei út fyrir, að fjelagið hafi sjerlega hugsað um, hvað bezt væri fyrir landið, heldur að eins um sinn eigin hag, þar sem skipunum er ætlað að dvelja helming þess tíma, sem þeim er ætlaður fyrir norðan land, á Húnaflóa, af því að þaðan fær fjelagið mestan flutning. Á þessari ferðaáætlun er Húsavik mjög óheppilega sett. Hún hefur 4 ferðir frá Kaupmannahöfn og 3 ferðir frá Reykjavík. En þó er það enn óheppilegra fyrir Húsavik, að þangað er engu skipi ætlað að koma fyr en í apríl.

Jeg veit, að þessi áætlun er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir stjórnarráðið nje fjelagið, en jeg óttast, að sú reglulega ferðaáætlun kunni að draga dám af henni. Við umræðurnar í Nd. held jeg, að hæstv. ráðherra hafi lýst því yfir, að það væri ekki meiningin, að samningar þessir ættu að vera svo bindandi, að með þeim væri útilokað að styrkja aðra jafnframt, ef það álitist til bóta. Þessu vildi jeg leyfa mjer að skjóta til hins hæstv. ráðherra og biðja hann um yfirlýsing því viðvikjandi, hvort alþingi eptirleiðis mundi heimilt, án þess að krenkja þennan samning, að gjöra samning við annað fjelag, t. d. Thore eða Wathne. ef því þætti þörf á slíku til samgöngubóta. Fái jeg yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra í þessa átt, þá mun jeg greiða atkvæði með þessum lið, en að öðrum kosti mun jeg koma með breyt.-till. við hann til 3. umr.

Háttv. 2. þgm. K. G. (V. G.) talaði mikið um það óefni, sem fjárhagur landsins nú væri kominn í, og er það rjett, sem hann sagði, að okkur þingmönnum er skylt, áður en við göngum til atkvæða um frumv. þetta, að hafa hugann við það um fram allt, og sjerstaklega við, meiri hlutinn, að það erum við, sem berum ábyrgð á, hvernig fjárhagsástandið verður. En jeg ætla nú samt ekki að hlaupa til háttv. 2. þgm. G.-K., til þess að fá hann til að hjálpa mjer að bera þessa ábyrgð; jeg ætla að reyna að standa undir henni sjálfur.

Annars dettur mjer ekki í hug að svara þeirri ræðu hv. þm.; henni var ekki beint til mín eða annara hv. þdm., heldur var henni, eins og hann sjálfur sagði, beint til fólks út um land. Hygg jeg líka, að ef hann hefði talað fyrir okkur, sem á þingbekkjunum sitjum, þá hefði hann tæplega farið eins geyst, eða reist eins margar skýjaborgir.

Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir við útreikning hans, til þess að sýna, hve traust öll bygging hans var. Hann fjekk tekjuhalla landssjóðs upp í rúmar 3 miljónir. Það liggur í augum uppi, að hjer er eitthvað athugavert við útreikninginn. Það er sjerstaklega eitt atriði, sem hann ekki hefur tilfært, það er þær umfram tekjur, sem verða á fjárhagstímabilinu 1906—1907. Umframtekjur á árinu 1906 voru samkvæmt því, sem hæstv. ráðh. hefur gefið upplýsingar um, nálægt 330,000 kr., en umframtekjur 1907 hljóta að verða meiri, þar sem þá bætist við útflutningsgjaldsauki af síld, sem varla verð-

ur minna en 50—60,000 kr., og svo ennfremur ný frímerki, með báðum konungsmyndunum. Jeg held því, að umframtekjurnar verði varla minni en 700,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Þessu hefur háttv. þm. alveg gleymt.

Hv. sami þm. gleymdi í samanburði sínum að geta þess, að nefndin í prestamálunum í Nd. hefði breytt prestalaunafrumv. þannig, að það verður ekki lengur landssjóði til útgjalda. Þá var einnig annað, sem hann vissi eigi, að gaddavírslögin voru felld í Nd. Í þriðja lagi minntist hann á kostnað við fyrirhugaðan húsmæðraskóla, en eptir því, sem í því frumv. stendur, þá er engin skylda að reisa þann skóla, heldur er það að eins heimilað. Auk þess renndi hann alveg blint í sjóinn með kostnað þann, sem af því leiddi. Hygg jeg því, að hann hafi í þessum liðum öllum oftalið 1 miljón kr. Þá taldi hann enn til útgjalda 600,000 kr. trygging brunabótasjóðs, en það finnst mjer ekki geta talizt til útgjalda, þó fjelagið yrði stofnað. Auðvitað gæti það komið fyrir, að fje þetta þyrfti að nota ef eitthvert stórt þjóðaráfall kæmi fyrir í húsbrunum. En það er líka hægt að hugsa sjer, að komið gæti fyrir á annan hátt, t. d. ef jarðskjálptar eyðilegðu allar brýr á landinu. Mjer finnst því ekki rjett að telja þetta til tekjuhallans. Á sama hátt finnst mjer ekki rjett að telja til útgjalda þær 200,000 kr til veðdeildar landsbankans, sem landssjóður verður að hafa á reiðum höndum. Hygg jeg, að aldrei þurfi til þess að taka, þar sem jeg veit ekki betur, en að veðdeildin sje nú búin að afla sjer ekki óálitlegs varasjóðs. Þetta vildi jeg að eins leyfa mjer að benda á, til þess að sýna, hve öll bygging hins háttv. þm. er lausleg, ef við henni er hróflað. Fyrir mjer er fjárhagsástandið hjer um bil á þessa leið: Við lok ársins 1905 var peningaforði landssjóðs 590,000 kr. En eptir því, sem hæstv. ráðh. hefur skýrt frá, varð enginn tekjuhalli á árinu 1906, þrátt fyrir það, þó borgaður væri út ýmislegur ritsímakostnaður, er farið hafði fram úr áætlun. Eptir því, sem tekjurnar urðu árið 1906, þá er ekki hægt að búast við, að þær verði minni 1907, heldur hljóta þær að fara töluvert þar fram yfir, þegar tekið er tillit til þeirra tekna, er bætast við á því ári, og jeg hef áður talað um. Verður þá tekjuafgangur eptir fjárhagstímabilið á að gizka 170,000 kr. í allra minnsta lagi. Verður þá peningaforði landssjóðs við árslok 1907 kominn upp í 760,000 kr. Þegar svo hjer er bætt við áætluðum tekjuafgangi á fjárhagstímabilinu 1908—1909, um 60,000 kr., er upphæðin komin upp í 820,000 kr. Þetta er eptir mínu áliti öll aðalatriðin á tekjuhlið fjárhagsins. Móti þessu koma svo útgjöld þau, sem búast má við umfram fjárlög þessi, sem nú eru til meðferðar. Það er þá fyrst fjáraukalögin fyrir 1906—4907, að meðtöldum kostnaði við móttöku konungs 320,000 kr. Þá er byggingarsjóðurinn 230,000 kr., sem er talsvert mikið hærra en áætlað er. Þar næst koma vitar fyrir 110,000 kr. Til kennaraskólans 35,000 kr. Að vísu er ómögulegt að segja, hvað það kann að verða, en jeg býst við, þó hann komist á, þá verði hann aldrei stórum dýrari, en talsvert ódýrari, ef hann verður settur í Flensborg. Þá eru lán á fjárhagstímabilinu, allt að 125,000 kr., að meðtöldum þeim 50,000 kr., er jeg legg til að bætt verði við það, sem nefndin gjörir ráð fyrir. Þetta verður þá samtals alls 820,000 kr. Að vísu geta verið ýmsir smærri póstar, sem fram geta komið til útgjalda,

en það verða aldrei neinar stór-upphæðir. Þá standa svo sakir, að peningaforði landssjóðs verður uppeyddur, en viðlagasjóðurinn alveg ósnertur. Svo gjöri jeg einnig ráð fyrir, að talsverðar umframtekjur verði á næsta fjárhagstímabili, ef árferði til lands og sjávar verður ekki því verra. Því að sjerstaklega býst jeg við því, að kaffi- og sykurtollurinn fari fram úr áætlun, ef að vanda lætur. Þess ber einnig að gæta, að hæstv. stjórn fylgdi í frv. sínu nákvæmlega sömu reglum í tekjuáætlununum eins og undanfarin ár. Fjárlaganefnd Nd. hækkaði að vísu áætlunina lítið eitt, en þegar hún svo lagði tollaukann við, dróg hún úr hækkuninni, svo það varð ekki nema 30—40 þús. kr. Jeg held því, að enginn vafi sje á, að næsta fjárhagstímabil muni enda með talsverðum peningaforða í landssjóði.

Það er enginn vafi á því, að hægt er að vona eptir töluverðum tekjum umfram áætlun á þessu ári, og umfram síðasta ár. Eg býst því við, að árið 1909 endi þannig, að peningar í sjóði verði 2—300,000 kr. að minnsta kosti. Þessi áætlun er byggð á því, að árferði verði viðlika og undanfarin ár, en nú geta óhöpp eða harðæri borið að höndum, og því eru orð háttv. þgm. Ísafjk. (Sig.-St.) orð í tíma töluð. Ef nú tekjur þær bregðast að mun, sem jeg hef áætlað, þá verðum vjer að grípa til þess að fá hlaupalán, slíkt er alsiða annarsstaðar, og enginn voði þarf að vera á ferðum fyrir það, þótt það sje að vísu óþægilegt, þegar lítið er til þeirrar fjárhagsvenju, sem á hefur komizt að undanförnu. Jeg lít svo á, að fjárhagurinn sje ekki góður, en þó enginn voði á ferðum enn.

Eptir öllum atvikum tel jeg það sjálfsagt, að lán sje tekið til að byggja símana fyrir. Þeir eiga að borga sig, helzt beinlínis, en sjálfsagt óbeinlínis. Það er því rjett, að kostnaðurinn leggist ekki eingöngu á þá, sem byggja símann, og um leið og hann er byggður; hitt er miklu sanngjarnara, að hann dreifist yfir lengri tíma og komi smátt og smátt niður á þeim, sem símann nota. Það er því vafalaust rjett af stjórn og þingi að stofna til hinnar fyrirhuguðu lántöku.

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Jeg á hjer eina breyt.till., sem fer fram á að veita Öræfingum ofurlítinn styrk til að ljetta undir fyrir þá að ná í læknishjálp, og bæta þannig úr læknisleysinu, sem þeir eiga við að búa. Háttv. framsm. (J. Jak.) gat þess, að nú mundi eigi sama þörf á að veita styrk þennan sem að undanförnu, þar sem eptir hinum nýju læknisskipunarlögum ætti að leggja Hofshrepp til Síðuhjeraðs, og taldi hann að með því mundi ráðin bót á mestu erfiðleikunum fyrir Öræfingana að ná í lækni. Þessi orð sýna, að háttv. frsm. (J. Jak.) er ókunnugur staðháttum þar eystra, og svo er að líkindum með fleiri háttv. þgm.; skal jeg því leitast við að skýra fyrir þeim, hvernig þar hagar til. Öræfin liggja milli Skeiðarársands og Breiðamerkursands og eru talin dagleið á lengd, frá Tvískerjum, sem er austasti bærinn, að Skaptafelli, sem er vestasti eða innsti bærinn í sveitinni. Það er að vísu lítið eitt skemmra að vitja læknis frá vestustu bæjunum svo sem Svínafelli og Skaptafelli vestur á Síðu, en aptur á móti er betra að sækja lækni frá Hnappavöllum þar sem þéttbýlast er og Tvískerjum austur í Hornafjörð. Vestur á bóginn eiga Öræfingar að sækja yfir Skeiðarársand, Skeiðará, Núpsvötn og Hverfisfljót, en austur er yfir Breiðamerkursand og Jökulsá að fara, og þótt hvorug leiðin sje girnileg yfirferðar, þá er Breiða-

merkursandur þó miklu betri yfirferðar en Skeiðarársandur, sem eptir Skeiðarárhlaupin er optast ófær eða líttfær allt árið; þótt Jökulsá sje optast ófær, þá er það svo mikil bót í máli, að hana er hægt að fara á jökli; en því er ekki að heilsa með Núpsvötn og Skeiðará. Ef Öræfingar þurfa að sækja lækni vestur á Síðuna, eða austur á Hornafjörð, —en það eru vötnin og sandarnir, sem ákveða, hvorn lækninn þeir sækja, en ekki það, sem stendur á pappírnum eða í læknaskipunarlögunum— þá verða þeir að senda tvo hina beztu vatnamenn með ekki minna en 5 duglega hesta. Þetta sýnir, hvað mikið það kostar þá að sækja lækni vestur á Síðu eða austur í Hornafjörð, og það hefur áður með styrkveitingunni verið viðurkennt af þingi, að þeir eigi við óvenjulega örðugleika að búa að vitja læknis eða leita læknishjálpar í lífsnauðsyn.

Öræfingar eru þinginu mjög þakklátir fyrir styrk þann, sem þeim hefur verið veittur til að ná í læknishjálp, og þeir vona, að þingið líti enn með sanngirni á erfiðleikana hjá þeim að ná í lækni og veiti áfram þessar 150 kr. til að vitja læknis; landssjóður getur ekki farið á höfuðið fyrir það.

Sigurður Jensson (þm. Barð.): Jeg vil leyfa mjer að svara fám orðum því, sem háttv. 6. kgk. (Stgr. J.) sagði um Breiðafjarðarbátinn. Háttv. þm. þótti það galli, að það skyldi eigi beint tekið fram, að báturinn ætti að vera eign Íslendinga. Jeg játa það að lík hugsun vakir fyrir mjer í þessu eins og háttv. þm., að innlendir menn ættu að eiga þessa báta. En það tel jeg óþarfa að taka fram í fjárlögunum, enda mjög ólíklegt, að útlendingar verði til þess að halda uppi þessum mótorbátaferðum. Jeg vil eins og hann, að hjeraðsbúar sjálfir sýni það sjálfstæði, að eignast flutningafæri þessi, og jeg vona, að svo verði. Jeg vona og, að hann greiði atkvæði með breyt.till. nefndarinnar, því jeg gjöri ráð fyrir, að hann treysti stjórninni til að sjá málinu vel borgið. Hann sagðist ekki hafa á móti því, þótt innlendir menn græddu nokkuð á bátaferðunum. En það kemur ekki til mála, að svo geti orðið þetta fjárhagstímabil. Bátarnir þurfa að vera stórir, kosta varla minna en 10—12,000 kr. og reksturskostnaðurinn verður allmikill. Það er því ekki við að búast, að gróði verði fyrir útgjörðarmenn næsta fjárhagstímabil, þótt þeir fai styrk þann, sem nefndin leggur til að þeir fái. Það verður að setja styrkinn svo ríflegan, að líkindi sjeu til, að einhver ráðist í fyrirtækið, annars kemur hann ekki að notum. Þar sem hv. þm. (St.J.) var að bera bátaferðir um Breiðafjörð saman við bátaferðirnar um Eyjafjörð og þar austur eptir, þá er það nokkuð ólíkt. Strjálbyggðin við Breiðafjörð gjörir það að verkum, að eigi er jafn arðvænlegt að halda uppi flóabát þar eins og fyrir norðan. Vjer verðum og að gæta þess, að strandferðabátarnir koma víða við á þeim stöðum, sem Eyjafjarðarbáturinn gengur um, en innan til á Breiðafirði kemur strandferðaskipið að eins við í Hvammsfirði og stöku sinnum í Skarðsstöð. Þetta gjörir það að verkum, að Breiðfirðingar eru svo miklu ver staddir en hinir, ef þeir missa flóabát sinn eða flóabáta.

Hv. þm. (Stgr.J.)er mjer samdóma um það, að æskilegt sje að koma Breiðafjarðarferðunum þannig fyrir, að hjeraðsbúar eignist sjálfir flutningafærin um flóann, og að þessu miðar breyt.till. nefndarinnar. Jeg vona því, að háttv. þm. greiði atkvæði með henni; þá

mun hann fá uppfyllt það sem hann vill.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Hæstv. ráðherra virtist vera reiður, þegar hann svaraði mjer í dag, að minnsta kosti talaði hann af allmiklum æsingi. Jeg get ekki heldur láð honum það, þótt hann kveinkaði sjer við ræðu mína. En jeg hefði búizt við því, að hann hefði gengið nokkuð meira inn á tölur mínar, en hann gjörði, og lýsa því yfir, að það væri rangt, sem jeg kæmi með. Það gjörði hann ekki; aptur á móti var hann að lýsa fjárhagnum á yfirstandandi fjárhagstímabili og taldi hann góðan. Jeg þurfti þessa ekki; mjer er nokkuð kunnugt um hann; og í ræðu minni var jeg alls eigi að sýna fram á, hvernig fjárhagshorfurnar mundu verða við lok ársins 1907, heldur við lok næsta fjárhagstímabils árið 1909. Það er þá, sem jeg óttast fyrir að fjárhagurinn verði hinn ískyggilegasti. Hæstv. ráðherra tilfærði að vísu dálítið, sem átti að sanna, að svo yrði ekki, en hann miðaði einungis við fjárlögin. Jeg aptur á móti miðaði fjárhagshugleiðingar mínar ekki eingöngu við fjárlögin; jeg tel það ekki rjett, ef komast á að sannri niðurstöðu; jeg tók og tillit til allra þeirra laga og ákvæða, sem útlit er fyrir, að baki landssjóði útgjöld á fjárhagstímabilinu. Auðvitað getur orðið töluverð breyting frá því, sem nú lítur út, það eru svo mörg útgjaldamál óútkljáð enn. En ræða mín átti að sýna, hvert vjer værum að stefna, og reyna að fyrirbyggja, að vjer stofnuðum oss í fjárhagsvoða. Hæstv. ráðherra beindi þeirri spurningu til mín, hvernig vjer værum að stofna oss í voða og til hvers fjeð gengi. Það er dálítið undarleg spurning þetta. Hæstv. ráðherra ætti þó að vita eins vel eins og jeg, til hvers fjeð hefur gengið, og til hvers það á að ganga; svo mikinn þátt á hann þó í því að koma því í veltuna. Jeg neita því ekki, að mestur hluti fjárins hefur gengið til þarflegra fyrirtækja, og jeg skal ekki draga það af hæstv. ráðherra, að hann vill koma ýmsu gagnlegu í gang; en honum er ekki eins sýnt að dæma um, hvort það muni fært í svipinn, og jeg hjelt ræðu mína ekki svo lítið til þess, að vara hann við að fara ekki of geyst.

Í ræðunni gekk jeg út frá fjárlagafrumv., eins og það kom frá háttv. Nd.; en jeg skal með þakklæti minnast þess, að háttv. nefnd hjer í deild hefur kippt því nokkuð í lag, og mundi jeg fylgja henni, þótt hún færi enn lengra í sparnaðaráttina. Yfir höfuð mun jeg í flestu fylgja þeirri stefnu að draga úr gjöldunum að þessu sinni.

Hæstv. ráðh. sagði í bræði sinni, að jeg hefði komið fram með svívirðilegar aðdróttanir gegn sjer. Þetta er hreinasti misskilningur. Jeg gat þess, að sumir væru orðnir svo hissa á fjármálapólitíkinni, að þeim lægi við, að setja hana í samband við innlimunarpólitík, en jeg tók það jafnframt skýrt fram, að mjer dytti ekki í hug, að væna stjórnina slíkra vjelræða; jeg benti á það, að hin afar-óheppilega fjármála-pólitík hinnar núverandi stjórnar mundi eingöngu stafa af því, hve ósýnt ráðherra vorum væri um alla fjármálastjórn. Jeg nefndi dæmi til að sanna mitt mál, ekki í því skyni, að beina aðdróttunum um pólitísk launráð að stjórninni, heldur til að sýna, hve forviða menn eru orðnir á ráðlagi hennar, og hvernig það gæti leitt menn til, að koma með hinar mestu fjarstæður, þegar þeir væru að reyna að gjöra sjer grein fyrir því.

Háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) sagði, að ræða mín hefði farið út yfir markið,

og háttv, 6. kgk. (Stgr. J.) sagði, að jeg hefði ekki farið rjett með tölur. Það skyldi engan gleðja meira en mig, ef hægt væri að sýna með skýrum rökum, að fjárhagurinn væri betri, en hann er í minum augum. En því miður er jeg hræddur um, að háttv. þingm. (Stgr. J.) hafi byggt fullt svo mikla loptkastala sem jeg.

Háttv. þm. (Stgr. J.) sagði, að jeg hefði í reikningi mínum ekki tekið tillit til þess, hvernig fjárhagurinn mundi verða í lok yfirstandandi fjárhagstímabils. Jeg gat það ekki, því að ekki liggur fyrir oss neinn landsreikningur fyrir þau ár, og jeg er ekki svo handgenginn stjórninni, að jeg geti fengið hjá henni þær upplýsingar, sem háttv. þingm. (Stgr. J.) á kost á að fá. *(Steingrímur Jónsson*: Yfirlit yfir fjárhag ársins 1906 er hægt að sjá í blöðunum, t. d. Lögrjettu). Jeg hef nú ekki ætið Lögrjettu við hendina, til að fræðast af henni um þetta.

Háttv. þingm. gat þess, að í árslok 1906 hefði enginn tekjuhalli verið fyrir árið, þrátt fyrir það, þótt búast hefði mátt við honum allmiklum eptir fjárlögunum og öðrum lögum, sem samþykkt voru á síðasta þingi, og á árinu 1907 gjörði hann ráð fyrir 170,000 kr. afgangi. En jafnframt fjekk jeg þær upplýsingar hjá honum, að þessi afgangur er í raun rjettri ekki til. Hann er jetinn upp.

Háttv. þm. (Stgr. J.) kvað það ekki rjett hjá mjer, að færa landssjóði til útgjalda svo og svo mikið handa prestastjettinni, því að prestalaunafrv. mundi verða breytt í Nd. Það getur vel verið, að svo fari, en jeg miðaði við frumv., eins og það var við síðustu atkvæðagreiðslu, og þó nefndin í málinu í Nd. hafi lagt það til, að hlífa landssjóði við þessum gjöldum, sem jeg tilfærði í fyrri ræðu minni, þá vitum við það, að eigi gengur allt fram, sem nefndir leggja til.

Þá sagði háttv. þm. (Stgr. J.), að gaddavírslánið kæmi ekki til útborgunar, því að frv. um það hefði verið fellt í háttv. Nd. Það gleður mig, að heyra þetta; en jeg gat ekki vitað það, þegar jeg hjelt ræðu mína, því að það var fellt einmitt á meðan jeg var að tala. Sama er að segja um húsmæðraskólann. Jeg hafði ekki fengið vitneskju um það, að samþykkt hefði verið breyt.till. þannig, að nú *má* að eins stofna hann, en er eigi sjálfsagt, að gjöra það. En það er svo um það frumv., eins og önnur fleiri, að vjer vitum enn eigi, hvað ofan á verður á endanum.

Að því er snertir þessar 600,000 kr. til brunabótasjóðsins, þá sagði jeg aldrei, að þær ætti að sjálfsögðu að borga út á fjárhagstímabilinu, og jeg vona, að ekki komi til þess, en eigi að síður þurfa þær að vera til handbærar, ef til kemur, að til þeirra þurfi að grípa. Líkt er háttað með 200,000 kr. tryggingarfjeð fyrir veðdeildina, það er ekki hægt að grípa til þess eða eyða því, þótt á liggi. Það er alveg eins með þær, eins og ef jeg »deponera« í banka fje, sem jeg á, til tryggingar fyrir einhverju, þá get jeg ekki gripið til þess til nauðsynlegra útgjalda, hvað mikið, sem mjer liggur á. Þessar 200,000 kr. má ekki hafa í viðlagasjóði; þær eiga að liggja í konunglegum skuldabrjefum erlendis, og landsstjórnin hefur engin umráð yfir þeim, og landssjóður fær að eins vextina af þeim.

Mjer dettur ekki í hug, að segja annað, en að bæði 600,000 kr. eða öllu heldur 580,000 kr. tryggingarfje brunabótasjóðsins og sömuleiðis 200,000 kr. trygging veðdeildarbrjefanna sje eign landssjóðs. en hinu verð jeg að halda fast fram, að það sje föst

eign, sem ekki sje hægt að grípa til, til annara þarfa, hvað mikið sem á liggur.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), tók það fram, að ef svo færi, að peningaforða landssjóðs yrði eytt upp, og landið kæmist í fjárþröng, þá væri ekki annað en að fá bráðabirgðarlán eins og ýmsar aðrar þjóðir gjörðu. En hvernig á stjórnin að gjöra það? Hana vantaði heimild til að gjöra það upp á sitt eindæmi; hún yrði að kalla saman aukaþing, en það gæti nú orðið nokkuð seint fyrir hana, og alldýrt mundi það verða. Það mætti hugsa sjer, að stjórnin gæti tekið, til skamms tíma, dálitið lán í bönkum, hún hætti á það í því trausti, að þingið mundi fallast á það eptir á. En vjer vitum, að ástandið í bönkunum er nú svo, að þeir geta, nú sem stendur, ekki veitt nein veruleg lán. Auðvitað hafa á þessu þingi verið gjörðar ráðstafanir til að bæta hag þeirra, en að svo stöddu er ekki hægt að segja um, hvað fullnægjandi þær reynast, og því ekki hægt að byggja mikið á verulegri lántöku í bönkum.

Jeg skyldi vera hv. d. þakklátur, ef hún gæti sýnt mjer með rökum, að tölur mínar væru rangar, svo nokkru nemi, því að þá mundu áhyggjur mínar út af fjárhag landsins ekki verða eins miklar, eins og þær eru nú.

Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til háttv. fjárlaganefndar, hvort hún vill ekki til 3. umr. enn að nýju, taka fjárhag landsins til íhugunar, að taka til athugunar, hvort eigi muni vera hægt að takmarka útgjöldin enn meir. Vjer megum ekki taka fjárlögin ein til skoðunar, þegar vjer erum að athuga fjárhag landsins, það eru svo mikil útgjöld, sem ýms önnur frumv. hafa í för með sjer, ef þau verða að lögum, að það er ófært að ganga fram hjá þeim.

Jeg mun fylgja háttv. nefnd í flestum breyt.till. hennar, sem til sparnaðar horfa; og jeg hygg, að mjer sje óhætt að lofa henni því, að jeg muni fylgja henni, þótt hún komi með nýjar sparnaðartill. til 3. umr.

Jeg læt svo úttalað um þetta, en leyfi mjer að bæta við athugasemdum um tvo liði í breyt.till. háttv. nefndar.

Það er þá fyrst breyt.til. við 13. gr. A. 4. a., um skrifstofufjc póstmeistara, að það sje greitt eptir reikningi. Þessi aths. háttv. nefndar sýnist mjer fyllilega rjettmæt. En jeg vil skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún muni ekki fást til að breyta ákvæðinu um, að pósthúsið skuli vera opið 10 stundir á dag hvern rúmhelgan dag. Þetta ákvæði var sett í Nd., en jeg álít það ekki svo nauðsynlegt, að pósthúsið sje opið svona lengi hvern virkan dag; aptur á móti er það nauðsynlegt, að það sje opið á helgum dögum, t. d. eina stund fyrri hluta dags og aðra síðari hluta dagsins, eða þó ekki væri nema 1—2 stundir einu sinni á dag. Það er óþægilegt mjög, að pósthúsið skuli ekki vera opið neitt á helgum dögum, og mun slíkt ekki eiga sjer stað í neinum öðrum höfuðstað í heimi. Það þurfa ekki að vera allir póstþjónarnir á pósthúsinu þessar stundir, nóg að þar mæti 1—2 í senn. Það er betra, að pósthúsið sje ekki opið nema 8—9 stundir á virkum dögum, ef það fengist, að það sje opið eina til tvær stundir á helgidögum. Að vísu veit jeg, að það er nú opið á helgum dögum, þegar póstar eru að koma eða fara, en þetta ætti að vera föst regla.

Þá er að minnast ofurlítið á breyt.till. við 13. gr. B. I. 1. a., um verkfræðinginn. Það er lagt til, að laun hans sjeu færð niður í 3,000 kr. aptur, og athugasemdin felld burt. Jeg óska, að háttv. nefnd hefði ekki komið

með þessa breyt.till., og verð jeg að mæla á móti henni. Það er mjög óheppilegt, að mönnum, sem hafa slík störf á hendi sem verkfræðingurinn, sje leyft að taka að sjer ýms annarleg störf; eins og kunnugt er um þennan mann, hefur hann margháttuð önnur störf á hendi en verkfræðingsstörfin; hann er formaður Iðnskólans og kennari við hann, hann er í bæjarstjórn, sem honum verður ekki bannað, en hann hefur tekið að sjer umfangsmikið og tímafrekt atvinnustarf fyrir bæjarstjórnina, rannsókn og undirbúning vatnsveitu inn í bæinn, hann stjórnar steinsteypuverksmiðju, hann er í veganefnd og hefur tekjur af því, að minnstakosti óbeinlínis, og sagt er að hann eigi að vera verkfræðingur fyrir »gas«- og rafmagnsstöðina, gem hjer á að koma upp. Fyrir öll þessi aukastörf fær hann sjálfsagt mikil laun. En hvað segir stjórnin um þetta; hefur maðurinn svo lítið að gjöra í landsins þjónustu, að ekkert af því, sem hann ætti að vinna fyrir landið og gæti unnið fyrir það, sitji ekki á hakanum fyrir aukastörfunum og ef svo er, að hann hafi svona lítið að gjöra í þjónustu landsins, er þá þörf á að bæta við hann aðstoð þeirri allri, sem nú er gjört ráð fyrir? Jeg held annars, að hann gæti unnið meira í landsins þarfir, en hann hefur gjört; að minnsta kosti hefur sýslumaðurinn í Hafnarfirði skýrt mjer frá því, að hann hafi tvisvar sinnum beðið verkfræðing þennan að skoða veginn suður með sjónum, en það sje ógjört enn og hafi hann í bæði sinnin borið við tímaskorti. Þetta bendir á, að annarlegar annir banni honum að vinna fyrir landið það, sem þörf er á að vinna. Því álít jeg, að það sje betra, að hækka launin og halda athugasemdinni um, að hann megi ekki hafa önnur atvinnustörf; það mundi reynast farsælla fyrir landið.

Fleira ætla jeg svo ekki að athuga, en tek það aptur fram, að jeg mun fylgja breyt.till. þeim, sem í sparnaðaráttina ganga.

Ráðherrann: Háttv. 6. kgk. þgm. (Stgr. J.) gjörði þá fyrirspurn viðvíkjandi gufuskipaferðunum í 13. gr. C., hvort samningur, er gilti allt að 8 árum, útilokaði það, að leita mætti samninga við annað fjelag jafnframt. Í Nd. var látið í ljósi, að ekki þætti umtalsmál að ganga inn á samning í þá átt, enda hefur þess ekki verið farið á leit. Meiningin er að eins sú, að veitt sje heimild til þess að gjöra samning um, að Ísland skuli um 8 ár greiða 40,000 kr. á ári fyrir ferðir, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem heimtuð eru í athugasemdinni við fjárveitinguna. Það hefur reynzt ómögulegt, að fá sameinaða gufuskipafjelagið eða önnur fjelög, til að byggja tvö stór skip, sniðin eptir vorum sjerstöku þörfum, er fullnægi skilyrðunum um kælirúm o. s. frv., ef að eins er samið til tveggja ára. Tíu ára tími hefur verið heimtaður sem skilyrði, en jeg vona, að samningur geti tekizt, þótt tímabilið sje fært niður í 8 ár. Á hinn bóginn er ekki til neins, að fara fram á skemmra, enda hygg jeg, að það sje víst, að vjer fáum ekki betri tilboð fyrst um sinn, meiri eða hagkvæmari ferðir fyrir minna fje, og því ekkert í hættu, að binda sig til þessa tíma. Jeg held, að þó að viðskiptaþörfin aukist, þá muni landið ekki þurfa að kaupa fleiri ferðir, vegna þess að auknar ferðir mundu koma með auknum flutningum og aukinni arðsvon. En landið þarf að tryggja sjer vissar ferðir á vissum tímum, því það geta verið ýmsar landsþarfir og hjeraðsþarfir, sem útheimta ferðir á tímum, sem

ekki eru hagkvæmir fyrir skipsútgjörðina, og viðkomur á stöðum, þar sem lítil tekjuvon er. Þess vegna er svo áskilið í fyrsta lið skilyrðanna, að ferðir þær, sem ætlazt er til að landið styrki, skuli vera að minnsta kosti jafnmiklar og fullt eins hagkvæmar hinum einstöku landshlutum, eins og þær hafa beztar verið. Millilandaferðirnar verða því að vera jafnmargar, eins og ferðirnar á yfirstandandi fjárhagstímabili. að fráskildum utanferðum strandferðaskipanna, — en ekki miðaðar við ferðirnar 1904 og 1905, eins og gjört er í uppkasti því, er fylgdi tilboði hins sameinaða gufuskipafjelags; en strandferðirnar aptur á móti verða að vera eins og 1904 og 1905. Þetta stendur nú skýrt í skilyrðunum. En hitt er óafgjört álitamál, hvernig ferðunum verði svo hagað, að þær verði »fullt eins hagkvæmar, eins og þær hafa beztar verið«.

Hvað eru hagkvæmar ferðir? Eru það hagkvæmar ferðir, að láta stærri skipin fara inn á hvern vog og vik, og tefja þannig ferðalög og flutninga um skör fram? Jeg hygg það ekki, heldur álít jeg hagkvæmast, að fækka nokkuð viðkomustöðum stærri skipanna, til þess að flýta fyrir flutningi manna og farms, en bæta það upp með fleiri strandferðum, en nú eru, jafnvel þótt einhverjir kaupmenn, sem vörur fá, teldu sjer hentugra, að fá stóru skipin inn á höfn til sín.

Jeg gat þess í Nd. og endurtek það hjer, að ef þessi upphæð til gufuskipaferða verður samþykkt, þá óska jeg þess, að háttv. þingmenn láti mjer í tje fyrir þinglok, eða svo fljótt, sem verða má, tillögur sínar um, hvaða viðkomustaðir mættu helzt missa sig í kjördæmum þeirra, og hvaða ferðir og viðkomustaðir sjeu nauðsynlegastir. Enn fremur skal jeg geta þess, að þar sem í athugasemdinni er tekið fram, að til strandferðanna skulu ekki höfð minni nje lakari skip en »Hólar« og »Skálholt«, þá er það ekki svo að skilja, að heimtuð sjeu önnur skip, heldur er það skilyrði sett, að ef »Skálholt« og »Hólar« verða notuð, þá verði farþegarúmið stækkað og bætt eptir föngum. Jeg get ekki sagt með vissu, að hve miklu leyti þessu fæst framgengt, en eptir því, sem jeg hef komizt næst af samtali við forstjóra sameinaða gufuskipafjelagsins, þá mundi allt verða gjört, sem hægt væri, í þessu efni. Jeg hef tekið fram, að það er engin vissa fyrir því, að stjórnarráðið nái samningum um gufuskipaferðirnar með þessum miklu og ströngu kröfum, sem gjörðar eru í skilmálunum, þar sem styrkurinn er lækkaður úr 60,000 kr. niður í 40,000, og 8 ár sett í staðinn fyrir 10 ár, og millilandaferðirnar miðaðar við ferðirnar í ár, í stað þeirra ferða 1905, sem tilboðið byggði á. En jeg mun gjöra það, er í mínu valdi stendur, til þess að fá þessu framgengt, og vona, að það takist. Verði það ekki, þá verða engir samningar gjörðir lengur en næsta fjárhagstímabil, og verður þá að taka málið upp aptur á þinginu 1909. Í skilyrðunum felst, eptir minni meiningu, ekki það, að viðkomustaðirnir, smáhafnirnar, verði eins margir fyrir stærri skipin, eins og nú, heldur eigi skipin að koma, að minnsta kosti eins opt og á eins hentugum tímum á aðalhafnirnar, og mun stjórnin því ekki láta það atriði út af fyrir sig standa fyrir samningum, þótt fella þyrfti burt nokkrar viðkomur á smærri höfnum, sem strandferðaskipin koma á. Og eins mun jeg álíta skilyrðunum um strandferðaskipin fullnægt, ef bætt er

eitthvað farþegarúm á »Skálholti« og »Hólum«; þau skip eru sterk og góð og hentug að öðru leyti.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) virðist vera farinn að draga talsvert inn seglin með staðhæfingar sínar. Nú er komið annað hljóð í strokkinn og er hann auðsjáanlega farinn að finna það, að hann hefur farið nokkuð langt. Nú vill hann klína á einhvern ónefndan mann, einhverja Gróu á Leyti, þessum ærulausu getsökum, sem hann sló fram, um það, að fjárhagnum væri af ásettu ráði stofnað í voða í þeim tilgangi að ofurselja frelsi og sjálfstæði landsins. Vill ekki þgm. skila til Gróu, að margur þekki mann af *sjer*, og skuli hún stinga hendinni í sinn eigin barm.

Háttv. þgm. vildi samt ekki játa, að reikningar sínir væru skakkir. En ekki kom hann með neitt svar upp á þá spurningu mína, hvað hann telji orðið um allt það fje, er hann fullyrti, að jeg *þegar* væri búinn að sólunda af landsfje. Hvað á að vera orðið t. d. um viðlagasjóðinn síðan um síðustu áramót? Því getur hann ekki svarað einu orði, enda er það ekki von. Það stendur í honum eins og bein.

Háttv. 6. kgk. þgm. (Stgr. J.) hefur tekið af mjer ómakið að svara miklu af hinum undirstöðulausu árásum hans, svo að þegar er mikið af hrófatildrinu hrunið til grunna, og verður eigi staflað upp aptur. Það er alveg rjett hjá h. 6. kgk. þgm., að 2. þgm. G.-K. (V. G.) gengur alveg fram hjá þeim tekjum, sem landssjóði hafa greitzt og greiðast á þessu fjárhagstímabili umfram áætlun, sem nemur yfir 600,000 krónur, og brúkar þvert á móti þær upphæðir, sem með þessu eru eða verða greiddar, til þess að skella þeim ofan á tekjuhalla komandi ára, svo sem upphæðum beggja fjáraukalaganna, umframgreiðslu ritsímakostnaðar, kostnaði við framkvæmd laga frá síðasta þingi, móttökukostnaði o. fl. Þetta og annað eins ætti hann að geta skilið, þegar búið er að benda honum á það, og er honum enginn sómi í að berja höfðinu við steininn, og uppástanda, að tölur sínar standi óhraktar, eptir að búið er að sýna honum og sanna, að það er rangt, sem hann segir. Jeg ætla mjer ekki að svara háttv. þgm. (V. G.) út í æsar nú. Það er að eins örfá atriði, sem jeg vil minnast á stuttlega. Hann gjörði mikið veður út af sektunum fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendinga, sem tilfærðar eru með 20 þús. kr. í fjárlagafrumv., og segir, að ríkissjóður Dana eigi að fá $^2/_3$ af þessari upphæð, en hann gætir ekki að því, að ríkissjóður fær að eins $^2/_3$ sektar fyrir ólöglegar fiskiveiðar skipa, sem eptirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi. En auk þess geta tilfallið talsverðar sektir frá skipum, sem ekki eru tekin af eptirlitsskipinu, Á Akureyri hafa í sumar verið tekin mörg skip án aðstoðar varðskipsins, og sektirnar af þeim og tekjur fyrir upptæk veiðarfæri og afla, nema meiru en 20 þús. kr. Mest allt þetta fje rennur óskert í landssjóð, því fiskiveiðasjóður fær samkvæmt 1. gr. laga 10. nóv. 1905 að eins þriðjung af »netto«andvirði þess, er landssjóði greiðist fyrir upptækan afla og veiðarfæri *botnvörpunga*. En þetta voru síldveiðaskip, ekki botnvörpungar. — Nú er í 19. gr. fjárlagafrumv. áætlaðar 10,000 kr. til óvissra gjalda, og eru það 7,000 kr. fram yfir það, sem áður hefur verið vani að áætla í því skyni. Þessar 7,000 kr. eru ætlaðar einmitt upp í hluta ríkissjóðs af botnvörpungasektum, og þar sem allar tekjurnar eru

að eins áætlaðar 20 þús. kr., getur hjer í öllu falli ekki verið um stóra skekkju að ræða.

Þá gjörði þgm. mikið úr kostnaði við bygging vita, og var það að visu rjett hjá honum, að ekkert fje er áætlað til þeirra í fjárlagafrumv., enda er heldur ekki búið að samþ. neina vitabygging enn þá. Því fje, sem til þeirra gengur, er ekki fleygt í sjóinn, heldur verður því breytt í aðra eign, sem gefur af sjer tekjur fyrir landssjóðinn; háttv. þgm. má vita, að vitabyggingarfrumv. er samferða annað frumv. um að gjöra vitagjaldið almennt um allt land, og með því fást talsverðar tekjur.

Þetta fje gefur af sjer fulla vexti fyrir landssjóð, auk þess sem þessar framkvæmdir eru bráðnauðsynlegar, og er því einkennilegt, að vilja stimpla þessi útgjöld sem óspilunarsemi og tekjuhalla.

Háttv. þgm. gat þess, að 53 þús. kr. vantaði til öryrkjasjóðsins, eins og hann væri þegar samþykktur og kominn á laggirnar, sem ekkert útlit er fyrir á þessu þingi. En þó að hann yrði samþykktur, og þetta fje ætti að greiðast, þá skil jeg ekki, að þau útgjöld yrðu rjettilega talin sem sönnun fyrir heimsku eða óspilunarsemi af hálfu stjórnarinnar, nje neitt peningalegt tjón fyrir landið.

Þá gat þingm. (V. G.) þess, að 6,000 kr. vantaði til umsjónarmanns með kennslumálum. En af þessari upphæð er áætlað í fjárlagafrumv. 14. gr. B. VII. 8, 5,000 kr. til kostnaðar við umsjón með fræðslumálum, og fellur sú fjárveiting vitanlega burt, ef alþýðufræðslufrv. verður samþ. Svona er allt á eina bókina lært hjá hinum háttv. þgm., enda lítur út fyrir, að hann kæri sig ekki um að læra nema sumt.

Þannig er um ákúrur hans viðvíkjandi þeim 150 þúsund kr., sem hann telur vantaldar til launa sóknarpresta. Þar kemur hið sama mjög glöggt fram, að háttv. þm. les annað hvort ekki vel niðri í kjölinn, eða að hann kærir sig ekki mikið um, að fara rjett með. Í fyrsta lagi er það ekki tillaga stjórnarinnar, að leggja gjöld þessi á landssjóð. Hún er eindregið á móti því. Í öðru lagi má háttv. þingm. vita, að þetta verður ekki samþykkt í Nd..; og í þriðja lagi hlýtur hann að vita, ef hann er ekki því gleymnari, að þessi háttv. deild (Ed.), sem gjörði þá breytingu á stjórnarfrumv., að leggja laun presta á landssjóð, ætlaðist alls ekki til, að þau bættust við gjöldin, án þess að tilsvarandi tekjur kæmu í staðinn. Þvert á móti samþykkti deildin jafnframt frumv. um, að auka 10% við öll tollgjöld, og mundi sá tollauki nema fullkomlega þeirri upphæð, sem hv. þingm, (V. G.) með mestu rósemi hrúgaði ofan á tekjuhallann sinn eins og ekkert væri um annað að ræða, en útgjöldin tóm. Þetta gefur maður kallað samvizkusamlega málsútlistun í hærra lagi!

Eptir þetta hafði hann ekkert annað til þess, að hrúga ofan á »tekjuhallann«, en heimildirnar til lánveitinga af landssjóði, en þær eru ekki útgjöld í eiginlegum skilningi, og geta hvorki gjört landssjóð fátækan eða ríkan, ef þær, sem sjálfsagt er, eru ekki notaðar nema fje sje fyrir hendi. Því fje er ekki sóað á neinn hátt. Þó fer hann að setja þetta upp sem grýlu, og býr til úr því hræðilegan fjárhagsvoða fyrir landssjóðinn, sem sýnir, að annað hvort er þingm. alveg úti á þekju, eða hann hefur sett upp ályktunina fyrst, og fer svo að leita að ástæðunum á eptir.

Nei, lánin eru ekki hið síðasta.

Það var meira blóð í kúnni. Hann hafði enn þá í pokahorninu *ábyrgðirnar*, sem á landssjóði hvíla. Einnig þær áttu að sanna, hvernig stjórnin væri að setja landið á höfuðið, og bætti hann þeim sem síðustu gullhúfu ofan á aðrar gullhúfur sínar. Það var fyrst 200,000 kr. ábyrgð fyrir veðdeild landsbankans. Þessi ábyrgð er miklu eldri en núverandi stjórn, og getur því naumast talizt henni til syndar. En í öllu falli er bágt að skilja það, hvernig það á að vera tekjuhalli fyrir landssjóð, þó að 200,000 kr. innritunarskírteini, tilheyrandi viðlagasjóði, sje geymt út af fyrir sig sem ábyrgð fyrir jafn öruggri stofnun, og veðdeild landsbankans er, sem engin minnsta ástæða er til að tortryggja, meðan fasteignir í landinu nægja í hálfu verði á móts við það, sem þær eru virtar.

Hin önnur ábyrgð var væntanlega ábyrgð landssjóðs fyrir væntanlegum innlendum brunabótasjóði, sem frumv. er um að stofna. Háttv. þm. (V. G.) gefur sjer það, að landssjóður þurfi jafnan að hafa tryggingarupphæðina fyrirliggjandi alla saman, til þess að geta borgað hana út, ef miklir brunar koma fyrir. En í fyrsta lagi nær það auðvitað engri átt, að svo mikill bruni geti komið, að skaðinn nemi 600 þús. kr. um fram alla endurtrygging, sem að fjelaginu er skylt að hafa á öllum stærri eldsvoðatryggingum, og í öðru lagi er hjer um gagnkvæmt ábyrgðarfjelag að ræða, er vátryggendur bera sjálfir ábyrgð á, og ábyrgð landssjóðs merkir að eins það, að landið heiti fjelaginu lánstrausti sínu í svipinn, ef að mikinn skaða ber að höndum. — En allt, sem landssjóður leggur fram, á að endurgjaldast honum, og það er ekki nema hrein vitleysa, að kalla slíkt tekjuhalla (!) á næsta fjárhagstímabili fyrir allri þeirri upphæð, sem ábyrgð landssjóðs getur á pappírnum orðið hæst.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 6. kgk. þm. sagði um fjárlögin á yfirstandandi fjárhagstímabili, vil jeg að eins skjóta fram þeirri athugasemd, að hinn áætlaði tekjuhalli, sem eptir fjárlögunum var rúmar 210,000 kr., skiptist ójafnt niður á árin, þannig að 1906 var hann áætlaður 176,000 kr., en 34,000 kr. 1907. Að meiri hluti tekjuhallans kom á fyrra árið stafaði af kostnaðinum við ritsímalagninguna. Fari allt með felldu, ætti því ekki að þurfa að ætla upp í tekjuhallann eins mikið og hann gjörði af tekjum síðara ársins, því meiri hlutinn af honum ætti þegar að vera kominn til greiðslu, og ætti því að mega gjöra ráð fyrir meiri umframtekjum síðara árið, en hann gjörði.

Jeg játa, að jeg var dálítið hissa, þegar jeg las í fjárlaganefndaráliti háttv. Ed., ummælin um »fjárhagslegt böl«. Það er alls ekki meiri ástæða til að tala um slíkt nú, en svo opt áður. Auðvitað er það böl, að landið skuli ekki hafa nóga peninga til þess að fullnægja öllum þörfum vorum. En það er ekki neitt nýtt böl, og naumast heldur böl, sem bót verður á ráðin fyrst um sinn. Það er böl, sem vjer eigum sameiginlegt jafnvel við miklu auðugri lönd. En jeg hygg, að það, sem vakað hefir fyrir þeim, er færði nefndarálitið í letur, hafi aðallega verið þetta: að það væri böl hve mikið hver togaði sinn skækil, hve erfitt þingið ætti með að neita um fjárveitingar og lán, sem um er beðið og án má vera. En sjálfur hagur landssjóðsins gefur alls ekki tilefni til þess að tala um »fjárhagslegt böl« frekar nú en svo opt áður. Auðvitað er lítið aflögu til lánveitinga. En þó þingið veiti fyrir sitt

leyti heimild til lána, er það í sjálfu sjer ekkert böl, því að þó veittar sjeu lánsheimildir, þá er stjórnin ekki skyldug til að lána, enda liggur það í hlutarins eðli, að lánunnm verður neitað, ef ekki er handbært fje til.

Þetta minnir mig á nokkur orð háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) í dag, er hann var að tala um 500,000 kr. lánið, sem í áformi er að taka. Hann sagði, að lánið yrði tekið með 4% vöxtum, en fjeð lánað út gegn 3%.

Sagði hann kýmisögu nokkra um Reykvíkskan kaupmann, sem þannig hefði verzlað með sífelldu tapi í þeirri trú, að hann græddi samt á umsetningunni, og vildi heimfæra þetta upp á aðfarir stjórnarinnar í þessu efni. En hjer við er fyrst að athuga, að landssjóður tekur 500,000 kr. lánið til ritsímalagninga, en ekki til útlána. Þar næst lánar hann ekki út fje til þess að græða, heldur til þess að hjálpa fyrirtækjum. Það eru helber ósannindi, að lán þau, sem farið er fram á heimild til að veita, eigi yfirleitt að lánast út með 3% vöxtum. Það eru aðeins lán til mjólkurbúa, sem með þeim vöxtum má lána, og er það sjerstakt form fyrir landssjóðsstyrk. Annað lán — alls 5,000 kr. — má lána gegn 3½%: það er til þess að styrkja þurrabúðarmenn til jarðræktar og húsabóta. Öll hin lánin eru gegn fullum vöxtum, og verða ekki veitt, nema fje sje fyrir hendi. Allt þetta er því blekking ein, eins og fleira hjá þessum háttv. þm. En það lítur ekki út fyrir, að háttv. þm. brenni allt fyrir brjósti. Hann er brjóstheill í röksemdum sínum. Honum er auðsjáanlega ekki klýjugjarnt, þegar um meðulin er að ræða.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg skal fyrst leyfa mjer að taka það fram, sem mjer láðist að geta í hinni fyrri ræðu minni í dag, að jeg er sjerstaklega þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir tillögu hennar um að hækka styrkinn til gufubátaferða á Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu úr 5,000 kr. uppí 6,000 kr. til sumar- og vetrarferða. Að vísu skal jeg geta þess, að þessi styrkur hefur ekki verið hækkaður nema um 1/6 part af þeirri upphæð, sem kjósendur mínir hafa beðið um; en jeg er lítilþægur og gjöri mjer þetta að góðu, einkum af því að jeg er sparnaðarmaður. Annars finn jeg ástæðu til að skýra fyrir háttv. deild, hve mikil nauðsyn er á því fyrir Ísafjarðarsýslu að fá aukinn styrk til þessara bátaferða.

Háttv. framsm. drap lauslega á það, hversu mikið væri hjer í húfi, að því er vetrarferðirnar snertir. Eins og kunnnugt er, þá liggur aðalpóstleiðin milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar á sjó. Þessi leið hefur nú hingað til verið farin á opnum bátum, en nú er tekið að nota opna mótorbáta til póstferðanna, en þeir hafa þann ókost, að þá er ekki hægt að setja á land, nema á einum stað á þeirri leið sökum þess að setningstæki vantar; verður því að leggja þeim hvar sem er, er ekki verður áfram haldið. Af þessu varð stórtjón síðast liðinn vetur, þar sem póstbáturinn sökk af ágjöfum með öllu sem í honum var, að póstflutningnum frá teknum, sem bjargaðist fyrir sjerstök atvik; hættan verður því meiri fyrir póstflutninginn með opnum mótorbátum, en með opnu bátunum áður, er hvervetna var hægt að bjarga undan sjó; og vona jeg þess vegna, að háttv. þingdm. sjái, að þetta er líka fyrir landssjóðinn næsta þörf fjárveiting, þar sem hún miðar að því að tryggja póstflutninginn alla þessa löngu leið. Auðvitað hefði þessi styrkur þurft að vera miklu ríflegri, ef vel hefði verið, en jeg hygg að Ísfirðingar muni vilja leggja allt það af

mörkum, sem þeim frekast er unnt, til þess að reglubundnar vetrarferðir með yfirbyggðum mótorbátum eða gufubátum komist á á þessari leið, því að umferðin er ekki að eins mikil hjer á sumrum, heldur líka öllu meira á haustum og vetrum eða á þeim tíma árs, sem gufubátar ekki eru á ferðum við djúpið. Mjer gæti jafnvel dottið í hug að koma fram með breyt.till. um hærri styrk í þessu skyni, en jeg vil þó bíða með það þangað til jeg sje, hvernig þessum styrk verður tekið í þessari háttv. deild. Jeg vona, að deildin sýni þessari tillögu háttv. fjárlaganefndar þá velvild, sem hún á skilið, því að hún miðar ekki að eins til hagsmuna fyrir hjeraðsmenn sjálfa, heldur líka fyrir landssjóð. Að því, er símabreyt.till. snertir, þá býst jeg ekki við eins góðum byr fyrir þær hjer í deildinni eptir því, sem meiri hluti h. fjárlaganefndar hefur tekið undir þær; en jeg verð þó að játa, að jeg gat ómögulega sannfærzt um það af ummælum háttv. 2. og 6. kgk. þm., (E. Br., og Stgr. J.) að það væri svo brýn nauðsyn á þessum línum, að þær megi ekki bíða þetta fjárhagstímabil. Breyt. till. mínar spara þó landsjóðnum allt að 70,000 kr. á fjárhagstímabilinu, er talin er með járnbrautarmælingin, er jeg vil fresta og getur það ekki talizt óverulegur sparnaður; en þyki háttv. deild fjárhagurinn svo góður, að ekki sje þörf á að spara þetta fje, þá er ekkert við því að segja, og þá stend jeg einn uppi með þessar breyt.till. mínar.

Jeg hef enn þá ekki sannfærzt um það af umræðunum um þetta mál hjer í deildinni í dag, að ekki sje þörf á þessum sparnaði. Þvert á móti sannfærir sú tillaga hv. fjárlaganefndar, sem hún hefur komið fram með við 21. gr., mig um það, að hún áliti ekki, að landssjóður sje fær um að fullnægja öllum þeim kröfum, sem til hans eru gjörðar á næsta fjárhagstímabili, og að hv. fjárlaganefnd mundi ekki hafa gripið til þeirra neyðarúrræða, að stryka út allar þær lánveitingar í 21. gr., nema því að eins að hún áliti fjárhaginn mjög bágborinn. Þessar upphæðir hafa margar staðið á fjárlögunum áður, og einstakir menn og fjelög hafa einmitt byggt fyrirtæki sín á þeirri von, sem þessar lánsheimildir 21. gr. hafa gefið þeim, og ef þær yrðu felldar burt, þá gæti það orðið beinlínis til stórtjóns fyrir marga menn. Jeg skal til dæmis í þessu sambandi að eins benda á lánsheimildina til klæðaverksmiðjunnar á Akureyri; en jeg skal hins vegar taka það fram, að jeg mun, að því er þennan sparnað snertir, fylgja háttv. fjárlaganefnd með atkvæði mínu, af því að jeg veit, að ekkert fje muni verða fyrir hendi, hvorki til þessa stóra láns nje annara í þessari sömu grein.

Hæstv. ráðherra minntist á, að hjer væri að eins um *lán* að ræða, einnig til ritsímanna, og fellst jeg á, að það sje rjett athugað; en þar sem ritsímakostnaðurinn er svo mikill, að það þurfi að taka lán til þess að leggja álmurnar, þá væri ekki úr vegi að draga úr símum þeim, sem hægt er að sleppa, án þess að landið biði tjón við það; því að þó að það geti verið gott í svipinn að fá lán hjá landssjóði til þessara síma, þá er samt betra að vera laus við það, og að landsmenn borgi hann sjálfir. En þegar menn einu sinni eru komnir inn á þá braut, að taka lán til símanna, þá munu þeir ekki horfa í að reyna að demba kostnaðinum á landssjóð til þessara fyrirtækja, og hversu góður sem ritsíminn er, þá má þó of mikið að öllu gjöra, og jeg hygg ekki, að það þurfi að seilast svo langt, til þess að sjá, hverjar

afleiðingar þessar símafjárveitingar geta haft; við höfum dálítið fordæmi hjá Norðmönnum. Þar hafa verið lagðir símar um endilangan Noreg, en afleiðingarnar af því hafa verið, að kostnaðurinn við símana og við járnbrautirnar gleypir svo mikið af tekjum landsins, að landsmenn hafa ekki viljað sökum síhækkandi skatta nota þessar samgöngubætur heima hjá sjer, heldur farið hópum saman af landi burt til Vesturheims. Það eru auðvitað ekki að eins símarnir í Noregi, sem hafa orðið þessu valdandi, heldur líka skólamálin, eða sá feykikostnaður, sem þeim er samfara, sem það orðtæki hjá Norðmönnum er sprottið af, að þeir ali upp borgara fyrir Ameríku. Þegar við lítum á allan þann aragrúa af skólum, sem þegar eru til hjer á landi og í ráði er að stofna eptirleiðis, þá gæti svo farið, að það sannaðist hið sama á okkur og Norðmönnum, að þeir yrðu til þess að flæma menn hópum saman af landi burt, og ef litið er á alla alþýðuskóla, barnaskóla, kennaraskóla, húsmæðraskóla,iðnskóla, teikniskóla og ótal fleiri skóla, sem stofnaðir eiga að verða hjá þessum 80 þús. hræðum, þá má svo fara, að sumum þyki full mikið af því góða, eins og í Noregi.

Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild með lengri ræðu, en vona að þessar breyt.till. mínar fái góðan byr, með því að jeg álít þær bæði nauðsynlegar og rjettmætar.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að segja nokkur orð um einstöku atriði, sem Demosthenes þessarar deildar kom fram með í þeirri »Philippica«, sem hann hjelt í dag móti stjórninni. Jeg þykist hafa reynslu fyrir því, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) er ekki sjerlega sýnt um að reikna, enda hefur bæði hæstv. ráðh. og aðrir, þegar tætt í sundur talsvert af þeim útreikningi, sem þessi háttv. þm. romsaði upp, svo að jeg þarf ekki í þetta sinn, að taka að mjer að gjöra það; bæði hæstv. ráðh. og háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) hafa tekið af mjer ómakið. Jeg vildi að eins taka það fram, að þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) gat þess, að prestalaunin um 75,000 kr. á ári, ættu að lenda á landssjóði, þá gleymdi hann að taka það fram, að það er ekki stjórninni að kenna. Meiri hlutinn hjer í deildinni felldi burt sóknartekjurnar, sem landssjóður átti að fá í staðinn fyrir að taka að sjer að launa prestunum, en vildi taka þá upphæð, sem prestalaunin nema, af hækkuðum tolli á kaffi, sykri og áfengi, og einn af þeim mönnum var einmitt háttv. 2. þm. G.-K.

Hæstv. ráðh. tók það fram, að þm. gleymdi tollaukalögunum.

Háttv. þm. ljet svo, sem hann mundi í útreikningi sínum á gjöldum þeim, sem eru samfara nýjum frumvörpum, taka tillit til síðustu atkv.gr., en eptir síðustu atkv.gr. stendur tollaukinn enn. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en snúa mjer að einstökum atriðum.

Jeg vildi þá fyrst minnast lauslega á 3. breyt.till. nefndarinnar við 7. gr., síðari málslið, nefnilega að 500,000 kr. bráðabirgðalán það, sem heimilað er að taka fyrir landssjóð, afborgist á allt að 15 árum, í staðinn fyrir allt að 20 árum, eins og stendur í frv. háttv. Nd.

Jeg skal taka það fram, að jeg mun heldur greiða atkv. með tímatakmarki því, sem ákveðið er í frumv. af því að jeg álít, að þess konar kostnaður eigi ekki að koma eingöngu á þá menn, sem nú lifa, heldur einnig á eptirkomendurna, og af því að þeim er ætlað að njóta góðs af þessu láni, þá sje líka rjett, að þeir borgi eitthvað af því, og

hefði jeg jafnvel getað verið með því, að þessi tími hefði verið ákveðinn enn þá lengri, en í frumv. háttv. Nd. Þá skal jeg leyfa mjer að minnast lítið eitt á breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. I. 1. a. Þar hefur nefndin lagt til, að færa niður laun verkfræðings landsins úr 3,500 kr. í 3,000 kv. hvort árið. Jeg ímynda mjer, að háttv. Nd. hafi hækkað þessi laun af því, að hjer er um mikinn hæfilegleikamann að ræða, enda var það líka viðurkennt af háttv. framsm. í dag, og þykir mjer því undarlegt, að háttv. nefnd skuli hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að færa niður þessa hækkun Nd. Aptur á móti er jeg samdóma nefndinni um, að það sje rjett, að athugasemdin falli burt og vil jeg þess vegna skjóta því til háttv. forseta, hvort hann vilji ekki bera brt. undir B. I. 1. a. upp í tvennu lagi. — Svo að jeg víki aptur að launa upphæð þessa manns, þá held jeg ekki, að 3,500 kr. sje of mikið í lagt, því að það verður að gæta þess, að hann gæti eflaust fengið hærri laun, ef hann vildi fara af landi burt og vera erlendis.

Viðvíkjandi athugasemdinni, þá virðist hún miða að því, að taka af þessum manni starfa hans sem forstöðumanns fyrir iðnskólanum. Skóli þessi hefur gjört mikið gagn, og hins vegar ekki völ á neinum hæfum manni öðrum en þessum, til þess að hafa forstöðu skólans á hendi og vildi jeg því fyrir mitt leyti helzt, að athugas. yrði felld burt. Jeg sje ekki betur, en að iðnskólinn yrði að leggjast niður, ef þessi maður neyddist til að hætta að veita honum forstöðu. En ef þessi starfi hans við þenna skóla hefur komið nokkuð í bága við störf hans sem verkfræðings landsins, þá er allt öðru máli að gegna með að láta athugas. standa, og vil jeg leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort þessi starfi verkfræðingsins við þennan skóla hafi nokkurn tíma komið í bága við störf hans sem verkfræðings landsins. (*Ráðherra:* Alls ekki.).

Þá kem jeg að símunum, og satt að segja er jeg í mjög miklum vandræðum með það, hvernig jeg á að snúa mjer með atkvæðagr. mína um þá. Mjer ofbjóða öll þessi gjöld til þeirra, en á hinn bóginn finnst mjer nefndin þar ekki hafa tekið rjetta stefnu, þar sem hún ræður til að taka út nokkra þeirra, en láta aðra standa. Mín skoðun er, að annaðhvort eigi að láta þá alla standa eða fella þá alla, að undanteknum þeim sjálfsögðu álmum, sem samþykktar voru á síðasta þingi, og því kæmi mjer vel, ef háttv. forseti gæti borið upp fyrst 24. brt. nefnd. við D. II. 3. viðvíkjandi símanum frá Borðeyri til Búðardals og ef háttv. forseti vildi gjöra það, þá held jeg að jeg mundi vera í minni vanda staddur.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að taka það fram, að jeg gleymdi að minnast á eina breyt.till. nefndarinnar, sem jeg ekki get verið samþykkur, en það er 8. breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. 9. f., sem fer fram á það, að færa niður um helming styrkinn til þess að byggja sjúkraskýli á föstum læknasetrum. Í frumv. Nd. er gjört ráð fyrir 1 krónu fyrir hvern íbúa í hjeraði með 1,000 íbúum, en ekki nema 1/3 byggingarkostnaðar. Jeg álít að styrkurinn úr landssjóði megi ekki vera minni, en gjört er ráð fyrir í frumv. háttv. Nd. Ef við hugsum okkur, að læknishjerað með 1,500 íbúum fengi sjúkraskýli, þá mættu þar ekki vera færri en 4—5 rúm og mundi það kosta um 6,000 kr., og þegar styrkurinn frá landssjóði yrði tekinn með, þá yrði það, ef þessi breyt.till. nefnd-

arinnar yrði samþ., sem næst 1/8, sem styrkurinn mundi nema, og er það næstum sama sem ekkert. Þetta þykir mjer helzt til lítið, og vildi jeg fyrir mitt leyti heldur, að styrkurinn yrði strykaður alveg út, en að hafa hann svona óverulegan. En jeg vona, að þessi háttv. deild samþ. þær upphæðir, sem standa í frumv. háttv. Nd. Þetta er heldur ekki svo voðalegt; því að eptir því, sem landlæknir hefur skýrt mjer frá, þá mundi það vera um 40 þús. manns, sem ekki næðu til spítala, sem nú eru styrktir af hinu opinbera; og ef fylgt væri þeirri meginreglu, að hafa sem næst 1 kr. styrk fyrir hvern mann, þá mundi framlag landssjóðs ekki verða svo stórvægilegt, þar sem ekki mundi að líkindum verða reist nema 2—3 sjúkraskýli á hverju fjárhagstímabili, og er það ekki svo stórt framlag úr landssjóði, að það ætti eða sje vert, að fæla menn frá því, að samþykkja þessar upphæðir frumv.

Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Það eru aðeins 2 stuttar fyrirspurnir, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra til háttv. framsm.

Samkvæmt 13. gr. C. 2. eru 6,000 kr. ætlaðar til bátaferða á Eyjafirði. Til allra þessara gufubátaferða á að verja 35,000 kr. í allt, og þó verða það nokkur hjeruð, sem njóta þessa styrks að engu. Nú vildi jeg skjóta því til hinnar háttv. nefndar, hvort Eyjafjarðarbáturinn gæti ekki gengið vestur á Húnaflóa, þótt styrkurinn þyrfti þá að vera eitthvað ríflegri. Jeg vænti þess því fremur, að þetta verði athugað af hinni háttv. nefnd, þar sem svo heppilega vill til, að háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) á sæti í nefndinni. Þó hækka yrði styrkinn til þessa báts — við skulum gjöra ráð fyrir um 4,000 kr., þannig að allur styrkurinn til hans yrði 10,000 kr.,—þá álít jeg þó, að ekki ætti að spara svo í þessu efni, að það stæði því í vegi, að Húnaflói kæmist í þetta samband. Ef nefndin vill taka þetta til greina, þá vona jeg að hún komi með breyt.till. við 3. umr., ella mun jeg gjöra það.

Hitt atriðið, sem jeg vildi minnast á, er viðvíkjandi 13. gr. B. VIII. um landmælingarnar til járnbrautar austur að Þjórsá. Háttv. framsm. tók fram, að það ætti að vinna verkið við það fyrir ekki neitt, en nú finnst mjer það ekki koma vel heim og saman: að verkið eigi að vinna fyrir ekkert og samt eigi að borga til þess 16,500 kr. Jeg þykist vita, að þetta fje eigi þá að ganga til ferðakostnaðar, flutningskostnaðar o. s. frv. Nú ímynda jeg mjer, að sveitirnar, sem að standa, eða mest koma til að njóta verksins, vildu leggja fram flutning fyrir lítið, enda sje jeg, að þetta er sett upp í athugasemdum við stjórnarfrumv. Áður en jeg greiði atkv. með þessum lið, verð jeg því að vita, til hvers á að verja þessu mikla fje, þar sem verkið á að vinna fyrir ekki neitt, og flutningur á að kosta lítið.

Framsm. Jón Jakobsson (2. þgm. Húnv.): Jeg verð fyrst sem framsm. nefndarinnar að bera fram vort bezta þakklæti fyrir þær hlýju undirtektir við brtill. nefndarinnar hjer í deildinni og þann hlýja hug, er nefndinni hefur verið látinn í ljós fyrir starf sitt, og vona jeg, að þetta sje fyrirboði þess, að breyt.till. okkar verði samþ.

Þá skal jeg taka til athugunar þær helztu mótbárur, sem fram hafa komið í garð nefndarinnar hjer í deildinni í dag, en jeg skal leyfa mjer að fara fljótt yfir sögu.

Fyrst skal jeg athuga lítið eitt ræðu háttv. 2. þgm. K.-G. (V. G.); hann sagði, að jeg hefði ekki fundið ástæðu til

að gjöra yfirlit yfir fjárhag landsins, en í nefndarálitinu er einmitt tekið fram það mesta og helzta af því, sem háttv. 2. þgm. K.-G. talaði um; að minnsta kosti flest af því, sem vit var í á að minnast, en hvorki hafði nefndin tíma nje tækifæri til þess að búa til nákvæma áætlun um fjárhag landsins; það hefur líka sýnt sig, að hinn háttv. þgm. hefur sjálfur ekki verið fær til þess, og öfunda jeg hann ekki af þeim reikningi.

Þá skal jeg geta þess, að sami h. þgm. mun hafa misskilið það, sem í nefndarálitinu stendur um heimboðskostnaðinn. Okkur í nefndinni taldist svo til, eptir lauslegri áætlun, að útgjöld landssjóðs við heimboðið, mundu verða um 150,000 kr., en þar í töldum við ýms þörf verkleg fyrirtæki, svo sem vegi, brýr og stórkostlega og dýra aðgjörð á menntaskólanum.

Um aðrar áætlanir hans skal jeg ekki fjölyrða, enda hafa þær verið teknar til bæna af háttv. 6. kgk. þm., og hæstv. ráðh. Um síðari ræðu hans skal jeg enn leyfa mjer að tala örfá orð; þar óskaði hann, að nefndin vildi koma fram með fleiri breyt.till. við 3. umr., í þá átt, að skera niður fleiri ritsímalagningar. Jeg skal játa fyrir háttv. þgm., að þetta var ekki fjærri huga nefndarinnar, en gæta varð hófs í þessu sem öðru, því að svo vill opt verða í samvinnu — og deildir þingsins eru tvær — að lengra kemst með hófi en hófleysu, eða eins og latneska máltækið segir: »Est quadam prodire tenus, si non datur ultra«.

Jeg get ímyndað mjer, að nefndin, með því að ganga lengra í þessa átt, hefði fremur gjört landssjóði bjarnargreiða, en sparnaðargreiða, því að þótt eitthvað yrði samþykkt hjer í deildinni, með öllum atkvæðum, þá gætum við þó verið í minni hluta við háttv. Nd., og um leið og við samþykkjum niðurskurð hjer í deildinni, þá verðum við að gæta þess, að hafa þó að minnsta kosti með okkur meiri hluta fjárlaganefndarinnar í Nd.

Þá er önnur aths. háttv. 2. þgm. K.-G., um það, að hann óskaði, að laun verkfræðingsins væru hækkuð um 500 kr., en aths. væri látin halda sjer, að hann mætti ekki hafa önnur störf á hendi. Nú stendur svo á hjer, að þessi maður veitir iðnskólanum hjer forstöðu, og er hans bezti styrktarmaður, og get jeg fullvissað háttv. þgm. um, að skóli þessi mundi ekki hafa náð þeirri hylli og gengi, sem hann nú nýtur, ef hann hefði eigi notið þessa manns, og álít jeg það illa farið, ef alþingi fer að láta slíkt til sín taka.

Hvað snertir bæjarstjórnarstörf hans og veganefndarstörf, þá aukast ekki tekjur hans af þeim, því að þetta eru ólaunuð störf, sýna einungis, að maðurinn er vel og rjett metinn.

Hvað vatnsveitu-málið snertir, þá getur verið, að hann fái laun fyrir starfa sinn við það. En nauðsynlegt er fyrir Reykjavík og landið í heild sinni að njóta góðs og dugandi manns við þetta starf.

Hvað snertir sýslumanninn í Hafnarfirði, að hann hafi ekki getað fengið aðstoð verkfræðingsins, er hann leitaði hans, þá mátti sýslumaður vita það, að hann þurfti ekki annað, en snúa sjer til stjórnarráðsins, því að verkfræðingurinn vinnur landinu og hlýðir boðum sjórnarráðsins.

Allt þetta mál, um að misbrúka stöðu sína, vinna öðrum o. s. frv. er ljett á metunum, því að ef maðurinn hefur svo mikil aukastörf, að hann vanrækir stöðu sína, þá er það stjórn-

arráðsins, að sjálfsögðu, að taka í taumana og segja »hingað og ekki lengra«.

Það ber einnig að athuga í þessu efni, að ef launin væru færð upp og aths. felld í burtu, eins og 3. kgk. þm. fór fram á, þá má búast við, að aðrir verkfræðingar, sem koma til að vinna í þarfir landsins, vilji fá jafnhá laun, og gæti þá farið svo, að það yrði *regla*, sem upphaflega átti að verða *undantekning*.

Þá skal jeg geta þess viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðh., að hann mun ekki hafa verið inni í deildinni í morgun, er jeg hóf framsögu þessa máls. Jeg gat þess þá, fyrir hönd nefndarinnar, að hún mundi ekki taka sjerstaka afstöðu sem nefnd, gagnvart breyt.till. hans.

Út af 10. gr. og ræðu hæstv. ráðh., er hann minntist á alþingishúsið og þau ókjör, að þurfa að kaupa hús Halldórs heitins Friðrikssonar fyrir 25,000 kr., þá skal jeg geta þess, að mjer hafa borizt tvö skjöl frá byggingarmeistara Kjörbo, annað snertir safnahúsið, en hitt alþingishúsið, og skal jeg láta hina háttv. deild vita, að honum hefur reiknazt, að aðgjörð og breyting á alþingishúsinu mundi hlaupa um 63,000 kr., og er þar þó ekki tekið tillit til lóðarkaupa, sem nauðsynleg eru, ef miðstöðvarhitun á að setja í húsið. Allur kostnaður við aðgjörð hússins yrði eptir þessu 63,000+25,000 eða 88,000 kr. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er nauðsynlegt, að eitthvað sje gjört út um þetta, áður en þingi er slitið.

Hitt skjalið var viðvíkjandi safnabyggingunni, að kostnaður við hana, umfram 160,000 kr., muni verða 44,700 kr.; fer meiri hluti þessarar upphæðar fyrir húsbúnað, eða 38,248 kr., eptir því, sem áætlað er.

Á þetta vildi jeg einungis benda.

Hvað snertir aths. hæstv. ráðh., viðvíkjandi 13. gr. D. 1., þá virtist mjer hann óska eptir, að þeim tveim liðum væri haldið sundurgreindum, eins og gjört er í stjórnarfrumv., þannig, að 13,000 kr. og 22,000 kr. standi hvor í sínu lagi. Þetta var lítilfjörlegt atriði fyrir nefndina, en hún vildi síður hafa þessa sundurliðun, af því að svo getur litið út á pappírnum fyrir þá, sem ekkert þekkja til, að þessar 300,000 kr. sjeu skuld til þess »mikla norræna«, en svo er ekki, því að það bauð þetta fjárframlag til þess að losast við að leggja símann alla leið til Reykjavíkur, í stað þess að leggja hann til Austfjarða, en, sem sagt, er nefndinni þetta ekkert kappsmál.

Þá gat hæstv. ráðh. um, að hann óskaði, að tillag Árnesinga til símalagningarinnar yrði fært niður í 10,000 eða jafnvel 8,000 kr., svo að jöfnuður kæmist á með þeim og Rangæingum. Til 3. umr. væri þá hægt að koma með breyt.till. í þá átt, en annars get jeg ekki sjeð, að sjerstök ástæða sje til að hlífa þessari sýslu, sem er eitthvert fjölbyggðasta og blómlegasta hjerað þessa lands.

Háttv. þgm. Ísfjk. (Sig. St.) þarf jeg fáu að svara. En þar sem hann gat um, að misræmi væri í till. nefndarinnar, þá hefur misræmi líka komið fram í breyt.till. hans sjálfs, þar sem hann kemur ekki fram með breyt.till. um það, að landssjóður hætti við að kaupa símakerfin í kaupstöðunum, en vill þó ekki láta hann kaupa símann milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem er þó stórgróðafyrirtæki og gefur af sjer, eins og háttv. 2. kgk. þgm. hefur skýrt frá, 20%. Þar sem háttv. þgm, tók upp þau orð *mín*, að jeg minntist á tóman kassa, þá gjörði jeg það með tilliti til hinna miklu lána,

sem ráðgjörð eru í frumv. Jeg álít það bjarnargreiða við stjórnina að gjöra mönnum tilboð um lán upp á 380,000 kr., þegar ekkert útlit er til þess, að stjórnin hafi þá peninga handbæra; auk þess er það beinlínis að gabba fólk. Jeg veit, að háttv. Nd. hefur ekki skoðað það frá því sjónarmiði, enda er flest af því, sem ætlazt er til að styrkt sje, stór-nýt fyrirtæki, sem fullkomin ástæða væri til að styðja; en sníða verður sjer stakk eptir vexti.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (G. V.) kom fram með þá fyrirspurn viðvíkjandi 13. gr. C. 1., hvort nefndin vildi ekki koma fram með breytingartillögu í þá átt, að 25 stúdentar og 50 fáfækir iðnaðarmenn nytu hinna sömu hlunninda hjá því »sameinaða«, þótt lengri tími en 6 mánuðir liðu á milli ferða. Eðlilegra er að beina þessari fyrirspurn til stjórnarinnar, því að hún á að gjöra samninginn; en jeg hygg, að fjelaginu mundi standa þetta á sama, ef viðkomandi getur fengið áreiðanlegt vottorð um það, að hann sje sami maður, sem notið hefur ívilnunarinnar á leiðinni frá Íslandi, og sje áfram í tölu þeirra, sem hlunnindanna eiga að njóta.

Þá skal jeg snúa mjer að háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.). Hann kom með samanburð á styrknum, sem veittur er til bátaferða fyrir Norðurlandi og þeim styrk, sem veittur er á Breiðafirði. Þótti honum styrkurinn annað hvort of lágur fyrir norðan, eða of hár á Breiðafirði. Færði hann þar til vegalengdina og fólksfjöldann, sem nota ætti þessar bátaferðir. En sjeu það um 16,000 manns, sem geta notað bátaferðirnar á Norðurlandi, þá má eins snúa þessari rökfærslu hans þannig, að meiri líkur sjeu til, að sá bátur, vegna flutninga á mönnum og farangri, borgi sig betur, og þurfi því minni styrk (*Steingrímur Jónsson:* Það er stærðin á svæðinu), það hefur ekki svo mikið að segja; jeg hygg því, að Reykjavíkur-báturinn borgi sig vel, því að ella mundi ekki hafa myndazt nýtt fjelag til þess, að halda þeim ferðum uppi, og gengur þó sá bátur stundum alla leið austan frá Vík og vestur í Ólafsvík.

Þá gat háttv. sami þingm. þess, að sjer óaði við, hvað tíminn væri langur, sem samningarnir ættu að standa við »það sameinaða«. En jeg álít, að hjer sjeu svo góð kjör á boðstólum, að óvíst sje, hvort ekki tapaðist á því, að sinna þeim ekki, og vansjeð er, hvenær oss bjóðast slík kjör næst. Hvað snertir fjárupphæðina, sem ætlazt er til að við leggjum fram, þá er hún lítil í samanburði við það, sem við höfum borgað áður, einkum, er tekið er tillit til þess, að skipin verða betri og ferðirnar hentugri.

Þá gat sami háttv. þingm. þess, að alsiða væri hjá öðrum þjóðum að taka lán; en jeg skal geta þess, að hjá oss horfir þetta nokkuð öðru vísi við, en annarsstaðar. Hjer er ekkert kapital til í landinu, og erum við því nauðbeygðir til, að leita út fyrir »pollinn« til þess, að taka lán þar. Og ef harðæri kæmi hjer, þá geta menn ekki snúið sjer til annars en til landssjóðs; en hafi hann nóg á sinni könnu með að borga erlend lán, þá stendur ekki annað fyrir dyrum, en að leigja eða selja afurðir lands eða sjávar; og væri þá betur farið, að sem fæst stór lán hefðu verið upp á hann tekin.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) bar sínar 150 kr. til Öræfinga mjög fyrir brjósti, og lái jeg honum það ekki sem góðum fulltrúa síns hjeraðs, en

ekki gat hann sannfært mig um nauðsynina fyrir þessari styrkveitingu; enda er læknaskipunarmálið svo vel undirbúið af landlækni og stjórn, og þar ekki gjört ráð fyrir þessum styrk, sem eflaust stendur í sambandi við það, að Hofshreppur á að leggjast til Síðuhjeraðs, og hygg jeg því eigi ástæðu til, að styrkur þessi sje veittur.

Þá skal jeg leyfa mjer að svara hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) út af þeim ummælum hans, að hann vildi ekki gefa svo mikið fyrir, að hafa pósthúsið opið 10 stundir daglega, en hjelt aptur nauðsynlegt, að hafa það opið 1—2 stundir á sunnudögum. Jeg skal játa með háttv. þingm., að opt er óþægilegt, að pósthúsið skuli ekki vera opið einhvern ákveðinn tíma á sunnudögum. Og skal jeg í þessu efni bera mig saman við nefndina. Hins vegar veit jeg ekki, nema rjett væri að ákveða, að það skyldi opið 9 stundir virka daga í tilliti til þess, að það væri opið einhvern ákveðinn tíma á sunnudögum. Nú sem stendur er það opt opið á sunnudögum, sem sje, er póstar og skip koma seint á laugardögum eða helgum.

Háttv. þingm. Ísfjk. (Sig. S.) gat þess, að sjer tæki sárt, að nauðsynlegt væri, að stryka út flestar lántökuheimildirnar í 21. gr. Jeg skal játa, að þetta er að vísu leitt; en nauðsynlegt er það fyrir okkur, þar sem jeg sje ekki, að fje sje til hjá landssjóði í þessi lán, enda er ekki loku fyrir það skotið, að ýms af fyrirtækjum þessum geti fengið lánin í bönkunum, en auðvitað verður rentan þar hærri.

Háttv, 3, kgk. þm. (B. Ól.) gjörði þá athugasemd, að sjer virtist rjett, að lánið, sem ætlazt er til að tekið sje, yrði borgað á ekki skemmri tíma en 20 árum. Hið sama hefur háttv. Nd. samþykkt um þetta; en stjórnin gjörði ráð fyrir, að það yrði borgað á 10 árum, og hefur því nefndin hjer í deildinni farið milliveg í þessu, er hún setur borgunarfrestinn 15 ár. — Eins og nefndin álítur ekki rjett, að hafa tímann mjög stuttan, svo að lánið komi þungt niður, þannig álítur hún ekki rjett, að hafa tímann mjög langan, því að það þarf að venja fólk við að skilja, að svona lán þurfi að greiða, og að menn sjálfir beri ábyrgð á lántökunni, en skelli henni ekki að mestu leyti á eptirkomendurna. Lánabrautin er svo háskaleg, að ekki er vert að gjöra mönnum mjög greiðan veg inn á hana; og hvað þennan afborgunartíma snertir, þá álít jeg, að hann sje ákveðinn nógu langur hjá nefndinni, því að óvíst er, að eptirkomendur vorir verði okkur þakklátir, eptir 20—30 ár, fyrir þessa lántöku, því að ekki vitum vjer, hver samgöngufæri verða efst á baugi, eptir þann tíma.

Þá vil jeg minnast á tvö atriði, sem komið hafa fram í ræðum háttv. þm.

Háttv. 6. kgk. þgm. (Stgr. J.) talaði um sjúkraskýlin, og þótti honum till. fjárlaganefndarinnar fara of stutt í því efni. Jeg hygg það sje nú stór spurning, hvort vert sje að fara of ört í þær sakir. Hann gaf þær upplýsingar, að sjúkraskýli í hjeraði með 1,500 mönnum, mundi kosta 6,000 kr. Ef það er svo dýrt, álít jeg rjettara af hjeraðs- og byggðabúum, að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir ráðast í að koma upp slíkum skýlum, sem orðið geta þeim ofvaxin. Jeg man ekki betur, en fyrir fjárlaganefndinni hafi legið umsókn frá hjeraðsbúum í Upphjeraði um 2,000 kr. til að höggva *skarð* í hinn mikla kostnað við sjúkraskýlið á Brekku, og svo kann fleirum að fara.

Háttv. 5. kgk. þgm. (Þ. J.) kom með

fyrirspurn viðvíkjandi 13. gr. C 2 d., hvort eigi mætti lengja leið báts þess, sem ætlazt er til að gangi milli Axarfjarðar að austan og Sauðárkróks að vestan, þannig, að hann færi vestur á Blönduós. Jeg er fyrir mitt leyti mjög meðmæltur þessari uppástungu, þegar jeg athuga, hve örðugt menn við Húnaflóa eiga með samgöngur á sjó; þótt hin stærri gufuskip verði þar einatt að snúa frá, þá er öðru máli að gegna um báta, sem eru á næstu grösum og geta leitað lags, þegar bezt hentar. Jeg efast ekki um, að fjárlaganefndin tekur þetta til íhugunar, og mun hún að sjálfsögðu bera sig saman við forgöngumenn þessarar tillögu í Nd. um það, hvort hægt muni að koma þessu þannig fyrir.

Loks hafði háttv. þgm. það að athuga við 13. gr. B VIII, að ekki væri vel skiljanlegt, að svo mikið þyrfti að ganga til þess verks, sem áætlað væri, þar sem mælingamennirnir ætluðu að gjöra þetta »fyrir ekki neitt«. En jeg sagði, að þeir tækju ekki borgun, ɔ: enga sjerstaka borgun fyrir sína vinnu, en útlagðan kostnað verða þeir auðvitað að fá borgaðan, svo sem fæðis- og ferðakostnað, og því um líkt.

Þykist jeg svo hafa í svo stuttu máli, sem mjer hefur verið unnt, tekið til athugunar það, er ástæða virðist til að svara.

Á 45. fundi Ed., fimmtudaginn 5. sept. var umr. um fjárlagafrumv. haldið áfram, og fór fram atkvgr. um fyrri kaflann, 1.—13. gr.

ATKVGR.: 2. gr.

Br.till. við 7. (þgskj. 509) felld að við höfðu nafnakalli, vegna óljósrar atkvgr., með 6 : 6 atkv., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ágúst Flygenring,	Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,	Guðj. Guðlaugsson,
Gutt. Vigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jakobsson,	Sig. Stefánsson,
Stgr. Jónsson,	Valtýr Guðmundss.,
Þórarinn Jónsson.	Þorgr. Þórðarson.

2. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.

3. gr.:

1. Br.till. frá fjárl.n. (þgskj. 504) sþ. með 12 samhlj. atkv.

3. gr., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

4. gr.:

2. br.till. fjárl.n. samþ. í einu hlj.

4. gr., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

5. gr. samþ. í einu hljóði.

6. gr. samþ. í einu hlj.

7. gr.: 3. br.til. fjárl.n.:

a. samþ. í einu hlj.

b. samþ. með 10 : 2 atkv.

7. gr., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

1. gr. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.

II. kafli.

Útgjöld.

8. gr. frv. með væntanlegum breytingum samþ. í einu hlj.

9. gr. samþ. í einu hlj.

10. gr.:

4. br.till. fjárl.n. samþ. í e. hlj.

10. gr., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

11. gr, samþ. í e. hlj.

12. gr.:

Br.till. á þgskj. 535 við 12. gr. 3, nýr 4. liður, samþ. með 7 samhlj. atkv.

5. br.till. fjárl.n., 504, (9. l.):

a. (Akureyri) sþ. m. 11 samhl. atkv.

b. (Ísafj.) samþ. m. 11. samhlj. atkv.

c. (Seyðisfj.) sþ. m. 11 samhlj. atkv.

d. (Patreksfj.) sþ. m. 11 samhlj. atkv.

6. br.till. fjárl.n. við 12. 9. b—e sþ. án atkvgr.

7. br.till. fjárl.n. við 12. gr. 9, 2 nýir liðir:

i. samþ. með 12 samhlj. atkv.

j. samþ. með 11 samhlj. atkv.

8. br.till. fjárl.n. við 12. gr. 9, f., sem verður k.:

a. samþ. með 8 : 3 atkv.

b. (í stað 1,000 kr. komi 500 kr.) samþ. með 8 : 3 atkv.

c. (í stað 4,000 kr. komi 2,000 kr.) samþ. með 10 samhlj. atkv.

9. br.till. fjárl.n. við 12. gr. 9 g., sem verður l., fyrri liður, a., samþ. með 10 samhlj· atkv.

b. við 12. gr. 9 g., sem verður l., síðari liður, samþ. með 12 samhlj. atkv.

12. gr., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

13. gr.:

10. br,till. fjárl.n. (504) 13. gr. A. 4 a., samþ. með 12 samhlj. atkv.

11. br.till. fjárl.n. 13. gr, A, 4. f. sþ. með 9 : 1 atkv.

12. br.till. fjárl.n., 13. gr. A 4 g., felld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna óljósrar atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn M, Ólsen,	Ágúst Flygenring,
Sigurður Jensson,	Gutt. Vigfússon,
Eirikur Briem,	Sig. Stefánsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Stgr. Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Valt. Guðmundsson,
Jón Jakobsson.	Þórarinn Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson,

13. br.till. fjárl.n. (504) við 13. gr. B I. 1 a.:

a. (í stað 3,500 komi 3,000) samþ. með 8 : 1 atkv.

b. samþ. með 8 : 1 atkv.

14. br.till. fjárl.n. við 13. gr. B III b, samþ. með 12 samhlj. atkv.

15. br.till. fjárl.n. við 13. gr. B. III, samþ. með 11 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 530 við 13. gr. B VIII, felld með 9 : 1 atkv.

16. br.till. fjárl.n. (504) við 13. gr. B. VIII, samþ. með 8 samhlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 538, nýr liður, felld með 7 : 3 atkv.

17. br.till. fjárl.n. samþ. með 10 samhlj. atk.v

18. br.till. fjárl.n. (504) við 13. gr. C 2 a., samþ. með 9 : 2 atkv.

b. samþ. með 11 samhlj. atkv.

19. br.till. fjárl.n. við 13. gr. C 2 c, samþ. í e. hl.

20. br.till.n. við 13. gr. C 2, samþ. með 12 samhlj. atkv.

21. br.till. fjárl.n. við 13. gr. C. 3 samþ með 12 samhlj· atkv.

22. br.till. fjárl.n. við 13. gr. D 1, samþ. með 7 : 5 atkv.

23. br.till. fjárl.n. við 13. gr. D II 2, samþ. með 11 samhlj. atkv.

24. Br.till. fjárl.n. við 13. gr, D II 3, samþ. með 9 samhlj. atkv.

Br.till. á þgsk. 530 við 13. gr. D II 4 felld með 8 : 4 atkv.

Br.till. á þgskj. 530, við 13. gr. D II 5 a-b, felld með 7 : 2 atkv.

25. br.till. fjárl.n. (504) við 13. gr. D II 8, samþ. með 10 samhlj, atkv.

Br,till. á þgskj. 530 við 13. gr. D II 9, felld með 7 : 2 atkv.

26. br.till. fjárl.n. við 13. gr. D II 10, samþ, með 8 samhlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 530 við 13. gr. D II 12, tekin aptur.

27. br.till, fjárl.n. við 13. gr. D II 12, samþ. með 8 : 3 atkv.

13. gr., þannig breytt, samþ. í einu hljóði.

Að atkvgr. lokinni hófust umr. um 14.—21. gr.; og var þeim haldið áfram til kl 3_{10}, þá var fundi frestað.

Kl. 5 síðd. var fundurinn settur aptur og umr. um fjárlögin haldið áfram til kl. 8.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg skal fyrst leyfa mjer að taka það fram, að það hafa slæðzt inn prentvillur á nokkrum stöðum í breyt.-till. nefndarinnar á þgskj. 504 við 14. gr. Þannig stendur við 32. liðinn: Á eptir 14. gr. B. VII b. 3, en á að vera: Við 14. gr. B. VII á eptir b. 3. komi etc. Sama er við 34. liðinn þar stend-

ur: Við 14. gr. B. VIII en á að vera: Við 14. gr. B.: á eptir VIII komi nýr liður (IX), og í 30. liðnum vantar b þar sem stendur: Við 14. gr. B. II. 6, en á að vera: 14. gr. B. II. b. 6. liðurinn um þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði við læknaskólann. Þá skal jeg snúa mjer að þeim breytingum, sem nefndin hefur gjört við þessa og eptirfylgjandi greinar frumvarpsins og enn fremur þeim breyt.till., er komið hafa fram frá öðrum hv. deildarmönnum.

Fyrsta breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. er við A. b. 5. um kaup á húsi Bjarna Mathiesens, sem stendur í kirkjugarðinum hjer í bænum. Í frumv. Nd. stendur að veita skuli 2,000 kr. styrk til þess að kaupa þetta hús. En nefndin vildi leggja það til, að orðalaginu væri breytt þannig, að það sje kallað uppbót til Bjarna Mathiesens fyrir að flytja hús sitt burt úr kirkjugarði Reykjavikur fyrra ár 2,000 kr. Nefndin lítur svo á, að það þurfi að flytja húsið burt, en eptir því sem bæði mjer og ýmsum öðrum háttv. meðnefndarmönnum mínum hefur litizt á þetta hús, þá hyggjum við, að það muni verða lítill gróðavegur fyrir landssjóð að kaupa það, og að allmikið af verði hússins muni ganga í kostnað við að rífa það niður. Þá er næsta breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. A. b. 6. um að sá liður falli burt, það er að segja á *þessum stað* í frumv., en að hann verði fluttur yfir á 18. gr. Hjer er átt við 1,000 kr. styrk til sjera Arnórs á Hesti. Nefndinni þótti ekki rjett að láta þessa upphæð standa í þessari gr., af því að hún skoðaði hana sem beina styrkveitingu. Þá er næsta breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B. II. b. 6, þar sem farið er fram á að færa þóknunina fyrir tímakennslu í efnafræði við læknaskólann úr 400 niður í 200 kr., og er það sama upphæð, sem ákveðin var í frumv. stjórnarinnar. Nefndin hjelt ekki, að þörf væri á meira fje í þessu skyni en 200 kr., og vildi því ekki að svo stöddu fara fram á hærri upphæð en stjórnin hafði lagt til.

Þá kem jeg að breyt.till. á þingskj. 530 við 14. gr. B. VII. b. 3. frá háttv. þgm. Ísfjk., (Sig. St.) og fer sú br.till. fram á það, að á eptir þessum tölul. komi nýr liður þess efnis, að veittur verði 600 kr. byggingarstyrkur fyrra árið til unglingaskólans á Ísafirði. Jeg skal láta þess getið, að meiri hluti nefndarinnar hefur orðið fylgjandi þessari breyt.till., og sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um hana, með því að jeg gjöri ráð fyrir, að flutnm. till. muni sjálfur taka fram það, sem með þarf um hana; þá fer næsta brtill. nefnd. fram á það, að á eptir 14. gr. B. VII, b. 3 komi nýr liður: Byggingarstyrkur til skólans á Heydalsá 500 kr. fyrra árið. Það stendur svo á, að skólahúsið hefur verið byggt upp af nýju og stækkað mikið og endurbætt, en efnahagur skólans ekki svo góður, að hann geti staðizt þann mikla kostnað af eigin rammleik, en skóli þessi hins vegar gamall og að góðu kunnur og gamalt fósturbarn landssjóðs. Eins og skýrt er frá í umsókninni um þennan styrk, þá er þessi skóli ekki að eins sóttur úr Strandasýslu, heldur líka úr Barðastrandarsýslu og Dalasýslu, og ber það einnig vott um, að skólinn sje með betri skólum, og þar sem byggingarkostnaðurinn hefur orðið allmikill, þá væri æskilegt, að landssjóður gæti að einhverju leyti hlaupið hjer undir bagga. Þá er enn breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B. VII. b. 3, sem fer fram á það, að styrkurinn til barnaskóla utan kaupstaða sje færður úr 8,000 kr. niður í 6,000 kr. síðara árið.

Í stjórnarfrumv. er þessi styrkur ákveðinn 5,000 kr. hvort árið, og þótti

nefndinni það ekki nógu ríflegt; hún hefur því hækkað þennan lið um 1,000 kr. hvort árið, frá því, sem stjórnarfrumv. hafði ákveðið. Í frumv. Nd. er þessi styrkur ákveðinn 6,000 kr. fyrra árið og 8,000 kr. síðara árið, en það þótti nefndinni full ríflegt, og hefur álitið 1,000 kr. hækkun hvort árið frá frumv. stjórnarinnar vera nægilega.

Þá kem jeg að breyt.till. á þgskj. 534 við 14. gr. B. VII. d., frá háttv. 4. kgk. þm. (Á. Flyg.) og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) og fer sú breyt.till. fram á það, að hækka styrkinn til Flensborgarskólans um 1,000 kr. hvort árið. Nefndin getur ekki ljeð þessari breyt.till. liðsinni sitt, bæði sökum þess, að þessi skóli nýtur all-ríflegs styrks af opinberu fje, og í öðru lagi af þeirri ástæðu, að á meðan ekki er útsjeð um forlög kennaraskólafrumv. hjer í deildinni, sem fer fram á mjög hækkað tillag til þessa skóla, þá álítur nefndin þessa breyt.till. ótímabæra, og ræður hún þess vegna háttv. till.mönnum til að taka hana aptur.

Þá gengur næsta breyt.till. á þgskj. 534 út á það, að á eptir 14. gr. B. VII. g., komi 2 nýir liðir svo hljóðandi: h. til afborgunar og vaxta af byggingarláni 1475—1425, og i. til brunabótagjalda og viðhalds á húsum m. m. 900 kr., hvort árið. Viðvíkjandi h. liðnum, þá hefur nefndin athugað þá styrkbeiðni, og mun verða þessari breyt.till. fylgjandi, sökum þess, að það liggur fyrir loforð til háttv. 4. kgk. þm. um að taka þetta til greina, þar sem áður hefur verið felld uppástunga frá sama háttv. þm. um að setja 9,000 kr. á fjáraukalög í þessu skyni, en til bóta fyrir það, að sú uppástunga var felld, þá hefur nefndin gengið inn á þetta, og svarar það hjer um bil til afborgunar og vaxta af þessu láni á 9 árum. Annars álítur nefndin, að fullt svo rjett hefði verið að flytja lánið úr sparisjóði Hafnarfjarðar yfir í veðdeildina, því að þá yrðu afborgun og vextir minni.

Aptur á móti getur nefndin ekki fallizt á i-liðinn á sama þgskj., styrkinn til brunabótagjalds og viðhalds á húsinu; slíkur styrkur hefur ekki verið veittur áður, og meðan ekki er útsjeð um afdrif kennaraskólans hjer á þinginu, þá þótti nefndinni ekki vert að fara svo hratt í sakirnar með frekari styrkveitingu til þessarar stofnunar.

Þá skal jeg taka það fram viðvíkjandi liðnum j við 14. gr. B. VII., að því er snertir fjárveitinguna til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík, að þótt nefndin hafi ekki komið fram með breyt.till. um að fella þessa fjárveitingu burt, þá virðist henni samt þessi upphæð ekki beinlínis þörf eða nauðsynleg nú framar. Þessi upphæð var sett inn í fjárlögin fyrir mörgum árum, þegar hörgull var á kennurum í þessari grein; og þótt fjárveiting þessi væri bæði þörf og rjettmæt á þeim tímum, þá er ekki eins brýn nauðsyn á henni nú, þegar kennarar í organslætti eru svo að segja á hverri þúfu; samt hefur nefndin ekki fundið ástæðu til að nema þessa fjárveiting burt í þetta sinn, en getur þessa til athugunar framvegis.

Þá er næsta breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B. VII. o., að styrkurinn til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði, 7,500 kr. fyrra árið, falli burt. Nefndin hefur ekki sjeð sjer fært að leggja til, að samþykkja þessa fjárveitingu, vegna þess, að meiri þörf er víða á skólum en þarna, þar sem þessi skóli er í nánd við Akureyrarskólann, dýran skóla, kostaðan af landsfje, sem fer í sömu eða líka átt, sem þessi skóli

mundi fara. En hins vegar kannast nefndin fúslega við, að það sje höfðinglegt boð og drengilegt, að bjóða fram að gjöf 15,000 kr. til opinberra þarfa gegn þriðjungs tillagi frá landssjóði, en landssjóður þarf í mörg horn að líta, og þó að þetta sje mjög svo rausnarlegt boð, þá er það samt svo, að æ sjer gjöf til gjalda, og þó að 7,500 kr. geti litið út sem all-saklaus upphæð í svipinn, þá mun samt fleira þar á eptir fara, þar sem all-mikið fje mundi ganga til reksturs skólans, og því hefur nefndin orðið ásátt um, að fella burt þennan styrk.

Þá hefur nefndin leyft sjer að koma fram með breyt.till. um, að á eptir 14. gr. B. VIII. komi nýr liður, sem orðist svo: »Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur til að kenna sveitarstúlkum leikfimi, 500 kr. hvort árið«. Það hefur legið beiðni fyrir þinginu frá þessari konu um að fá 600 kr. styrk hvort árið í þessu skyni, og nefndin hefur álitið rjett, að sinna þessari beiðni. Að vísu hefur hún klippt 100 kr. hvort árið af þeirri upphæð, sem beðið var um, og þótt það ekki muni miklu, þá gjörði nefndin það meðfram vegna þess, að hún hjelt, að það mundi ganga þess greiðlegar að fá þessa upphæð samþ., því minni sem hún væri. Þessi kona, sem hjer á hlut að máli, er alls góðs makleg. Hún hefur stundað leikfimi erlendis og fengið bezta vottorð frá kennara sínum erlendis, og er kunn að því að vera ágætur kennari í sinni grein.

Að vísu gjöri jeg ráð fyrir, að sumir kunni að spyrja, hver nauðsyn sje á þessari fjárveitingu og álíti hana óþarfa. En eins og háttv. þm. er kunnngt, þá er leikfimin nú hjá öllum menningarþjóðum heimsins að komast í sama háa sessinn, sem hún skipaði hjá Grikkjum í fornöld; nú er orðin víðast kunnug gamla setningin: »mens sana in corpore sano«: að hraustur líkami er að öllum jafnaði skilyrði hraustrar sálar, og ekkert stuðlar betur að því, að hressa líkamann, stæla vöðvana, örfa viljann og auka lífsfjörið, en einmitt leikfimi. Einn góðfrægur læknir, sem verið hefur hjeraðslæknir í 2 þjettbýlustu læknishjeruðum á Norðurlandi hvoru á eptir öðru, hefur skýrt svo frá, að það væri hin mesta sorg að sjá, hve margar ungar sveitastúlkur á Norðurlandi væru sjúkar af móðursýki, og taldi hann hina sífelldu inniveru og kyrsetur í misjöfnum húsakynnum upp til sveita aðalorsökina til þessa. Nú hefur þessi kona sagt, að hún mundi taka sjerstakt tillit til þess, hvaða leikfimi mætti hafa í heimahúsum, til þess að hún gæti komið að sem beztum notum.

Jeg vona, að þessar röksemdir mínar sjeu nægilegar til þess, að háttv. deild fallist á þessa breyt.till. nefndarinnar, og skal jeg um leið taka það fram, með tilliti til þess að nefndin hefur lagt til að liðurinn undir B. X e um styrkinn til handavinnukennslu á Akureyri sje felldur burt, þá er þessi fjárveiting til handavinnukennslu einungis styrkur, en eptir því, sem sjeð verður, ekki ætlazt til neinnar ívilnunar fyrir nemendur, en hitt er bundið því skilyrði, að sveitastúlkur fái kauplausa kennslu. Næstu breyt.till. nefndarinnar eru, að liðirnir X b. c. d. e. verði felldir burt, nefnilega styrkurinn til Jónasar Jónssonar til að stunda kennaranám erlendis, Ingibjargar Jónsdóttur til að ganga á kennaraskóla í Danmörku og Karls Finnbogasonar til að kynna sjer kennslu og fyrirkomulag á lýðháskólum erlendis. Þessir 3 liðir fara allir í líka átt; en jeg verð

að taka það fram um liðina b og c, að þar sem nú er í ráði að stofna kennaraskóla hjer á landi, þá virðist dálítið undarlegt að vera að styrkja menn til þess að fara til útlanda eptir þannig lagaðri fræðslu. Að nefndin hefur látið styrkinn undir a-liðnum til Jóns Þ. Björnssonar halda sjer, liggur í því, að þessi styrkur hefur verið veittur áður, á síðasta þingi; um síðasta liðinn e hef jeg þegar talað; en nefndin áleit rjett, að stryka þennan lið út, af því að henni fannst ekki ástæða til að styrkja þessar konur til þess að reka handavinnukennslu á Akureyri, af því að hægt mundi vera að fá konur til þess að reka þessa kennslu styrklaust af opinberu fje.

Þá er næsta breyt.till. nefndarinnar við 15. gr. 1. c. Þar hefur nefndin farið fram á að hækka laun 2. aðstoðarmanns við Landsbókasafnið úr 450 kr. upp í 500 kr. fyrra árið og úr 900 kr. upp í 1,000 kr. síðara árið. Nefndinni er ekki vel ljóst, hvernig upphæðin 900 kr. er komin fram, og lítur út fyrir, að það sje til komið af athugaleysi, þar sem laun 2. aðstoðarbókavarðar eru í frumv. til laga um stjórn Landsbókasafnsins ákveðin 1,000 kr. Auk þess skal jeg geta þess, að þar sem ætla má, að 2. aðstoðarbókaverði verði eigi ætluð minna en 5 tíma vinna á dag við safnið, þá eru 1,000 kr. sannarlega ekki of há laun, því að allir þurfa þó að lifa, og hjer er orðið *dýrt* að lifa.

Þá er 40. breyt.till. nefndarinnar við 15. gr. 2. c, og fer hún fram á að stryka út orðið »Stykkishólmi« og setja í þess stað »Vesturamtinu«, þar sem talað er um amtsbókasöfnin. Þetta er að eins orðabreyting, en nefndin hefur athugað nánar, að það er ósamræmi í þessu, af því að við báða liðina á undan stendur: »til Amtsbókasafnsins á Akureyri« og »til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði«. Nefndin mun því að sjálfsögðu koma með breyt.till. um þetta til 3. umr. svo að það standi eins við alla liðina; en nefndinni þótti ekki óhugsanlegt, að staðurinu fyrir þetta eina safn kynni að breytast; en meining nefndarinnar var, að fjárveitingarvaldið eða landssjóður hjeldi áfram að styrkja öll þessi bókasöfn, það er að segja, erfingja hinna gömlu amtsbókasafna, eitt í hverju amti, þótt þau flyttu búferlum.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. á þgskj. 530 frá háttv. þgm. Ísfjk. (Sig. St.) við 15. gr. 2. c, að í stað 400 kr. komi 200 kr., eða að styrkurinn til bókasafnsins í Stykkishólmi sje færður niður um helming. Þessi breyt.till. stendur í sambandi við næstu breyt.till. á sama þgskj., að á eptir c komi nýr liður d svo hljóðandi: »til bókasafnsins á Ísafirði 300 kr.« Mjer skilst, að þessar breyt.till. fari fram á, að útgjöld landssjóðs sjeu aukin um 100 kr. til bókasafna í Vesturamtinu, en amtsbókasafnið eigi samt ekki að fá nema 200 kr. Nefndin hefur tekið þetta til athugunar og ekki getað fallizt á þessar breyt.till. aðallega fyrir þá sök, að það sje ákvæði, sem eiginlega heyri undir amtið, að gjöra út um, hvar amtsbókasafnið eigi að vera, en álítum aptur á móti háskalegt, að styrkja fleira en eitt bókasafn í hverjum fjórðungi, því að afleiðingin af því mundi verða sú, að margir kaupstaðir eða kauptún mundu rísa upp og segjast vilja hafa það sama.

Þá kem jeg að 41. breyt.till. nefndarinnar við 15. gr. 2 við athugas., að þar komi »bæjar- og sýslufjelög« í stað — »hlutaðeigandi bæjarfjelög og sýslunefnd —.« Þetta er að eins orðabreyting, að nefndin álítur til bóta, sem færir til samræmis og rjetts máls. Þá

kemur 42. breyt.till. við 15. gr. 21, og ræður nefndin þar til að færa niður styrkinn til stórstúkunnar úr 2,000 kr. á ári niður í 1,600 kr. Nefndinni virðist þetta allríflegur styrkur til fjelagsins, og vill hún halda sjer við, að hann sje það, eins og stjórnin upphaflega ætlaðist til. 43. brtill. nefndarinnar við 13. gr. 25. lið, leggur nefndin til, að hann falli burtu. Nefndin er að vísu fús til þess að viðurkenna hæfileika þessarar frúar í leiklistinni, en eðlilegra væri að veita styrkinn til leikfjelagsins, því að ef einn er tekinn út úr hópnum og honum veittur styrkur, þá er hætt við, að fleiri komi í kjölfarið með fjárbeiðnir, og getur þá svo farið, að þingið hafi ekki alltaf þrek til þess að hrista þær beiðnir af sjer, þótt minni verðleika hafi við að styðjast en þessi fjárveiting. Þetta er í sjálfu sjer lítilfjörlegt og saklaust, en heppilegra tel jeg, að styrkurinn til leikfjelagsins væri hækkaður, sem þessu svarar og ráðum við því háttv. deild til að fella þennan lið í burtu.

Þá kem jeg að 44 breyt.till. við 15. gr., að á eptir 26. lið komi nýr liður, er hljóði svo: »Styrkur til Jóns ritstj. Ólafssonar til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir hverja prentaða örk, allt að 2,100 kr. hvort árið«. Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með þessa till. í von um, að hin háttv. deild samþ. hana. Þessi maður, er á hjer hlut að máli, er orðinn svo kunnur hjer á landi og hefur ritað svo mikið, að hvert læst mannsbarn á landinu veit, að hann er einn af mestu ritsnillingum vorum í óbundnu máli. Óbundið mál fellur ekki þýðara nje liprara úr penna nokkurs núlifandi manns hjer á landi; og hans sjerstaklega íslenzka málfræðilega »interesse« getur verið trygging fyrir því, að orðabók. sem væri samin af honum, með íslenzkum þýðingum, hlyti að hafa margt gott að geyma, og mundi verða mikill gróði fyrir íslenzka tungu.

Jeg skal að vísu játa, að styrkur þessi er óaðgengilegur eins og hann liggur nú fyrir, því eins og allir vita, sem eitthvað hafa fengizt við samning orðabókar, þá eru orðin skrifuð upp á tóma smámiða, svo að örðugt er að áætla, hve mikið verk hefur verið unnið í arkatali áður en það er prentað, en nefndin verður samt að ganga út frá, að hægt verði að borga honum út jafnóðum sem hann vinnur verkið, svo að honum verði ekki gjört ómögulegt að nota styrkinn, enda ósanngjarnt, ef ekkert væri hægt að borga út, fyr en bókinni væri lokið. Jeg vona, að hin háttv. deild samþykki þennan styrk til þessa erfiða og vandasama verks.

Þá kemur 45. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. 10. Styrkur sá, sem þar er ákveðinn til samvinnusmjörbúanna, er í frumv. Nd. 16,000 kr. fyrra árið og 14,000 síðara árið. Í stjórnarfrumv. er styrkur þessi ætlaður 15,000—12,000 kr.; nú vill nefndin hjer fara bil beggja og ræður því hinni háttv. deild til að samþykkja, að styrkurinn verði 15,000 kr. fyrra árið en 13,000 síðara árið, og það með sjerstöku tilliti til þess, að þessi samvinnusmjörbú eru nú komin víða á fót, og þar með aðalástæðan fyrir styrknum, — hvöt til manna til að stofna þau, — fallin burtu, því að kunnugt er, að þessi smjörbú borga sig víða mjög vel. Stofnun smjörbúanna mun vera ein hin þarfasta hreyfing, sem komið hefur fram í landbúnaðinum á síðari árum, og hæð þeirra talna, sem sýna, hve mikið flyzt út frá þeim af smjöri árlega, sýna, að þetta eru ekki nein vandræðafyrirtæki,

sem þörf sje að styrkja með fjárframlögum úr landssjóði. Það getur heldur ekki verið meining þingsins að veita landbúnaðinum þetta sem nokkurskonar »premíu«, heldur hefur það átt að að vera hvöt til þess, að þessi smjörbú yrðu sett á fót. Með þetta fyrir augum hefur nefndin afráðið að fara þennan milliveg milli frv. stjórnarinnar og frumv, Nd.

Þá kem jeg að 46. breyt.till. við 16. gr. II. við a. og b., að 3,000—500 eða 3,500 kr. síðara árið falli burtu. Þessi laun eru ætluð verkfræðing, sem sje til aðstoðar landstjórnarinni og hjeraðsstjórnum, en nefndin lítur svo á, að þar sem á vegagjaldliðnum (13. gr. B.) er tekið fram, að aðstoðarmanni sje ætlað 2,700 kr. í laun, auk skrifstofukostnaðar, þá gæti verið efasamt, hvort þörf er á sjerstökum verkfræðingi framvegis, og er ætlun nefndarinnar, að hægt verði, þegar næsta ár er liðið, að komast af með hinn fasta verkfræðing og aðstoðarmann hans.
Næst kemur 47. breyt.till. við 16. gr. 21. athugasemdina. Í þessari athugasemd frumv. stendur: ». . . . ber lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirmatsmannsins um gæði vörunnar sje ritað á hleðsluskjöl þeirra«.

Í stað þess að orða þetta svo, ræður nefndin hinni háttv. deild til að samþykkja, að þessi athugasemd verði orðuð á þessa leið: ». . . ber lögreglustjóra að rita vottorð um það á hleðsluskjölin, hvort yfirmatsmaðurinn hafi metið gæði vörunnar eða eigi«. Eins og athugasemdin liggur fyrir í frumv. Nd., virðist það ókleift að leggja þá skyldu á lögreglustjóra, að sjá um, að yfirmatsmaðurinn hafi skrifað á hleðsluskjölin þar sem yfirmatsmaðurinn getur ekki skoðað vöruna, nema með vilja þess, sem sendir, og því er ekki hægt, að skylda lögreglustjóra til að sjá um, að hann hafi skoðað fiskinn. Þá kem jeg að breyt.till. á þgskj. 533 frá háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.) um það, að á eptir 24. lið í 16. gr. komi nýr liður, þar sem farið er fram á 7,000 kr. styrk til bátabryggju á Blönduósi. Jeg er þm. þessa kjördæmis og er því málinu allkunnugur og veit jeg, að full þörf og ástæða er til þess að bæta þessa bryggju. Það eru mörg ár síðan, að styrkur var veittur af landssjóði til þess að gjöra þarna bryggju, en fjeð var ekki nægilegt til þess, að hægt væri að byggja bryggjuna svo langt fram. að hún gæti komið að fullum notum. Það er því mikil nauðsyn á að lengja bryggjuna að mun, og hefur beiðni um styrk til þess frá sýslunefndinni í Húnavatnssýslu legið fyrir þinginu og er þar farið fram á miklu hærri upphæð. Meiri hluti nefndarinnar hefur eigi sjeð sjer fært að mæla með þessari tillögu og mun greiða atkv. á móti henni. Jeg skal ekki fjölyrða meira um þessa tillögu, því að jeg býst við, að háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.) skýri hana fyrir deildinni.

Þá er næst 48. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. 26., sem fer fram á það, að 26. liður falli burtu, Þar er ákveðið að veita styrk til bryggjubygginga á Skipaskaga allt að 2,000 kr. eða $^1/_3$ hluta af kostnaðinum. Nefndin hefur samþykkt að ráða hinni háttv. deild til að fella þennan styrk burtu; jeg skal raunar geta þessa, að þetta atriði er talsvert athugavert, því að það mun ekki einungis vera byrjað á þessu verki, heldur mun það fullgjört, og hefur verið unnið í trausti þess, að alþingi veitti styrk til þess. Allur kostnaður við byggingunа er á 8. þús. kr., svo að styrkurinn, sem hjer er farið fram á, er ekki nema liðugur $^1/_4$ hluti af öllum kostnaðinum. Þegar þess ennfremur er gætt, að þessi kostn-

aður kemur allur niður á einum hreppi, nema 700 kr., sem Borgarfjarðarsýsla leggur til, þá er athugavert að fella þennan lið burtu, en nefndin hefur samt orðið sammála um að gjöra það, því að »vestigia terrent« og maður veit, að fleiri koma á eptir, ef einni sveit er veittur styrkur til eins eða annars, þá vilja aðrar sveitir fá sömu hlunnindi.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. á þgskj. 533, sem fer fram á, að nýr liður komi á eptir 28. lið í 16. gr. Brtill. þessi hljóðar þannig: »Styrkur til Hjálmars Lárussonar til þess að fullkomna sig í teikniskurði, 600 kr, fyrra árið«. Jeg býst við, að háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.), gjöri grein fyrir þessari breyt.till. sinni, en nefndin hefur orðið sammála um, að hún sæi sjer ekki fært, að ljá henni liðsinni sitt.

Þá kemur viðaukatill. á þgskj. 539, sem líka á að verða nýr liður á eptir 28. lið í 16. gr. Viðaukatill. þessi fer fram á, að Indriða Helgasyni sjeu veittar 300 kr. fyrra árið til þess að stunda rafmagnsfræði við »Statens Forsögsmölle« í Askov. Nefndin hefur ekki getað aðhyllzt þessa viðaukatill., með því að hún álítur ekki fulla þörf á þessum styrk. Það er skoðun nefndarinnar, að það muni aðallega hlutverk *lærðra* rafmagnsfræðinga, að koma á hjá oss framförum, er sú fræðigrein styður, en ekki þeirra manna, er að eins hafa verklega kunnáttu, enda væri þá líka hægt að fá slíka menn senda frá stöðvunum, t. d. frá Askov; nefndin er því öll á móti þessari tillögu.

Þá sný jeg mjer að 49. breyt.till. nefndarinnar við 18. gr. Í þessari viðaukatill. stingur nefndin upp á, að tveimur póstum sje veittur, styrkur, 200 kr. hvorum árlega. Eins og háttv. deild er kunnugt, eru 2 póstar áður komnir á landssjóð, og nú eru þessir menn, sem hjer um ræðir, orðnir aldraðir, hafa staðið vel í sinni stöðu og orðnir slitnir og hrumir. Póststarfið er bæði þýðingarmikið og erfitt, en í annan stað ekki svo vel launað, að hægt sje að búast við, að þeir spari mikið til elliáranna. Nefndin hefur því álitið sanngjarnt, að bæta þessum mönnum við með þennan styrk.

Þá er 50. breyt.till., sem fer fram á, að styrkurinn til Sigurðar Jónssonar fangavarðar sje færður niður í 700 kr. úr 800 kr. og er það í samræmi við það, sem stóð í stjórnarfrumv. Í 51. breyt.till. leggjum við til, að styrkurinn til Tómasar Davíðssonar sje felldur burtu. Nefndin sá ekki ástæðu til að veita þessum barnakennara styrk fremur en mörgum öðrum; almennt er þeim auðvitað illa launað og margir munu illa staðir, en engin sjerstök ástæða til þess að taka þennan út úr hópnum og styrkja hann.

52. breyt.till. nefndarinnar stendur í sambandi við kirkju- og kennslumál. Það er að eins flutningur á styrknum til síra Arnórs. Nefndin taldi hann rjettar settan í 18. gr.

53. breyt.till. fer fram á, að bæta við 400 kr. styrk fyrra árið til ekkjunnar Gíslínu Friðriksdóttur. Maður hennar var verkamaður landssjóðs við brúarbyggingu á Hólmsá og datt út af brúnni meðan hann var að vinna að verkinu. Þessi maður hefur því dáið við skylduverk sitt í landssjóðs þarfir. Hjer á fátæk ekkja með einu barni hlut að. Nefndin álítur rjett, að hún fái 400 kr. í eitt skipti fyrir öll. Jeg býst við, að deildin verði nefndinni samdóma, að það sje mannúðar- og sanngirnisatriði fyrir þingið að veita þennan styrk.

Þá er komið að útlánagreininni miklu, sem nefndin vill færa úr 380,000 kr. niður um 302,000 kr.

Fyrsta breytingin er við 3. málsgr.

að til mjólkurbúa veitist 10,000 kr. í stað 30,000 kr.

Önnur breyt.till. er um lán til þurrabúðarmanna. Það vill nefndin líka lækka um 2/3 hvort árið.

Þriðja breyt.till. fer fram á að fella burt 12,000 kr. lán til Ingvars E. Ísdals á Seyðisfirði.

Fjórða breyt.till. er um það að fella burt 40,000 kr. lán til byggingar bryggju til þilskipavetrarlegu í Oddeyrarbót.

Fimmta breyt.till. fer fram á að nema burt 60,000 kr. lán til Bergs Helgasonar og Karls Finnbogasonar.

Sjötta br.till. er um það, að fella burt 50,000 kr. lán til klæðaverksmiðju á Akureyri.

Sjöunda breyt.till. fer fram á að fella burt 50,000 kr. lán til klæðaverksmiðjunnar »Iðunnar«.

Með áttundu breyt.till. vill nefndin fella 10,000 kr. lán til stórskipabryggju í Stykkishólmi.

Níunda og síðasta breyt.till. fer fram á að nema burt 50,000 kr. lán til barnaskólahúsa.

Auðvitað eru þetta háar upphæðir, en það gildir, sem jeg sagði áðan í framsögu minni, að þar sem ekkert er að hafa, þar hefur keisarinn misst sinn rjett.

Þó að nefndin álíti, að flest þessi fyrirtæki eigi skilið að fá þessi lán, þá sjer hún sjer ekki fært að veita fjeð. Það er því óhætt að spara sjer umr. um breyt.till. við 21. gr. Breyt.till. frá 6. kgk. þm. (Stgr. J.) við 21. gr. 4. lið fer fram á að fella burt orðin: »eptir tillögum hreppsnefnda«, en setja í staðinn: »gegn ábyrgð sýslufjelaga eða hreppsfjelaga«. Nefndin getur ekki greitt atkvæði með henni, af því að hún rýrir ábyrgðina. Það segir sig sjálft, að tryggingin er miklu meiri, þar sem sýslufjelagið ber ábyrgðina. Þar til er sú einfalda ástæða, að hver einstakur hreppur hefur minna gjaldþol en heil sýsla, enda er hætt við, að hrepparnir leiðist út í að taka á sig meiri lánbyrðir, heldur en þegar lánbeiðnir verða að ganga í gegnum tvöfaldan hreinsunareld. Nefndin er heldur ekki meðmælt síðustu breyt.till. háttv. þm. við 56. lið í breyt.till. nefndarinnar við 21. gr. Hún fer fram á, að samþykkja 11. málsgr. 21. gr. til þess að forða málinu frá strandi. Það eru lánin til barnaskólabygginganna; en þessi liður er svo hár, að nefndin treystir sjer ekki til að verða háttv. 6. kgk. þm. samferða og ræður til, að breyt.till. nefndarinnar verði samþykkt. Jeg vil svo að síðustu geta þess, að nefndin leggur til í 57. breyt.till. sinni við 21. gr., að á undan næstsíðustu málsgr. komi nýr liður um að veita klæðaverksmiðjunni »Iðunni« gjaldfrest á láni hennar úr viðlagasjóði. Eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, á »Iðunn« óborgað gamalt lán, en hún varð fyrir stórtjóni, svo að það virðist harðdrægt og ósanngjarnt, að taka nú af henni lánið. Jeg hef svo ekki meira að athuga um síðari kafla fjárlagafrumv.

Ágúst Flygenring: Jeg ætla með fáum orðum að mæla með breyt.till. minum á þgskj. 534. Hinni háttv. deild eru kunnugar þessar breyt.till. og veit á hverju þær byggjast og þörfina, sem bjer er fyrir hendi. Það var skýrt frá því við umr. um fjáraukalögin fyrir 1906—1907, og nenni jeg ekki að taka það upp aptur.

Viðvíkjandi staflið h. vil jeg geta þess, að það var brýn þörf á því, að byggja húsið, því að annars hefði orðið að vísa frá 30—40 nemendum. Það var að nokkru gjört í samráði við stjórnina, og stjórnin heimilaði að veðsetja eignir skólans fyrir láninu. Nefndin tók á herðar sjer mikla á-

byrgð, en hún áleit, að framtíð skólans yrði engin í slæmum húsakynnum, og ekki unnt, að skólinn efldist að fjölmenni og velmegun. Því var þetta ráð tekið, að byggja, og var lagt kapp á, að húsið yrði ódýrt, en jafnframt sterkt og eptir nútíðarkröfum. Þetta hefur líka lánazt. Nefndin hefur lagt á sig talsvert starf, án þess að hafa nein laun fyrir, en hún er ánægð yfir húsinu, að það hefur kostað 1/3 minna en nokkur innlendur smiður mundi hafa gjört það fyrir. Nefndin tók lán í sparisjóði Hafnarfjarðar, að upphæð 9,500 kr., og var það meira, en húsið sjálft kostaði. Jeg hef áður skýrt frá því, hvernig þessari upphæð hefur verið varið. Fyrir húsið sjálft voru borgaðar 7,000 kr., aðgjörðir á gamla húsinu kostuðu á annað þús. kr.; bekkir, borð og rúmstæði 600 kr. Lánið var tekið til 10 ára með 950 kr. afborgun á ári og í vöxtu 5%.

Framsögum. (J. Jak.) gat þess, að meiri hluti nefndarinnar aðhylltist þessa breyt.till. af því, að við umr. um fjáraukalögin fyrir 1906—1907 var fyrirheit gefið um, að þetta fje fengist úr landssjóði. Jeg býst við, að hann og nefndin skilji, að fje þessu hafi ekki verið illa varið, og vona, að hv. deild líti svo á, að þetta sje fyllilega rjettmætt. En viðvíkjandi þeirri athugasemd, að heppilegra hefði verið, að taka lánið í bankaveðdeild, þá býst jeg við, að það hefði ekki orðið ódýrara, en það hefði fengizt til lengri tíma, og þá hefði afborgunin orðið minni, en jeg vona, að þetta vaxi háttv. deild ekki í augum, þegar tekið er tillit til þess, að öll útgjöld skólans eru nærri því ótrúlega lág, og skal jeg í því sambandi minna á, að skólinn með hjer um bil 100 nemendum er rekinn fyrir 6,000 kr. á ári. Það er engin ástæða til þess, að skólinn standi á gömlum merg. Tekjurnar eru að eins 120 kr. á ári af jarðeign, en hann býr auðvitað leigulaust í eigin húsum sínum. Annars er stjórninni þetta kunnugt af reikningum skólans, sem henni eru sendir árlega. Jeg vona, að nefndinni verði ekki lagt til lasts, að ráðast í, að byggja húsið í bezta trausti til Alþingis. Hún byggði húsið handa alþýðunni. Ef vjer gáum að hinum almenna menntaskóla, þá er í reglugjörð hans ákveðið víst aldurstakmark til inngöngu, en reglugjörðin eða rjettara sá skóli er ekki fyrir óundirbúna alþýðumenn, þó reglugjörð hans hvað aldurstakmarkið áhrærir ekki hamlaði þeim inngöngu. Þetta er hinn eini alþýðuskóli, Flensborgarskólinn, sem nokkuð er sóttur, og jeg álít varhugavert og óforsvaranlegt, að láta hann búa við þung kjör eða leggjast niður, og jeg vona því, að Alþingi samþykki þessa viðaukatill. mína. Allir tala um, að styrkja alþýðumenntunina. Hví þá ekki, að styrkja þá stofnun, sem að í verki hefur sýnt, að hún leysir hlutverk sitt vel af hendi? Það er víst, að nemendur í Flensborg fá meiri kennslu fyrir minni borgun, — minni fjárframlög frá hendi þess opinbera — en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Jeg ætla ekki, að fara að bera hann saman við hina æðri skóla, læknaskólann eða prestaskólann, þar sem eru 2—3 hræður, en það má geta þess, að til hins almenna menntaskóla ganga 33 þús. króna árlega til reksturs hans fyrir 50—60 unglinga, sem ætla að verða stúdentar. Líka má nefna alþýðuskólann á Akureyri, sem er helmingi dýrari en Flensborgarskólinn, og það enda þótt breyt.till. verði samþykktar.

Viðvíkjandi staflið i á breyt.till. minni og fyrri breyt.till., vil jeg taka fram, að þar sem framsm. (J. Jak.) telur

vandsjeð, að nefndin taki hana til greina meðan kennaraskólafrumv. er óútkljáð, þá tek jeg þær breyt.till. aptur, en við 3. umr. mun jeg taka þær upp aptur, ef útlitið verður þá gott fyrir því, að ekki verði gjörðar miklar breytingar á kennaraskólafrumv.

Björn M. Ólsen: Jeg skal ekki lengja mikið umr. Jeg ætla að taka það fram viðvíkjandi breyt.till. háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.), að jeg mun vera þeim fylgjandi, og óska þess ekki, að þær verði teknar aptur, enda sje jeg þess ekki þörf á þessu stigi málsins, þar sem þær standa ekki í slíku sambandi við kennaraskólann. Jeg álít sjálfgefið, að ef uppástungur nefndarinnar hjer í deildinni um, að setja kennaraskólann í samband við Flensborgarskólann, ná fram að ganga, þá falli þessar upphæðir burt í því formi, er hinn nýji sameinaði skóli verður kostaður af landssjóði. Jeg sje ekki, að annað geti komið til mála, svo framarlega, sem kennaraskólinn verður með því fyrirkomulagi, sem nefndin hjer í deildinni gjörir ráð fyrir. En falli till. nefndarinnar, svo að skólinn verði hjer í Reykjavík, þá á Flensborgarskólinn að lifa.

Þess er getið í nefndarálitinu í kennaraskólamálinu, að stjórnarnefnd skólans hafi gjört grein fyrir, að skólahaldið kosti ekki minna árlega en 9,980 kr. Það er farið fram á í br.-till. og í fjárlögunum, að til skólans verði veittar upphæðir, sem alls nema 9,675 kr., og það er ekki eins mikið og stjórnarnefndin telur nauðsynlegt. Jeg vil því óska þess, að breyt.till. verði samþykktar nú, eða við 3. umr.

Þá vil jeg lítið eitt minnast á 43. breyt.till. nefndarinnar, að 25. liður í 15. gr. falli burt. Stjórnin og háttv. Nd. hafa ætlað þessa lítilfjörlegu upphæð frú Stefaníu Guðmundsdóttur. Framsm. (J. Jak.) tók það fram, að þessi kona stæði alveg ein sjer í leiklistinni. Það er líka skoðun allra, sem nokkuð hafa sjeð til hennar. Jeg tel það illa farið, að nefndin hefur ráðizt á þennan garðinn. Þessi litlu verðlaun til hennar geta engin eptirköst haft, því jeg álít, að ekki nokkur annar íslenzkur leikandi geti nú sem stendur borið sig saman við frú Stefaníu.

Í 15. gr., 15. lið er farið fram á, að veita Einari Hjörleifssyui verðlaun fyrir skáldrit hans. Það er auðvitað líka list, sem hjer er um að ræða, en jeg get ekki álitið, að þau verðlaun sjeu eins rjettmæt og verðlaunin til frú Stefaníu.

Þá er 50. breyt.till. við 18. gr. sem fer fram á að færa niður fjárveitinguna til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar, úr 800 kr. niður í 700 kr. Þetta finnst mjer nokkuð smásmuglegt, þar sem háttv. Nd. færði þennan styrk upp um 100 kr., að fara þá að færa hann niður aptur. Það er vitanlegt, að þessi maður hefur í 33 ár gegnt mjög vandasömum starfa og er mikils góðs maklegur, og það því fremur, sem þetta starf var allt annað en skemmtilegt. Og þó að stjórnin setti þennan styrk upphaflega að eins 700 kr., þá finnst mjer ekki ástæða til að halda sjer við þá upphæð, úr því háttv. Nd. fannst ástæða til að hækka hann upp í 800 kr.

Verð jeg því að greiða þar atkvæði móti till. hinnar háttv. nefndar. Þá er jeg búinn að minnast á þær breyt.-till., sem jeg ætlaði að tala um, en jeg vildi leyfa mjer að koma með eina bendingu til háttv. nefndar, við víkjandi 15. gr. 12. lið, styrknum til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna, 300 kr. Vildi jeg leyfa

mjer að skjóta því til hinnar háttv. nefndar, hvort hún ekki í staðinn fyrir »til fornmenjarannsókna« vildi setja: »til undirbúnings fornleifaskrár«. Í frumv. því um verndun fornmenja, sem nýlega var samþ. hjer í deildinni, er gjört ráð fyrir, að samin verði skrá yfir fastar fornleifar. Nú stendur svo á, að maður þessi, sem er alls góðs maklegur, er nú orðinn gamall og lítt hæfur til þeirra ferðalaga, sem útheimtast til fornmenjarannsókna, en hann er allra manna kunnugastur fornleifum hjer á landi, og gæti hann mjög flýtt fyrir þessari skrá, því hann hefur enn óskerta andlega krapta og getur vel heima hjá sjer unnið að undirbúningi þessarar skrár. Þessu vildi jeg leyfa mjer að skjóta til hinnar háttv. nefndar, og vona jeg, að hún geti fallizt á þessa bendingu.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg á hjer 2 litlar breyt.till. við greinina um lánin, sem háttv. nefnd hefur ekki getað fallizt á, en jeg álít þær rjettmætar, og skal jeg leyfa mjer að gjöra grein fyrir því. Í 2. málsgr. 4. liðs er kveðið svo á, að lán handa þurrabúðarmönnum veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga eptir till. hreppsnefnda, en jeg fer fram á, að í stað orðanna »eptir tillögum hreppsnefnda« komi: »eða hreppsfjelaga«. Því að jeg álít, að óheppilegt sje, að sýslunefndirnar einar beri ábyrgð á lánum þessum, og varla að búast við, að þau komi þá eins að tilætluðum notum. Sýslunefndirnar eru yfir höfuð ókunnugar og geta því ekki eins haft eptirlit með lánum þessum. Sýslunefndirnar koma ekki saman nema 1 sinni á ári eða í mesta lagi 2, ef aukafundur er. Ef nokkurt eptirlit á því að vera, þá verður það að skella á bak sýslunefndaroddvitunum, en þeir hafa sannarlega nóg annað að gjöra Svo er ákveðið, að lánið skuli veita eptir till. hreppsnefnda, en jeg hygg, að þær hafi tekið sjer það starf ljett. Allt öðruvísi mundi verða, ef þær bæru sjálfar ábyrgðina á þeim, enda álít jeg rjettast, að á þeim hvíli hún og að á þeim lendi, ef illa fer.

En önnur hlið ábyrgðarinnar held jeg að hafi í þessu tilliti meira að segja, en hún er sú, að hafa eptirlit með því, að lántakendur misbrúki ekki fjeð. Það geta sýslunefndir ómögulega haft, en hreppsnefndirnar mjög hæglega. Jeg vona því, að háttvirt deild samþ. þessa breyt.till. mína, því jeg sje ekki neitt á móti því, að hreppsnefndirnar taki á sig það eptirlit, sem sýslurnar ekki geta haft.

Þá er hin breyt.till. mín um að halda lánsheimildinni til að byggja barnaskólahús, en sem nefndin leggur til að strykuð sje út. Jeg get verið samdóma háttv. nefnd um, að auðsynlegt sje að lækka upphæð þá, sem ætluð er til útlána. En þessi upphæð álít jeg þó að mætti standa og finnst mjer of djúpt tekið í árinni að stryka hana einnig út. Við höfum haft til meðferðar hjer í deildinni frumv. um fræðslu barna; í frumv. þessu er gjört ráð fyrir, að öll kennsla verði ókeypis. Þetta höfum við samþykkt án þess að depla augunum, og er þó að því gætandi, að við höfum þannig lagt þungar skyldur á sveitarfjelögin, og finnst mjer því skylda landssjóðs, að ljetta undir með þeim í því afarþýðingarmikla atriði, að geta komið upp skólum, þar sem þau verða strax að leggja fram ærið fje til slíkra bygginga. Jeg álít því mjög óheppilegt, að nema burt þessa lánsheimild, því jeg álít fjárhaginn alls ekki svo slæman, að þess sje þörf, og að ekki yrði hægt að greiða

þetta úr viðlagasjóði, og þó svo væri, þá getur stjórnin tekið og ætti að taka bráðabirgðarlán til þess. Nú má ef til vill segja, að þetta fræðslumálafrv. geti fallið eða dagað uppi hjá þinginu, og þá sje ekki jafn-knýjandi þörf á þessum lánum. En þörfin er samt og mæli jeg því eindregið með, að þessi liður fái að standa.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar við fyrri kaflann, þá gat jeg í flestum greinum fylgt henni að málum, en þetta er ekki eins almennt að því, er snertir síðari kaflann, því þar eru einstaka liðir, sem jeg get ekki verið háttv. nefnd samdóma um. Fyrst skal jeg leyfa mjer að geta þess viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 534 frá h. 2. þm. G.-K. (V. G.) og háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.), að jeg mun greiða atkv. með fyrri liðnum í síðari brt.

Jeg tók það fram, þegar fjáraukalögin fyrir 1906 og 1907 voru til umr. hjer í deildinni, að jeg mundi verða þess fylgjandi, að skóli þessi yrði styrktur af fjárlögunum, sökum þess að hann hefur komið sjer upp nýju húsi. Og þó að jeg byggist við, að afborgun og vextir af lánum væri lægri, þá mun jeg samt greiða atkv. með þessari upphæð. Hinn liðurinn er tekinn aptur, og þarf því ekki að tala um hann í þetta skipti. Þá skal jeg snúa mjer að breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. X., þar sem hún leggur til, að felldir sjeu í burtu 4 liðirnir b., c., d., og e.; finnst mjer það ekki rjett að láta þennan eina mann, sem nefndur er undir staflið a., standa þar eins og klett úr hafinu. Jeg þekki sjerstaklega, að Jónas sá, sem er nefndur undir staflið b., er mjög vel hæfur maður, og leyfi jeg mjer því að mæla eindregið með honum.

Maður þessi hefur stundað nám við Akureyrarskóla og tekið þar ágætt próf, síðan var hann einn vetur við kennslu í Þingeyjarsýslu og sótti þá um upptöku í hinn almenna menntaskóla, en var vísað frá, af því hann væri of gamall. Rjeði hann þá af að fara til Danmerkur, til þess að fullkomna sig við kennaranám. Mun hann með því hafa haft í hyggju, að verða kennari hjá okkur við unglingaskóla, sem jeg álít jafnvel þýðingarmeiri fyrir sveitarfjelögin en barnaskóla. Mæli jeg því, sem sagt, eindregið með, að hann fái þennan styrk, og álít jeg ekki hægt, að gjöra upp á milli hans og þess, sem talað er um í næsta lið á undan. Annar hefur að vísu verið á skólanum í tvö ár, en hinn að eius í eitt, og finnst mjer þá, að ætti að gjöra þeim báðum mögulegt, að lúka sjer af, eða að minnsta kosti ljetta undir með þeim.

Þá skal jeg geta þess, að mig tekur það mjög sárt, ef síðasti liður verður felldur. Þessar konur hafa komið upp handavinnukennslu, og veit jeg, að þeim er það mikið áhugamál, að kennsla sú geti haldið áfram, og sama má segja um flesta Akureyrarbúa, og það því fremur, sem kvennaskólinn þar er nú lagður niður, svo kvennfólk getur þar engrar kennslu notið næsta vetur. Finnst mjer því mjög ranglátt, að svipta Akureyri einnig þessari kennslu. Háttv. framsm. bar þennan lið saman við styrkveitingu þá til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, sem nefndin leggur til að veittur verði, og sagði, að hún mundi kenna ókeypis, en þessi kennsla mundi ekki verða það. En um það stendur ekkert á hvorugum staðnum, enda held jeg, að kennslan sje líka ókeypis á Akureyri, og legg jeg ekki svo mikla áherzlu á þetta atriði. En ef þessar konur fá ekki styrkinn, þá verður þeim ómögulegt að halda uppi þessari kennslu,

en Ingibjörg Guðbrandsdóttir getur haft leikfimiskennslu í Reykjavík eptir sem áður; að vísu ekki fyrir sveitastúlkur, en jeg skil þó varla, að ekki geti sveitastúlkur slætzt með í hópinn. Það er þó ekki svo að skilja, að jeg ekki álíti rjett, að leggja meiri áherzlu á leikfimi hjer á landi en gjört hefur verið, en þó ekki svo, að það gangi út yfir aðrar fjárveitingar, sem eru eins rjettmætar og þessar 500 kr. Vona jeg því, að háttv. deild samþykki þennan styrk til handavinnukennslu á Akureyri.

Þá skal jeg geta þess; viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B VII o., um, að fella burt styrkinn til skólabyggingar á Grund, að jeg get skilið ástæðu nefndarinnar fyrir því, að neita um þennan styrk, af því það er talsverð fjárupphæð. En þrátt fyrir það get jeg ekki fylgt henni í því. Það er svo sjaldan hjer á landi, að maður fær tilboð, sem er eins stórkostlegt og höfðinglegt eins og þetta, enda kemur það líka frá höfðingja. Okkur Norðlendingum er kunnugt um, hve mikið Magnús hefur færzt í fang til þess að gjöra Grund að miðstöð andlegs lífs í Eyjafirði, en allir hafa að minnsta kosti heyrt talað um þá stóru kirkju, sem hann hefur látið reisa og kostað hefur um 30,000 kr., og hefur hann gjört það til þess, að sameina kraptana bæði í kirkjulegum og öðrum efnum um þetta höfuðból, og er enginn vafi á, að hann hefur mikið til síns máls. Nú ætlar hann að stuðla að þessari sameiningu með skóla, og álít jeg það betur til fundið, enda held jeg, að Eyjafjörður hafi mikla þörf fyrir góðan unglingaskóla, og væri sannarlega óheppilegt, að þurfa að slá hendinni á móti þessu góða boði. Það má að vísu segja, að víða sje meiri þörf fyrir slíkan skóla, þar sem Akureyrarskólinn er svo nálægt, en þetta á að verða nokkurskonar framhalds-barnaskóli, en alls ekki gagnfræðaskóli. Jeg leyfi mjer því eindregið að mæla með því, að háttv. deild samþykki þessa fjárveitingu.

Þá er breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B II 6, um, að færa niður þóknunina til Ásgeirs Torfasonar fyrir tímakennslu í efnafræði. Fjárlaganefnd Nd. lækkaði þennan lið úr 600 kr. niður í 400 kr., og nú lækkaar nefndin hjer í deildinni hann niður í 200 kr. Þetta álít jeg alls ekki rjett, og er þá betra að stryka þessa upphæð alveg út, ef hægt er að skylda hann til að kenna eins eptir sem áður. Jeg hef heyrt, að hann muni kenna allt að 300 tíma á vetri, og yrði þá um 66 aurar, sem hann fengi fyrir hvern tíma, ef þessi breyt.till. næði fram að ganga. Þá má þó segja, að 400 kr. sjeu ofurlítið nær lagi. Mun jeg því greiða atkvæði gegn þessari breyt.till.

Þá kemur breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. 11, er fer fram á, að styrkurinn til verkfræðings, er sje til aðstoðar landssjórninni, sje felldur burtu síðara árið. Álít jeg, að ef að kostur er á að fá þennan verkfræðing bæði árin, þá eigi að sæta því, til þess að geta haft þennan sama mann, enda get jeg ekki betur sjeð, heldur en nóg störf sjeu handa honum, ekki að eins næsta fjárhagstímabil, heldur jafnvel langt fram í tímann. Get jeg því ómögulega verið með því, að þessum lið sje sleppt, og það því síður, sem jeg hef sjerlega gott traust á Krabbe verkfræðingi.

Ráðherrann: Jeg skal geta þess, viðvíkjandi styrknum til byggingar unglingaskóla á Grund, að jeg er alveg

samdóma háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) um, að mjög varhugavert sé, að hafna þessu boði. Og þó að víða kunni að vera meiri þörf á slíkum skóla en á Grund, þá er óvíða slíku tilboði að fagna, og sízt hægt að segja, að ofaukið sje þar skóla með því sniði. Þar hefur fyrirfarandi ár verið dálítill skóli með líku fyrirkomulagi, haldinn á kostnað Magnúsar Sigurðssonar, og fá þá kennslu færri en vilja; þar hafa víst ekki komizt fyrir fleiri en 12, en miklu fleiri höfðu viljað nota kennsluna. Á þessum skóla er alls ekki ætlazt til að verði sama snið, og á Akureyrarskóla, heldur á þetta að verða unglingaskóli, nær barnaskóla, er almenningur, sem ekki ætlar sjer á gagnfræðaskóla, gæti haft mjög gott af, enda gæti ef til vill verið mjög góður undirbúningskóli undir Akureyrarskóla. Jeg skal leyfa mjer að benda á, að tilboð Magnúsar gekk út á að leggja fram 7,500 kr., ef landssjóður legði fram aðrar 7,500 kr., því gjört var ráð fyrir, að skólinn mundi kosta 15,000 kr. En nú hefur háttv. Nd. sett þá ákvörðun, að styrkurinn megi ekki fara fram úr þriðjungi byggingarkostnaðarins. Ef þá er gjört ráð fyrir sama byggingarkostnaði, 15,000 kr., þá þarf landssjóður ekki að borga meir en 5,000 kr., en Magnús eða hjeraðsmenn ásamt honum 10,000 kr. Finnst mjer því, ef hann eða aðrir vilja leggja sjálfir svona mikið fje fram, að þá sje enn minni ástæða til að slá hendinni á móti slíkri stofnun, sem þó ætið hlyti að verða til einhvers góðs. Skilyrði fyrir því, að landssjóður borgi út allar þessar 7,500 kr., er eptir ákvæði Nd., að skólinn kosti $3 \times 7{,}500 = 22{,}500$ kr., og yrði Magnús Sigurðsson og Eyfirðingar þá að leggja út 15,000 kr. úr sínum vasa. Finnst mjer full sönnun fyrir því, að vert sje að styrkja fyrirtækið, ef svo mikil framlagsfýsi er annarsvegar. Helzt hefði jeg viljað að hjer stæði eins og upphaflega var ætlazt til: móti jafnmiklu framlagi frá Magnúsar hendi. En úr því að háttv. Nd., hefur breytt þessu, þá vona jeg þó, að háttv. Ed. dragi ekki enn meira úr styrknum. Enda álít jeg, að eitthvað annað væri fremur ástæða til að fella burt, en þessa upphæð, ef h. deild vill eða álítur endilega nauðsynlegt, að halda aptur af svo sem þessari upphæð nemur.

Þá vildi jeg segja fáein orð um þá till. nefndarinnar, að fella burtu styrkinn til frú Stefaníu Guðmundsdóttur, styrk, sem stjórnin fór fram á að henni væri veittur, og Nd. hefur samþykkt. Háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) hefur minnst á þennan lið, og get jeg skrifað undir það, sem hann hefur sagt, en jeg skal bæta því við, að það er alls engin bót í máli, þótt styrkurinn til leikfjelagsins væri aukinn, því að það er ekki meiningin með þessum styrk að spara neitt gjöld leikfjelagsins, þótt það sje alls góðs maklegt. Það er ekki tilætlunin, að þessar krónur gangi til þess að borga henni fyrir það, sem hún vinnur fyrir leikfjelagið, heldur er tilgangurinn hinn, að gjöra henni mögulegt, að gefa sig meira við að stunda þá list, sem hún hefur sýnt svo mikla hæfileika til, ljetta fyrir henni í því að taka frá daglegum störfum tíma til að lesa og læra, og stunda bókfræðilega ýmislegt, sem lýtur að list hennar. Þessi litli ársstyrkur á einnig að vera öðrum upphvatning, til þess að reyna að feta í hennar fótspor. Jeg vil því mæla með, að þessi upphæð sje samþykkt hjer eins og í Nd.

Þá vil jeg og mæla með styrknum til Jóns Ólafssonar. Eins og frsm. tók fram, er mikil þörf á slíkri bók sem þeirri, er hann vill semja, og öll ástæða til að ætla að hann sje mjög vel fallinn til að semja hana. Upphaflega var farið fram

á, að styrkur þessi væri 2,400 kr. á ári, en það var fellt í Nd. með mjög litlum atkvæðamun, jeg held einu atkv. Hjer er farið fram á, að styrkurinn sje 300 kr. lægri og í öðru formi, og veit jeg ekki, hvort höfundurinn vill ganga að því. Ef hann vill það, þá finnst mjer vissulega, að komizt sje að góðum kjörum af hálfu hins opinbera.

Þá vil jeg minnast á 7. og 8. lið í 16. gr.; þar er veitt fje til skóggræðslu, og er Helga Jónssyni ætlað að hafa yfirumsjón með henni. Nú horfir þetta öðru vísi við, en þegar háttv. Nd. gjörði þessa breytingu frá stjórnarfrv., því að nú liggur fyrir í Nd. og hefur verið samþ. þar frumv., sem ákveður, að stofna skuli sjerstakt embætti til skóggræðslunnar og sandgræðslu. Þessir liðir þurfa því að breytast, enda var misráðið að binda skóggræðsluna við nafn tiltekins manns, sem ekki er skógfræðingur, og ekki hefur látið neitt uppi um það, að hann vilji gefa sig við því að stunda sjerstaklega skóggræðslu eða sandgræðslu. Það ætti að veita þessum vel hæfa manni nægilegan styrk áfram til þess að gefa sig við mýrarannsóknum og grasafræðisrannsóknum, eins og stjórnin fór fram á. Þar er nóg verkefni, og þar er hann heima. Hjer með er alls ekki sagt, að hann geti ekki orðið forgöngumaður skógræktar líka, ef hann stundar þá grein í verki; en jeg verð að halda því föstu, að forstaða skógræktarmálanna verði ekki fengin í hendur öðrum en þeim, er til slíks kunna sjerstaklega og hafa reynslu í því. Næsta atriði, sem jeg vil minnast á, er 11. liður í 16. gr. Háttv. nefnd leggur til, að fella burtu laun verkfræðingsins síðara árið. Hv. 6. kgk. þgm. (Stgr. J.) hefur talað á móti þessari till. og fellst jeg á það, sem hann hefur sagt, enda er kappnóg verkefni fyrir þennan verkfræðing, bæði næsta ár og lengur. Þessi verkfræðingur þarf að vera á stöðugum ferðalögum vor, sumar og haust, og á vetrum er nóg að gjöra við að yfirlíta og gjöra áætlanir, og efast jeg ekki um, að störf þessi munu halda áfram og fara sjálfsagt vaxandi. Það hefur líklega vakað fyrir nefndinni, að það mætti sameina þetta starf við aðstoðarmannsstarfið við vegavinnu landssjóðs, en um það getur ekki verið að tala, því að það eru allt önnur störf og svo mikil, að enginn tími verður afgangs til annara. Það er heldur ekki ætlazt til, að sá maður sje annað en undirmaður verkfræðings landsins og getum við eigi búist við, að Krabbe verkfræðingur vilji lúta að því, og það með miklu lægri launum en maður með hans menntun getur fengið annarsstaðar, að jeg ekki tali um hans mikla dugnað og áhuga, sem erfitt er að meta eins og vert er.

Í álitsskjali vegaverkfræðingsins er sýnt fram á, hvernig hann hugsar sjer undirbúning allra vegagjörða landssjóðs, ef fjárveiting fæst til aðstoðarmanns og skrifstofuhalds, og má búast við, að við það sparist talsvert fje til vegagjörða, auk þess sem vegagjörðir ættu með því móti að verða betur úr garði gjörðar eptirleiðis. Undirbúningur vega þarf að vera svo fullkominn, eins og í öðrum löndum, að menn viti fyrirfram, hve mikið hver vegarspotti muni kosta, svo að hægt sje að bjóða þá upp. Við það hefur vegagjörð farið fram annarsstaðar, og svo mun einnig verða hjer. Það er því svo langt frá, að kostnaðarauki muni stafa af þessum aðstoðarmanni, að búast má við, að með því verði sparað fje landssjóðs. Jeg vil því eindregið mæla með, að bæði sá styrkur sje látinn standa og sömuleiðis þau laun hins annars verkfræðings, sem nefndin leggur til að fella.

Þá vil jeg minnast á athugas. við 16. gr. 21. lið um yfirmatsmennina. Jeg er samdóma háttv. nefnd hjer, að ekki sje rjett að hafa þessa athugas. eins og hún kom frá Nd., því að ekki er hægt að skylda sýslumenn til þess að sjá um, að vottorð yfirmatsmanna fylgi, meðan útflytjendur eru ekki skyldir til þess að nota yfirmatsmenn. Þetta verður því að orðast öðru vísi. Orðalag háttv. nefndar hjer er kannske betra, en þó er jeg ekki viss um, að það komi að notum, enda í sjálfu sjer óþarfi að láta lögreglustjóra votta, hvort yfirmatsmaður hafi skoðað vöruna eða eigi, því að það sjest á hleðsluskjölum skipsins, hvort hann hefur gjört það. Betra álít jeg væri, að lögreglustjóri sje skyldaðir til að skrifa á hleðsluskjölin athugasemd um það, ef viðkomandi útflytjandi neitar að láta yfirmatsmann skoða vöruna, þrátt fyrir áskoranir lögreglustjóra. Jeg tel vafalaust, að með athugasemd í fjárlögunum megi leggja lögreglustjóra þá skyldu á herðar, að skora á útflytjendur, að láta yfirmatsmann, þar sem hann er til, skoða vöruna áður hún er útflutt. Þetta gæti jafnvel stjórnin gjört án athugas. á fjárlögum. En viti útflytjendur, að athugas. um neitun muni sett á hleðsluskjölin, ef hann verður ekki við þessari áskorun, hygg jeg, að þeir flestir mundu hugsa sig um tvisvar, áður þeir ættu á hættu, hver áhrif slík athugasemd mundi hafa á Spáni eða Ítalíu.

Þá kem jeg að 26. lið sömu gr.; sá liður er um styrkinn til bryggjunnar á Skipaskaga. Mig tekur sárt, ef þessar 2,000 kr. eru felldar burtu, bæði af því, að fyrirtækið er þarflegt, og svo hefur verkið þegar verið unnið í fullu trausti til þess, að alþingi mundi veita styrkinn, úr því stjórnin tók hann upp í frumv. sitt. Nd. hefur samþykkt þennan styrk, og vona jeg, að háttv. nefnd fylgi ekki þessari breyt.till. sinni fast fram.

Viðvíkjandi lánsheimildunum í 21. gr. hef jeg lítið að segja. Jeg held, að menn sjeu of hræddir við þessar lánsheimildir, þær hafa opt staðið á fjárlögunum og verið tiltölulega lítið notaðar; þær eru eiginlega meiningarlausar, nema til þess að styrkja fyrirtæki á þann hátt, að gefa betri kjör, en aðrir lánveitendur mundu gefa. En sje gengið út frá því, að lánveitingarheimild sje sama sem styrkur, þá verður örðugt að neita um endurveitingar á lánsheimildum, sem ekki hafa orðið notaðar á fyrra fjárhagstímabili, vegna þess að settum skilyrðum hefur ekki getað orðið fullnægt. Það getur sem sagt vel verið, að lánbeiðandi þurfi að gjöra ráðstafanir, sem taka nokkurn tíma, áður hann veit, hvort landssjóðslánið getur komið honum að notum. Jeg álít dálítið varhugavert að kippa burtu þeim lánsheimildum, sem áður hafa staðið á fjárlögunum, því að það getur verið, að hlutaðeigandi hafi ráðizt í einhver fyrirtæki í trausti til þess, að þingið hjeldi orð sín, ef til kæmi. Jeg veit ekki um verksmiðjuna á Akureyri, hvort það yrðu vonbrigði, ef lánsheimildinni til hennar yrði kippt í burtu, en hitt er áreiðanlegt, að slíkt kæmi sjer mjög illa, hvað bryggjuna á Torfunefi snertir. Það er byrjað á því verki og kostnaður afarmikill, og ef lánið úr landssjóði brigðist, þá ætti kaupstaðurinn ekki að eins meiri kostnað fyrir höndum, en við er búizt, heldur ef til vill örðugleika, sem erfitt væri að ráða fram úr.

Það hefur verið gjört allt of mikið úr þeim fjárhagslega voða, eða því fjárhagslega böli, sem við værum staddir í, og í annan stað, hefur verið gjört allt of mikið úr þeirri bót, sem á því

væri ráðin með því að kippa þessum lánsheimildum burtu. Jeg álít alveg óhætt að láta standa óhreyfða heimild til þeirra lána, sem áður hefur verið lofað. Það er öðru máli að gegna með ný lán, t. d. þessi 60,000 kr., sem ætlazt er til að lánað verði til alveg óþekktra manna til þess að stofna lýðháskóla. Sjerstaklega vil jeg mæla með, að lánsheimildin til bryggjunnar á Torfunefi sje látin standa, og sjálfsagt tel jeg, að mjólkurbúa lánin, barnaskóla lánin og lánin til landsímaframlaga sjeu látin halda sjer eins og þau eru nú í frumv.

Mjer er ekki kunnugt um, hvort farið er að undirbúa bryggjubyggingu í Stykkishólmi, en ef svo væri, þá væri hart að kippa nú burtu lánsheimildinni til þess fyrirtækis.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg á hjer á þgskj. 530 eina breyt.till., sem enn þá er ekki dáin, og vil jeg reyna að halda í henni lífinu, ef auðið væri. Till. er þess efnis, að á eptir 14. gr. VII. b. 3. komi nýr liður svo hljóðandi: »Byggingarstyrkur til unglingaskólans á Ísafirði 600 kr. fyrra árið«. Ástæða þess, að jeg kem fram með þessa breyt.till., er sú, að til þingsins hefur borizt bænarskrá frá bæjarfógetanum á Ísafirði, um að þingið veitti 2,000 kr. til unglingaskólans á Ísafirði. Á síðasta ári var byggt við barnaskólann á Ísafirði fyrir um 9,000 kr., og var 1/3 hluti af þessari viðbót notaður til húsnæðis fyrir unglingaskóla, og var því varið til þess, sem svarar 3,000 kr. Ísafjarðarsýsla hefur lagt dálitið í þennan kostnað úr sýslusjóði, því að til er ætlazt, að unglingaskóli þessi sje ekki einungis fyrir kaupstaðinn heldur fyrir alla sýsluna.

Í þessum skóla voru svo síðasta vetur 20 unglingar, flestir frá Ísafirði, en nokkrir annarsstaðar frá. Eptir minu áliti eru það einmitt þessir skólar — fyrir unglinga 15—20 ára — sem mest gjöra, og bera þeir meiri árangur en barnaskólar, enda eru þá nemendurnir orðnir þroskaðri og hafa meiri not af náminu en á barnsaldrinum. Ísfirðingum er orðið það mikið áhugamál, að skóli þessi geti haldið áfram, og var meining þeirra að fá til þess styrk úr landssjóði, bæði upp í byggingarkostnaðinn og líka reksturskostnað. Síðasta vetur var varið um 1,500 kr. til þessa skóla í kennslukaup og fyrir áhöld. Bænarskráin um þetta efni barst mjer svo seint, að ekki var hægt að taka hana til greina í Nd., en jeg lagði hana fyrir hina h. nefnd hjer, og lýsti háttv. framsm. því yfir, að meiri hluti hennar gæti verið með till., en hún fer heldur ekki fram á nema lítinn hluta þess, sem bænarskráin hljóðar um, og finnst mjer ekki ósanngjarnt, að þessi litli styrkur yrði veittur í eitt skipti fyrir öll, einkum þegar til þess er litið, hvað Ísfirðingar bera lítið frá borði, þótt sú sýsla borgi meira í landssjóð en nokkur önnur, að Eyjafjarðarsýslu einni undantaldri, sem nú mun borga álíka mikið. Jeg vil ekki telja þetta eptir nje fara út í hreppapólitik, en þinginu mætti þó vera ljúfara að leggja þeim fje, sem bera svo þungar byrðar; jeg vona því, að hin háttv. deild verði svo sanngjörn að fallast á þessa breyt.till., sem ekki fer fram á nema 1/5 hluta af byggingarkostnaðinum eða 600 kr. fyrra árið.

Þá á jeg aðra breyt.till. á sama þgskj. við 15. gr. 2. c, að styrkurinn til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi sje lækkaður um helming frá 400 kr. ofan í 200 kr. Um þetta mál skrifaði jeg nefndinni í Nd. langt erindi, en hún sá sjer ekki fært að taka það til greina, að jeg hef heyrt af sjerstökum ástæð-

um. Í erindi þessu fór jeg fram á, að amtsbókasafnið væri ekki lengur grafið í þessari kauptúnsholu, heldur flutt á þann stað í amtinu, þar sem það gæti komið að mestum notum. Jeg hygg, að allir, sem kynna sjer þetta mál eða hugsa um það með sanngirni, hljóti að viðurkenna, að Ísafjörður sje sjálfkjörin miðstöð Vesturamtsins, bæði að því, er snertir fólksfjölda og samgöngur við aðra hluta Vestfjarða, og ætti því bókasafnið að sjálfsögðu að vera þar; í samræmi líka við það, sem á sjer stað í öðrum fjórðungum landsins.

Það er að eins fyrir rás viðburðanna, að þetta bókasafn er í Stykkishólmi, þar var lengi aðsetur amtmanns, og um 1860 var Stykkishólmur myndarlegasti kaupstaðurinn á Vesturlandi. Nú er allt öðruvísi ástatt; þegar síðast var tekið fólkstal, mun fólksfjöldinn í Stykkishólmi hafa verið um 450 manns en á Ísafirði um 1,200, nú er þar 1,500 manns. Nú sjá allir, að opinbert bókasafn ætti að vera á þeim stað, þar sem flestir ættu sem greiðastan aðgang að því, og hjer er ekki einungis um Ísafjarðarkaupstað að ræða, heldur líka hjeruðin kringum Ísafjörð, sem hafa á áttunda þús. íbúa að meðtöldum kaupstaðnum. Báðar Ísafjarðarsýslur hafa tíðar og reglubundnar samgöngur við Ísafjörð, en um sambandið við Stykkishólm er alt öðru máli að gegna. Það eru heldur ekki einungis Ísatjarðarsýslurnar, sem hafa greiðan aðgang að bókasafninu á Ísafirði, heldur líka öll Vestur-Barðastrandarsýsla, og vesturhrepparnir í Austur-Barðastrandarsýslu, svo sem Múlahreppur, Gufudalshreppur og Reykhólahreppur, sem hafa miklu tíðari samgöngur við Ísafjörð, en Stykkishólm.

Það er stutt yfir heiðina úr þessum vesturhreppum Austur-Barðastrandarsýslu að Djúpinu, en eptir því tíðar mótorbátaferðir.

Þá bætist hjer við Strandasýsla, sem hefur nær ómögulegar samgöngur við Stykkishólm, en eins er með hana og Vestur-Ísafjarðarsýslu, að tíðar samgöngur eru þaðan til Ísafjarðar.

Þetta ættu að vera nóg meðmæli með því, að bókasafnið væri í aðalkaupstað amtsins eins og í öðrum fjórðungum, enda hefur því verið hreyft optar en einu siuni, og jeg veit ekki betur, en sýslunefnd Ísafjarðarsýslu hafi hreyft því við amtsráðið, en því hefur ekki verið gefinn gaumur. Ísafjörður gefur á tólfta þús. manns allgreiðan aðgang að safninu, þar sem aptur á móti á sjöunda þús. manns getur með erfiðleikum náð til þess í Stykkishólmi, og að mismunurinn er því að minnsta kosti 5,000 manns, sem þeir verða fleiri, er geta átt aðgang að safninu á Ísafirði, en í Stykkishólmi.

Jeg fór fram á það við fjárl.nefnd Nd., að safnið yrði flutt. Ísafjarðarkaupstaður er fús til að taka að sjer allan kostnað við flutninginn, veita tryggingu fyrir góðu húsrúmi handa safninu og góðri meðferð, sem að minnsta kosti ekki stæði á baki þeirri, er það mun sæta í Stykkishólmi.

En jeg sje nú, það sem jeg ekki vissi, er jeg kom á þing og skrifaði umsóknina til fjárl.n. Nd., en það eru afskipti amtsráðs V.-amtsins á síðasta fundi þess, sem munu hafa gjört hana hikandi. Jeg hef getað fullvissað mig um þetta í skýrslu frá stjórnarráðinu, og jeg skal játa, að jeg varð hissa, er jeg las hana; í mínum augum eru gjörðir amtsráðsins í þessu efni allt annað en sanngjarnar og rjettlátar með tilliti til Vesturamtsins í heildinni. Jeg skal með leyfi forseta lesa upp eitt atriði úr fundargjörðinni frá 27. maí þ. á.:

»VII. Framlagt brjef sýslumannsins »í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, »dags. 24. þ. m., um það, að sýslu»nefndin taki ein við amtsbókasafninu, »svo og 2 brjef frá bókaverði um ýms »atriði, áhrærandi bókasafnið«.

Svo heldur áfram:

»Amtsráðið fal stjórnarnefnd safnsins, »að afhenda sýslunefndinni safnið um »næstu áramót«. — —

Svo mörg eru þau orð. Hjer sjest það svart á hvítu, að amtsráð Vesturamtsins er búið að afhenda einni sýslu safnið, sem allir verða þó að játa að er eign allra sýslnanna í Vesturamtinu. Jeg er ekki lögfræðingur og skal ekki segja um, hvort þetta kemur í bága við nokkur lög, en það er víst, að ef amtsráð Vesturamtsins hefur heimild til, að afhenda *einni* sýslu safnið, þá má með rjettu ályktа af því, að það hafi þá einnig heimild til, að afhenda einni sýslu aðrar eignir amtsins, t. d. búnaðarskólasjóð Vesturamtsins, sem vitanlega er ekki fremur eign einnar sýslu en annarar, heldur er sameiginleg eign *allra* sýslna amtsins.

Jeg álít, að amtsráðsfundurinn hafi hjer gengið feti lengra en heimilt var. Og hvernig er þessi afhending? Það hefði verið fyrir sig, ef þessari sýslunefnd hefði verið lagðar á herðar sömu skyldur, með rjettinum, sem amtið hafði, gagnvart hinum sýslunum; en ekkert stendur um það. Safnið eitt er afhent og ásamt því 400 kr., sem meðlag. Það er afhent alveg skilyrðislaust, án nokkurrar tryggingar um tillit til hinna amtsbúanna; þar sem það nú einu sinni er afhent, getur Snæfellsnessýsla ein ráðið því. Þetta verður að teljast mjög varhugavert og gjörsamlega gengið á rjett annara sýslna Vesturamtsins. Alla trygging vantar fyrir því, að þessu safni, þessari sameign Vesturamtsins, sje haldið við eins og áður var, eða að amtsbúar allir hafi aðgang að því eins og hingað til. Og þótt sýslunefnd Snæfellsnesssýslu segði, að samur væri aðgangurinn, þá er aðgangurinn fyrirmunaður, þar sem safnið er á svona óhentugum stað fyrir hina og aðra hluta amtsins, á nærri þeim óheppilegasta stað í Vesturamtinu, Stykkishólmi; það væri t. d. miklu betur sett á Patreksfirði.

Á Ísafirði og í grennd eru nú nál. 7,000 íbúar, en í Stykkishólmi ekki nema um 450 hræður.

Í Stykkishólmi eru samgöngur miklu erfiðari, og hætta með bókasendingar einnig meiri, en á Ísafirði, sem stendur í stöðugu mótorbáta- og gufubátasambandi við flest hjeruð Vesturamtsins.

Jeg verð að álíta, eptir orðum amtsráðsfundargjörðarinnar, að amtsráðið hafi ætlað að gjöra safnið að sýslubókasafni, og er þá ekki ástæða fyrir landssjóð, til að styrkja það fremur en önnur sýslubókasöfn. Jeg hef því lagt til — ekki af því, að jeg álíti þetta rjett af amtsráðinu, heldur úr því svona er komið —, að upphæðin, sem til þess er ætluð, sje færð niður um 200 kr., en jafnframt veittar 300 kr. til bókasafns á Ísafirði.

Á Ísafirði hefur sem sje myndast dálítið bókasafn, og á orðið þegar um 2,000 bindi bóka, góðra bóka; það hefur notið styrks af kaupstað og sýslu og mun svo verða framvegis. En jeg vona, að þessi ákvæði amtsráðsins gildi ekki um aldur og æfi, og að menn játi, að Ísafjörður hafi sanngirniskröfu að minnsta kosti til nokkurs hluta at þessum styrk, sem ekki á að grafast í Stykkishólmi.

Mjer væri mjög kært að heyra álit hæstv. ráðh. á þessari kynlegu afhend-

ing amtsráðsins. Mjer er þetta kappsmál og jeg veit, að Vestursýslurnar munu á næstu sýslufundum koma fram með hátíðlega »prótest« gegn þessu framferði amtsráðsins; jeg veit með vissu, að allur norðurhluti amtsins á engan veg sættir sig við þetta sem fullnaðarúrslit, heldur mun mótmæla því harðlega, að það standi, sem amtsráðið hefur ákveðið.

Jeg vil taka það fram, að ef safnið yrði flutt til Ísafjarðar, þá mundi bæði sýslan og kaupstaðurinn leggja fram til þess fje að miklum mun, og húsnæði að minnsta kosti eins gott og það getur haft í Stykkishólmi. Og hver sem lítur á þetta mál með sanngirni, hlýtur að sjá, að allt mælir með því, að safnið eigi að vera á Ísafirði, en ekki í Stykkishólmi. Ísfirðingum og íbúum vesturhluta Vesturamtsins þætti betra, að sama gengi yfir safnið og hinar aðrar eignir amtsins, sjóðina, að skipt yrði upp á milli sýslnanna, þótt það sje neyðarúrræði; í því væri þó dálítið jafnrjetti, en svona afhending geta amtsbúar ekki gjört sjer að góðu.

Fjárlaganefndin hjer í deild hefur og kannazt við þetta að nokkuru leyti, þar sem hún leggur til, að fyrir það, að komizt er svo að orði, að styrkurinn sje veittur til amtsbókasafnsins í »Stykkishólmi«,komi: í »Vesturamtinu«, og hún hefur játað, að það væri í raun og veru athugavert, að styrkja safnið á þessum stað, sem það er nú, og hún hefur gjört þessa breytingu, er jeg viss um, af því að hún hefur ekki álitið staðinn eins heppilegan í Stykkishólmi og á Ísafirði. Rjett væri að styrkja eigi safnið, eins og það er nú, með 1 eyri, — sök sjer væri það, ef það væri látið heyra undir sýslubókasöfnin, en þá á það ekki hjer heima, heldur í öðrum lið fjárlaganna. Jeg efa það líka stórtega, að Snæfellsnessýsla sjái sjer fært, að veita því svo háan styrk; 400 kr. er full-hátt gjald, þótt þeir sjeu stöndugir í Snæfellsnessýslu. En hitt er allt eins víst, að ekki mun standa á fjárframlagi til safnsins. ef það kæmist vestur á Ísafjörð.

Háttv. framsm. fjárlaganfd. tók það fram, að hann gæti ekki, og heldur ekki nefndin, fallizt á þessa breyt.till. mína vegna þess, að fordæmið gæti orðið óheppilegt. En fordæmið getur alls ekki orðið hættulegt, þótt safnið yrði flutt til Ísafjarðar, þessa eina kaupstaðar Vesturamtsins; þar getur ekki verið um annan stað að ræða.

Það er kunnugt, að þegar bókasafn Norðuramtsins var afhent Akureyrarbæ, voru sett ströng skilyrði, miklar kvaðir á lagðar, og var það annarskonar afhending en þessi; eitt skilyrði var t. d., að það átti að geymast í eldtraustu húsi. Jeg efast ekki um, að sama mundi verða á Ísafirði, en sýslunefnd Snæfellsnessýslu fer varla að byggja steinhús handa þessu litla safni, enda mundi slíkt ekki auðgjört fyrir þessa einu sýslu.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta, nje breyt.till. háttv. fjárlaganfd.; þær fara flestar í sparnaðaráttina og get jeg því fallizt á þær.

Ráðherrann: Háttv. þm., er síðast talaði (þm. Ísfjk. Sig. St.), ljet í ljósi þá ósk sína, að fá yfirlýsingu um það, hvort gjörðir amtsráðs Vesturamtsins viðvíkjandi bókasafninu væru lögmætar. Svarið er undir því komið, hvort safnið var eign amtsins eða ekki. Jeg verð að álíta, að það hafi verið eign Vesturamtsins, og þess vegna hafði amtsráðið fullan rjett til að ráðstafa því, eins og öðrum eignum amtsins. Amtsráðið tók sjer fyrir hendur á fundi sínum í fyrra, 1906, að ráð-

stafa þá öllum eignum amtsins, með því að það gekk út frá því þá, að ekki yrðu haldnir fleiri fundir, og sjest það á fundarskýrslunni. Jeg skal leyfa mjer að lesa upp kafla úr útskript úr gjörðabók Vesturamtsins frá í fyrra:

»23. Út af framkominni mála-
»leitun um ráðstöfun amtsbókasafns-
»ins í Stykkishólmi, lýsir amtsráðið
»því yfir í einu hljóði, að það telji
»rjett, að safnið standi framvegis ó-
»skipt í Stykkishólmi, þó að því til-
»skildu, að amtsbúar hafi, eptir sem
»áður, aðgang að safninu með sömu
»kjörum eins og nú, og að hrepps-
»nefndin í Stykkishólmi og sýslu-
»nefndin í Snæfellsness- og Hnappa-
»dalssýslu, önnurhvor eða báðar,
»standist allan kostnað af safninu
»framvegis og auki það árlega eptir
»föngum«.

Þetta er sú ráðstöfun, er gjörð var 1906. Að eins eitt er óákveðið, hvort það er hreppsnefndin í Stykkishólmi eða sýslunefndin í Snæfellsness. eða þær báðar, sem eigi að standast kostnaðinn, og á fundinum 1907 er það ákveðið, að sýslunefndin ein taki við safninu, en að öðru leyti standa þau skilyrði, er sett voru á fyrri fundinum. Safnið er afhent með því skilyrði, að amtsbúar allir hafi þess sömu not sem áður; því er ekki skipt upp, en Snæfellsnessýsla ein annast kostnaðinn. Þetta er í einu og öllu samskonar afhending og fór fram í Norðuramtinu og Austuramtinu á bókasöfnum þeirra, sem háttv. þgm. taldi lögmæta.

Háttv. þgm hefir ekki verið kunnugt um gjörð Amtsráðsins 1906, þar sem ákveðið er, að safnið skuli vera Amtsbókasafn eptir sem áður; því að ef honum hefði verið það kunnugt, skil jeg ekki í öðru, en hann hefði talað á annan veg. Jeg sje ekki annað en ráðstöfunin sje lögmæt, svo lengi sem safnið er álitið eign amtsins, og hún er samþ. í e. hlj. á lögmætum amtsráðsfundi af fulltrúum allra sýslna amtsins, En en ef sýslunefndirnar eru ekki ánægðar, þá er ekki önnur leið, en að þær höfði mál gegn sýslunefnd Snæfellsnessýslu, um að láta safnið af hendi; alþingi eða löggjafarvaldið getur að minnsta kosti ekki við það átt.

Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Það er líklega óþakklátt verk, er jeg hef tekið að mjer, að koma fram með br.-till. þá, sem stendur á þgskj. 533 og sem fer fram á 7,000 kr. fjárveitingu fyrra árið til þess að lengja og fullkomna bátabryggju á Blönduósi. En jeg skal samt strax taka það fram, að jeg hef ekki komið fram með þessa breyt.till. af neinni hreppapólitík, heldur af því að jeg er kunnugri á þessum stað og þekki betur til þessa máls en flestir aðrir háttv. þgm. í þessari deild. Að því er málið sjálft snertir, þá hefur það um mörg ár verið mjög mikið áhugamál sýslufjelagsins, og þegar stjórnin gjörði fyrirspurnir til sýslufjelaga landsins um það, hver væru helztu áhugamál hverrar sýslu, þá töldu Húnvetningar Blönduóss bryggjuna einmitt eitt af sínum helztu áhugamálum. Fyrir 14 árum var byrjað að bæta úr þeim vandræðum, sem eru með lendingu á Blönduósi. Landssjóður veitti þá 5,000 kr. til þessa fyrirtækis og hjeraðið aðrar 5,000 kr., og var þá fyrir 10,000 kr. byggð sú bátabryggja, sem stendur óhögguð enn, og hefur hún ekkert skemmzt síðan af náttúrunnar völdum. Síðan hefur hjeraðið í heild sinni opt sýnt, að því er þetta áhugamál, og hefur það jafnan verið talið sem sameiginlegt mál fyrir allt hjeraðið, allt til þessa. En nú víkur málinu dálítið öðruvísi við. Nú hefur,

eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, verið borið fram og samþykkt hjer í deildinni frumvarp um að skipta sýslunni í tvö sýslufjelög og skal jeg í þessu sambandi taka það fram, að jeg held, að bryggjumálið sje einmitt nokkur ástæða fyrir því. að farið var fram á skiptingu sýslunnar. Vestursýslunni var bryggjan ekki eins mikið áhugamál og ekki eins áríðandi, og vildi hún því ekki leggja fram hlutfallslega eins mikið fje og austursýslan til þessa mannvirkis, og af því meðfram mun hafa komið fram beiðnin um að skipta sýslunni. Jeg skal taka það fram, að jeg get vel sett mig í spor háttv. þm. sýslunnar og hugsað mjer, að þeir sjeu illa settir að skipta við kjósendur sína í þessu máli. Þeir eru eins og milli steins og sleggju, og er því skiljanlegt, að þeir ekki vilja detta um steininn og því síðar fá högg af sleggjunni. Jeg er sannfærður um, að austursýslan mundi gjarnan vilja vinna til að taka að sjer allan kostnaðinn af þessu fyrirtæki. Að vísu man jeg ekki glöggt, hvernig tilllaga sú, er samþykkt var á sýslufundi allrar sýslunnar viðvíkjandi þessu bryggjumáli, var orðuð. En hún mun hafa verið á þá leið, að ef sýslupartarnir væru settir hver gagnvart öðrum, þá mundi það ekki koma til mála að jafna kostnaðinum á alla sýsluna. Þörfin fyrir góða bryggju er hjer afarbrýn, því að það er öllum kunnugt, ekki að eins hjeraðsmönnum sjálfum, heldur líka mönnum út um land allt, sem ferðazt hafa með ströndum fram, að lending á Blönduósi er afar slæm og í samanburði við höfnina, sem að vísu er ekki góð, þá er þó lendingin stórkostlega miklu verri. Og það hef jeg frá skipstjórum, sem hafa farið kringum landið, að á Blönduósi sje miklu betri haldbotn en á Sauðárkrók, og er þó að vísu ekki langt til jafnað. Vitaskuld er höfnin fyrir opnu hafi, en það er þó aðallega lendingin, sem veldur þeim afarmiklu örðugleikum, sem á því eru, að afgreiða skip á Blönduósi. Ein aðalástæða, sem hefur verið borin fram á móti því, að veita fje til þessarar bryggju, er sú, að bryggja sú, sem þegar er komin þar, sje lítið notuð. Það er nú að vísu satt, en það er af alveg sjerstökum ástæðum. Þegar bryggjan var gjörð, var hún jafnt áhugamál allra kaupmanna og hjeraðsbúa. Reistu kaupmenn þá þegar skúra rjett við bryggjuna, til þess að geta sett þar inn vörur þær, er skipað væri upp við hana. En nú var þeim það auðvitað áhugamál að ná vörum sínum upp sín megin Blöndu, ef þess væri kostur, því að annars hlaut að leggjast á þær töluverður aukakostnaður fyrir flutning frá bryggjunni aptur. Fengu þeir skipstjórana til þess opt og einatt að bíða dögum saman þangað til veður leyfði, að vörurnar kæmust þeirra megin í land. Fyrir eptirlátssemi skipstjóranna komst það þannig smám saman upp í vana, að nota lítið bryggjuna. En nú upp á síðkastið hefur sjerstaklega vaknað mikill áhugi hjá hjeraðsbúum fyrir þessari bryggju.

Að norðanverðu við Blöndu (bryggjumegin) hefur kaupfjelag Húnvetninga um nokkur ár haft bækistöð sína, og nú er í ráði að reisa þar slátrunarhús, og væntanlega verður síðar reistur þar spítali; kvennaskóli er nú þegar búinn að standa þar nokkur ár. Báðar þessar fyrstnefndu byggingar verða að sjálfsögðu einnig þeim megin, sem bryggjan er. Áhugi manna fyrir bryggjunni vex því enn þá meira eptir því, sem vörumagnið eykst og flyzt þeim megin, sem bryggjan er. Er þá eðlilegt, að mönnum sje það á-

hugamál, að fá þar trygga lendingu. Kaupmenn sjá þetta líka og hafa nú orðið eins mikinn áhuga á þessu og aðrir hjeraðsbúar. Jeg skal í þessu sambandi benda á það, sem dæmi, að útflutningurinn frá Blönduósi fer óðum vaxandi; þannig voru fluttar út þaðan síðastliðið haust um 1,400 tunnur af kjöti og fer það allt af vaxandi.

Þegar afgreiða þarf skip á Blönduósi, verða kaupmenn að kalla saman menn úr sveitunum í kring, því að í kauptúninu sjálfu er ekki nægur mannafli til þess. Ef skipin svo teppast, þó ekki sje nema 2—3 daga, þá verða kaupmenn að halda alla sína verkamenn upp á stífasta kaup, og getur það kostað þá fleiri hundruð kr. á dag, auk þess sem verkamennirnir sjálfir geta opt átt óhægt með að vera svo lengi heiman að. Þetta er því einmitt stórt fjárspursmál fyrir kaupmennina.

En svo er önnur ástæða, og hún er sú, hvernig skipaferðirnar ganga fyrir þessar tafir. Millilandaskipin hafa stundum teppzt 5—6 daga fyrir það, að ekki hefur verið unnt að skipa upp úr þeim, og hafa stundum verið með 20, 30, 40, eða 50 farþegar, sem orðið hafa að bíða þarna dögum saman að eins vegna þess, að ekki var hægt að koma vörunum um borð eða í land úr skipunum. Vona jeg nú, að menn geti af þessu sjeð, að hjer er hin brýnasta þörf á, að úr þessum vandræðum sje bætt, ekki einungis fyrir Húnvetninga, heldur einnig fyrir alla landsmenn, sem með strandferðaskipunum þurfa að ferðast. Jeg hef heyrt því fleygt fram, að þessi staður sje svo vondur, að það sje ekki til neins að leggja fram fje til þess að bæta úr þessum vandkvæðum á honum. En þetta er hin mesta fásinna og misskilningur. Það er alveg sama, sem ef sagt væri um flutningabraut, sem einhver kafli af væri orðinn ófær, að það sje ófært að leggja fram fje, til þess að gjöra við hana, vegna þess, að þarna sje kafli, sem ómögulegt sje að komast yfir. Landssjóður hefur alveg eins mikla skyldu til þess að bæta úr þessum vandkvæðum, sem teppa flutninga á sjónum, eins og að bæta úr göllum eða vandkvæðum á flutningabrautum á landi.

Það var farið fram á það af sýslunefnd Húnavatnssýslu, að byggt væri á uppdrætti og áætlun verkfræðings landsins, að því er bryggjubygginguna og kostnaðinn við hana snertir, og var þar gjört ráð fyrir, að kostnaðurinn mundi nema um 27,000 kr. Átti eptir þeirri áætlun ekki að eins að lengja bryggjuna um 36 metra, heldur líka að byggia garð út í sjóinn fram af nesi því, sem er rjett norðan við bryggjuna. Þessi kostnaður hefur nú háttv. fjárlaganefnd vaxið í augum, þegar litið er á hinn bágborna fjárhag landsins. Jeg hef því farið annan veg og lækkað þessa fjárbeiðni niður í 7,000 kr., og að eins farið fram á, að bryggjan verði lengd. Byggi jeg þessa upphæð á áliti verkfræðingsins, sem segir, að ef bryggjan verði lengd, þá megi hún vel koma að góðum notum, þó garðurinn ekki komi fyr en seinna. Þar sem jeg nú að eins fer fram á 7,000 kr. fjárveitingu í þessu skyni, þá ætlast jeg til, að hjeraðið leggi til það, sem á vantar.

Jeg þarf ekki að taka það fram, því að það vita allir, sem nokkuð þekkja þar til, — að þetta hjerað er ein með beztu landkostasveitum þessa lands og þó sjerstaklega sá hlutinn, sem mest notar þetta kauptún. Ekki getur heldur verið um það að tala, að flytja kauptún þetta, þó mönnum kynni að detta slíkt í hug. Þar sem svo hagar

til, að þar er hafnleysi á afarlöngum kafla. Enda hafa þegar sezt að þar 5 kaupmenn og stórt kaupfjelag, svo ekki væri að því hlaupið að flytja, þó annar betri staður væri til, sem auðvitað alls ekki er til að dreifa.

Hjeraðið verður að búa við það kauptún, sem þar er, og ef landssjóður ekki vill hlaupa undir bagga með að styrkja það með fjárframlagi til þess að bæta úr þessu lendingarleysi, þá liggur ekki annað fyrir en að hjeraðsmenn verða að gjöra það sjálfir, svo framarlega sem þeir sjá sjer það fært, en til þess skortir þá nægilegt fje. Jeg vona, að allir hljóti að líta svo á, að hjer sje mikil þörf á, að landssjóður hlaupi undir bagga, og þó menn, ef til vill, ekki trúi mjer, þá vona jeg, að þeir trúi verkfræðing landsins, sem hefur sagt, að það sje nægileg bót í bráðina, að bryggjan verði lengd og garðurinn komi síðar, og enn fremur að tekið sje trúanlegt álit þeirra manna, sem hafa sagt, að ómögulegt sje að lenda á þessum stað í vondu veðri, og að hjer sje hin mesta nauðsyn fyrir hendi. Jeg skal í þessu sambandi taka það fram, viðvíkjandi tillögum háttv. fjárlagan. í símamálunum, að jeg efast um, að þar sje stærri þörf til fjárframlaga til slíkra samgöngubóta á landi, heldur en þeirra samgöngubóta á sjónum, sem jeg fer hjer fram á, og veit jeg ekki nema það sje fullt eins rjett, að láta sumar af ritsímalínunum sitja á hakanum fyrir öðrum samgöngubótum, einkum þar sem tillögin til þeirra eru svo stórfengleg. Og þegar landssjóður eða þingið er svo stórtækt, að leggja 15,000 kr. til sýsluvega milli tveggja kauptúna á fjárhagstímabilinu, af því að það hefur verið byrjað á þeim áður, og þó eru þar á milli mjög greiðar samgöngur til flutninga á sjónum, þá ætti það miklu fremur að leggja fram þessa upphæð, sem hjer er farið fram á, þar sem hjer er um miklu meiri nauðsyn að ræða.

Jeg þykist vita, að það muni ekki hafa mikla þýðingu, að fjölyrða frekar um þessa breyt.till., en það er jeg sannfærður um, að þó að þetta fje ekki verði veitt á þessu þingi, þá mun samt verða haldið áfram að knýja þingið um styrk í þessu efni, og er ekki víst, að þingið verði ætíð jafneinbeitt í að sporna á móti þessu máli. Jeg vildi skjóta því til háttv. nefndar, ef breyt.till. þessi fellur, hvort hún ekki mundi vera tilleiðanleg til að taka til greina til 3. umr., þó ekki væri nema minni upphæð en hjer er farið fram á. Annars er þetta ekki kappsmál fyrir mig persónulega; heldur hef jeg sjerstaklega borið það fram af því, að mjer er kunnugt um, hve nauðsynin er stór. Þá skal jeg snúa mjer að síðari breyt.till. minni á sama þgskj. og fer hún fram á það, að á eptir 28. lið 16. gr. komi nýr liður, er hljóði svo: »Styrkur til Hjálmars Lárussonar til þess að fullkomna sig í myndskurði 600 kr. fyrra árið«.

Jeg hef leyft mjer að koma fram með þessa till. af því að jeg þekki þennan mann persónulega og þarf jeg ekki að lýsa honum, því að hann er kunnur sem framúrskarandi skurðhagur maður.

Jeg hef átt tal við Stefán Eiríksson um þennan mann, og sagði hann, að það væri nauðsynlegt, að hann væri styrktur til að fullkomna sig í þessari grein. Þessi maður hefur notið kennslu hjá Stefáni Eirikssyni í 2 vetur, og má geta þess honum til lofs, að Stefán ljet hann kenna fyrir sig í barnaskólanum í forföllum sínum, og sýnir það bezt, hversu mikið álit Stefán kennari hans hefur á honum. Að vísu má segja, að hann þurfi ekki að fullkomna

sig frekar, þar sem hann hafi fengið slíkan vitnisburð, en jeg verð nú samt að líta svo á, að nauðsynlegt sje að þessi maður fái tækifæri til að fara utan, til þess að hann gæti átt kost á að sjá meira fyrir sjer og afla sjer meiri fræðslu og kunnáttu en hjer heima og gjöra hann enn þá færari til að kenna þessa iðn sína, en hann er nú, og þar sem hjer er um reglusaman og hæfan mann að ræða, þá álít jeg ekki, að þingið eigi að skera þennan styrk til hans við nögl sjer, og jeg skal í þessu sambandi taka það fram, að jeg get ekki verið samdóma nefndinni í að fella styrkinn til nemenda, sem nauðsynlegur er fyrir þá til þess að ljúka námi sínu eða fullkomna sig í sínum fræðum, og álít jeg það mjög varhugaverða braut fyrir þingið að leggja út á, og er ekki ómögulegt að jeg við 3. umr. þessa máls komi fram með breyt.till. um styrk í þá átt. Býst jeg við, að jeg muni greiða atkv. móti breyt.till. nefndarinnar um þetta efni.

Jeg vona, að háttv. deild líti á þessar breyt.till. mínar með nokkurri sanngirni, og skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þær eða aðrar brt. nefndarinnar, en mun sýna með atkv. mínu, hvernig jeg lít á þær yfir höfuð.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það er einn liður í breyt.till. háttv. fjárlaganefndar, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á fáum orðum, ekki af því, að háttv. framsm. nefndarinnar hafi ekki tekið fram skoðun nefndarinnar á þessum lið, heldur af því, að jeg þykist geta betur, en flestir aðrir háttv. deildarmenn í nefndinni sjálfri, gefið upplýsingar um þetta breytingaratriði, og á jeg hjer við 32. liðinn í breyt.till. nefndarinnar, þar sem farið er fram á, að veita 500 kr. styrk fyrra árið til skólans á Heydalsá. Þessi skóli hefur átt því láni að fagna að vera á fjárlögunum 1905, og því notið 400 kr. styrks árin 1906 og 1907 eða alls 800 kr. Annað fje hefur skóli þessi ekki fengið hvorki beint eða óbeint; ekki af því, að hann ekki hafi ekki átt það fullkomlega skilið, en að eins af því, að hann hefur ekki þótt fullnægja skilyrðunum fyrir barnaskóla heldur fyrir unglingaskóla, en unglingaskólar eru ekki á þessum fjárlögum, en verða væntanlega á næstu fjárlögum. Hjer er ekki um nýjan skóla að ræða, og því þurfa menn ekki að verða hrifnir af nýrri byggingu eins og vanalega. Skóli þessi er 11 ára gamall; hann var stofnaður 1896, en byrjaði ekki að starfa fyr en 1899 eptir nýár, og hefur hann því lifað 11 skólaár, að því undanteknu, að hann starfaði ekki í nóvbr. og desbr. 1906. Þessi skóli ætti að vera þekktur af því, að fyrverandi ráðanautur í fræðslumálum, »magister« Guðmundur Finnbogason, ferðaðist um þetta svæði fyrir fáum árum og skoðaði þennan skóla og ritaði skýrslu um hann og aðra skóla hjer á landi; af þeirri skýrslu geta háttv. þm. sjeð, hvort þessi skóli muni ekki vera þess verður, að honum sje veittur þessi litli styrkur, sem hjer er farið fram á. Frá þessum skóla hafa þegar farið um 280 nemendur, sem hafa verið þar vissan kennslutíma; fæstir hafa nemendurnir verið 9, flestir ...(sic) en meðaltal um 20. Skólinn hefur tvö kennslutímabil; annað frá 1. nóvember til 31. janúar, en hið síðara frá 1. febrúar til 30. apríl. Aldur þeirra nemenda, sem ganga á skólann er minnst 10 ár, en þeirra elztu 22 ár; yfir höfuð hefur skólinn verið mest sóttur af piltum kringum 20 ára aldur úr Strandasýslu, AusturBarðastrandarsýslu og Reykhólahreppi; af nokkrum úr Dalasýslu, og auk þess af einum pilti úr Húnavatns-

sýslu í vetur sem leið. Skólahúsið kostaði 2,500 kr., þegar það var byggt, og auk þess var byggður við það skúr nú í sumar, sem jeg ekki veit hvað hefur kostað; jeg hef enn þá ekki sjeð alla reikninga yfir þann kostnað; en mjer er kunnugt um, að það var búið að taka timbur til hans að öllu leyti í fyrra fyrir um 1,100 kr., og veit jeg það af því, að það var allt tekið við verzlun mína, og með þeirri viðbót, sem tekin hefur verið í ár, mun kostnaðurinn verða yfir 2,000 krónur. Auk þess hef jeg líka átt þátt í að panta þakjárn til þess að klæða og þekja hið gamla skólahús, sem hefur bæði verið stækkað og hækkað um eina »Etasíu« til þess að gjöra það að hæfilegu skólahúsi eptir nútímans kröfum.

Það eina, sem herra Guðmundur Finnbogason hafði að finna að skólanum í skýrslu sinni var það, að skólahúsið væri ekki eins gott eins og það ætti að vera. Unglingarnir hafa orðið að sofa í kjallaranum, þar sem var kalt loft og rakasamt og langt frá góð vistarvera. En nú á að breyta öllu þessu og koma skólahúsinu í sæmilegt horf.

Kennarinn við skóla þennan er fæddur og upp alinn á jörðinni, þar sem skólinn stendur. Hann var frá upphafi mjög hneigður fyrir kennslu, enda hefur hann með lífi og sál gefið sig við henni og haldið skólanum við til þessa, og það er næsta óliklegt, að hann fari frá honum, því að það lítur út fyrir, að hann hafi gjört það að lífsstarfi sínu, að gjöra skólann sem beztan og afla honum sem mests álits. Það er og almanna rómur þeirra, sem til þekkja, að hann sje ágætis kennari, og Guðmundur Finnbogason lætur vel yfir honum. Eins og kunnugt er, er skóli þessi heimavistarskóli, og einna fyrstur unglingaskóli hjer á landi. Hann hefur ekki reynzt nein vindbóla, er brátt hjaðnaði aptur; hann hefur nú starfað með mikilli festu alllengi, þótt svo megi heita, að eigi hafi hann, fyrr en nú allra seinast, notið neins styrks af öðrum, en hjeraðsbúum. En hann er ekki einungis góður skóli; hann er líka ódýr skóli. Fæðiskostnaðurinn hefur ekki verið nema 3 kr. og 20 a. til 3 kr. og 70 a. um vikuna, og auk þess hafa verið teknir 80 a. um vikuna í kennslugjald af hverjum nemanda, svo að vikukostnaðurinn fyrir nemanda hefur ekki orðið meiri en 4 kr. til 4 kr. 50 a.

Þessi skóli hefur það fram yfir marga aðra skóla í sveit, að hann hefur bókasafn; þó er það eiginlega ekki eign skólans sjálfs. Í Strandasýslu eru lestrarfjelög í flestum hreppum; þó eru það tveir hreppar, sem fram úr skara. Þeir stofnuðu lestrarfjelag í sameiningu 13. des. 1847 og hefur það haldizt við síðan; en nú hefur safninu verið skipt í tvennt og er annar helmingur þess á Heydalsá, og er þar til afnota fyrir skólann. Þegar Guðmundur Finnbogason kom þangað, átti það um 600 bindi, en nú mun það vera orðið um 1,000 bindi, og eru árlega keypt í það allar nýjar íslenzkar bækur, sem þess þykja verðar, og auk þess nokkuð af útlendum bókum. Skólinn stendur því fremur vel að vígi með bækur.

Styrkur til skólans af opinberu fje hefur að jafnaði verið 60 kr. úr sýslusjóði, og viðlíka mikið úr landssjóði. En þrátt fyrir þetta hefur svo mikill sparnaður verið við hafður, að hann hefur átt í sjóði 3—400 kr., af hinu upphaflega samskotafje. Hefur það verið geymt til þess, er hann yrði

endurbættur, og gengur það nú að sjálfsögðu til umbótanna í sumar; en að þeim loknum á skólinn hús, sem kostað hefur 4,500 kr., þegar skúrinn við það er ekki reiknaður með.

Stjórnin tók upp úr núgildandi fjárlögum 400 kr. styrkveitingu handa Heydalsárskólanum upp í fjárlagafrv. sitt, og tek jeg það sem sönnun þess, að hún hafi vitað, að hjer var stofnun, sem vert er að styrkja. Háttv. Nd. strykaði hana út við 2. umr. Jeg vil nú reyna að mæla háttv. Nd. bót í þessu, því að nógar eru hennar syndir samt; hún mun hafa gjört það af því, að í fjárlögunum eru ætlaðar 3,500 kr. handa unglingaskólum, allt að 500 kr. handa hverjum skóla gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá. Háttv. Nd. mun ekki hafa kippt burtu styrknum, af því að hún áliti Heydalsárskólann eigi styrks verðan, heldur af því að henni hafi þótt það brot á því »principi«, sem hún hefur viljað fylgja, að honum væri veittur ákveðinn styrkur án tillits til þess, hvað hann fengi annarsstaðar frá, eða hvort hann fengi nokkuð. Fjárlaganefndin hjer í deildinni hefur komizt að sömu niðurstöðu, og því ekki flutt fjárveitinguna í sama horf, sem hún var í frumv. stjórnarinnar. En hins vegar vill nefndin veita skólanum 500 kr. byggingarstyrk fyrra árið, og ljetta þannig dálítið undir með hinn mikla kostnað, sem hann stofnar sjer nú í; og þar sem áður hefur verið veittur samskonar styrkur til nýrra skóla, sem ekki hafa reynzt annað en húmbúgsblaðra eins og skólinn í Búðardal, sem komið var upp sama árið, sem þingið veitti 1,000 kr. styrk til hans, en sem ekki stóð sem unglingaskóli nema það árið, en var að því búnu breytt í lýðháskóla, sem líka datt þar brátt úr sögunni, þar sem þingið, segi jeg, hefur veitt styrk til slíkra nýgræðingsskóla, þá skil jeg ekki í öðru, en að það telji sjer ljúft að veita þessum skóla dálitinn styrk; þar er ekki líklegt, að honum verði á glæ kastað; skólinn er orðinn gamall og búinn að fá á sig gott orð og festu, og honum veitir forstöðu fyrirmyndar kennari, sem auðsjáanlega hefur gjört það að lífsstarfi sínu, að annast skólann og efla hann. Af þessum ástæðum, af trausti á skóla þessum og forstöðumanni hans, hefur háttv. fjárlaganefnd hjer í deild tekið til greina uppástungu mína um að veita skólanum eitt skipti fyrir öll 500 kr. styrk til byggingar. Þessi upphæð er sízt meira en einn fjórði hluti þess, sem nú verður kostað upp á skólahúsið, til þess að gjöra það fullkomið. Jeg vona, að háttv. deild samþ. þessa upphæð, því ef nokkur skóli á styrk skilinn, þá er það þessi skóli.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. á þskj. 530, við 14. gr. B. VII. 3. frá h. þm. Ísfjk. (Sig. St.) um, að á eptir þeim lið komi nýr liður, 600 kr. byggingarstyrkur fyrra árið til unglingaskólans á Ísafirði. Jeg get lýst því yfir, að jeg greiddi atkvæði í nefndinni með styrkveitingu þessari. Mjer finnst þingið eiga að taka til greina svona kröfur frá öðrum eins stað og Ísafjörður er; hann er einskonar miðstöð í Vestfirðingafjórðungi, langfjölmennastur bær þar, og geldur langmest í landssjóð. Staðuriun er hentugur fyrir unglingaskóla, og hefur það þegar sýnt sig, og frá mínu sjónarmiði er það fullt svo rjett að styrkja unglingaskóla sem barnaskóla. Jeg þarf annars ekki að fjölyrða um skóla þennan, háttv. þm, Ísfjk. (Sig. St.) hefur þegar skýrt frá, hvernig ástatt er með

hann, og hvað hann er á veg kominn. Jeg skal taka það upp, að jeg álít, að beztu skilyrði sjeu fyrir hendi, að góður unglingaskóli þrífist á Ísafirði, ef fjárskortur verður honum ekki að meini; hann á meðal annars góðum kennslukröptum á að skipa. Jeg tel það sjálfsagt, að þessi skóli fái og eins og Heydalsárskólinn sinn árlega styrk úr landssjóði, allt að 500 kr., ef þau skilyrði eru uppfyllt, sem sett eru í fjárlögunum. Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að mjer finnst það rjettlátt, að þegar stjórnin fer að athuga, hvað mikinn styrk hver skóli eigi að fá úr landssjóði, þá taki hún tillit til þess, ef skólarnir eru byggðir fyrir framlög hjeraðsbúa, og leggi eitthvað af byggingarkostnaðinum, t. d. 10% móts við landssjóðsstyrkinn sem tillag annarsstaðar frá; en að sjálfsögðu á að draga frá, það, sem landssjóður kann að hafa lagt fram til byggingarinnar. Þetta tek jeg fram til bendingar við úthlutun styrkveitinganna. Það sjá allir, að það er ekki rjett að veita húslausum skóla jafnmikinn landssjóðsstyrk, eins og þeim skóla, sem kostað hefur verið miklu fje til byggingar á.

Þá kem jeg að 2. breyt.till. á þgskj. 530 um bókasafn Vesturamtsins. Jeg álít, að það sje rjettmæt krafa, sem farið er fram á í breyt.till., af sömu ástæðu sem jeg álít það rjett að styrkja unglingaskólabyggingu á Ísafirði fremur en á öðrum stöðum á Vesturlandi. Það er mjög sorgleg ályktun, sem amtsráð Vesturamtsins hefur tekið, að afhenda bókasafn Vesturamtsins einni sýslu, og setja það fast í Stykkishólmi. Jeg verð að líta á eins og hæstv. ráðherra, að safnið sje eptir sem áður eign Vesturamtsins, en ekki Snæfellsnessýslu, þótt henni sje afhent það til umráða og umsjónar fyrst um sinn, og að það sje engan veginn orðið hennar eign. Jeg verð að styrkja mál háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) um það, að eigi sje rjett, að bókasafnið sje bundið við Stykkishólm. Það er fjarri því, að jeg vilji fara nokkrum óvirðingarorðum um þennan bæ; það er heiðarlegt og myndarlegt smákauptún, en engin hola. En sje hann borinn saman við Ísafjörð, þá er þó ólíku saman að jafna; og þegar litið er á mannfjöldann í báðum þessum kauptúnum og í kringum þau, þá sjá allir, að bókasafnið er betur komið á Ísafirði en í Stykkishólmi, ef gengið er út frá því, að það eigi að verða sem flestum að notum og með sem hægustu móti. En hjer ætti að vera hægt að koma á miðlun, þannig að safninu væri skipt milli beggja bæjanna. Jeg veit, að það á tvö eintök af mörgum bókum, og væri þá sanngjarnt, að annað þeirra væri látið til Ísafjarðar. Vestfirðingafjórðungur er mest klofinn í tvennt af öllum fjórðungunum, og það er eins með amtsbókasafn eins og annað, að hann á erfitt með að sameina sig um það á einum stað.

Til allrar hamingju er þar allt að hverfa úr sögunni, sem heitir amtsráð, og eins ætti að vera með amtið. Gilsfjörður og Bitrufjörður greinir Vestfirðingafjórðung í tvennt, og eins og jeg álít, að eitt bókasafn geti ekki komið honum að notum, eins ómögulegt er, að eitt búnaðarsamband geti þrifizt þar. Ef nokkur sanngirni fæst, þá er ekki hægt að fara skemmra, en að suðurhlutinn fái að halda öllum þeim bókum, sem ekki er til nema eitt eintak af, en að Ísafirði sje afhent hitt. Svo er það þingsins að ákveða, hvoru safninu styrkinn skuli veita, og hvoru safninu senda skuli frá prentsmiðjunum gefins eintök. Býst jeg þá við, að Ísafjörður muni verða hlutskarpari, þegar til kemur.

Guttormur Vigfússon (2. þm.S.-Múl.): Af því að jeg á dálitla viðaukatillögu við 16. gr., þá skal jeg leyfa mjer að fara um hana fáeinum orðum. Það stendur svo á, að mjer var sent erindi um að flytja inn á þing fjárbæn þá, sem kemur fram í tillögu minni. Piltur sá, sem um styrkinn sækir, er mjer lítið kunnur; hann er að vísu alinn upp á Fljótsdalshjeraði; síðan stundaði hann nám á Eyðaskóla og var talinn þar með efnilegri nemendum. Að loknu námi á Eyðum, sigldi hann til Danmerkur, og gekk þar á lýðháskólann í Askov, og í brjefi, sem fylgdi bænarskrá hans, getur hann þess, að hann ætli að stunda þar nám aptur næsta vetur. Með beiðninni fylgir umsögn kennara hans, herra Appels forstöðumanns Askovháskólans; jeg veit ekki hvort háttv. fjárlaganefnd hefur kynnt sjer hana; en í þessum meðmælingarorðum, sem fylgja frá herra Appel, er farið lofsamlegum orðum um piltinn og fyrirætlun hans. Það er að eins farið fram á 300 kr. styrk, og kveðst umsækjandi ætla að verja honum, þegar hann hafi lokið fullnaðarprófi í Askóv, til þess að stunda rafmagnsfræði við »Statens Forsögsmölle« í Askov að sumri. Herra Appel segist mikillega mæla með því, að pilturinn fái styrkinn, því að hann búist við, að nám hans geti orðið til mikils gagns fyrir landa hans. Jeg veit, að margir líta svo á, að rafmagnsfræði muni eiga hingað talsvert erindi, og þar sem styrkurinn er að eins lítill, sem farið er fram á, þá getur það aldrei verið mikil áhætta að veita hann, en getur aptur á móti orðið að miklu gagni.

Þessi litla beiðni hefur að vísu ekki fundið náð hjá háttv. nefnd, en jeg vona, að þótt sparnaðarstefnan sje rík hjer í deild, þá muni deildin þó, er hún lítur á alla málavexti, ekki telja rjett að spara þessar 300 kr. Háttv. framsm. (J. Jak.) sagði, að háttv. nefnd hefði eigi verið mótfallin beiðninni, af því að hún hefði enga trú á að, rafmagn kæmi oss að notum, heldur af því, að hún áliti styrkveitingu þessa ónauðsynlega, sjerstaklega fyrir þá sök, að ef það þyrfti að halda hjer á manni með þeirri þekkingu, sem umsækjandinn ætlar að afla sjer, þá væri hægt að fá hann frá Askov eða öðrum rafmagnsstöðum erlendis til að vinna verkið. Þetta þykir mjer undarleg kenning og ekki næsta þjóðræknisleg. Jeg hjelt, að það væri rjettara af okkur að fá innlendan mann til að læra, þegar það kostar nú ekki meira en hjer er farið fram á, heldur en að verða að kaupa útlendinga hingað dýrum dómum til að vinna fyrir oss, það sem vjer getum unnið sjálfir, ef vjer værum ekki svo dauðans hræddir við að leggja fram fje til þess, sem nám heitir, ef það ber ekki embættisnáms nafn.

Fyrst háttv. fjárlaganefnd hrósar sjer af því, að hún vilji í öllu spara, og fyrst hún hefur fellt burtu í sparnaðar skyni síðustu liðina í 14. gr.; hvers vegna hefur hún þá ekki líka fellt burtu í sparnaðarskyni 15. og 16. liðina úr 15. gr., verðlaunin til skáldanna. Jeg get ekki skilið, annað en að við gætum lifað tvö næstu árin fyrir því, þótt þeir liðir stæðu ekki í fjárlögunum. Jeg hef haft mikla löngun til að koma með breyt.till. við þessa liði, en jeg áleit það ekki til neins, og mjer sýnist ekki vert fyrir þm. að vera að spreyta sig á breyt.till., sem þeir hafa enga von um að fái framgang. Það er aldrei nema virðingarvert, að háttv. nefnd hefur borið umhyggju fyrir útslitnum póstum; en umhyggja hennar fyrir gamalmennum hefur ekki kom-

ið jafnt niður, þar sem hún ræður til að stryka út styrkinn til Tómasar Davíðssonar. Maður þessi er orðinn 78 ára gamall og hefur stundað barnakennslu í 54 ár. Barnakennarar Íslands fá hjer að sjá í spegli umhyggju þá, sem þeir mega vænta af löggjöfum þjóðarinnar, eða öllu heldur háttv. fjárlaganefnd Ed. árið 1907, þegar þeir hafa slitið sjer út.

Hæstv, ráðh. benti á yfirskógarvörðinn sem h. Nd. hefur sett. Jeg skal játa það, að jeg ber mikla virðingu fyrir honum sem vísindamanni, og jeg tel rjett, að landið styrki hann til þess starfs, sem hann er vel fær um. En skógrækt hjelt jeg vera fyrir utan hans verksvið. Ef taka á skógræktina fyrir alvarlega, þá þarf til þess mann með nægri þekkingu og reynslu.

Jeg skal svo ekki tefja umræðurnar; jeg var víst búinn í morgun að setja já og nei við flestallar breyt.till., og býst ekki við að breyta því hjeðanaf.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg var dauður í gær, þegar ráðherrann svaraði athugasemdum mínum. Hann tók til ýmsar tölur úr ræðu minni, og reyndi að sýna fram á, að þær væru ekki á rökum byggðar. Af ræðu hans sannfærðist jeg ekki um, að jeg hafi haft rangt í meira en 2 atriðum. Það var rjett athugað hjá ráðh., að þegar jeg minntist á laun presta, þá var ætlazt til, að landssjóður fengi tekjur að sama skapi, með tollauka, og jeg hef ekki gætt þess, að veitt eru nú á fjárlögunum 2,500 kr. til aðstoðar við fræðslumálin. Ræða ráðherra gekk út á það, að sýna, að fjárhagurinn við lok þessa fjárhagstímabils mundi verða góður, en jeg sýndi fram á, að hann mundi verða slæmur við lok næsta fjárhagstímabils.

Skal jeg svo víkja að einstökum atriðum. Fjárlaganefndin lækkar tímakennslu við læknaskólann í efnafræði, um 200 kr. á ári. Jeg get ekki fallizt á, að það sje rjett, eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef fengið, og því síður, sem þessi maður hefur mjög lítil laun í samanburði við aðra, sem tekið hafa samskonar »ingeniör«próf; en úr því hann fæst til að sitja við þau, þá er ekki að fást um það. Jeg held mjer að uppástungu stjórnarinnar, sem Nd. hefur samþykkt.

Þá hefur nefndin lagt til, að felldur væri burt styrkur til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði. Jeg er mjög meðmæltur þessum styrk, bæði vegna tilboðsins og vegna þess að unglingaskólar eru mjer mjög kærir, en þó fylgi jeg nefndinni fjárhagsins vegna. En jeg gjöri það nauðugur.

Jeg er ekki ánægður með það, að nefndirnar stryka út suma smástyrkina; jeg hefði heldur kosið, að hún hefði heldur krukkað í stóru styrkina.

Þá kem jeg að brt. h. þm.Ísfjk.(Sig. St.) viðvíkjandi styrknum til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi. Jeg hef áður haldið því fram, að bókasafnið ætti að flytja til Ísafjarðar. Jeg álít enga meining í öðru, og eptir upplýsingum, sem jeg hef fengið, álít jeg safnið í Stykkishólmi vera orðið sýslubókasafn, þar sem amtsráðið hefur afhent það Snæfellsnessýslu. Jeg lít svo á, að amtsráðið hafi haft heimild til þess, og það hefur afhent safnið með þeim skilmálum, að sýslunefndin og hreppsnefndin í Stykkishólmi kosti allt viðhald, en amtsbúar hafi aðgang að því. En þá á styrkurinn líka að falla niður. Jeg hefði álitið rjettara að flytja safnið í höfuðstað amtsins, en hjeðan af er það líklega ekki mögulegt. En þá er hitt líka rjett, að styrkja bókasafnið í höfuðstað amtsins, því að hvorugt þessara safna er lengur amtsbókasafn; þau eru fyrir fjórðunginn, en

kaupstaðirnir standa straum af þeim. Mjer væri kærast, að fella styrkinn til bókasafnsins í Stykkishólmi, og setja 400 kr. til bókasafnsins á Ísafirði, og vil skjóta því til þm. Ísfjk., hvort hann vill ekki athuga það til 3. umr.

Þá vill fjárlaganefndin fella styrkinn til frú Stefaníu Guðmundsdóttur. Jeg vil styðja það, að þessi styrkur fái að standa. Þegar afburðakraptar koma fram í einhverri grein, þá álít jeg, að vjer eigum að sýna þeim sóma. Hjer á landi fá leikendur ómögulega notið sín við svo lítil laun, sem þeir eiga við að búa. Mig furðar að nokkur maður, sem eitthvað er í spunnið, skuli fást til að eiga við þetta; en þegar náttúran skipar, þá er ekki verið að spyrja um hagnaðinn, heldur er það löngunin, sem knýr áfram. Jeg álít, að viðurkenning eigi eins hjer heima og á öðrum listum.

Þá er breyt.till. um skóggræðslustyrkinn. Jeg veit, að Helgi Jónsson er hæfileikamaður og ötull visindamaður, en hann hefur ekki fengizt við skóggræðslu. Er ekki hægt að fá annan innlendan mann? Jeg veit af Sig. Sigurðssyni á Hólum, að hann hefur menntast í Noregi í þeirri grein, því landi, sem líkast er Íslandi. Hann hefur með ýmsum framkvæmdum sínum sýnt, að hann hefur það, sem Danir kalla »praktisk Greb« á hlutunum, frekar en aðrir landar hans. Jeg þekki hann ekki mikið, en jeg hef lítið svo eptir skýrslum, sem jeg hef sjeð, að hann sje einskonar smá-Dalgas Íslands, sem vjer ættum að hafa augastað á að nota. Þetta ættum vjer að hafa hugfast, ef breytt verður. Maðurinn er yfirlætislaus og hefur stór áhrif, þar sem hann leggst á. Lærisveinar hans mundu jafnvel vilja ganga í eldinn fyrir hann og skyldi maður naumast trúa því, þar sem jafn lítið ber á honum.

Þá er breyt.till. á þgskj. 539 frá þm. S.-Múl. (G. V.). Ef aðrir styrkir til íslenzkra námsmanna erlendis eru miður heppilegir, þá get jeg ekki mælt með þessum styrk. Það er gott að fá menn með þekkingu í rafmagnsfræði, en jeg álít, að vjer þurfum þess sízt í þessari grein, sem hjer er um að ræða. Það er lítill kostnaður við það »Kursus«. Það eru ekki vindmótorar, sem okkur ríður mest á að kynnast, heldur að nota vatnsaflið til rafmagnsframleiðslu.

Þá er eitt atriði enn í brt.till. nefndarinnar, sem jeg ætlaði fyrst og fremst að tala um. Það er 44. breyt.till., styrkurinn til Jóns Ólafssonar ritstjóra til þess að semja íslenzka orðabók. Jeg skil ekki, hvað vakir fyrir nefndinni, sem hefur tekið það stryk, að spara í öllum greinum, að hún fór að koma fram með þessa till. um íslenzk-íslenzka orðabók, Það hefur verið neitað um styrk til þess að gefa út þýzk-íslenzka orðabók, og einkennilega lúsalegur styrkur hefur verið veittur til dansk-íslenzkrar orðabókar. Engin þörf er fyrir slíka orðabók sem þessa, og mjer þætti gaman, að sýnt væri fram á, hve þörfin væri brýn á henni á næsta fjárhagstímabili, þegar sem mest þarf að spara. Jeg verð alvarlega að leggja á móti þessum lið, og neyðist til að geta þess, að þetta verður ekki skoðað öðru vísi en sem »pólitiskur« bitlingur. Þessi maður endist ekki til nokkurs hlutar og þarf ekki annað en minnast á spjaldskrána, sem hann hefur setið við í mörg ár og kemst þó ekkert áfram; honum væri nær að halda áfram með spjaldskrána. Hann er ritfær maður og hefur nokkra málfræðislega þekkingu, en undirstöðumikil er hún víst

ekki. Þessi fjárveiting ætti að fá að bíða, enda sje jeg enga nauðsyn á bókinni, sízt nú á næsta fjárhagstímabili.

Sigurður Jensson: Það er um veitinguna til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 400 kr., eða eins og nefndin nefnir það, í Vesturamtinu, að jeg vildi mæla fáein orð. Þessi styrkur hefur mætt nokkrum mótmælum. Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) kallaði Stykkishólm ómerkilega kauptúnsholu, — en það er ekki rjett, því að eptir því, sem hjer gjörist, er Stykkishólmur allmyndarlegur bær, og hann var áður höfuðstaður Vesturlands. Það er þess vegna eins og háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) sagði — fyrir rás viðburðanna, að bókasafnið hefur verið afar-lengi í Stykkishólmi, og væri nú ranglátt, að taka það þaðan og flytja það til Ísafjarðar. Háttv. þingm. Ísfjk. (Sig. St.) taldi safnið betur sett á Ísafirði, og að flestir hefðu greiðari aðgang að því þar. Þetta er rangt. Það er betur sett á Ísafirði fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, en fyrir Barðastrandarsýslu, Dalasýslu og Snæfellsnessýslu er það betur sett í Stykkishólmi. Hann nefndi Gufudalshrepp, Múlahrepp og Reykhólahrepp í Barðastrandarsýslu og hjelt því fram, að safnið væri betur sett fyrir þá á Ísafirði, en jeg vil segja, að fyrir þá mætti bókasafnið eins vera í Reykjavík eins og á Ísafirði. Hann sagði, að því hefði opt verið hreyft af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu, að ná í bókasafnið. Jeg trúi því, og þykir ekki undarlegt. Jeg dáist heldur ekki að því, þó að sýslunefndin vilji kosta flutning safnsins. Þegar málverkasöfn og bókasöfn hafa verið tekin sem herfang í ófriði, þá hafa ránsmennirnir sjálfir kostað flutninginn, svo þetta veglyndi sýslunefndarinnar væri ekki eins dæmi. Safnið var ekki afhent skilyrðislaust, heldur með því skilyrði, að sýslunefndin í Snæfellsnessýslu skyldi annast það og amtsbúar hafa jafnan aðgang að því, eins og áður. Það er rangt, að það sje á óheppilegum stað í Stykkishólmi. Hann er fullt eins heppilegur og Ísafjörður. Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) sagði, að sýslunefndirnar mundu koma fram með hátíðlega »Prótest«, en því kom sú hátíðlega »Prótest« ekki fram á amtsráðsfundinum? Þar mættu þó fulltrúar allra sýslnanna. Þá var tími til þess, en afhendingin var samþykkt í einu hljóði, svo að nú er það of seint. Samþykktin var gjörð, eins og þegar amtsráð Norðuramtsins og Austuramtsins samþykktu afhending bókasafna sinna. Söfnin hlutu að afhendast einhverjum, úr því að amtsráðin lögðust niður.

Það er annað mál, og í því er jeg samdóma háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), að Vesturamtið er af náttúrunni eins og klofið í tvennt, og þess vegna er enginn einn staður hentugur fyrir allt amtið, til að sækja þangað bækur á safnið. En þess vegna er ekki rjett, að taka safnið burt úr Stykkishólmi, heldur ætti að hjálpa Ísfirðingum til, að koma upp öðru bókasafni. Jeg sje ekkert á móti því, að koma upp nýju safni á Ísafirði, og styrkja úr landssjóði tvö bókasöfn jafn-hliða í Vesturamtinu. Ef þingið sviptir safnið þessum litla styrk eða fer að skipta honum í tvennt, þá er það sama sem að eyðileggja safnið í Stykkishólmi, því það þarf fje til þess, að hafa góðan bókavörð. Nú er safnið svo heppið, að hafa góðan bókavörð, og allir, sem til þekkja, vita, hve áríðandi er, að hafa góðan bókavörð. Hann hefur nú 150 kr. laun; það er að vísu lítið, en fái hann ekki neitt, þá er safnið eyðilagt.

Fyrir mitt leyti er jeg eindregið á því, að bókasafnið á Ísafirði fái styrk, eins og háttv. þingm. Ísfjk. (Sig. St.) hefur lagt til, en jeg vil ekki breyta styrknum til safnsins í Stykkishólmi, og vona, að háttv. deild samþykki þá tillögu. Jeg álít rjettast, að koma upp bókasafni á Ísafirði til nota fyrir Ísafjarðarsýslurnar og Vestur-Barðastrandarsýslu, en fyrir suðurhluta amtsins álít jeg að safnið eigi að vera í Stykkishólmi.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg gleymdi í dag að minnast á athugasemdina við 16. gr. fjárlagafrumv. um fiskimat. Nefndin hefur komið með breyt.till. við þessa athugasemd, eins og hún kom frá háttv. Nd. Jeg skal játa, að jeg felldi mig betur við hana, eins og hún stóð, og áleit meiri líkur til, að hún kæmi þá að notum, en hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir, að okkur vanti lög um þetta, en það verður væntanlega ekki langt að bíða þeirra laga, ef stjórnin tekur þingsályktunartillögu þá, er jeg bar fram hjer í deildinni og samþykkt var, til greina; en hæstv. ráðherra benti á nýja br.till. um þetta efni, og mun jeg fella mig betur við hana en nefndarinnar, og vona jeg, að hún taki hana til greina. Er jeg þakklátur hæstv. ráðherra fyrir þessa bendingu, að þessi fiskimatsmaður þurfi ekki framvegis að vera aðgjörðalaus á Ísafirði, en starfi hans er svo þýðingarmikill, að mjög miklu skiptir, hvort hann er framkvæmdur eða eigi. Mundi jeg því mjög vel sætta mig við, ef athugasemdin verður orðuð eins og hæstv. ráðherra ætlast til, í þeirri von, að stjórnin verði við áðurnefndri áskorun frá þinginu, um, að leggjast ekki undir höfuð með að leggja fyrir næsta þing frumv., er lögbjóði mat á fiski, sem fluttur er til Spánar eða Ítalíu.

Jeg þarf litlu við að bæta viðvíkjandi amtsbókasafninu. Allar ástæður mínar um það atriði standa enn óhraktar. Háttv. þgm. Barð. (Sig. J.) var að vísu að reyna það, en honum var ómögu.egt að hrekja eina einustu þeirra nje sýna fram á, að tölur þær um íbúafjölda þann, sem hægt ætti með að nota safnið á hvorum staðnum fyrir sig, væru ekki rjettar, eða að hlutfallið ekki væri þar eins og 2 : 3, eða fullkomlega það. Þar sem hann talaði um, að vesturhrepparnir úr Barðastrandarsýslu ættu ekkert hægra með að nota safnið, þó það væri á Ísafirði, heldur en ef það væri í Reykjavík, þá er það auðvitað fjarstæða, sem ekki nær nokkurri átt. Því háttv. þgm. veit það mjög vel, að þaðan eru miklu tíðari samgöngur til Ísafjarðar, heldur en til Stykkishólms, auk heldur þá til Reykjavíkur. Þetta veit jeg eins vel og hann, þar sem jeg bý alveg í þjóðbraut fyrir þessum ferðum, og hef jeg oft haft þá ánægju, að sjá fleiri og færri af þessum kjósendum hans á ferðum þeirra til Ísafjarðar. Jeg held, að það geti ómögulega kallazt ranglátt, að flytja safnið þangað, sem miklu fleiri geta notið þess, og það er þá enn þá meira ranglæti, að hafa það á þessum stað, þar sem meiri hlutinn alls ekkert gagn hefur af því. Því að eins og háttv. þm. Strand. (G. G.) tók fram, er Vesturamtið tvískipt, og á því ekki sama við báða hlutana, en vesturhlutinn er svo miklu fjölmennari og aðalatriðið er, að hafa söfnin á þeim stöðum, þar sem flestir geta notið þeirra.

Jeg fer alls ekki fram á, að safnið í Stykkishólmi verði eyðilagt, heldur fer jeg fram á, að sama hlutfall verði á milli styrksupphæða þeirra, er söfnin fá, eins og er á milli íbúanna, sem nota hvort fyrir sig. Og held jeg þá,

að 200 kr. verði fullt eins mikið handa safninu í Stykkishólmi, eins og 300 kr. handa vesturhlutanum. Þetta getur ekki álitizt lengur amtsbókasafn, þar sem ekkert amt er til. Og þá eru að eins tvö söfn í Vesturamtinu gamla, sem hvort um sig á tilkall til styrks úr landssjóði. Álít jeg það stórkostlegt ranglæti, ef þessu eina safni verður veittur styrkur en ekki hinu. Sjerstaklega þar sem fólki á Ísafirði fjölgar óðum, en í Stykkishólmi er það óðum að fækka. Jeg get því tekið undir með háttv. þgm. Strand., að það var sorgleg ályktun af amtsráðinu, að velja þennan óheppilega stað fyrir safnið.

Jeg vona því svo mikils af sanngirni háttv. deildar, hvað sem fluttningi safnsins líður, því jeg játa, að hann er talsverðum erfiðleikum bundinn, að hún sýni vestursýslunum þá sanngirni, að neita þeim eigi um styrk til bókasafns, sem á þó 2,000 bindi. Jeg sje ekkert á móti því, að landssjóður styrki bæði söfnin, og að styrkurinn sje miðaður við fjölda þeirra manna, sem nota söfnin. Jeg mundi líka auðvitað vera þakklátur háttv. deild, þó hún ljeti Stykkishólmssafnið fá 400 kr., ef hún þá líka veitti Ísafirði þessar 300 kr. En tillaga mín var eingöngu miðuð til sparnaðar, og vildi jeg miðla báðum söfnunum, þó þannig að það ekki færi fram úr upphæð þeirri, sem veitt er amtsbókasafni Norðuramtsins. En það dregur ekki mikið hvorki til nje frá; skal jeg svo ekki þreyta háttv. deild lengur, en jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að hún fallist ekki á þessa sanngjörnu ósk vestursýslnanna.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg býst við því, að allir háttv. deildarmenn sjeu búnir að tala, og mun þá eptir gömlum sið þykja tilhlýðilegt, að framsm. ljúki umræðunum með nokkrum orðum. Skal jeg þá fyrst í stuttu máli geta um þær helztu mótbárur, sem fram hafa komið gagnvart stefnu nefndarinnar.

Þá eru það fyrst orð hv. 3. kgk. þm., (B. M. Ó.) sem hann beindi til nefndarinnar, út af þeirri breyt.till. að fella burt styrkinn til frú Stefaníu Guðmundsdóttir, er jeg skal minnast lítið eitt á. Það er svo langt frá, að nefndin vilji gjöra þetta að nokkru kappsmáli, og sízt vildi jeg standa þannig í augum þessarar frúar, er svo opt hefur skemmt mjer og öðrum háttv. deildarmönnum, eins og jeg væri að fara í nokkurn kappróður um þetta lítilræði. En jeg tek það fram, að jeg álít heppilegt að fara þann miðlunarveg í þessu máli að hækka styrkinn til leikfjelagsins að sama skapi, því jeg álít hitt ekki heppilegt, með því það getur orðið slæmt fordæmi. En það vona jeg, að háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) hafi ekki orðið getspakur, þegar hann sagði, að hennar jafningjar mundu engir koma hjer á landi. Jeg vona þvert á móti að við fáum sem flesta hennar líka, því þá væri stórt spor stigið til framfara leiklistarinnar hjer. Jeg skal einnig geta þess út af ræðu hæstv. ráðh., að þessi frú er nú ekki lengur barnung, en þessari list er þannig farið eins og fleirum, að menn standa betur að vígi með að iðka hana, því yngri sem menn eru. Hvað því viðvíkur, að niðurfærslan á fjárveitingunni til Sigurðar fangavarðar Jónssonar sje smásmugleg, þá er það aldrei nema satt. En það er sprottið af sparnaðarstefnu nefndarinnar og fannst henni hún hafa góðan bakvegg að hörfa til, þar sem var frumv. stjórnarinnar, og hefur því lagt til, að felld væri hækkun Nd. Viðvíkjandi þeirri bendingu háttv. 3. kgk.

þm. (B. M. Ó.) út af 15. gr. 12. lið, styrknum til Br. Jónssonar, hvort nefndin ekki vildi breyta því og setja »til undirbúnings fornleifaskrár«, þá lýsi jeg því yfir fyrir nefnd. hönd, að hún mun taka þá bendingu til greina sem mjög heppilega. Þá skal jeg fara fáum orðum um ýms atriði í ræðu hv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.). Hann vill, að hreppafjelögin beri einnig ábyrgð á lánum þurrabúðarmanna, og færði þau rök fyrir því, að sýslunefndirnar væru opt svo ókunnugar í hreppunum. Jeg get ómögulega skilið, hvernig þær ættu að vera svo ókunnugar, þar sem í þeim sitja fulltrúar úr hverjum einstökum hrepp. Og ef sýslunefndin væri í vafa um eitthvert atriði, þá væri vandalaust fyrir hana að útvega sjer nauðsynlegar upplýsingar. En ef sýslunefndin er eitthvað hrædd, þá getur hún heimtað aptur ábyrgð af hreppnum gagnvart sjer. Jeg álít því, að þessi mótbára hafi ekkert við að styðjast. Hinsvegar gæti jeg ímyndað mjer, að slíkt fyrirkomulag gæti verið verra fyrir landsstjórnina, að fara að vafsast í skuldaviðskiptum við hreppana, sem eru svo margir, heldur en geta átt eingöngu við sýslufjelögin.

Viðvíkjandi útstrykuninni á 50,000 kr. láninu til byggingar barnaskólahúsa, þá var nefndinni það heldur ekki ljúft, og þar sem háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) gat um frumv. það í fræðslumálum, sem væri á leiðinni og ýtti undir þessa lánveitingu, þá er þess að geta, að það er enn ekki orðið að lögum, og hinsvegar verður nefndin að líta svo á, að litlar líkur sjeu til, að handbært fje verði í landssjóðnum til útborgunar þessa láns. Og held jeg, að hæstv. stjórn væri enginn greiði gjörður að halda þessum stóru útgjaldaliðum, sem hún svo ekki gæti fullnægt, og það því fremur sem í henni sitja góðgjarnir menn, sem ljúfara er að veita en neita. Og skyldi jeg því ekki athugasemd hæstv. ráðh. þessu viðvíkjandi. Auk þess er það gefið, er upphæðin er látin standa, að hún getur villt menn út á glapstigu, svo að þeir færu að byggja upp á fje, sem þeir svo ekki fengju. Viðvíkjandi athugas. háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) við breyt.-till. nefndarinnar við 14. gr. B. X, þá skal jeg geta þess, að jeg efast ekkert um hæfileika þess unga manns, er hann talaði um. En allt verður að miðast við getuna. Það er mjög varasamt fyrir landssjóð að fara langt út í slíkar styrkveitingar og sjerstaklega byrjunarstyrk til ungra manna, því að þá er svo hætt við því, að margir komi í sama kjölfarið, og mjög slæmt fyrir þingið að þurfa að eyða sínum dýrmæta tíma til að vega á metaskálum hæfileika manna. Álít jeg það til stórskaða, að veita ekki stjórninni einungis ákveðna upphæð til þess að moða úr handa efnilegum nemendum. Finnst mjer það mjög mikil óhæfa, að nota svona tíma þingsins, enda hafa slíkir póstar opt haft síðferðisleg og óheppileg áhrif á þingið, og leitt af sjer margt illt í öðrum málum.

Þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, viðvíkjandi ræðu háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), að það var ekki meiningin, að stryka út styrkinn til handavinnukennslu, til þess að geta sett styrkinn til Ingibjargar Guðbrandsdóttur inn í staðinn. Jeg tók það að eins til samanburðar og sagði, að jeg ekki vissi, hvort þessi kennsla á Akureyri væri kauplaus, en að jeg vissi hitt, að Ingibjörg mundi kenna kauplaust, ef henni yrði veittur þessi styrkur. Þá talaði háttv. sami þm. um, að honum fyndist óheppilegt að klípa af styrknum til

Ásgeirs Torfasonar til tímakennslu í efnafræði, og gat þess, að hann mundi kenna allt að 300 tíma á ári við læknaskólann. Það er mjer ekki kunnugt um, en hitt var nefndinni kunnugt um, að fyrir þennan starfa voru áður borgaðar 100 kr. á ári, en fyrirrennari þessa manns hafði 200 kr., og jeg veit ekki til, að hann hafi farið fram á meira. Jeg hef spurt mig fyrir hjá þeim eina lækni, sem hjer er í deildinni, hvort þörf muni vera á meiri kennslu í þessari grein, og hefur hann látið í ljósi, að verklega kennslu áliti hann þýðingarlausa, svo mjer finnst þá þessar 200 kr. fullnægjandi borgun. Og segir hann einnig, að það geti ómögulega borið sig, að hann kenni 300 tíma, því að það geti ekki samrýmzt við aðrar kennslustundir skólans. Gæti ef til vill verið þá eins heppilegt, að miða við tímana og segja t. d. 1 króna um tímann. Þá minntisl háttv. þm. á verkfræðinginn. Þykir mjer nokkuð mikið, að flytja yfir á landssjóðinn 3,500 + 2,700 kr. eða 6,200 kr. En hitt gæti komið til álita, hvort ekki gæti verið um að tala, að skipta styrknum. En um það skal jeg ekkert láta í ljósi, fyr en nefndin hefur tekið það til íhugunar. Þá skal jeg minnast á ræðu hæstv. ráðh., viðvíkjandi styrknum til Grundarskólans. Það er rjett hjá hæstv. ráðh., að þetta er mesta höfðingsboð. En við þekkjum nú orðið fleiri slíkar gjafir, sem dregið hafa slæman dilk eptir sig. Jeg man svo langt, að á alþingi 1893 þótti t. d. þinginu ekkert þægileg gjöf þeirra Garðahjóna, þótt höfðingleg væri. En jeg skal játa, að afkoman hefur þar orðið svo góð, að nú hefur sá skóli unnið sjer alþjóðar álit, svo ekki þarf þar að kvarta. En það er þó opt með »prívat«-gjafir eins og t. d. Holdsveikraspítalann, að þær eru og verða ýmsum óþægindum og annmörkum bundnar.

Það hafa tveir ræðumenn minnzt á styrkinn til Jóns Ólafssonar. Hæstv. ráðh. mjög hlýlega, og háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) afar-óhlýlega. Hæstv. ráðh. taldi það óvíst, hvort Jón Ólafsson gæti látið sjer nægja styrk þann, sem nefndin vildi að honum væri veittur, þar sem hann væri 300 kr. minni á ári, en um hefði verið beðið. Nefndin lagði það til grundvallar fyrir tillögum sínum, að í umsókninni er gjört ráð fyrir, að orðabókin muni verða 60—80 arkir að stærð. Nú tók nefndin meðaltalið 70 arkir, og þá kom fram þessi upphæð 2,100 kr. á ári með því, að reikna 60 kr. fyrir örkina.

Háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) sagðist ekki skilja í því, hvað við hefðum að gjöra með íslenzka orðabók. En jeg skil ekki í því, hvað háttv. þm. K.-G. (V. G.) meinar. Munum vjer ekki hafa alveg eins mikið að gjöra með orðabók á okkar móðurmáli eins og Englendingar, Frakkar, Svíar, Norðmenn og aðrar þjóðir, sem eiga slíkar bækur og telja þær nauðsynlegar?

Umsókn þessi er komin fram fyrir áeggjan alkunns vísindamanns og orðabókarhöfundar, prófessors Hægstads í Kristjaníu, og þótt háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) meti lítils orð mín og álit á þessu máli, þá vona jeg þó, að hann muni ekki virða að vettugi orð prófessors Hægstads, og álit hans á Jóni Ólafssyni sem orðabókarhöfundi.

Háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) sagði, að Jón Ólafsson væri endingarlítill við allt, sem hann tæki fyrir sig; en ef vjer göngum gegnum störf hans, þá mun það koma upp úr kafinu, að margur hafi legið meira á liði sínu um æfina, en Jón Ólafsson.

Háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) sagði, að enginn mundi efast um, að þetta væri »pólitiskur« bitlingur. Jeg vildi óska, að háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) hefðu eigi fallið þessi orð af vörum; það liggur svo ósköp nærri, að svara hinu sama um styrkinn til Einars Hjörleifssonar. Mjer er ókunnugt um og líklega öllum öðrum, að nokkur þau rit hafi komið frá hans hendi nýlega, sem gjöri það að verkum, að ástæða sje til, að veita honum verðlaun nú. Jeg veit ekki til, að hinn »pólitiski« mótflokkur hans hjer í deildinni hafi minnzt á það, og styrkveitingin hefur verið látin óáreitt af öllum. Hjer er þó um tvennt ólíkt að ræða, annað er veitt sem nokkurs konar heiðurslaun út í bláinn, en hitt fyrir ákveðna vinnu.

Jeg tók ýmislegt af því, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) sagði, sem fremur talað í gamni en í alvöru, svo að jeg finn ekki ástæðu til þess, að vera marg-orður um það.

En viðvíkjandi styrknum til Helga Jónssonar, þá get jeg lýst því yfir, að jeg er samdóma því, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) sagði um hann. Nefndin hefur ekki með því, að láta lið þennan óhreyfðan, lýst neinni velþóknun sinni á því fyrirkomulagi, sem háttv. Nd. vill hafa á skóggræðslunni eða samblandi því, sem gjört er ráð fyrir í fjárlagafrumv. hennar. Nefndin hjer í deild vísaði málinu til búnaðarfjelags Íslands, og vildi fá að vita, hvað það áliti rjettast, en búnaðarfjelagið vísaði málinu aptur til nefndarinnar, og vildi ekkert um það segja. Nú liggur það fyrir nefndinni, að taka það til nýrrar yfirvegunar til 3. umræðu.

Háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) minntist á amtsbókasafnið í Stykkishólmi, og sagði, að eptir því, sem sjer virtist, þá væri það nú orðið að sýslubókasafni, en væri ekki lengur amtsbókasafn. Jeg nefni þetta í sambandi við það, sem háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) sagði um safn þetta. Það var auðheyrt, að þegar háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) hjelt fyrri ræðu sína, þá var honum ókunnugt um ákvæðin á amtsráðsfundinum 1906, þar sem sú ákvörðun var fekin, að þetta safn skyldi uppfylla sömu skyldur, sem hvílt höfðu á amtsbókasafninu þangað til. Það stendur með berum orðum, að bókasafnið sje jafnt amtsbókasafn eptir sem áður, og að amtsbúar skuli eiga sama aðgang að því, sem áður. Jeg skil ekki, hvernig háttv. 2. þingm. G.-K. (V. G.) skuli samt sem áður geta kallað safnið sýslubókasafn. Ef svo væri, þá mundu amtsbúar utan Snæfellsnessýslu verða að borga fyrir notkun þess. Jeg gjöri varla ráð fyrir þeim bróðurkærleika hjá Snæfellingum, að þeir mundu taka upp á sig allan kostnað við safnið, en heimila óviðkomandi mönnum þó afnot þess ókeypis, ef það væri skilyrðislaus eign þeirra.

Það var ekki rjettur samanburðurinn hjá háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) á því, hvað margir gætu notað safnið með hægu móti í Stykkishólmi, og hvað margir á Ísafirði; enda hjó háttv. þm. Barðstr. (S. Jenss.) nokkurt skarð í reikning þingmannsins. Það þarf ekki annað en að líta á kortið til að sjá, að Mýrá-, Dala- og Barðastrandarsýslur, að jeg ekki nefni Snæfellsnessýslu, eiga miklu hægra með, að nota safnið í Stykkishólmi, en á Ísafirði, alveg úti á enda landsfjórðungsins. (*Sigurður Stefánsson:* En þessar sýslur eru fámennari); það kann að vera. En jeg hef fengið upplýsingar um, að

safnið í Stykkishólmi er notað ekki í mjög litlum mæli af Ísfirðingum sjálfum, bæði embættismenn þar, meðal annara presturinn í Vigur, og aðrir hafa gjört sjer það að góðu, að fá lánaðar bækur úr bókasafninu í Stykkishólmi. Bæði Ísfirðingar, Önfirðingar og aðrir fleiri þar vestra hafa myndað »hring« til þess, að geta hagnýtt sjer á sem haganlegastan hátt bækur amtsbókasafnsins; þeir hafa fengið lánuð all-mörg bindi í einu, og látið þau svo ganga sín á milli. Þetta kalla jeg að nota safnið.

Háttv, þm. Ísfjk. (Sig. St.) sagði, að nefndin hefði með því að breyta orðunum: »Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi« í: »Til amtsbókasafnsins í Vesturamtinu«, gengið inn á það, að safnið yrði flutt. Jeg mótmæli þessari skoðun sem rangri. Nefndin hefur ekki samþ. neitt um þetta; hún hefur ekki haft tíma til að kynna sjer málið til hlítar; hún var ekki fullviss um það, hvort málinu væri ráðið til lykta og hjelt, að það gæti ef til vill orðið að samningamáli, hvar safnið yrði eptirleiðis. En nú sje jeg, að það er komið í það horf, að um slíkt getur varla verið að ræða, með því að lögfullt afsal á safninu í hendur Snæfellinga hefur þegar farið fram, með því þó að aðrir amtsbúar fái að nota það.

Eitt undrar mig. Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.), sem sækir mál þetta með skiljanlegu kappi, stendur hvorki skrifaður undir amtsráðsfundargjörðina 1906 nje 1907. Háttv. þm. (Sig. St.) er þó sá nefndarmaður í hjeraði, að jeg hefði búizt við að sjá nafn hans undir fundargjörðum þessum, en í stað þess stendur nafn sjera Páls Stephensens. Ef háttv. þm. (Sig. St.) hefði verið á amtsráðsfundum þessum, þá er óvíst, að svo væri komið sem nú er komið, en kjósendur hans og hjeraðsbúar fá nú að gjalda þess, að hann var þar ekki til þess að halda uppi svörum fyrir þá.

Jeg drap að eins á breyt.till. háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.) í dag, og gat þess þá, að hann mundi sjálfur gjöra grein fyrir þeim. Háttv. þm. (Þ. J.) hefur nú svo ljóslega gjört grein fyrir því, hvílík þörf sje á því fyrir austurhluta Húnavatnssýslu, að bryggjan á Blönduósi sje lengd, svo að hún geti komið að notum, að jeg hef þar engu við að bæta. En nefndin mun taka málið til yfirvegunar til 3. umr., hvort eigi sje gjörlegt að veita einhvern styrk til bryggjugjörðarinnar, þótt eigi verði hann máske eins hár og háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.) fer fram á. Jeg fyrir mitt leyti mun veita málinu fylgi mitt.

Nú mun ekki vera margt eptir, sem þörf er á að athuga; það er nú orðið framorðið, og lík jeg máli mínu með þeirri von, að háttv. deild sýni breyt.-till. nefndarinnar við þennan kafla fjárlaganna sömu velvild, eins og hún sýndi breyt.till. hennar við fyrri kaflann.

Byrjaði þá atkvgr. kl. 8 og fór hún þannig fram.

ATKV.GR.:

28. Breyt.till. (504) við 14. gr. A. b. 5. samþ. í e. hlj.
29. Breyt.til. (504) við 14. gr. A. b. 6., samþ. með 11 samhlj: atkv.
30. Breyt.till. (504) við 14. gr. B. II. 6., felld með 7 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Ólsen,
Ág. Flygenring,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Guttormur Vigfúss.,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Stefánss.,
Jón Jakobsson,	Steingrímur Jónss.,
Þorgr. Þórðarson.	Valtýr Guðmundss.,
	Þórarinn Jónsson.

31. Breyt.till. (504) við 14. gr. B. VII. b. 3., samþ. með 8 atkv. gegn 3.
32. Breyt.till. (504) við 14. gr. B. VII. b. 3. (nýr liður), samþ. í e. hlj.
Breyt.till. (530) við 14. gr. B. VII. b. 3., (nýr liður), samþ. í e. hlj.
Breyt.till. 1 (534) við 14. gr. B. VII. d. tekinn aptur.
Breyt.till. 2 (534) við 14. gr. B. VII. g. (komi 2 nýir liðir):
h. liðurinn samþ. í e. hlj.
i. liðurinn tekinn aptur.
33. Breyt.till. (504) við 14. gr. B. VII. o., samþ. með 9 atkv. gegn 2.
34. (504) við 14. gr. B. VIII. (nýr IX. liður), samþ. með 7 atkv. gegn 4.
35. Breyt.till. (504) við 14. gr. B. X. b., samþ. með 8 atkv. gegn 2.
36. Breyt.till. (504) við 14. gr. B. X. c., samþ. með 8 atkv. gegn 2.
37. Breyt.till. (504) við 14. gr. B. X. d., samþ. með 8 samhlj. atkv.
38. Breyt.till. (504) við 14. gr. B. X. e., samþ. með 8 atkv. gegn 4.
14. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
39. Breyt.till. við 15. gr. 1. c., samþ. með 7 samhlj. atkv.
40. Breyt.till. við 15. gr. 2. c., samþ. með 11 samhlj. atkv.
Breyt.till. (530) við 15. gr. 2. c., felld með 7 atkv. gegn 6.
Breyt.till. (530) við 15. gr. 2. (nýr liður d.), sþ. með 7 atkv. gegn 3.
41. Breyt.till. (504) við 15. gr. 2. (við aths.), samþ. í e. hlj.
42. Breyt.till. (504) við 15. gr. 21., sþ. með 10 atkv. gegn 1.
43. Breyt.till. (504) við 15. gr. 25., sþ. með 7 atkv. gegn 6.
44. Breyt.till. (504) við 15. gr. (nýr 26. liður), samþ. með 10 atkv. gegn 1.
15. gr., svo breytt, samþ. með öllum atkv.
45. Breyt.till. (504) við 16 gr. 10, sþ. með 9 samhlj. atkv.
46. Breyt.till. (504) við 16. gr. 11. a. og b., samþ. með 7 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Ólsen,
Eiríkur Briem,	Ág. Flygenring,
Guðj. Guðlaugsson,	Guttormur Vigfúss.,
Jóh. Jóhannesson,	Steingr. Jónsson,
Jón Jakobsson,	Valtýr Guðmundss.,
Sigurður Stefánss.,	Þórarinn Jónsson.
Þorgr. Þórðarson.	

47. Breyt.till. (504) við 16. gr. 21. (við aths.) tekin aptur.
1. Breyt.till. (533) við 16. gr. (nýr liður á eptir 24. lið), felld með 7 atkv. gegn 5.
48. Breyt.till. (504) við 16. gr. 26, sþ. með 9 samhlj. atkv.
2. Breyt.till. (533) við 16. gr. (nýr liður á eptir 28. lið), samþ. með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr. og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Sigurður Jensson,
Ág. Flygenring,	Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugss.,	Sigurður Stefánss.,
Gutt. Vigfússon,	Steingr. Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Valtýr Guðmundss.
Þórarinn Jónss.,	
Þorgr. Þórðarson.	

Breyt.till. (539) við 16. gr. (nýr 29. liður), felld með 9 atkv. gegn 3.
16. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
17. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
49. Breyt.till. (504) við 18. gr., samþ. með 8 atkv. gegn 1.
50. Breyt.till. (504) við 18. gr., felld með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Ólsen,
Eiríkur Briem,	Ág. Flygenring,
Guðj. Guðlaugss.,	Gutt. Vigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Stefánss.,

Já:	*Nei:*
Jón Jakobsson.	Steingr. Jónsson, Valtýr Guðmundss., Þórarinn Jónsson, Þorgr. Þórðarson.

51. Breyt.till. (504) við 18. gr., samþ. með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Ólsen,
Ág. Flygenring,	Guttormur Vigfúss.,
Eiríkur Briem,	Steingr. Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Þórarinn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Þorgr. Þórðarson.
Jón Jakobsson,	
Sigurður Stefánss.,	
Valtýr Guðmundss.	

52. Breyt.till. (504) við 18. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.

53. Breyt.till. (504) við 18. gr., samþ. með 12 samhlj. atkv.
18. gr. frv., breytt, samþ. í e. hlj.
19. gr. frumv., samþ. í e. hlj.
20. gr. frumv. með sjálfsagðri breytingu, samþ. í e. hlj.

54. Breyt.till. við 21. gr. 3. málsgr., samþ. með 12 samhlj. atkv.

55. Breyt.till. við 21. gr. 4. málsgr., samþ. með 10 samhlj. atkv.
Breyt.till. (528) við 21. gr. 2. máls.-gr. 4. lið, felld með 7 atkv. gegn 5.

56. Breyt.till. (504) við 21. gr. 5. málsgr., samþ. með 10 samhlj. atkv.
Breyt.till. (504) við 21. gr. 6. málsgr., samþ. með 10 atkv. gegn 2.
Breyt.till. (504) við 21. gr. 7. málsgr., samþ. í e. hlj.
Breyt.till. (504) við 21. gr. 8. málsgr., samþ. með 7 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Ólsen,
Eiríkur Briem,	Ág. Flygenring,
Guðj. Guðlaugsson,	Gutt. Vigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Stefánss.,
Jón Jakobsson,	Valtýr Guðmundss.,
Steingr. Jónsson,	Þorgr. Þórðarson.
Þórarinn Jónsson.	

Breyt.till. (504) við 21. gr. 9. málsgr., samþ. með 11 samhlj. atkv.
Breyt.till. (504) við 21. gr. 10. málsgr., sþ. með 10 samhlj. atkv.
Breyt.till. (504) við 21. gr. 11. málsgr. samþ. með 7 atkv. gegn 5.

57. Breyt.till. við 21. gr. (ný málsgr. á undan 12), samþ. með 9 samhlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn kaflanna, samþ. án atkv.gr.
Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. septbr. kom fjárlagafrumv. (A. 580, 598, 599) til 3. umr.

Framsögumaður (Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv.): Það er gleðilegt að sjá, hve fáar breyt.till. hafa komið fram við þetta fjárlagafrumv. frá þeirri mynd, sem deildin skildi við það í eptir 2. umr. Skoða jeg það sem vott þess, að háttv. deildarmenn sjeu yfirleitt ánægðir með meðferð nefndarinnar á frumv. bæði fyrir og undir 2. umr.

Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með 14 breyt.till. við frumv., en margar þeirra eru mjög lítilfjörlegar og aðeins orðabreytingar. Skal jeg þá leyfa mjer að taka fyrir hinar einstöku breyt.till. bæði frá nefndinni og háttv. þingdm. Fyrst skal jeg geta þess, viðvíkjandi 2. gr. 7. lið, nafnbótaskattinum, að þó að ekki liggi fyrir breyt.till. frá nefndinni um, að nema burt þær 276 kr., er þar er um getið, þá er það alls ekki af því, að nefndin hafi verið öll ásátt um, að þessi liður ætti að

standa. En hins vegar vildi hún ekki koma með þá brt. af því, að þar sem háttv. Nd. hafði einusinni sett þetta inn, þá var óvíst nema hún mundi setja það inn aptur, þó það yrði fellt burt hjer. En hitt kom öllum saman um, að telja það eðlilegt og sanngjarnt, að ef farið yrði í mál út af þessu atriði, þá væri þeim mönnum, sem gjald þetta á að heimtast hjá, veitt gjafsókn í málinu. Því að úr því að þessi liður er settur inn, þá getur verið, að þessir menn neyðist til að fara í mál, ef þeir eru sömu skoðunar sem ýmsir þingdm. þessu viðvíkjandi. Ekki sízt, þar sem þeir hafa tekið við þessum nafnbótum í því trausti, að þeim fylgdi engin slík kvöð eða gjald. Jeg tek þetta fram fyrir nefndarinnar hönd til þess að sýna, að hún býst við og leggur til að þessum mönnum verði veitt gjafsókn, ef til máls kemur út af þessum skatti. Þá kemur 1. breyt.till. nefnd. við 5. gr. 1. aths., sem fer fram á, að í stað »hvort árið« komi: »fyrra árið«. Það er segja, að sú 300 kr. ívilnun, sem prestinum í Staðarstaðarprestakalli er veitt af árgjaldinu hvort árið til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, verði að eins veitt fyrra árið. Þar sem nú má búast við eptir lögum þeim, sem liggja hjer til samþykktar fyrir þinginu, að kirkjujarðirnar verði seldar, þá fannst nefndinni óþarfi að landssjóður legði fram fje til þeirra og byggi þannig í haginn fyrir kaupendur, án þess að hafa nokkuð upp úr því við söluna. Þó vildi nefndin ekki stryka út upphæðina fyrir bæði árin, af því að hún hjelt, að verið gæti, að presturinn hefði þegar gjört einhverjar ráðstafanir í von um styrkinn eða væri jafnvel búinn að leggja eitthvað af fje nú út fyrirfram. Enda er bezt, að slíkar breytingar beri eigi svo brátt að, að þær komi mönnum alveg að óvörum.

Þá kemur 2. breyt.till. á sama þgskj við 10. gr. Þar stendur »og til milliþinganefnda *allt að* 14,000 kr.« leggur nefndin til að orðin: »allt að« falli burt. Eptir umtali og uppást. háttv. 6. kgk. þm. fannst nefndinni ástæða til að koma fram með þessa breyt.till. Menn geta sem sje ekki vitað fyrirfram, hve mikið milliþinganefndirnar muni kosta, en orðalagið »allt að« bendir til þess, að ekki megi hærra fara. En ekki er gott að rígskorða þannig fjárupphæðina við eina tölu; þegar svona stendur á, vona jeg því, að háttv. deild verði ekki á móti þessari breyt.till. Næst kemur breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. 6. g, er fer fram á að í stað: »1200 kr.« til viðhalds á húsum Holdsveikraspítalans komi: 2,400 kr. fyrra árið. Nefndinni barst erindi frá spítalastjórninni, sem skýrir frá því, að brýn nauðsyn sje á að þjetta veggi spítalans og ýmsum fleiri endurbótum, því að nú streymi viða vatn inn með gluggum, og veldur það miklum sagga og kulda, auk þess sem það feygir viðinn. Jeg býst því við, að mönnum þyki ástæða til að sinna þessu, og telji sjálfsagða umbót þessa. En smíðameistari hefur skoðað húsið og telst honum svo til, að komast megi af með þessa upphæð.

Þá á nefndin breyt.till. við 13. gr A 4 a. Eins og háttv. þingdeildarmenn muna, minntist háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.)á það við 2. umr., að hann áliti heppilegt, að pósthúsið væri einnig opið einhvern tíma á sunnudögum. Nefndin hefur því lagt til, að það verði opið eina stund hvern helgan dag, en stytt aptur tímann á virku dögunum niður í 9 stundir. Það voru skiptar skoðanir manna á því, hvort fjölga ætti þeim stundum, sem pósthúsið væri opið virka daga, en hitt álitu allir heppilegt, að fólk hefði aðgang að því einhverntíma á hverjum

helgum degi, hvort sem skip væru nýkomin eða ekki. Pósthúsið hefur ávallt verið opið einhvern tima á helgum dögum, þegar póstur eða skip hafa komið kvöldið áður eða sama dag, en nú er meiningin, að það verði opið á helgum dögum eina stund, hvernig sem á stendur, svo að allt af sje aðgangur að því á sínum vissa tíma.

Næst kemur breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. III, er fer fram á, að styrkurinn til þjóðvega i Sunnlendingafjórðungi fyrra árið verði lækkaður um 9,000 kr., eða úr 15,000 kr. niður í 6,000 kr. Þetta stendur í sambandi við það, sem nefndin rjeð til að stryka út og fellt var hjer í deildinni við 2. umr., nefnilega 29,000 kr. til brúar á Ytri-Rangá. Þar með er eiginlega líka fallin þessi upphæð, sem ætluð var til vegagjörðar á þeim króki frá núverandi vegi og niður að brúarstæðinu við Rangárfoss, sem orðið hefði, ef brúin hefði verið sett á þeim stað, svo að þessi breyt.till. er bein afleiðing af atkvæðagreiðslunni hjer í deildinni um brú á Ytri-Rangá.

Þá er br.till. á þgskj. 612 við sama lið, sem fer fram á, að styrkurinn til vegagjörðar i Austfirðingafjórðungi, sem er fyrra árið áætlaður 11,000 kr. en síðara árið 7,000 kr., sje síðara árið hækkaður upp í 12,000 kr., og fylgir sú athugasemd, að 5,000 kr. af síðari árs styrknum skuli ganga til vegar frá Hólum að Bjarnanesi í Austur-Skaptafelssýslu. Flutningsm. þessarar breyt.till. er háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.). Þetta er allmikil hækkun og kemur fram á síðustu stundu og nefndinni að óvöru, svo að hún hafði ekki tæki til að halda fund um málið. En jeg gat þó fengið tíma til að tala við hina einstöku meðnefndarmenn mína hjer inni í deildinni, og hygg jeg, að þeir sjeu allir á móti hækkuninni. Það er ekkert fje ætlað til þessa vegar af stjórninni, og finn jeg því enga ástæðu til að hækka þennan lið að óundirbúnu máli.

Þá kemur næst breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B VII d. Hefur nefndin leyft sjer að hækka þennan lið, til Flensborgarskólans, úr 2,500 kr. upp í 3,500 kr. hvort árið. Við nánari athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að hækka þennan lið sökum þess, að aðsóknin að skóla þessu er svo mikil, að nú mun vera um hundrað manns, sem sótt hafa um skólann. En sú mikla aðsókn gjörir það að verkum, að óumflýjanlegt er að launa sjerstakan kennara, til að halda uppi síðdegiskennslu. Fyrir það, hve mikið traust almenningur ber til skóla þessa, verður hann að leggja meira í sölurnar hvað kennslukrapta snertir, en hann hefur efni á. Býst jeg því við, að háttv. deild samþykki þessa breyt.till. einum rómi.

Sömuleiðis býst jeg við, að háttv. 4. kgk. (Ág. Fl.) og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) taki þá eptur br.till. sína á þgskj. 599, sem hljóðar um sama. Jeg skal geta þess um leið, að á því þgskj. hefur slæðzt inn prentvilla. Þar vantar inn í B á undan VII á tveim stöðum.

Viðvíkjandi síðari breyt.till. á sama þgskj. skal jeg geta þess, að nefndin er mótfallin þeirri hækkun á styrknum til skólans, til brunabótagjalds o. fl. Nefndin lítur svo á, að þar sem skóla þessum er nú veittur svo ríflegur styrkur, þá sje ekki ástæða til að veita þessa fjárupphæð, þar sem heldur aldrei fyr hefur verið farið fram á fjárveitingu í þessu skyni.

Þá kemur breyt.till. nefndarinnar

við 15. gr. 2 a, þess efnis, að í stað orðanna: »til amtsbókasafnsins á Akureyri«, komi: »til amsbókasafnsins í Norðuramtinu«. Þetta er í samræmi við breytingu þá, sem samþykkt var við 2. umr. hjer í deildinni, á 2 c. í sömu grein, þar sem sett var: »í Vesturamtinu« í staðinn fyrir: »í Stykkishólmi.« Þetta er því sett inn einungis til þess, að koma á samræmi á milli þessara liða. Sama er að segja um næstu breyt.till. á eptir. Þar er að eins samskonar orðabreyting. Nefndin áleit, að rjettara væri, að orða þessa liði þannig, þar sem ekki virðist ómögulegt, að söfnin kunni einhverntíma að verða flutt úr stað.

Þá er komið að 9. breyt.till. nefndarinnar við 12. lið í 15. gr., og er tillaga nefndarinnar, að hann orðist á þessa leið: »Til Brynjólfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár 400—400«. Þetta er í samræmi við uppástungu háttv. 3. kgk. þingm. (B. M. Ól.), og er nefndin honum fyllilega samdóma, að þetta sje heppilegasti maður til þess, að undirbúa þessa skrá, sem stendur í sambandi við frumv. það, er verið hefur hjer til meðferðar á þingi í sumar um verndun fornmenja. Þar sem maður þessi er orðinn aldraður, þá á hann orðið erfitt með að ferðast, en með þessu móti getur kunnátta hans komið að góðum notum. Þessi maður er líka alls góðs maklegur fyrir störf sín við fornmenjarannsóknir. Þessi gamli maður er nú tæplega fær orðinn um barnakennslu, og hefur því nefndin leyft sjer, að fara fram á, að styrkurinn til hans sje lítillega hækkaður, þannig að hann fái 400 kr. á ári í stað 300 kr., og býst jeg við, að hin háttv. deild samþykki þessa hækkun til þessa manns, sem á það margfaldlega skilið.

Þá skal jeg snúa mjer að breyt.till. á þgskj. 598 frá h. 3. kgk. þm. (B. M. Ól.) Breyt.till. þessi fer fram á, að á eptir 24. lið komi nýr liður svo hljóðandi: »Verðlaun til frú Stefaníu Guðmundsdóttur 600 kr. (fyrra árið).« Jeg skal lýsa því yfir, að nefndin er ekki mótfallin þessari breyt.till., og mun eigi greiða atkvæði móti henni þrátt fyrir atkvæðagreiðsluna við 2. umr., og er það af því, að bæði er upphæðin nú minni, og svo kemur hún öll á fyrra árið, svo að þetta ber ekki að skoða sem fastan styrk.

Þá kem jeg að 10. breyt.till. nefndarinnar um, að á eptir 32. lið í 16. gr. komi nýr liður svo hljóðandi: »Til Helga Jónssonar til mýra- og grasafræðisrannsókna 1200—1200«.

Nefndin fer fram á, að setja inn þennan lið eins og hann var samþykktur við 2. umræðu frumv. í Nd. Þessi breyt.till. stendur í sambandi við aðra breyt.till. frá nefndinni við 16. gr. 7. lið, sem vjer leggjum til að falli burtu. Nefndin gat ekki komið með breyt.till. í þessa átt við 2. umr., því að hún hafði vísað málinu til búnaðarfjelags Íslands, sem raunar vísaði því frá sjer aptur, og svo vissi nefndin heldur ekki um forlög skógræðslufrumvarpsins, sem nú er komið hingað til Ed. Nefndin álítur skógræðslufrumv. heppilegt, og leggur hún því til, að breyt.till. þessi verði samþykkt.

Þá kem jeg að næstu breyt.till. vorri við 16. gr. 2. b., viðvíkjandi bændaskólanum á Hvanneyri. Það var samþykkt hjer við 2. umr., að aðstoðarkennari þar fengi 800 kr. síðara árið, en nú má búast við, að skólinn byrji haustið 1908 og vantar þá fje til þess, að launa aðstoðarkennara til nýárs, og með tilliti til þess, þá hefur nefndin leyft sjer að stinga upp á þessum

300 krónum fyrra árið til Hvanneyrar skólans.

Þá er breyt.till. við 7. lið sömu gr., og hef jeg áður talað um, að nefndin leggur til, að hann sje felldur burtu, en 1200 kr. styrkurinn til Helga Jónssonar sje samþykktur, og honum sje ekki ætlað, að hafa umsjónina með skóggræðslunni, enda sjer nefndin ekki, að »bótanisk« þekking sje nein trygging fyrir því, að maðurinn sje fær til þess, að taka að sjer »forstkandídata« störf.

Þá kem jeg að 13. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. 21. lið, að aptan við athugasemdina bætist: »Eða rita á þau vottorð sitt um það, að sendandi vörunnar hafi, þrátt fyrir áskorun, neitað að láta yfirmatsmanninn meta gæði hennar«. Nefndin hefur tekið til athugunar og hallazt að uppástungu hæstv. ráðherra um þetta, og telur því heppilegt, að bæta þessu við. Með þessu móti leggst talsverð áherzla á það fyrir sendanda, að láta rannsaka gæði fiskifarmsins, því að ella verður það staðfest, að hann hafi ekki viljað láta meta gæði vörunnar, og mun það rýra gildi hennar í útlöndum.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. á þgskj. 606 frá háttv. 5. kgk. (Þór. J.). Þessi breyt.till, fer fram á, að á eptir 24. lið í 15. gr. komi nýr liður svo hljóðandi: »Til þess að lengja og fullkomna bátabryggju á Blönduósi 5,500 kr. fyrra árið«.

Jeg skal geta þess, að nefndin hefur ekki tekið neina ákvörðun um breyt.till. þessa, og get jeg því ekki sagt neitt um hana fyrir nefndarinnar hönd. Jeg skal geta þess, að jeg álít þessa breyt.till. of snemma fram komna; hún ætti að standa í sambandi við og fylgja styrknum til Skipaskaga-bryggjunnar, sem jeg get búizt við að verði tekinn upp í Nd., og verði sá styrkur samþykktur, þá ætti þessi einnig að verða það. Hins vegar skal jeg geta þess, að eins og jeg var með fyrri upphæðinni, sem farið var fram á til þessarar bryggju, eins er jeg með þessum styrk, því að jeg veit, hve mikið nauðsynjamál það er fyrir austurhluta Húnavatnssýslu, að fá bryggju þessa gjörða svo úr garði, að hún geti komið að notum. Jeg tel líklegt, að þingið vildi tryggja sjer það, væri styrkur þessi samþykktur, að Húnavatnssýsla legði til svo riflegan styrk, að landssjóðsstyrkurinn yrði ekki nema $^1/_3$ eða $^1/_4$ hluti af öllum kostnaðinum við bryggjuna.

14. og síðasta breyt.till. nefndarinnar fer fram á það, að á eptir 29. lið í 16. gr. komi nýr liður svo hljóðandi:

»Til Fiskiveiðasjóðs Íslands 6000—6000 kr.«

Þá eru taldar breyt.till. nefndarinnar, og einnig hef jeg minnzt á hreyt.till. einstakra þingmanna, og skal því hjer staðar nnmið.

Ráðherrann: Eins og h. þingd. væntanlega rekur minni til, hjelt h. síðari þm. G.-K. all-langa tölu hjer í deildinni við 2. umr. þessa máls, um fjárhaginn yfirleitt, sjerstaklega um horfurnar við lok næsta fjárhagstímabils, sem þessi fjárlög, er vjer nú höfum til meðferðar, eiga að gilda fyrir. Hann hjelt því fram, að jeg hefði gefið þinginu rangar skýrslur um fjárhaginn, gjört allt til þess að telja þinginu trú um, að fjárhagurinn væri góður, og villt því sýn, meðal annars með því, að tilfæra með tekjum upphæðir, sem ekki sjeu tekjur, og sleppa að tilfæra óhjákvæmileg eða lögboðin gjöld. Með þessu móti hefði mjer lánazt að dylja þingið þess, að tekjuhallinn, sem í frumv, Nd. að eins var talinn rúmar 32,000 kr., sje í raun og veru rjett að segja

hundrað sinnum meiri, sem sje nokkuð á 4. miljón, að landssjóður sje uppjetinn, viðlagasjóður farinn, landið komið á kúpuna, landsbúið orðið þrotabú, og langt fram yfir það. Hann sagði, að jeg hefði tekið við fjárhagnum í bezta ástandi, en eptir 3—4 ára stjórn sje mjer búið að takast að gjöra oss »algjörlega ófæra í sjálfstæðisbaráttu vorri, svo fjárhagslega ósjálfstæða, að ekki væri til neins að hugsa um stjórnlegt sjálfstæði«; gat hann þess, að sumir væru farnir að líta svo á, að þetta hlyti að vera gjört af ásettu ráði, og einn maður hefði meira að segja skotið því að sjer, að það mundi gjört að ráðum Dana, til þess að vjer yrðum knúðir til að leita á náðir þeirra og gjöra oss *þeim* algjörlega fjárhagslega háða. Sjálfur kvaðst hann að vísu verða að álíta, að jeg gjörði þetta af fávizku og »frámunalegu hugsunarleysi« og álfaskap í öllu því, er að fjárhagnum lýtur, en ljet þess þó jafnframt getið, að hann gæti vorkennt mönnum, þó að þeim dytti hitt í hug, og bætti því við frá eigin brjósti, að með ráðlagi stjórnarinnar í fjárhagsmálum væri snúin snara að hálsi oss fjárhagslega, og forsætisráðherra Dana fenginn annar endinn, svo að hann gæti kippt í og hert að, ef vjer værum ekki góð og þæg innlimunarbörn, heldur færum að hreyfa einhverju sjálfstæðiskvabbi.

Svo mörg eru þessi orð.

Jafnvel þó jeg viti vel, að þessar tilgátur og ályktanir um ástæðurnar fyrir þeim fjárhagslega voða, sem tölur þm. áttu að sanna, voru aðalatriðið og mergurinn málsins í þessari »rödd hrópandans«, er hann kvað heyrast út yfir endilangt þetta land, svo alþjóð gæti skynjað, við hvílíka stjórnhún ætti að búa, þá vil jeg að svo stöddu láta mjer nægja að skírskota til þeirra fáu orða, sem jeg sagði um þær við 2. umr., og láta aðra um dóminn um það, er mína persónu snertir. En hinar aðrar staðhæfingar hans og röksemdaleiðslu langar mig til að athuga dálítið nánar, en jeg gat gjört þá; þó að jeg svaraði sumu af því, gat það ekki verið nema í molum, þegar af þeirri ástæðu, að jeg gat ekki sökum starfa í Nd. hlýtt á ræðuna alla, nje hent þráðinn fullkomlega. En nú hefur mjer gefizt kostur á að sjá endurbætta útgáfu af henni í »Ísafold«, eins og jeg gizkaði á um daginn, og hef jeg því nú getað kynnt mjer það, sem þm. hefur viljað láta sjást af því, er hann sagði.

Þess er þá fyrst að geta, að það er alveg ósatt mál, að jeg hafi á nokkurn hátt reynt að gylla fjárhagsástandið um skör fram, eða reynt að telja þinginu trú um, að fjárhagur landssjóðs væri glæsilegur. Þegar jeg skýrði frá fjárhagsástandinu við framlagningu frumv. í Nd., og lagði fram fjárlagafrumv., sýndi jeg það að vísu svart á hvítu, með glöggum tölum, að fjárhagur landssjóður var við árslokin 1906 um fram allar vonir, miklu betri en við mátti búast eptir þeim tekjuhalla — að upphæð yfir 210,000 kr. — sem áætlaður var á fjárlögunum frá síðasta þingi, og þeim miklu gjöldum, sem hafði orðið að greiða eptir nýjum lögum og á annan hátt umfram fjárlög. Jeg skýrði frá því, að tekjurnar urðu árið sem leið, 335,000 kr. fram yfir áætlun, og gat þess, að svo framarlega sem tekjurnar yrðu eins miklar á þessu yfirstandandi ári, eins og þær voru í fyrra, og ekki kæmu óvænt gjöld, þá væri ekki fyrirsjáanlegt, að neinn verulegur tekjuhalli yrði á þessu fjárhagstímabili, þrátt fyrir allmiklar aukafjár-

veitingar í sumar, hvað svo sem æsingablöðin segðu um fjárþröng og »bruðlunarsemi stjórnarinnar«.

En jafnframt tók jeg skýrt fram, og lagði alla áherzlu á það, að þótt enginn voði væri á ferðum, þá væri þó fjárhagurinn allt annað en glæsilegur, því þarfirnar ykjust meira en tekjurnar, og hlytu að gjöra það, ef í horfi ætti að halda. Tekjurnar væru óvissar, og færu mjög eptir því, sem í ári ljeti, svo að öll ástæða væri til að fara varlega, og taka tolla- og skattamál landsins sem fyrst til rækilegrar athugunar og endurskoðunar. Jeg sýndi fram á það, að tekjurnar gætu enganveginn hrokkið fyrir venjulegum og sjálfsögðum gjöldum, nema gildi tollaukalaganna væri framlengt, og þó að þau yrðu framlengd, sem nú er raun á orðin, þá yrðu tekjurnar samt ekki meiri en svo, að þær nægðu í bráðina til venjulegra gjalda, ef ekki væri ráðizt í nein óvenjuleg fyrirtæki, meðan verið væri að endurskoða skattalöggjöfina, og reyna að koma öruggari skipun á.

En til óvenjulegra gjalda eða fyrirtækja væri ekki fje afgangs, og því yrði ekki unnt að ráðast í að verða við hinum almennu óskum og kröfum um nýjar talsímalagningar, sem nú eru helzt á dagskrá þjóðarinnar, nema notuð væri lántökuheimildin eptir lögunum frá 19. desbr. 1903, og lán tekið sjerstaklega í því skyni. Allt þetta má lesa í ræðum mínum í Nd. fyrstu dagana í júlímánuði; endranær hef jeg ekki haft tilefni til að ræða þetta. Allt þetta er rjett og satt, svo hafi þinginu glapizt sýn um fjárhagsástand landsins, sem engin átylla er til að ætla, þá getur það í öllu falli ekki verið að kenna röngum eða villandi skýrslum frá minni hendi.

Jeg vil þá stuttlega athuga hinar reikningslegu röksemdir þingmannsins, og vona jeg, að háttv. þingd. misvirði ekki við mig, þó að jeg kunni að endurtaka eitthvað af því, sem jeg þegar hef sagt við 2. umr. Jeg verð að taka lið fyrir lið.

Þingmaðurinn komst að þeirri niðurstöðu í fjárhagsreikningi sínum, að tekjuhallinn í lok næsta fjárhagstímabils væri rjettilega talinn 3 milljónir, 86 þúsundir, 489 krónur, í staðinn fyrir 32,078 kr., sem frumv. sýndi, er það kom frá neðri deild. Þetta fær hann út með því að leggja við tekjuhalla frumv., sem var 32,078 kr.

1. lánið til nýrra ritsímalagninga	500,000 —
2. væntanlegar upphæðir tvennra fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907	264,462 —
3. »gleymd« útgjöld ýmisleg	206,000 —
4. útgjöld eptir lögum, er samþ. muni verða á þessu þingi	442,100 —
5. lánveitingar af viðlagasjóði	861,849 —
6. ábyrgðir, er á landssjóði hvíla fyrir veðdeild landsbankans og væntanlegt brunabótafjelag	780,000 —
	3,086,489 kr.

Kemur þá fyrst til skoðunar lántakan.

Eins og jeg gat um, er hún ætluð til ákveðins framfarafyrirtækis, nýrra viðbóta við núverandi ritsíma- og talsímakerfi landsins, fyrirtækis, sem að vísu er gott og gagnlegt og jafnvel arðvænlegt, en enganveginn þess eðlis, að telja megi það með árlegum útgjaldaþörfum landsins, eða nauðsyn, er ekki mætti fresta.

En með því það er almenn ósk í

hinum ýmsu landshlutum, sem enn fara varhluta af símasambandi landsins, að þetta dragist ekki úr hömlu, og fyrirsjáanlegt er, að verk þetta verður unnið undir öllum kringumstæðum, þótt eitthvað síðar yrði, þótti stjórninni rjett að leggja það til, að ráðast í það strax, það því fremur, sem síðasta þing gjörði ráð fyrir því. Hins vegar varð stjórnin að líta svo á, að með því að hjer er að ræða um sjerstaklegan kostnað, sem á að koma eptirfarandi árum að notum, og færa arð á komandi fjárhagsárum, þá væri fullkomlega forsvaranlegt og rjett, að skipta kostnaðinum niður á nokkurn tíma, með því að taka til hans lán, er afborgist á nokkrum árum, og jafnvel miklu rjettara og sanngjarnara gagnvart gjaldendum að haga því svo, en taka til þess fje af viðlagasjóði, og það enda jafnvel þótt unnt hefði verið að taka fjeð af tekjum fjárhagstímabilsins. Lántakan verður og að teljast því síður varhugaverð, sem ætla má, að fyrirtækið gefi þegar arð af sjer. Það er í sjálfu sjer laust við hinar venjulegu tekjur og gjöld fjárhagstímabilsins. Stjórnin hefði alveg eins vel getað lagt fyrir þingið sjerstakt frumv. um nýjar ritsímalagningar, þar sem tilgreint hefði verið, hvað byggja skyldi fyrir þær 500,000 kr., sem heimild er til að taka að láni eptir gildandi lögum frá 1903. Þetta hefði þá verið heild út af fyrir sig, og ekki komið hinni eiginlegu fjárhagsáætlun við. Þetta var og upphaflega meining stjórnarinnar, og hefði ef til vill verið heppilegra, til þess að halda till. um símalagningu innan fastra takmarka. En af sjerstökum ástæðum atvikaðist svo, að þeim 500,000 kr., sem stjórnin lagði til að verja í þessu skyni, var skipt niður á fjáraukalög með c. 120 þús. kr. og fjárlög með c. 380 þús. kr., og varð þá auðvitað að færa lántökuna einnig tekjumegin í fjárlögunum til jafnaðar. Með tilliti til þess, er jeg sagði, að þetta fyrirtæki mundi gefa arð af sjer, skal jeg taka það fram, að nú þegar eru tekjurnar af ritsímum og talsímum landsins milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar svo miklar, að þær borga rekstrarkostnaðinn vel; en þó að vesturlandsálman og austursveitaálman og fleiri talsímalínur bætist við, þá eykst ekki rekstrarkostnaðurinn að mun, því stjórnarkostnaðurinn verður hinn sami, kostnaður við aðalskrifstofu hinn sami, kostnaður við ritsímastöðvarnar á Seyðisfirði, Akureyri og í Reykjavík hinn sami, og í aths. við fjárlögin er sjeð fyrir því, að starfræksla á öllum talsímastöðvum verður landinu kostnaðarlaus á hinum nýju línum. Starfrækslukostnaður, sem við bætist, er því að eins kostnaður við Ísafjarðarstöðina, og svo viðhaldskostnaður á hinum nýju símum, sem er miklu minni á fyrirhuguðum stálsímum en koparsímum, og hlyti því mikill hluti af tekjunum af þessum nýju símum að verða afgangs kostnaði, og innan skamms að nægja til þess að borga renturnar af láninu, eða vel það.

Að kalla þessa lántöku »tekjuhalla« getur samkvæmt þessu ekki náð neinni átt. Þá mætti einnig nefna það »fjárhagsvoða«, eða »tekjuhalla«, er útvegsmaður tekur lán til að auka útveg sinn, framkvæmdarbóndi lán til þess að bæta jörð sína, eða þegar atvinnustofnun, verzlun eða banki hagnýtir sjer lánstraustið til þess að auka verksvið sitt og gróðavon.

En hvað sem um það er, þá er það í öllu falli bersýnilega rangt, að telja þessa lántöku með tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili, eins og þgm, (V. G.) hefur gjört, þar sem það er

beint tekið fram í fjárlögunum, að af láninu á ekki einu sinni að greiða afborgun á því fjárhagstímabili, heldur á það að endurborgast á 15 árum, frá 1. júní 1910 að telja. Um það leyti, sem hann hjelt ræðu sína, var afborgunarfresturinn jafnvel settur 20 ár. Það er því með fullri vissu hægt að segja, að ummæli þm. um, að engum öðrum, en fjármálastjórn vorri mundi detta annað í hug, en að telja þessa lánsupphæð með tekjuhalla fjárlagafrumv., er fjarstæða ein, furðulegur misskilningur eða feimnislítil brella. Það má því óhætt draga frá tekjuhalla upphæð hans þessar 500,000.

2. Þá kem jeg að næstu viðbótinni hans, því fje, sem nú er veitt í fjáraukalögunum fyrir 1906 og 1907, og því, sem væntanlega verður veitt fyrir sömu ár á næsta þingi. Það má vissulega furðu gegna, að maður, sem hefur spjallað eins mikið um fjármál eins og háttv. þm., og jafnvel verið framsm. fjárlaganefndar í Nd., eins og þm. var einu sinni á sínum fyrri vona- og tilraunaárum, skuli geta látið sjer sæma, að bera það fram hjer í þingsalnum, að gjöld, sem hann sjálfur játar að tilheyri árunum 1906 og 1907, eigi jafnframt að teljast í tekjuhalla fyrir fjárhagstímabilið 1908 og 1909! Væri ekki nægar tekjur fyrir hendi til þess að greiða þessi fjáraukalagagjöld á yfirstandandi fjárhagstímabili, þá kæmu þau auðvitað til frádráttar í viðlagasjóði við lok *þessa* árs, samkvæmt beinum fyrirmælum 19. gr. í núgildandi fjárlögum, en gætu undir engum kringumstæðum orðið til að auka tekjuhalla fjárlaganna á næsta tímabili. En þetta snertir nú fremur form en efni. Aðalatriðið er það, að þessi gjöld, sem hjer er um að ræða, þau *eru* sumpart þegar útborguð á árinu 1906, sumpart *verða* þau fullborguð af tekjum yfirstandandi árs, og meira til.

Eins og jeg þegar hef skýrt frá við 2. umræðu, er þegar borgaður á árinu 1906 allur kostnaður við ritsímalagninguna í fyrra, þar á meðal einnig umframgreiðslan, sem þm. hyggur að muni nema um 60,000 kr., og ýmislegur annar kostnaður, sem aukafjárveitingar mun verða leitað fyrir, þegar landsreikningarnir koma til samþykktar, þar á meðal t. d. 52,000 kr. til innkaupa á baðtóbaki, sem mest er til í birgðum enn. Verði tekjur þessa yfirstandandi árs eins miklar eins og tekjurnar í fyrra, og um það þarf vart að efast, sízt er síldartollshækkunar- og bitterskatturinn kemur til í viðbót, þá munu tekjurnar fyrir fjárhagstímabilið nema umfram áætlun að minnsta kosti ..... 670,000 kr.

Af þessari upphæð borgast:

1. Hinn áætlaði tekjuhalli 1906—1907	210,589 kr.	
2. Umframgreiðslur, sem leita þarf aukafjárveitingar fyrir á þingi 1909 (áætlun V. G.)	120,000 kr.	
3. Upphæðin, sem veitt er á fjáraukalögum á þessu þingi	144,462 kr.	
		475,051 kr.
Eptir		194,949 kr.

Það væri því vissulega að bera í bakkafullann lækinn, að telja upphæðir þessara tveggja fjáraukalaga líka til tekjuhalla 1908—1909, og ber því hjer

aptur að draga frá tekjuhalla-upphæð þm. 264,462 kr.

3. Þá kemur að upphæðum þeim, er þm. telur gleymdar í fjárlögum og fjáraukalögum, Ein af þessum upphæðum er kostnaðurinn við móttöku konungs og ríkisþingsmanna í sumar, »heimboðskostnaðurinn«, er hann svo nefnir, og áætlar 150,000 kr. Eins og gefur að skilja, kemur þessi upphæð til greiðslu á yfirstandandi fjárhagstímabili, verður færð til gjalda í landsreikningnum 1907, og væri ekki fje af tekjum fjárhagstímabilsins til þess að greiða hana, þá kæmi hún til frádráttar í viðlagasjóði nú í árslokin, eins og fyr greinir, en gæti undir engum kringumstæðum færzt yfir sem tekjuhalli á fjárlögunum 1908 og 1909, þótt þm. leggi sig allan til. En eptir því sem til taldizt áðan, voru eptir 194,949, kr. af tekjum fjárhagstímabilsins, þegar áætlaðir tekjuhallar og fjáraukalagaupphæðirnar voru frá dregnar, og ætti því að vera til fyrir þessari upphæð líka. Hjer ber því enn að draga frá tekjuhalla-upphæðinni hans 150,000 kr.

Þá er önnur upphæð, sem hann nefnir, 20,000 kr. sektafje fyrir ólöglegar fiskiveiðar, sem hann telur ranglega fært til tekna í fjárlagafrumvarpinu, segir, að landssjóður verði að borga það nær allt út aptur, $^2/_3$ í ríkissjóð og $^1/_3$ í Fiskiveiðasjóð. Við þetta er það að athuga, eins og jeg þegar mun hafa tekið fram við 2. umræðu, að í ríkissjóð á að eins að greiða $^2/_3$ sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar *þeirra* útlendra skipa, *sem eptirlitsskipið handsamar* og dregur fyrir dóm á Íslandi, en nú er allmikið af skipum handsamað eða sektað, án þess þau sjeu dregin fyrir dóm af eptirlitsskipinu, og af þeim sektum fær ríkissjóður ekkert. Auk þess hefur þm. sjezt yfir það, að í 19. gr. fjárlagafrumv. eru áætlaðar 10,000 kr. meðal annars einmitt til þessarar greiðslu í ríkissjóðinn, eins og beint er tekið fram í greininni, og mun því upphæð sú, sem landssjóði er ætluð til hreinna tekna af sektum fyrir fiskiveiðabrot í 2. gr. 18 cfr. 19. gr. fjárlagafrumv., alls ekki of hátt sett. Í ár er hluti landssjóðs þegar orðinn talsvert meiri, en þessu nemi. Það er því enginn ástæða til að draga þessa upphæð frá tekjum eða færa hana til gjalda, og ber því enn að draga frá tekjuhalla-upphæð þm. 20,000 kr. Enn fremur ber að draga frá þeirri hallaupphæð 10,000 tillag, sem hann telur til hins sameiginlega brunabótasjóðs fyrir sveitabæi, sem er alls ekki stofnaður enn. Aptur á móti er það rjett hjá þm., að í fjárlagafrumv. vantar að færa til útgjalda 6,000 kr. á ári til Fiskiveiðasjóðsins, tillag samkvæmt lögum 10. nóv. 1905; en þar sem Fiskiveiðasjóðurinn er eign landssjóðs — að eins deild af honum, sem varið er til sjerstakra landsþarfa, þá gjörir það naumast fjárhagnum til eða frá, enda verður bætt úr þessu í dag. Viðvíkjandi 14,000 kr. til tveggja millilinganefnda, sem þgm. telur sem gleymda upphæð, er það að segja, að hvorug þessara nefnda var til, þegar stjórnin samdi fjárlagafrumv., en fjárlaganefnd Ed. var búin að taka þessa upphæð upp, þegar þm. hjelt tölu sína, svo þá aðfinnslu hefði hann getað sparað sjer.

Af þeim »gleymdu« gjöldum, sem þm. telur, eru þannig að eins 14+12 =26,000, sem til útgjalda koma á fjárhagstímabilinu 1908 til 1909, en ekki 206,000, eins og hann segir, og lækkar því upphæð gleymdu gjaldanna og þar með tekjuhalla-upphæðin hans þar enn um 180,000 kr.

4. Þá er komið út að fjárgreiðslum eptir lagafrumvörpum, sem enn eru

ekki orðin að lögum, og sum alls ekki einu sinni tilbúin frá þinginu. Fjárgreiðslur eptir nýjum frumv., sem ekki eru orðin að lögum, hafa aldrei til þessa verið taldar með í tekjuhalla fjárlaga, og er því bezt að láta hjer staðar numið í svip, og líta aptur fyrir sig, hvað nú stendur eptir af bollaleggingum þingmannsins. Hann stansaði og þar við sjálfur og sagði, að með fjáraukalagagjöldum og gleymdum gjöldum, væri tekjuhallinn kominn upp í 1,205,049 kr.

Samkvæmt því, sem sýnt er og sannað hjer að framan, ber að draga frá þessari upphæð hans sem rangtalið af honum, 500,000+264,462+180,000 = 944,462 kr. Mismunurinn er 58,078 kr. sem er hinn áætlaði tekjuhalli Nd., að viðbættum þeim 26,000 kr. til millilþinganefndanna og Fiskiveiðasjóðsins, sem jeg nýskeð nefndi. Eptir reikningsspeki þm. átti þessi eiginlegi tekjuhalli að vera of lágt talinn um 970,462 kr., en reynist að vera of lágt talinn um 26,000 kr. Máltækið segir, að fáir ljúgi meira en helming, þ. e. 100% en hjer hefur síðari þm. K.-G. (V. G.) gjört kjósendum sínum þann sóma, að skara langt fram úr öllum slíkum reglum; hann hefur þarna kritað liðugt um 3,733%, eða liðlega þrjátíu og sjö-faldað sannleikann, þegar *áður* en kemur að örgustu fjarstæðunum hans Allt í allt hundraðfaldar hann, eins og áður er á vikið.

Fjárhæðirnar, sem þm. telur eptir lögum, er samþykkt *verði* á þessu þingi, eru flestallar í lausu lopti, og sumar eru svo fráleitar, að ekki verður sjeð, að honum geti hafa gengið annað til að nefna þær, en þörfin á því, að láta það eitthvað heita.

Langstærsta upphæðin, sem hann nefnir til þessa flokks, er 150,000 kr. til launa og eptirlauna sóknarpresta. Þetta er samkvæmt tillögu í Ed. sem hann hlaut að vita, að Nd. vildi ekki samþykkja. En í öllu falli hlaut maðurinn að vita, þegar hann kom fram með þetta, að Ed. ætlaði sjer aldrei að demba þessari upphæð á landssjóðinn, án þess að hækka tekjur hans að því skapi með nýrri tollhækkun, og samþykkti frumv. um það jafnframt. Að telja samt þessa upphæð til tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili er einhver hærri stjórnmálavizka, sem jeg fyrir mitt leyti á bágt með að skilja.

Einnig telur þingmaðurinn sem ný útgjöld laun til stjórnar fræðslumála, þótt hann hljóti að vita, að á frumvarpinu stendur upphæð fyrir samskonar starf, sem fellur niður, ef alþýðufræðslufrumv. verður samþykkt og fræðslumálastjóri skipaður. En jeg sje ekki til neins að vera að fara frekar út í þessar lausaloptsupphæðir, meðan ekki er sjeð fyrir endann á lagafrumv. þeim, sem þær eru gripnar úr. Jeg held þó, að óhætt sje að sleppa nú þegar alveg 51,000, sem hann áætlar til húsmæðraskóla, úr því hann er sofnaður í nefnd; kennaraskólakostnaðinn er víst bezt að setja heldur ekki fyrir sig að svo stöddu, enda skiptir þar talsverðu, hvor deildin yrði ofan á, ef nokkuð verður úr málinu yfir höfuð. Viðvíkjandi vitabyggingakostnaðinum er það að segja, að líklega verður talsvert af honum borgað á þessu ári, og kemur það ekki til gjalda — og þá ekki heldur til tekjuhalla — á næsta fjárhagstímahili. Hugsanlegt er, að það, sem borgað verður af honum í ár, valdi heldur ekki miklum tekjuhalla á yfirstandandi fjárhagstímabili, ef ekki verða óvænt gjöld, og hinar nýju tekjugreinar greiðast vel. Eitt er víst, og það er það, að opt hafa verið fyrir hendi fullt eins mikil út-

gjöld utan fjárlaga eptir nýjum lögum, eins og nú er útlit fyrir að verði, og hefur ráðizt vel fram úr, af því tekjurnar hafa farið fram úr áætlun, sjerstaklega á síðustu undanförnum fjárhagstímabilum. Tekjuáætlunin er enn gjörð eptir sömu grundvallarreglu, tekið meðaltal af meðaltölum tekna á síðastliðnum fimm ára og þriggja ára tímabilum, að viðbættum tollauka, og sje ekki því meira harðæri og óáran fyrir hendi, er því mjög sennilegt, að eins kynni að reynast enn, að útgjöldunum eptir nýjum lögum fleyttist af án tekjuhalla, þó að það sje auðvitað engin vissa. En mjög miklum tekjuhalla gætu þau undir engum kringumstæðum valdið, því svo mikið má í öllu falli þegar segja með vissu, að þessi gjöld nema varla helmingnum af því, sem háttv. þm. telur; fyrir víst 203,500 kr. má þegar draga frá upphæðinni, sem hann nefnir, ef til vill betur síðar.

5. Þá eru lánin! Auðvitað nær það undir engum kringumstæðum neinni átt, að telja sem tekjuhalla lánsheimildir, sem standa í fjárlögunum — o: leyfi þingsins til þess að fje sje lánað út af landssjóði gegn veði og vöxtum, ef það er fyrir hendi. — Lánin eiga, eptir beinum orðum heimildanna að veitast af *viðlagasjóði*, það er: af samanspöruðum tekjuafgangi landssjóðs, og hafa engin áhrif á tekjuhalla fjárlaganna. En úr því þm. áleit það ekki sóma sínum óskylt, að hrúga upp þessu hrófatildri ofan á hinar missagnirnar sínar, sem búið er að hrekja, að eins til þess að gjöra fjárhaginn ægilegan og stjórnina og meiri hlutann tortryggilegan í augum fávísra manna, þá hefði honum ekki átt að vera ofraun að fara rjett með tölurnar. Hefur hann þó ekki gjört það? Ó-nei. Ekki fremur en fyrra daginn. Í frumvarpinu, eins og það kom frá Nd., stendur með berum orðum, að lánsheimildir til sýslufjelaga til símaframlaga sje allt að 60,000 kr., ekki meira. Samt telur þingmaðurinn þessa lánsheimildina 105,400 kr., eða 45,400 kr. um fram sannleikann, og leggur saman eptir því. Hann telur með lánsheimildir, sem stjórnin átti alls engan þátt í að styðja á neinn hátt, og vissa var fyrir, að fjelli í Ed. sama dag, sem hann var að tjalda þeim sem afgjörðri sök — fjeglæfrasök, eða jafnvel landráðasök af stjórnarinnar hálfu. Hann telur 100 þúsund króna lán til gaddavírsgirðinga, eptir að tillagan um framlenging lánsheimildar var fallin í Nd. — Jeg veit vel, að hann segist ekki hafa vitað, að það var um garð gengið; en naumast trúi jeg öðru, en að hann hafi þá haft eitthvert hugboð um samtök í þá átt. — Hann telur 270 þúsund kr. lán til byggingarsjóðsins, þó hann ætti að vita, að ekki er lagaheimild til, að verja úr *þeim* sjóði nema samtals 210 þúsund kr., og að þar af hefur sjóðurinn fengið nokkurt fje annarsstaðar frá fyrir selda lóð og tillag frá bankanum tvö ár, auk þess, sem sjóðnum á hverri stundu geta áskotnast tekjur af lóðasölu, svo að þar bætir þingmaðurinn allt að því 100 þúsund krónum við. Þetta eru svona smáýkjur, til þess að gjöra sögulegra, og sýna betur óspilunarsemi stjórnarinnar, eða á »Ísafoldarmáli«: hve »dauðansósýnt henni sje um allt, sem að fjármálum lýtur, ef ekki annað verra«. Hins getur hann ekki, að hefði þingið ekki tekið fram fyrir hendurnar á stjórninni með því, að ákveða lágmark lóðarverðs á Arnarhólstúninu miklu hærra en stjórnin mæltist til, þá hefði sennilega minna þurft á lánsheimildinni til byggingarsjóðsins að halda.

6. En tólfunum kastar, þegar hann að lokum slær fram þeirri dómadagskenning, að ábyrgð, sem landssjóður stendur í fyrir veðdeild landsbankans, að upphæð 200,000 kr., sje að skoða sem útborgun, og því sem tekjuhalla við lok fjárhagstímabilsins 1908—1909. Þessi upphæð og meira þó, 215,200 kr., er til í innritunarskírteini, tilheyrandi viðlagasjóði, fyrir utan veltufje landssjóðs, er heyrir jarðabókarsjóði. Þetta innritunarskírteini hefur, síðan veðdeildin komst á stofn árið 1900, verið geymt utanlands, og verður það auðvitað áfram. Hvernig þessi upphæð snögglega ætti að bregða sjer til þess, að bætast við tekjuhallann á næsta fjárhagstímabili, er víst öllum hulin ráðgáta, nema ef til vill háttv. þingmanni, sem hefur svo góðan og greiðan aðgang að æðri opinberaðri vizku gegnum einn vin sinn og málgagnsmeistara hjer í bænum. Sama er að segja um ábyrgð þá, sem landssjóði er ætlað að hafa fyrir skuldbindingum brunabótasjóðs Íslands, þegar hann verður stofnsettur. Þar býr þingmaðurinn það til, að landssjóður eigi að »leggja fram 600,000 kr. sem tryggingarfje«, og talar heil mikið um, að þessa upphæð þurfi hann jafnan að hafa handbæra. En ekkert í þessa átt stendur í lögunum, nje liggur í hlutarins eðli, enda væri sjóðsstofnunin all-varhugaverð, ef svo væri. Þvert á móti er gjört ráð fyrir, að þegar er landssjóður hefur orðið að leggja fram 50,000 kr., skuli jafna niður aukagjöldum á vátryggendur, og þar sem sjóðurinn auðvitað endurtryggir ábyrgðir sínar, eins og lögin fyrirskipa, eru, sem betur fer, harla lítil líkindi til, að til þess geti nokkurn tíma komið, að landssjóður þurfi að leggja fram mjög stórar upphæðir í þessu skyni. En þingmaðurinn lætur sjer nú ekki allt fyrir brjósti brenna. Hann gengur út frá því, sem sjálfsögðu, að allt brenni til kaldra kola, að eins til þess, að hækka tölur hans. Hann hikar sjer ekki við, að brenna upp í anda heila kaupstaði og eyðileggja heil hjeruð í huga sínum, að eins til þess, að geta í svipinn þeytt fjárhagsflautir sínar hátt upp í hæðir, svo fávísum mönnum blöskri, og eldur grunsemdar og tortryggni læsi sig um hugi manna eins og sá heljar-eldur, sem geysa þyrfti til þess, að landssjóður þyrfti að leggja fram 600,000 kr. á næsta fjárhagstímahili vegna ábyrgðar sinnar fyrir væntanlegan brunabótasjóð.

Jeg get ekki verið að eltast við fjarstæður þingmannsins lengur; allt, sem hann segir um ástand viðlagasjóðsins, er byggt á þeim reikningum hans og tölum, sem jeg hef nú verið að athuga um hríð, og veltur allt um koll með þeim. Viðlagasjóðurinn stendur eins vel eins og hann nokkurn tíma hefur staðið, nema hvað 100,000 kr. í skuldabrjefum fyrir þilskipalánum voru lögum samkvæmt færðar yfir á Fiskiveiðasjóðsins nafn. Handbært fje jarðabókarsjóðs var um árslokin síðustu yfir 360 þúsund kr., og útlitið fyrir tekjuhalla hefur opt verið miklu meira en nú, án þess mein hafi af orðið. Þar með er alls ekki sagt, að fjárhagsástandið sje neitt afbragð. Það er nauðsynlegt, að fara varlega og gætilega, en þó eigi svo, að holl og sjálfsögð framsókn og framfaraviðleitni stansi af ótta fyrir ímynduðum grýlum.

Jeg öfunda þingmanninn ekki af þeim fögnuði, sem hann kann að hafa vakið sumum sálum í bráð með fjárhagsvísdómi sínum. Það er spá mín, að það verði skammgóður vermir. Hann hefur gjört fífldjarfa og ófyrirleitna tilraun til þess, að vekja rangar

hugmyndir og ástæðulausan tortryggniseld, en tilraunin hefur misheppnazt. Hann hefur tekið þetta of geyst. Meðulin, sem hann notar, eru of stæk. Hann heldur sig geta boðið Íslendingum allt. En það er hætt við, að þeir þykist bráðum vaxnir upp úr því. Það getur verið, að honum finnist það stundum hafa gefizt vel, að rangfæra sannleikann. En það gefst aldrei vel til lengdar. Hið illa bítur sinn eigin hala.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Það var mikill lestur og mörg »parlamentarisk« eða þinghæf orð, sem heyrðust nú frá stjórnarsætinu, þar sem viðhöfð voru orð eins og lygi og ófyrirleitnar tilraunir og fleira því líkt. Jeg hef aldrei heyrt slík orð frá þingmannasætunum, en það þykir kannske fint og vel við eigandi, þegar það kemur frá stjórnarborðinu.

Jeg verð að svara þessari löngu ræðu hæstv. ráðh. að svo miklu leyti, sem mjer er unnt að gjöra án undirbúnings, en get þó ekki svarað henni lið fyrir lið. Hæstv. ráðh. gat þess fyrst, að jeg hefði farið með ósatt mál, þar sem jeg hefði sagt í ræðu minni um daginn, að hann hefði reynt að telja þinginu trú um, að fjárhagurinn væri glæsilegri, en hann er í raun og veru. Jeg hef þegar áður sýnt fram á, að þetta er á góðum og gildum rökum byggt, og meðal annars má geta þess, að háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) hefur haft það eptir ráðh. sjálfum, að hann hefði ekkert á móti því, að þingið veitti 100,000 kr. lán til gaddavírsgirðinga. Fjárhagurinn þyldi það vel. Þá ásakaði hæstv. ráðh. mig fyrir, að jeg hefði tekið upphæð gaddavírslaganna með í reikninginn, og að jeg hefði ekki átt að gjöra það, þar sem frumv. hefði verið fellt í háttv. Nd. Það er að vísu satt, að frumv. var fellt í Nd., en það stóð svo sjerstaklega á, að frumv. var fellt þar einmitt á meðan jeg var að halda fjármálaræðu mína hjer í deildinni, og var mjer því vorkun, þó jeg tæki þá upphæð með í reikninginn, en nú er þetta gaddavírslán risið upp aftur í nýrri mynd, svo nú er þó óhætt að taka það með, því verði frumv. breytt frá því, sem nú er, nær það vart fram að ganga; en ef frumv. um frestun túngirðingalaganna verður ekki samþ., þá standa þó gömlu lögin, og eptir þeim verða það ekki 100,000 kr., heldur 200,000 kr., sem geta komið til útborgunar 1908 og 1909.

Þá sagði háttv. ráðh., að það væri ekki rjett af mjer, að telja lántökurnar með tekjuhallanum; en jeg get ekki betur sjeð, en að það hljóti að teljast með tekjuhalla, þegar menn hleypa sjer í skuldir, hvort sem þær eiga að afborgast á einu ári eða lengri tíma. Jeg skal líka taka það fram, að þegar jeg reiknaði tekjuhallann, þá miðaði jeg við allt fjárhagsástand landsins á reikningstímabilinu frá árslokum 1905 til ársloka 1909, en ekki eingöngu við fjárlagafrumv. Þá sagði háttv. ráðherra, að það væri ekki rjett hjá mjer að telja með tekjuhalla upphæðirnar til nýrra ritsíma vegna þess, að síðasta þing hefði gjört ráð fyrir þeim, og af því að þessar upphæðir væru veittar til fyrirtækja, sem búast mætti við að gæfu af sjer beinan arð. En jeg vil leyfa mjer að bera brigður á, að þessi fyrirtæki verði eins arðberandi og háttv. ráðherra býst við, og því viðurhlutameiri er þessi lántaka, þar sem þessi fyrirtæki ekki hafa reynzt arðvænleg áður; og hvernig þessum tekjum af símunum verði háttað, má meðal annars sjá af því, að embættis-

menn nota landssímann, og landssjóður borgar kostnaðinn. Þannig hefur verið haldinn amtsráðsfundur« per talsíma«, og má nærri geta, hvernig þessar tekjur verði fyrir landssjóðinn, þegar þær eru greiddar úr landssjóði. Sömuleiðis hafa þgm. leyfi til að tala í landssímann ókeypis, en borgunin greidd af þingkostnaði, og eru þetta því að eins upphæðir, sem eru fluttar yfir á aðra pósta. Ef landssjóður er látinn borga þessar upphæðir út, þá eru það ekki tekjur fyrir landssjóðinn, sem landssjóður borgar sjálfum sjer út. Þá sagði hæstv. ráðherra, að það væri ekki rjett hjá mjer, að reikna til tekjuhalla þær upphæðir, sem hefðu verið settar í fjáraukalögin fyrir árin 1906—1907, af því að þær upphæðir væru greiddar, og gætu þess vegna ekki aukið tekjuhalla fjárlaganna 1908—1909. En við þetta er það að athuga, að jeg tók í yfirliti mínu allt reikningstímabilið frá árinu 1905 til loka ársins 1909, og þá var rjett hjá mjer að taka þessar upphæðir með í reikningnum; jeg varð hjer að miða við lögin og ekki við annað.

Þá tók hæstv. ráðherra það fram, að væri tekjuafgangur fyrir árið 1906 *(Ráðherrann:* Nei, það sagði jeg ekki), og skyldi það gleðja mig mikið, ef svo reyndist vera.

En þar sem hæstv. ráðherra gat þess, að varið hefði verið 52,000 kr. fyrir baðtóbak, þá minnist jeg þess, að jeg hefi gleymt að geta þess, að ekki hefur verið áætlaður einn eyrir fyrir kláðalækningar, sem landssjóði þó er skylt að greiða, ef á þarf að halda.

Þá er sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar, sem áætlað er tekjumegin með 20,000 kr., og sem hæstv. ráðherra segir að greiða eigi aptur ríkissjóði og Fiskiveiðasjóði af þeim 10,000 kr., sem áætlaðar eru til óvissra útgjalda. Þetta er mjer hrein gáta. Hitt þurfti hæstv. ráðherra ekki að segja mjer, að það fje, sem útborga eigi aptur, sje að eins frá þeim skipum, sem varðskipið tæki, enda hygg jeg, að það sje undantekning, að útlend fiskiskip sjeu tekin og sektuð fyrir ólöglegar fiskiveiðar öðruvísi en af varðskipinu, og rennur bróðurparturinn af sektarfjenu í ríkissjóð. En hvernig í dauðanum fer hæstv. ráðherra að halda, að af 10,000 kr., sem áætlaðar eru til óvissra útgjalda, sje hægt að greiða allt það, sem fyrir kann að koma auk sektafjárins? Hvernig fer hæstv. ráðherra að segja þetta, þegar við höfum fyrir okkur landsreikningsfrumv. fyrir 1904—1905; þá má sjá, að þar reyndust óvissu útgjöldin 21,518 kr. og þá var þó enginn eyrir greiddur af því hvorki í ríkissjóð nje Fiskiveiðasjóð. 10,000 kr. til óvissra útgjalda er því tæpur helmingur þess, sem þarf með til *annara* óvissra útgjalda samkvæmt undanfarinni reynzlu.

Af þessu má sjá, hversu staðgott það er, sem hæstv. ráðherra hefur fram að bera í þessu efni. Og þar sem jeg taldi upphæðirnar til prestalauna og fræðslumála til tekjuhallans, þá hef jeg þegar áður viðurkennt, að mjer hafi þar yfirsjezt.

Þá gat hæstv. ráðherra þess, að það hefði verið óhætt fyrir mig að sleppa upphæðunum til húsmæðraskólans og kennaraskólans, en það gat jeg ekki gjört, þegar jeg hjelt ræðu mína um daginn, vegna þess, að þá var ekki útsjeð um forlög þeirra frumv., enda er það ekki enn.

Þar sem hæstv. ráðherra gat þess, að mörgum af þessum útgjöldum, sem jeg nefndi, mundi verða frestað, þá mundi það gleðja mig, ef svo yrði.

Jeg gaf þetta yfirlit yfir fjárhaginn til þess, að sýna fram á, hvernig fjár-

hag landsins mundi verða háttað, ef þingið ekki kippti þessu í liðinn.

Að því er vitakostnaðinn snertir, þá miðaði jeg hann við tímabilið 1905—1909, og kemur það því ekki málinu við, þó nokkuð hafi verið greitt af því fje í ár.

Þá tók hæstv. ráðherra það fram, að tekjuáætlun stjórnarinnar sýndist ekki ósennilegri en svo, að tekjurnar mundu að öllum líkindum reynast meiri en áætlað er. Jeg skal ekkert um það segja, hvort svo muni vera, en eptir því, sem háttv. fjárlaganefnd Ed. kemst að orði í nefndaráliti sínu, þar sem hún talar um »fjárhagslegt böl« og að tekjurnar sjeu settar »*í djarfasta lagi*«, þá virðist hún líta allt öðrum augum á fjárhagshorfur landsins, en hæstv. ráðherra gjörir, og hún virðist hafa töluverðar áhyggjur út af fjárhagnum, þar sem hún hefur gjört töluvert til þess að draga úr útgjöldunum, og stend jeg því ekki einn uppi með þessar áhyggjur fyrir hinum slæmu fjárhagshorfum. Jeg stend heldur ekki einn bak við fjárhagsræðu mína um daginn, heldur hjelt jeg hana fyrir áskorun míns flokks, og þegar jeg samdi áætlun mína, hafði jeg fyrir mjer álit og dóm glöggustu fjármálamanna flokks míns, svo að hæstv. ráðherra þarf ekki að halda, að jeg standi þar einn uppi með þessa skoðun mína á fjármálum landsins.

Þá sagði háttv. ráðh., að það mætti vafalaust draga frá 203,000 kr. og ef til vill betur síðar frá þessum upphæðum mínum eptir því, sem tekjurnar verði síðar, og skal jeg ekki rengja það að svo stöddu; jeg hef ekki tæki til þess nú sem stendur, og skyldi það gleðja mig, ef það reyndist betur en útlit er fyrir. Jeg varð að byggja áætlun mína á þeim opinberu skjölum, sem jeg hafði fyrir mjer, þegar jeg samdi áætlun mína.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að lánin mætti ekki telja með tekjuhalla; en þau voru ekki talin þar með öðruvísi, en sem peningar, sem þyrfti að hafa til útborgunar. Ef settar eru inn í fjárlögin heimildir til að veita mönnum lán, þá þarf þó að hafa peningana til, ef á þarf að halda og menn biðja um lánin, því að annars mundi það að eins verða til þess að gabba menn, að láta slík lánsheimildarákvæði standa í lögunum.

Þá gjörði hæstv. ráðh. þá athugasemd, að símalánin væru ekki rjett talin hjá mjer; en samkvæmt 21. gr. fjárlaganna (Nd.) taldi jeg þau 105,400 kr., ef talin eru öll hjeraðatillögin, sem ætlazt er til að þau fái lánuð úr landssjóði. Það stóð svo á, að stjórnin hafði áætlað 60,000 kr. af því *þá* voru hjeraðatillögin einmitt sú upphæð, en í frumv. Nd. hafði sjezt yfir að breyta þessari upphæð á lánagreininni og setja hana í samræmi við till. nefndarinnar um aukna síma og aukin hjeraðatillög. En maður úr fjárlaganefndinni sagði mjer, að þessu ætlaði fjárlaganefndin að breyta, er fjárlögin kæmu aptur til Nd. Þar sem hæstv. ráðh. gat þess, að það ekki væri rjett hjá mjer, að taka lánin til byggingarsjóðs inn í áætlun mína, með því að ekki væri lagaheimild til þess, og að jeg hefði gjört það til þess að gjöra áætlun mína sögulegri, þá skal jeg geta þess, að jeg tók það eptir fjárlaganefndarálíti Ed., og tók jeg þá upphæð 20,000 kr. undir hámarkinu, og var jeg því ekki einn um hituna að því, er þennan lið snertir.

Þá gat hæstv. ráðh. þess, að það hefði komið nokkurt fje inn fyrir lóðir. Það veit jeg vel, en það mun ekki

hafa verið meira en 20—30 þúsund kr., og munar það þá ekki svo miklu. Jeg hygg líka, að fjárlaganefnd Ed. hafi tekið tillit til þessarar upphæðar, eða að minnsta kosti þykir mjer það líklegt, þar sem í henni sitja jafnvarkárir menn að því, er fjárhaginn snertir.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri ekki rjett hjá mjer, að telja ábyrgðarfje landsbankans og veðdeildarinnar með, þar sem það ekki væri tapað fje; en jeg tók það líka beint fram í ræðu minni, að þetta fje væri eign, en að það yrði þó að hafa þetta fje handbært, og þar sem það er ekki til, þá fannst mjer ekkert á móti því, að telja það fje með sem tekjuhalla, þótt ekki væri það tapað fje.

Þá sagði hæstv. ráðh., að jeg hikaði ekki við að brenna heila kaupstaði og heil hjeruð til þess að koma brunabótatryggingunum inn í tekjuhallann, og að það standi ekki í lögunum, að landssjóður leggi fram þetta fje. Það veit jeg líka mikið vel, en jeg verð sem varkár maður, að gjöra ráð fyrir því versta, og að stór óhöpp eða áföll kunni að koma fyrir; en hins vegar vona jeg að það ekki komi til þess. Þegar »prívat« maður gengur í ábyrgð fyrir einhverri upphæð, þá verður hann að vera við því búinn, að gengið sje að honum með greiðslu á henni, ef sá, sem hann gekk í ábyrgð fyrir, ekki greiðir upphæðina í gjalddaga. En ef »prívat«maður á alltaf að vera við þessu búinn, á þá landssjóður ekki alveg eins að vera alltaf fær um að standa í skilum með að greiða þau gjöld, sem hann hefur tekið að sjer, ef á þarf að halda? Jú vissulega; og ef »prívat«maður eða lánsstofnun hafa tekið upp á sig einhverja skaldbindingu, þá á ekki að gjöra ráð fyrir því, sem er líklegt, heldur því, sem er mögulegt, að því er skuldbindinguna snertir, og fyrir því, að hann geti innt skuldbindinguna af hendi ef til kemur.

Annars fannst mjer ræða hæstv. ráðh. lýsa því, að hann vildi reyna að gjöra fjárhaginn glæsilegan; en þó sagði hann síðast í ræðu sinni, að það yrði að fara varlega í sakirnar að því, er útgjöldin snertir; en hins vegar sagði hæstv. ráðh. líka, að fjárhagurinn væri góður og að ekki væri nein ástæða fyrir menn að bera kvíðboga fyrir honum. Þar sem hæstv. ráðh. gat þess, að stjórnin hefði ekki lagt fyrir þingið þær upphæðir, sem áætlaðar eru til aukasímanna, þá greiddi hann þó sjálfur, eptir því sem jeg tók eptir í Nd., atkv. með þeim öllum, og ætti hann þó að hugsa enn þá meira um fjárhaginn, en einstakir þm., og mundu þeir fremur hika við að greiða atkv. með ýmsum slíkum fjárveitingum, ef þeir sæju, að ráðh. setti sig á móti þeim, og hafa þeir því fulla ástæðu til að halda, að ekki sje nein hætta á ferðum; en það gleður mig, að nefndin hjer í deildinni hefur komizt til sannleikans viðurkenningar um, að hjer væri þó nokkur hætta á ferðum, og að eitthvað þyrfti að gjöra til þess að draga úr útgjöldunum, og finnst mjer töluverð tákn hafa komið fram um það hjá nefndinni, síðan jeg hjelt ræðu mína um daginn, og benti hæstv. ráðh. á eitt atriði, nefnilega húsmæðraskólann, sem var saltaður í nefnd, — og þá hef jeg náð tilganginum með ræðu minni. Svo skal jeg láta hjer staðar numið um þetta, en snúa mjer að einstökum öðrum atriðum.

Viðvíkjandi því, sem háttv. framsm. tók fram um nafnbótaskattinn, nefnil. að ef hann væri heimtaður af mönnum, og þeir neituðu að borga, þá þyrfti ekki annað en fara í mál, og þá mundu þeir fá gjafsókn, þá er að vísu ekkert á móti því; en jeg skil ekki, að

það þurfi að koma til þess, að hafður verði sá gangur á því. En þessir menn hafa líka önnur ráð. Þeir geta sagt af sjer nafnbótunum, það er alþekkt í öðrum löndum, og þá þarf ekki til málsóknar að koma. Jeg er fjárlaganefndinni samdóma um athugasemdina viðvíkjandi pósthúsinu, og álít það vera hentugt fyrirkomulag, sem þar er farið fram á. Svo skal jeg sleppa öðrum breyt.till. nefndarinnar; jeg álít óþarft að ræða þær frekar, og sje, að nefndin hefur með þeim gjört enn þá eina tilraun til að draga úr útgjöldunum.

En það er einn liður í frumv., sem ekki hefur verið gjörð breyt.till. við, og sem jeg mundi hafa gjört breyt.till. við, ef jeg hefði haldið, að það væri til nokkurs, en jeg vona, að það sje ekki vonlaust um það hjer eptir, og því vildi jeg skjóta því til hæstv. ráðh., hvort hann ekki mundi vilja koma með breyt.till. í Nd. um að stryka út styrkinn til Jóns Ólafssonar. Jeg minntist á þennan styrk við 2. umr. þessa máls, og gat þess þá, að jeg væri honum mótfallinn, en það var þá af allt öðrum ástæðum en nú. Síðan hefur komið út grein í blaði því, sem þessi maður gefur út og sem er stjórnarblað, og er hið löggilta blað til stjórnarvaldabirtinga, og þar hefur nú birzt grein, þar sem nafn hans hátignar konungsins hefur verið dregið inn í lúalega og smánarlega háðgrein. Þetta veit jeg að bæði hæstv. ráðh. og okkur þm. tekur öllum sárt, og álít jeg það mjög illa farið, en jeg trúi varla öðru en að einhverjir Íslendingar í Höfn verði til þess að benda Dönum á þessa grein, og þýða hana fyrir þeim, enda þarf ekki til, því margir Danir lesa íslenzk blöð, og get jeg þá varla annað skilið, en að Dönum taki það sárt og þyki það nokkuð hart af þinginu, að »hónórera« með opinberum styrk þann mann, sem hefur komið með slíka grein í blaði, sem stendur stjórninni svo nærri.

Jeg álít það mjög mikinn hnekki bæði fyrir ráðherrann og þingið, ef það bærist Dönum til eyrna, að þessi maður væri sæmdur opinberum styrk, eptir þannig lagaða framkomu gagnvart hans hátign konunginum, og þess vegna vil jeg aptur skjóta því til hæstv, ráðh., hvort hann ekki vill koma fram með breyt.till. í háttv. Nd. um að fella burt styrk þann, sem samþ. hefur verið til þessa manns hjer í deildinni, og gjöri jeg þessa athugasemd fullt eins mikið vegna ráðherrans sem þingsins, og vegna þess að það kann að mælast illa fyrir, ef þingið »hónórerar« þennan mann með fjárveitingu, eptir að hann hefur gjört þetta; en auðvitað getur hvorki ráðherrann eða þingið gjört að því, þó þetta sje komið fram.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): H. framsm. (J. Jak.) er ekki viðstaddur nú sem stendur, en áður en hann gekk út, hafði hann skrifað upp á blað hjá sjer nokkur atriði, sem fram hafa komið í umræðunum, og hefur hann ætlað að gjöra athugasemdir við þau. Af því jeg hef þessi atriði hjer fyrir framan mig, vil jeg ekki leiða hjá mjer að minnast lítið eitt á þau, af því að þau snerta fjárlaganefndina í heild sinni.

Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um fjárlaganefndina hjer í deild eins og hún væri sammála skoðunum hans á fjárhag landsins, þá er það ekki rjett. Jeg tók það skýrt fram við 2. umr. þessa máls, að svo væri ekki og að háttv. þm. (V. G.) hefði komið með ýmsar fjarstæður í upptalningum sínum og útreikningum, þó að jeg færi þá ekki út í einstök atriði; það var þá

í svip ekki svo auðvelt fyrir mig að hrekja rækilega rangfærslur hans lið fyrir lið, því að jeg hafði ekki skrifað upp hjá mjer tölur hans; jeg ljet mjer nægja að gefa þá í bráðina þessa almennu yfirlýsingu, sem jeg vissi að var á góðum rökum byggð. Nú hefur hæstv. ráðherra hrakið flest af því, sem háttv. þm. (V. G.) sagði, svo að jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Þó skal jeg taka það fram, að háttv. þm. (V. G.) hefur misskilið orð nefndarinnar, þar sem hún talar um fjárhagsböl. Með því var ekki átt við fjárhagshorfurnar, eins og þær væru eptir frumv. stjórnarinnar; það var engin ástæða til að fara slíkum orðum um það. Það voru hin auknu gjöld og lánveitingaleyfi háttv. Nd., sem leiddu nefndina til að viðhafa þessi orð. Eins og jeg tók fram, þá hefur hæstv. ráðherra bent á svo margt, sem ekki var rjett tilfært í ræðu háttv. þm. (V. G.); í sambandi við það skal jeg geta þess, að það var ekki rjett, sem hann sagði áðan um lánsupphæðina til byggingasjóðsins. Tölurnar í nefndarálitinu segja að eins hvað safnabyggingin muni kosta, en þar er ekkert tillit tekið til þess, sem byggingarsjóðurinn á. Það var að eins getið um þetta í því sambandi að sýna, að meira mundi þurfa að lána til safnbyggingarinnar en lögin ákveða. (*Valtýr Guðmundsson:* Eign byggingarsjóðsins mun ekki nema meiru en 20,000 kr.) Veit háttv. þm. (V. G.) hvað hann er mikill? Mjer er að vísu ekki fullkunnugt um, hvað mikill hann er, en jeg hygg, að hann sje mun meiri en þessu nemur.

Háttv. þm. (V. G.) vildi verja orð sín með því, að hann hefði ekki að eins haft fyrir augum næsta fjárhagstímabil, heldur allan tímann frá árslokum 1905 til ársloka 1909; en þá hefði hann líka átt að taka með í reikninginn tollhækkunina, sem nam á árinu 1906 335,000 kr. og líklegt, að muni nema svipaðri upphæð á þessu ári, eða alls hátt á sjöunda hundrað þúsund króna.

Nefndin athugaði það, að eptir frumv. háttv. Nd. má gjöra ráð fyrir tillagi frá fleiri hjeruðum til símanna, en stjórnin gjörði áætlun um. En það er hvorki áreiðanlegt, að til þess komi, að öll þessi tillög þurfi að greiða á næsta tímabili, nje víst að allir símarnir verði lagðir. Svo er það ekki heldur sjálfsagt, að hjeruðin fái öll tillög sín að láni úr landssjóði.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg gleymdi, að geta þess áðan í framsögu minni, að þar sem nefndin hefur komið með þá breyt.-till., að á fjárlögin sjeu settar 6,000 kr. hvort árið til Fiskiveiðasjóðs Íslands, þá eru þetta skyldugjöld, sem á landssjóði hvíla samkvæmt lögum 19. nóv. 1905, og þarf jeg ekki að rökstyðja þá breyt.till. frekar.

Jeg skal ekki fara langt út í hina löngu ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.). Mjer og fleirum lá við að brosa, þegar háttv. þm. (V. G.) fór að fræða deildina um það, að ræða sína við 2. umr. fjárlaganna hefði orðið til þess, að nú væri farið að spara. Hvað fjárlaganefndina snertir, þá hefur hún ekki ástæðu til að vera háttv. þm. (V. G.) þakklát fyrir sparnaðarprjedikun hans, því að hún hafði borið fram allar sínar sparnaðartill. áður en háttv. þm. (V. G.) hjelt hina annáluðu ræðu sína. Jeg skrifaði nefndarálit fjárlaganefndarinnar, og frá mjer mun orðið »fjárhagsböl« vera komið inn í það, en það kalla jeg fjárhagsböl, þegar taka verður 500,000 kr. lán og tekjurnar *þrátt fyrir það* hrökkva ekki fyrir gjöldunum. En stjórnin gjörði

ekki fjárlögin þannig úr garði; tekjuhallinn hjá henni var minni, en það sem nemur 30% tollhækkuninni við framlenging tollaukalaganna; það er því ekki stjórnin, sem orð mín ná til, heldur háttv. Nd., sem fyrst og fremst hækkar gjöldin að miklum mun, og auk þess veitir, mjer liggur við að segja, gegndarlausar lánsheimildir. Það er hún, sem er að leiða yfir oss fjárhagsböl. Þessar lánsheimildir eru leikur alveg ósamboðinn þinginu, þar sem ekki er fyrirsjáanlegt að til verði fje í kassanum til að fullnægja þeim. Hvað snertir þessa 60,000 kr. lánveitingu til hjeraðanna vegna símalagninga, þá var það háttv. Nd., sem hefði í raun rjettri átt að hækka hana um leið og hún ákvað, að fleiri síma skyldi leggja með tillagi frá hjeruðum, en stjórnin hafði ættlazt til; það er því ekki hægt að bera stjórninni það á brýn, hvorki að vera má, að upphæðin reynist oflág, nje heldur að hún er ekki hærri en þetta í fjárlagafrumv.; eptir frumv. stjórnarinnar þurfti hún ekki að vera hærri. Annars er enn ærið ósýnt, hvað lagt verður af símum á næsta fjárhagstímabili, svo jeg held það sje ekki ástæða til að vera að gjöra sjer mikla rellu út af þessum útgjaldalið til hjeraðanna nú þegar. Jeg get vel staðið við það, að breytingin á þinghúsinu muni allt í allt kosta 75—80,000 kr. Jeg hef haft til hliðsjónar áætlun frá Kjörbo byggingarmeistara, þar sem hann gjörir ráð fyrir, að breytingin á sjálfu húsinu muni kosta 63,000 kr., og svo muni þurfa að kaupa lóð fyrir 15,000 kr., eða samtals 78,000 kr. Þar sem nefnt er, að kosta verði allt að 210,000 kr. upp á safnahúsið, þá er þar nefnd öll upphæðin; oss var það kunnugt, að nokkurt fje er í hyggingarsjóði, að minnsta kosti 20,000 kr., og dregst það frá því, sem landssjóður þarf að lána. Eins og háttv. deild er kunnugt, hafa landssjóðslóðirnar á Arnarhólstúni ekki selzt enn sem komið er, en við því bjóst þingið 1905. Þar á því landið eða byggingarsjóður töluverða eign, sem búast má við að innan skamms komi inn fyrir ríflega upphæð.

Jeg vona, að breyt.till. nefndarinnar verði nú sem fyr samþ., því að þær eru, að vorri hyggju, á góðum rökum byggðar. Aptur á móti vona jeg, að breyt.till. á þskj. 612, sem fer fram á 5,000 kr. viðbót við vegafje í Austfirðingafjórðungi, verði felld. Jeg vona, að háttv. deild sje það ljóst, hve varúðarvert það er, að vera að smeigja inn á fjárlögin allháum upphæðum á síðustu stundu, það er svo hætt við, að það haggi samræmi og komi öllu á ringulreið. Þær 9,000 kr., sem nefndin leggur til að sparaðar sjeu af vegafje í Suðuramtinu, eru að eins sparnaður til næsta þings; það má gjöra ráð fyrir, að þá verði lagt fram fje til að byggja brú á Rangá, og þá muni ekki veita af þessu fje til sama hjeraðs. Jeg bið því háttv. deild að láta ekki leiðast af þessum bráðabirgðarsparnaði til að greiða atkv. með breyt.till. háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.).

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Jeg hef leyft mjer að koma með brt. á þskj. 612, sem háttv. framsm. (J. Jak.) fór eigi hlýjum orðum um; hún fer fram á það, að í 13. gr. B. III. komi í stað »Í Austfirðingafjórðungi 7000 kr.; (síðara árið)«, »12,000 kr.; þar af 5000 kr. síðara árið ætlaðar til vegar frá Hólum að Bjarnanesi í A.-Sk.« Jeg ætlaði að koma með þessa breyt.till. við 2. umr. fjárlaganna, en er jeg sá, hvernig frumv. háttv. Nd.

var úr garði gjört, hikaði jeg við það, og beið þess að sjá, hvort háttv. fjárlaganefnd og deildinni, tækist eigi að rjetta við fjárhaginn. Nú sje jeg, að deildinni hjer hefur tekizt að kippa honum í skaplegra horf, og því hef jeg nú leyft mjer að bera fram brtill. þessa. En af því að jeg þykist vita, að jeg einn deildarmanna muni vera kunnugur því, hvernig til hagar þar eystra, þá mun jeg skýra það fyrir háttv. deild.

Alfaravegurinn um Nesjasveit í Hornafirði lá inn bakka Eystri-Hornafjarðarfljóta inn á móts við Bjarnanesshjáleigu, þaðan yfir Eystri-Hornafjarðarfljót, yfir Skógey, sem liggur á milli fljótanna, yfir Vestri-Hornafjarðarfljót suður á Mýrar. Vestur-Hornafjarðarfljót eru um mílu á breidd, en Eystri fljótin eru 2,500 faðmar á breidd; þau eru oftast vatnsmikil og ill yfirferðar. Renna þau í djúpum álum, sem opt eru á miðjar síður og í taglmark; en á milli álanna eru grynningar og bleytur. Í fjölda mörg ár hafa Vesturfljótin aðallega runnið suður undir Mýrum, en á síðustu árum hafa þau breytt farvegi sínum, og kastað sjer austur undir Skógey, og renna nú þar í meginál, sem er alófær. Eigi að síður hjeldu menn áfram að fara þennan veg, af því að það var þjóðvegurinn, og Skaptfellingar eru orðlagðir vatnamenn, þar til einn vatnamaðurinn drukknaði í þessum ál; þá hættu menn að fara þjóðveginn. Var þá ekki önnur leið til en inn Bjarnaneshjáleigur, inn Sanda og inn undir Hoffell, þar yfir Eystri-Hornafjarðarfljót í Svínafellsnes, þaðan yfir Vestur-Hornafjarðarfljót og út Mýrar. Frá Laxá og inn Bjarnanesshjáleigur er vondur vegur, einkum í rigningatíð, yfir mýrar og keldur, sem eru ófærar; fara menn þá um tún og engjar Bjarnanesshjáleigna. Þessa leið fara allir, sem reka verzlun vestan yfir Hornafjarðarfljót, úr Öræfum, Suðursveit, Mýrum og Nesjasveit fyrir innan Laxá. Ábúendurnir hafa hingað til þolað þessa miklu umferð um tún og engjar sínar, af því að aðra leið gátu ferðamenn ekki farið, en lifðu í þeirri von, að veitt mundi verða fje til vegagjörða frá Hólum að Bjarnanesi. Nú er þjóðvegurinn í Nesjum ákveðinn í nýju vegalögunum, og á hann að liggja beina leið frá Hólum að Bjarnanesi fyrir ofan Bjarnanesshjáleigur, og er í breyt.till. minni farið fram á, að veittar sjeu 5000 kr. síðara árið, til að fullgjöra veginn.

Nesjasveit er fögur sveit og frjóvsöm, og gæti átt mikla framtíð, að dómi allra, sem um hana hafa farið; en fyrsta skilyrðið fyrir því, að hún blómgist verulega, er, að hún eignist veg. Það er ekki heldur ósanngjörn krafa, þótt fram á það sje farið, þegar litið er á það, hve varhluta sýslan fer af öllum samgöngubótum, og jafnvel hlýtur að fara það að ýmsu leyti sökum staðhátta. Þar er ekki nema ein lítil á, sem brúuð verður, hinar allar er ekki hægt að brúa, nema með þeim feiknakostnaði, að ekkert viðlit er, að út í það muni verða lagt. Ritsíma er ekki heldur hægt að leggja þar, þótt ritsímanet verði lagt um allt landið. Strandferðabáturinn kemur þar ekki nema með höppum og glöppum, og það ekki nema á einn einasta stað. Þegar litið er á þetta og á það, hvað nærsýslurnar fá, t. d. Múlasýslurnar, þá er langt frá, að það sje ósanngjörn krafa, að fara fram á þessar 5,000 kr. til vegagjörðar. Múlasýslunum eru veittar 55,000 kr. á næsta fjárhagstímabili til vegagjörðar á Fagradal, auk annars, sem til vega gengur; þar koma þó auk þess strandferða-

skipin inn á hvern fjörð og hverja vík og millilandaskipin allvíða. Þegar litið er á það, að á næsta fjárhagstímabili eru veittar 55,000 kr. til Fagradalsvegarins, sem sjálfsagt kostar um 130,000 kr., þegar hann er fullgjörður, en kemur eigi, eptir skýrslu verkfræðingsins, að gagni nema um 1840 manns, þá er það undarlegt, að telja, eins og hv. framsögum. (J. Jak.) gjörði, óþarft að leggja 5,000 kr. til vegar, sem kemur til stórnota heilli sýslu, nema einum hreppi.

Jeg vona, að háttv. deild samþykki þessa breyt.till., þegar hún athugar allar ástæður og sjer, að hve miklu gagni þessi litla fjárveiting kemur fyrir heila sýslu, og greiðir svo mjög fyrir henni með samgöngurnar til hins eina kauptúns í sýslunni, Hafnar í Hornafirði.

Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Jeg hef verið svo djarfur, að koma enn af nýju með breyt.till. í sömu átt, sem við 2. umr., af því að jeg bjóst eigi við, að háttv. nefnd mundi taka hana upp sjálf, þótt jeg færi fram á það við 2. umr. Jeg hef lækkað upphæðina nokkuð, af því að menn úr háttv. deild hafa sagt við mig, að þeir mundu geta verið með tillögunni, ef tillagið úr landssjóði væri lækkað. Jeg hef nú viljað miðla málum þannig, að sýslan legði fram allt að helmingi kostnaðarins við lenging og fullkomnun bátabryggjunnar á Blönduósi á móts við landssjóð. Það er þó ekki svo að skilja, að jeg álíti það rjettlátt, að sýslan leggi svo mikið fram, því að jeg álít landssjóð skyldan til, að leggja ríflegar fram, en hjer er farið fram á, því að bryggjan er enganveginn til hagsmuna fyrir Húnvetninga eina: heldur fyrir landið allt, og það er tjón fyrir allt landið, að fullkomnun hennar dragist úr hömlu. Það ber svo iðulega við, að ferðafólk með strandferðaskipunum verður að bíða dögunum saman á höfninni á Blönduósi eptir því, að skipið verði afgreitt þar, og það er ekki nóg með þetta. Fyrir tafirnar á Blönduósi verður skipið á eptir áætlun, og allir þeir, sem ætla með því af hinum höfnunum, verða lika að bíða sjer til stórtjóns. Því segi jeg, að það sje til tjóns fyrir allt landið, hve ófullkomin bryggjan á Blönduósi er. En það er engum efa undirorpið, að sje bryggjan lengd og bætt, þá má lenda miklu oftar við hana og skipa upp en nú. Jeg veit ekki, nema hjeraðsbúum þyki það óforsvaranlegt, að landið leggi eins lítið fram á móts við sýsluna, eins og hjer er farið fram á; jeg hef ekki átt kost á að bera mig saman við þá; en jeg hef þó komið fram með tillöguna í þessari mynd, af því að jeg veit, hve mikið áhugamál mönnum er þetta.

Jeg vona, eptir því, sem sumum í háttv. deild hafa fallið orð, að tillagan, svona hógleg eins og hún er, muni nú verða samþykkt.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg þakka háttv. nefnd fyrir það, hve vel hún hefur tekið undir breyt.till. mína um 600 kr. fyrra árið sem verðlaun til leikkonunnar Stefaníu Guðmundsdóttur. Jeg vona, að breyt.till. geti nú talizt aðgengileg, þar sem fjárveitingin er bundin við fyrra árið, og tekið beint fram, að hún sje það, sem hún á að vera, verðlaun fyrir framúrskarandi hæfileika. Sömuleiðis er jeg háttv. nefnd þakklátur fyrir það, hvernig hún hefur tekið undir bendingar mínar um Brynjólf Jónsson, og þykir mjer einkar vel til fallin þessi litla hækkun hjá háttv. nefnd, því að maðurinn er orðinn gamall og getur ekki unnið fyrir

sjer framar með barnakennslu eins og hingað til, en er alls góðs maklegur, og við þessa vinnu getur hann verið hinn þarfasti, því að hann er einna kunnugastur allra fornmenjum víðsvegar hjer á landi,

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg á hjer tvær breyt.till., sem jeg ætla að minnast á. Jeg er þakklátur háttv. nefnd, að hún hefur tekið aðra þeirra að sjer, og háttv. framsm. (J. Jak.) færði skýr rök fyrir því, af hverju hún hefði gjört það; jeg þarf því ekki að fjölyrða um hana, með því jeg vona líka, að nú sje öllum farið að skiljast það, að þessi skóli eigi fullan rjett á sjer, og að ekki hæfi annað en að styrkja hann svo, og gjöra hann svo úr garði, að hann geti orðið að sem beztum notum fyrir þá, sem hann sækja. Það var mjer og gleðiefni, að hæstv. ráðh. lýsti því yfir við 2. umr., að Flensborgarskóli væri alls góðs maklegur, og að hann hefði komið að svo miklu gagni, að hann ætti fyllsta rjett á styrk af almannafje eptirleiðis. Viðvíkjandi hinni breyt.till. minni um fjárstyrk til viðhalds skólahúsunum og til greiðslu á afborgunum af lánum er það að segja, að jeg get virt háttv. nefnd til vorkunnar, þótt hún hafi síður viljað taka hana til greina. Hingað til hefur ekkert fje verið veitt sjerstaklega úr landssjóði í þessu skyni. Skólanum hefur ekki verið veitt annað fje, en til kennslunnar sjálfrar og 400 kr. til áhaldakaupa. En þar sem hann hefur nálega engar aðrar tekjur, en tillagið úr landssjóði, þá má geta nærri, að fjárhagurinn muni hafa verið þröngur, og að ýmislegt muni hafa orðið að láta ógjört, sem þurft hefði að gjöra. Að hann hefur hingað til komizt af stórvandræðalaust, byggist á því, að fremur ríflega hefur verið veitt fje til kennarafræðslunnar, sem staðið hefur í sambandi við skólann, og að fjeð, sem veitt var til áhaldakaupanna, hefur nú 2 eða 3 síðustu árin verið notað til annara skólaþarfa eins og reikningar skólans bera með sjer. Jeg játa, að það var ekki fullkomlega rjett, en önnur úrræði voru varla fyrir hendi til þess að sporna við því, að skólinn bíði allt of mikinn hnekki fyrir fjárskort. En nú er svo komið, að skólinn er kominn í nærri 1,000 kr. skuld við áhaldasjóð, og hún þarf að greiðast. Auk þess er varla að búast við, að brunabótagjald og viðhald verði minna en 4—500 kr. á ári. Svo er ýmislegt, sem enn þarf að gjöra við skólann; leggja veg að honum, fá rafljós í hann og vatnsleiðslu. Þegar allt þetta er tekið til greina, og bætt við árlegum afborgunum, sem á skólanum hvíla, þá vona jeg, að háttv. deild sannfærist um, að jeg sje ekki of heimtufrekur í breyt.till. minni. Jeg vona því, að þegar háttv. deild hefur fengið þessar upplýsingar, þá muni hún og taka þá breyt.till. mína til greina, sem háttv. nefnd hefur ekki tekið að sjer. Jeg get heitið því, að fjárveitingin skuli ekki verða vanbrúkuð, og að fjenu skuli varið til þess, sem mest er þörfin á.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Jeg skal leyfa mjer, að gjöra stuttar athugasemdir við það, sem nú hefur komið síðast fram.

Háttv. þm. A-Sk. (Þorgr. Þ.) talaði með mikilli rækt til kjördæmis síns fyrir breyt.till. sinni. Hann útmálaði það átakanlega, hvernig þetta fagra og frjóvsama hjerað færi á mis við vegi, brýr, síma og önnur þægindi, sem að öðrum veittust; en háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) verður að gæta þess, að það er ekki hægt, að gjöra allt í einu. Það er ekki fje til þess, það eru fleiri sýslur en Austur-Skaptafellssýsla, sem

vantar vegi, brýr og síma. Ef háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) ferðaðist um Vestfjörðu eða um Múlasýslur, þá mundi hann komast að raun um, að þar er einnig stór vöntun á öllu þessu; vjer verðum að feta oss áfram fremur smáum skrefum, og verja hinu litla fje voru, þar sem þörfin er mest, og þar sem umbæturnar koma sem flestum að haldi. Það er beinlínis siðferðisleg skylda þingsins, að blanda sjer sem minnst inn í vegamálin. Það verður lang-affarasælast, að láta stjórnina með leiðbeining verkfræðings síns skipa sem mest fyrir um þau. Á þann hátt er hægast að fá glöggt yfirlit yfir þörfina á hverjum stað, og mest samræmi í vegalagningarnar; þingið hlýtur hvort sem er, að fara mest eptir tillögum verkfræðingsins, ef það vill hafa sem mesta hagsýni við vegagjörðirnar. Jeg gat þess um daginn, og endurtek það enn, að það er ekki búhnykkur, og afar-dýrt, að leggja að eins spotta og spotta í stað. Það kostar ekki svo lítið af tíma og fje, að vera að flytja fólk og áhöld fram og aptur.

Jeg er háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.) og sömuleiðis háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) þakklátur fyrir hlý orð þeirra í nefndarinnar garð.

Um Flensborgarskólann skal jeg geta þess, að að sama skapi sem vinsældir hans hafa aukizt hjá almenningi, að sama skapi hafa þær og vaxið á fjárlögunum. Það er gamalt og gott orð eða ráðlegging, sem einu sinni var gefin, viðvíkjandi einum af merkismönnum sögunnar, sem jeg held, að sje hollast, að heimfæra upp á þennan skóla: »Gjörðu úr honum mikinn mann, en gjörðu það smátt og smátt«. Þingið vill sjálfsagt gjöra úr honum mikinn og góðan skóla, en jeg held, að það sje ekki vert, að fara þar allt of geyst, og jeg held, að skólinn geti nokkurn veginn starfað og þrifizt með það fje, sem nefndin leggur til að honum sje veitt.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg hafði vonazt eptir, að þurfa eigi að taka til máls undir umræðunum um fjárlögin, skal enda ekki fara að ræða fjárhagsspursmál eða einstaka liði í fjárlögunum. Hitt vildi jeg fara um nokkrum orðum, hvort hinni hv. deild finnst orðbragð það, sem viðhaft er nú í deildinni, vera samboðið virðingu þingsins. Það rýrir að vísu hvorki nje eykur hið fjárhagslega böl, sem öllum kemur saman um að muni verða, ef þessari háttv. deild tekst eigi að halda nokkuð í við háttv. neðri deild, en það er *í mínum augum* að minnsta kosti vottur um siðferðislegt böl í þessari deild, er slíkt orðbragð er viðhaft og verið hefur í dag úr ráðherrastólnum, án þess að forseti deildarinnar hafi fundið ástæðu til þess, að taka fram í.

Forseti, (Julius Hafsteen): Jegget ekki vel hlýtt á þessi orð; jeg hef ekki heyrt, að velsæmi hafi að nokkru leyti verið brotið hjer í dag. Þar sem jeg er kosinn forseti deildarinnar, er það jeg, sem á að gæta reglu hjer, en ekki háttv. þingm., og þess vegna banna jeg þm., að tala meira um þetta.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl): Jeg beygi mig auðvitað fyrir úrskurði hæstv. forseta.

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Jeg vildi að eins leiðrjetta það hjá háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (J. Jak.), að jeg sagði ekki, að það »vantaði« ritsíma, brýr og þess háttar um Austur-Skaptafellssýslu, heldur að ekki væri *hægt* nokkurntíma að koma því þar á. Þess vegna væri það ekki

vanþörf, að ljetta dálítið undir með sýslubúum með samgöngur að vegum til.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. 611 við 5. gr. 1. samþ. með 12 atkv.

2. breyt.till. 611 við 10. gr. sþ. með 12 atkv.

3. breyt.till. 611 við 12. gr. 6. g. sþ. með 11 atkv.

4. breyt.till. 611 við 13. gr. A. 4. a. samþ. með 11 : 1 atkv.

5. breyt.till. 611 við 13. gr. B. III. samþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 612 við 13. gr. B. III., samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli (óljós atkv.gr.), og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Ólsen,
Ágúst Flygenring,	Eiríkur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Guðj. Guðlaugsson,
Sig. Stefánsson,	Gutt. Vigfússon,
Valt. Guðmundss.,	Jón Jakobsson.
Þórarinn Jónsson,	Stgr. Jónsson.
Þorgr. Þórðarson.	

6. breyt.till. 611 við 14. gr. B. VII. d., samþ. með 8 samhlj. atkv.

Breyt.till. 599 við 14. gr. B. VII. d., tekin aptur.

Breyt.till. 599 við 14. gr. B. VII. g., samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagr., og sögðu:

Já:	*Nei.*
B. M. Ólsen,	Sig. Jensson,
Ág. Flygenring,	Eiríkur Briem,
Gutt. Vigfússon,	Guðj. Guðlaugsson,
Sig. Stefánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
Þórarinn Jónsson,	Stgr. Jónsson.
Þorgr. Þórðarson.	

7. breyt.till. 611 við 15. gr. 2. a., sþ. með 12 shlj. atkv.

8. breyt.till. 611 við 15. gr. 2. b., sþ. með 12 shlj. atkv.

9. breyt.till. 611 við 15. gr. 12., sþ. í einu hlj.

Breyt.till. 598 við 15. gr. (nýr. 25. lið.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

10. breyt.till. 611 við 15. (nýr liður eptir 32. lið.), sþ. með 11 shlj. atkv.

11. breyt.till. 611 við 16. gr. 2. b., sþ. með 11 shlj. atkv.

12. breyt.till. 611 við 16. gr. 7. tl. og athugas., samþ. með 12 shlj. atkv.

13. breyt.till. 611 við 16. gr. 21. lið, sþ. í einu hlj.

Breyt.till. 606 við 16. gr. (nýr liður á eptir 24. lið) samþ. með 7 : 3 atkv.

14. breyt.till. 611 við 16. gr. (nýr liður á eptir 29. lið), sþ. í einu hlj.

Frumv. þannig breytt samþ. í einu hlj., og endursent forseta Nd.

Á 47. fundi Nd., miðvikudaginn 11. septbr. var fjárlagafrumv. (A. 618, 619, 620, 622, 627, 628, 630, 631, 632, 633, 635, 636, 637) tekið til einnar umr.

Eptir að rætt hafði verið um frumv. rúma hálfa klukkustund, var gjört fundarhlje til þess að átta sig á brtill. til kl. 1½; byrjuðu þá umr. á ný og hjeldust þær til kl. 3½. Var þá fundi frestað til kl. 6 e. h., og var þá samþ. með 13 atkv. eptir ósk 6 þdm. að hætta umr. og byrjuð atkv.gr.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg ætla ekki að fara að halda neina langa ræðu, þótt margt sje að vísu á að minnast; jeg býst ekki við, að það mundi verða til mikilla bóta. Jeg skal að eins minnast lítið eitt á ýmislegt af því, er háttv. Ed. hefur gjört til breytinga á frumv., síðan það fór úr þessari deild.

Þá var, eins og menn muna, gjört ráð fyrir tekjuhalla, er nam hjer um bil 30,000 kr. Nú hefur Ed. gjört svo-felldar breytingar á frumv., að niðurstaðan er sú, að gjört er ráð fyrir dálitlum tekjuafgangi.

Þetta er að vísu gott og blessað.

Að minnsta kosti lítur það jafnan vel út á pappírnum, að heldur sje gjört fyrir vanhöldunum en hitt. En samt sem áður verð jeg að láta þá skoðun í ljósi, að þessar breytingar eru ekki allar jafn-girnilegar og æskilegt væri.

Aðalbreytingarnar, sem háttv. Ed. hefur gjört til þess að spara fje eða laga »*status*«, eru í því fólgnar, að fellt hefur verið úr töluvert af þeim útgjöldum, er ætluð voru til samgöngubóta samkvæmt 13. gr. Þannig hafa verið felldar niður 3 af símalínum þeim, er á frumv. stóðu, og hefur við það sparazt töluverð fjárupphæð. Í öðru lagi er felld niður stór fjárveiting til vegar og brúargjörðar í Rangárvallasýslu. Sá sparnaður út af fyrir sig nemur 33,000 kr. Með niðurlagning símalínanna hafa sparazt rúmar 70,000 kr. Sparnaður Ed. á þessari einu gr. nemur því samtals 110,000 kr.

En þó hefur ekki »status« batnað að sama skapi, og kemur það til af ýmsu, meðal annars af því, að ýmsum nauðsynlegum útgjöldum hefur verið bætt við, t. d. kostnaði til milliþinganefnda og tillagi til Fiskiveiðasjóðs Íslands, og er auðvitað ekkert út á það að setja.

Jeg ætla ekki að fara út í allar hinar einstöku breytingar, er háttv. Ed. hefur gjört á útgjöldum landssjóðs; þær eru eins og gengur sumar til bóta og lagfæringar, en sumar miður heppilegar. Jeg skal að eins minnast stuttlega á nokkrar þeirra.

Eins og sjest á framhaldsnefndarálitinu, er hjer liggur fyrir, hefur fjárlaganefnd Nd. ekki lagt til, að teknar yrðu aptur inn í frumv. þessar stærstu upphæðir, er Ed. hefur fellt niður, t. d, fjárveitingarnar til símanna nje til brúargjörðar á Ytri-Rangá og vegar að henni. Fyrir þessu er stuttlega gjörð grein í nefndarálitinu. Eins og þar er tekið fram, telur nefndin sjálfsagt, að brú verði byggð á Ytri-Rangá sem fyrst eptir að rannsóknir hafa farið fram, heppilegt brúarstæði er fundið og endanleg og ábyggileg áætlun gjörð um kostnaðinn. Ef til vill gæti komið til mála, að brúin gæti orðið byggð á árinu 1909, ef rannsóknir væru fullgjörðar, áður en þingið kemur saman í febrúarmánuði, svo að þá megi veita fje til brúargjörðarinnar á aukafjárlögunum. Verði brúin á Ægisíðuhöfða, þarf ekki að leggja fram þennan kostnað til vegarins; en verði það aptur á móti niðurstaða rannsóknanna, að hún skuli vera á Ægisíðufossi, þá má veita fje til vegagjörðarinnar um leið og veitt er til brúarinnar.

Aðgjörðir Ed., að því er til símalínanna kemur, eru í samræmi við það, sem fjárlaganefndin hjer hafði haldið fram bæði við 2. og 3. umr. málsins, þótt hún fengi ekki vilja sínum framgengt. Hefur hún því eðlilega ekkert út á þær að setja. En eins og tekið er fram í nefndarálitinu, telur hún sjálfsagt, að þessar 3 símalínur, sem um er að ræða, verði látnar sitja fyrir öðrum línum á næsta fjárhagstímabili, en þó auðvitað með því skilyrði, að svipuð fjárframlög komi á móti frá hlutaðeigandi sýslum, eins og nú er gjört ráð fyrir.

Þá hefur Ed. gjört þann viðauka við fjárveitinguna til þjóðvega á Austurlandi, að 5,000 kr. bætist við síðara árið til þess að gjöra veg frá Hólum að Bjarnanesi í Austur-Skaptafellssýslu. Eins og menn ef til vill muna, kom sú till. fram hjer í deildinni, að veita þessa fjárupphæð hvort árið fyrir sig til þessa vegar, og var hún samþykkt að því er til fyrra ársins kom með þeirri rökstuðning, að það væri endurveiting á fje, er ekki hefði verið not-

að. Fjárlaganefndin tók yfir höfuð þá stefnu, að veita ekki fje til vegagjörða fram yfir það, sem áætlað var í frumv., nema þar sem svona stóð á, að eldri fjárveitingar höfðu eigi verið notaðar; svo var t. d. um einn veg í Skaptafellssýslu og annan í Snæfellsnessýslu. Nú hefur þessi fjárveiting, er hjer var felld, komizt inn í Ed. við 3. umr., og verður nefndin í samræmi við stefnu sína, að leggja það til, að hún verði felld úr aptur.

Breyting sú, er Ed. hefur gjört á fjárveitingunni til bátsferða á Breiðafirði, er að því leyti ekki óaðgengileg, sem svo er ráð fyrir gjört, að 2 mótorbátar verði hafðir til ferðanna, í stað þess að hingað til hefur að eins verið brúkaður einn gufubátur, og hann, að því er sagt er, óþarflega stór og dýr, enda fremur lítið notaður, og er það almennt álitið, að þetta fyrirkomulag, sem Ed. stingur upp á, sje hentugra. En nefndinni sýnist rjett að benda á, að þessi fjárveiting, 8,000 kr. hvort árið, virðist helzt til há, því að allir vita, að hvorki byggingarkostnaður nje reksturskostnaður mótorbáta er ýkjamikill. Og það lítur svo út, sem gjört sje ráð fyrir að styrkja útgjörðarmenn bátanna til að kaupa þá. En jeg get ekki ímyndað mjer, að þau hjeruð, sem hjer er um ræða, sjeu svo óarðvænleg, að það geti eigi borgað sig að halda þar uppi flutningum með 4,000 kr. styrk. Þá er flutningsþörfin ekki mikil. (*Lárus H. Bjarnason:* Styrkurinn er miðaður við gufubáta!). Jeg þykist hafa ástæðu til að ætla, að þeir, sem samið hafa aths. í Ed., hafi fyrst og fremst gjört ráð fyrir mótorbátum.

Viðvíkjandi símalínunum hefur Ed. enn fremur gjört þá breytingu, auk þeirra, sem áður eru taldar, að hún hefur fært fjárveitinguna til símans frá Fáskrúðsfirði til Reyðarfjarðar í sama form og upphaflega var áætlað í frumv., sem sje að hlutaðeigendur greiði helming kostnaðarins. Það hefur áður verið tekið fram, að þeir hafi að vísu upphaflega lofað helmings framlagi við landssjóð; en það loforð hafa þeir byggt á því, að þeir hugðust mundu eiga að hafa að minnsta kosti tiltölulegan hluta af tekjunum af símalínunni. En þeir gengu frá þessu, er þeir fengu að vita, að svo var ekki til ætlazt, og þá vildu þeir að eins leggja til þriðjung kostnaðar. Þessari fjárveitingu er því þannig varið, að ekki er útlit fyrir, að hún verði notuð, ef hún stendur óbreytt. Ed. hefur að líkindum ekki verið kunnug málavöxtum. Fyrir því hefur nefndin lagt það til, að þessu verði kippt í liðinn aptur, þannig að fjarveitingin verði sett aptur í sama form, og gjöri jeg ekki ráð fyrir, að frekari grein þurfi fyrir því að gjöra.

Þegar dregur aptur eptir frumv. fara breytingarnar að verða tíðari, en smærri, og annars eðlis en þær, er framar eru. Þær eru í því fólgnar, að ýmsar af hinum smávægilegum fjárveitingum, er menn kalla bitlinga, eru felldar niður, og aðrar settar í staðinn, er vafasamt er, hvort teljast megi heppilegri. Um það er auðvitað lengi hægt að deila. En samt sem áður hefur nefndin ekki gjört nema örfáar breytingar á þeim atriðum, enda þótt hún sjái eptir sumum póstunum, og telji aðra komna inn á fjárlögin, er illa fer á. Jeg skal leyfa mjer að tilnefna nokkra einstaka liði.

Í 14. gr. VII, b, 5 er veittur byggingarstyrkur til unglingaskóla á Ísafirði, 600 kr. fyrra árið. Nefndinni er allsendis ókunnugt um þennan skóla; hún veit ekki einu sinni, hvort búið er að byggja hann, eða hvort á að fara að byggja hann. Ef það er meiningin

að fara eigi að reisa þennan skóla, þá sýnist þessi styrkur hlægilega lítill. Og auk þess hafa aðrir unglingaskólar ekki fengið neina sjerstaka fjárveitingu. Yfir höfuð er þessi upphæð mjög óaðgengileg í mínum augum.

Þá hefur Flensborgarskólinn ekki orðið útundan í Ed., það væri synd að segja. Það er veitt til hans fje í 6 liðum; sumum þeirra hefur verið bætt við að nýju, aðrir hækkaðir. Öll upphæðin, sem honum er ætluð, nemur rúmlega 10,000 kr. hvort árið. Eptir þessu þyki mjer skólinn fara að verða nokkuð dýr stofnun, og jeg get ekki skilið annað. en að það eigi að liggja í þessum tillögum, að hann eigi að koma algjörlega á landssjóð. Þennan 1,000 kr. viðauka við staflið d til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg telur nefndin ástæðu til að samþykkja vegna hinnar miklu aðsóknar að skólanum. Öðru máli er að gegna um staflið h, að veittar verði 900 kr. hvort árið »til viðhalds húsunum, brunabótagjalds o. fl.« Móti þeirri fjárveitingu verður nefndin að leggja fastlega. Þá væri hreinlegra, að landssjóður tæki skólann algjörlega á sína arma. Líkt er að segja um stafl. *i* — »til afborgunar og vaxta af byggingaláni«, 1,475 kr. fyrra árið og 1,425 kr. hið síðara. Nefndin hefur sömuleiðis lagt til, að sá liður verði felldur. En nú hefur háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) komið fram með svofellda breyt.till., að þessi styrkur verði veittur eitt skipti fyrir öll, 5,000 kr. fyrra árið. Að farið er fram á þetta, mun stafa af því, að skólinn hefur tekið allmikið lán síðastliðið ár til húsabyggingar, og þarf að greiða af því vexti og afborgun. En með því að nefndin vill ekki koma þeirri reglu á, að greiddar sjeu afborganir og vextir fyrir skólann af þeim lánum, er hann tekur, og telur jafnvel rjettara að taka að sjer borgunina algjörlega eða að greiða eitt skipti fyrir öll nokkurn hluta lánsins. Þá hefur nefndin gjört þá br.till. við brt. hv. þm., að skólanum skuli veittar í þessu skyni 2,500 kr. fyrra árið, er svarar rúmlega fjórðungi byggingarkostnaðarins. Þeirri till. sinni vill nefndin mæla með, og vonar, að hún fái fylgi háttv. deildar, fyrst og fremst af því, að tiltölulega ríflega er veitt til skólans að öðru leyti, og enn fremur af því, að hún kemur í veg fyrir þann óheppilega skilning á afstöðu skólans gagnvart landssjóði, er leiða mundi af því, ef fjárveitingin væri látin standa eins og hún er í frv. Ed.

Við 14. gr. hefur Ed. enn fremur fellt alveg niður styrkinn til Grundarskólans. Um þessa fjárveitingu var mikið talað hjer í deildinni og samþykkt að veita til skólans 7,500 kr. Mjer er ekki vel ljóst, hvernig sömu þingmenn, sem fella þennan styrk, geta brytjað niður smáfjárveitingar milli unglingaskóla t. d. á Ísafirði og á Heydalsá eða til Flensborgarskólans. Jeg sje, að háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) hefur gjört breyt.-till. um að setja inn aptur Grundarskólann. Þessari breyt.till. mun jeg greiða atkv. með; hvað fjárlaganefndin gjörir, er mjer ókunnugt um. Það er alveg einsdæmi, að einn maður býðst til að byggja og búa út að áhöldum, að mestu á eigin kostnað, svo stóran skóla, með heimavistum og öðru því, er þarf. Þetta er svo sjerstakt, að það getur ekki sýnzt viðeigandi, að þingið hrindi frá sjer þannig framrjettri hönd til þess, sem allir þykjast vera að berjast fyrir.

Við enda þessarar greinar hefur háttv. Ed. fellt burtu fjárveitingar, þó að ekki sjeu þær stórar. Fjárlaganefndin hjer

hafði lagt til, að til kennaranáms erlendis yrðu styrktir þeir einir, sem þar hefðu verið og yrðu nokkra hríð. Fjórir menn voru svo teknir upp á fjárlögin hjer í þessu skyni, og eru þeir allir erlendis, nema einn, Karl Finnbogason, sem áður hefur verið styrktur erlendis af Alþ. Þessa menn hefur háttv. Ed. strykað út alla, nema einn, og er það gott, að hann skyldi fá að lafa, og undarlegt þó, að hann skyldi finna náð í augum deildarinnar, þegar allir hinir voru felldir. Raunar hefur fjárlaganefndinni ekki sýnzt að taka þessa menn upp aptur, og ekki heldur styrk til handavinnuskóla á Akureyri, sem hin háttv. Ed. hefur líka fellt burt, því að nefndin vill vera sem samvinnufúsust við Ed. En þar í móti hefur nefndin lagt til að fella burt fjárveitinguna til Ingibjargar Guðbrandsdóttur til þess að kenna sveitastúlkum leikfimi, því að henni þótti ekki fremur ástæða til að veita þennan styrk en styrk til handavinnukennslu á Akureyri, þótt háttv. Ed. hafi litið svo á.

Um orðabreytingar háttv. Ed. við styrkveitingar til amtsbókasafnanna þarf jeg ekki að fjölyrða. Við þær eru komnar fram breyt.till. frá öðrum háttv. þm., sem miða að því að koma þeim til rjettara máls. Amtsbókasafn í Norðuramtinu o. s. frv. er ekki til, en amtsbókasafn Norðuramtsins á Akureyri og Austuramtsins á Seyðisfirði eru til. Fjárlaganefndin er öll samþykk því að færa þetta til rjettara máls.

Þá hefur háttv. Ed. veitt bókasafni á Ísafirði 300 kr.; það er að vísu smá fjárveiting, en fjárlaganefndinni er ekki ljóst, á hverju hún byggist. Nefndin veit ekki til þess, að þetta bókasafn beri svo höfuð og herðar yfir bókasöfn eða lestrarfjelög í sveitum eða kauptúnum, að það beri að styrkja fremur en þau, nema hin háttv. Ed. vilji með þessu ef til vill benda til þess, að öll slík bókasöfn fái styrk í framtíðinni. Það er því síður þörf á að veita fje til bókasafns á Ísafirði, stórum kaupstað, en í sveitum eða smáum kauptúnum, þar sem menn verða að berjast fyrir lestrarfjelögum og bókasöfnum og gjöra það á mörgum stöðum dyggilega og með góðum árangri þrátt fyrir fámenni og fjárskort. Samt hefur fjárlaganefndin ekki viljað gjöra þetta atriði að deiluefni.

Þá hefur nefndin leyft sjer að leggja til, að 27. tölulíður 15.gr. verði færður niður í 1,500 kr., því að hún telur ekki líklegt, að sá maður, sem í hlut á, geti unnið fyrir meira en 1,500 kr. samkvæmt skilyrði því, sem sett er fyrir verkinu. Þá hefur sú breyting verið gjörð á, að Hvanneyrarskóla eru ætlaðar til aðstoðarkennslu, frá hausti 1908 til ársloka 300 kr. Sama hefði átt að vera með Hólaskóla, með þeim mun, að sama upphæð yrði sett á fjáraukalög 1907, því að þar byrjar kennslan í haust. Þetta hefur sjezt yfir, og væntir nefndin, að stjórnin greiði úr því.

Háttv. Ed. hefur fellt 3,000 kr. til Helga Jónssonar til forstöðu skógræktslu, en sett hann aptur á sinn stað í fjárlögunum með 1,200 kr., eins og hann hafði áður til grasarannsókna. Nefndin er þessu samþykk. Ef skógræktslufrumv. verður samþykkt, þá er sjálfsagt, að sú fjárveiting, sem þar er ætluð forstöðumanni skógmálanna, verður greidd honum samkvæmt þeim lögum, þótt ekki standi hún á fjárlögunum. Enda er það sjaldan venja að setja á fjárlög þær upphæðir, sem ákveðnar eru með þeim lögum, er þingið samtímis afgreiðir.

Háttv. Ed. hefur lækkað styrkinn til verðlauna fyrir útflutt smjör nokkuru meira, en gjört var hjer í deildinni. Eins og menn muna, hafði stjórnin

lagt til, að styrkurinn yrði 15,000 kr. fyrra árið, 12,000 kr. síðara árið, eða lækkaði um 3,000 kr. á ári. Þetta þótti fjárlaganefndinni of langt farið og lagði til, að hann yrði 16,000 kr. fyrra árið. 14,000 kr. síðara árið, eða lækkaði um 2,000 kr. á ári, og var það samþykkt hjer í deildinni. Nú hefur Ed. samþykkt, að styrkurinn yrði 15,000 kr.fyrra árið og 13,000 kr. síðara árið. Þó að nefndinni þyki hjer nokkuð langt gengið, hefur hún þó ekki lagt til að breyta þessu.

Um breyt.till. nefndarinnar við 10. lið 16. gr. þarf jeg ekki mikið að tala, því síður sem hæstv. ráðh. hefur gjört breyt.till. sama efnis. Að eins vil jeg lýsa yfir því, að nefndin vill mæla sem kröptuglegast og eindregið með þeirri tillögu.

Þá þykir nefndinni háttv. Ed. hafa verið mislagðar hendur í styrkveitingum til bátabryggna. Hjer í deildinni hafði verið veitt fje til bryggju á Skipaskaga, allt að þriðjungi kostnaðar, 2,000 kr. Þessi bryggja er þegar byggð og komin að fullu gagni, og hefur orðið svo dýr, að 2,000 kr. eru ekki nema vel 1/4 kostnaðarins. Þessa fjárveiting hefur Ed. fellt, en sett inn aptur 5,500 kr. styrk til bryggju á Blönduósi, án þess þó að nokkurt skilyrði sje sett um fjárveiting annarsstaðar frá, og lítur svo út, sem landssjóði sje ætlað að kosta þessa bryggjugjörð að öllu leyti. Nú hefur fjárl.n. lagt það til, að taka upp aptur styrkinn til bryggju á Skipaskaga og setja inn sama skilyrði við bryggjuna á Blönduósi, að tillagið annarsstaðar frá verði minnst 1/3, og er þar fylgt sömu reglu og til þess eru ætlaðar 4,000 kr.

Þá vill nefndin fella styrk til Hjálmars Lárussonar til þess að fullkomnast í myndaskurði; henni þykir ekki ástæða til að veita honum styrk fremur en öðrum þeim, er sótt hafa um styrk, til þess að fara utan til frama og menningar, því að það væri ósamkvæmni.

Við 18. gr. hefur háttv. Ed. gjört nokkrar breytingar. Á fjárlagafrumv. stjórnarinnar voru 2 póstum ætluð eptirlaun, eins og á síðustu fjárlögum. Fjárlaganefndin hjelt fór ekki fram á að fella þessa liði burtu, en vildi þó ekki bæta fleiri póstum við á eptirlaun, vegna þess að þá mundu hafa verið opnaðar dyr fyrir alla, og beiðnum rignt yfir alþingi. Nú hefur háttv. Ed. opnað veginn með því að bæta við 2 nýjum póstum. Það getur verið sanngjarnt, að veita öllum póstum eptirlaun, sem slitið hafa sjer út í þarfir landsins; en það er því undarlegra, að háttv. Ed. skuli hafa haft einn út undan. Af 3 beiðnum um þetta hefur að eins ein ekki verið tekin til greina. En nú hefur háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tekið upp þá beiðni, og mun jeg fyrir mitt leyti greiða með henni atkv.

Breytingar Ed. á 21. gr. eru bæði miklar og margar, og skal jeg ekki fara um þær mörgum orðum. En á það vil jeg benda, að þegar heimiluð eru á fjárlögunum lán til fyrirtækja og langt er komið með verkið, þá er hart, að taka heimildina burtu; menn geta í sumum tilfellum beðið af því stór-tjón. Samt hefur nefndin ekki viljað taka upp neinar af þessum lánsheimildum, nema til bryggjugjörðar á Akureyri. Að nefndin tók ekki upp aptur tillögu um lán til klæðaverksmiðju á Akureyri, stafaði af því, að sá maður, sem er í fjárlaganefndinni og í stjórn klæðaverksmiðjunnar, sýndi þá óeigingirni, að vilja ekki halda því til streitu. Jeg sje, að ýmsir þingm. hafa tekið aptur upp sumar þær lánsheimildir, sem áður voru á fjárlögunum, en af því, að nefndin telur, að lán til klæðaverksmiðju á Akureyri og til barnaskóla hefðu átt að ganga undan þeim öllum, en enginn hefur tekið þá

liði upp, þá verður hún að mæla á móti þessum framkomnu tillögum.

Jeg hef nú farið fljótt yfir breytingar háttv. Ed., og skal nú víkja nokkurum orðum að breyt.till. fjárlaganefndarinnar, þeim, sem jeg hef ekki áður vikið að.

Nefndin hefur lagt til, að veita styrk til barnaskóla í kaupstöðum 4,000 kr. síðara árið. Þessi tillaga er sprottin af þeirri atkvæðagreiðslu, sem varð um fræðslumálin, sem eins og kunnugt er, gekk í þá átt, að barnaskólar í kaupstöðum nytu styrks úr landssjóði. Fjárlaganefndin telur ekki þurfa fjárveitingu fyrra árið af því, að fyrirmæli frumv. verða þá ekki komin í kring, og hefur þess vegna sett að eins síðara árið. Jeg skal geta þess, að breyt.-till. hefur komið frá tveimur þingmönnum um, að hvort árið verði veittar til 6,000 kr. Fjárlaganefndin telur þess ekki þurfa með fyrra árið, en leggur með því, að fjárveitingin verði 6,000 kr. síðara árið, og hefur gjört breyt.till. við breyt.till. í þessa átt.

Jeg þarf naumast að geta þess, því að það er ljóst af efninu, að í 2. br.t. nefndarinnar á þgskj. 653 er prentvilla. Breyt.till. er við 13. gr. en ekki 14., eins og þar stendur.

Jeg hef minnzt á allar breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 653, nema 8., 9. og 17. 8. breyt.till. fer fram á, að fella burt orðin »allt að« í 33. tölul. 15. gr. Þau orð hafa orðið eptir í athugaleysi, þegar athugasemdin, sem áður stóð þar, var felld burtu. Þennan lið, styrkinn til Helga Pjeturssonar, hefur nefndin lagt til í 9. breyt.till., að hækka upp í 1,500 kr., og væntir, að háttv. deild muni samþykkja það.

Þá sje jeg ekki, að fleira sje eptir að minnast á, en 17. breyt.till., hina síðustu.

Fjárlaganefndinni barst á sínum tíma beiðni frá bæjarstjórn Reykjavíkur um, að landssjóður tæki á sig ábyrgð fyrir 800,000 kr., sem Reykjavíkurbær þarf að taka að láni til þess, að koma í verk nauðsynlegum stór-fyrirtækjum; um leið var sýnt fram á það, að fjeð mundi fást með þeim kjörum, er bæjarstjórnin telur aðgengileg, ef að landssjóður ábyrgist. Ákveðin tillaga um þetta hefur ekki komið fram í deildinni fyr en nú. Fjárlaganefndin leggur til, að landssjóður ábyrgist ½ miljón fyrir bæinn; hún gjörir ráð fyrir, að það sje nóg til þess, að samningar þeir, sem bærinn vill ná, geti gengið fram. Annars er þetta alls ekki óverulegt atriði. Menn verða að gjöra sjer það ljóst, að þetta veikir lánstraust landssjóðs, auk þess sem það gæti orðið tit þess, að önnur bæjarfjelög, sýslufjelög eða sveitarfjetög færu fram á hið sama; en ef landssjóður færi að taka á sig margar slíkar ábyrgðir, þá sjá allir, hver hættan af því gæti stafað. En nefndin sá sjer ekki annað fært, en að vera þessu meðmælt í þetta sinn, af því að þau fyrirtæki, sem hjer á að fara að koma í verk eru svo lífsnauðsynleg fyrir bæinn; og í annan stað er komið svo langt með samningana, að það væri mjög mikill skaði, ef lánið fengist ekki.

Jeg ætla ekki að fara út í breyt.till. meira, en jeg hef gjört; jeg bíð heldur og hlýði á hvað aðrir segja, en jeg vildi þó beina því til háttv. þingdeildarmanna, að vera ekki langorðir. Jeg fyrir mitt leyti skal lofa því, að tala ekki mikið.

Áður en jeg sezt niður, þá skal jeg geta þess, að í morgun taldi jeg saman þann gjalda-auka, sem þær breyt.till., sem þá voru komnar, hefðu í för með sjer, og urðu það 125 þús. krónur. En það var að eins lítill partur af

þeim, sem nú liggja fyrir, því síðan hafa komið breyt.till. á 20 þingskjölum, og fara margar af þeim fram á verulegar gjaldahækkanir.

Þær tillögur, sem fjárlaganefndin hefur komið með, raska »status« mjög litið; fjárlaganefndin er enn þeirrar skoðunar, að það sje mjög óviðkunnanlegt og óheppilegt, að tekjuhalli sje mikill á fjárlögunum, þegar þau fara út úr þinginu.

Ráðherrann: Jeg vil fyrst leyfa mjer að minnast á breyt.till. á þskj. 647, 1. tl., að nafnbótaskatturinn falli burt. Jeg vona, að þetta verði ekki torsótt, því að í gær var samþ. þingsál.till. um, að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing lagafrumv. um nafnbótaskattinn. Í þessari áskorun liggur, að það sje ekki full lagaheimild fyrir því, að leggja skattinn á nú. Það kom líka fram till. um það í Ed., að fella hann burt úr fjárlagafrumv., og það var að eins af alveg sjerstökum ástæðum, að till. var ekki samþ. þar. Hún fjell með 6 atkv. gegn 6, vegna þess að einn maður, sem var till. í rauninni meðmæltur, vildi ekki greiða atkv., af því hann taldi málið snerta sig sjálfan persónulega. Nú hefur h. Nd. ótvíræðlega látið í ljósi, að hún telji ekki heimild til þess, að innheimta skattinn án nýrra laga, svo að mjer finnst þá sjálfsagt, að hann falli hjer burt. Það á að bíða með að áætla tekjur af honum, þangað til hægt er að leggja hann á, samkvæmt íslenzkum lögum. En að taka hann upp í tekjuáætlunina, án laga og án dóms, hafandi játað, að ekki sje heimild til þess, að leggja hann á án nýrra laga, það sýnist mjer ekki geta komið til mála. Jeg get ekki stillt mig um að benda á, að það er einkennilegt, að þessum nafnbótaskatti er gjört það hærra undir höfði í fjárlagafrumv. en öllum öðrum sköttum, að hann er þar skrifaður með upphafs-staf, upp á dönsku. Allir hinir skattarnir eru skrifaðir með litlum staf. Þetta sýnist vera »forlaganna fingur« að jafnvel »setjarapúkinn« skuli þannig staðfesta ætterni hans, til þess að sýna, að þetta sje danskur skattur, áætlaður eptir dönskum lögum, en ekki íslenzkum.

Önnur breyt.till. min er út af kvörtunum, sem komið hafa til stjórnarinnar, um yfirgang útlendra fiskimanna og skemmdir af þeirra völdum á veiðarfærum Íslendinga. Þessar kærur hafa komið sunnan úr Garði, og var um þetta mál gjörð fyrirspurn í Ed. í gær, og þá talsvert rætt. Menn voru á eitt sáttir um það, að það væri ekki hægurinn á að bæta úr þessu, en þó væri það kannske nokkur bót, ef veitt væri nokkurt fje af því opinbera, til þess að hjálpa mönnum til að halda úti mótorbátum, sem ættu að reyna að skygnast eptir númerum þeirra skipa, sem brytu landhelgina, eða spilltu veiðarfærum manna, og ná staðarákvörðunum. Það er líklegt, að skaði á veiðarfærum fáist endurgoldinn, ef því er slegið föstu, hver skemmdum veldur, að þær stafi af ólögmætum aðförum, og lögmætt mat á skaðanum fer fram. Breyt.till. fer fram á, að bæta 1,000 kr. hvort árið við upphæðina á 11. gr. B. 6., sem ætluð er til þess, að standast kostnað við eptirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga, og má þá veita einhverjum mótorbátseiganda í Garði, og viðar einhvern styrk, til þess að reyna að koma upp landhelgisbrotum og veiðarfæraskemmdum. Jeg vona, að hin háttv. þingd. samþ. þessa till.

Í sambandi við þetta er till. min um það, að leggja 1,000 kr. á ári til aðstoðar löggæzlu á Siglufirði um síldveiðatimann. Þessi till. ætti að

vera komin fyrir löngu, því það hefur þegar sýnt sig, að það er ómögulegt fyrir lögreglustjórann á Akureyri, að hafa nægilegt eptirlit með fiskiveiðum útlendinga, sem halda til á Siglufirði, sem ekki er heldur við að búast. Það er, eins og nú er, hvorki nægilegur afli til, að fyrirbyggja brot, eða koma fram ábyrgð gegn sökudólgum, þegar brot hafa verið framin. Jeg hef í dag talað um þetta í talsímanum við skipstjórann á »Islands Falk«, sem er staddur á Akureyri, og hann áleit ómögulegt að komast hjá því, að setja aðstoðarlögreglu á Siglufirði. Hins vegar áleit hann, ef skipaður væri maður með lögregluvaldi, um sumartímann—svo sem 3—4 mánaða tíma, — er byggi á Siglufirði og hefði eptirlit þaðan; þá mundi mikið bætast um. Það er nú ómögulegt, að gjöra löglögreglustjóranum á Akureyri að skyldu að fá mann til þess fyrir sína peninga, og eini vegurinn verður því sá, að landið leggi fram fje. Það er sennilegt, að það fje komi aptur, bæði beinlínis í sektum, og óbeinlínis í hagnaði af eptirlitinu. Eptirlitsmaðurinn ætti að vera skipaður eða löggiltur af stjórnarráðinu, og honum gjört að skyldu, að dvelja á Siglufirði um sumarmánuðina.

3. breyt.til. minni var vísað frá af forseta, af því till. um sama efni var áður felld hjer í deildinni, svo jeg minnist ekki frekar á hana. Hún miðaði að því, að ljetta Árnesingum tillagið til ritsímaálmunnar, og fór mitt á milli breyt.till. háttv. 1. þm. Árn. og þess, sem fjárlögin ákveða.

4. breyt.till. mín er samhljóða till. frá fjárlaganefndinni, og því tek jeg hana aptur.

5. breyt.till. mín er orðabreyting á aths. um starfrækslu landsímanna í sveit. Þar stendur »landsímastöðvar», en ætti að vera »talsímastöðvar«, af því að reglan gildir ekki um ritsímastöðina á Ísafirði. En ef »talsímastöðvar« er sett í staðinn, þá nær ákvæðið að eins til þeirra stöðva, sem ætlazt er til. Orðið »öllum« í sömu aths. legg jeg til að sje fellt burtu, því það gæti verið villandi, og er í öllu falli óþarft.

6. breyt.till. mín er viðvíkjandi menntaskólanum. Í gær kom rektor til mín með frumv. til reglugjörðar fyrir lærdómsdeild menntaskólans, sem hafði verið sent honum og kennurunum til athugunar og umsagnar. Eru nú síðustu forvöð að ákveða, hvernig haga skuli efri deild skólans, því hingað til hefur engin reglugjörð verið til, nema fyrir neðri deildina eða gagnfræðadeildina.

Rektor og kennarar höfðu komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að tvískipta kennslunni og auka kennsluna í stærðfræði og náttúrufræði, fyrir þá, sem eptirleiðis vildu leggja fyrir sig læknisfræði, eðlisfræði eða verkfræði við háskólann. Jeg er rektor og kennurunum samdóma um það, að það er mikill galli, ef þeir stúdentar, sem þau »fög« lesa, verða eins og nú er, að eyða heilu ári og talsverðum peningum, til þess að geta náð inntökuprófi á »polytekniska« skólann, áður en þeir geta byrjað sitt eiginlega nám, og fylgzt með öðrum stúdentum í þeim greinum. Eptir skýrslu rektors er nauðsynlegt, að bæta við tímakennslu svo mikilli, að nemur 1,400 kr. kostnaðarauka á ári. Þess vegna er farið fram á það í tillögu minni, að veittar sjeu 2,600 kr. til tímakennslu í stað 1,200 kr., sem stendur í frumv.

Svo er ein lítil breyt.till. sem fer fram á, að veita fje til kennslu hálfbjána, sem hefur verið og er á »Institut« í Kaupmannahöfn. Það hafa að und-

anförnu verið veittar 150 kr. á ári til föður hennar, sem er fátækur dugnaðar- og sæmdarmaður hjer í bænum, til þess að borga kennsluna handa henni, svo að hann þyrfti ekki að leita til sveitar. En sjálfur greiðir hann með henni 150 kr. á ári af sínum litla vinnuarði, auk styrkins af landssjóði, og er það full erfitt, þar sem hann hefur talsverða fjölskyldu að annast. Nú verður stúlkan 16 ára árið 1908, og hefur fjárlaganefndin breytt þannig till. stjórnarinnar, að veita 300 kr. fyrra árið, en ekkert seinna árið, til þess þar með að tákna að nú væri þessum styrk lokið. Það er nú að vísu satt, að ef þessi stúlka heldur áfram að vera á stofnunum með styrk af sveitarsjóði, þá væri sá styrkur ekki veittur föðurnum, heldur ætti að greiðast af hennar framfærslusveit, sem styrkur til hennar sjálfrar. En þessi lagalegi munur er ekki öllum ljós, og bæði framfærslusveitin og aðrir mundu líta svo á, að faðirinn yrði að sjá um, að stúlkan yrði ekki sveitinni til byrði, þótt hún nái 16 ára aldri. Jeg þykist því viss um, að hann mundi leggja hart á sig og ganga nærri sjer, áður en hann leitaði til sveitarsjóðs í framfærslusveit stúlkunnar um þetta. Mjer virðist margt mæla með því, að styrkurinn sje látinn standa óbreyttur, eins og hingað til, og till. mín er því sú, að þessar 150 kr. hvort árið fái að standa eins og áður, bæði nú og eptirleiðis meðan þarf. Jeg vona, að hin háttv. þingd. líti svo á, að það sje rjett, að rjetta hjálparhönd til uppeldis slíkum aumingja, á sama hátt og landssjóður telur sjer skylt, að annast kennslu daufdumbra, og kosta að miklu leyti hjúkrun geðveikra.

Þá er 8. breyt.till. við 15. gr. I. að aptan við þá gr. bætist nýr liður: »Til skápa og innanstokksmuna í hina nýju safnabyggingu 38,000 kr. fyrra árið«. Jeg býst við því, að mönnum muni þykja þessi upphæð nokkuð há, en húsið er stórt og þarf mikils við, ef þar á að búa eins vel um og nauðsynlegt er. Það hefur verið gengið út frá því, að það sje að eins húsið sjálft, sem byggt verði fyrir fje byggingarsjóðs, en að fje til skápa og annars umbúnaðar verði að veita á fjárlögunum, alveg eins og álitið hefur verið sjálfsagt. þegar um breyting alþingishússins hefur verið að ræða, að innanstokksmunir, borðbúnaður o. s. frv. sje keyptur sjerstaklega af landssjóði. Jeg hef fengið áætlun frá byggingameistara Kjörbo, og hann hefur borið sig saman við yfirbyggingarmeistarann, sem teikningarnar eru frá, og hafa þeir áætlað, að skápar þessir og annar umbúnaður muni kosta 38,000 kr., og vona jeg, að háttv. deild taki þetta til greina. Ástæðan til þess, að þetta kom ekki fyr fram, er sú, að áætlun húsameistarans kom ekki fyr en um það leyti, sem fjárlögin voru að fara hjeðan úr deildinni, og var þá send nefndinni í Ed. Svo hefur hún verið lögð fram á lestrarsalnum, og legið þar síðan 4. sept., og það hefur farizt fyrir, að koma með breyt.till. meðan fjárlögin voru í Ed.

Þá er 9. tillagan við 16. gr. 8, að sú athugasemd falli burtu, að búnaðarfjelagið hafi stjórn og umsjón sandgræðslunnar; þetta er í samræmi við það frumv. um skóggræðslu, er samþ. var hjer, og verður afgreitt frá Ed. í dag, og samhlj. till. frá háttv. fjárlaganefnd, svo að jeg tek mína breyt.till. aptur.

Þá er 10. breyt.till. um styrkinn til verkfræðings þess, er á að vera landsstjórn og hjeraðsstjórnum til aðstoðar og undirbúnings framkvæmda ýmsra fyrirtækja. Jeg legg mjög mikla áherzlu á, að þetta fje sje veitt, og skoða

það sem ógát eða skort á því, að málið hafi verið nægilega hugsað, að háttv. Ed. skyldi fella þennan styrk burtu síðara árið. Jeg hygg, að allir þeir, sem hafa haft tækifæri til þess að kynna sjer, hve mikið hefur verið heimtað af þessum verkfræðingi, síðan hann kom, viðurkenni, að ekki sje ástæða til að ætlazt til þess, að hann hefði komið meiru í verk, en hann hefur gjört, og allir, sem þekkja hann, álíta hann mjög duglegan mann og stórskaða, ef vjer missum hann aptur. Enda hafa allir þeir, er jeg hefi talað við, verið á því, að ekki gæti annað komið til mála, en að hann hjeldi þessum styrk framvegis. Síðasta breyt.till. mín gengur út á það, að hækka persónulega launaviðbót Þorsteins Guðmundssonar yfirfiskimatsmanns úr 200 kr. upp í 400 kr. hvort árið. Mjer finnst, að ef vjer eigum að fara að sýna þessum sæmdar- og dugnaðarmanni einhverja viðurkenningu á annað borð, þá megi það ekki minna vera en þetta. Þeir, sem bezt þekkja starf þessa manns, hæla honum mest fyrir það, hve vel hann inni það af hendi, og þeim kemur saman um, að það sje þegar orðið fiskiútflytjendum til stórgagns með fjárhagslegum arði og auknu trausti erlendis nú á síðustu árum. Jeg hefi því komið fram með þessa breyt.till. í heiðurskyni við þennan mann og vona að háttv. deild samþ. hana.

Jeg skal ekki fara út í allan þann aragrúa af breyt.till. frá einstökum þm., sem hjer liggur fyrir; hv. framsm. hefur minnst á allmargar þeirra. En jeg skal að eins minnast á eina breyt.till. frá háttv. fjárlaganefnd, þar sem lagt er til, að heimila ráðh., að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd 500,000 kr. lán, fyrir vatnsveitu í Reykjavík. Jeg álít í sjálfu sjer ekki varhugavert fyrir landssjóð, að taka ábyrgð á þessu láni; jeg hygg, að Reykjavík sje svo vel efnaður bær, að ekki komi til þess að landssjóður þurfi að borga neitt af þessu út. En jeg er í miklum vafa um, hvort rjett er að veita slíkar ábyrgðarheimildir, er skuldbinda landssjóð til langframa á fjárlögum. Eptir 23. gr. stjórnarskrárinnar má ekki taka lán, er skuldbindi Ísland, nema með lagaboði, og það er í öllu falli vafasamt, hvort þar er ekki átt við sjerstök lög. Ákvæðið hefði átt vel heima í vatnsveitulögunum, en þau eru nú fullbúin frá þinginu, og er leitt að þetta skyldi koma svona seint fram. En að minni hyggju væri að minnsta kosti álitamál, hvort ekki mætti setja ákvæði þetta inn í önnur almenn lög, sem ekki eru fullbúin enn, t. d. sem ákvæði um stundarsakir í bæjarstjórnarlögunum, þó að það komi þar nokkuð undarlega við, eða þó öllu heldur að búa til um það sjerstakt frumvarp, sem svo gengi í gegnum þingið með afbrigðum frá þingsköpunum. Það gjörir ekkert til, þó þetta standi í fjárlögunum líka, en að það standi eingöngu þar, það álít jeg varhugavert.

Þessari aths. vildi jeg skjóta fram til yfirvegunar og athugunar háttv. deild.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg hef leyft mjer, að koma hjer fram með nokkrar breyt.till., og skal jeg þá fyrst minnast á þá breyt.till., sem stendur á þgskj. 664 við 13. gr., þar stendur að hún sje við 13. gr. I. 2 og 3, en það er prentvilla, það á að vera 13. gr. *B.* I. 2 og 3, Eins og menn muna, fór jeg fram á það við 3. umr., að þessir 2 liðir væru felldir burt, þessar fjárveitingar handa nýjum aðstoðarmanni fyrir landsverkfræðinginn og skrifstofukostnaðar. Að vísu fjellst deildin ekki á þetta þá, en hún samþ. aðrar 2

breyt.till. um að hækka laun verkfræðingsins, og gjöra honum að skyldu, að hafa ekki önnur störf á hendi. (*Forseti: Magnús Stephensen*: Hvaða till. er þm. að tala um? henni hefur víst ekki verið útbýtt enn þá), ef svo er, þá bið jeg afsökunar, og skal þá fresta því, að tala um hana þangað til henni hefur verið útbýtt. Jeg hef hana að minnsta kosti fyrir framan mig.

Jeg vík þá á meðan að hinni næstu á þgskj. 657 við 14. gr. *B.* VII. h. í, viðvíkjandi Flensborgarskólanum. Hv. fjárlaganefnd hefur lagt það til, að fella burtu þessa tvo liði, fjárveitingarnar til viðhalds húsunum, brunabótagjalds og fleira, 900 kr. hvort árið, og liðinn til afborgunar og vaxta af byggingarláni, 1,475 kr. fyrra árið og og 1,425 kr. síðara árið, sem háttv. Ed. deild hefur samþ. í einu hljóði, sem alveg nauðsynlega og sjálfsagða fjárveitingu. Háttv. fjárlaganefnd Nd. hefur látið í ljósi, að hún vildi ekki með nokkru móti aðhyllast þessa liði, með því að þá liti svo út, sem þessi skólastofnun væri sett á landssjóð. Jeg skal nú geta þess fyrst og fremst, að þessi skóli *er opinber stofnun*, en ekki »privat«skóli, eins og háttv. fjárlaganefnd virðist álíta. Hann var gefinn til þess opinbera á sínum tíma en ekki einstökum manni, og það er svo fjarri því, að hann sje »privat«eign, að það er ekki leyfilegt að selja hann og þá líklega ekki veðsetja, heldur er svo ákveðið í gjafabrjefinu, að þótt skólinn kunni að leggjast niður um tíma, þá skal eignin geymast, þangað til skóli verði reistur við aptur. Jeg verð að taka það fram, sem háttv. fjárlaganefnd virðist ekki vera ljóst, að skólinn á enga eign umfram skólahúsin með lóð, enga eign, sem gefi af sjer nokkrar *tekjur*, nema hvað hann fær 120 kr. jarðarafgjald á ári, það eru allar þær tekjur, sem hann fær árlega, og þess vegna hefur hann orðið að lifa á landssjóði hingað til að öllu leyti.

Það sem veldur því, að hann þarf nú meira fje en áður, er það, að aðsóknin til hans vex sífellt. Á þessum 25 árum, síðan hann var stofnaður, hefur aldrei orðið nein hnignun á framgangi hans, og aldrei nein óánægja með hann; það er því undarlegt, að háttv. deild skuli ekki vilja styðja hann, eins og aðra skóla. Árið 1905 sóttu 100 nemendur um skólann, en ekki var rúm nema fyrir 79, svo að þá varð að leigja bekk í barnaskólanum í viðbót. Út af þessu neyddist stjórn skólans, sem stendur undir landsstjórninni, til þess að byggja nýtt hús, til þess að geta tekið við nemendunum. Þetta nýja hús var byggt stórt og stæðilegt, og kostaði samtals 7,086 kr., fyrir utan borð og rúmstæði, viðgjörð á gamla húsinu og fl., sem samtals nam 9,500 kr. Af því að skólinn hefur, eins og áður er sagt, sama sem engar tekjur, þá varð að taka lán til þess að standast þennan kostnað, og var tekið í sparisjóði Hafnarfjarðar *með samþ. landsstjórnarinnar*. Það eru nú afborganir og vextir af þessu láni, sem háttv. efri deild hefur tekið upp á fjárlögin, og hvernig á líka að borga þetta öðruvísi? Jeg tek það fram, enn og aptur, að þessi skóli er opinber stofnun, þótt hann standi undir sjerstakri stjórn, sem svo aptur stendur undir landsstjórninni.

Í vetur hafa alls 120 sótt um að vera í skólanum. Ef unnt verður, mun það verða reynt, að veita þeim viðtöku. En til þess er enginn vegur, ef skólinn fær eigi þann styrk, sem hann

þarf. Það má búast við því, að þá reki að hinu sama, eins og opt áður, að það verði að neita að taka á móti nemendunum að miklum mun, og virðist það vera neyðarúrræði.

Jeg veit ekki, hvernig á því stendur, að nefndin skuli ekki geta fallizt á það, að veita slíkum skóla, sem slík aðsókn er að, nægilegt fje til þess að veita viðtöku þeim, er um hann sækja. Til hvers segist þingið vilja styrkja alþýðumentun í landinu, ef það bægir mönnum svo frá þessum skóla, og sker við neglur sjer nauðsynlegan styrk til hans. Ef þetta fje verður ekki veitt, þá verður stjórnarnefnd skólans, sem nú hefur unnið fyrir skólann, fyrir ekkert, í 25 ár, í standandi vandræðum. Hvernig á hún að fara að? Hún hefur að líkindum ekki leyfi til þess að veðsetja skólaeignina og getur því ekkert gjört, nema að taka ábyrgðina af lánum upp á sig sjálfa. Jeg sje því ekki annað, en að þetta miði til þess, að gjöra stofnunina gjaldþrota.

Til samanburðar á því, hvað þessi stofnun og aðrar komast af með, skal jeg geta þess, að kvennaskólanum í Reykjavík, sem hafði 40 nemendur síðasta ár, eru ætlaðar 9,000 kr. á ári, og gagnfræðaskólanum á Akureyri, sem hafði 63 nemendur sama ár, 11,900 kr. hvort ár. Hvernig á þá Flensborgarskólinn, sem engar tekjur hefur, að komast af með það, sem honum er ætlað fyrir 120 nemendur?

Jeg tala ekki um hinn almenna menntaskóla, sem ætlaðar eru 33 þús. og 700 kr. hvort árið, og nú á að bæta við, svo hann fái um 35 þús., og hann hefur þó ekki fleiri nemendur en Flensborgarskólinn.

Jeg mælist til þess, að háttv. deild verði máli þessu fylgjandi, eins og háttv. efri deild hefur gjört. Jeg hef neytzt til þess, af því að jeg gjöri mjer litlar vonir um, að breyt.till í þá átt, að landssjóður borgaði þessa vexti og afborganir, yrði samþ., að fara fram á byggingarstyrk, 5,000 kr.; hef neytzt til þess, segi jeg, ef hitt skyldi falla. En við þá till. mína er aptur breyt.till. frá háttv. fjárlaganefnd, sem vill veita skólanum að eins 2,500 kr. byggingarstyrk. Jeg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir það, að hjer kemur það fram, að hún vill láta þingið styrkja þessa stofnun að einhverju leyti, sjálfsagt af því, að hún telur það skylt, eins og rjett er. En ef skólinn á að geta þrifizt, þá verður hann að hafa nóg fje til þess, að geta tekið á móti þeim umsóknum, er bjóðast. Það má ef til vill segja, að skólastjórnin geti visað nemendum burtu, er til hans sækja, þegar fje vantar, en þegar þess er gætt, að margir umsækendurnir eru úr fjarlægum hjeruðum, t. d. af austurlandi, sem ekki hafa sótt um skólavist fyr, en þeir eru alkomnir, og hafa gjört sjer ferð langar leiðir, þá er sannarlega hart, að vísa þeim mönnum burtu. Enda ætti það að vera stefna þingsins, að sjá um það, að þeir, sem vilja fá almenna menntun, geti fengið hana.

Jeg legg það því til, að þessi styrkur verði veittur. Öll upphæðin, sem Ed. hefur ætlazt til að skólinn fengi, er liðugar 10,000 kr. hvort árið. Og þegar þess er gætt, að skólinn hefur 120 nemendur þá er ekki hægt að segja annað, en að hjer sje skaplega áhaldið, í samanburði við Akureyrarskólann, sem á að fá 11,900 kr. og kvennaskólann, sem veittar eru 9,000 kr.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en að eins geta þess, að jeg hef fært þessar 900 kr. niður í 700 kr. ekki af því, að jeg álíti of hátt farið, heldur að eins til samkomulags. Jeg vonast til, að báðir liðirnir fái að standa, en

að minnsta kosti ætti þessi liður um afborganir og vexti að verða samþ. Nú sje jeg, að búið er að útbýta breyt.-till. mínum á þgskj. 664 og vildi jeg því bæta nokkrum orðum við það, sem jeg sagði áðan um hana. Það virðist vera nægilegt, að landsverkfræðingnum sje ætluð einhver aðstoð, sem nemi 1,200 kr. á ári, í stað þess að hann fái sjerstakan aðstoðarmann, þar sem gengið er út frá því, að Krabbe verkfræðingur verði hjer áfram, sem auðvitað verður landsverkfræðingnum til stuðnings. Ef þessi breyt.-till. verður samþ., þá sparast hjer 5,600 kr. á báðum þessum liðum á fjárhagstímabilinu. Það er meira fje en útgjaldaaukning sú, er jeg hef farið fram á á þgskj. 657, og jeg hef hugsað mjer, að breyt.till. mínar hjer í deildinni yrðu heldur til þess að lækka útgjöldin, en til þess að hækka þau.

Þá er breyt.till. mín á þgskj. 658, um að fella burtu styrk til Jóns Ólafssonar, til að semja íslenzka orðabók. Jeg ímynda mjer, að háttv. Ed. hafi ekki áttað sig á því, hversu mikið starf það er að semja íslenzka orðabók. Í öðrum löndum eru þess dæmi, að unnið hafi verið til orðabóka yfir 100 ár. Í Danmörku t. d. hefur verið unnið að slíkri útgáfu í 150 ár. Í Svíþjóð er mörgum mönnum ætlað þetta starf og sjerstök bygging byggð í því skyni. Á Englandi er verið að gefa út svo nefnt »Murray's Dictionary«, og við þá orðabók er öll þjóðin tekin til aðstoðar, auk þess sem fjöldi málfræðinga vinnur að útgáfunni. Nú hefur nefndin hjer lagt til, að færa styrkinn niður úr 2,100 kr. í 1,500 kr. á ári, og er það enn meiri fjarstæða. Það getur aldrei komið til þess, að maðurinn fái styrkinn. Það er annað að semja orðabækur og semja skáldsögur. Áður en farið er að gefa út orðabók, þarf að hafa margra ára undirbúning til hennar. Þessi styrkur er því alveg gagnslaus, þegar tiltekið er, að ákveðinn styrkur sje veittur fyrir hverja *prentaða örk*. Og það er sannarlega ekki líklegt, að margar arkir verði *prentaðar* af þessari orðabók á næstu tveim árum. Styrkur þessi *getur því ekki* komið til útborgunar á þessu fjárhagstímabili, og á því ekki að standa á fjárlögunum, nema svo sje, að þetta eigi að vera heiðursviðurkenning frá þinginu. En jeg vil skjóta því til h. deildar, hvort ástæða sje til að veita höfundinum heiðursviðurkenning, eins og nú stendur. Jeg skil það ekki og vona, að deildin samþ. till. mína.

Þá á jeg breyt.till. á þgskj. 661. H. framsm. lýsti yfir því, að hann aðhylltist hana fyrir sitt leyti. Jeg þarf því ekki að fara mörgum orðum um hana. Hún fer fram á, að veita Agli pósti Gunnlaugssyni 100 kr. eptirlaun á ári. Það sýnist vera mannúðarverk að skilja hann ekki einn eptir, þegar aðrir póstar, sem sótt hafa, eru teknir á fjárlögin. Þess er og að gæta, að till. fer að eins fram á helming af því, sem aðrir póstar fá.

Af því að hæstv. forseti hefur mælzt til þess að menn yrðu stuttorðir, skal jeg nú hætta, þó að jeg fyndi ástæðu til að minnast á nokkrar fleiri breyt.-till., sem fram hafa komið.

Árni Jónsson: Mjer þykir ekki fýsilegt, að taka til máls nú, þar sem salurinn er enn nálega tómur.

Jeg ætlaði að minnast nokkuð á »stóra málið« ritsímamálið. Þannig var það kallað á seinasta þingi, og það má heita, að það hafi enn verið »stóra málið«, hvað fjárframlög snertir á þessu þingi. Á þingmálafundi í mínu kjördæmi var samþykkt sú áskorun

til þings og stjórnar, að gjöra sem fyrst ráðstafanir til þess, að talsími verði lagður um Norður-Þingeyjarsýslu í sambandi við ritsíma landsins. Þessa áskorun hef jeg samt ekki sjeð fært að taka upp, þar sem svo margir símar voru fyrir á fjárlagafrumvarpinu, og ýmsir þingmenn hafa viljað koma fleiri símum að til viðbótar. En mjer þykir þó ástæða til að minnast nokkuð á þessa áskorun í sambandi við framhalds-nefndarálit fjárlaganefndarinnar hjer. Þar er það tekið fram um nokkura síma; sem mjög hefur verið haldið fram hjer í deildinni, en felldir voru í háttv. Ed., að þeir sjeu sjálfsagðir að komast að á næsta fjárhagstímabili og sitja fyrir öðrum; það eru símarnir til Stykkishólms og Vestmannaeyja. Út af þessu vil jeg taka það fram, að eins mikil nauðsyn getur verið, að leggja síma annarsstaðar á næsta fjárhagstímabili, og þar undir vil jeg telja síma í mínu kjördæmi. Jeg hef ekki gjört tillögu um, að það yrði á þessu fjárhagstímabili, af því að svo margir símar eiga þá að leggjast, og óvíst er, hvort þeim verður öllum komið í verk, eða hvort fje verður til þess.

Kjósendur mínir telja síma nauðsynlegan um hjerað sitt, og eru einkum 2 gildar ástæður til þess.

1. Þegar landsíminn var lagður í hitt eð fyrra, þá verður það að teljast mjög óheppilegt, að hann var lagður um fjallgarða og heiðar, en sneitt hjá byggðinni, og ímynda jeg mjer, að margir háttv. þingm. hafi þegar sannfærzt um, að heppilegri hefði verið hin leiðin, sem jeg þá vildi að farin væri, og að nauðsyn sje til, að bæta úr þessu, þegar fje er fyrir höndum. Þessir menn, sem þarna búa, og þá var farið fram hjá, þeir eiga, að mínu áliti, öðrum fremur kröfu til þess, að óskir þeirra sjeu teknar til greina, og sími lagður um sveitirnar þeirra.

2. Hitt er annað, að þar úti fyrir um kring Langanes og Sljettu eru stundaðar miklar fiskiveiðar á sumrum, og væri því þeirra vegna áríðandi, að fá sem fyrst símasamband, En á vetrum er nauðsynlegt vegna veðurfræðinnar, að fá þaðan vitneskju um hafís og loptrás. Sími frá Vopnafirði til Þórshafnar á Langanesi væri því nauðsynlegur af þessum sökum, og ætti að vera framarlega eða fyrstur í röðinni.

Jeg hef hreyft þessu til þess, að halda málinu vakandi og vænti, að háttv. stjórn láti rannsaka þessa símaleið með þeim fyrstu, sem rannsakaðar verða, og gjöra áætlun um kostnaðinn.

Annað málefni, sem jeg vil minnast lítið eitt á, er tillaga mín á þgskj. 646. Jeg hef ekki komið með fjárbeiðslur á þetta þing og er sjaldan vanur því. Þessi litla beiðni er flutt með góðu leyfi fjárlaganefndarinnar, þó að hún hafi ekki sjálf tekið hana upp. Þessi fjárveiting, sem hjer er farið fram á, var samþykkt hjer í deildinni fyrir nokkuru, en tekin út aptur í háttv. Ed., þó að ekki viti jeg af hverjum ástæðum.

Mjer þykir líklegt, að háttv. Ed., hafi ekki kynnt sjer málið, og af því, að fjárlaganefndin tók þessa tillögu upp í fyrstu, má vera, að sumum hjer í deildinni sje ekki heldur full kunnugt um ástæðurnar.

Mjer þykir því hlýða, að skýra þetta fyrir háttv. deild með fáum orðum.

Jónas þessi Jónsson er frá Hriflu í Bárðardal; sýnir bæjarnafnið, að þar muni vera land hrjóstrugt, enda er svo. Mig minnir það sje í Hrólfs sögu Gautrekssonar kölluð Hriflungabjörg, þegar kostur er lítill og ekki valinn.

Jónas var þegar í æsku vel gefinn, og þó að erfiðar væru ástæður hans, horfði hann lengra og hugði sjer til frama. Hann komst á Möðruvallaskólann og tók próf þaðan eftir tvo vetur vorið 1905, og var hann þá 20 ára. Hlaut hann einkunnina ágætlega og ágætlega ÷ í öllum 8 námsgreinunum nema einni; þar fjekk hann dável. En í aðaleinkunn fjekk hann I. ágætiseinkunn, 61 stig. Síðan gjörðist hann kennari við unglingaskólann á Ljósavatni og var það hinn fyrra vetur. Hann vildi komast lengra; hann langaði að komast á menntaskólann hjer, en reglugjörðin var ekki svo liðleg, að hann gæti átt kost á því. Næsta sumar var hann í kaupavinnu, en fór síðan til lýðskólans í Askov og var þar næstliðinn vetur. Nú í vetur komandi ætlar hann sjer á »Statens Lærerhöjskole« í Kaupmannahöfn. Tilgangur hans er að búa sig sem bezt undir að verða unglingakennari, en þeirra skóla telur hann mikla þörf hjer, og finnst þar vera mikið verkefni fyrir höndum, eins og ljósast má sjá af hinni stuttu umsögn hans. Þar stendur: »Ætlun mín er því að búa mig undir að verða unglingakennari heima. Í því skyni reyni jeg eptir megni að kynna mjer hina »grundtvigsku« skólastefnu, því að jeg álít, að hún geti átt til okkar gott erindi og þarft«.

Margir þeirra háttv. þm., sem hjer sitja, hygg jeg að muni geta sett sig í spor þessa unga manns, sem nú er að berjast áfram einn síns liðs í framandi landi, með það markmið fyrir augum, að geta unnið sínu eigin landi sem mest gagn. Jeg segi, að þjer háttv. þm. munið geta sett yður í hans spor, þegar þjer minnist þeirra fyrri áranna, þegar við vorum að brjótast áfram á tvítugsaldri. Þessi ungi maður, hann hefur, eins og vjer höfðum þá, einlæga löngun og vilja til þess að vinna fyrir landið sitt. Hann veit, að styrkveitingin hefur verið samþykkt hjer, og það er hart fyrir hann að frjetta, og jeg vona að hann þurfi ekki að frjetta það, að þessi litli styrkur, 300 kr. hvort árið, hafi verið tekinn af honum aptur. Jeg er viss um, að hann heldur áfram að brjótast áfram fyrir því, en honum hlýtur að verða kærara til lands síns, þjóðar og þings, ef hann finnur það, að þessir völdu menn, sem á þinginu sitja, þeir kunna að meta viðleitni hans og verðleika, og vilja því styðja hann í störfum hans. Jeg vil vitna til háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), sem þekkir, hvort það er ekki allt rjett hermt, sem jeg hef sagt um hæfileika hans og framkomu.

Jeg tek það upp aptur, að háttv. Ed. mun hafa fellt þessa styrkveitingu af því, að hún hefur ekki kynnt sjer málið. Nú hef jeg skýrt það fyrir háttv. þm. hjer, og vil lúka máli mínu með því, að jeg vænti þess fastlega, að háttv. deild samþykki þessa litlu fjárveitingu.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. á þskj. 633, við 9. lið 12. gr. Þær miða að því að koma þessum liðum, sem upp eru taldir, í sama horf, sem samþ. var hjer í deildinni. Hjer var samþ. að veita sjúkraskýlunum 2,000 kr., til þess að halda lærðar hjúkrunarkonur, og skyldi styrkurinn ekki nema meira en 400 kr. til hvers þeirra. Þessu hefur háttv. Ed. breytt þannig, að hún ætlar sjúkrahúsunum á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Patreksfirði skilyrðislausan styrk, alls 1,500 kr., og auk þess 500 kr. til reksturs sjúkraskýla. Hún hefur einnig tekið það til greina, að þörf er á lærðum hjúkrunarkonum, og hefur ætlað sjúkrahúsunum 600 kr. til þess að halda þær. Upphæðin hefur því

aukizt um 600 kr. í háttv. Ed., og ætti jeg að vera þakklátur fyrir það, sem jeg er. En mjer þykir ekki rjettlátt, hvernig háttv. Ed. úthlutar þessu fje. Ed. vill, að sjúkrahúsin gömlu fái allan styrkinn. Sjúkraskýlin út um land eiga ekkert að fá eða sama sem ekkert. Þetta er ekki rjettlátt, og er með þessu sótt í sama horf, sem áður.

Þeir, sem láta sjer annast um gömlu sjúkrahúsin, eiga heima í grennd við þau, og eru hræddir um, að þau fái ekki styrkinn, af því að þau hafa ekki lærðar hjúkrunarkonur. En jeg vil taka það fram, að þær hjúkrunarkonur, sem þar eru nú, hafa verið þar lengi og eru orðnar vanar; sjúkrahúsin mundu því fá styrkinn, þó að þær væru kyrrar. Tilætlunin var sú, að framvegis yrðu ekki ráðnar til sjúkraskýlanna aðrar, en lærðar hjúkrunarkonur. Mjer er kunnugt um það, að margar stúlkur hjer hafa viljað læra hjúkrunarfræði, en ekki þorað að leggja út í það, vegna þess að þær gátu ekki gjört sjer von um að fá atvinnu hjer. Nýlega var hjer íslenzk stúlka, sem hafði lært hjúkrunarfræði og óskaði atvinnu hjer, en fjekk ekki. Þeim mönnum, sem enga þekkingu hafa á sjúkrahúsum, og fæstir hafa legið á þeim, er erfitt að gjöra sjer í hugarlund, hvílík nauðsyn er að hafa lærðar hjúkrunarkonur á sjúkrahúsum, en jeg veit, að háttv. þm. taka orð mín trúanleg. Þó að þeir, sem vilja styðja gömlu sjúkrahúsin, hafi nokkuð til síns máls, þá er líka rjettlátt að styðja sjúkraskýli annarsstaðar, sem erfitt eiga uppdráttar.

Þá er 2. breyt.till. á sama þskj., sem fer fram á að hækka styrkinn, til að koma upp sjúkraskýlum um helming, svo að hann verði 1,000 kr. á hverja 1,000 íbúa. Jeg hafði upphaflega stungið upp á, að styrkurinn yrði 2,000 kr. á hverja 1,000 íbúa, og þá hefði styrkurinn komið að verulegu gagni. En að ætla til þess 500 kr. á hverja 1,000 íbúa, eins og Ed. hefur gjört, getur ekki komið að neinum notum.

Þá er breyt.till. á þingskj. 645, við 14. gr. B. VII. b. 1, um styrkinn til harnaskóla. Eptir þeirri breytingu, sem varð á þessum lið barnafræðslufrumv. hjer í deildinni fyrir skömmu, er einnig óhjákvæmilegt að breyta því hjer, en jeg veit ekki, hvort allir háttv. þingdm. hafa gjört sjer ljóst, hvernig sú breyting þarf að vera, svo jeg skal leyfa mjer að skýra það mál í fám orðum.

Hingað til hefur barnafræðslustyrknum verið skipt í tvennt, milli barnaskóla og farkennara. Nú er hið eðlilegasta, að þegar um styrk til barnaskóla í kaupstöðum er að ræða, þá sje honum skipt niður í samræmi við þann styrk, sem skólum utan kaupstaða hefur veittur verið. Á síðasta fjárhagstímabili voru í skólum utan kaupstaða 1,000 börn, og á sama tíma var barnaskólum utan kaupstaða veittur 10,000 kr. styrkur, það nemur 10 kr. á hvert barn. Nú á að veita 12,000 og 15,000 kr. næsta fjárhagstímabil og er það aptur 10 kr. á hvert barn, því ráðunauturinn í kennslumálum áætlar, að skólaskyld börn verði í sveitum 1,200 fyrra ár og 1,500 seinna ár næsta fjárhagstímabils. Nú hef jeg líka fengið að vita hjá sama manni, að í kaupstöðunum öllum 5 eru skólaskyld börn um 1,200; ef kaupstaðirnir fengju jafnmikinn styrk og sveitirnar, þá þyrfti að hækka þennan útgjaldalið um 12,000 kr., en við förum ekki fram á svo mikið, við förum að eins fram á helminginn af því, 6,000 kr. Háttv. fjárlaganefnd hefur nú tekið svo vel undir þessa styrkveitingu, að hún

vill falla frá sinni eigin tillögu og fallast á minar og samflutningsmanns míns, um að veita 6,000 kr. síðara árið — við förum ekki fram á neitt fyrra árið — og við sættum okkur við þetta og erum fjárlaganefndinni þakklátir fyrir. Jeg vona, að háttv. deild sjái, að hjer er ekki farið fram á neitt ósanngjarnt, þar sem við biðjum ekki um nema helming á móts við sveitirnar.

Þá á jeg ásamt háttv. meðnefndarmönnum mínum í skattamálanefndinni breyt.till. á þingskj. 630, þess efnis, að aptan við 16. gr. 30 l, um fjárveiting til Fiskiveiðasjóðsins, bætist athugasemd þess efnis, að ef stofnað yrði útgjörðarfjelag, sem nær til allra síldarútvegsmanna, þá verði álits þess fjelags leitað um styrk til síldarútvegs. Þessi breyt.till. stendur í sambandi við hækkunina á síldartollinum, og þó að $^1/_{10}$ partur af þeim tolli eigi að renna í Fiskiveiðasjóðinn og þannig verða til eflingar útveginum, þá er megn óánægja meðal síldveiðimanna út af þessari tollhækkun, eins og í rauninni er eðlilegt, og þeir hafa jafnvel farið fram á að fá 30 aura tollaukann apturgreiddan. En skattamálanefndin lítur svo á, að slík endurborgun sje erfið, því þar verður erfitt að greina á milli þeirra útgjörða, sem eru íslenzkar í raun og veru, og þeirra, sem eru íslenzkar að eins að nafninu til, en eru reknar fyrir útlent fje. Í annan stað lítur skattamálanefndin svo á, að ef fjelagsskapur myndaðist meðal síldarútvegsmanna, þá fengju þeir tillögurjett um, hvernig þessu fje er varið. Þetta ákvæði mundi líka verða hvöt til þeirra til þess að mynda innbyrðis fjelagsskap með sjer, og það hefur einmitt opt verið talað um, að það væri tilfinnanlegur skortur á fjelagsskap meðal sjómanna hjer á landi í samanburði við það, sem er meðal landbænda, en samvinna meðal sjómanna mundi leiða gott af sjer, ekki síður en samvinna meðal landbænda.

Þá skal jeg leyfa mjer að minnast lítillega á breyt.till. á þgskj. 653, frá fjárlaganefndinni, viðvíkjandi ábyrgð landssjóðs á 500,000 kr. láni fyrir bæjsjóð Reykjavíkur. Það hefur nú ýmislegt verið fundið að þessu, það veiki lánstraust landssjóðs, hætt sje við, að aðrir kaupstaðir komi á eptir og biðji um samskonar ábyrgð o. s. frv. Jeg vil minna á, að jeg veit ekki annað en þetta sje í fyrsta skipti, sem Reykjavík kemur og biður þingið um peninga, eða að minnsta kosti held jeg, að Reykjavík hafi aldrei fengið lán úr landssjóði. En á hinn bóginn er það víst, að hjer er um bráðnauðsynlegt fyrirtæki að ræða, jafnnauðsynlegt eða nauðsynlegra, en ýms önnur fyrirtæki, sem þingið veitir fje til.

Viðvíkjandi því, að þessi ábyrgð mundi veikja lánstraust landssjóðs, er auðvitað það að segja, að það er ekki ólíklegt, að svo geti farið, enda er það alþekkt, að öll lán og ábyrgðir veikja lánstraust. Það standa hjer af tilviljun saman 2 breyt.till., önnur fer fram á lánveitingu til Akureyrarkaupstaðar, en hin fer fram á ábyrgð á láni fyrir Reykjavík. Þessar 2 till. sýnast mjer svo líkar í eðli sínu, að jeg vænti þess, að eitt verði látið yfir þær báðar ganga; jeg vona, að háttv. deild samþykki þær báðar.

Hæstv. ráðherra gaf í skyn, að slíkt ákvæði sem þetta ábyrgðarákvæði, mætti ekki setja á fjárlögin, því samkvæmt stjórnarskránni mætti ekki taka lán, sem bindi fjárhag landsins, nema með sjerstöku lagaboði. Jeg lít nú svo á, að fjárlögin sjeu í þessu tilliti fullgilt lagaboð, og ákvæði um þetta í þeim finnst mjer tryggja stjórninni heimildina fyrir þessari ábyrgð; en jeg skal

ekki þrátta um þetta við þá, sem lögin þekkja betur en jeg, en ef ákvæðið þykir ógilt á fjárlögunum, þá mætti bjarga því með bráðabirgðarákvæði í sambandi við lög, sem enn eru fyrir þinginu. En jeg vil fyrst leyfa mjer að biðja hæstv. ráðherra að segja sitt álit á þessu atriði, og af hans orðum vonast jeg eptir að heyra, hvort jeg þarf að koma með bráðabirgðarákvæðið eða ekki.

Jeg vil þakka háttv. fjárlaganefnd fyrir, hvað vel hún hefur tekið í breyt.-till. mínar, og jeg get í annan stað sagt, að jeg er samþykkur öllum þeim breyt.till., sem háttv. fjárlaganefnd ber fram og hef ásett mjer að greiða atkv. með þeim öllum. Þó eru það tvö atriði, sem mig furðar á að háttv. fjárlaganefnd skuli ekki hafa tekið til greina, annað atriðið er lítilvægt, en hitt er merkilegt. Hið fyrra er það, að mjer er kunnugt um, að fjárlaganefndin hefur haft til skoðunar registur yfir öll alþt. Nú get jeg vel skilið, að forsetar alþ., sem gefa út alþt., þykist ekki geta gefið út registrið, nema þeir fái samþykki alþ. til þess. Mjer sýnist það vera þarfaverk að gefa út registur yfir alþt., og jeg vil beina því til háttv. fjárlaganefndar, hvort það er af gleymsku, að hún ekki tekur neitt fram um registrið, eða hvort það er virkilega tilfellið, að hún sje á móti því, að það sje gefið út.

Hitt atriðið, sem jeg ætlaði að minnast á, var það, að háttv. Ed. hefur, meðal annara lánsheimilda, strykað út 50,000 kr. lán úr viðlagasjóði til barnaskólabygginga. Mig furðar stórlega á þessu, því jeg hafði þó sannarlega búizt við að sjá þennan lið meðal þeirra breytinga, sem fjárlaganefndin gjörði við fjárlagafrumv. háttv. Ed.

Jeg vona, að háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar hafi tekið eptir þessum orðum mínum og jeg fái svör hans um þessi tvö atriði.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Út af orðum háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), skal jeg leyfa mjer að geta þess, að mjer er persónulega kunnugt, að allt, sem hann sagði um Jónas Jónsson frá Hriflu, er fullkomlega rjett. Jeg get lýst því yfir, að hann var einn af þeim efnilegustu piltum, sem á skólann hafa gengið, vel gáfaður og hinn áhugasamasti um allt. Það er því full ástæða til að halda, að hann geti orðið landi sínu til gagns. Jeg tel það illa farið, að hann komst ekki í menntaskólann, eins og hann ætlaði sjer. og enn ver farið, ef hann neyddist nú til að hætta að afla sjer frekari menntunar sökum fjárskorts.

Guðlaugur Guðmundsson(þm.V.-Sk.): Jeg hef 2 breyt.till. á að minnast, og gæti jeg verið stuttorður, ef jeg ekki minntist á fleira. Fyrri breyt.till. er á þgskj. 628, þess efnis, að breytt sje nafninu á amtsbókasafninu fyrir norðan og það nefnt »Amtsbókasafnið á Akureyri«, því »Amtsbókasafn« í Norðuramtinu er mjer vitanlega ekki til. Mjer þykir einkennilegt, að háttv. Ed. skyldi fara að setja þessa villu inn í fjárlögin, þar sem nýlega er búið að afgreiða þaðan lög um prentsmiðju o.fl., og þar er bókasafnið nefnt »Amtsbókasafnið á Akureyri«, eins og rjett er, en það lítur helzt út fyrir eptir orðunum, að veitingin á fjárlögunum sje þá miðuð við eitthvert bókasafn, sem ekki er til. Og það má enginn ætla, að þetta sje alveg þýðingarlaust atriði, því fyrst og fremst hefur það þýðingu, að bókasafnið gangi undir rjettu nafni en ekki röngu, og í annan stað gæti þessi ruglingur haft þær afleiðingar, að stjórnin neitaði að útborga styrkinn. Jeg hef í þessu efni fyrir mjer orð landritara; jeg hef ekki talað um það

við hæstv. ráðh. og mig skyldi ekki furða, þó þessi fjárveiting yrði, þegar til útborgunar kemur, skoðuð sem »nonsens« og neitað að borga hana. Breyt.till. fer fram á að nefna bókasafnið hinu lögákveðna nafni þess.

Þá er breyt.till. á þgskj. 648 um 60,000 kr. lánveitingu til lýðháskóla með fyrirmyndarbúi á Suðurlandsundirlendinu. Jeg skal taka það fram, að jeg þekki vel báða þessa menn, sem nefndir eru. Annar þeirra, Bergur Helgason búfræðingur hefur í mörg ár verið heimilsmaður minn og verkstjóri, og er víst um það, að af ungum mönnum munu fáir áhugameiri og duglegri en hann. Vitaskuld hefur hann orðið fyrir heilsubresti á síðari árum, en þó hygg jeg, að hann hafi nú náð fullum bata, svo að heilsuleysi verði honum aldrei til fyrirstöðu. Hinn maðurinn, Karl Finnbogason, hefur í 3 ár verið kennari við skóla, sem jeg hef haft umsjón með, og álít jeg, að þar sje ágætur kennari, og sjerstaklega vel hæfur til lýðháskólakennslu.

Í annan stað liggja fyrir yfirlýsingar frá sýslunefndaroddvitunum í öllum þrem viðkomandi sýslum, Árness-, Rangárvalla- og Vestur-Skaptafellssýslum, um að þær vilji styðja þetta mál, og tel jeg það góða tryggingu fyrir því, að fyrirtækið verði ekki stofnað, nema sjeð verði fram á, að það beri sig og verði að gagni.

Þessi hugmynd: fyrirmyndarbú í sambandi við bóklega kennslu er gömul, og jeg fyrir mitt leyti hygg, að með þeirri breytingu, sem nú er að verða á bændakennslunni, sje fyrirmyndarbú afarnauðsynlegt. Að bera því við, að fjárhagur landsins sje í svo ísjárverðu horfi, að ekki sje gjörlegt að lána þetta fje, það er talað út í hött, því auðvitað verður lánið ekki veitt nema fje sje til í landssjóði til þess, og að sýslunnar gangi í ábyrgð, svo jeg sje ekki, að ástæða sje að neita um lánsheimildina frá þingsins hálfu fyrir þær sakir. Sje fyrirtækið gott og peningar fyrir hendi, þá er ekki ráðlegt að kæfa þetta fyrirtæki; jeg álít þvert á móti skyldu þingsins að styðja öll góð fyrirtæki eptir megni; sjeu ekki til handbærir peningar, þá nær það ekki lengra.

Frá almennu sjónarmiði mætti mikið segja um það, hvernig háttv. Ed. og háttv. fjárlaganefnd þar hafa farið með fjárlögin; og ef jeg ekki teldi það syndsamlegt athæfi, að tefja tíma þingsins úr þessu með löngum umræðum, þá væri full ástæða til að rekja dálítið ítarlega í sundur það, sem Ed. hefur fellt, og það, sem hún hefur sett í staðinn. Háttv. Ed. hefur í stuttu máli sagt fellt burt nær 100,000 kr. til nytsamlegra fyrirtækja, en sett inn yfir 30,000 kr., sem að miklu leyti er, bókstaflega talað, fleygt út til verra en einskis. Þetta kallar háttv. Ed. að spara, og þetta segir hún að miði til að laga fjárhag landsins, fjárhag, sem hún bersýnilega hefur ekki gjört sjer rjetta hugmynd um. Jeg gæti fundið þessum orðum stað með tölulegum rökum, ef tíminn leyfði. Eitt af því, sem háttv. Ed. hefur fellt burt, sem tekur út yfir allt, og sem jeg sje að hæstv. ráðh. og háttv fjárlaganefnd Nd. hefur risið upp til að lagfæra, það er 3,500 kr. til aðstoðarverkfræðings landsstjórnar og hjeraðsstjórna síðara árið. Það vita allir, að þessi fjárveiting er bundin við nafn »ingeniör« Krabbes, manns, sem jeg er vel kunnugur og get fullyrt um, — að öllum okkar innlendu verkfræðingum ólöstuðum — að tekur þeim mjög mikið fram öllum, sem jeg hef haft kynni af. Hann er

dugnaðar- og áhugamaður, maður, sem hefur sterkan hug og vilja á að koma hjer á ýmsum nauðsynlegum og gagnlegum fyrirtækjum.

Pennan mann á að stryka út, flæma hann af landi burt, en vegna hvers? Háttv. Ed. á eptir að gjöra grein fyrir því. Jeg legg á hennar herðar ábyrgðina á því, ef landið á að missa frá þeim fyrirtækjum, sem nú er verið að undirbúa, jafn duglegan, framtakssaman og samvizkusaman mann og Krabbe er. Að háttv. Ed. sje svo ókunnug þessu, eins og jeg hef heyrt borið fyrir, að hún hafi ekki vitað, hvað hún var að gjöra með þessu, það er sú versta pólitíska »Falliterklæring«, sem jeg hef heyrt. Jeg vona, að breyt.till. hæstv. ráðh. og háttv. fjárlaganefndar um þetta efni verði samþ. *í einu hljóði.*

Það voru nokkrar fleiri breyt.till., er jeg vildi minnast stuttlega á. Á þgskj. 644 er breyt.till. um að veita tveim nafngreindum stúlkum á Akureyri 500 kr. styrk hvort árið til þess að halda uppi handavinnukennslu. Jeg veit ekki, hvernig menn fara að rjettlæta það, að neita um þetta, en veita jafnframt 1,000 kr. til iðnaðarmannakennslu, eða er það óþarfara, að konur kunni eitthvað fyrir sjer til handanna, en karlmenn? Sjerstaklega verður þetta óskiljanlegt, þegar nýbúið er að drepa hina gagnlegustu og þörfustu kvennaskólastofnun landsins á þessum stað. Það er að bæta gráu ofan á svart, að gjöra svo þessa kennslu ómögulega, því að búast má við því, að margar stúlkur sæki þangað, þar sem skólinn hefur áður verið, en það er nú líka eitt af frægðarverkum Ed., að fella þetta. Þá er hjer breyt.till. á þgskj. 659, um að færa styrkinn til stórstúkunnar aptur í sama horf og hann var, þá er fjárlögin fóru síðast hjeðan úr deildinni, en sem háttv. Ed. hefur fært niður um 400 kr. hvort árið. Þá breyt.till. vildi jeg styðja. Jeg hef hjer í höndum fróðlega skýrslu frá »Ædruelighedskommissioninni« í Danmörku, og þar sjest meðal annars, að þar, í einhverju mesta brennivínslandi Norðurálfunnar eru bindindisfjelögin styrkt tiltölulega miklu betur en hjer. (*Stefán Stefánsson* Skgf.: Það er eðlilegt, að þess þurfi, þar sem drykkjuskapurinn er svo mikill). Það er einmitt öfugt við það, sem háttv. 2. þm. Skgf. heldur. Þar sem mest er drukkið og mest er brennivínstrúin, þar fæst minnstur styrkur til bindindis; þetta segi jeg ekki af því, að jeg vilji gefa í skyn, að brennivínstrú skipi hásæti í háttv. Ed. eða hjá fjárlaganefndinni þar, og hjer í Nd. veit jeg, að hún gjörir það ekki, nema hjá einstökum mönnum.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) er sýnilega að abbast upp á eldri sjúkrahúsin með breyt.till. sínum á þgskj. 633, og skilst mjer ekki betur á þeim till., en ráð sje gjört fyrir því, að svipta megi þau styrk, en jeg hygg, að þetta fái litinn byr. Jeg ímynda mjer líka, að það sje bezt að láta sitja við það, sem er í því efni fyrst um sinn, og fara ekki að eyðileggja eldri sjúkrahúsin í notum þessara nýju sjúkrakofa. Og það að taka styrkinn af sjúkrahúsunum, það yrði til þess að eyðileggja þau gjörsamlega, eða svo væri það t. d. um sjúkrahúsið á Akureyri. Fjárhagur þess er ekki svo, að það geti sjeð af styrknum, og það hefur hvorki rjett til að krefjast styrks af bænum nje sýslunni. Það reyndi það í vor, en bæði neituðu.

Þá vildi jeg minnast á breyt.till. háttv. fjárlaganefndar á þgskj. 653, sem fer fram á það, að fella burtu styrkinn til vegagjörðar í Austur-Skaptafellssýslu. Það skal sagt háttv. fjár-

laganefnd til hróss, að hún hefur ekki allstaðar ráðizt á garðinn þar sem hann var lægstur, en þarna hefur hún þó gjört það. Þetta kjördæmi er eitthvert fámennasta og afskekktasta kjördæmi og um leið það, sem minnstrar fjárveitingar nýtur frá þinginu. Þessi vegur, sem hjer er um að ræða, er nú ill fær, en mjög nauðsynlegt að gjöra við hann, því að það kæmi öllum sýslubúum vestan Hornafjarðar að liði, hvað kaupstaðarferðir snertir. Jeg vil því leggja sterklega með því, að þessi fjárveiting fái að standa. Menn verða að gæta þess, að þetta hjerað nýtur einskis góðs af öllum þeim tugum, eða jafnvel hundruðum þúsunda, sem varið verður til símalagninga á næsta fjárhagstímabili.

Þórhallur Bjarnarson: (þm. Bf.) Jeg vildi gjarnan tala fáein orð, út af einni breyt.till. frá hæstv. ráðh., sem lýtur að því, að hækka fjárveitingu til eptirlits með botnvörpungum úr 500 kr. upp í 1,500 kr. hvort árið, og eptir því, sem hæstv. ráðh. rökstuddi þá till., þá skildist mjer, að þetta ætti aðallega að ganga til gæzlu suður í Garðssjó. Í sambandi við þetta, skal jeg geta þess, að það er ekki síður margt um botnvörpunga norðan til í flóanum, og hafa Akurnesingar orðið fyrir þungum búsifjum af þeim. Það mun sjaldnast eiga sjer stað, að þeir veiði í landhelgi þar, en þeir eru alltaf á fiskimiðunum, sem þar eru utan við landhelgislínuna og stafar hinn mesti voði af því fyrir byggðina, sem nærri má geta. Það hafa legið fyrir þinginu skjöl frá hlutaðeigendum, bæði þingmálafundargjörð og sjerstök áskorun, þar sem kvartað er undan þessu ástandi og bornar fram heitar óskir um það, að þessu yrði kippt í lag, með útfærslu lanhelgislínunnar. Jeg ætlaði að hreyfa þessu máli miklu fyr, við framh. 1. umr. fjárlaganna, en þá atvikaðist svo, að ráðherra var fjarverandi, en hinn hæstv. ráðh. vildi jeg spyrja um, hvort enginn vegur væri til þess, að það gæti orðið samningamál, milli Íslands og Englands, að færa út línuna á þessum stað eða hjer við Flóann, þar sem stendur svona alveg sjerstaklega á með miðin. Sú málaleitan er eigi ný, og komst enda nokkur hreyfing á það mál, sem jeg veit, að hæstv. ráðh. er vel kunnugt um, þótt það gjörðist áður en hann tók við stjórninni.

Svo vona jeg, að enginn misvirði við mig, þótt jeg segi fáein orð um eina till. fjárl.nefnd., er snertir kjördæmi mitt, þá, að taka upp aptur fjárveitinguna til Akranessbryggjunnar. Fjárl.nefndin í Ed. strykaði þessa fjárv. út, til þess að losna við fjárv. til annarar bryggju, og það tókst í Ed. að fella hurt Akranesbryggjuna, en hin, sem afstýra átti, komst inn. Það skilur þó þau tvö mannvirki, að annað er þegar af hendi leyst, en hitt bryggjufyrirtækið er vist lítið undirbúið enn.

Bryggjan á Skipaskaga er kostuð af einum hrepp, Ytri-Akranesshreppi með 700 kr. styrk af sýslunni og þessum væntanlegu 2,000 kr. af landssjóði. Var þá miðað við 6,000 kr. kostnað alls, hann verður nú um 7,500 kr., en hærra framlag en 2,000 kr. fjekkst eigi hjer í fjárlaganefnd, en það var samþykkt hjer í deildinni orðalaust, og verður vonandi nú samþykkt aptur, og verður eigi að ágreiningsefni við háttv. Ed. Fyrirtækið er og hið þarfasta fyrir almenning, þar sem flutningur á mönnum og vörum er svo mikill um Akranes með Flóabátnum. Þegar mótorbátarnir komu á Nesið, varð bryggjuleysið enn meira óþolandi og hreppafjelagið varð að taka málið að sjer, og

hefur undanfarið safnað sjer í sjóð til þessa mesta nauðsynjafyrirtækis byggðarinnar, og nú leyst það mjög myndarlega af hendi; er það járnbrú á steinsteypustöplum. Verkið var unnið í sumar, í öruggu trausti þess, að fjárveitingin, sem tekin var upp á fjárlagafrumvarp stjórnarinnar, fengi að standa í þinginu, og sízt ætti það traust að bregðast, er byggðin hefur lagt enn meira á sig, en upphaflega var búizt við og ekkert sparað að leysa verkið sem bezt af hendi.

Lárus H. Bjarnason: (þm. Snf.). Jeg er svo ólánssamur, að eiga hjer nokkrar br.till., og það er því óheppilegra, sem jeg er næsta illa upplagður til að tala fyrir þeim.

Þrjár af þeim breyt.till. á þgskj. 618, 622, 655, standa allar í sambandi hver við aðra, þær hljóða allar um símalínur. Þær 3 símalínur, sem hjer er aptur vakið máls á, áttu því láni að fagna, að fara hjeðan úr deildinni með miklum atkvæðamun. En nú hefur fjárl.nefndin hjer, sem ekki hafði viljað styðja þær, lagt saman við fjárlaganefnd Ed., og Ed. svo sálgað þeim. Reyndar má jeg vera fjárl.nefnd hjer þakklátur fyrir það, að hún telur þó þessi hjeruð svo úr garði gjörð af náttúrunnar hendi, að þau eigi ekki að vera símalaus um tíma og eilífð. Og hún er jafnvel svo ríklunduð, að leggja það til, að þessar símalínur skuli sitja í fyrirrúmi á næsta fjárhagstímabili. En þetta er nú raunar meira í orði en á borði. Ef þessi hjeruð eiga á annað borð að fá síma, þá geta þau ekki fengið hann seinna en 1910 eða 1911. Jeg ætla ekki, að fara að telja upp aptur allar ástæður fyrir því, að þessi hjeruð eiga eigi síður tilkall til að fá síma, en önnur hjeruð landsins, sem látin eru sitja fyrir. Þær hef jeg talið áður. En jeg skal benda á, að eptir þetta fjárhagstímabil, er nú fer í hönd, verða engar sýslur á landinu símalausar, nema Snæfellsnessýsla, Vestmannaeyja- og Dalasýsla, að ótaldri Skaptafellssýslu, sem líklega ekki verður hugsað til að koma í sambandið fyrst um sinn. Og veit jeg eigi, hvers þær eiga að gjalda. Að minnsta kosti er það harla undarlegt, að þær sýslur skuli endilega eiga að bíða, sem borga fyrir símalínur um aðrar sýslur, og auk þess bjóða fram fje, til þess að fá síma til sín. Og því undarlegra er það, sem nú er tekið 500 þús. kr. lán til þess að koma fram þess kyns fyrirtækjum.

Jeg skil ekki, hvernig á því stendur, að háttv. framsögnmaður er að bera fjárhaginn í vænginn. Hann ljet þess þó getið utan fundar, í mína áheyrn og margra annara, áður en frv. fór til Ed., að fjárhagurinn væri þessu eigi til fyrirstöðu. Þá fór frumv. þó hjeðan með tekjuhalla svo tugum þúsunda skipti. En nú, þegar það er komið aptur frá efri deild með tekjuafgangi, þá finnst honum voðinn vís, ef þessar fjárveitingar ná fram að ganga. Sjer er nú hver samkvæmnin. Enda situr það sízt á honum, að vera að veifa fjárhagsvoðanum, manninum, sem hjelt því fram í Austra hjer um árið, um það leyti sem hann var að bjóða sig fram til þings síðast, að ekki mætti horfa í síðasta eyri viðlagasjóðs, ef um framfarafyrirtæki væri að ræða, það væri sjálfsagt að þurausa hann, og enda taka svo mikið lán í viðbót, sem gjaldtraust landsins þyldi. Það væri viðkunnanlegra um slíkan mann, sem framsm. fjárlaganna, að hann mundi betur eptir því, sem hann áður hefur talað.

Og því minni ástæða er til að amast við fjárveitingum til þessara símalína, sem Forberg símastjóri telur sjálfsagt, að

leggja þær 1909, enda hefur hann leyft mjer að hafa það eptir sjer, að tekjurnar af símunum í ár yrðu að líkindum helmingi meiri en áætlað hefur verið. Enn má geta þess út af þessari fjárhagsvoða-dulu, sem allt af er verið að veifa, að útflutningsgjaldið er nú eptir hina miklu síldveiði á Eyjafirði komið um 80—90,000 kr. fram úr áætlun. Loks má benda hinni háttv. fjárlaganefnd á, að það er ekki nein ný bóla, þó tekjuhalli hafi verið á fjárlögunum, svona á pappírnum. Í reyndinni hefur alltaf annað orðið ofan á. Lítum á fjárlög þriggja undanfarinna fjárhagstímabila. Á fjárlögunum fyrir 1902—3 var hinn áætlaði tekjuhalli 133,000 kr. En sú varð reyndin á, að loknu því fjárhagstímabili, að í stað tekjuhalla varð 230,000 kr. tekjuafgangur. Á fjárlögum miljónaþingsins svo kallaða fyrir árin 1904—5, var tekjuhallinn á pappírnum hvorki meira nje minna en 400,000 kr. En samt sem áður fór svo að leikslokum, að hann ekki einungis hvarf, heldur varð jafnvel afgangur, þótt lítill væri, sem sje 530 kr. Á síðustu fjárlögum, fjárlögunum fyrir 1906—7, var tekjuhallinn 210,000 kr., en mjer er sagt, að árið 1906 hafi meir en borið sig.

Það er því gjörsamlega ástæðulaust, að kippa sjer upp við það, þótt lítilsháttar tekjuhalli verði á fjárlöguuum, eins og þau fara frá þinginu, enda býst jeg við, að þeir þm., er greiddu atkv. með fjárveitingum til þessara símalína á dögunum, gjöri enn slíkt hið sama. Jeg hefði enn sem fyr heldur kosið syðri leiðina, en þó vil jeg heldur þá nyrðri en enga. Úr því breyt.-till. á þgskj. 618 komst ekki að, verð jeg að sætta mig við hina.

Fjárlaganefndin hefur gjört ráð fyrir, að 60,000 kr. muni hrökkva til lánveitinga handa sýslufjelögum, er leggja fram fje til símalagninga; en ef allir þær símalínur, er náðu fram að ganga við 3. umr. fjárl. hjer í deild, verða samþykktar á ný, þá mun ekki af veita, að auka lánsheimildina um 40,000 kr., sem jeg hef leyft mjer að fara fram á í breyt.till. minni á þgskj. 655.

Fyrri breyt.till. á þgskj. 656 hljóðar um styrk til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir 5,000 kr. seinna árið. Og síðari breyt.till. á sama þgskj. fer fram á 10 þúsund kr. lánsheimild til sama fyrirtækis; lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum. Eins og öllum mun kunnugt, er þetta að eins endurnýjun á fjárveitingu frá þinginu 1905. — Jeg gat þess á dögunum, að þetta fyrirtæki mundi ekki koma til framkvæmda, enda er útsjeð um það þetta fjárhagstímabil, en nú er aptur vöknuð von um, að koma megi því í kring á næsta fjárhagstímabili. Og vona jeg því, að tillögu minni verði vel tekið; það því fremur, sem útlit er fyrir, að fjárveitingarnar til bryggjunnar á Torfunefi og til Blönduóss-bryggjunnar eigi að fá að standa, og sjerstaklega þykist jeg hafa ástæðu til, að vænta tillögunni góðra undirtekta, þar sem Blönduóssbryggjunni er ætlaður þriðjungur kostnaðar, en þessari að eins fjórðungur eða jafnvel minna. Jeg vona líka svo góðs til háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.), að hann verði — eins og hann er vanur — »konsekvent« og greiði atkvæði með þessari bryggju, úr því að hann ætlast til, að Akranessbryggjan sje tekin tll greina.

Enn fremur á jeg varatillögu á þgskj. 654 þess efnis, að ef breytt verður nafninu á amtsbókasafninu í Norðuramtinu, þá verði slíkt hið sama gjört um amtsbókasöfnin í Austuramtinu og

Vesturamtinu. Jeg verð að játa, að jeg skildi ekki háttv. framsm., er hann var að tala um, að ekki væri til neitt amtsbókasafn í Norðuramtinu. Óg háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók enn þá dýpra í árinni, og komst jafnvel alla leið upp í háa C. Jeg fyrir mitt leyti ætla nú að halda mjer við jörðina. Það er að vísu svo, að bæjarstjórnin liggur í umboðslegu tilliti ekki undir amtsráðið. En þar fyrir mun enginn vilja neita því, að Akureyri sje í Norðuramtinu. Að minnsta kosti er þetta nafn ekki önnur eins kórvilla og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G,) vill gjöra það að, því að í núgildandi fjárlögum er Akureyrarsafnið líka kallað amtsbókasafn Norðuramtsins, Stykkishólmssafnið amtsbókasafn Vesturamtsins og Seyðisfjarðarsafnið amtsbókasafn Austuramtsins. Og þó við förum 10 ár aptur í tímann, þá verður alveg það sama uppi á teningnum. Hinn háttv. þingm. hafði það eptir landritaranum, að styrkurinn mundi ekki fást útborgaður sakir þessa »rangnefnis«, en það getur ekki verið rjett hermt; að minnsta kosti væri gaman að sjá, hvernig landritarinn færi að fóðra það. Áður hefur styrkurinn fengizt útborgaður orðalaust, og svo mun enn verða.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á þá tillögu háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.) um, að fella burtu styrkinn til Jóns Ólafssonar til að gefa út íslenzka orðabók. Hann var með einhverjar dylgjur um það, að sízt væri rjett, að fara að borga þessum manni heiðurslaun eins og nú stæði á. Við vitum allir, hvað hann átti við, og lítum víst allir sömu augum á það atvik. En þessi sami maður er drengur að betri fyrir, að hafa kannazt við yfirsjón sína. Og jeg vil ráða hinum háttv. þingm. að ganga út og gjöra slíkt hið sama, ef hann skyldi vita einhverja vangá í fari sínu. Hjer er heldur ekki um nein heiðurslaun að ræða, heldur blátt áfram um lítilfjörlega borgun fyrir nauðsynjaverk.

Háttv. fjárlaganefnd leggur til, að 14. gr. B. IX. falli burt. — »Fröken« Ingibjörg Guðbrandsdóttir er nú aðalleikfimiskennari kvenna hjer á landi. Hún stundar þetta starf af lífi og sál, og hefur fengið ágætan undirbúning til þess. Jeg hef sjeð próf-skírteini hennar, og hefur hún fengið betri einkunn, en flestar útlendar konur. Hún ætlar að kenna sveitastúlkum leikfimi, en leikfimi *og* sund hjer í Reykjavík, og allt saman kauplaust. Ef ástæða er fyrir nokkrar stúlkur að læra leikfimi, þá eru það sveitastúlkurnar. Þær eru meiri hluta ársins — allan veturinn inni og hafa þannig miklu meiri kyrsetur en kaupstaðarstúlkur, sem þó er talið nauðsynlegt að læri leikfimi. Jeg vona því, að þessi litli styrkur fái að standa.

Jeg vildi gjarnan fara víðar, en verð bráðum að hætta. Þó vildi jeg minnast nokkrum orðum á Breiðaflóabátinn. Hann stendur að vísu óhreyfður, en háttv. framsm. var að gjöra einhverjar athugasemdir út af honum.

Hjer á árunum var lítill bátur hafður til ferða um Breiðaflóa. Hann var að eins rúmar 3 smálestir að stærð »nettó«, »brúttó» rúmar 9, en var seinna stækkaður svo, að hann varð rúmar 13 smálestir »brúttó«. Það var engin akkerisvinda til á bátnum og skipsbáturinn bar ekki nema 3—4 menn. Að skipstjóra meðtöldum, voru ekki nema 3 menn á bátnum, og skipstjórinn kunni ekkert til vjela og hafði ekkert leiðabrjef um Breiðaflóann. Þessum bát eða rjettara sagt eiganda hans, Pjetri Bjarnarson á Ísafirði, borgaði stjórnin 10,000 kr. — segi og skrifa

tíu þúsund krónur — fyrir að hafa flotið á Breiðafirði nokkra sumarmánuði, enda hældi eigandinn sjer af, að hafa grætt 6—7,000 kr. á fleytunni. En þegar kominn var á flóann stór og góður bátur, þá var styrkurinn færður niður í 8,000 kr. Og nú vildi fjárlaganefndin færa hann enn lengra niður, niður í 6000 kr. Jeg skil ekki þessa röksemdaleiðslu háttv. fjárlaganefndar, en það er eins og allt af andi þaðan einhver norðansvali á allt, sem kemur úr vissri átt. — Það er ekki viðlit, að nota algenga mótorbáta til mann- og vöruflutninga um Breiðaflóa, jafnstóran fjörð og illan yfirferðar, vegna skerja, strauma og stórsjóa. Til slíkra ferða dugar ekki annað en þilskip meira að segja nokkuð stórt 30—40 tons að stærð. Háttv. þingm. Dal. (B. B.) þekkir þetta vel.

Jeg er ekki heldur þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir, hvernig farið hefur verið með veginn í Helgafellssveit —, jeg veit, að háttv. nefnd hefur komið þar nálægt. Verkfræðingur landsins sagði, að það þyrfti 7,000 kr. til að fullgjöra hann, og sú upphæð var veitt við 2. umr. En efri deild hefur fært styrkinn niður í 5,000 kr. Jeg hef ekki borið upp tillögu til að hækka hann aptur. Jeg nenni ekki að þvæla um þetta, en það verður áreiðanlega heimtað fje til vegarins á næsta þingi.

Viðvíkjandi kvörtunum háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) um illa meðferð á sjer, þá skal jeg að eins minna hann á, að hann hefur stundum verið sæmilega fengsæll, eða svo reyndist hann þessari makalausu Jökulsárbrú hjer um árið.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg hef leyft mjer að koma með brt. á þskj. 636, sökum þess, að verkfræðingur landsins hefur fært það í tal við mig. Ástæða hans var sú, að hann vissi, þegar Ed. hafði fellt brúna á Rangá, og þá mátti búast við, ef þingið fylgdi þeirri reglu, sem áður hefur verið talin æskileg á þingi, að byggð væri 1 stórbrú á ári, að þingið vildi veita fje til brúarbyggingar annarsstaðar.

Allir sjá, að brú á slæmu vatnsfalli er einhver þýðingarmesta vegabótin, og það er ekki heppilegt, að fara að með brýrnar, eins og gjört hefur verið með ritsímalagninguna, að knýja málið fram á mjög stuttum tíma, heldur er mest undir komið, að hafa jafnt áframhald. Því að ef byggja á margar brýr í einu vetfangi, þá vantar verkamenn til þess. En málið er svo þýðingarmikið, að það má ekki falla niður; á hverju ári á að vinna að einhverri brúarbygging.

Nú hefur Rangárbrúin fallið, af því að mönnum kom ekki saman um, hvar hún ætti að standa. Það eru allir einhuga um, að tryggilegra sje, að láta fyrst rannsaka brúarstæðið. Brúin verður því ekki byggð fyrr en 1909. Það hefur verið ákveðið, að flytja brúna á Fnjóská 1908, og verður það vafalaust gjört.

En nú álítur verkfræðingurinn, sem er allra manna kunnugastur um landið, að engar brýr sjeu eins áríðandi og þessar, sem breyt.till. fer fram á. Það er brýn nauðsyn til að fá brýr yfir þessar ár, sem eru verstu torfærur haust og vor. Allir, sem kunnugir eru, geta gjört sjer í hugarlund hvernig það muni vera, að teppast í vonsku veðri við Norðurá; þá er einskis annars kostur, en að liggja úti. Miklagil er vont, það vita margir, og ef Hrútafjarðará er ófær, þá er ekki nema eitt býli, að flýja til. Þessar brýr eru ódýrar; verkfræðingurinn segir, að þær muni hæst kosta 27,000 kr. allar til

samans. En við frestun Rangárbrúarinnar sparast 11,000 kr., svo að þetta er ekki allt aukin útgjöld.

Það er í samráði við verkfræðinginn, að brýrnar eru tilfærðar í 3 liðum, til þess, að háttv. deild gæti valið um, ef hún vildi ekki taka þær allar í einu, sem þó væri heppilegast. En ef háttv. deild afræður, að taka að eins 1 brú, þá álítur verkfræðingur landsins bezt, annaðhvort að taka Hrútafjarðará eina, eða Norðurá og Miklagil saman.

Í breyt.till. eru 4 stafliðir, en jeg tek aptur staflið *a*, því hann hefur ekki aðra þýðingu en þá, að það þurfti að bæta við staflið, og má laga það í prentsm.

Jeg vona, að háttv. deild athugi breyt.till. vel, áður en hún greiðir atkv. Jeg treysti því, að enginn vilji fella bryt.till., sem miðar til þess, að hrinda fram jafn þýðingarmiklu máli og brúarmálinu.

Jeg á einnig breyt.til. á þskj. 637. Hún fer fram á styrk til Guðm. Hliðdal. Hann hafði sótt um 1,700 kr. styrk, til að kynna sjer notkun fossa í Norvegi, og aðferðir til að framleiða rafmagn. Háttv. deild veit, að hann hefur lokið prófi við merkan skóla í Þýzkalandi »Mitweida«‘ með ágætum vitnisburði. Hann hefur stundað námið styrklaus frá landsins hálfu, og hefur lokið námi á mjög stuttum tíma. Hjer er um það að ræða, að styrkja fátækan og duglegan mann. Hitt þarf jeg ekki að taka fram, hvaða þýðingu það hefur að hafa mann, sem hefur kynnt sjer hagnýting fossa og rafmagnsframleiðslu, og það er sannfæring mín, að ekki verði hjer um verulegan iðnað að ræða, fyrr en menn fara að geta notað rafmagnið sem hreyfiafl. Allir sjá, hve þýðingarmikið þetta er.

Sami maður fór fram á styrk síðara árið, til að ferðast hjer á landi og mæla fossa, og hvað mundi kosta, að leiða rafmagnið til þeirra staða, þar sem það yrði notað. Hjer á þinginu hefur verið frumv. um fossa, það væri því eðlilegt, að menn ljeti sjer annt um, að styðja að ransóknum í þessa átt, mæla afl þeirra og rannsaka, hvaða líkur eru til að þeir verði notaðir. Þá fyrst sjá menn, hvaða þýðingu fossarnir hafa, og sleppa þeim síður við útlendinga. Nú fer breyt.till. mín fram á, að í stað 1,200—500 komi: 1200—1200. Enginn getur ferðast um landið fyrir 500 kr.; ef menn vilja, að sá styrkur komi að gagni, má hann ekki vera minni en 1,200 kr. En ef háttv. deild vill ekki aðhyllast þessa till., þá hef jeg varatill. um, að veita fyrra árið 1,700 kr., eins og hann bað um, en sleppa þá styrknum seinna árið, af því að hann verður aldrei að notum. Jeg vona, að háttv. deild sje svo sanngjörn, að hún samþykki helzt brt., en ef ekki, þá varatill., heldur en ekki neitt.

Ráðherrann: Háttv. þgm. Borgf. (Þórh. B.), skaut þeirri fyrirspurn til mín, hvort ekki mætti með samningum útvíkka landhelgina undan Akranesi vegna þess, að þar standi svo sjerstaklega á. Því er skjótt svarað, þess er engin von. Til þess þyrfti alþjóðasamninga um breyting á alþjóðareglu. Hin mesta útvíkkun á landhelgissvæðinu umfram þriggja sjómílna takmarkið, er friðun fjarða, sem eru 10 sjómílur í mynnið eða mjórri. En England vildi lengi vel ekki viðurkenna þessa reglu, og fjekkst ekki til að hlýta henni hjer, fyrr en eptir að alþingi 1902 hafði samþ. lög um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar, fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Ísland, og tilskipun hafði verið út

gefin samkvæmt þeim lögum, 2. marz 1903, um löggæzlu utan landhelgi, þar á meðal um skrásetning, merking og tölusetning á öllum bátum og áhöldum, er meðal annars átti að tryggja útlenda fiskara móti skemmdum á veiðarfærum þeirra hjer við land. Þá gengu Englendingar loks að því, að viðurkenna friðun á fjörðum 10 sjómílna breiðum. Frekari útvíkkun á landhelgissvæði hafa þeir ekki einu sinni getað fengið viðurkennda hjá sjálfum sjer, og er það hreinn yfirgangur, er þeir í seinni tíð hafa viljað verja útlendum botnvörpungum Murray Firth, sem er miklu breiðari en 10 kvartmílur.

Jeg sje því ekki annan veg fyrir Akurnesinga, en að ná númerum og nöfnum þeirra skipa, sem veiðarfærum spilla. Það hefur sýnt sig í sumar, að það er hægt að fá skaðabætur með því móti. Yfirmaður »Fálkans«, kapt. Amundsen, hefur gengizt fyrir að krefja bændur um kærur. Jeg hygg, að þegar svo stendur á, að hægt er að sanna, hvaða skip hafi unnið verkið, og hve miklar skemmdirnar eru, þá sje opt hægt að fá skaðabætur hjá útgjörðarmönnum. Og það ljettir talsvert fyrir, að foringi eptirlitsskipsins getur, eptir tilskipuninni frá 1903, tekið lögfullar skýrslur af vitnum um þetta.

Að öðru leyti get jeg, því miður, ekki gefið Akurnesingum neinar vonir um aukna vernd, utan landhelgi. Aptur á móti vil jeg eindregið leggja til, að veitt verði fje til bryggjubyggingar á Akranesi. Það var byrjað á verkinu, þegar stjórnin hafði tekið fjárveitingu til þess upp á frumv. sitt, í því trausti, að fjárveitingin fengist. Bryggjan er nauðsynleg, og kemur öllum að gagni, er þar þurfa að lenda.

Samþ. að slíta umræðum með 13 atkv.

ATKV.GR.: Breyt.till. (647) við 2. gr. 7. lið, samþ. með 13 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Guðl. Guðmundss.,
Eggert Pálsson,	Jóhannes Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Magn. Andrjesson,
Hannes Hafstein,	Magn. Kristjánss.,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Herm. Jónasson,	Ólafur Ólafsson,
Jón Jónsson,	Ólafur Thorlacíus,
L. H. Bjarnason,	Skúli Thóroddsen,
Pjetur Jónsson,	St. Stefánsson, Skgf.,
St. Stefánsson, Eyf.,	
Tr. Gunnarsson.	

Þórh. Bjarnarson greiddi eigi atkv. og telst því með meiri hlutanum.

Breyt.till. (647) við 11. gr. B., 6., samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (664) við 13. gr. I. 2. og 3., felld með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Magnússon,
Jóhannes Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Magnús Andrjess.,	Guðm. Björnsson,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Thorlacíus,	Hermann Jónasson,
Skúli Thóroddsen,	Jón Jónsson,
St. Stefánss., Skagf.	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stefánsson, Eyf.
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. (636) við 13. gr. B. III.
a. tekin aptur.
b. felld með 16 atkv. gegn 4.

c. felld með 14 atkv. gegn 4.
d. — — 13 — — 6.

Breyt.till. (653) við 13. gr. B. III., sþ. með 13 atkv. gegn 12 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Guðm. Björnsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein.	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónsson,	Hermann Jónass.,
Lárus H. Bjarnas.,	Jóhannes Ólafss.,
Ólafur Briem,	Magnús Kristjánss.,
Pjetur Jónsson,	Magnús Andrjess.,
St. Stef., þm. Eyf.,	Ólafur Ólafsson,
St. Stef., þm. Skgf.,	Ólafur Thorlacius,
Tryggvi Gunnarss.,	Skúli Thóroddsen,
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. (667) við 11. gr. á eptir B. 6., samþ. með 21 atkv.

1. Breyt.till. (633) við 12. gr. 9. a. sþ. með 13 atkv.

2. Breyt.till. (633) við 12. gr. 9. k., sþ. með 13. atkv.

3. Breyt.till. (633) við 12. gr., samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. (619) við 13. gr. B. II., vísað frá.

Breyt.till. (622) við 13. gr. D. II., felld með 14 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss.,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson.,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Hermann Jónasson,
Hannes Þorsteinss,	Jón Jónsson.
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Briem,
L. H. Bjarnason,	Ólafur Ólafsson,
Magnús Andrjesson,	Ólafur Thorlacius.
Magn. Kristjánss,	Pjetur Jónsson.
St. Stefánsson, Eyf.	Skúli Thóroddsen.
	St. Stefánsson, Skgf.

Já:	*Nei:*
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Varatill. (622) b. tekin aptur.

2. eptir 6. lið (nýr liður), felldur með 15 atkv. gegn 7.

Breyt.till. (618) við 13. gr. D. 3. vísað frá.

Breyt.till. (647) við 13. gr. D. II. 6., vísað frá.

Breyt.till. (647) við 13. D. II. 9., samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (647) við 13. gr. D. 11. 10., samþ. með 22 atkv.

Breyt.till. (620) við 13. gr. D. II. 6., vísað frá.

Breyt.till. (631) við 13. gr. D. II. 2., vísað frá.

Breyt.till. (647) við 14. gr. B. IV. c. 5., felld með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Hermann Jónass.,	Jóhannes Ólafss.,
L. H. Bjarnason,	Jón Jónsson,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Briem,
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacius,	Pjetur Jónsson,
	Sk. Thóroddsen,
	Sf. Stefánss., Eyf.,
	St. Stefánss., Skgf.,
	Tryggvi Gunnarss.
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. á þgskj. 668 (við breyt.till. á þgskj. 645) samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 645 við 14. gr. B. VII. b. 1. samþ. með 20 atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 632 við 14. gr. B. VII. á eptir 5. lið (nýr liður) samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 669 við breyt.till. á

þgskj. 657 14, gr. B. VII. h., samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (657) við 14. gr. B. VII. h. þar með fallin.

Breyt.till. (657) við B. VII i, samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. (647) við 14. gr. B VII o, samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (662) við 14. gr. B VII aptan við nýr liður, samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (643) við 14. gr. XI (nýr liður), samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (646) við 14. gr. aptan við (nýr liður), samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (644) við 14. gr. aptan við (nýr liður), felldur með 14 atkv. á móti 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Hermann Jónasson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
L. H. Bjarnason,	Jóhannes Ólafsson,
Magnús Kristjánss.,	Magnús Andrjess.,
Ólafur Briem,	Ólafur Ólafsson,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Thorlacíus,
St. Stefánss., Eyf.	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánsson, Skgf.
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. 8 á þgskj. 647 við 15. gr. 1 aptan við 1 (nýr liður), samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 628 við 15. gr. 2 a, samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 654 við 15. gr. 2, samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 659 við 15. gr. 21, samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (653) við 14. gr. B VII b 1, tekin aptur.

Breyt.till. (653) við 14. gr. B VII h, samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (653) við 14. gr. B VII i, felld með 15 atkv. móti 6.

Breyt.till. (653) við 14. gr. B IX, samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (653) við 15. gr. 27. tl., samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (653) við 15. gr. 33. tl., samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. (653) við 15. gr. 33, samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 658 við 15. gr. 27, felld með nafnakalli, með 15 atkv. gegn 9, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Þórðarson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónass.,
Ólafur Briem,	Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Thorlacíus,	Jón Jónsson,
Skúli Thóroddsen,	L. H. Bjarnason,
St. Stefánss., Skgf.	Magnus Andrjess.,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stefánsson, Eyf.,
	Tr. Gunnarsson,

Hannes Hafstein var eigi viðstaddur. Ólafur Ólafsson og Þórhallur Bjarnarson greiddu eigi atkv. og teljast með meiri hlutanum.

Breyt.till. 10 á þgskj. 653 við 16. gr. 8 tl., samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 647 við 16. gr. 8, þar með samþ.

Breyt.till. á þgskj. 660 við 16. gr. 9, samþ. með 14 atkv. gegn 11, með nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss,	Einar Þórðarson,

Já:	*Nei:*
L. H. Bjarnason,	Guðm. Björnsson,
Magn. Andrjesson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Herm. Jónasson,
Ólafur Ólafsson,	Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Thorlacius,	Jón Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Magn. Kristjánss.,
Skúli Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson.
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánsson, Skgf.	

Þórhallur Bjarnarson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þgskj. 653 við 16. gr. 10. a. og b., samþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þgskj. 647 við 16. gr. 10. a. og b., tekin aptur.

Breyt.till. á þgskj. 647 við 16. gr. 20. b., samþ. með 18 atkv. samhljóða.

Breyt.ttll. á þgskj. 653 við 16. gr. 23, samþ. með 17 atkv. samhljóða.

Breyt.till. á þgskj. 656 við 16. gr. 23, samþ. með 15 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þgskj. 653 við 16. gr. 24, samþ. með 18 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þgskj. 637 við 16. gr. 26, felld með 13 atkv. gegn 8.

Varatill. á þgskj. 637 við 16. gr. 26, samþ. með 16 atkv. gegn 9 með nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Arni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Hermann Jónass.,	Ólafur Briem,
Jóhannes Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Lárus Bjarnason,	Þórh. Bjarnarson.
Magnús Andrjesson,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Ólafsson.	
Ólafur Thorlacius,	
St. Stefánss., Eyf.,	
St. Stefánss. Skagf.	

Pjetur Jónsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þgskj. 653 við 16. gr. 28., samþ. með 16 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þgskj. 630 við 16. gr. 30, samþ. með 17 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þgskj. 661 við 18. gr., samþ. með 15 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þgskj. 635 við 18. gr., sþ. með 15 atkv. gegn 10 með nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Eggert Pálsson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Jóhannes Ólafss.,	Hermann Jónass.,
Lárus H. Bjarnas.,	Ólafur Ólafsson,
Magnús Andrjess.,	Pjetur Jónsson,
Magn. Kristjánss,	Tr. Gunnarsson.
Ólafur Briem,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánss., Eyf.	

Jón Jónsson og Stefán Stefánss., Skgf. greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þgskj. 653 við 21. gr. eptir 4. málsgr., samþ. með 14 atkv. samhljóða.

Breyt.till. á þgskj. 666 við 21. gr., felld með 13 atkv. gegn 5.

Breyt.till. á þgskj. 648 við 21. gr., felld með 16 atkv. gegn 4.

Breyt.till. á þgskj. 655 við 21. gr., tekin aptur.

Breyt.till. á þgskj. 656 við 21. gr., sþ. með 14 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þgskj. 653 við 21. gr., sþ. með 18 atkv. samhlj.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Á 53. fundi Ed., föstudaginn 13. september kom fjárlagafrumv. (A 674, 687n., 678, 679, 680, 688, 689, 690, 691) til einnar umr.

Eptir að umr. höfðu staðið til kl. $1^{50'}$ var fundi frestað til kl. $2^{15'}$ eptir tilmælum framsm. fjárlaganefndarinnar, til þess að nefndinni gæfist kostur á að íhuga og tala sig saman um breyt.till. við fjárlögin. Kl. $2^{15'}$ var umr. haldið áfram.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg get tekið undir með háttv. forseta um það, að það er mjög svo óheppilegt, sjerstaklega í fjárlögunum, að breyt.till. í mörgum liðum sjeu að drífa inn í sama augnabliki, sem framsm. ætlar að byrja að taka til máls, og afleiðingin af því í þetta sinn er sú, að fjárlaganefndin hefur ekki getað fengið tíma til að athuga þær. eða átta sig á þeim nema að nokkru leyti, og verð jeg þess vegna að bíða með að gjöra athugas. mínar við alla þá 11 liði á fjárlögunum, sem breyt.till. hafa komið fram við nú í þessu augnabliki, þangað til jeg er búinn að heyra, hvað flutningsmenn þeirra hafa um þær að segja. Jeg skal geta þess, að nefndin var fyrst klár með sitt starf kl. 9 í morgun, og hefur hún því ekki haft neinn verulegan tíma til að athuga þær breyt.till., sem nú hafa komið fram síðan hún lauk starfi sínu. Jeg skal svo, eptir þessi fáu inngangsorð, leyfa mjer að snúa mjer að breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 687. Jeg skal þá fyrst geta þess, að nefndin hjer í deildinni er mjög þakklát háttv. fjárlagan. Nd. fyrir það, hve varlega og gætilega hún hefur tekið í till. nefndarinnar hjer í deildinni, og hve samningafús hún hefur verið. Allt öðru máli er að gegna, þegar kemur til háttv. Nd. í heild sinni, þar sem hún í hjer um bil 30 breyt.till. fór fram á að hækka útgjöldin um ekki minna en 200,000 kr., en um það þarf jeg ekki að fjölyrða, því að það fjell nú svo vel, að þær breyt.till. háttv. Nd. fóru flestar í sömu gröfina. Br.till. nefndarinnar hjer í deildinni eru hvorki margar nje þungar fyrir landssjóðinn.

Fyrsta breyt.till. nefndarinnaa er við 11. gr. B. 7 og fer hún fram á, að styrkurinn til aðstoðarlöggæzlu á Siglufirði um síldveiðatímann falli burt. Nefndinni þótti ekki vel við eigandi að tilnefna sjerstaklega Siglufjörð, vegna þess, að það eru ýmsir fleiri staðir, en í Eyjafjarðarsýslu, sem þurfa á slíkri löggæzlu að halda gagnvart þessum útlendu yfirgangsseggjum; þannig mun bæði á Raufarhöfn og Reykjarfirði vera töluverð þörf á slíkri aðstoð, og vildi nefndin því leggja til, að stjórninni væru gefnar frjálsar hendur um það, hvar og hvernig hún vill verja því fje, sem áætluð er í þessu skyni, og treysti nefndin því, að stjórnin muni verja því, þar sem þörfin er mest fyrir það. En jeg skal jafnframt láta þess getið fyrir nefndarinnar hönd, að því er snertir hina áætluðu upphæð, að nefndin var á einu máli um það, að ef þörf væri á að hafa þessa upphæð hærri en farið var fram á í frumv., þá mundi þingið ekki láta á sjer sitja að veita það, ekki síst þar sem hjer er að ræða um peninga fyrir landssjóð í aðra hönd.

Þá kem jeg að breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. 9 a, sem fer fram á það, að styrkurinn til sjúkrahúsa og sjúkraskýla til að halda lærðar hjúkrunarkonur og athugas. á eptir þeim lið falli burt, en að í þess stað komi: 4 nýir liðir, nefnil. styrkur til sjúkrahúsanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, 400 kr. til hvers þeirra, og 300 kr. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði.

Þetta var ágreinings-atriði milli deildanna við hinar fyrri umræður þessa máls, og nefndin hefur ekki sjeð sjer fært, að stinga því undir stól, og hefur hún þess vegna komið fram með þessa breyt.till. eins og áður, af því að hún áleit, að hjer væri háski á ferðum, ef að kippa ætti styrknum af þessum sjúkrahúsum, sem jeg áður nefndi; að minnsta kosti leit nefndin svo á, að eitt þeirra, nefnilega sjúkrahúsið á Patreksfirði, mundi ekki vera öflugra en svo í efnalegu tilliti, að það mundi verða mjög tilfinnanlegt fyrir það, ef það missti 300 kr. styrk frá landssjóði, en hins vegar er á það að líta, að til Patreksfjarðar koma sjómenn frá öllum köntum landsins, sem opt þurfa hjálpar við; og að því er snertir sjúkrahúsið á Seyðisfirði, þá mun sama eða líkt um það að segja, og þótt 400 kr. sjeu ekki mjög ríflegur styrkur, þá mun hann þó hafa nægt til þess, að launa forstöðukonu sjúkrahússins; þá er það og því einkennilegra, að stryka út þennan styrk nú, þar sem þessi sjúkrahús eiga líka að missa amtstillögin, sem þau hafa haft; og hvað snertir þær 2,400 kr. til þess, að halda lærðar hjúkrunarkonur, sem Nd. veitir í þess stað, sem hún hefur burt tekið, þá búumst við ekki við, að ýms sjúkrahús geti hagnýtt sjer þann styrk, þar sem þeim muni verða of vaxið, að halda lærðar hjúkrunarkonur; en til þess, að mæta Nd. á miðri leið, þá höfum við farið fram á, að veita nokkurt fje, 600 kr., í þessu skyni.

Um þessa liði þarf jeg svo ekki að fjölyrða frekar, með því að jeg hef áður gjört grein fyrir þeim við aðra umræðu fjárlaganna, og hygg jeg, að þessu máli sje vel borgið á þann hátt, sem hjer er farið fram á; en af þessum breytingum við þennan lið leiðir það, að liðatölurnar í frumv. breytast samkvæmt því.

Þá kem jeg að 5. breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B. VII. b. 6, sem fer fram á, að styrkurinn til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði falli burt, og var þessi upphæð aptur sett inn í frumv. í háttv. neðri deild, eptir að hún var felld hjer.

Nefndin verður enn að vera þeirrar skoðunar, sem áður, að ekki sje nein brýn nauðsyn á þessum skóla, og að ef þessi fjárupphæð til þessarar stofnunar væri samþykkt, þá mundi það hafa þung eptirköst í för með sjer fyrir landssjóð, að því er snertir reksturskostnað og fleira um ókominn tíma; og nefndin fær því síður skilið, að ástæða sje til þess, að leggja fram fje úr landssjóði til nýrrar skólastofnunar á þessum stað, þar sem í námunda við hann er aðal-skóli Norðurlands, sem gengur í sömu átt, og að það sje eðlilegra að glæða í honum lífið, en að stofna »concurrent« eða keppinaut við hliðina á honum til þess, að drepa hann, og hyggur nefndin, eptir því, sem sögur fara af þessum skóla, að honum sje enginn greiði gjörður, þótt stofnaður sje skóli á Grund fáar mílur frá honum. En ef þetta er eins mikið áhugamál fyrir þann höfðingsmann, sem hjer á hlut að máli og fyrir hjeraðsmenn eins og útlit er fyrir eptir því fylgi, sem þetta mál hefur hjá háttv. þingmönnum hjeraðsins og fleiri þingmanna í Nd., þá virðist eðlilegra, að eitthvað sje lagt fram til þessarar stofnunar af hjeraðsbúum, áður en landssjóður fer að leggja fram svo háa upphæð, sem hjer er farið fram á.

Þá kem jeg að breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. 28. lið, sem fer fram á, að fella burt úr þeim lið, þar sem talað er um styrkinn til Guðm. J. Hlíðdals til þess, að afla sjer verk-

legrar kunnáttu í rafmagnsfræði erlendis fyrra árið, orðin: »og til að rannsaka og mæla fossa hjer á landi, síðara árið«. Það mun vera fyrir óhapp eða vangá í Nd., að það hefur gleymzt, að stryka út þessi orð, með því, að upphæðin yrði þá sýnilega of lítil.

Fleira hef jeg svo ekki að segja um breyt.till. nefndarinnar. Eins og háttv. þingdeildarmenn sjá, þá eru þær ekki til að auka útgjöld landssjóðs, og þar sem þessi háttv. deild hefur tekið þessum breytingum nefndarinnar svo vel áður, þá væntir hún þess, að hugur deildarinnar hafi ekki breytzt síðan við 3. umr.

Þá liggja hjer fyrir breyt.till. á 3 þingskjölum frá háttv. þingd.mönnum, sem nefndinni gafst ekki kostur á að athuga áður en jeg stóð upp, nefnil. á þingskjölunum 678, 679 og 680. — Breytingartillagan á þingskjali 678 frá háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) við 14. gr. B. fer fram á það, að aptan við XI. lið komi nýr liður, þess efnis, að veittur verði 250 kr. styrkur fyrra árið til Ingibjargar Jónsdóttur til þess, að ganga á kennaraháskólann í Kaupmannahöfn.

Það lætur nærri, að þessari breyt.till. hefði verið rjettilega vísað frá deildinni; þó hefur háttv. flutningsmaður sjeð um, að það ekki verði gjört, með því, að hún er lítið eitt breytt frá þeirri mynd, sem hún var felld í áður. »Realiter« er það sú sama breyt.till., sem felld var hjer í deildinni við 2. umræðu, en nú er upphæðin að eins 50 kr. minni. Jeg þarf ekki að tala frekar um þessa br.till. Nefndin hjer í deildinni hefur áður lagt til, að fella burt allar þess konar styrkveitingar í 14. gr., nema til þess eina manns, sem að eins á óaflokið námi sínu á Jonstrup-skólanum.

Þá kem jeg að breyt.till. á þingskj. 679 við 14. gr. B. VII. h. frá háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.), og fer hún fram á það, að færa byggingarstyrkinn til Flensborgarskólans úr 2,500 kr. upp í 3,000 kr. fyrra árið. Með því að háttv. Nd. hefur fellt þá hækkun á kostnaðinum við þennan skóla, sem áður var samþykktur hjer í deildinni, þá finnur nefndin ekki ástæðu til, að hafa neitt á móti þessari tillögu, og mun gefa henni samþykki sitt.

Þá kem jeg að breyt.till. á þingskj. 680 frá háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) við 13. gr. B. III. um, að í stað fjárveitingarinnar í Austfirðingafjórðungi 7,000 kr. síðara árið komi: 12,000 kr., þar af 5,000 kr. síðara árið ætlaðar til vegar frá Hólum að Bjarnanesi í Austur-Skaptafellssýslu. Fjárlaganefnd þessarar deildar hefur áður mælt á móti þessari fjárveitingu, og er enn sömu skoðunar, að það sje ekki ráðlegt, að íþyngja landssjóði með þessari upphæð, sem þó er eigi all-lítil, einkum þar sem eigi liggur fyrir nein áætlun frá verkfræðing landsins um þessa vegagjörð, og fannst nefndinni sjálfsagt, að svo framarlega, sem þetta verk þurfi að koma til framkvæmda, þá sje það framkvæmt eptir tillögu frá verkfræðing landsins, og að þá sje eðlilegast, að tekið væri tillit til hans orða um það mál, þar sem ætla má, að hann hafi bezta þekkingu á því, hvar skórinn kreppir í þessu efni.

Hins vegar er nefndinni vel kunnugt um það, að þessi sýsla hefur aldrei verið óskabarn landssjóðs, að því er snertir fjárframlög, og að margt fer fram hjá henni, sem að aðrar sýslur verða aðnjótandi, sökum afstöðu hennar, og því virðist eðlilegast, að þessi vegur sæti fyrir flestum öðrum í sama fjórðungi á næsta fjárhagstímabili að

því, er snertir framlög til hans úr landssjóði.

En þegar hins vegar litið er til þess, að þessi vegur verður hvort sem er tæplega gjörður fyr en á árinu 1909, þá áleit nefndin, að það stæði á minnstu, hvort það yrði einu ári fyr eða síðar.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, að svo stöddu, en býst við, að háttv. deildarmenn og hæstv. ráðherra muni gjöra grein fyrir þeim breytingartillögum, sem hjer liggja fyrir frá þeim, og mun jeg þá koma að þeim síðar.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er að vísu satt, sem hv. framsm. (J. Jak.) tók fram, að háttv. Nd. hefur ekki farið fram á verulegar viðbætur við gjöldin, og að tekjuhallinn hefur ekki breytzt nema um eitthvað 10,000 kr. við meðferð málsins í Nd., og er það mest fyrir það, að hæstv. ráðh. hefur enn verið á því, að auka gjöldin; að því miðuðu breyt.till. hans. En hann er líka fastur á því, að draga úr tekjunum. Eptir að búið var að samþykkja nafnbótaskattinn í báðum deildum, barðist hann fyrir því eins og ljón, að hann væri felldur burtu sem tekjugrein í fjárlögunum, tekjugrein, sem að mínu áliti og margra annara, átti að sjálfsögðu að standa þar. Hann hefur nú unnið sigur í þessari baráttu sinni, að svipta landssjóðinn tekjum, og jeg hef ekki sjeð til neins að koma með breyt.till. um að taka hann upp aptur, eptir því sem atkvæði hafa fallið. Eptir því, sem jeg gat um við 2. umr., þá leizt mjer ekki á fjárhagshorfurnar, eins og þær voru þá. En það gleður mig, að margir háttv. þm. bæði hjer í deild og í Nd., hafa lagzt á eitt, með að rjetta við fjárhaginn, bæði með því að draga úr útgjöldunum á fjárlögunum og með því að láta dragast úr hömlu með að samþykkja ýms lagafrumv., sem mundu hafa haft aukin útgjöld í för með sjer. En þó finnst mjer ástæða til að lækka fremur gjöldin en hækka. Hef jeg því sumpart einn og sumpart ásamt háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) komið með ýmsar br.till., sem allar stefna að því, að lækka útgjöldin. Fyrst er þá breyt.till. við 13. gr. A. 1. a., sem fer fram á að færa laun póstmeistara niður úr 4,000 kr., eins og þau eru í fjárl.frumv., niður í 3,500 kr. Laun póstmeistara eru nú 3,000 kr., eða eins og meðal sýslumannslaun, og þótt hann hafi allmikil störf og töluverða peningaábyrgð, þá er það þó eigi meira en allmargir sýslumenn hafa. En af því nú að búið var að ákveða launin í fjárlögunum, 4,000 kr. — þá fer jeg þó ekki lengra niður en í 3,500 kr., og hefur hann þá jöfn laun sýslumönnum þeim, sem hærra eru launaðir, og skrifstofustjórarnir í stjórnarráðsskrifstofunum. Jeg tel ekki rjett, að hann hafi jafn há laun sem rektor menntaskólans og lektor prestaskólans; ef hann hefði það, þá yrði allt annað hlutfall milli launa póstmeistarans hjer og annara embættismanna, en er, t. d. í Danmörku. Auk þessa fær póstmeistari 200 kr. fyrir mistalningu peninga; fær hann þar hlut á þurru landi, því að sú ábyrgð hvílir á póstþjónunum.

Önnur breyt.till. okkar er við 13. gr. B. I. 2, um að liðurinn um aðstoðarverkfræðinginn falli burtu. Það var samþykkt hjer í deild áður, að fjárveitingin til verkfræðings til aðstoðar sveitar- og hjeraðsstjórnum fjelli burtu síðara árið, en háttv. Nd. breytti þessu. Jeg var þá á móti því, sem ofan á varð hjer í deild; jeg vildi ekki sleppa verkfræðing, sem hjer er orðinn að

góðu kunnur, og fá í hans stað annan mann óreyndan. En jeg er samdóma háttv. Nd. um það, að mjer þykir of mikið fyrir oss, að hafa 3 verkfræðinga, og því er jeg á því, að vjer eigum að sleppa þessum aðstoðar verkfræðing. Ef landsverkfræðingurinn þarf aðstoð, ætti hann að geta fengið hana hjá hinum verkfræðingnum; hann ætti að geta haft nokkurn tíma til að geta hlaupið undir bagga.

En það sjer ekki á, að landsverkfræðingurinn þurfi á aðstoðarmanni að halda, á meðan hann hefur tíma til að gegna mörgum og tímafrekum aukastörfum, og landsstjórnin leyfir það sjálfsagt af því, að henni þykir hann hafa nægan tíma til þess. Það var sett inn á fjárlögin athugasemd um það í Nd., að verkfræðingur þessi mætti ekki hafa annarleg atvinnustörf á hendi, en hún var felld hjer, líklega af því, að þm. hafi treyst landsstjórninni til þess, að líta eptir því, að hann verði tíma sínum og vinnu í landsstjórnarinnar þarfir, enda sýnist það eiga bezt við, að hann haldi sig við sitt aðalstarf.

Við 14. gr. B. b. 6, höfum við komið með breyt.till., en af því, að háttv. nefnd hefur komið með sams konar breyt.till., þá mun jeg ganga fram hjá henni, þó vil jeg geta þess, að þótt við höfum komið með þessa breyt.till., þá er það ekki af því, að jeg álíti ekki, að það geti verið rjett að veita þennan styrk, heldur er það af því, að okkur finnst, að nú verði að spara allt það, sem sparað verður.

Um breyt.till. við 15. gr. 27, er það að segja, að jeg gat þess við 3. umr., að jeg mundi þá hafa komið með þessa breyt.till., ef jeg hefði ekki orðið of seint fyrir með hana. Nú hefur þessi styrkur til Jóns Ólafssonar að vísu verið lækkaður í háttv. Nd., en í raun og veru stendur á sama, hvort hann er settur hærri eða lægri að því leyti, að hann getur ekki orðið borgaður, því að maðurinn getur ekki lokið verkinu, sem hann á að vinna til þess að öðlast styrkinn; að minnsta kosti er ekkert viðlit á, að hægt verði að borga út nema mjög lítið af honum á fjárhagstímabilinu. Það er kunnugt, að ef semja á slíka orðabók, sem styrkbeiðandi segist ætla að semja, þá þarf til þess vinnu fjölda manna í mörg ár. Í Danmörku var verið á annað hundrað ár að semja orðabók vísindafjelagsins danska. Í Svíþjóð er verið að semja eina slíka orðabók, og hefur verið reist bygging í Lundi, þar sem aðalstarfið fer fram í, en auk þess vinna margir menn að þessu annarsstaðar, og er varið til mörgum tugum þúsunda á ári, og þó er auðsjeð, að mjög mörg ár muni ganga til verksins, þangað til því verður lokið. Sama er að segja um orðabók Murray's í Englandi. Að henni vinnur fjöldi manna í Oxford: en auk þess starfa menn út um landið að því, að safna orðum til bókarinnar, er þeir svo senda til aðalstarf-stöðvarinnar. Svona er nú farið að því, að semja orðabækur á móðurmálinu annarsstaðar, og svona mikið kostar það af fje og fyrirhöfn, og þó við nú ekki hugsum okkur eins hátt og aðrar þjóðir, þá má þó nærri geta, hvaða orðabók það verður, sem einn maður semur á einum tveim árum, og fyrir 60 kr. örkina. Svo er nú þetta atvik, sem jeg drap á um daginn; án þess að jeg vilji fara langt út í það, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að það sje blettur á þinginu út á við, ef það fer nú að »honorera« þennan mann eptir allt saman, því það þarf varla að efast um það, að sagan muni berast út úr landinu.

Þá hef jeg leyft mjer að leggja það til, að 23.—26. liður 16. gr. sje burtu felldir. Þessir 4 liðir eru mjög skyldir, og snerta allir bryggjubyggingar í fjórum kauptúnum landsins: á Torfunefi á Akureyri, á Blönduósi, í Stykkishólmi og á Akranesi. Það er talsverð fjárhæð, sem ætluð er af landsfje til að koma upp bryggjum þessum. Mjer er það ljóst, að hjer er í raun og veru um þörf fyrirtæki að ræða, en mjer er það jafnljóst, að fjárhagur landsins er nú erfiður, og að vjer verðum að spara allt það, sem unnt er að spara, og hjer sje jeg ekki, að hundrað sje í hættu, þótt þessar bryggjubyggingar dragist næsta fjárhagstímabil, eða það sje að minnsta kosti dregið til næsta þings, að landið leggi fje fram til þeirra. Það kann að vera, að af þessu stafi nokkur óþægindi fyrir hlutaðeigandi hjeruð, en stórtjón getur það naumast orðið. Þess vegna eigum við nú að bíða með þessar fjárveitingar og sjá, hvort fjárhagurinn muni ekki batna. Þó skal jeg taka það fram, að síðan jeg samdi brt. mína, þá hafa verið lögð fyrir mig skjöl, sem bera það með sjer, að það er farið að vinna að bryggjugjörðinni á Skipaskaga, eða henni jafnvel að miklu leyti lokið, og að hún muni hafa verið hafin í því trausti, að styrkur mundi veittur til hennar af landsfje, eins og stjórnarráðið hafði gefið vilyrði um. Jeg vil af þessum ástæðum ekki halda því fast fram, að 25. liðurinn sje felldur burtu. Það er áhorfsmál, að rjett sje að gjöra þetta, fyrst byrjað hefur verið á verkinu í því trausti, að styrkveiting sú mundi fá að haldast, sem í stjórnarfrv. stendur. Öðru máli er að gegna með styrkinn til hinna bryggjanna.

Í sambandi við þessar breyt.till. mínar standa svo breyt.till. mínar við 21. gr. um lánveitingarnar til bryggjugjörðanna á Torfunefi og í Stykkishólmi. Jeg get þess sjerstaklega um Stykkishólm, að áhuginn sýnist þar ekki mikill á því að koma upp bryggjunni. Það var veitt á síðasta þingi fje til bryggjugjörðar þar, en það fje hefur alls ekki verið notað. Sýslunefnd beinlínis fellt að þiggja hann, að því er mjer er sagt. Það virðist því allra minnst ástæðan til að veita fje til þessarar bryggju. Breyt.till. á þgskj. 689 nema 17,500 kr. í sparnaðaráttina, og breyt.till. á þgskj. 690 86,000 kr. Með öðrum örðum breyt.till. á þessum tveim þgskj. fara fram á, að sparaðar sjeu rúmar 100,000 kr. af landsfje á fjárhagstímabilinu.

Þótt till. okkar stefni allar að því að spara, þá könnumst við þó fyllilega við, að ástæða gæti verið til að veita flest af því, sem við viljum nú spara, og till. okkar eru því aðallega bornar fram af því, að okkur fannst nauður til reka, þegar litið er á hag landssjóðs.

Okkur datt meir en í hug, að koma líka með breyt.till. um símana, til að reyna að halda þar líka aptur af. En eptir því, sem atkv. hafa fallið um það, sáum við, að það væri ekki til neins, og vildum því ekki tefja tímann með breyt.till., sem fyrirsjáanlegt var að eigi mundi fá framgang.

Þá vil jeg mæla sem bezt með brt. háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.) á þgskj. 679 um að hækka fje það, sem Flensborgarskóla er veitt til afborgunar og vaxta af byggingarláni, úr 2,500 kr. upp í 3,000 kr. Eptir því, sem ástatt er með þennan skóla, þá er þetta í rauninni allt of lítil upphæð, og með því að háttv. deild hefur sýnt það með atkvæðagr. sinni, að hún vill vera ríflег í framlögum sínum við þennan skóla, sem er svo góðs maklegur, þá þykist jeg þess fullviss, að hún muni samþykkja þessa litlu viðbót; hún bæt-

ir nokkuð úr brýnustu þörfinni. Meira hefði það þurft og átt að vera; en jeg sá mjer ekki fært að etja kappi við háttv. Nd., með því að koma fram með till. um enn meiri hækkun.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg skal leyfa mjer að gefa þá upplýsingu, að þótt nafn fjárlaganefndarinnar standi við breyt.till. á þgskj. 691, þá hefur nefndin ekki haft hana til meðferðar, eða tekið hana að sjer til þess að veita henni fylgi sitt, heldur hefur hún að eins ljeð henni nafn sitt, til að veita henni þann rjett við meðferð hennar hjer í deild, sem brt. nefndar hafa samk. þingsköpum.

Ráðherrann: Um breyt.till. á þgskj. 691 er það að segja, að jeg hef komið henni hingað inn í deildina eptir tilmælum rektors og kennaranna við hinn alm. menntaskóla. Brt. fer fram á að hækka tímakennslufje við hinn almenna menntaskóla í því skyni, að hægt sje að tvískipta að nokkru leyti kennslunni í lærdómsdeild skólans, svo að hægt sje að gefa mönnum, sem þess óska, kost á meiri fræðslu í stærðfræði og náttúrufræði, meira en verið hefur, og meira en hægt er, ef skólinn verður að eins einskiptur. Þetta er gjört til þess, að þeir, sem ætla að stunda náttúrufræðisnám, læknisfræði eða verkfræði, þurfi ekki að eyða svo og svo löngum tíma, áður en þeir geta fyrir alvöru farið að stunda sjernám sitt. Jeg veit, að sumir eru á þeirri skoðun, að ekki sje heppilegt, að hafa tvískipta skóla, eins og hjer er farið fram á. Þeir styðja það við það, að nemendur sjeu ekki svo þroskaðir, þegar deildarskiptingin verður að eiga sjer stað, að þeir geti ákveðið með vissu, í hverja deildina sje ráðlegra að fara, og því sje heppilegra að fresta fullnaðarvali framtíðarnámsins þangað til síðar.

Þó tíðkast nú þetta í nágrannalöndunum öllum, og þótt sumir hafi eigi verið allskostar ánægðir með tvískiptinguna í Danmörku, var hún, eða öllu heldur þrískipting, tekin upp þar, er hin nýja skólabreyting varð þar nú fyrir skömmu.

Jeg hef sem sagt ekki viljað undanfella, að koma með þessa till. eptir beinni áskorun rektors menntaskólans. Persónulega er mjer ekki neitt sjerlegt áhugamál um till., enda hef jeg enn ekki haft tækifæri til að athuga málið sem skyldi, þar sem það barst til mín nú á síðustu stundu. Þá hef jeg hjer sjálfur aðra breyt.till., sem jeg að vísu vil ekki leggja svo mikla áherzlu á, að jeg óski, að fjárlögin fari í sameinað þing hennar vegna. En verði búið að samþ. aðra breyt.till. áður en hún kemur til atkv., þá vil jeg mæla hið bezta með henni, og óska að hún verði þá einnig sþ. Eins og háttv. deild mun vita, voru kapteini Daníel Bruun á síðasta þingi veittar 1,000 kr., til þess að kanna fjallvegi hjer, og rita um þá, Síðasta sumar ferðaðist hann hjer töluvert, og hefur hann samið bók um fjallvegina, á ensku og íslenzku, er hún bæði fróðleg og skemmtileg, og líklegt að hún muni draga ferðamenn að hjer. En verkinu er ekki lokið enn; hann á eptir kafla á landinu, og vildi hann geta lokið við að ferðast um hann líka; hefur hann skýrt mjer frá því, að hann hafi unnið að undirbúningi nýs uppdráttar yfir Ísland, sem svo eigi að fylgja bókinni um fjallvegina. Þessi uppdráttur á að vera samkvæmur öllum nýjustu rannsóknum, og á honum eiga allir vegir og leiðir að vera sem nákvæmlegast markaðir; hagnýtir hann þar bæði eigin rannsóknir sínar, og Þorvaldar Thoroddsens, sem og mælingar »Ge-

neralstabens«. Fái hann lokið þessu korti, sem á að verða til í lausasölu fyrir svo sem eina krónu, þá eignumst vjer gott og ódýrt kort af landinu, er að líkindum mundi verða einkar hentugt fyrir skóla og ferðamenn. Kapteinn Daníel Bruun sótti ekki um styrk þennan til stjórnarráðsins, og því var fjeð ekki tekið upp í fjárlagafrumv. stjórnarinnar. Aptur á móti hafði hann átt tal við ýmsa þm., og þóttist mega telja víst, að fjárlaganefnd Nd. mundi leggja það til, að fjeð yrði veitt. Jeg veit og, að ýmsir málsmetandi menn vildu sinna þessu, en af einhverjum ástæðum hefur ekki orðið af því, að upphæðin væri tekin upp í Nd. Með því að hjer er farið fram á litla upphæð, en hins vegar líklegt, að hún yrði til þess, að auka aðsókn útlendra ferðamanna, og til að útvega barnaskólum góðan og ódýran uppdrátt af landinu, þá vildi jeg mæla með því, að hinn litli styrkur, eitt þúsund kr., sem á vantar, sje samþ. hjer í deildinni.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði. að tekjuhallinn hefði aukizt um 10,000 kr. við meðferð háttv. Nd. á fjárlögunum, nú við eina umr., en hann hefur einmitt minnkað um þessa upphæð frá því sem hann var, þegar fjárlögin komu hingað í deildina eptir 3. umr. í háttv. Nd.; og þó að tekjuhallinn sje nú áætlaður rúmar 22,000 kr., þá má eptir atvikum eigi telja fjárhag landsins svo óálitlegan, að fyrir þá sök megi ekki veita nokkurt fje til fyrirtækja, sem háttv. þm. (V. G.) játar sjálfur að eru nauðsynleg. Það lítur út fyrir, að háttv. þm. sje búinn að gleyma því, að síðasta þing gekk svo frá fjárlögunum, að tekjuhallinn var þá áætlaður tíu sinnum hærri en nú, svo að í samanburði við það, og í samanburði við ýms önnur fjárlög alþingis má, þegar litið er til fjárlaganna nú, telja fjárhagshorfurnar fremur góðar; og því virðist ekki ástæða til að fella bráðnauðsynleg framfarafyrirtæki, eða fresta þeim af kvíða fyrir fjárhagnum. Sjerstaklega skal jeg taka það fram um fjárveitinguna til stórskipabryggju í Stykkishólmi, að sú fjárveiting er ekki annað en endurveiting þess, sem veitt var á síðasta þingi, og það hefur aldrei verið siður, að stryka slíkar fjárveitingar út, þar sem loforð fyrri þinga hafa legið fyrir. Sama er að segja um styrkinn til bryggjugjörðar á Torfunefi; þar er farið að vinna verkið í því trausti, að hann muni haldast, og það mundi koma sjer illa, ef hann væri nú strykaður út.

Háttv. þm. (V. G.) lá bezt orð til bryggjunnar á Skipaskaga; vildi jeg og mjög mæla með því, að styrkurinn til hennar fengi að haldast. Það er satt, að þar var byrjað á bryggjugjörðinni í því trausti, að sá styrkur fengi að standa, sem stjórnin hafði tekið upp í fjárlagafrumv. sitt; og það kæmi sjer mjög illa fyrir þetta fámenna hjerað, ef það yrði einskis styrks aðnjótandi af landsfje.

Háttv. þm. (V. G.) vill enn færa laun póstmeistara niður, eptir að þó er áður búið að lækka þau frá því, sem þau voru sett í frumv. stjórnarinnar; færði hann það sem ástæðu, að ekki væri þörf á að láta hann fá hærri laun en póstmeistarar hafa í Danmörku. En þess er að gæta, að starfsvið hans er annað og meira en póstmeistara í Danmörku; hann hefur svipað starf og »Generalpostdirektör« þar; hann er yfirmaður allra annara póstmanna hjer á landi, auk þess sem hann er póstmeistari í Reykjavík; starf hans er afar mikið, ónæðissamt og vandasamt. Maður þessi hefur og

nýlega verið sviptur töluverðum hlunnindum, þar sem hann hefur orðið að sleppa íbúð í pósthúsinu, sem hann hafði því nær ókeypis, þegar ritsímastöðin var sett í húsið. Það er í sjálfu sjer mjög ósanngjarnt, ef hann á enga uppbót að fá fyrir þetta. Þegar á allt þetta er litið, þá álít jeg, að 4,000 kr. laun sjeu hið allra lægsta handa póstmeistaranum.

Líka verð jeg að vera mjög mótfallinn breyt.till. háttv. (V. G.) um að fella burt fjárveitinguna handa aðstoðarverkfræðingi. Tilætlunin er að undirbúa vegagjörðir hjereptir þannig, að hægt sje að nota »akkorðs« vinnu, en til þess þarf svo mikinn undirbúning, bæði útistarf og skrifstofustörf, að eigi verður hægt að koma slíku í verk, nema aðstoðarverkfræðingur þessi fáist; og jeg er viss um, að það væri mjög mikið tjón fyrir landssjóð, ef láta verður af þessari fyrirætlan, sem miðar að því að gjöra alla vegagjörð eptirleiðis kostnaðarminni fyrir landssjóð, en hagkvæmari og betri fyrir landið.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um Grundarskólann; það blæs líklega ekki svo byrlega fyrir honum hjer í deild, að til mikils sje, að eyða mörgum orðum um hann. Þó skal jeg taka það fram, að það mun alveg ástæðulaust að bera kvíðboga fyrir því, að Akureyrarskólanum geti verið hætta búin af Grundarskólanum, og að því sje varhugavert fyrir þingið, að styðja að því, að þessi skóli komist upp. Jeg vil segja, að það sje varhugavert að hafna þessu sæmdarboði, sem á að geta orðið öllu hjeraðinu til svo mikils gagns. Skólinn er þegar tekinn til starfa á Grund, og hefur mælzt hið bezta fyrir honum, það sem af er. Skóli þessi stefnir að töluvert öðru marki, en Akureyrarskólinn, og mun hann sumpart verða notaður sem undirbúningsskóli undir Akureyrarskólann, og sumpart af fólki, sem vill afla sjer dálitillar almennrar menntunar, en mundi aldrei hafa gengið í Akureyrarskólann. Jeg verð að telja það eins víst, að hann dragi fólk að Akureyrarskólanum, eins og að hann dragi það *frá* honum.

Viðvíkjandi breyt.till., sem fram er komin um að fella burtu 300 kr. styrk til 2 kvenna, til að stunda handavinnunám við »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Khöfn, skal jeg geta þess, að mjer finnst það bæði mjög smásmuglegt, og líka rangt að fella hann nú burt, þar sem þessi kennsla einmitt hefur gefizt mjög vel. Kennslan hefur verið veitt ókeypis, en ýms verkfæri og áhöld, sem stúlkurnar þurfa að nota, þurfa þær að kaupa. Þessi upphæð, þótt eigi sje hún stór, mundi verða fátækum stúlkum til góðrar hjálpar í því. Jeg álít það jafnvel ókurteist gagnvart þessari stofnun, sem hefur lagt sig í líma við að veita íslenzkum stúlkum kennslu, ef þessi litli styrkur yrði að ástæðulausu felldur burtu; það væri líkt því eins og þingið vildi segja, að það hefði sýnt sig, að stúlkurnar hefðu ekkert gagn haft af kennslunni. Jeg vona því, að þessi breyt.till. gangi ekki fram.

Háttv. 2. þm. K.-G. gat þess, að till. mínar í fjárlögunum í Nd. hefðu ekki miðað til þess að spara. Þetta er alveg satt; jeg skoða mitt hlutverk ekki það, að draga úr fjárveitingum þingsins, heldur hitt, að koma í framkvæmd nauðsynlegum fyrirtækjum og fá þingið til að veita þeim fylgi og fje. Hann virðist aptur á móti líta svo á, sem sitt verkefni sje það, að sporna á móti því, að nauðsynleg fyrirtæki komist í framkvæmd. Jeg efast um, að sama hljóðið væri í strokknum, ef hann eða

einhver af hans sauðahúsi ætti að standa við stýrið. Þá mundi honum naumast finnast fjárhagurinn eins slæmur, eins og hann telur hann nú, og þá mundi hinn svo nefndi »tekjuhalli« hans naumast verða svo ægilegur í hans augum. Skrítið er það, að jeg skuli geta haft þessa trú til hans, þrátt fyrir allt!

Loks sagði háttv. þm. (V. G.), að það mundi **laga** *fjárhaginn*, að ýms frumvörp nái ekki fram að ganga á þinginu. Hugsunin hefði verið rjettar orðuð þannig, að frumv., sem ekki yrði samþ., yrði ekki til þess að spilla fjárhagnum. En — síðan háttv. þm. (V. G.) hjelt sína nafntoguðu fjárhagsræðu, hefur ekkert fallið, sem ekki var þá þegar víst að fjelli af þeim, er útgjöld mundu auka; nema ef háttv. þm. og öðrum hans sambandsmönnum tækist nú að setjast á kennaraskólafrv., svo að hann dytti úr sögunni. En jeg vona, að svo illa takist ekki til. Treysti jeg svo giptu landsins, að slíkar tilraunir dagi uppi.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg tek til orða út af breyt.till. frá háttv. þm. G.-K. um að fella burtu styrkinn til að semja íslenzk-íslenzka orðabók, sem Jón ritstjóri Ólafsson hefur farið fram á að fá hjá þinginu. Hann tók það fram, að styrkurinn gæti ekki orðið að gagni, því að ef hann ætti að verða að gagni, þá þyrfti ekki einn mann, heldur marga menn til þess að vinna að slíku verki. Það er satt, að svo er unnið að þessu í öðrum löndum, *ef orðabókin á að vera vísindaleg*, og ætlazt er til, að hún ausi upp hinn auðga brunn ritsmáls og alþýðumáls. En mjer er kunnugt, að það er ekki tilætlun Jóns Ólafssonar. Hann ætlar sjer að gefa út handhæga orðabók íslenzka, með íslenzkum þýðingum, sem nemendur og aðrir geti flett upp í, er þeir þurfa, og grípur yfir þann orðaforða, sem finnst í orðabókum, ásamt því, sem hann sjálfur hefur safnað. Þetta á að verða, eptir því, sem mjer hefur skilizt, alþýðleg orðabók.

Háttv. þm. (V. G.) tók það fram við fyrri umr., að ekkert gagn væri að slíkri bók. En það er mikil fjarstæða, slík bók er öllum nauðsynleg; gæti hún um leið verið stafsetningarorðabók. (*Valtýr Guðmundsson:* Hana höfum við.) Já, sem að engu er nýt, þar sem mjög margt vantar inn í og villur eru á hverju strái. Á þá orðabók ætti helzt ekki að minnast hjer í deild.

Jeg álít það þarft verk að semja þessa orðabók, og það er engin ástæða til að stryka út þennan lið fyrir það »atvik«, sem orðið hefur þessa síðustu daga og háttv. þm. minntist á. Hjer er ekki að tala um nein heiðurslaun, heldur borgun fyrir unnið verk.

Það getur vel verið, að það komi í dönskum blöðum eitthvað um »atvikið«; það getur verið, að háttv. þm. (V. G.) sjái um það; en ekki er það samt fallegt. Og jeg vona, ef þm. gjörir það, að hann verði þá svo rjettsýnn, að láta þess getið um leið, að þetta hafi orðið í ógáti hjá ritstjórnanum. Háttv. þm. hlær, en það er ekki að því hlægjandi. Það vita allir, sem nokkuð hafa fengizt við að undirbúa undir prentun, hversu hætt er við þess háttar skyssum, og Danir þekkja vel það, sem kallað er »Sætternissen«. Þetta getur fyrir alla komið, sjerstaklega þá, sem hafa mörgum störfum að gegna, eða eru illa fyrirkallaðir, og ritstjórar verða opt fyrir því, að í blöðunum getur komið, það sem þeir ekki vilja að komi. Jón Ólafsson hefur nú lýst yfir því, að þetta hafi orðið að honum óafvitandi, og blaðið hefur þegar fengið þá refsingu, sem beint lá við, að teknar hafa

verið af blaðinu opinberu auglýsingarnar. Það er því ekki veglynt af háttv. þm. (V. G.), að ráðast nú hjer að, og hefði hann ekki átt að flíka þessu framar hjer í deildinni.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það er ekki mikið, sem jeg ætla að segja; það eru að eins nokkur orð viðvíkjandi breyt.till. fjárlaganefndar hjer í deildinni.

Það er fyrst breyt.till. um sjúkraskýlin og hjúkrunarkonurnar; framsm. hefur talað rækilega fyrir þeim, en annars eru þær ekki þess verðar, að mörgum orðum sje að þeim eytt, heldur að láta háttv. deild skera úr því máli með atkvæðum sínum.

Þá er önnur af breyt.till. nefndarinnar, sem jeg aðallega hafði ætlað mjer að minnast á; það er tillagan um að stryka út Grundarskólann, styrkveitinguna til hans. Jeg get ekki betur sjeð, en að nefndin fari hjer algjörlega með rjett mál, að vilja ekki fara að styrkja skóla við hliðina á og samskonar þeim skóla, sem landið á að kosta, en stendur á höllum fæti og því ekki ástæða til að veikja með því að stofna til »konkurrence« alveg við. Eðlilegum »konkurrence« hefði jeg alls ekki haft á móti, en það er ekki eðlilegur »konkurrence«, sem kemur frá sömu hlið, þannig að landssjóður fari að »konkurrera« við sjálfan sig. En annað atriði var það, sem hæstv. ráðherra talaði um, að þessi sæmdarmaður, Magnús á Grund, mundi fælast frá því að reisa þennan skóla, ef þingið hafnaði boði hans um 15,000 kr. með því að veita honum ekki þau rúm 7,000 kr., er hann fer fram á að fá. En jeg vil benda háttv. deild á það, að þetta getur varla verið rjett skoðað; annaðhvort er þá þetta mál ekki rjett flutt hjer á þingi hjá þeim, sem því fylgja fram, eða það er stór misskilningur hjá manninum, ef hann vill ekki allt eins vel leggja fram fjeð til skólabyggingarinnar, ef hjeraðið, sýslan, vill leggja til jafnmikla upphæð á móti. Jeg verð að segja það, að þeir háttv. þm., sem tala máli Eyjafjarðarsýslu hjer á þinginu, stimpla hjeraðið sem það mesta smásálarhjerað, ef þeir telja, að það vilji ekki leggja til rúm 7,000 kr., þegar hann, einstakur maðurinn, býðst til að leggja fram 15,000 kr. Ef þvílíkur maður væri í hverju hjeraði, þá kæmust, vona jeg, fleiri framfarafyrirtæki á gang, en nú á sjer stað, án styrks úr landssjóði.

Jeg sje ekki, að landssjóður hafi neina ástæðu nje heldur þingið, til að fullnægja þessari kröfu, þótt þessi heiðursmaður byggði hana á misskilningi.

Jeg get því ekki skilið, að þingið skuli taka þetta nokkuð til greina; mjer finnst það bera vott um hreint vantraust til hjeraðins, að láta það ekki um málið. Þess vegna greiði jeg atkv. með breyt.till. nefndarinnar.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg vildi benda háttv. deild á prentvillu eða vangá, sem kemur frá háttv. Nd., en hjer er tekin upp leiðrjetting á í breyt.till. nefndarinnar. Það er að síðari hluti klausunnar í 16. gr. 28. lið, um Guðmund Hlíðdal, falli burtu, og leiðir það af því, að styrkurinn fluttist allur á fyrra árið.

Við 16. gr. 25. lið, er þess að geta, að styrksupphæðin, 2,000 kr. til bryggjunnar á Skipaskaga, er sett á síðara árið, en á að færast á hið fyrra, og er það eðlileg afleiðing af því, að verkið er þegar unnið, enda var það svo upphaflega í frumv. stjórnarinnar.

Þá er 13. gr. C. 2. b., til bátaferða á Breiðafirði, 8,000 kr., og hljóðar aths. við liðinn svo:

»Styrk þessum má, ef hlutaðeigandi »sýslunefndir óska þess, verja til »tveggja mótorbáta, er gangi, annar »aðallega um norðurhluta Breiða»fjarðar, en hinn um suðurhlutann, »og skiptist styrkurinn jafnt milli »bátanna«.

Það kom til orða í nefndinni, að breyta lítið eitt orðalaginu á aths., en nefnd. fjell frá því aptur, og álítur, að það nægi að geta þess hjer í deildinni, að kæmi það fyrir, að sýslunefndirnar yrðu ekki allar ásáttar, þá væri það óheppilegt, að styrkurinn fjelli niður fyrir þá sök, og þess vegna sje stjórninni heimilt að telja meiri hluta sýslunefnda fullnægjandi. Og þótt sýslunefndirnar gætu t. d. ekki komið á fund saman, þá mætti líklega ná atkvæðum þeirra á annan hátt, t. d. með því að þær sendi fulltrúa á sameiginlegan fund. Þetta vildi jeg, fyrir nefndarinnar hönd, láta í ljósi til athugunar.

Mjer er bent á, að á bls. 28. í fjárlögunum, 15. gr. 23. lið, hafa þær 150 kr., sem ætlaðar eru til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, síðara árið, hrapað niður í »Leikfjelag Reykjavíkur«, en það er ekki meiningin, að leikfjelagið gleypi þær, enda mun landsyfirdómurinn þurfa á þeim að halda til dómasafns síns. Vænti jeg, að þetta verði leiðrjett við umprentun.

Út af ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), vil jeg taka fram, að nefndin hefur ekki mikið að segja um þær breytingar, er hún sjálf gjörði við 2. umr. málsins, og eina af þessum breyt.till. háttv. þm. kemur nefndin nú einnig með, alveg þá sömu, nema hvað hans er ekki rjett orðuð.

Hvað snertir niðurfærslu háttv. þm. á launum póstmeistarans, þá þarf ekki þar til að svara, þar eð hæstv. ráðh. hefur gjört það. Um laun aðstoðarmannsins á verkfræðingsskrifstofunni þarf jeg heldur ekki að tala meira. En það kemur mjer mjög kynlega fyrir sjónir, að þessir 2 háttv. þm. (V. G. og Sig. St.) fara nú að klípa burt styrkinn til 2 fátækra kvenna, sem stunda handavinnunám hjá »Kunstflidsforeningen«, og einkanlega þykir mjer það undarlegt, að við þessu hefur ekki verið hreyft fyr á þinginu, en nú fyrst við 8. umr. fjárlaganna er allt í einu ráðizt á þetta. Jeg verð að segja, að »það er lítið, sem tunga háttv. þm. ekki finnur«. Jeg skal geta þess, að beiðni hefur komið um áframhaldandi styrk frá forstöðukonu fyrirtækisins, en gleymzt hefur að leggja hana fram, meðfram vegna þess, að þessi örlitli styrkur hefur til þessa af öllum verið óáreittur.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.), talaði um 27. lið 15. gr., styrkinn til Jóns Ólafssonar til að semja orðabók. En þeim orðum hans hefur háttv. 3. kgk. svarað, svo að jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Jeg skal þó geta þess, að það er svo rangt sem verða má, að hjer sje um verðlaun að ræða, heldur að eins borgun fyrir unnið verk; það er hvorki eptirlaun nje verðlaun. Mig undrar það stórkostlega, að háttv. þm. (V. G.) skuli vera að halda ræður um þetta, þar sem á sömu síðu standa verðlaun til alls annars manns, sem mjer vitanlega hefur ekkert skáldrit sjest frá koma hin síðari árin, nema ef telja skyldi þær pólitiskar rangfærslur, sem hann hefur látið blað sitt flytja, en jeg býst við, að fæstir, hjer eða annarsstaðar, óski eptir, að krýna *þann* skáldskap verðlaunum.

Loks vil jeg taka það fram, að fjárlaganefndin er í ærnum vanda stödd,

þar sem nú á 11. stundu hafa drifið að breyt.till. ýmsar, sem hún hefur ekki haft tækifæri til að bera sig saman um. Jeg vildi því leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki fresta fundi, áður atkv.gr. fer fram, um 15—20 mínútur, svo að nefndinni gefist kostur á að bera sig ýtarlega saman.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg skal fyrst taka það fram, að jeg hefði helzt óskað, að fjárlögin hefðu verið samþ. hjer í deildinni, eins og þau komu frá háttv. Nd., í stað þess að fara nú að breyta þeim og hleypa þeim svo í Sþ. Jeg álít, að þingið hefði vel getað látið sjer sæma að samþ. fjárlögin eins og þau nú liggja fyrir, einkum álít jeg, að háttv. Ed. hefði mátt una vel við það, því að í öllum aðalatriðum hefur háttv. Nd. farið eptir bendingum þessarar deildar, þótt nokkru hafi verið breytt frá því fjárlögin voru hjer síðast. En eins og sakir standa nú, þá eru litlar líkur til, að þessi till. mín fái mikið fylgi hjá hinni háttv. deild hjer, því að svo margar breyt.till. hafa komið fram, að líkur eru til, að einhver þeirra verði samþ., og skal jeg því leyfa mjer að minnast fáum orðum á þá breyt.till., sem jeg er flutningsmaður að.

Breyt.till. þessi fer fram á, að Ingibjörgu Jónsdóttur sje veittur 250 kr. styrkur fyrra árið, til þess að ganga á kennaraháskóla í Kaupmannahöfn. Stúlka þessi sótti um 300 kr. til þess að fullkomna sig í námi sínu, og var styrkur sá tekinn upp í háttv. Nd. og samþ. þar, en háttv. Ed. felldi hann aptur burtu. Síðan þetta mál var hjer síðast til meðferðar, hefur mjer verið skýrt frá, að stúlka þessi sje komin á kennaraháskóla í Kaupmannahöfn, og er hún sjerlega efnileg, en efnahagur hennar bágborinn, og á hún þess vegna erfitt með að standast straum af námi sínu; hún á því styrk þennan skilinn fremur en margir aðrir, er fengið hafa styrk til þessa náms. Hjer er eigi farið fram á nema 250 kr., og vona jeg, að háttv. deild ljái því fylgi sitt, ef fjárlögunum annars verður breytt.

Jeg skal ekki fara að minnast á einstakar breyt.till., sem fram hafa komið, sem jeg einnig álít að meiru og minna leyti óþarfar, því að rjett hefði verið, að samþykkja fjárlögin, eins og þau liggja fyrir, en jeg vil að eins minnast á þá tillögu, sem fer fram á, að styrkurinn til Grundarskólans sje felldur, og þykir mjer það sorglegt, ef þingið sjer sjer ekki fært, að leggja fram fje til móts við gjöf þessa heiðursmanns.

Hv. þm. Strand. (G. G.) gat þess, að hjer væri ekki ástæða fyrir þingið að láta fje af mörkum, því að hjeraðinu ætti ekki að vera ofvaxið, að leggja fram fje, þar sem einn einstakur maður byði þetta höfðingsboð, en hjer ber að athuga, að Magnús á Grund sótti um 7,500 kr. til þingsins mót jafn-miklu tillagi frá sjálfum sjer, en nú er þessi styrkur ætlaður 7,500 kr., en þannig, að hann að eins sje $^1/_3$ hluti byggingarkostnaðarins, svo að líkur eru til, að nóg rúm verði fyrir styrk frá hjeraðsbúum, þótt gjöf Magnúsar verði höfðingleg.

Jeg vil sem sagt eindregið leggja á móti þessari breyt.till. og vona, að hún verði felld.

Jeg fjölyrði svo ekki frekar um þetta.

(Eptir hálftíma fundarhlje).

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Nefndin hefur átt nokkurra mínútna fund með sjer til þess,

að ræða þessar breyt.till., sem hjer liggja fyrir og komu nefndinni að óvörum, og skal jeg sem framsm. lýsa því yfir fyrir hennar höud, að hún telur örvænt um, með því atkvæðamagn vort er svo lítið í samanburði við háttv. Nd., að vjer getum fært tekjuhallann meira niður, með því að taka til greina fleiri breyt.till., en nefndin sjálf hefur sjeð sjer fært, að koma fram með.

Með því nú líka, að tíminn er orðinn naumur, þá ber ekki að lengja þrefið með því, að koma með þær breytingar, sem vjer álítum, að ekki muni standast í sameinuðu þingi, og hefur því nefndin komið sjer saman um, að greiða atkvæði á móti öllum breytingartillögum, sem komið hafa frá öðrum, en nefndinni, nema breyt.-till. á þingskj. 679.

Um þetta er nefndin öll á einu máli, að einni breyt.till. undantekinni, sem einungis hefur meiri hluta nefndarinnar á móti sjer.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skal að eins gjöra fáar athugasemdir. Eptir þessari yfirlýsingu hv. framsm. (J. Jak.) er ekki mikil von um, að breyt.till. mínar nái fram að ganga, og er mjer ráðgáta, hvers vegna hin háttv. nefnd skuli vera á móti þeim öllum, þar sem þær þó allar ganga í þá áttina, að spara.

Jeg skal leyfa mjer, að leiðrjetta dálítið í fyrri ræðu minni. Hæstv. ráðherra gat þess, að jeg mundi hafa mismælt mig, er jeg skýrði frá breytingunni á tekjuhallanum hjá háttv. Nd. Þetta er rjett. Jeg bar í ógáti fyrirliggjandi frumv. saman við fjárlagafrumv., eins og það var, er það kom áður frá Nd., og þá hafði tekjuhallinn minnkað um 10,000 krónur. En jeg átti að bera frumv. saman við frumv. Ed., og þá verður annað uppi á teningnum. Þá kemur í ljós, að háttv. Nd. hefur aukið útgjöldin um 65,000 kr. frá því sem var, er frumv. fór hjer úr deildinni, og auk þess bætt við lánsheimildum, er nema 50,000 kr., og því í raun og veru aukið útgjöldin, sem hafa hækkað um 115,000 kr. hjá háttv. Nd. í þetta sinn.

En ef breyt.till. mínar og háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) yrðu samþykktar, þá mundi fjárlögunum kippt í líkt horf, og þau voru í, er þau fóru hjeðan til háttv. Nd.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. tók fram um póstmeistarann, þá skal jeg ekki fara frekara út í það, en eitt atriði vildi jeg þó minnast á. Þar sem hann sagði, að póstmeistarinn missti frían bústað, þá er það ekki rjett, því að það hefur aldrei verið meiningin, að hann hefði frían bústað, heldur var honum leyft að búa í pósthúsinu, meðan landið þurfti ekki að brúka það til annars, en það var tekið fram, að það skyldi ekki skoðast sem fastur fríbústaður, og einmitt þess vegna var ákveðið, að hann skyldi borga 100 kr. árlega, svo að hjer er ekki að tala um missi neins fríbústaðar.

Þá skal jeg minnast á orð háttv. 3. kgk. þm. (B. Ól.), er hann kom með þá góðgjarnlegu getgátu til min, að jeg mundi verða til þess, að koma »atvikinu« í dönsk blöð, og verð jeg að vísa slíku frá mjer, og ætti það sízt að sæma þingmönnum, að koma með slíkar illkvitnis dylgjur hver til annars, um að þeir yrðu til þess, að setja bletti á þingið; til þess geta líklega nógir aðrir orðið, þótt þingmenn sjálfir láti það vera, að ata sitt eigið hreiður.

Viðvíkjandi orðabók þeirri, sem um er að ræða, þá sje jeg ekki, að mikið gagn yrði að henni, ef hún á að verða nokkurs konar stafsetningarbók, þar

sem tínt er saman það, sem stendur annarsstaðar og svo eitthvert hrafl frá höfundinum sjálfum.

Hvað styrkinn til þessara tveggja kvenna snertir, til þess að nema handavinnu hjá »Kunstflidsforeningen«, þá er þar að vísu ekki um mikið fje að ræða, en jeg álít, að þessa styrks sje ekki lengur þörf, þótt honum væri nú allt af varið til fátækra stúlkna, sem ekki er, enda álít jeg styrknum betur varið til þess, að stúlkur lærðu að búa til hollan og ljúffengan mat, en til þess að læra þetta fitl í höndunum, sem líka mun nú vera farið að kenna hjer í Reykjavík,

Það hefur viljað brenna hjer allmjög við, að menn hafa farið að tala um verðlaun Einars Hjörleifssonar, þegar orðabókarstyrkur Jóns Ólafssonar hefur borið á góma, en til þess er það að segja, að hvorki jeg nje nokkur annar minna flokksmanna hefur komið þessum verðlaunalið Einars Hjörleifssonar að; hann mun hafa sótt til þingsins um styrk til ritstarfa, en því var svo breytt þannig í háttv. Nd., þó ekki eptir tillögu frá neinum úr okkar flokki, enda er óvíst nema við hefðum greitt atkvæði með, að fella þennan lið burtu, ef að breyt.till. hefði komið fram í þá átt.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg hefði ekki staðið upp aptur, hefði ekki háttv. 2. þingm. G.-K. (V. G.) borið nefndinui það á brýn, að hún væri með því, að hækka útgjöld landssjóðs, en jeg var einmitt nýbúinn að segja, að við sæjum okkur ekki til neins, að berja höfðinu við steininn, og koma fram með og samþykkja breyt.till., sem við hefðum enga von um, að hafa atkvæðamagn til að fá í gegn. Jeg kalla þetta miður góðgjörn orð í garð nefndarinnar, og miður góða meðferð á sannleikanum, því að hjer er ekki því að dreifa, að nefndin hafi ekki góðan vilja til þess, að lækka útgjöldin, en það er eitt vilji og annað geta.

Hvað því viðvíkur, að útgjöldin hafi hækkað um 65,000 kr., þá er það til þess að segja, að meira en helmingur þessarar upphæðar, eða 38,000 kr., er ætlaður til þess, að kaupa bókaskápa og innanhússmuni í hið nýja safnahús, og eru mjer sjálfsagt allir samdóma í því, að ekki þýði mikið, að byggja dýrt og vandað hús, nema menn líka geti fengið þá húsmuni, sem með þurfa.

Hvað ummæli háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) um póstmeistarann snertir, þá skjátlast háttv. þm. mikið, ef hann álítur störf hans nú samanberandi við það, er þau voru fyrir 10 árum síðan, Það mun ekki of sagt, þótt þau sjeu ætluð þriðjungi til helmings meiri nú. Þessi störf, sem hvíla á honum, sem »generaldirektör«, eða aðal-forstjóra íslenzkra póstmála, eru svo mikil og vandasöm, að varla verður álitið, að laun hans sjeu ákveðin of hátt í frv.; sami háttv. þm. G.-K. (V. G.) hefur líka áður tekið það fram, að betra væri að launa vel þá starfsmenn landsins, sem hefðu erfiðum og vandasömum embættum að gegna, svo að þeir þyrftu ekki að hafa önnur störf aukreitis, sbr. tillögur hans um verkfræðing landsins.

Í sambandi við styrkinn til Jóns Ólafssonar, þá get jeg ekki stillt mig um það, að minnast á verðlaunin til Einars Hjörleifssonar, sem jeg skil satt að segja ekki í fyrir hvað hann fær, því að mjer vitanlega hefur ekkert komið fram eptir hann í all-mörg ár, sem nálgist það, að vera verðlaunavert, því að jeg ímynda mjer, að fáir,

sizt heimastjórnarmenn, vilji verðlauna pólitíska framkomu hans. Þessi styrkur hefði því heldur átt að færast yfir í 18. gr.

Eins og jeg hef áður tekið fram, þá mun nefndin öll sem einn maður greiða atkvæði móti öllum breyt.till. einstakra deildarmanna, en hætta ekki á, að fleygt verði inn nýjum liðum, sem aptur yrði svo reynt að breyta í sameinuðu þingi, því að við höfum ekki atkvæðamagn, að knýja fram vorn vilja, þegar þangað kemur, og ef við færum nú að gjöra miklar breytingar, þá gæti það orðið til þess, að ýmsir gjaldaliðir yrðu hækkaðir frá því, sem þeir eru nú.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg ætlaði ekki að standa upp, en þau orð háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að jeg hefði komið með miður góðgjarnlegar tilgátur í sinn garð, gáfu mjer tilefni til þess. Jeg skal fyrst og fremst taka það fram, að jeg kom alls ekki með neina tilgátu. Jeg sagði að eins, að *ef* hann kæmi þessu í dönsk blöð, *þá* skyldi hann sýna svo mikla sanngirni að geta þess, að þetta »atvik«, sem hann svo kallar, hefði orðið í ógáti frá ritstjórans hendi. Og þó jeg hefði sagt, að hann mundi setja þetta í dönsk blöð,þá hefði jeg haft fulla ástæðu til þess, því að jeg man ekki betur, en að h. þm. hefði einmitt í hótunum í hinni fyrri ræðu sinni, að þessi saga *skyldi* komast í dönsk blöð. Svo þó jeg hefði komið með einhverja slíka aðdróttun t orðum mínum, þá hefði hann sjálfur gefið tilefni til þess. Um leið skal jeg minnast á breyt.till. háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.), sem fer fram á að fella burt þaun 300 kr. styrk, sem ætlaður er 2 stúlkum til náms hjá »Kunstflidsforeningen« í Kaupmannahöfn. Mjer finnst ekki rjett, að kippa þessum styrk burt, þar sem þetta fjelag ekki að eins veitir stúlkum þessum ókeypis kennslu, heldur einnig fæði og húsnæði. Þar að auki veit jeg ekki betur, en þær fái ókeypis ferð til Hafnar líka fyrir velvild Thorefjelagsins.

Þá skal jeg taka það fram, viðvíkjandi breyt.till. hæstv. ráðh. á þskj. 688, að jeg álít það illa farið, ef ekki kæmi áframhald af lýsingu Daníels Bruns af íslenzkum fjallvegum, og eins, ef ekki kæmi út landsuppdráttur sá, er hann hyggst að gefa út endurbættan mjög og leiðrjettan að öllu leyti, sem hann getur, bæði eptir sínum eigin athugunum, rannsóknum Þorv. Thoroddsens og landmælingum »Generalstabens«. Álít jeg því þetta mjög þarfa breyt.till. og mun jeg gefa henni atkv. mitt.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg skal reyna að lengja umræðurnar ekki til muna.

Þegar frumv. kom aptur frá háttv. Nd., þá leit jeg svo á, að ekki væri nein sjerstök ástæða til að hleypa því til sameinaðs þings. Og hefði jeg því fyrir mitt leyti vel getað fellt mig við að leiða það til lykta hjer í deildinni. Jeg beið því með, að koma fram með breyt.till., þangað til jeg hefði heyrt úrslit nefndarinnar hjer í Ed., og vonaðist jeg satt að segja fremur eptir því, að hún mundi ráða til að samþykkja frumv. óbreytt. En þegar jeg svo seint í gærkvöldi frjetti, að háttv. nefnd kæmi með breyt.till., þá gjörði jeg í samráði við háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) nokkrar breyt.till., sem nú eru hjer framkomnar, því að jeg áleit ekki rangt, úr því nefndin á annað borð fór að breyta frumv., að reyna þá nokkrar fleiri breytingar. Þannig stendur á því, að jeg er riðinn við breyt.till. á þgskj. 689. Þetta var inngangurinn að þeirri mjög stuttu ræðu, sem jeg ætlaði að halda.

Úr því að frumv. á að fara hvort sem er í sameinað þing, þá áleit jeg sjálfsagt að reyna að framfylgja þeim sparnaðartilraunum, sem jeg bæði nú á þingi og ávallt hef framfylgt, í ýtrustu lög, og vita, hvort ekki mætti spara meira en gjört hafði verið. Háttv. framsm. tók það fram, sem ástæðu fyrir því, að hann væri mótfallinn breyt.till. okkar, að svo margt gæti skeð í sameinuðu þingi, sem ekki væri gott að reikna út hjer í deildinni. Jeg lít svo á, að ekki sje hægt að segja fyrir víst, hvað fram muni ganga í sameinuðu þingi af því, sem er samþykkt hjer. Það er allt eptir því, hve fast Ed. fylgir fram breytingum mínum. Ef háttv. fjárlaganefnd hjer í deildinni hefði tekið þá ákvörðun að fylgja breytingum þeim, sem jeg og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) bárum upp, þá hefðu þær gengið fram hjer í deildinni, og þá hefðum við allir þannig hjálpazt að með að spara, sem jeg álít sjálfsagt, þegar það er hægt án þess að skaða með því einstaka menn, eða þjóðfjelagið í heild sinni. En þessu er nú ekki til að dreifa, og álít jeg það skaða, að Ed. ekki skuli halda fram sparnaðartillögum sínum, einnig í sameinuðu þingi.

Jeg skal geta þess, að jeg álít alls ekki viðeigandi að vera hjer að tala um liði, sem engin breyt.till. hefur komið fram við, eins og verðlaunin til Einars Hjörleifssonar. Allt það skraf um þessa fjárupphæð, sem hjer hefur verið um hönd haft, finnst mjer gjörsamlega óviðeigandi. Og hvað mig snertir, þá er allt eins víst, að jeg hefði greitt atkv. með því að fella burt þessi verðlaun, ef fram á það hefði verið farið. En þá hefði líka orðið að falla fleira af þessum svokölluðu verðlaunum.

Áður en jeg sezt niður, er það eitt atriði, sem jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hinnar háttv. deildar, og þó sjerstaklega hæstv. ráðh. á, en það er hálfrar miljónar lántaka, sem talað er um í 7. gr. frumv. Jeg hef ekkert heyrt um það talað í þinginu, hvorki hvar lánið ætti að taka, nje heldur með hvaða kjörum. Að minnsta kosti hefur það ekki komið frá hæstv. ráðh. En aptur á móti hef jeg heyrt því fleygt, að lán þetta mundi eiga að taka hjá ríkissjóði Dana. Jeg verð nú að geta þess, að jeg álít ríkissjóð Dana alls ekki heppilegan lánveitanda fyrir okkur, og vildi jeg heldur, að lánið væri tekið annarsstaðar, þó vextir væru enda hærri.

Það hafa opt heyrzt raddir frá Dönum í þá átt, að árgjald það, sem við nú fáum úr ríkissjóði Dana, væri ölmusugjald, og vita þó bæði guð og menn, að það er sannarlega ekkert ölmusugjald, heldur rjettmætir vextir af rjettmætri skuld ríkissjóðsins við landssjóð. Get jeg því ímyndað mjer, að þrátt fyrir bróðurþel Dana í okkar garð, að svo kunni að fara, að einhverjir þeirra kölluðu okkur ölmusumenn Dana, ef lánið væri hjá þeim tekið. Kysi jeg því sem sagt heldur, að lánið væri tekið annarsstaðar. Enda veit jeg, að jeg stend ekki einn uppi með þessa ósk. Það munu vera margir fleiri, sem hugsa á sama veg.

Ráðherrann. Jeg tel sjálfsagt, að lánið verði tekið þar, sem það fæst með beztum kjörum og ef við fáum það með 4% vöxtum hjá ríkissjóði Dana, þá álít jeg það góð kjör, eptir því sem nú er um að gjöra. Enda álít jeg það að öðru leyti hentugast, að taka lánið hjá ríkissjóði, þar sem við árlega fáum þaðan 60 þúsund kr. árgjald. Þetta árgjald hefur nú verið talað um að »kapitalisera«, og að öll sú upphæð kæmi þá til útborgunar í einu. Ef þetta kæmi til, þá álít jeg

einmitt mjög hentugt, að lánið drægist frá þeirri upphæð. Finnst mjer engin ástæða til að fara að taka lánið annarsstaðar með verri kjörum, að eins til að láta ekki heita svo, að við tökum það hjá Dönum, Slíkt væri allt of krakkalegt. Mjer finst við ekki þurfa að taka okkur nærri, þó einhver blaðasnápur eða snati kallaði lánið »hjálp«. Það er samskonar hjálp og bankar veita, og er það ekki talið nein auðmýking. Mjer dettur ekki annað í hug, en að sitja við þann eldinn sem bezt brennur, að því er snertir lánveiting til landssjóðsins.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.). Jeg vona nú, að allir háttv. þingdeildarmenn hafi talað, eins og þeir ætla sjer, um þetta mál, og skal jeg þá leyfa mjer að gjöra eina stutta loka-athugasemd. Mjer heyrðist á ræðu háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.), eins og hann vera dálítið að álasa nefndinni fyrir það, að hún hefur tekið það ráð, að greiða atkvæði á móti breyt.till. hans og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.). Áleit hann, að nefndin hefði átt að taka sem flest upp til þess að sjá, hvort deildin vildi fallast á það. En jeg skal að eins leyfa mjer að benda háttv. þm. á það, hversu vel nefndinni gekk að koma fram tillögum sínum við 3. umr., því þá hafði hún að eins 7 atkvæðisbæra deildarmenn á sínu máli í ýmsum af sparnaðartill. sínum. Hvernig mundi þá fara í sameinuðu þingi, ef nefndin með frekari breyt.till. kastaði frá sjer þeirri aðstoð, er hún nú gjörir sjer von um að hafa í háttv. fjárlaganefnd Nd. Að jeg fór að tala nokkuð um 15. lið, verðlaunin til Einars Hjörleifssonar, var háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) að kenna, og miklu veldur sá, er upphafinu veldur. Enda talaði jeg að eins um þennan lið til samanburðar, af því hann kallaði styrkinn til Jóns Ólafssonar verðlaun. Hef jeg svo ekki fleira að segja, en vona, að nú verði gengið til atkvæða.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. (687) við 11. gr. B. 7. sþ. með 10 atkv. gegn 1.
2. Breyt.till. (687) við 12. gr. 9. a. sþ. með 8 atkv. gegn 3.
   Í þess stað komi 4 nýir liðir:
   a-liðurinn (sjúkrahús á Akureyri) samþ. með 10 atkv.
   b-liðurinn (sjúkrahús á Ísafirði) sþ. með 10 atkv.
   c-liðurinn (sjúkrahús á Seyðisfirði) samþ. með 10 atkv.
   d-liðurinn (sjúkrahús á Patreksfirði) samþ. með 9 atkv.
3. Breyt.till. (687) við 12. gr. 9. Á eptir e (sem verður h) komi 2 nýjir liðir:
   i-liðurinn samþ. með 10 atkv.
   j-liðurinn samþ. með 10 atkv.
4. Breyt.till. (687) við 12. gr. 9. f. (sem verður k) samþ. með 9 atkv. gegn 3.
1. Breyt.till. (689) við 13. gr. A. 1. a. felld með 10 atkv. gegn 2.
2. Breyt.till. (689) við 13. gr. B. I. 2. felld með 10 atkv. gegn 3.
   Breyt.till. (680) við 13. gr. B. III. felld með 7 atkv. gegn 4.
   Breyt.till. (691) við 14. gr. B. IV. c. 5 felld með 7 atkv. gegn 4.
5. Breyt.till. (687) við 14. gr. B. VII. b. 6. samþ. með 9 atkv. gegn 3.
3. Breyt.till. (689) við 14. gr. B. VII. b. 6. tekin aptur.
   Breyt.till. (679) við 14. gr. B. VII. h. samþ. með 11 atkv.
   Breyt.till. (678) við 14. gr. B. nýr liður á eptir XI. l. felld með 9 atkv. gegn 2.
4. Breyt.till. (689) við 15. gr. 27. felld með 9 atkv. gegn 2.
   Breyt.till. (688) við 15. gr., nýr liður, felld með 8 atkv. gegn 3.
1. Breyt.till. (690) við 16. gr. 23. felld með 9 atkv. gegn 1.

2. Breyt.till. (690) við 16. gr. 24. felld með 9 atkv. gegn 1.
3. og 4. Breyt.till. (690) við 16. gr. 25 og 26. teknar aptur.
5. Breyt.till. (689) við 16. gr. 27. felld með 9 atkv. gegn 2.
6. Breyt.till. (687) við 16. gr. 28. samþ. með 10 atkv.
5. Breyt.till. (690) við 21. gr. 5. málsgr. felld með 10 atkv. gegn 1.
6. Breyt.till. (690) við 21. gr. 9. málsgr. felld með 7 atkv. gegn 1.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Á 5. fundi Sþ., laugardaginn 14. september kom fjárlagafrumv. til einnar umr. (A. 694, 695, 696 og 701).

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg á breyt.till. á þskj. 696, sem allar lúta að *styrk til sjúkraskýla.*

Um þessar fjárveitingar hafa verið deildar meiningar, Nd.-meining og Ed.-meining. Sumir hafa á orði, að deilan standi milli mín og Ed., og saka mig um það, að fjárlögin eru hingað komin.

Jeg fer ekki að afsaka mig, þó að jeg hafi haldið því til streytu, sem jeg tel rjettast og ráðlegast, enda vona jeg, að hjer í Sþ. náist góð sameining um þetta velferðarmál.

Það sem deilt er um milli mín og Ed. eru smámunir einir. Stjórnin hafði í fjárlagafrumv. sínu ætlað 4 svonefndum sjúkrahúsum ársstyrk, eins og að undanförnu, án þess að setja nein skilyrði, en sett hjá öll sjúkraskýlin; hún hafði ekkert fje ætlað til þess að reisa ný sjúkraskýli. Þessu fjekk jeg breytt í Nd., þannig, að sjúkrahús og sjúkraskýli skyldu eiga jafnan aðgang að ársstyrk, en styrkurinn bundinn því skilyrði, að haldin væri lærð hjúkrunarkona; þá ljet og háttv. Nd. tilleiðast, að veita fje til þess að koma upp nýjum sjúkraskýlum.

Í raun og veru er háttv. Ed. mjer sammála um allt þetta. Hún játar, að rjett sje, að veita sjúkraskýlum ársstyrk, hún fellst á, að rjett sje að stuðla að því, að lærðar hjúkrunarkonur stundi sjúklingana, og hún er mjer samdóma um, að veita beri fje til að koma upp fleiri sjúkraskýlum.

Hvað er það þá, sem í milli ber? ekkert annað en það, að háttv. Ed. vill veita sjúkrahúsunum meiri ársstyrk en sjúkraskýlunum, gjöra mun á þessu tvennu, og hinsvegar vill h. Ed. hafa fjárveitinguna til nýrra sjúkraskýla helmingi minni en sþ. var í Nd.

Þetta er allt og sumt, og ekki undur, þó sumir sjeu hissa á því, að þessi stóru fjárlög skuli hafa komizt á svo lítilli skel í sameinað þing.

Það er kunnugt, að undanfarin ár hafa smáhýsi verið reist yfir sjúklinga á ýmsum lækisetrum, einkum í kaupstöðum og kauptúnum; þessi hús hafa sum verið nefnd sjúkrahús, á Akureyri, Ísafirði, Seyðisfirði, og Patreksfirði; en sum hafa verið kölluð sjúkraskýli, á Sauðárkrók, Vopnafirði, Brekku og Eskifirði. En í raun og veru er munurinn enginn, dálítill stærðarmunur á húsunum, dálítill stærðarmunur á þörfinni — eptir fólksfjölda, — það er allt og sumt; og þar sem jeg hef í breyt.till. mínum haldið báðum heitunum, þá er það málvenjunni að kenna, venju sem ætti að leggjast niður. Þessi hús ættu öll að heita sama nafni, heita og vera sjúkrahús; og þau ættu öll að vera jafn rjetthá í meðvitund þings og þjóðar. Þessi tvískipting, sem háttv. Ed. vill halda, er á engum rökum bygð.

Þá er þess að gæta, að styrkveitingin hefur verið skilyrðislaus og af handahófi. Akureyri hafði fengið 400

kr.; þar voru 1906 153 sjúklingar, tala legudaga um 5,810, og varð því styrkurinn tæpir 7 a. á hvern sjúkling á dag. Seyðisfjörður hafði sama styrk, þar vóru 43 sjúklingar, 979 legudagar og styrkurinn rúmir 40 a. fyrir sjúkling á dag. Ísafjörður hafði líka 400 kr.; þar lágu árið 1906 29 sjúklingar, legudagar 472, svo að rúmir 84 a. komu á hvern sjúkling á dag. Patreksfjörður hefur fengið 300 kr. Þar vantar mig skýrslu fyrir 1906, en 1905 lágu þar 18 sjúklingar, legudagar 196, landssjóðsstyrkur **1 kr. 50 au.** á dag fyrir hvern sjúkling.

Þessu vill háttv. Ed. halda, en láta sjúkraskýlin fá 100 kr. á ári.

Nú er sjúkraskýlið á Sauðárkróki eins stórt, og miklu betur byggt en sjúkrahúsið á Patreksfirði, og útlit fyrir talsvert meiri aðsókn — það tók til starfa í vor. Sjúkraskýlið á Brekku er miklu vandaðra en sjúkrahúsið á Seyðisfirði, og verður vafalaust eins mikið notað fyrst um sinn. Þessi tvískipting og tvinefning er því öldungis ástæðulaus, og hlýtur að hverfa.

Hins vegar ætlast jeg ekki til, að styrkveitingin fari að öllu leyti eptir sjúklingatölunum. Minnstu sjúkrahúsin eiga erfiðast, verða að tiltölu útgjaldafrekust; þess verður að gæta, og getur verið ástæða til að veita þeim tiltölulega háan styrk. En jeg vil ekki eins og háttv. Ed., gjöra sum þessi hús að óskabörnum, en sum að olnbogabörnum, heldur láta þau öll njóta sömu rjettinda. Og svo tel jeg með öllu rangt að veita þetta fje alveg skilyrðislaust.

Jeg hef sjeð í öðrum löndum, hvernig sjúkrahús eiga að vera, en hjer á landi hef jeg lært, hvernig þau eiga ekki að vera. Og stærsti gallinn hjer, er skorturinn á æfðum hjúkrunarkonum. Þetta íslenzka fyrirkomulag, að láta allt hvíla á ráðskonum, sem, ef til vill, geta tekið til í húsinu, búið til dágóðan mat og því um líkt, en aldrei hafa lært að umgangast sjúklinga, það getur alls ekki gengið. Þess vegna vil jeg hvetja hjeröðin til að bæta úr þessu, hjálpa þeim til þess, og það vill Ed. líka, en hún hugsar bara um óskabörnin sín, að veita þeim aðgang að sjerstökum styrk, til að halda lærðar hjúkrunarkonur — en mjer er jafn annt um öll sjúkrahúsin, og það vona jeg að þinginu verði framvegis.

Jeg sje eina mótbáru bærast á vörum manna: þetta, að halda lærðar hjúkrunarkonur muni kosta of mikið, en jeg er þess fullviss, að það getur aldrei blessast að láta sömu manneskjuna gjöra allt, vera matráðskonu, vinnukonu og hjúkrunarkonu, sízt af öllu, ef það er kvennmaður, sem aldrei hefur vanizt hjúkrunarstörfum. Það hefur víða hjer á landi verið talið einskonar neyðarúrræði, að láta sjúkling fara á spítala. Hvers vegna? Einmitt af því, að spítalana hefur vantað nýtar hjúkrunarkonur. Jeg vil benda þinginu á, að á síðasta mannsaldri hefur alizt hjer upp ný stjett: yfirsetukonurnar. Áður voru fengnar til þess að sitja yfir konum einhverjar, helzt gamlar konur, sem sjálfar höfðu fengið æfingu í að eiga börn. Yfirsetukonum hafa fylgt mikil útgjöld, en þó er nú svo komið, að enginn hreppur landsins þykist geta verið án lærðrar yfirsetukonu.

Ef yfirsetukonur eru nauðsynlegar, þá eru hjúkrunarkonur það eigi síður; og þegar sá tími kemur, að hjer á landi skapast innlend hjúkrunarkvennastjett; þá munu þær verða taldar eins óhjákvæmilegar eins og yfirsetukonurnar nú.

Um hitt atriðið get jeg verið stutt-

orðari, styrkinn til að byggja ný sjúkraskýli. Það má nú orðið teljast þjóðarvilji að koma upp sjúkraskýlum; læknar hafa mikinn áhuga á því, alþýða ekki minni, og landssjóður hefur veitt fje til þess. En þó lítur út fyrir, að þingið hafi ekki talið þörfina mjög brýna, þar sem aldrei hefur verið tekin föst fjárveiting til þessa upp í fjárlögin. Jeg vil ekki fjölyrða hjer um þörfina, en að eins með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr ársskýrslu eins hjeraðslæknis, sem býr í kauptúni á Austurlandi; hann var sem sje að basla við að koma upp sjúkraskýli hjá sjer með samskotum. Hann skrifar svo:

»Svo hefur mátt heita síðari árin, »að ómögulegt hafi verið að hola »einum einasta sjúkling niður um »stund hjer í þorpinu. Húsnæði »ekkert til, ekki svo mikið, sem »geymsluhús eða skúr. Allt er fullt, »sem hús getur heitið, og hvernig »fara kynni, ef næmur sjúkdómur, »er einangra þyrfti, brytist út í hjer»aðinu, er ekki gott að gizka á, eða »ef næmur sjúkdómur kæmi fyrir á »einhverju skipinu, sem hjer hafnar »sig, því hjer er líka sóttvarnarstöð«.

Þetta segir þessi læknir og sama segja flestir hinir læknarnir. Sjúkrahúsin eru til stórra hlunninda fyrir alþýðu, til stórhagnaðar fyrir landið, og áhugi lækna og alþýðu á að koma þeim upp fer sívaxandi. Þetta er Ed. mjer samdóma um; og eins hitt, að styrkveitingin eigi ekki að vera út í bláinn, heldur miðuð við fólksfjölda. En jeg get fullvissað háttv. þm. um, að 500 kr. á þúsund íbúa er oftitill styrkur til sjúkrahúsanna. Það hefur komið til þingsins beiðni frá hjeraði á Austurlandi um 12,000 kr. styrk, en þar eð hjeraðið hefur ekki nema 800 íbúa, ætti það ekki að fá meiri styrk til sjúkrahúss en 400 kr., og er það mikils til oflítið. Annað hjerað sömuleiðis á Austurlandi, sem hefur 1,100 íbúa, ætti að fá dálítið meira, rúmar 500 kr., en slíkt munar engu. Það minnsta, sem hægt er að komast af með, er eins og ákveðið var í Nd., 1,000 kr. á þúsund íbúa, og er ekki mikið. Nú eru þegar sjúkraskýli í mörgum hjeruðum landsins; íbúatala þessara hjeraða nemur næstum 30,000; eru þá um 50,000 eptir og 1,000 kr. á 1,000 íbúa mundi gjöra um 50,000 kr. Nú er mjer spurn: er það landinu ofætlun að leggja til á löngum tíma einar 50,000 kr. til sjúkraskýla um landið allt. Hjer uppi á túninu stendur sjúkrahús, byggt — ekki af landinu — heldur af útlendu góðgjörðafjelagi. Þar voru síðastliðið ár 368 sjúklingar með 13,993 legudaga og er það meir en í öllum öðrum sjúkrahúsum landsins samantalið. Þetta hús kostaði 68,400 kr., og það hefur eitt góðgjörðafjelag reist, hvað ætti þá ekki öll þjóðin að geta?

Jeg ætla mjer nú ekki að tala frekar um þetta, en vona, að málið fái góðan framgang eptir að mjer hefur gefizt kostur á að skýra það.

En jeg get þó ekki leitt hjá mjer að minnast dálítið á 12. gr. fjárlaganna í heild sinni, heilbrigðismálin. Mjer hefur verið núið því um nasir, hversu fast jeg hafi haldið fram hækkun á þessum gjaldalið, og því hefur verið hreyft, að mönnum mætti standa stuggur af kröfum mínum um fjárveitingar til heilbrigðismála. Jeg játa, að það er fullur ásetningur minn að vinna að því eptir mætti, að landið eignist sem mest af dugandi læknum, dugandi yfirsetukonum, dugandi hjúkrunarkonum og nýtilegum sjúkrahúsum; jeg vil

ekki bera neitt af mjer í þessa átt. En að þinginu og þjóðinni þurfi að standa stuggur af mjer og þessari grein fjárlaganna, því játa jeg ekki, því að bak við þessa fjárveitingu liggur eitt höfuð-markmiðið í lífsbaráttu þjóðarinnar, sem er það að vernda líf og heilsu einstaklinganna, draga úr manndauðanum, hlúa að fjölguninni. Jeg veit, að alþýðu er kunnugt, að mannkyninu fjölgar, en hversvegna fjölgar því? Við byrjun síðustu aldar var íbúatalan hjer á landi 47,000 en við lok aldarinnar 78,000. Hafði nú viðkoman aukist? Nei, alla öldina var hún að minnka í tiltölu við fólksfjölda. 1801—1840 fæddust árlega 33 börn á hverja 1,000 íbúa, 1891— 1901 ekki nema 31 og 1901—1905 ekki nema 28. En manndauðinn minnkaði jafnframt og að sínu leyti enn meir. Við byrjun aldarinnar var manndauðinn um 30‰, síðast á öldinni var hann 18‰ og nú í byrjun 20. aldar er hann kominn niður í 16‰. Jeg get fullvissað háttv. alþ. um, að jafnframt því sem manndauðinn fer minnkandi, græðist landinu fje. Jeg styðst þar við dóm manns, sem aldrei hefur verið landlæknir og aldrei setið í Ed. Hann (Indriði Einarsson) hefur reiknað út, að landið græði á auknu langlífi manna (minni veikindum) 1½—2 miljónir kr. á ári, þetta má lesa í nýasta árgangi landshagsskýrslnanna. Ekki eru þó hjer reiknuð með mannslífin sjálf, er sparast hafa; en hjer situr á þingi mikilsvirtur vísindamaður (Valtýr Guðmundsson), sem hefur reiknað út, hve mikils forfeður vorir möttu mannlífið sem sje 4,500—5,000 kr., og mannslífið hefur haldið sínu gildi; má því bæta við veikindasparnaðinn því, sem þessi mannlíf eru verð, sem nú sparast árlega frá því, sem áður var, og er því óhætt, að færa gróðann á ári upp í 3 miljónir. Ef menn hugsa til þess, að næmir sjúkdómar valda nær því helmingi af öllum veikindunum og manndauðanum, hversu mikið væri þá ekki gefandi fyrir að geta reist einhverja rönd við þeim. En til þess þurfum við að fá öflugar sóttvarnir, dugandi lækna, dugandi hjúkrunarkonur, og dugandi yfirsetukonur og síðast en ekki sízt minni áfengisnautn.

Jeg vil nú biðja háttv. þm. velvirðingar á því, hversu jeg hef orðið langorður, en það er óvíst, að jeg eigi hjer sæti á næsta þingi, og vildi jeg því biðja menn að hafa þessi orð mín í huga.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): H. 2. þm. Rvk. (G. B.) nefndi sjúkrahúsið á Patreksfirði, og kallaði það óskabarn Ed., og það lá í orðum hans, að einmitt vegna þess hefðu fjárlögin komizt í sameinað þing. En þetta er misskilningur, því í fjárlaganefndinni í Ed. hef jeg ekki á spítalann minnzt nema alls einu sinni, vegna þess að formaður nefndarinnar spurði, hvort það væri ekki slæmt fyrir spítalann, að missa þessar 300 kr. En það er auðsjeð, að þessi spítali er ekki óskabarn háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.), og mig furðar á því, að hann sem landlæknir skuli ekki vita meira um spítalann en hann gjörir. Hann hefur ekki einusinni útvegað sjer fullkomnar skýrslur um spítalann. En jeg hef sjeð skýrslur frá þeim spítala, sem sýna, að á honum hafa verið 50—100 sjúklingar á nokkrum mánuðum. En landlæknirinn »interesserar« sig ef til vill ekki fyrir þeim spítölum, sem þegar eru komnir á stofn, heldur að eins fyrir þeim, sem hann ætlast til að stofnaðir verði. Mig furðar á því, að hann skuli ekki vita, hve mikil þörf er á spítala einmitt á þessum stað. Hann var að lesa upp úr brjefi frá einhverjum lækni

eitthvað um, hve mikil þörf væri á einhverjum spítala, jeg veit ekki hvar. Og í sambandi við það, hvernig ætti að fara að þar, ef næmir sjúkdómar kæmu upp. En getur landlæknirinn ekki hugsað sjer, hve mikil þörf er á spítalanum á Patreksfirði, þar sem árlega koma 6—700 skip innlend og útlend, og flytja með sjer meira og minna af veikindum; eða veit landlæknirinn, hvað þessi sjúkrahola, sem hann kallar svo, kostaði? Ef hann vissi það, þá sæi hann bezt hve mikil þörf hefur verið á spítalanum. Nú vill þessi háttv. þm. svipta spítalann þessum 300 kr. styrk, en veita honum í staðinn lærða hjúkrunarkonu. Jeg veit nú satt að segja ekki, hvað er lærð hjúkrunarkona? Er það hjúkrunarkona, sem hefur lært hjá landlæknirinum? Og fyrir spítalann á Patreksfirði yrði lærð hjúkrunarkona allt of dýr, því hann stendur tómur mikinn hluta ársins.

Það er út af þessu, að jeg hef verið á móti breyt. hins háttv. þm. Rvk. (G. B.) af því jeg sje, að spítalinn fær engan styrk með þessu móti. Það er svo margt fleira, sem spítalinn þarf með, til þess að geta haldið áfram að vera til, heldur en lærð hjúkrunarkona. Það má þakka fyrir, ef einhver ólærð góð kona fæst til að stunda sjúklinga þá, sem sjómenn setja þar á land, og verði styrkbeiðnin þessum skilyrðum bundin, þá er það sama sem að láta hann hætta að vera til.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg játa það, að tillögur háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) sjeu helzt til lítilfjörlegar, til þess að koma fjárlögunum fyrir Sþ. En úr því þau eru nú hingað komin, skal jeg leyfa mjer að gjöra grein fyrir atkv. mínu. Það er að vísu ekki lítill galli, að sjúkrahúsin skuli vanta lærðar hjúkrunarkonur, en það er enn varhugaverðara, að skylda sjúkrahúsin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið til að taka sjer lærðar hjúkrunarkonur, sem þau fjárhagsins vegna ekki geta fengið, og ekki fengjust, þó að fje væri fyrir hendi. Þessi till. kemur eins og skrugga úr heiðskíru lopti yfir sjúkrahúsin. Lögin eiga að ganga í gildi 1. jan. 1908, og sjúkrahúsin hafa þannig allt of stuttan tíma til þess að búa sig undir hið nýja fyrirkomulag. Hjer er sem sje sá hængur á, að það *vantar* lærðar hjúkrunarkonur. Jeg hef nýlega átt tal við formann hjúkrunarfjelagsins hjer í bæ, dósent Jón Helgason. Hann sagði mjer, að hjer í bænum væru 3 hjúkrunarkonur auk einnar vökukonu, og þó þær vildu segja upp vistinni, sem þær reyndar alls ekki vildu, þá gætu þær ekki sagt starfi sínu upp með svo stuttum fyrirvara, að þær yrðu til taks 1. janúar n. á., enda mundu þær heimta svo mikið kaup, að það væri ógjörningur fyrir sjúkrahúsin að taka þær. Hjer hafa þær 500 kr. í kaup og fæði fá þær ókeypis á öllum þeim heimilum, sem geta fætt þær. Hjúkrunarkonur fást því ekki, enda væri ógjörningur fyrir sjúkrahúsin að halda þær, jafn tekjulítil og þau eru. Yrðu till. háttv. þm. samþ., væri því ekki um nema tvennt að gjöra fyrir sjúkrahúsin, annaðhvort að hætta, eða rifa seglin mjög, og það væri varla til bóta, sízt í kaupstöðunum og á Patreksfirði, þar sem mikið kemur af útlendingum og útlenzkum sjúkdómum. Till. þessi er líka meiri en hún sýnist, því hún fer fram á »princip«-breyting, og er þannig helzt til ný fyrir oss þm. til þess að gjöra út um hana. Vjer þurfum að melta hana, og veitir ekkert af tímanum til næsta þings til þess. Jeg get

ekki betur sjeð, en að það sje alveg rjett og sjálfsagt, að gjöra sjúkrahúsunum mishátt undir höfði, að því er til styrksupphæðarinnar kemur. Það þarf auðvitað meira til sjúkrahúsa í fjölbyggðum hjeruðum, þar sem bæði innlendir og útlendir menn sækja að, en í sveitum þar sem fátt er um manninn. Jeg er því ráðinn í því, að greiða atkv. á móti hjúkrunarkvenna tillögunni, enda hef jeg gjört svo við allar umr. í Nd.

Út af till. háttv. þm. Eyf. skal jeg játa, að Grundarskólinn varðar mest hjeraðið; en jeg greiði þó atkv. með honum, af því að það þarf varla að óttast neinar afleiðingar af því. Hjer er sýnd svo mikil rausn, að varla er hætt — því miður, liggur mjer við að segja — við því, að slík tilboð komi fram á hverju þingi.

Viðvíkjandi till. á þgskj. 701, um það, að færa tillagið til Flensborgarskólans upp í 5,000 kr., skal jeg geta þess, að jeg skil háttv. tillögumann, 1. þm. G.-K. (B. K.) svo, sem hann ætlist því að eins til, að sú till. verði sþ., að kennarafræðslan verði flutt úr Flensborg til Reykjavíkur. Í því trausti greiði jeg atkvæði með till. Annars hefði þetta atriði ekki átt að koma til atkv., fyr en útsjeð var um kennaraskólann.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. á þgskj. 701, og bað jeg forseta í gær, að kennaraskólafrumv. væri sett fyr á dagskrá á undan fjárlögunum, einmitt vegna þessarar tillögu, en hann svaraði því, að það væri búið að ákveða dagskrána. Svo bað jeg hann aptur um það í morgun og fleiri háttv. þm. úr báðum deildum, að skipta um, en forseti sá sjer ekki fært að sýna þá tilhliðrunarsemi. Eins og kunnugt er, var fyrir Ed. till. um að greiða fyrir skólann afborgun og vexti á skuld, sem skólinn stendur í. Skólinn tók lán fyrir 2 árum, 9,500 kr., til þess að byggja hið nýja skólahús fyrir, og gjöra við gamla húsið, svo hægt yrði að taka á móti sem flestum af þeim, sem um skólann sóttu. Skólinn sjálfur hefur ekki nema 120 kr. tekjur á ári, og getur því ekki staðið straum af svo stóru láni. Þetta felldi Ed., því hún vildi ekki, að þingið tæki að sjer að greiða þessa skuld, en veitti dálitinn byggingarstyrk til skólans, 2,500 kr., sem Ed. svo færði upp í 3,000 kr. Skólinn hlýtur því að standa í stökustu vandræðum, ef hann ekki fær ríflegan styrk á þessu þingi, sjerstaklega ef kennaraskólinn yrði rifinn burt úr Hafnarfirði, eins og nú eru líkindi til. Þessvegna vonast jeg til þess, að styrkurinn verði hækkaður svo, að skólanum verði mögulegt að kljúfa afborganir af láninu fyrstu árin, svo að hann ekki þurfi að hljóta vandræði af því þó kennaraskólanum yrði kippt burtu úr Hafnarfirði. Eins og sjá má af fjárlögunum hefur alþýðuskólinn í Flensborg einmitt lifað af styrknum til kennarafræðslunnar eins og sjá má af því, að til kennarafræðslunnar hafa verið að undanförnu veittar 3,200 kr. til að kenna einum 20 nemendum, en að eins 2,500 kr. til að kenna 60—70 alþýðuskólamönnum.

Það segir sig því sjálft, að Flensborgarskólinn verður ekki fær um að borga lán og vexti af þeim tekjum, sem hann hefur, eptir að búið er að rífa kennaraskólann frá honum.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg vona, að það komi ekki háttv. þm. undarlega fyrir, þó að jeg komi enn á ný með tillögu um fjárveitinguna til skólans á Grund, þar sem það hefur tvisvar verið samþ. í Nd., þó það jafnharðan hafi verið fellt í Ed. Málið er

framkomið eptir ósk og áskorun hjeraðsbúa, og ennfremur eptir eindregginni ósk Magnúsar bónda á Grund. Jeg veit það, að mönnum hlýtur að vera kunnugt, hversu mikið erfiði það er, sem þessi heiðursmaður verður að leggja á sig til þess að skólinn geti orðið í góðu lagi, þó hann nú fái þessar 7,500 kr. sem hjer er farið fram á, sem hvergi nærri er helmingur af byrjunarkostnaðinum; því það sjá allir, að fyrir 15,000 kr. verður ekki komið upp sæmilegum skóla. Það er auðvitað, að hlutaðeigandi hjeruð verða að leggja fram allmikið fje, þrátt fyrir *þessa* fjárveiting. Jeg er viss um það, að Magnús bóndi á Grund lætur sjer annt um, að þessi skóli sje vel haldinn að öllum kennsluáhöldum og kennslukröptum, eptir því sem tök eru á. En til þess þarf mikið fje.

Það hefur verið minnzt svo hlýlega á þetta tilboð Magnúsar á Grund hjer í Nd. að jeg sje ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um það. Jeg veit, að það finna allir, hve höfðinglega þetta er boðið, og jeg vona, að þingið, og sjerstaklega háttv. Nd. þm. ráði þessu farsællega til lykta.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg skal ekki tala nema hálfa mínútu. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) var að fræða mig á því, að hjer vantaði lærðar hjúkrunarkonur. Vel — jeg veit það. Það hlýtur einlægt að vanta lærðar hjúkrunarkonur, þangað til eitthvað er gjört til að gjöra ungum stúlkum mögulegt að gefa sig við því starfi. En hitt er augljóst, að á meðan engar lærðar hjúkrunarkonur eru til, verður að taka þær, sem skástar finnast af þeim, sem ólærðar eru. Ef við getum sagt við ungu stúlkurnar: Lærið þið að hjúkra sjúklingum, þá skuluð þið fá atvinnu á eptir; þá skuluð þið sjá, að við skulum fá nógar hjúkrunarkonur. Þetta er vegurinn til þess að bæta fyrirkomulagið á sjúkrahúsunum. En ef þetta er ekki gjört, þá lendir allt í sama ólaginu og áður.

Var þá gengið til atkv.:

1. breyt.till. (696) við 12. gr. 9, felld með 19 atkv. gegn 18, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Guðm. Björnsson,	Björn Kristjánss.,
Hannes Þorsteinss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Ág. Flygenring,	Jóh. Jóhannesson,
Árni Jónsson,	Jón Jónsson,
Björn Bjarnarson,	L. H. Bjarnason,
Eggert Pálsson,	Ólafur Ólafsson,
Einar Þórðarson,	Sigurður Stefánss.,
Gutt. Vigfússon,	St. Stefánsson, Skgf.,
Hannes Hafstein,	Valtýr Guðmundss.,
Hermann Jónass.,	Þórh. Bjarnarson,
Jóhannes Ólafsson,	Björn M. Ólsen,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Magnús Stephensen,	Jón Jakobsson,
Ólafur Briem,	Júlíus Havsteen,
Ólafur Thorlacius,	Magnús Kristjánss.,
St. Stefánsson, Eyf.,	Sigurður Jensson,
Steingr. Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Þorgr. Þórðarson.	Tr. Gunnarsson,
	Þórarinn Jónsson.

2. breyt.till. (696) við 12. gr. 9, samþ. með 23 shlj. atkv.
3. breyt.till. (696) við 12. gr. 9, samþ. með 22 shlj. atkv.

Breyt.till. (695) við 14. gr. B VII b, samþ. með 22 atkv. gegn 11.

Breyt.till. (701) við 14. gr. B VII h, samþ. með 24 atkv. gegn 14, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Guðm. Björnsson,	Árni Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Bjarnarson,
Ág. Flygenring,	Guðj. Guðlaugsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn M. Ólsen,	Guttormur Vigfúss.,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Þórðarson,	Jón Jakobsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson,

Já:	*Nei:*
Herm. Jónasson,	M. Stephensen,
Jóhannes Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Jón Magnússon,	Sigurður Stefánss.,
Júlíus Havsteen,	Tr. Gunnarsson,
L. H. Bjarnarson,	Þórarinn Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Þorgr. Þórðarson.
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánsson, Eyf.	
St. Stefánsson, Skgf.	
Steingrímur Jónss.,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í e. hlj., og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Leiðrjetting við fjárlagaumr.

Ræðan á bls. 310—311 er prentuð óleiðrjett af ræðumanni (þm. Borgf.). Hann setur þessar leiðrjettingar við stærstu rangfærslurnar:

Bls. 310, ofar miðju: Fyrir málsgreinina: »en jeg skoða . . . sje bindandi og ætti að komast í framkvæmd«— komi: »en fyrir sjálfan mig skoða jeg það persónulega bindandi, að samþykkja nú það, sem farið var fram á 1905, að veita 3,000 kr. til framkvæmdarstjóra skógræktarinnar«.

Bls. 310, neðar miðju: Fyrir: »Það get jeg algjörlega skrifað undir. Jeg sje ekki« — komi: »Það get jeg algjörlega skrifað undir, en jeg sje ekki«

Bls. 311, ofar miðju: Fyrir: »þó að það væri konunglegt embætti«, komi: »þó að það væri ekki konunglegt embætti«,

II. Fjáraukalög fyrir árin 1906 og 1907.

A 3. fundi Nd., fimmtudaginn 4. júlí kom frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907 til 1. umr.

Ráðherrann: Jeg tók það fram á síðasta fundi, þegar jeg skýrði frá fjárhagnum, að jafnvel þó upphæðin, sem farið er fram á í frumvarpi þessu sje talsvert há, um 143,000 króna, virðist þó ekki ástæða til, að álíta, að hún valdi neinum tekjuhalla; sumar upphæðirnar verða að koma til útgjalda á þessu fjárhagstímabili, t. d. útgjöldin til geðveikrahælisins á Kleppi, sem tekið er til starfa, en ekkert er veitt til í fjárlögunum. Svo voru og vegaútgjöld þau, sem hjer er um að ræða, nauðsynleg. Um ritsímaútgjöld þau, sem í frumvarpi þessu eru, er það að segja, að sumpart varð að stofna til þeirra þegar í fyrra, ef að framkvæmd ætti að geta orðið á fyrirhuguðum símalagningum næsta ár, sem sumpart er mjög æskilegt og jafnvel arðvænlegt, að geta byrjað þegar í sumar á framkvæmdum, sem upp á er stungið (aukaþræði frá Akureyri austur), ef fje til þess verður veitt á annað borð. Að öðru leyti hefðu þessi síðarnefndu gjöld átt heima í fjárlagafrumv.

Jeg skal að svo stöddu ekki fara nánar út í það, að skýra frá þeim ástæðum, sem stjórnin hafði fyrir sjer, þegar hún samdi þetta frumvarp, en leyfa mjer, að skírskota um það efni til athugasemdanna aptan við frumvarpið.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. vísað til fjárlaganefndar í e. hljóði.

Á 9. fundi Nd., föstudaginn 12. júlí kom frumv. (A 61, 65) til 2. umr.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Jeg hefi enga ástæðu til, að fara mörgum orðum um frumv., eins og það nú liggur fyrir. Svo sem sjá má á nefndarálitinu, hefur nefndin lagt það til, að það yrði samþykkt nokkurn veginn óbreytt. Hún hefur litið svo á, að það sem þetta fjáraukalagafrumv. fer fram á, sje að sumu leyti sjálfsagt, og að öðru leyti nauðsynlegt.

Enda hefur nefndin að eins gjört við það tvær smábreytingar, og má önnur þeirra heita orðabreyting ein, en ekki efnis.

Fyrri breytingin, — að í stað orðanna: »Til þess að hlaða varnargarð« komi: »Til varnargarðs« — er byggð á því, að óviðfelldið þykir, að fjárveitingin sje orðuð svo, sem verkið sje ónunið; það vita þó allir, að því er fyrir löngu lokið.

Ástæðan fyrir síðari breytingunni, um fjárveitingu til kjallarans undir stýrimannaskólahúsinu, er sú, að kostnaðar-áætlunin, er nefndin hafði að fara eptir, var næsta ógreinileg, bæði að efni og formi. Að vísu var hún gjörð af »fagmanni«. En hann hafði ekkl útlistað hana á neinn hátt. Samt sem áður fann nefndin ekki ástæðu til, að fara fram á, að fjárveiting þessi væri felld burtu, því að í brjefi skólastjóra til stjórnarráðsins er nauðsyninni lýst svo rækilega, að hún verður ekki í efa dregin.

Jeg skal leyfa mjer að víkja þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, hvernig skilja eigi 6. tölulið 3. greinar um fjárveitingu, til að rannsaka nýjar símaleiðir. Þess er getið í athugasemdum stjórnarráðsins við frumv., að þar sje einkum átt við leiðina til Ísafjarðar og um Vestfirði. Jeg vildi gjarnan spyrja, hvers konar rannsóknir hjer er um að ræða, hvort heldur er að kanna enn á ný, hverja leið beri að velja Ísafjarðarálmunni, eða — eins og jeg helzt býst við —, að ákveða nánar með rannsóknum legu línunnar á þeirri leið, er ákjósanlegust hefur þótt, og marka betur fyrir henni. Þetta atriði stóð ekki ljóst fyrir nefndinni.

Frá tveim háttv. þingmönnum hefur komið fram ein breytingartillaga þess efnis, að hliðsímar frá Dalvík og Hjalteyri til aðal-línunnar komi ekki til greina. Mun það vera meiningin, að þeir hliðarspottar verði eign hlutaðeigandi sveitafjelaga eða sýslufjelags. Þessa breyt.till. hefur fjárlaganefndin ekki átt kost á að fjalla um sakir þess, að henni var ekki útbýtt fyr en í gærkvöldi, þá er nefndarmenn höfðu lokið fundi sínum. En jeg þykist mega fullyrða, að meiri hluti nefndarinnar sje henni mótfallinn. Ef til vill láta háttv. flutningsmenn í ljósi ástæður sínar, og skal jeg ekki fyrir nefndarinnar hönd lýsa að svo stöddu neinni fullvissu um það, hvernig hún tekur þessu atriði, með því að reglulég atkvæðagreiðsla um það hefur ekki farið fram.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer að fara fáeinum orðum um breyt.till. þessa, svo að h. 2. þm. Eyf. (St. St.) í rauninni er flutningsmaður að, þótt nafn mitt standi framar. Sem oddviti hlutaðeigandi sýslunefndar get jeg gefið háttv. deild nánari skýringar í þessu efni.

Þá er sýslunefndin hjelt aðalfund sinn í marzmánuði síðastliðinn vetur, kom það til umræðu, að leggja um hjeraðið 4—5 aukalínur, er kostaðar

skyldu að hálfu af sýslusjóði, en að öðrum helmingi af hlutaðeigandi hreppum; þar á meðal voru þessir 2 línuspottar, frá Dalvík að Völlum, og frá Hjalteyri til Fagraskógs.

Sýslunefndin kostaði síðan rannsóknir á hinum síðastnefndu leiðum.

Nokkru eptir að samþykkt þessi var um garð gengin, átti jeg tal við forstjóra landsímans, Forberg, og spurði hann, hvort nokkuð mundi því til fyrirstöðu, að sýslufjelagið fengi leyfi til að leggja þessar tvær línur, eiga þær og starfrækja. Kvað hann nei við því.

Á þeim grundvelli voru því næst gjörðar bráðabirgðarráðstafanir um útvegun á efni til línunnar. Eptir samráði við Forberg var það ákveðið að kaupa staura, er stjórnin átti fyrirliggjandi á Kolkuósi.

Svo bar til, að nokkrum dögum eptir að þetta samtal okkar hafði átt sér stað, kom skip til Akureyrar, er bauðst til að flytja staurana. Spurði jeg þá forstjóra landssímans, hvort orðið gæti af kaupunum, og voru þau fest; samdægurs gjörði jeg samning við skipstjóra um flutninginn. Því næst símaði jeg til stjórnarráðsins og fór fram á, að sýslufjelagið fengi eignarrjett á línunni. Ráðherra var þá erlendis. En landritari og forstjóri landssímans svöruðu á þá leið, að þessar línur væri í ráði að taka upp á aukafjárlögin fyrir 1907, og gæti því stjórnarráðið ekki að því sinni gefið út leyfisskrá fyrir línunum. Hins vegar væri óhætt að halda áfram að byggja línurnar, því að annaðhvort yrði leyfið veitt eða að landssjóður keypti línurnar fyrir fullt (bókfært) verð.

Á þessum grundvelli var svo verkinu haldið áfram og öll áhöld keypt og línurnar voru báðar fullgjörðar um mailok.

Ástæðan fyrir því, að þessu var flýtt svo, var sú, að vinnukraptur var auðfengnari og ódýrari í maí, en síðar. Hefði verkið átt að dragast fram í ágúst eða september, þá hefði það eigi orðið unnið nema með þeim afarkostum, sem menn hjer geta enga hugmynd gjört sjer um. En fyr hefði verið ómögulegt að fást við það, ef menn hefðu átt að bíða eptir heimild í fjárlögum frá þessu þingi. Eins og jeg tók fram, eru línurnar nú fullgjörðar og línan milli Dalvíkur og Valla þegar komin í gagn að nokkru leyti. Að vísu er hún eigi í sambandi við landlínuna, en máltól eru komin á báða enda og skeyti send á milli, og hefur það verið svo síðan í byrjun júnímán. Það hefur vakað fyrir mönnum, að hvort sem landssjóður tæki við línunum eða ekki, þá þyrfti að flýta þessu af því á þann veg varð verkið miklu ódýrara, og svo til þess, að tapa ekki þeim tekjum, er fást kynnu í sumar. Og eins þetta, að nauðsynlegt var að koma þessu sambandi á, áður en innlendar fiskiveiðar byrjuðu í sumar. Það hefur og sýnt sig, að sambandið milli Dalvíkur og Akureyrar kemur að miklu gagni.

Áætlun símastjórans á Akureyri um kostnaðinn nam 4,000 kr. Auðvitað var þar gjört ráð fyrir því, að staurarnir væru keyptir »óimprægneraðir« frá Noregi fyrir lágt verð, 6 kr. hver. En með því að »imprægneraðir« stólpar stóðu til boða, og það sparaði snúninga og flýtti verkinu, þá var það afráðið að fá þá, þótt þeir yrðu 2—3 kr. dýrari.

Ef sýslan tekur að sjer línurnar, eins og jeg hef talað um við símastjóra hjer, býst jeg við, að kostnaðurinn færi ekki fram úr 4,500 kr. Jeg gat að vísu ekki fengið nákvæmar upplýsingar um þetta, með því að símastjóri var ekki

heima, en jeg get lofað nákvæmum upplýsingum um upphæðina áður til 3. umr. kemur. Reikningarnir eru búnir, og það er búið að borga verkalaun öll, og annan kostnað, nema til Noregs og landssjóðs fyrir vír, stólpa og hettur.

Jeg gjöri ráð fyrir því, að línan milli Hjalteyrar og Fagraskógar muni borga sig allvel. Dalvíkurlínan er vafasamari; bæði er hún dýrari, og verður líklega minna notuð.

Það er engin ástæða til þess, fyrir þingið, að fara að seilast inn í hjeruðin meira en þörf er á. Og ef það tekur af þeim þær línur, er borga sig, þá verður það að taka hinar líka. (Jeg gæti nefnt línurnar frá Ólafsfirði til Valla og frá Bægisá til Möðruvalla). Því það, að taka þær línur, sem borga sig, en láta hjeruðin sitja uppi með þær línur, sem ekki eru líkindi til að borgi sig, og sem þau sjálf hafa kostað; það væri *ranglátt* og *óbilgjarnt*.

Ráðherrann: Jeg er hinni háttv. nefnd þakklátur fyrir góðar undirtektir, og get fallizt á breytingar þær, er hún stingur upp á. Jeg vil svo leyfa mjer, að svara spurningum háttv. þm. Sfjk., viðvíkjandi 3. gr. tölul. 6. þannig:

Það hefur komið fram, að ýmsar sveitir hafa beiðzt þess, að rannsökuð yrðu hjá þeim símasvæði. Þetta hefur verið gjört, en því fylgir allmikill kostnaður, er rjettara hefur þótt að setja á fjáraukalög, en að þurfa að fara að biðja þingið um það fje eptir á.

Þar sem hjer er talað um, að nokkuð af þessum kostnaði færi til rannsókna á Vestfjarðalínunni, þá er það meiningin, að ritsímastjóri fari aptur yfir þá leið, er Halvorsen hefur lagt til að valin yrði, ákveði nánar legu hennar, og endurskoði svo áætlanir, ef eitthvað kynni að mega spara. Álítur hann nauðsynlegt, að sjá það allt með eigin augum, áður tekið sje til framkvæmdar verksins. Sjerstaklega hefur þótt nauðsynlegt að láta mæla nánar alla firði, er sæsímaspotta þarf yfir, og rannsaka dýpi, botn og lendingarstaði á þeim stöðum; hefur verið fenginn mælingarmaður (Guide) úr landmælingadeild hersins til þess að fara vestur í þessu skyni nú í sumar. En hitt var ekki meiningin, að fara að svo stöddu að rannsaka nánar aðrar aðalstefnur, svo sem hina svo nefndu »syðri leið«, að minnsta kosti ekki að eyða þessari fjárupphæð til þess, því að bæði ritsímastjórinn og aðrir, er lesið hafa skýrslu Holvorsens, hafa sannfærzt af ástæðum þeim, er hann færir þar til, um það, að það muni verða að öllu leyti hentugast, að velja þá aðalstefnu, er hann hefur bent á. En ef þingið kynni að óska frekari rannsókna á syðri leiðinni, þá vrði að veita fje til þess sjerstaklega.

En hitt álít jeg sjálfsagt, að rannsökuð verði símaleið til Borgarness og Snæfellsness innan skamms, og að Stykkishólmi verði komið í samband annaðhvort við Borðeyri, eða þá einhverja syðri stöð. Jeg fyrir mitt leyti álít heppilegast, að gengið væri út frá Borðeyri og tekin skemmsta leið þaðan yfir Dalasýslu til Stykkishólms.

Nú er þegar búið að rannsaka allt austur um sýslur, og hefur forstjóri landsímanna farið um allt það svæði þvert og endilangt, og býst jeg við, að talsverður ferðakostnaður hafi orðið við það. En eins og það ferðalag varð tafsamt sökum þess, að beiðslur koma frá hreppunum um það, að rannsaka línustæði um fram það, sem tilætlunin var, eins má og búast við því, að slíkum beiðslum rigni niður framvegis, þegar af stað er farið.

Viðvíkjandi hliðarlínunum til Hjalteyrar og Dalvíkur er það að segja, að stjórninni kom sízt til hugar, að beita neinni óbilgirni eða harðdrægni, er hún lagði til, að heimild væri gefin til framlags til þeirra af landssjóði, svo háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefði ekki þurft svona hörð orð. Stjórninni kom alls ekki til hugar, að neita sýslunni um »Concession« til þessara spotta, ef hún vill það heldur, en að línur þessar sjeu þáttur af landssímanum, þó að landssjóður eigi fullan rjett á að leggja þessa síma sjálfur. Hugmyndin um, að landssjóður legði þessar línur — með tillagi af hjeruðunum, líkt og annarsstaðar hefur verið gjört — er eldri, en afskipti sýslunnar af málinu. Það var álit stjórnarinnar, að það væri miklu hentugra fyrir hjeruðin, að þetta yrðu landssímaspottar, er ekki þyrfti að greiða neitt aukagjald fyrir notkun á, heldur en sjereign sýslunnar, sem eigi yrðu notuð nema gegn aukagjaldi, sem bætist við hin venjulegu símagjöld, undir eins og um lengri leiðir er að ræða, en að eins frá Völlum til Dalvíkur eða frá Hjalteyri til Fagraskógs. En ef hjeraðsbúar kjósa slíkt heldur, þá er stjórninni sama, og get jeg fyrir mitt leyti gjarnan greitt atkvæði með breyt.till., ef háttv. tillögumenn vilja halda henni fram. Jeg álít það alls ekkert tap fyrir landssjóðinn, að láta sýsluna alveg um þessa spotta; en jeg álít það óhagnað fyrir *notendur* þessara aukalína, og hefði jeg átt sæti í sýslunefndinni, hefði jeg ráðið frá því, að taka »Concession«, ef landið fengist til að kosta línurnar. En sýslunefndin um það: hún getur með ánægju fengið ósk sína uppfyllta. Jeg vil að eins taka það fram, að verði þessi breyt.till. samþykkt, þá verður að skilja svo, að þingið hafi þar með synjað um, að nokkurt fje væri lagt fram af landssjóði til þessara spotta.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Háttv. þingdm. munu hafa tekið eptir því, að við tveir í fjárlaganefndinni höfum skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, en á nefndarálitinu verður ekki sjeð, í hverju sá fyrirvari er fólginn, og vildi jeg skýra frá því með fám orðum. 3, gr. frv. fer fram á um 123 þús. kr. fjárveitingu til ritsímalagningar, þar af 63,000 kr. til ritsímalagningar um Vesturland, en 60 þús. til símalagningar austur að Ægissíðu. Af þessu fje mun nokkru þegar vera ráðstafað, innkaup verið gjörð á staurum o. fl., allt án heimildar frá þingsins hálfu. En þó að stjórnin hafi skort heimild til þessa, þá verð jeg þó að líta svo á, að eptir umræðum og ályktunum síðasta þings um ritsímamálið, hafi stjórnin haft fulla ástæðu til þessara ráðstafana, og vil því ekki ásaka hana fyrir það.

Öðru máli er að gegna um línuna frá Borðeyri til Seyðisfjarðar; jeg minnist ekki, að á það hafi verið minnzt í umræðunum í fyrra, að línan á þessu svæði þyrfti að vera þríþætt. Jeg man ekki betur, en að allt af væri gengið að því vísu, að tvíþætt lína, tvöfaldur bronze-þráður, nægði á svæðinu frá Reykjavík til Seyðisfjarðar. En nú hefur reynslan sýnt, að full nauðsyn er til að aðgreina talsíma og ritsíma, þríþætta línuna með því móti, að bæta við stálþræði. En þar sem ekki var á þetta minnzt í umræðum síðasta alþingis, þá átti stjórnin að bíða samþykkis alþingis. Yfir höfuð á það að vera föst regla, að stjórnin ráðstafi engu fje, án samþykkis þingsins, nema óhjákvæmilegt sje með öllu. Og í þessu tilfelli fæ jeg ekki sjeð, að nokkur brýn nauðsyn hafi verið, til að bregða út

af þeirri reglu. Samt get jeg verið meðmæltur frumv. fyrir þá sök, að það er nú ljóst orðið, að sambandið norður og austur, kemur ekki að fullum notum, fyrr en þessi bót er gjörð.

Að endingu skal jeg geta þess, að við og öll nefndin höfðum búizt við einni upphæð á fjáraukalögunum, sem þar er ekki. Þess var getið í blöðunum í vetur, að kostnaðurinn við landsímalagninguna hefði farið um 50 þús. kr. fram úr áætlun, að mig minnir. Þessari upphæð bjuggumst við við á fjáraukalögunum, en þar sjest hún ekki, og ætti þó þar að vera, nema svo sje, að stjórnin ætli sjer að borga hana úr eigin vasa, þó ekki sje það sennilegt; en raunar minnir mig, að virðulegum framsögumanni meira hluta ritsímanefndarinnar á síðasta þingi færist svo orð, að kostnaðar-áætlunina bæri eigi að skoða sem áætlun, því hann gæti ábyrgzt, að kostnaðurinn færi ekki fram úr þessu. Jeg býst samt ekki við, að sú ábyrgð hafi nú nokkuð að þýða, og segi ekki heldur, að það sje sanngjarnt. En beina vil jeg þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvers vegna þessi upphæð er ekki á fjáraukalögunum. Nú við 2. umræðu þeirra hafa engar breyt.-till. komið frá hæstv. ráðherra um þetta, og má því ekki ætlast til þess, að upphæð þessi komi fram á þessum fjáraukalögum, en biði næsta þings.

Ráðherrann; Jeg get að vísu eptir atvikum gjört mig ánægðan með ummæli háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) um, að þeir menn, sem undir nefndarálitið hafa skrifað, sjái ekki ástæðu til, að ávíta stjórnina fyrir pöntun þeirra staura, sem ætlaðir eru til ritsímalagningar um Vesturland. En rjettara hefði mjer þótt, að hann hefði orðað ummæli sín svo, að ef stjórnin hefði ekki sjeð um pöntun þessara staura, þá hefði mátt ávíta hana fyrir vanrækslu. Því að á síðasta þingi var gjört ráð fyrir, að síminn yrði lagður um Vesturland 1908, og voru því síðustu forvöð, að leggja drög fyrir staurana haustið 1906; annars kostar hefði málið ekki getað komizt fram í tæka tíð.

Það er ekki heldur rjett hjá hinum háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.), að aukaþráðurinn í línuna norður sje fastákveðinn af stjórnarinnar hálfu, og að stjórnin hafi gripið þar til óveitts fjár. Stjórnin hefur að eins lagt drög til járnþráðar; en ef þingið vill ekki samþykkja fjárveitingu til járnþráðarlagningar norður, þá er hægt að brúka þráðinn á öðrum stöðum, t. d. í Vestfjarða-álmuna næsta sumar.

Það verður því ekki með sanni sagt, að stjórnin hafi gripið fram fyrir hendur þingsins í þessu efni.

Það er rjett hjá háttv. þm., að síðasta þing gjörði ekki ráð fyrir þríþættum þræði, eins og heldur ekki var búizt við, að stöðvarnar yrðu fleiri en 18. En notkun símans hefur orðið miklu meiri, en áætlað var, og fleiri og fleiri vilja komast inn á línuna. Það er því ekki unnt að komast af með tvíþættan þráð lengur, ef nokkur mögulegleiki á að vera til að fjölga aukastöðvunum. En mjer virðist auðsætt, að þess sje brýn þörf. Sveitirnar hafa hagnað af sambandinu við aðallínuna, og tekjur landssjóðs aukast, svo að það verður líka til hagnaðar fyrir hann. Rentur af því fje, sem þarf til þess að bæta einum stálsíma við, eru naumast meiri en svo, að nemi tekjuauka landssjóðs. Dráttur á málinu hefur ýms óþægindi í för með sjer. Það er þess vegna ósk mín, að þingið fallist á að bæta við þessum þræði sem farið er

fram á, svo að leggja megi járnþráðinn nú í haust. Hvað snertir síðasta atriðið í ræðu háttv. þm. um umframgreiðslu á ritsímakostnaðinum í fyrra, þá á hann ekki að koma fram fyr en um leið og landsreikningurinn fyrir yfirstandandi tímabil verður lagður fram á næsta þingi. Reikningarnir eru ekki klárir enn; endurskoðendurnir eiga eptir að yfirfara þá, og verður þá umframgreiðslan tekin upp á ný fjáraukalög. Um mismun hins áætlaða kostnaðar og kostnaðarins eins og hann varð, er jeg ekki viðbúinn að geta nákvæma skýrslu; en svo mikið er víst, að kostnaðurinn við sjálfa ritsímalagninguna var ekki miklu hærri, en áætlað var; en aptur hefur sumt annað orðið dýrara en áætlað var; skal jeg sjerstaklega nefna koparþráðinn, sem, eins og kunnugt er, hækkaði mikið í verði eptir síðasta þing; ennfremur var uppskipunarkostnaður umfram áætlun, og einkum varð aukakostnaður við það, að fá miklu fleiri útlenda verkamenn, en til var ætlazt vegna vinnufólkseklunnar hjer heima fyrir. Það getur verið, að jeg geti gefið dálítið nánari upplýsingar við 3. umr. En jeg get þegar sagt, að í samanburði við stærð fyrirtækisins og upphæð alls byggingarkostnaðarins er umframgreiðslan svo lítil tiltölulega, að út af henni mundi hvergi verða nein rella gjörð.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer að svara hæstv. ráðh. nokkrum orðum. Það er þá fyrst, að jeg get ekki kannast við, að jeg hafi verið harðorður. Jeg lýsti blátt áfram, hvernig framkoma stjórnarinnar og alþingis gagnvart hjeruðum, er sjálf vilja leggja símalínur, ætti að vera, og stend við það að fullu.

Hæstv. ráðh. benti á, að aðferðin væri sú, að hjeruðin gæfu landssjóði vissa upphæð, til þess að hann tæki að sjer að leggja línurnar, en hjeruðin hefðu hins vegar fengið loforð um ívilnun *(Ráðherrann:* Ekki ívilnun, en þau losast við aukagjald). Svo skildist mjer samt, en það kemur þá fram á þann hátt, að ekki er lagður sjerstakur aukataxti á þau skeyti, sem fara gegnum aukalínuna. Ef aptur á móti landssjóður byggir línuna styrklaust frá hjeruðunum, verður aukagjald lagt á skeytin. Út frá þessu hefur alltaf verið gengið með þessar 2 línur, sem um er að ræða. Jeg hef einmitt talað við stöðvarstjórann á Akureyri, og hann taldi það víst, að ef landssjóður byggði línurnar styrklaust, þá yrði sjerstakur aukataxti lagður á.

En nú vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðh. Vill landssjóður byggja línurnar styrklaust af hjeraðanna hálfu, án þess að heimta sjerstakt gjald fyrir skeyti gegnum aukalínuna? Ef hæstv. ráðh. lýsir því yfir, þá munum við taka breyt.till. okkar aptur. Jeg skal taka það fram, að færi kostnaðurinn ekki fram úr 4,000 kr., sem stöðvarstjórinn hefur fullyrt að mundi nægja, þá mun það sýna sig, að þetta verður gróði fyrir landssjóð. En sje svo ráð fyrir gjört, að hjeraðið leggi styrk til línanna, þá höldum við fast við till., því að það fyrirkomulag yrði sveitum þessum óþarflega kostnaðarsamt og því alltof ósanngjarnt. Notkun á Hjalteyrarlínunni verður mest af útlendinga halfu, en Dalvíkurlínan verður aptur á móti mestmegnis notuð af Íslendingum sjálfum, nema hvað aðkomandi útlendingar máske nota hana nokkuð, meðan ekki er lína milli Siglufjarðar og Akureyrar.

Jeg ætla svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en að eins bæta því við, að raunar er það rjett hjá hæstv. ráðh., er hann hjelt því fram, að þingið hefði

lög að mæla, þó að það ályktaði, að landið skyldi byggja allar línur eða sem flestar, enda þótt sveitirnar gætu komið þeim á af eigin ramleik. En eitt eru lög og annað eru hyggindi og sanngirni. Sje slíkum heimildarlögum beitt af mikilli stífni, geta þau orðið til þess að spilla fyrir fyrirtækjunum, í stað þess að greiða þeim veg. Allt er undir því komið, að þeim sje framfylgt með hyggindum og sanngirni af hálfu stjórnarinnar og yfirvaldanna.

Jeg heyrði sagt, að háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), hefði minnzt á áætlun meiri hlutans á síðasta þingi um ritsímalagninguna og kostnaðinn við hana. Honum hefði þó átt að koma bezt, að ekki væri farið að rifja það mál upp hjer í þingsalnum; en ekki skal lengi þurfa að brýna mig til þess að taka það mál til endurnýjaðrar athugunar og áætlun hins háttv. minni hluta á síðasta þingi um það efni. Þá mun koma í ljós, hvor áætlunin hefur verið nær sanni. Við þessa umr. er jeg nú dauður, en jeg vona að jeg verði lifandi við 3. umr., og þá skal jeg hugsa til þess, ef tilefni verður til.

Ráðherrann: Viðvíkjandi spurning háttv. þm. V. Sk. (Guðl. G.), skal jeg taka fram, að vegna þess að það er ekki tiðkað, að landssjóður leggi aukalínur án tillags frá sveitunum, sem þær liggja um, þá get jeg, að svo stöddu, ekki lofað neinu í þá átt, frekar þarna en annarsstaðar. Et ekki eru alveg sjerstakar kringumstæður fyrir hendi, álít jeg, að það sje rjett þarna eins og annarsstaðar, að þörfin sje sönnuð með því, að hjeraðsbúar vilji leggja eitthvað á sig, til þess að fá símana. Mjer blandast ekki hugur um, að ef kostnaðurinn er ekki meiri en 4,500 kr., þá mundi það verða miklu hagkvæmara, þægilegra og betra fyrir hjeraðsbúa, að borga 1,500 kr., í eitt skipti fyrir öll, og hafa svo sín skeyti aukagjaldslaust, heldur en að sýslan annist sjálf alla starfrækslu, viðhald og kostnað við símana, og einnig innheimtu gjalda. Því að þó það kannske verði ljettara á sýslusjóðnum, þá býst jeg við, að það verði ekki vinsælla hjá almenningi, þegar hann á að fara að taka upp budduna og borga sjerstakt aukagjald fyrir hvert skeyti til þessara stöðva. Eins og jeg hef tekið fram, álít jeg það hentugra fyrir sýslubúa, að velja þann veg, að fara fram á, að landssjóður leggi símann gegn þriðjungs framlagi; en ef sýslufjelögin vilja það ekki, þá er auðsótt að fá »concession«, og þá hef jeg ekkert á móti því að breyt.till. sje samþ.

Þá var frumv. borið undir atkv.

ATKV.GR.: 2. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (66) við 3. gr. stfl. D., 3 felld með 15 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Árni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
L. H. Bjarnason,	Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem,	Guðm. Björnsson,
St. Stefánsson, Eyf.,	Hannes Þorsteinss.,
	Herm. Jónasson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Jónsson,
	Magn. Andriesson,
	Magn. Kristjánss.,
	Ólafur Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stefánsson,Skgf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

3. gr. sþ. óbreytt með 20 atkv. gegn 2.

Breyt.till. 1. við 4 gr. (61) sþ. án atkv.

— 2. — - - sþ. með 22 atkv.

4. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 22 atkv.

5. gr. sþ. í e. hlj.

6. gr. samþ. í e. hlj.
1. gr. og fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 11. fundi Nd., mánudaginn 15. júli, kom frumv. (A 81) til 3. umr.

Enginn tók til máls. Voru þá greidd atkv. um frumv., og það samþ. í e. hlj. og þannig afgreitt til Ed.

Á 16. fundi Ed., fimmtudaginn 18. júli, kom fjáraukalagafrumv. (A 89) til 1. umr.

Björn. M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að þessu frumv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til fjármálanefndar þeirrar, sem kosin var hjer í deildinni fyrir skömmu samkvæmt þingsál.till.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um, að frumv. skuli vísa til fjármálanefndar, samþ. í e. hlj.

A 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ág., kom frv. (A 89, 268, 296) til 2. umr.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að vera langorður um þetta frv., því að það er tekið fram í nefndarálitinu flest, sem málið nokkru skiptir. Þar sem standa aðeins 4 af nefndarmönnum undir nefndarálitinu, þá skal jeg geta þess, að háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) var austur á Seyðisfirði við móttöku konungs, þegar nefndarálitið var lesið upp og undirskrifað.

Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá hefur frumv. engum efnisbreytingum tekið í háttv. Nd., og er því eins og stjórnin lagði það fyrir þingið. Nefndin hefur heldur enga ástæðu sjeð til að breyta því, en eptir að frumv. kom hingað í deildina, hafa nefndinni borizt ýmsar umsóknir, og mun getið um þær í nefndarálitinu. Þar á meðal er umsókn frá verzlunarstjórunum Elís Jónssyni og Olgeir Friðrikssyni og hjeraðslækni Jóni Jónssyni um endurgreiðslu á kostnaði við lagning símalínunnar frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns, er nemur 2,302 kr. 60 au. Nefndin hefur eigi getað aðhyllzt að gefa upp þessa fjárupphæð, því að boð Vopnfirðinga um, að þeir tækju að sjer allan kostnað við lagning línunnar, var skýlaust og ótvírætt, og jafnframt afdráttarlaust sagt, að þeir mundu uppfylla loforð sín, ef landssjóður legði til efnið. Nú hefur landssjóður uppfyllt sinn hluta samningsins og virðist þá ekki nema rjettlátt, að þeir einnig haldi sinn hluta. Þessi uppgjöf gæti líka orðið til þess, að menn víðsvegar út um land, vendust á að bjóða fram tillög til símalagningar, en segðu svo þegar verkið væri unnið, að nú vildu þeir fá uppbót eða uppgjöf kostnaðarins, eins og Vopnfirðingar. Þetta getur því verið mjög hættuleg braut að komast inn á, og hætt við, að þessi aðferð yrði víða tekin upp. — Mjer þykir leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera viðstaddur, því að það kom til orða í nefndinni, að hagfelldara fyrirkomulag á lagning hinnar fyrirhuguðu Vestfjarðaálmu mundi ef til vill finnast, ef álman væri lögð öðruvísi, en stjórnin ætlast til. Þetta er tekið fram í nefndarálitinu, og skal jeg leyfa mjer að nefna þá leið, sem nefndinni datt í hug. Hún er frá Arngerðareyri um Laugaból, suður Kollafjarðarheiði til Kollafjarðar, vestur um Barðaströnd og svo um heiðar til Patreksfjarðar eða Tálknafjarðar. Þetta fyrirkomulag hefði þá þýðingu, að Barðaströndin

sjálf kæmist inn í símasambandið. Og væri það til ómetanlegs gagns, ekki að eins fyrir hana heldur einnig fyrir margar eyjar á Breiðafirði, sem opt hafa samgöngur við meginlandið. En við berum það traust til hæstv. stjórnar, að hún taki þetta mál til athugunar og láti rannsaka fyrirkomulag það, sem hjer er bent á.

Viðvíkjandi erindi því um endurbætur á leikfimishúsi gagnfræðaskólans á Akureyri, sem nefndinni barst, þegar hún hafði lokið störfum sínum og undirskrifað nefndarálitið, þá hefur hún eigi sjeð sjer fært að taka það til greina. Eðlilegast væri líka, að það kæmi fram í Nd., en eigi hjer, þar sem að þar situr einn af kennurum skólans. Enda býst nefndin við, að frumv. fari aptur til Nd. og verður þá tækifæri til að athuga þetta. Auk þess er töluverður mismunur á tilboðunum um endurbætur þessar, þar sem annað er 2,119 kr., en hitt 1,700 kr., og með því tilboði mælir skólastjóri. Enda, sem sagt, meiri ástæða til að láta það koma þar fram, sem betri tök eru á að athuga það.

Ennfremur hefur nefndinni borizt erindi frá sjera Magnúsi Helgasyni, kennara í Hafnarfirði, um styrk til að kynna sjer kennaraskóla erlendis. Þessi maður er einmitt nú sem stendur á ferðalagi um Norðurlönd í þessum tilgangi. Með því að nefndinni er kunnugt, að hann er ágætur hæfileikamaður, með ágætri framsetningargáfu, og lipur kennari, sem síðar mundi koma að notum við hinn fyrirhugaða kennaraskóla, þá finnst henni ekki nema rjettmætt, að landssjóður hlaupi undir bagga með kostnað þann, er hann bakar sjer, með því að búa sig undir þá stöðu, og kynna sjer allt, er þar að lýtur. Jeg skal taka það fram, að beiðni þessi kom of seint, svo að hún náði eigi í fjáraukalaganefnd Nd., og þótt oss finnist það óeðlilegt, að menn fari fram á styrk til fyrirtækja, sem þeir þegar eru byrjaðir á, eða jafnvel búnir að inna af hendi, þá leggjum við þó til, að þessari beiðni verði sinnt. Eins og háttv. deild sjer, fer nefndin ekki fram á, að veitt sje öll upphæðin, sem beiðzt hefur verið, heldur að eins 500 kr., af því að hún hafði áætlun um, að það væri hið minnsta, sem þegið yrði, en þótti eigi ráðlegt, að fara lengra. Þá liggur hjer fyrir viðaukatill. á þsk. 296 frá h. 4. kgk. þm. (Á. Fl.) og 2. þm. G.-K. (V. G.), sem fer fram á 9,500 kr. til byggingar nýs skólahúss í Flensborg og aðgjörðar á gamla skólahúsinu m. m. Þetta er verk, sem búið er að vinna, en um þennan styrk var eigi sótt fyr en svo seint, að nefndin átti ekki kost á að bera sig saman því viðvíkjandi. Jeg læt því ekkert í ljósi um þetta atriði fyrir nefndarinnar hönd, en skal geta þess frá sjálfum mjer, að þó jeg giarnan viðurkenni, að Flensborgarskólinn sje alls góðs maklegur frá þingi og stjórn, þá er það kunnugt frá fyrri þingum, að gjafabréfi skólans er þannig háttað, að jeg tel varla gjörlegt fyrir þingið að leggja fram mikið fje til bygginga á húsum skólans, þar sem lóðirnar undir þeim geta ekki samkvæmt gjafabréfinu orðið landssjóðs eign. Allt annað mál er það, þó þingið sje ríflegt í fjárframlögum til reksturs skólans, þar sem hann á síðari árum hefur verið svo vel rekinn, að hann nú er orðinn einhver vinsælasti skóli landsins. Jeg skal svo ekki eyða frekari orðum um frv. að svo stöddu.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Það eru að eins örfá orð um breyt.-till. á þgskj. 296. Jeg vil leyfa mjer, að beina þeirri uppástungu til háttv. flutningsmanns þessarar breyt.tillögu, hvort hann ekki vill taka hana aptur,

en gjöra aptur þá breyt.till. við fjárlögin, er þau koma hjer í deildina, að landssjóður veiti að láni til skólans þá fjárupphæð, sem breyt.till. fer fram á, að til skólans sje veitt. Með tilliti til þess láns, ætti svo aptur að veita riflegri styrk til skólans, svo að hann gæti borgað rentur og afborgun af því láni; það finndist mjer eiga betur við. Jeg hygg, að Flensborgarskólinn sje alls góðs maklegur, og að sjálfsögðu eigi að styðja hann, en — þótt í raun og veru sje tryggt, að landið njóti hans —, þá er hann þó ekki eign landssjóðs, og að því leyti viðurhlutamikið, að veita svo mikla fjárupphæð til hans í einu. Hin aðferðin álít jeg að mundi verða vinsælli hjer á þingi, og vildi jeg því benda háttv. flutningsmanni á, hvort ekki væri heppilegra að bíða, og koma með breyt.till. við fjárlögin.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þingm.): Jeg get ekki að svo stöddu orðið við tilmælum háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) um það, að taka breyt.till. þá, sem hjer er um að ræða, aptur, og eru ástæður þess þær, að jeg hef enga vissu fyrir því, að aðferð sú, er háttv. þm. bendir á, yrði vinsælli hjer á þingi, enda fæ jeg ekki sjeð, að það að nokkru leyti væri landssjóði betra eða hagfelldara, að láta skólann taka þetta lán, sem svo smátt og smátt yrði borgað með styrknum úr landssjóði.

Þá skal jeg leyfa mjer, að gjöra grein fyrir þessari viðaukatillögu. Þessum 9,500 kr., sem farið er fram á að landssjóður veiti til skólans, hefur verið varið til þess, að reisa nýtt skólahús og gjöra við það gamla, til þess að kaupa borð og bekki í nýja skólahúsið, svo að það að öllu leyti gæti verið eptir því, sem nútíma kröfur heimta, — og til þess, að kaupa um 20 rúm til heimavista í gamla skólahúsinu. Áður en jeg gjöri frekari grein fyrir þessari fjárbeiðni, ætla jeg í fám orðum, að drepa á sögu þessa skóla. Gjafabrjef hans er frá 1877, og er, eins og kunnugt er, stofnunin gefin af heiðurshjónunum Þórarni heitnum Böðvarssyni og konu hans Þórunni Jónsdóttur til minningar um son þeirra látinn. Í þessu gjafabrjefi er það tekið fram, að skólinn sje gefinn í þarfir unglinga- og alþýðumenntunar hjer á landi, og enn fremur er það leyft, að í skólanum sje barnafræðsla Garðahrepps að svo miklu leyti, sem húsrúm leyfi, og hreppurinn vilji leggja fje fram til skólans. Jeg get getið þess, að langt er síðan þetta samband hefur verið leyst upp, og hefur Garðahreppur byggt sjer sitt eigið barnaskólahús. Heimild gjafabrjefsins er því að þessu leyti alls eigi notuð, og mun aldrei framar koma til tals að nota. Þessi skóli í Flensborg, sem er elzti alþýðuskóli hjer á landi, átti erfitt uppdráttar í fyrstu, því þótt gjöfin væri höfðingleg, hjer um bil 14,000 kr. virði, þá var hún þó ekki nóg til þess, að standast kostnaðinn við rekstur skólans. Gjöfin var gamalt verzlunarhús ásamt túni, og hálf jörðin Hvaleyri. Þetta gamla hús hefur verið notað fyrir skólahús þangað til síðasta ár, þótt það að mörgu leyti hafi verið mjög óþægilegt og nær því óviðunanlegt sem skólahús; þar er of lágt undir lopt, herbergjaskipun slæm, gluggar litlir, og loks gat skólinn ekki, þegar tímar liðu, tekið á móti öllum þeim, er um hann sóttu. Kvað svo mikið að þessu rúmleysi í samanburði við aðsóknina, að haustið 1905 sá skólanefndin ekki annað ráð en að leigja, — með leyfi stjórnarráðsins, sem er yfirstjórn skólans, —

barnaskólann í Hafnarfirði, til þess ekki að þurfa, að vísa fjölda mörgum frá af þeim, sem sótt höfðu um skólann. Veturinn 1905—1906 sást það berlega, að ekki var hægt, að una við þetta fyrirkomulag eptirleiðis, og skrifaði því skólanefndin stjórnarráðinu um það, hvort ekki mundi leyfilegt, að reisa nýtt hús og endurbæta það gamla, og taka til þess lán, sem svo yrði borgað af fjárframlögum alþingis úr landssjóði. Stjórnarráðið leyfði, að byggt væri og að lán væri tekið til þess, en eignir skólans skyldu settar að veði fyrir láninu; aptur á móti gat stjórnin ekki lofað fjárframlögum frá þingsins hálfu. Skólanefndin rjeðst þó í að byggja og hefur sýnt af sjer töluverðan dugnað í þessu máli; annars á jeg hjer of mikinn hlut að máli til þess, að dæma gjörðir hennar, en hún hefur fengið byggt skólahús, sem kom tilhöggvið frá Norvegi, og tókst að koma því upp fyrir 7,086 kr., en samskonar hús gat hún ekki fengið byggt hjer eptir akkorði fyrir minna en 11—12,000 kr. Í þessu skólahúsi höfum við 3 góðar skólastofur, gjörðar að nýjustu tízku, hátt undir lopt, ágætir ofnar o. s. frv. Þá var álitið rjett, að breyta svo og bæta gamla skólahúsið, að hægt væri, að hafa þar heimavistir, enda var þess full þörf, því að allt af sækja fleiri um heimavistir, en fengið geta; þær munu líka eiga góðan þátt í því góða skipulagi og samkomulagi — því ágæta fjelagslífi —, er hefur átt sjer stað við þennan skóla, og næstum því einkennt hann frá öðrum skólum hjer á Suðurlandi. Herbergjaskipan var því nokkuð breytt, gjört við alla suðurhlið hússins, sem var orðin nokkuð hrörleg, þakið mjög endurbætt o. fl. Kostaði þetta allt saman liðugar 1,200 kr. + 180, sem rúmin kostuðu, en borð og bekkir, þ. e. skólaborð, 550 kr., og var þess gætt, að hafa þau með nýjasta og bezta sniði.

Þessar upphæðir gjöra liðlega 9,000 kr., en með vöxtum, sem við urðum að greiða fyrirfram af láninu, verður upphæðin 9,500 kr. Við flutningsm. þessarar viðaukatillögu förum fram á, að þessi upphæð sje veitt á fjáraukalögunum fyrir 1906 og 1907, því að þetta fje er búið að nota, og kemur það því hjer á rjettan tíma og rjettan stað.

Jeg þarf ekki að minnast á í þessu sambandi, hvern tilverurjett Flensborgarskólinn hafi í samanburði við aðra skóla hjer á landi, en háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) gat þess, að »statútur« skólans væru óeðlilegar í sambandi við stór fjárframlög frá landssjóði, því að landið ætti ekki skólann. Þetta er rjett að því leyti, að það stendur ekki bókstaflega, að *landinu* sje gefin stofnunin, og því eigi landið ekki skólann. En mjer er spurn, hver á þá stofnunina? Er ekki sama, hvort hún að nafninu til er eign landsins eða ekki, þegar hún vinnur eingöngu að alþýðumenntun í landinu. Og er það ekki alveg sama, hvort skólinn er gefinn almenningi til útbreiðslu alþýðumenntunar hjer á landi, eða svo hjeti í gjafabrjefinu, að landið ætti hann? Gjöf þessi er ekki apturkræf, og ekki er hægt að verja henni til neins annars en þessa eina; það er ekki hægt að breyta þessum skóla í t. d. stýrimannaskóla eða nokkura aðra stofnun, og svo framarlega sem landssjóður vill styðja að alþýðumenntun með fjárframlögum, þá hefur þessi stofnun fullt eins mikinn rjett til þess styrks, eins og hver annar skóli. Þrátt fyrir lítil og slæm húsakynni og erfiðan efnahag hefur þessi skóli eflzt mjög og blómgazt, og nú sem stendur er hann eini virkilegi alþýðuskólinn, sem notaður er í landinu; kemur mjer þess

vegna undarlega fyrir, ef háttv. þm. vilja ekki veita þetta fje til skólans. Að þeim skuli vaxa í augum 9,500 kr. fjárveiting jafn nauðsynleg, jafn rjettmæt, og jeg hika mjer ekki við að segja, sem hefur verið jafn vel varið, — til hins eina alþýðuskóla, er þjóðin vill nota. Sjeu menn hræddir um, að óþarflega stórt hafi verið byggt í Hafnarfirði, ef kennaraskólinn verður á stofn settur hjer í Reykjavík, þá get jeg upplýst um það, að fleiri hafa sótt nú um skólann, en geta fengið rúm. Það er óhætt að treysta því, að þessi skóli muni eiga langt líf fyrir höndum, því að hann hefur fallið vel í smekk þjóðarinnar, og hún notar sjer hann vel. Rjettara álít jeg, að upphæð þessi sje veitt á þessum fjáraukalögum, en að fylgja till. háttv. 6. kgk. (Stgr. J.), enda kemur alveg í sama stað niður, hvort landssjóður er að borga þetta í 10 ár eða borgar það allt í einu; mismunurinn er að eins sá, að í fyrra tilfellinu verður hann að borga 6% í rentur af upphæðinni, ef hún er látin standa í sparisjóði Hafnarfjarðar, en í því síðara þó ekki nema 4%; meira fær landssjóður víst ekki í tekjur að meðaltali af því, sem hann á í sjóði. Jeg vil svo fela hinni háttv. deild þetta mál, og vona að hún taki því eins vel og það á skilið.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg gat þess áðan, að nefndin hefur ekki getað ráðið til þess, að Vopnfirðingum yrði endurborgaður kostnaður þeirra við lagning símalínunnar frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns, er samkvæmt reikningi þeirra nemur 2,300 kr. 60 a., og hefur nefndin í áliti sínu fært rök fyrir því, hversvegna hún ráði frá endurgreiðslu þessari. Aptur á móti leyfir nefndin sjer að skjóta því til stjórnarinnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að veita Vopnafjarðarhreppi einhverja ívilnun að því, er snertir stöðvarhald á Vopnafirði, með tilliti til þess, að í hreppnum eru tvær símastöðvar, sem kosta hreppinn nokkurt fje, en Vopnafjarðarstöðin mun hins vegar eptir upplýsingum, sem vjer höfum fengið, gefa í aðra hönd um 1,200 kr.

Ræða h. 4. kgk. (Ág. Fl.) hefur ekki getað sannfært mig, eða breytt skoðun minni á afstöðu Flensborgarskóla gagnvart landssjóði. Hann var upphaflega gjöf til Garðahrepps til barnafræðslu og unglinga, og þótt »statútum« hans væri eitthvað breytt síðar, þá stendur það fast, að hvorki skólinn nje jörðin sje eign landssjóðs, og getur ekki orðið það nema »statútunum« sje breytt; mundi það og vera rjettast skólans vegna, að svo væri gjört. En eins og nú standa sakir, er það gefið, að það fje, sem landssjóður leggur í byggingar í Flensborg, það leggur hann ekki í sína eign. Þessi málaleitan um, að landssjóður legði fram 9,500 kr. til skólahússins í Flensborg, kom annars dálítið flatt upp á mig, því að jeg man ekki betur, en þegar sýslumaðurinn í Hafnarfirði kom með fjárbeiðnir til síðasta þings í sambandi við kennaraskólann, þá segði hann, að þeir ætluðu að byggja nýtt hús handa gagnfræðaskólanum, hvernig sem færi með kennaraskólann, og þá kom hann ekki fram með neina fjárbeiðni til þess; en það hefði jeg talið lang-eðlilegast, að beiðnin hefði komið fram áður en byrjað var á verkinu, en ekki fyrst eptir á, ef svo var til ætlazt upphaflega, að landssjóður legði fje til byggingarinnar. Jeg er sammála h. 6. kgk. (Stgr. J.), um það, að rjettast sje, að taka tillit til þessarar fjárbeiðni, þegar á að fara að ákveða fje til reksturs skólans, og að þá beri ekki að klípa mjög við neglur sjer, því að skólinn á allt gott skilið.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.). Það kom fram dálítill misskilningur hjá háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.). Jeg hafði hugsað mjer, að landssjóður lánaði skólanum með góðum kjörum upphæð þá, sem hjer er farið fram á að honum sje veitt öll í einu, og að einnig væri tekið tillit til vaxtaborgana þeirra, sem á honum hvíldu, þegar farið væri að veita fje til árlegs reksturs hans. Það getur verið, að allt komi í sama stað niður fyrir landssjóð á endanum, en þó er þessi aðferðin tryggilegri fyrir hann þegar allt kemur til alls, fyrst skólinn er ekki landssjóðs eign, en skólanum getur það enginn hnekkir verið meðan hann nýtur sama trausts sem nú.

Jeg kem með þessa tillögu af því, að mjer fellur illa að greiða atkvæði með nokkru því, er hnekkt geti þessum gagnlega skóla. Og jeg greiði því að eins atkv. móti breyt.till. þeirri, sem hjer liggur fyrir, að jeg komi, jeg vona í sameiningu við háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.), með breyt.till. í þá átt, sem jeg hef lagt til, og jeg tel víst, að sú tillaga muni fá betri byr í þinginu en hin, og verða því málinu til góðs.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): H. framsm. (J. Jak.) gat þess, að sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu hefði minnzt á það við sig á síðasta þingi, að það stæði til að byggja hús handa skólanum í Flensborg, og fannst honum, að sýslumaður hefði þá átt að koma fram með styrkbeiðni, fyrst nú væri farið fram á, að veitt væri úr landssjóði fje það, sem til byggingarinnar gekk. En eins og háttv. þm. (J. Jak.) mun muna, þá var það ekki fyr en síðasta þingdaginn, að útgjört var um það, hvort kennaraskóli yrði settur á stofn í Hafnarfirði eða ekki; og fyr en það mál var útkljáð var ekki auðvelt að ákveða um húsbyggingu handa gagnfræðaskólanum eða sækja um styrk til hennar. Af þeim ástæðum er það, að beiðni sú kemur nú fyrst fram, sem fólgin er í breyt.till. okkar og vona jeg, að hún verði ekki fyrir verri undirtektum, þótt hún af þessum ástæðum komi seinna en ella hefði orðið.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra fyrirspurn til háttv. framsm. (J. Jak.), viðvíkjandi fjárveitingunni til staurakaupa til símalínunnar, frá Reykjavík til Ægisíðu 15,000 kr. Mjer er nefnilega ekki kunnugt um, að fast ákveðið sje enn, að lína þessi verði lögð; jeg veit ekki betur, en að það hafi verið gjört að beinu skilyrði fyrir því, að sýslufjelögin, sem hlut eiga að máli, legðu fram nokkurt fje á móts við landssjóðstillagið. En nú hefur önnur sýslan neitað um allt fjárframlag af sinni hálfu, svo að á meðan svo standa sakir, getur ekkert orðið af símalagningunni þangað austur. Eptir því, sem málið horfir við, sýnist mér því mjög varúðarvert, að gjörðar séu ráðstafanir til staurakaupa á línu þessari nú í fjáraukalögunum; það vanta skilyrðin fyrir því eptir því, sem jeg þekki til málsins, en máske getur háttv. frsm. (J. J.) komið með einhverjar upplýsingar, er rjettlæta það.

Viðvíkjandi Flensborgarskólanum hefir háttv. 4. kgk. (Ág. Fl.) tekið það fram, sem þurfti málinu til skýringar; en eg vil þó bæta við og leggja áherzlu á, að þótt þessi stofnun sje ekki landssjóðsstofnun, þá er hún þó almenningsstofnun; í því skyni var hún gefin, og með það fyrir augum hefur hún verið rekin. En almenningsstofnanir verða að rekast að jafnaði með almenningsfje, og eins og til hagar hjá oss, þá er það optast landssjóðsfje, sem til þess gengur; landssjóður er almenningseign, ætlaður til að styðja almenningsheill;

það er því langt frá því, að það sje nokkur fjarstæða, að hann leggi fje fram til skólahússbyggingar þessarar, sem gjörð er í almenningsþarfir, þótt húsið sje að vísu ekki bein landssjóðseign. Það má vel vera, að rjett sje að breyta stofnskrá skólans, enda er hægur á með það; það má gjöra það með konunglegri auglýsing, og það mætti jafnvel setja það skilyrði fyrir fjárveitunni, að stofnskránni sje breytt, þannig að hún komist í samræmi við ástandið eins og það er nú. Breyting á henni mundi vera í fullu samræmi við vilja gefendanna, og sjezt það bezt á því, að þeir breyttu sjálfir hinni upprunalegu stofnskrá, þegar atvikin sýndu, að svo fór betur. Hver gefandi hlýtur að miða gjöf sína að miklu leyti við það ástand, sem er, þegar hann gefur hana; hann getur ekki fullsjeð fyrir ókomnar breytingar, og því er það rjettmætt, að breytt sje gjafabrjefum þegar tímar og atvik breytast, að eins að aðaltilgangi gefanda sje eigi haggað. Aðaltilgangur þessarar gjafar er sá, að efla menntun alþýðu; frá honum má ekki víkja, og þingið getur bezt stutt að því, að hann náist með því að styðja skólastofnun þessa, sem er svo vinsæl hjá almenningi og vel sótt, og á því allan stuðning skilið. Auk þess er enn eigi útsjeð um, hvar kennaraskóli muni verða settur. Eptir því, sem þessi deild hefur litið á málið, þá ætti það að verða í Hafnarfirði, og þá kæmi húsbygging þessi að beinum notum fyrir hann, því að það hefur verið sýnt fram á, að það yrði beinn fjársparnaður að hafa gagnfræðaskóla og kennaraskóla í sambandi sín í milli. En út í það mál skal ekki farið lengra nú; það mun verða kostur á því síðar.

Jón Jakobsson framsögumaður (2. þm. Húnv.): Gegn fyrirspurn háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.), skal jeg taka það fram, að jeg geng út frá því sem líklegu, að ekki verði úr flutning á staurum, ef sýslunefndin neitar að leggja til símalagningarinnar að sínum hluta. En jeg verð nú að segja það, að jeg ber ekki mikinn kviðboga fyrir, að svo fari, og tel neitun mjög óliklega.

Viðvíkjandi hinu atriðinu í ræðu háttv. þm., skólanum í Flensborg, þá varð hann að játa, að landið á ekki þá stofnun; stofnunin er »lokal«-gjöf, hús og jörð, og verður ekki annað, þangað til gjafabrjefinu er breytt. Þetta er engin ný skoðun; mjer er kunnugt um, að þessi agnúi hefur verið margtekinn fram hjer áður á þingi, agnúi við fjárveitingar til Flensborgarskólans. Þessi skóli er ekki í sama skilningi almennings eign, sem aðrar opinberar stofnanir. Jeg veit ekki betur, en að sýslumaðurinn í Hafnarfirði sje sjálfsagður formaður skólanefndarinnar, en sýslunefndin kýs 2 menn honum til aðstoðar; stofnunin er því miklu fremur hjeraðsstofnun. Jeg bið menn athuga, að jeg er ekki að bera nefndina neinum sökum, en svo er um skólann, að hann hefur sjerstöðu sem stofnun. (*Ágúst Flygenring*: En þó undir yfirráðum landsstjórnarinnar): Ef til kæmi, þá hygg jeg, að komið gæti fram óþægileg »kollision«, er nefndin kynni að vilja þetta, og þingið hitt. Og ekki er mjer kunnugt, að skólanefndin hafi hingað til lifað undir yfirráðum þingsins.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Jeg vil að eins taka það fram út af orðum háttv. framsm., að jeg játa, að skólinn er ekki landssjóðseign, hann er almennings stofnun, sem stendur undir sýslumanni og 2 mönnum, völdum af sýslunefnd. Þetta er eðlilegt og leiðir algjörlega af því, að skólinn stendur á þessum stað; það gat t. d. ekki verið sýslunefndin í Eyjafjarðar-

sýslu, sem skipaði í skólanefnd í Hafnarfirði. Það lá beinast við að fela sýslunefndinni í Gullbringusýslu þetta, því að hún var hið næsta stjórnarvald. Náttúrlega hefði mátt setja stofnunina undir alþingi, en hitt var meiri trygging fyrir, að valið yrði eptir persónulegri þekkingu, því að þar stóð sýslunefndin betur að vígi, sem þekkti til manna á staðnum.

Skólinn er almennings stofnun og reynslan hefur sýnt, að hann er sóttur af almenningi, ekki einungis úr næstu sýslum. Og hann var undir yfirstjórn landshöfðingja, nú ráðherra. Sömuleiðis er það, að hinir skipuðu kennarar þurfa samþykkis landsstjórnarinnar, til þess að skipunin sje fullgild. Fullkomið eptirlit er haft með stofnuninni af landsstjórninni og þar með af hendi fjárveitingavalds þingsins. Það ber því að skoða hana sem opinbera eign undir gæzlu þings og stjórnar, enda er það beint tekið fram í reglugjörð Flensborgarskólans. (*Jón Jakobsson.* Það er að eins pappírsgagn): Það er þá af því, að landsstjórnin lætur ekki til sín taka. Því meira fje, sem er veitt, því meiri ástæða er til eptirlits fyrir landsstjórnina.

ATKVÆÐAGR.:

2. gr. samþ. í e. hlj.

3. — — með 11 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 4. gr. (þskj. 268), samþ. með 10 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 4. gr. (þskj. 296), felld með 7 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, vegna óljósrar atkv.gr. og sögðu

Já:	*Nei*.
B. M. Ólsen,	Sig. Jensson,
Ág. Flygenring,	Eiríkur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Guðj. Guðlaugsson,
Sig. Stefánsson,	Gutt. Vigfússon,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
Þorgr. Þórðarson.	Stgr. Jónsson.
	Þórarinn Jónsson.

4.gr. (breytt) samþ. með 12 samhlj.atkv.

5. og 6. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum, samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 26. ágúst kom frumv. (A. 354, 387) til 3. umr.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Eptir að frumv. þetta var samþ. hjer í deild við 2. umr., barst nefndinni umsókn frá yfirstjórn holdsveikraspítalans um fjárframlag til viðhalds húsum spítalans. Nefndin hefur samþ. það, að taka þessa fjárbeiðni til greina, þannig að til þessa sjeu veittar alls 900 kr. Svo er mál með vexti, að þótt hjer standi að veita skuli 900 kr. til viðhalds húsum spítalans, þá eru það ekki aukaútgjöld fram yfir það, sem veitt var til spítalans í fjárlögunum 1906 og 1907, þvert á móti; þrátt fyrir þessa fjárveitingu, þá verður hjer um bil 100 kr. sparnaður á því, sem þar er veitt. Það voru nefnil. veittar 2,600 kr. fyrra árið, en af þeim voru þá að eins notaðar 1,600 kr.; það þótti haganlegra að geyma sumt af viðgjörðinni þangað til nú í vor sem leið. Þá voru gjörðar talsverðar umbætur á húsinu, sett ný pappaklæðning á stofurnar og þær málaðar, þiljur voru settar í þvottahúsið, sem áður var pappaklætt, en eins og geta má nærri, var það mjög óhentugt; hurðir voru og málaðar og gangar. Allt kostaði þetta um 700 kr. og er í breyt.till. farið fram á, að þær sjeu endurveittar. Auk þess þarf að setja nýjar þakrennur á húsið, í staðinn fyrir sínkrennur þær, sem á því eru og reynzt hafa ófullnægjandi. Þá þarf að kaupa nýja potta, sem kosta 300 kr. Til að koma þessu í fram-

kvæmd, leggur nefndin til, að veittar sjeu 200 kr. árið 1907, með því að fje það, sem veitt er til viðhalds skólanum, mun ekki hrökkva, þegar þessi aukakostnaður leggst á.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessar tillögur nefndarinnar til greina, einkum þar sem þó sparast 100 kr. af hinni upprunalegu fjárveitingu i fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907, og jeg gjöri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að færa fleiri rök eða rækilegri fyrir tillögunni.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra fyrirspurn til hæstv. ráðh. út af því, sem talað er í nefndarálitinu í máli þessu um símalínuna til Ísafjarðar, að til mála geti komið, að hún lægi frá Arngerðareyri um Laugaból suður Kollafjarðarheiði til Kollafjarðar og svo þaðan vestur um Barðaströnd og um heiðar til Patreksfjarðar eða Tálknafjarðar. Jeg vil leyfa mjer að spyrja, hvað hæstv. ráðh. segir um þessa till.

Eins og hæstv. stjórn er kunnugt, þá hefur mikill áhugi komið í ljós í Barðastrandarsýslu á því, að ritsímaálman liggi hina svo kölluðu syðri leið um sýsluna. Úr því að vesturálman á að ná ekki einungis til Ísafjarðar, heldur og til hinna verzlunarstaðanna á Vestfjörðum, þá hefur það svo mikla þýðingu fyrir Barðastrandarsýslu og Vestfirði yfirleitt, að hún liggi syðri leiðina. Áhugi sýslubúa á þessu hefur lýst sjer í því, að bæði sýslan í heild sinni og einstakir hreppar hafa boðið fram talsvert fje, til þess að fá símann lagðan syðri leiðina. Þessi ósk er að vísu ekki uppfyllt að öllu leyti með till. h. nefndar, en að hálfu leyti er hún það, því að síminn lægi þó um Barðaströnd, og eyjarnar á Breiðafirði væru ekki alveg útilokaðar frá að nota símann, því að ekki er svo langt til lands úr þeim, að ekki mundi verða reynt að ná í símann á landi, þegar mikið lægi við. Bæði er þetta unnið við að taka syðri leiðina fram yfir hina nyrðri og svo er hún líka miklu óhultari; því að jeg hef heyrt ýmsa kunnuga menn segja, að verði síminn lagður yfir firði þá suður úr Ísafjarðardjúpi, sem gjört er ráð fyrir í fjárlögunum að hann liggi yfir, þá muni honum allmikil hætta búin af hafís.

Ósk Barðstrendinga er að vísu ekki alveg uppfyllt með þessu, en það er farið fram á það sem miðlunarveg, því að vjer álítum hálfan ávinning betri en engan. Það er engan veginn meiningin að spilla fyrir því, að síminn liggi til Steingrímsfjarðar; þangað getur hann alveg eins legið, þótt hann sje lagður alla syðri leiðina. Hitt væri aptur ósanngjarnt, að öll álman væri dregin norður á bóginn til þess að síminn gæti legið um Steingrímsfjörð, ef hann væri dreginn þangað sem minna gagn yrði að honum; hann yrði lengri, kostnaðarmeiri og ótryggari. En það vill nú svo vel til, að þessa þarf ekki.

Það getur verið, að sagt verði, að jeg tali ekki um mál þetta af fullri þekkingu, en þar sem mig hefur brostið nægan kunnugleika, hef jeg ráðfært mig við marga kunnuga menn, og jeg veit, að það er almenn skoðun, ekki einungis í Barðastrandarsýslu, heldur og yfirleitt á Vestfjörðum, þetta sem jeg held hjer fram. — Þessi skoðun kom meðal annars fram á almennum fundi, sem haldinn var fyrir Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu í sameiningu, og voru þar allir eindregið í því, að síminn ætti að liggja syðri leiðina um Barðastrandarsýslu. Það sem jeg fer fyrst og fremst fram á, er að fullkomin rannsókn fari fram á báðum leiðunum, því að enn sem komið er — álít jeg, og jeg get fært sönn-

ur á það, hefur engin ábyggileg rannsókn farið fram á syðri leiðinni.

Jeg ítreka þá ósk mína, að hæstv. ráðh. láti í ljósi álit sitt um till. nefndarinnar um mál þetta.

Ráðherrann: Jeg hef leitað mér upplýsinga um, hvaða kostnaðarauka mundi leiða af þeirri breyting á hinni fyrirhuguðu símaleið frá Borðeyri til Ísafjarðar og þaðan til Vatneyrar, að síminn sje lagður frá Arngerðareyri suður Kollafjarðarheiði vestur um Barðaströnd, og svo um heiðar til Patreksfjarðar, eins og h. nefnd hefur vakið máls á í nefndarálitinu og einnig um það, hvort þetta fyrirkomulag mundi vera heppilegt. Ritsímastjórinn hefur, að athuguðum öllum málavöxtum, látið uppi það álit, að slík breyting á ritsímaleiðinni sje afar-óheppileg bæði í verkfræðislegu og fjárhagslegu tilliti og vegna starfrækslunnar, og, síðast en ekki sízt, að ritsíma- og talsímasambandið mundi reynast stórum ótryggara fyrir Ísafjörð og syðri Vestfirðina líka, ef þessi breyting væri gjörð á símaleiðinni.

Eins og kunnugt er, þá er meiningin, að lagður sé bæði talsími og ritsími, óháðir hver öðrum, frá Borðeyri til Ísafjarðar. Eptir þeirri breyting, sem samþ. hefur verið í Nd., er þó gjört ráð fyrir að leggja fyrst í stað að eins einfaldan stálþráð og nota hann til bráðabirgða bæði til símtals og ritsímunar; en síðar er gjört ráð fyrir að bæta við tvöföldum koparþræði, þannig að sambandið verði samskonar eins og hjeðan til Seyðisfjarðar, er stálsímanum er við bætt á þeirri leið.

Kostnaðurinn við að leggja þannig lagaða línu með tvöföldum koparþræði og stálþræði frá Arngerðareyri suður Þingmannaheiði og um Vatneyri til Ísafjarðar mundi verða um 85,337 kr. meiri en ef nyrðri leiðin er tekin. Um þetta liggja fyrir sundurliðaðar áætlanir.

En svo er annars að gæta; það er alveg nauðsynlegt, þegar um svo stóran síma er að ræða sem hér, bæði ritsíma og talsíma, að sem næst miðri leið sje ein aðalstöð, til að hafa allt eptirlit yfir línum og stöðvum vestan Borðeyrar. Nú er það bersýnilegt, að það er eðlilegast, að Ísafjörður sje aðalstöð fyrir vestfjarðasímana, af því að þar má búast við mestri »trafik». En ef farin er syðri leiðin, þá yrði Ísafjörður endastöð símans, og þá neyðast menn til að setja óhentuga og óeðlilega aðalstöð í einhverju smákauptúni, Patreksfirði eða Tálknafirði. Af þessu leiddi það fyrst og fremst, að Ísafjörður hefði verra og ótryggara samband, en hinir staðirnir á línunni í staðinn fyrir að hann þyrfti að hafa það betra. En það mundi og verða öðrum stöðum á línunni til óhagnaðar, ef Ísafjörður yrði endastöð; þaðan yrði mest »telegrafer-að«, og má búast við, að hann væri að nota línuna tímunum saman, svo að aðrir kæmust ekki að. Sem endastöð yrði hann að upp taka *alla* línuna *endilanga*, svo að engir aðrir á Vestfjörðum gætu notað hana jafnframt. En ef nyrðri leiðin er valin og Ísafjörður miðstöð, þá má nota alla suðurlínuna, á meðan Ísafjörður notar línuna fyrir norðan sig til Borðeyrar og áfram þaðan.

Svo er þess og að gæta, að á leiðinni milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar verður lang-lengsti sæsímaspottinn: sá, sem liggur yfir Arnarfjörð; hann yrði lengri en samanlagðir sæsímaspottarnir á leiðinni frá Arngerðareyri til Ísafjarðar. Því lengri sem hver sæsímaspotti er, því meiri hætta er á að hann slitni. Það liggur í augum uppi, að rjettara er, að hætta ekki á það, að allt samband við Ísafjörð, og yfir höfuð svæðið fyrir norðan Arnarfjörð slitni með því að leggja símann syðri leiðina. Það er þó minna í húfi, þótt

svæðið fyrir sunnan Arnarfjörð komist um stund úr símasambandinu fyrir símaslit á Arnarfirði, en ef Ísafjörður og allt svæðið þaðan að Arnarfirði einangrast fyrir þær sakir.

Aptur er miklu minni hætta á, að hinir örstuttu sæsímaspottar fyrir norðan Ísafjörð muni slitna. Þar er lítil hætta af hafís, hann kemur mjög sjaldan inn þangað sem síminn mundi liggja, jakarnir optast strandaðir áður en inn þangað kemur. Ritsímastjórinn hyggur, að varla geti stafað þar hætta af hafís, nema ef svo óheppilega vildi til, að þráðurinn lægi á klettabrún neðansjáfar, er menn hefðu ekki vitað um, og hafísjaki gæti þá nuddað sundur þráðinn við klettinn. En hann álítur að finna megi öruggan sandbotn fyrir símann, þar sem hann mundi sökkva svo ofan í leirinn, að ísjakar mundu berast yfir hann, án þess að hagga við honum, þótt þeir væru á reki um þær slóðir. Símanum er miklu meiri hætta búin af botnvörpum og því, að atkerum sje varpað ógætilega í sjó þar sem síminn liggur, eða þau dregin.

Vjer vitum, að langtum meiri hætta er af þessu hvorutveggja á Arnarfirði, en á fjörðunum norður frá. Það er engin sigling inni á Skötufirði, nje fyrir innan Langeyri á Álptafirði.

Það hefur komið fram við þá reynslu, sem fengin er af símanum, að honum er hættast við sliti uppi á heiðum vegna ísings, sem sezt á þráðinn og þyngir hann svo, að bæði hættir honum við að slitna, og krókunum á símastaurunum að rjettast upp, þannig að þráðurinn fellur til jarðar. Við þessu er varla hætt nema uppi á fjöllum, og því er sjálfsagt, að sneiða hjá háheiðum svo sem verður.

Áleið þeirri, sem stjórnin gjörir ráð fyrir að síminn liggi um, er ekki nema ein heiði, Steingrímsfjarðarheiði; en á hinni, syðri leiðinni, eru erfiðir og brattir fjallgarðar eptir því sem verkfræðingurinn, sem leiðina skoðaði, skýrir frá, þar á meðal Þingmannaheiði, sem er bæði löng og ill viðfangs. Auk þess sem hættan fyrir sæsíma yrði meiri á suðurleiðinni vegna Arnarfjarðar, þá mundu og heiðarnar og ísingin á þeim gjöra landleiðina erfiðari og ótryggari.

Háttv. þm. Barð. (S. J.) sagði, að hann vissi það, að rannsókn sú, sem fram hefði farið á syðri leiðinni, væri sama sem engin rannsókn. Þessu mótmæli jeg, og jeg veit, að þm. er því ekki kunnugri en jeg, Jeg hef vel athugað skýrslu Halvorsens verkfræðings, og jeg fæ ekki betur sjeð, en að hann hafi skoðað syðri leiðina eins vel og ástæða var til, fullnægilega, til þess að mynda sjer rökstudda skoðun um aðalatriðin. Það mundi því vera að kasta fje í sjóinn, að fara að rannsaka þessar símaleiðir aptur að nýju, áður valið er milli leiðanna. Til þess að flýta fyrir skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp kafla úr skýrslu Halvorsens, sem sjerstaklega snertir þetta atriði, án frekari útskýringa. Hann segir:

»Fra Bildudalur gjorde jeg et For-
»sög paa at undersöge Terrænet
»mellem Halfdanvejen og Fossheidi
»over den saakaldte Dufansdalsheidi.

»Jeg red derfor op Vejen fra Bildu-
»dalur og videre c. 8 Kilometer af
»Halfdanvejen; der fra böjedes mod
»Öst, men Terrænet er stenet Ur og
»*ufarbart baade for Mennesker og*
»*Dyr; der kan ingen Transport fore-*
»*gaa, i ethvert Fald ikke paa Som-*
»*merföre. Retningen over Dufandals-*
»*heidi maatte derfor opgives som*
»*praktisk talt umulig for en Tele-*
»*graflinie.*

»Paa denne Undersögelse mistede
»vi ogsaa en Hest, som blev ödelagt

»paa Grund af det uvejsomme Ter-»ræn. Hvor Vejen gaar langs Söen »under höje og bratte Fjelde *gaar* »*store Skred*, saa *heller ikke her* er »at anbefale. Jeg undersögte Kyst-»vejen to Gange indtil Bunden af »Fossfjördur og op langs Vejen over »Fossheidi. Terrænet her er ogsaa »*meget daarligt* med bratte Klipper »og saa stenet, at der kan ikke fær-»des med Hest udenfor Vejen, som »ogsaa er meget stenet og yderst »daarlig. Stolperne maatte derfor i »Tilfælde af, at en Linie skulde »lægges her, placeres saa nær Vejen, »at alt Materiel kunde bæres til »Linien. Landskabet er i det hele »taget en öde Stenörken.

»Naar selve Heden er passeret, »begynder Nedstigningen, sem bli-»ver *brattere og brattere efter hvert.* »Her ligger om Vinteren *megen Sne*, »og Stolperne maatte placeres oppe »paa Fjeldtoppene paa vestre Side »af Vejen. Tömmer maatte köres »om Vinteren *ad lange Omveje* fra »begge Side af Heden, *om det over-»hovedet lod sig göre. Jeg tror det »blev vanskeligt.*

»Naar Fossheidi er passeret, kom-»mer man ned i et Dalföre med »meget godt Terræn forbi Gaarden »Kross mellen Fjeldet og Söen, helt »fram til Gaarden Brjánslækur; »Sletteland og Jordmark. Ved Arn-»arstaðir gaaer dog slemme *Stenskred* »*fra* Fjeldrevnerne og *lige ned i Söen*; »her vilde en eventuel Linie være »*meget udsat.* Fra Brjánslækur fort-»sættes saa langs Söen, hvor Tær-»rænet er nogenlunde bra indtil »Bunden af Vatnsfjördur, rundt denne »over nogle Melar og Elven Vatnsaa »og gaaer saa op paa Thingmannaheidi »paa östre Side af Thingmannaá. Ter-»rænet, som til en Begyndelse er »godt, bliver dog snart daarligere og »kommen op paa den egentlige Hede »er den bare en *vild, öde Stenörken, »hvor der er ufremkommeligt med »alle Slags Transportmidler,* uden »netop efter Ridevejen, den maa be-»tegnes som nogenlunde, og hvor »man muligens kunde komme frem »med let belæssede Klövheste. Ter-»rænet bliver meget couperet med »*store Sneansamlinger*, tildels laa »Sneen endnu. Om Vinteren skal »Heden være *meget ufarbar*, og det »er *meget sjelden*, at Posten kan »komme frem med Heste, og kun »Varderne paa de höjeste Fjeldtoppe »er synbare. Nedstigningen af He-»den er höj og *meget brat* med Urer »og stejle Klippevægge. **At bygge »Telegraflinie over Thingmannaheidi, »anseer jeg utilraadeligt.** Nedkom-»men af Heden svinges rundt Fjord-»bunden hvor Terrænet er terrasse-»formet Fjeldlandskab til Vattarnes; »forbi denne Gaard indtil Bunden »af Skálmarfjördur. Terrænet er her »godt rundt Fjorden og over to »Halse, hvor af den förste er nogen-»lunde let, medens den anden er »höjere, meget brat og med *store Sne-»masser.* Nedstigningen af denne »sidste Hals er ligeledes brat og »samler der sig her saa meget Sne, »**at Linien vilde sne ned.** At trans-»portere Materiel herover om Som-»meren vilde *grænse til det umu-»lige*, og det er efter lokalkendte »Folks Udsagn **ikke** muligt om »Vinteren. Efter at være kommen »over denne sidste Hals, kommer »man frem til en ensomt liggende »Gaard, Klettur.

Eins og jeg gat um áðan, mundi simaleið frá Arngerðareyri eptir endi-

langri Barðaströnd um Patreksfjörð til Ísafjarðar verða um 85,337 kr. dýrari, heldur en norðurleiðin. Það væri hugsanlegt, að gjöra þetta ódýrara, með því að sleppa alveg koparþræði til Ísafjarðar, láta nægja, að hann yrði til Vatneyrar, og leggja svo þaðan einungis járnþráð til Ísafjarðar; yrði þá að skoða Ísafjarðarkaupstað sem undirstöð undir hinum smærri kauptúnum. En það er auðvitað algjör breyting á stefnu þingsins, sem gengið hefur út frá því, að aðallínurnar lægju til kaupstaðanna, og að aðalstöðvarnar yrðu þar. Að víkja frá þessu, mundi hafa mikið ógagn í för með sjer, og Vestfirðingar sjálfir mundu aldrei verða ánægðir með það, að Ísafjörður yrði þannig hafður á hakanum, látinn sæta öllum afgangi. Og þó svo yrði gjört, þá mundi það samt verða langtum dýrara og mörgum sinnum ótryggara, heldur en að taka nyrðri leiðina, og láta Ísafjörð vera aðalstöð.

Það er eðlilegt, þó háttv. þm. Barð. (S. J.), kæmi með þessa fyrirspurn og jeg efast ekki um, að hann gjöri það samkvæmt vilja síns kjördæmis. En jeg er alveg sannfærður um, að þegar hv. þm. hefur gjört sjer ljósa málavöxtu, þá vill hann ekki halda fram till. um að velja syðri leiðina. Jeg er viss um, að hann vill ekki styðja, að 85,000 kr. sje fleygt út til þess, sem er miklu óöruggara og óhentugra en hittt, enda þótt hans kjördæmi gæti sparað við það framlag til símalagningar innan sýslu síðar.

Sigurður Jensson (þm. Barð.): Jeg þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Það er í fyrsta sinn, að jeg hef heyrt tilraun til skýringa á því, að þessi leiðin (nyrðri) var valin. Hæstv. ráðh. sagði, að leiðin yrði miklu styttri til Ísafjarðar, með því að taka norðurleiðina heldur en hina. Eg get skilið, að hann segi það um þá leið, er talað er um í nefndarálitinu, þar sem stungið er upp á, að síminn liggi fyrst um Steingrímsfjörð og Arngerðareyri og þaðan suður í Barðastrandasýslu. En þessi tillaga er frá minni hálfu aðeins miðlunartilraun. Mín aðaltill. er, að síminn sje lagður eptir endilangri Barðastrandasýslu og þá hygg jeg, að sú leiðin verði talsvert styttri, en nyrðri leiðin til Ísafjarðar.

Þessar 85 þús., sem hæstv. ráðh. gat um, eru miðaðar við Arngerðareyrarlínuna. Það er hugsun nefndarinnar, að rannsakað verði, hvort þessi leiðin muni ekki tiltækileg kostnaðarins vegna og tryggari; en ef það reyndist ekki, þá er það aðaluppást. mín, að öll leiðin um Barðastrandarsýslu verði nákvæmlega rannsökuð, áður en tekin er föst ályktun í þessu máli. Hæstv. ráðherra talaði um, að nauðsynlegt væri að hafa eptirlitsstöð á Ísafirði, en jeg verð að segja, að jeg get ekki betur sjeð, en að hún gæti eins verið á Patreksfirði.

Halvorsen, sá er rannsaka átti leiðirnar, segir á einum stað í skýrslu sinni (sem jeg einnig hef í höndum), að mjög þýðingarmikið sje, að stöð sje á Patreksfirði, enda sje sá fjörður, (segir hann), »aldrig stængt af Hafisen», en það komi opt fyrir um Ísafjörð; þess vegna yrði sambandið þar miklu ótryggara; þar að auki talar hann um að mikil »trafik» sje á Patreksfirði, þar sem þar koma um 500—600 skip á ári. Byggt á þessari skýrslu er það vel hugsanlegt, að sambandið yrði með köflum óáreiðanleg, um Ísafjörð, þegar hafísár eru, en við þessu er alls ekki hætt frá Patreksfirði. Hæstv. ráðh. talaði og um, að slithættan væri meiri á breiðum fjörðum og þessi nyrðri leið væri meðal annars af því valin, að þar væri styttra yfir firðina en yfir Arnarfjörð. Þar að auki væri símanum yfir Arnar-

fjörð hætta búin af botnvörpuskipum, og eins af atkerisfestum skipa, sem þar væri svo mörg á ferðinni. Jeg hygg nú, að síminn verði lagður svo innarlega yfir Arnarfjörð, að þar komi aldrei til, að botnvörpuskip skemmi hann, því að þau eru einungis að veiðum utarlega í firðinum. Sömuleiðis ætti að vera hægt að leggja símann þar, sem honum er engin hætta búin af atkerisfestum skipa; botninn mun allsstaðar svo góður á Arnarfirði, að símanum mun þar engin hætta búin, þó fjörðurinn sé breiðari en firðirnir suður úr Djúpinu, þar sem talað er um að leggja hann. Þar á móti hef jeg heyrt þann mann, sem nú rekur stærsta verzlun á Vestfjörðum, einmitt vera mjög áhyggjufullan út af því, ef síminn lægi yfir firðina við Ísafjarðardjúp, að sambandið mundi þá reynast mjög ótryggt og það er vegna þess, að þessir firðir fyllast opt af hafís.

Hæstv. ráðh. sagði, að heiðarnar væru mjög hættulegar símanum, og er það líklega satt og á einnig við um Arngerðareyrarkrókinn, en þeirri leið held jeg heldur ekki fast fram, heldur suðurleiðinni um Barðastrandarsýslu, eins og jeg hef áður talað um.

Það er líka langt í frá, að jeg vilji spilla fyrir símanum til Steingrímsfjarðar, því að hann má leggja alveg eins fyrir það, þó suðurleiðin sje farin. Jeg vildi að eins heyra, hvernig hæstv. ráðherra tæki í þessa miðlunartilraun nefndarinnar. Ef þetta er frágangssök, þá nær það ekki lengra, en jeg held fast við, að leiðirnar eru ekki nægilega rannsakaðar, enda þótt hæstv. ráðherra sagðist mótmæla því, að allt hjer að lútandi væri ekki til fullnustu rannsakað. Mjer er það vel kunnugt, að Halvorsen sagði sjálfur, að hann ætti samkvæmt ályktun þings og stjórnar aðallega að rannsaka leiðina um Steingrímsfjörð norður til Ísafjarðar, en ekki um Barðastrandarsýslu, en hann *varð* að fara þar um í bakaleið, til þess að komast heim, og því talar hann líka nokkuð um þessa syðri leið. Jeg skal nú lauslega skýra frá þessari rannsókn hans á syðri leiðinni og byrja að vestan; þar er fyrst um fjórar leiðir að velja. Fyrst er Miðvörðuheiði milli Tálknafjarðarbotns og Haga. Þessi leið er af öllum kunnugum mönnum talin lang-heppilegust, og þar má koma síma-staurunum báðum megin að heiðinni inn í Hagavaðal og inn í botn á Tálknafirði. Það eru engar torfærur á þessari heiði, og get jeg því til sönnunar meðal annars borið fyrir vitnisburð pósts, sem hefur ferðazt um alla Barðastrandarsýslu sumar og vetur mörgum sinnum á ári í 20—30 ár. Önnur leiðin er Kleifaheiði milli Patreksfjarðar og Haga, og er hún líka talin torfærulítil af kunnugum mönnum. Hvoruga þessa leið hefur Halvorsen skoðað eða farið um, og getur því ekkert um þær dæmt. Þar á móti segist hann hafa rannsakað eða nefnir að minnsta kosti tvær aðrar leiðir: aðra upp Hálfdán og svo þaðan að Haga, en hina yfir Fossheiði, og telur þessar leiðir mjög torveldar. Kunnugir menn telja þó lýsing hans á þessum leiðum mestu fjarstæðu. Af öllum þessum leiðum, þá ætti helzt að velja Miðvörðuheiði frá botninum í Tálknafirði, og er þaðan hægt án nokkurra erfiðleika, að leggja símana bæði til Patreksfjarðar og Bíldudals. Frá Haga inn í botn á Vatnsfirði eru engar torfærur á leiðinni, ekki meiri en hjer í kringum höfuðstaðinn sjálfan.

Þá talar Halvorsen, eins og hæstv. ráðherra las upp, um Arnórsstaði eða

Arnarstað, eins og hann nefnir bæinn, að línunni sje þar hætt vegna grjótskriðna. Þar hef jeg sjálfur opt farið um, og jeg hef borið það undir alla kunnuga menn, og segja þeir það fjarstætt hinu rjetta, enda er þar langt til sjávar frá fjalli og engjar á milli. Þetta hlýtur að vera einhver missýning eða misskilningur af Halvorsen, og jeg þori að segja, að þarna getur ekki verið hættulegri símaleið en t. d. um Kjalarnes vegna skriðuhlaups úr Esju. — Yfir Þingmannaheiði fjekk Halvorsen versta veður, en það hefur sagt mjer meðal annars sá maður, sem um 30 ár hefur verið póstur í Barðastrandarsýslu og ávallt farið um þessa heiði, að hann hafi optast nær komizt þar með hest. Að þessari heiði liggja og margir firðir, svo að hægt er að komast víða að henni sjóveg með staura.

Þá koma þessir tveir hálsar milli Skálmarfjarðar og Kollafjarðar, sem Halvorsen lætur mjög illa af. Þessir hálsar eru ekkert sjerlega brattir, og það er víst víða á landinu þegar búið að leggja síma, þar sem erfiðleikar eru miklu meiri. Það er líka aðgætandi, að leiðin er stutt og má flytja staurana inn í botn á 3 fjörðum, sem liggja að þessum hálsum.

Um það, sem eptir er af leiðinni um Barðastrandarsýslu, segir Halvorsen, að ekki sje neitt »særligt at udsætte paa«. Það er að eins ein torfæra á þeirri leið: Gufudalsháls. Það mætti sneiða hjá því, að fara yfir þann háls með því, að fara með símann fram á Skálanes, en það, sem væri enn betra, væri það, að leggja sjósíma frá Reykjanesi til Skálaness, það er stuttur sjóvegur, en sparar mjög mikið, að því er vegalengd snertir.

Eptir það talar Halvorsen um, að engar torfærur sjeu á leiðinni allt að Múla í Gilsfirði, en þá er að eins örstuttur vegur inn í Gilsfjarðarbotn, og má hæglega komast hjá torfærunum á þeim vegaspotta, t. d. með því, að fara beint úr Steinadal yfir í Garpsdal eða Geiradal.

Jeg veit nú vel, að til lítils mun vera, að berjast fyrir þessu, ef það er fyrir fram ákveðið af þeim, sem mestu ráða hjer um, að síminn eigi ekki að liggja þessa leið. En jeg álít það skyldu mína gagnvart mínu kjördæmi og öllu landinu, að halda fram syðri leiðinni, því að jeg er sannfærður um það, að hún mundi reynast heppilegri fyrir Vestfjarðar-álmuna.

Jeg vona, að háttv. þingmenn sjái, að það er hart fyrir þessa sýslu, að taka þátt í þessum afar-miklu sköttum, er af símalagningunni leiða, en geta þó enga hlutdeild fengið í notkun símanna — og þó búa hjer yfir 2,000 manna, sem allir taka þátt í, að borga þetta lán, sem taka á til þess, að leggja símana.

Jeg vona, að háttv. þingdeildarm. geti gjört sjer ljóst, að ofur-hægt er, að leggja símann þessa leið; það þarf ekki að skemma fyrir neinum. Steingrímsfjörður getur eins verið með fyrir því. Jeg álít líka símalagningu á þessari leið betri fyrir allt landið, en alla þá króka, sem um getur í fjárlagafrumv.

Í fjáraukalagafrumv. er áætlað fje til þess, að rannsaka símaleiðir, því ekki að rannsaka þessa leið líka? Jeg held því fast fram, að hún hefur aldrei verið nægilega rannsökuð. Ef hún við nákvæma rannsókn reynist ótæk eða verri en hin, þá er um það ekkert að tala. Þá mun bæði jeg og aðrir, sem hlut eiga að máli, beygja sig fyrir því. En jeg þykist þess fullviss, að þessi leið, sem jeg held fram, sje styttri *(Ráðherrann:* Styttri?), en

hin til Ísafjarðar með öllum þeim krókum, sem henni fylgja.

Mjer kemur eigi til hugar, að fara fram á það, að Barðastrandarsýsla sleppi við fjárframlag, ef að þessi leið verður farin. Það hefur verið lofað, að leggja ríflega fje fram og það mun verða efnt. En ef nyrðri leiðin verður valin, þá segi jeg fyrir mig, að jeg skil ekki það rjeitlæti, að Vestur-Barðastrandarsýsla og Vestur-Ísafjarðarsýsla skuli einar verða að leggja fram fje til Vestfjarðar-álmunnar, en hinar sýslurnar eigi ekkert að leggja til. En það er áreiðanlegt, að Barðastrandarsýsla öll mun bjóða eins og hún hefur boðið ríflegt fjárframlag, ef syðri leiðin verður valin.

Ráðherrann: Mjer finnst hjer ekki geta legið fyrir að tala um annað en þá tillögu, sem nefndin hefur vakið máls á í nefndarálitinu; þar liggur ekki annað fyrir, en spurningin um þennan krók frá Arngerðareyri yfir Kollafjarðarheiði, um Barðaströnd, Þingmannaheiði til Patreksfjarðar. En eitt atriði er það í ræðu háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.), sem jeg má ekki láta ómótmælt. Hann sagði, að Halvorsen hefði að eins fengið skipun til að rannsaka nyrðri leiðina, yfir Steingrímsfjörð til Ísafjarðar, og hann hafi farið syðri leiðina að eins sjálfs síns vegna, til þess að komast heim. Þetta er svo fjarri sanni sem unnt er. Honum voru fengnar þingsályktanir þær, sem samþykktar voru um þetta efni, og brjeflega og munnlega lagt fyrir hann, að rannsaka bæði nyrðri leiðina — um Steingrímsfjörð, stytztu leið til Ísafjarðar — og syðri leiðina, um Barðastrandarsýslu til Ísafjarðar, eins og þingsályktunin tiltekur. Sjálfur rjeði hann, hvora leiðina hann tók fyr; hann mátti fara syðri leiðina fyrst, ef hann hefði viljað.

Eins hefði hann auðvitað getað farið heim aptur nyrðri leiðina, ef svo hefði borið undir.

Annað atriði í ræðu hv. þm. Barðstr. (Sig. J.) vildi jeg og leiðrjetta. Hann talaði um, að Patreksfjörður væri eins vel fallinn til þess að vera »eptirlitsstöð« eins og Ísafjörður. En hjer er verið að ræða um aðalstöð, ritsímastöð, yfirstöð yfir öllum öðrum stöðvum á vestfjarðaálmunni, aðsetursstað yfirmannsins og hins verklega eptirlits með starfrækslu þeirrar símadeildar. Væri syðri leiðin valin og aðalstöðin sett á Patreksfjörð, þá væri það meiningarlaus kostnaður, að setja líka ritsímastöð á Ísafirði og tvöfaldan koparsíma auk stálsímans milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar. Þá yrði að »degradera« Ísafjörð niður í venjulega talsímastöð, þann bæinn, sem vafalaust hefur skilyrði fyrir eins mikilli þráðnotkun eins og öll hin smákauptúnin samanlögð. Spurningin er: Er það hentugt eða ekki?

ATKV.GR.: 1. brt. við 2. gr. (387) samþ. með 12 shlj. atkv.

2. brt. við 2. gr. (387) samþ. með 12 shlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og verður endursent forseta Nd.

Á 45. fundi Nd. mánudaginn 9. septbr. kom frumv. (A. 418, 581, 603, 609) til einnar umr.

Jón Jónsson (framsm.): Eins og tekið er fram í nál., hefur háttv. Ed. eigi gjört nema tvær smávægilegar breytingar á frumv. þessu. Fyrri breytingin á 2. gr. frumv. er sú, að veita skuli í viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárl. til læknaskipunarinnar, 900 kr. til viðhalds á húsum og húsbúnaðar og áhalda á holdsveikraspítalanum. Þetta er að mestu endurveiting á fje, sem áður hefur sparazt.

Seinni breytingin gengur út á það, að Ed. leggur til, að sjera Magnús Helgason fái nokkurn styrk til utanfarar sinnar, til þess að kynna sjer kennaraskóla erlendis. Nefndin finnur ekki ástæðu til þess að leggja á móti þessu, því það er álitið almennt, að þessi ferð muni geta komið að góðu gagni fyrir væntanlegan kennaraskóla hjer á landi.

Aptur á móti hefur fjárlagan. leyft sjer að koma fram með breyt.till. í máli, viðvíkjandi fjárveitingu þeirri, sem gjört er ráð fyrir í 3. gr. frumv., til þess að byggja hús undir áhöld landssjóðs og kaupa lóð undir það. Þar er gjört ráð fyrir því, að lóðin kosti 1,500 kr., $1^1/_2$ kr. fyrir □ alin. Þetta hús yrði því að vera á einhverjum þeim stað, þar sem lóðir eru ódýrar. Nú hefur nefndinni borizt brjef frá landsverkfræðingnum og forstjóra landsímanna, og er þar skýrt frá því, að slíkur staður mundi verða óheppilegur, þar sem hann mundi ekki geta orðið nógu nærri höfninni. Það stendur svo á, að í húsi þessu mun þurfa að geyma bæði símastaura og ýmsa aðra hluti, sem mikið kostar að skipa upp og flytja til, svo að búast mætti við miklum aukakostnaði, ef þetta hús væri ekki á hentugum stað, rjett við höfnina.

Nefndin leggur því til, að hús þetta verði reist á lóð landssjóðs sjálfs á Arnarhólstúninu, og þannig sparað í bráðina fje til lóðarkaupanna og sá aukakostnaður, sem mundi stafa af því, ef leigja þyrfti hús undir timbur. En þess ber að gæta, að þessi lóð á Arnarhólstúni er miklu dýrari en sú, sem gjört var ráð fyrir að keypt yrði. Það hjálpar því eigi annað, en að reikna landssjóði verð þessarar dýru lóðar til útgjalda, en byggingarsjóði til inntektar, því að ekki mætti selja þá lóð fyrst um sinn til annars. Það gæti vel farið svo, að þess þyrfti síðar, þótt þá kostaði nokkuð að flytja húsið. Nefndin hefur fallizt á ástæðu þessara manna og leggur til, að frumv. verði breytt samkvæmt þessu eins og sjest í nefndarálitinu.

Auk þessa hefur nefndin nú á síðustu stundu komið fram með viðaukatill. um það, að aptan við frumv. bætist ný grein, þar sem stjórnarráðinu veitist heimild til þess, að kaupa ákveðna húseign hjer í bænum fyrir ákveðið verð. Það er einmælt, að alþingishús vort er í lóðarþröng, einkum þegar þarf að koma upp útbyggingu fyrir hita- og ljós-stöð handa því, og hefur það þótt ráð, til þess að bæta úr þessu, að ná í þessa húseign. En eins og stendur, hefur hún ekki verið föl fyrir þetta verð, sem hjer er til tekið, heldur hefur eigandinn viljað fá töluvert hærra fyrir hana. Nú er lóðin, sem Goodtemplarahúsið stendur á talin eign landssjóðs samkvæmt áður settum skilyrðum, en Templarar óska að fá afsal fyrir henni. Þessi breyt.-till. er nú þannig orðuð, að ef hægt er að kaupa hina lóðina fyrir þetta ákveðna verð, þá er stjórninni um leið heimilt að gefa Templurum afsal fyrir lóðinni, sem hús þeirra stendur á. Það gæti nú hugsazt, að Templarar vildu vinna það til, að borga eitthvað af hinu lóðarverðinu fyrir þessa heimild og gæti það orðið til þess, að liðkað yrði þannig um kaupin, að landssjóður slyppi við það, að borga meira en þetta ákveðna gjald fyrir lóðina, en eigandi fengi á hinn bóginn það fje, sem hann fer fram á. Eins og menn sjá, er þetta tvennt sett í samband hvað við annað, og vona jeg það verði hvorttveggja samþykkt. Þá er og komin fram frá hæstv. ráðh. önnur viðaukatill., sem nefndin fyrir sitt leyti fellst á og ræður háttv. deild til að gjöra hið sama. Það hef-

ur ekki mikla þýðingu að ræða það mál; það er háttv. þm. vel kunnugt, og jeg gjöri mjer von um að jeg þurfi ekki að mæla með því, heldur verði það samþykkt, sem hagkvæmt form og heppilegt í alla staði, fyrir mál það, sem hjer er um að ræða.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur hjer í deildinni, og þykir mjer það leitt, því að jeg hafði getið þess við hann, að jeg mundi gjöra fyrirspurn út af till. hans. En það verður svo að vera, hann er bundinn í efri deild, og enginn kann tveimur herrum að þjóna. En þar sem sex háttv. þm. úr móttökunefndinni eiga sæti hjer í deildinni, sem sjálfsagt munu vera þessu máli kunnugir öðrum fremur, þá ætla jeg að halda fyrirspurninni áfram.

Hún er út af þskj. 603, næst síðustu málsgreininni, þar sem stendur svo, að mismunurinn á andvirði seldra muna og móttökukostnaðinum færist til útgjalda í landsreikningnum fyrir 1907. Jeg er sammála öðrum um það, að menn eigi ekki að vera með neinar eptirtölur út af þessum kostnaði, en mjer þætti vænt um að fá nokkurnveginn ábyggilega áætlun um það, hve mikill sá mismunur muni verða. Jeg get skilið það, að þar muni ekki öll kurl vera komin til grafar, þar sem ekki er búið að selja allt, sem selja á, en jeg þykist þó vita, að reikningsuppgjörðin sje komin svo langt á leið, að móttökunefndin muni geta sagt svona hjer um bil, hve mikill nettokostnaðurinn muni verða.

Jeg spyr ekki af því, að jeg ætli mjer að skerast úr leik eða greiða atkv. móti því, að móttökukostnaðurinn verði borgaður; oss ætti öllum að vera ljúft, að borga góða móttöku góðra gesta. Hitt er annað mál, að jeg þykist, sem aðrir, eiga frjálst að gagnrýna gjörðir nefndarinnar á sínum tíma. En jeg spyr nú af því, að mjer er ekki ljúft að greiða atkv. alveg út í bláinn.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 581 við 3. gr. samþ. með 18 atkv.

Brt. á þskj. 603 aptan við 6. gr. sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. á þskj. 609 við 8. gr. sþ. með 16 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og endursendist forseta Ed.

Á 50. fundi Ed., miðvikudaginn 11. sept., kom frv. (A. 623) til einnar umr.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg verð að byrja mál mitt með því að afsaka það, að dálítið mishermi hefur læðzt inn í nefndarálit vort, þar sem í því stendur, að frumv. hafi ekki tekið öðrum breytingum í háttv. Nd., en að bætt hafi verið við tveim óhjákvæmilegum gjaldaliðum í 7. og 8. gr. Þetta er ekki fyllilega rjett; þegar frumv. fór hjeðan, stóð í því, í 3. gr., að verja skyldi 5,500 kr. til þess að byggja hús undir áhöld landssjóðs og auk þess 1,500 kr. til þess að kaupa fyrir lóð hússins. Háttv. Nd. hefur gjört þá meinlausu breytingu á þessu, að hún hefur sleppt þessum 1,500 kr., en gjört jafnframt þá athugasemd, að stjórnarráðinu veitist heimild til að færa landssjóði til útgjalda en byggingarsjóði til inntekta upphæð, er samsvari verði hæfilegrar lóðar undir húsið í Arnarhólstúni.

Um hinar breytingarnar er óþarfi að fara mörgum orðum. Það er sjálfsagt, að vjer verðum að borga kostnaðinn, sem leiðir af heimsókn konungs og ríkisþingsmannanna dönsku, og eðlilegast, að þau útgjöld komi fram á fjáraukalögunum 1906 og 1907. Það

verður og að líkindum óhjákvæmilegt, að kaupa hús Halldórs heitins Friðrikssonar. Alþingishúsið þarf sjálfsagt að eignast lóð þessa, til þess að hægt sje að koma á miðstöðvarhitun í því, en án hennar er meðal annars ekki hægt að halda vetrarþing, auk þess sem húsið og það, sem það hefur inni að halda, er í voða framvegis, ef ekki er hægt að hita upp húsið.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg verð að segja, að mjer þykir breyting háttv. Nd. á 3. gr. frumv., sízt til bóta, þvert á móti. Það var rjettari leið, sem stjórnin lagði til, að farin væri, að kaupa hæfilega dýra lóð; en nota þessa dýru lóð byggingarsjóðsins á Arnarhólstúni, til að selja hana, og það er líklegt, að hún seljist, með því að hún liggur svo vel við fyrir marga; það er líklegt, að hægt hefði verið að hafa töluvert meira upp úr jafn stórum bletti á Arnarhólnum sem þeim, er þarf undir áhaldahúsið, en gefa hefði þurft fyrir lóð undir það á fullhagkvæmum stað handa því. En það er nú orðið of seint að fá þessu kippt í lag.

Viðvíkjandi 7. gr., þá hefði jeg fremur óskað eptir, að einhver ákveðin fjárupphæð hefði verið tilgreind; en þar sem svo stendur á, að torvelt mun vera að ákveða nú hæfilega fjárhæð, þá mun verða að una við það, sem komið er.

Jeg vil leyfa mjer að spyrja að því, hvernig á því standi, að orðið »muna« er prentað með breyttu letri í frumv. Er það meiningin, að með þessu sje lögð áherzla á það eitt, að fyrir þingið 1909 sje að eins lögð skýrsla um sölu muna. Jeg vil vona, að fyrir þingið verði lagðar skýrslur og reikningar um það, hvernig fjenu hafi yfir höfuð verið varið; og jeg vil leyfa mjer að biðja um yfirlýsingu háttv. framsögum. (J. Jak.) um það, hvort það sje ekki tilætlunin.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg skil ekki athugasemd háttv. Nd. við 3. gr. B. 6, á sama hátt sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.). Mjer finnst, að með henni sje alls eigi gjört að skyldu, að byggja áhaldahúsið á Arnarhólstúni, heldur að eins að landsstjórninni sje heimilað að færa landssjóði til útgjalda, en byggingarsjóði til inntektar, samsvarandi upphæð þeirri, sem lóðin kostar undir húsið. Líklega fer það nú samt svo, að það verði byggt á Arnarhólslóð, með því að þeir óska þess báðir, landssímastjórinn og verkfræðingur landsins; þeim mun þykja þægilegra, að hafa það við sjó vegna flutninga á áhöldum. Með því að svona stendur á, þá er að svo stöddu ekki hægt að færa til neina ákveðna upphæð fyrir lóðina.

Það er rjett hjá háttv. þm. G.-K. (V. G.), að orðið munir er prentað með breyttu letri í síðustu línu 7. gr., en tveim línum ofar er það prentað með óbreyttu letri, og svo á það að vera á báðum stöðunum; hitt er sýnilega orðið af vangá hjá setjurunum, en að sjálfsögðu ekki gjört í því skyni, að gefa með því bendingu um að leggja skuli fyrir þingið 1909 að eins skýrslu um selda muni; fyrir það munu verða lagðir fullkomnir kostnaðarreikningar.

ATKVÆÐAGR.:

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt sem lög frá alþingi til ráðherra.

III. Samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

Á 3. fundi Nd., fimmtudaginn 4. júlí kom frumv. til laga um samþykkt a landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905 til 1. umr.

Enginn tók til máls, og var frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þriggja manna nefnd var samþykkt og í hana kosnir:

Ólafur Briem með 23 atkv.
Guðl. Guðmundss. — 20 —
Magnús Kristjánss. — 16 —

Í nefndinni var Guðlaugur Guðmundsson kosinn form. og Ólafur Briem skrifari og framsm.

Á 29. fundi Nd., þriðjudaginn 20. ágúst kom frumv. (A. 216) til 2. umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Eins og í nefndarálitinu er tekið fram, hefur um mörg undanfarin ár verið mismunur á peningaforða landssjóðs eptir reikningunum og þeim virkilega peningaforða hjá landfógetanum fyrrum og nú gjaldkera landssjóðs. Fyrst 1897 kom það fram, að þessi skekkja átti sjer stað. Mismunurinn stafaði aðallega frá tíð landshöfðingjanna Hilmars Finsens og Bergs Thorbergs, og við að fara yfir landsreikningana um mörg ár fundust ýmsar villur, sem höfðu slæðzt inn í reikúingana, en hitt, sem ekki fannst, var talið stafa af því, að gleymzt hefði að færa í reikning einhverjar útborganir og var álitið, að sá glundroði stafaði af viðskiptum við ríkissjóðinn danska, sem ekki voru glögg á þeim árum; hjá íslenzku stjórnardeildinni í Höfn voru ekki færðir vel sundurliðaðir reikningar, heldur var það tilfært í svokallaðri reikningsbók ráðgjafa, allt í einni runu. Um þetta efni var rannsókn gjörð 1903 og var þá skekkjunni slegið fastri 3,363 kr. 97 aurum. Af þessu, sem jeg hef tekið fram, er það sýnilegt, að skekkjan stafar ekki frá tíð núverandi stjórnar. Og það er engin von til þess að fá fleiri upplýsingar um þetta, en þegar eru fengnar. 1903 vildi stjórnin láta leiðrjetta þetta og fór fram á það í brjefi til landsreikninganefndarinnar, dags. 10. júlí sama ár, en reikningslaganefndin vildi ekki fallast á það, með því að yfirskoðunarmenn landsreikninganna höfðu ekki tekið það til athugunar. En þeir gjörðu það 1904—1905 og var þá samdóma álit stjórnarráðsins, yfirskoðunarmanna og reikningslaganefndarinnar, að ekki væri annað fyrir hendi, en að leiðrjetta skekkjuna á þann hátt, að peningaforðanum væri slegið föstum og hann færður niður um þessa upphæð. Enda er þetta gjört í frumv. stjórnarinnar, og ef það er samþ., er það að skoða sem samþ. þingsins til þessa, og þar með er þessi skekkja úr sögunni.

Nefndin hefur að eins komið með 1 breyt till. við frumv. um það, að óviss útgjöld sjeu lækkuð um 348 kr. 80 au. samkvæmt nefndaráliti um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1904 og 1905, og er lítillega minnzt á þetta í nefndarálitinu. Í landsreikningnum 1905 er meðal óvissra útgjalda talinn kostnaður við heimsending norskra sjómanna 348 80 a., og því er haldið fram af stjórninni, að með því að þessi upphæð hvorki fáist greidd úr ríkissjóði Norvegs eða Danmerkur, þá sjeu ekki önnur úrræði en að færa hana landssjóði til endilegra útgjalda. Þetta hefur nefndin ekki getað fallizt á. Þó að

ekki sje hægt að fá fje þetta endurgoldið úr ríkissjóði Norðmanna eða Dana, þá er einn vegur til þess að ná fjenu, sem sje að fara með þennan kostnað eins og styrk til bjargþrota manna, er sje veittur til bráðabirgða. Þessi vegur er farinn annarsstaðar á landinu. Á Norðurlandi er mjög mikið af Norðmönnum, og hefur það komið fyrir, að þeir hafa orðið bjargþrota. Hefur þá verið gjörð krafa til framfærslusveitar þeirra í Noregi, án þess að neitað hafi verið að sinna henni. Þvert á móti, norska stjórnin hefur gjört sjer far um að rannsaka, hvar þessir menn eiga heimili og framfærslusveit í Norvegi, auðvitað í því skyni að endurborga þetta á sínum tíma. Þetta hefur nýlega komið fyrir, og málið er ekki útkljáð enn, og það er ekki að vita, hvernig það fer, en þessi tilraun hefur verið gjörð, og það er ekki ósennilegt, að hún lánist. Jafnvel þó hjer sje ekki um stóra upphæð að ræða, og það út af fyrir sig skiptir ekki miklu, þótt kostnaðurinn greiðist úr landssjóði í þetta eina skipti, þá er harla viðsjárvert að ganga inn á þá braut vegna eptirdæmisins, sem getur dregið þungan dilk á eptir sjer. Ef aðsókn Norðmanna hingað til lands heldur áfram eða eykst stórum frá því sem nú er, geta lík tilfelli opt komið fyrir, og útgjöld, sem af þeim stafa, dregið sig saman og orðið töluverð gjaldabyrði fyrir landssjóðinn. Nefndin leggur því til, að áðurnefnd upphæð, 348 kr. 80 a., sje felld úr landsreikningnum. Jeg skal geta þess, að nefndin hefur komið með framhaldsnefndarálit um frv. þetta, en af því að því hefur ekki verið útbýtt fyr en nú, getur það ekki komið til greina við þessa umr., og verður því breyt.till. nefndarinnar, sem þar kemur fram, ekki borin upp til atkv. fyr en við 3. umr. málsins.

Ráðherrann: Jeg skal vera stuttorður um breyt.till. h. nefndar, viðvíkjandi heimsendingarkostnaði Norðmannanna. Þessir menn voru hingað ráðnir af innlendum mönnum til þjónustu, reyndust ónotandi, voru alls lausir, og ekki hægt að tjónkast við þá hjer. Það varð því að senda þá heim til síns lands. Stjórnarráðið leit svo á, að eptir gildandi reglum yrði kostnaðurinn við þessa heimsending hjer ráðinna manna ekki heimtaður af ríkissjóði Dana, heldur ekki af ríkissjóði Norvegs, nje framfærslusveit þeirra í Norvegi, heldur ekki af þeim mönnum, sem ráðið höfðu þá hingað. Þeir höfðu rétt á að ráða þá, og eins rétt á að losna við þá, er hinir rufu samninga. Af Reykjavíkurbæ þótti í öllu falli hart að heimta kostnaðinn, þó mennirnir væru hjer niðurkomnir með vandræði sín, enda mjög vafasamt, að bæjarfélagið gæti með rjettu orðið skyldað til slíkra útgjalda, stafandi af viðskiptasamningum manna, sem sumpart áttu heima utan Reykjavíkur. Það þótti þá ekki í annað hús að venda en til landssjóðsins, og mun það vera í samræmi við allsherjarreglur, að löndin beri slíkan kostnað af sameiginlegum sjóði.

En hvað sem rjett kann í þessu að vera — jeg hef ekki enn haft tök á því síðan breyt.till. varð mér kunn, að athuga málið af nýju, þá er í öllu falli hjer um óverulega upphæð að ræða, sem mjer virðist óþarft að gjöra rekistefnu út úr. Jeg tel því veg, að láta við svo búið standa í þetta sinn, með þeirri athugasemd, að þar með sje engri reglu slegið fastri um samskonar tilfelli eptirleiðis.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg álít, að það gjöri ekki mikið til, hvað

gjört er við *þessa* upphæð. En það gjörir aptur mikið til, hvaða »principi« þingið vill slá föstu í framtíðinni um slíkt mál sem þetta. Þetta mál er milliríkjamál. Í flestum fátækralögum er það tekið fram, að slík gjöld greiðist úr ríkissjóði, en þar sem það er ekki tekið fram, er gengið út frá því. En víðast eru slík mál milliríkjamál. Það er tilviljun, að þetta hefur nú orðið í Reykjavík, það getur komið fyrir hverja litla sveit á landinu, og gætu orðið smásveitum þung byrði, ef á þær legðist, sem það hlyti að gjöra, ef það væri ekki lagt á landssjóð. Þess vegna er það heppilegra, auk þess sem það er í samræmi við fátækralög annara þjóða, að deildin felli till. nefndarinnar um þetta mál.

Háttv. 1. þm. Skgf. sagði, að það væri ekkert lagaboð til, sem skyldaði landssjóð til að borga heimsendingu vegalausra útlendinga. Það er að vísu satt; en það er heldur ekki til neitt lagaákvæði, sem skyldar sveitirnar til þess að gjöra það (*Guðlaugur Guðmundsson:* Jú). Nei, aðeins um samþegna, en ekki um utanríkismenn. Þar af leiðandi er ekki hægt að beina þessari skyldu til sveitarinnar. En það er önnur skylda, sem hvert ríki heimtar af öðru, að það láti ekki þegna hins drepast vegalausa (*Guðlaugur Guðmundsson:* En konsúlarnir, konsúlarnir!) Konsúlar eru ekki til nema sumstaðar; en þetta er talin svo sjálfsögð skylda hvers ríkis, að það er alls ekki talað um það.

Annaðhvort er að segja, að við hjálpum ekkert eða að landssjóður verður að borga.

Ráðherrann: Mjer finnst kenna talsverðrar hörku í tilfögu háttv. þgm. V.-Sk. (Guðl. G.), að láta vegalausa útlendinga deyja hjer drottni sínum án þess að rjetta þeim neina hjálparhönd. (*Guðl. Guðmundsson:* Jeg fór að eins með lög). Nei, því fer fjarri, Það eru að vísu engin lög til þess, að skylda sveitafjelög til þess, að senda menn á sinn kostnað til útlanda, en hitt eru bæði guðs og manna lög, að láta ekki bágstadda líða neyð, er þeir flýja á náðir fátækrastjórnar í því sveitarfjelagi, þar sem þeir eru staddir. Annað mál er það, að sveitirnar verða að eiga rjett á, að losna sem fyrst við slíka þurfamenn, sem ekki eiga þar framfærslurjett, og þar kemur til kasta hins opinbera, að losa sveitirnar frá frekari útgjöldum, með því að koma þeim burt sem fyrst.

Það er rjett, að konsúlar hafa neitað, að skipta sjer nokkurn hlut af mönnum, sem eins hefur staðið á fyrir og þeim, sem hjer er um að ræða. Jeg hef persónulega rekið mig á þær undirtektir hjá konsúl einum vestra, og sá jeg mjer ekki fært í slíkum tilfellum, að skorast undan liðsinni, er hann neitaði um alla hjálp. Það eru engin tök á því að þvinga konsúlana til að skipta sjer af fólki, sem eins stendur á fyrir og hjer var.

Jeg verð að vera alveg samdóma hinum háttv. þgm. Vestm. (J. M.) um það, að það sje sanngjarnast og rjettast, að landssjóður hlaupi undir bagga, þegar svona stendur á. Ef því væri slegið föstu, að sveitarsjóðir skuli borga, þá gæti það komið allóþyrmilega niður á smáhreppum, að þurfa kannske að kosta marga menn til fjarlægra landa; því slíkt getur komið fyrir víðar en í stóru kaupstöðunum; það getur komið fyrir svo að segja hvar sem vera skal við sjávarsíðuna.

Jeg vona, að hin háttv. þingd. sje ekki samdóma háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) um, að það sje rjett,

að láta þessa menn drepast; og áður en þingið neitar að greiða þennan heimsendingarkostnað, finnst mjer það verði að gjöra sjer ljósa grein fyrir því, að hve miklu leyti hægt væri að skylda sveitarsjóði með dómi til þess að borga þesshátttar kostnað eptirleiðis. Því einhver verður að borga hann.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg skal ekki hafa eitt einasta orð á móti því, að það sje sanngjarnt, að landssjóður borgi. Jeg er alls ekki að tala um sanngirni, heldur um landsins lög. Og jeg er viss um það, að ef »konsúlötin« fá að vita það, að vegalausir útlendingar verði sendir heim til sín á kostnað landssjóðs, þá er þar opnuð braut, sem verður landssjóði dýr.

Jeg er ekki í vafa um, að rjetta aðferðin er sú, að sveitastjórnir taki þessa menn á sína arma og þröngvi þeim, — eins og stendur í minu gamla kveri, — til almennilegrar vinnu. (*Ól. Ólafsson*: Eptir hvaða lögum?). Eptir fátækralögunum. Jeg efast ekki um, að hlutaðeigandi framfærslusveit í útlöndum mundi kannast við sveitfesti þeirra, og endurgjalda framfærslu- og sendingarkostnaðinn. Jeg veit ekki betur, en það sje algild regla annarsstaðar, að menn verði annaðhvort að vinna eða drepast. Í stórborgunum er fullt af slíku fólki, svo skiptir þúsundum eða jafnvel tugum þúsunda. Þar er ekkert minnzt á sanngirni, bara lög; hver verður að sjá um sig sjálfur. Ef Íslendingur yrði vegalaus einhversstaðar suður í löndum, þá yrði hann áreiðanlega að spila upp á eigin spýtur, nema hann kæmist á vegu landa sinna; til þess vita menn dæmin. Jeg get því ekki talið það annað, en mjög óheppilegt, ef við færum að taka upp annað »princip« en aðrar þjóðir í þessu efni.

Jeg get ekki sjeð, að frá principhliðinni skoðað viti þetta öðru vísi við. Jeg veit mikið vel, að það hefur komið fyrir, er háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) tók fram. En jeg skal upplýsa, að á Akureyri koma fyrir tugir og jafnvel hundruð manna, sem eins er ástatt um, að þeir eru ekki lögskráðir á skipum, heldur eru komnir upp hingað sem verkamenn útgjörðamanna. Þessir menn eru sumpart reknir úr vistinni, sumpart strjúka þeir, sumpart drekka þeir sig úr henni; meðan þeir liggja í rotinu, fara skipin, og þeir vakna upp vegalausir, hungraðir og fjelausir. Það væri dágott ef landssjóðætti að taka þessa menn að sjer, og borga fargjald fyrir þá — ef til vill á 1. farrými. Væri nú sanngirni í því? Jeg segi, nei. Verði þessi upphæð veitt, koma ef til vill þúsundir manna á eptir. Jeg álít það »principbrot«, ef deildin samþykkir þessi útgjöld, eða með öðrum orðum, ef hún samþykkir ákvæði reikningslaganna; það leiðir inn á braut, sem ekki verður sjeð fyrir endann á.

ATKVGR.: I. Tekjubálkurinn, samþ. í e. hlj.

II. Útgjaldabálkurinn: Breytt. 216 við 10. lið, samþ. með 13 atkv. gegn 3.

Bálkurinn breyttur samþ. í e. hlj.

III. Viðaukagreinar við frumv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Á 31. fundi Nd., fimmtudaginn 22. ágúst kom frumv. (A. 304, 314, 325) til 3. umr.

Framsm. Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Hjer liggja fyrir tvær breyt.till. frá nefndinni. Önnur er á þgskj. 325. Samkvæmt nefndaráliti um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1904 og 1905 var það sþ. við atkv.gr. við 2. umr., að óviss útgjöld skyldu lækkuð um 348 kr. 80 a. sem sje kostnað við heimsending norskra sjómanna. Afleiðingin af því, að útgjöldin voru færð niður, eru auðvitað þau, að þá átti að færa tekjuafganginn upp. Einfaldast hefði þá verið að þetta hefði verið leiðrjett á skrifstofunni, en úr því að mönnum hefur sjezt yfir það, þá var sjálfsagt að koma með breyt.till. Hina breytinguna má finna á framhaldsnefndaráliti, þgskj. 304. Hún gengur út á það, að taka upp nýjan lið á tekjubálkinn, sem sje nafnbótaskatt samkvæmt tilskipun 7. febr. 1764, og get jeg, hvað þetta snertir, vísað til nefndarálitsins. Það hefði að vísu legið næst, að athugasemd um þetta hefði komið frá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, en úr því það varð ekki, hvort sem það hefur komið til af því, að þeir hafa ekki veitt því eptirtekt, að þennan tekjulið vantaði, eða þeim hefur ekki þótt ástæða til þess að finna að því, þá álítur nefndin það skyldu sína, að hreyfa málinu á þennan hátt.

Með því að nefndin hefur heyrt það utan að sjer, að það kynni að geta verið vafamál, hvort tilskipunin frá 1764 væri í gildi hjer á landi, þá skal jeg taka það fram, að hún var upphaflega gefin fyrir Norveg, en hefur stöðugt verið framfylgt hjer síðan 1765. Enda hafa lögfræðingar þeir, er á þetta hafa minnzt, verið á einu máli um það, að telja hana gilda fyrir Ísland. Þar á meðal mætti nefna Magnús konferenzráð Stephensen í eptirmælum 18. aldar, Bjarna austmann Thorsteinsson í ritgjörð sinni um opinber gjöld á Íslandi, og svo útgefendur lagasafnsins, Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson.

Önnur mótbáran gegn till. þessari er sú, að þó að gjald þetta sje löglegt, þá ætti það að greiðast í ríkissjóð, en ekki í landssjóð. Þessu er hrundið með stöðulögunum 2. janúar 1871, þar sem er ákveðið, að allir þeir skattar, sem innheimtir eru hjer á landi, skuli renna í landssjóð. Enda var þessi skattur talinn með tekjum landssjóðs alla tíð frá því að fjárhagurinn var aðskilinn og þangað til 1883, og sýnir það, að þáverandi ráðgjafar fyrir Ísland sem og landshöfðingi hafa verið á þeirri skoðun, sem nefndin nú heldur fram. En ástæðan til þess, að þessum tekjulið var sleppt, var engin önnur en sú, að eptir 1883 mun enginn maður hafa verið til hjer á landi, sem þessum skatti ætti að svara, fyrri en aptur nú 1905. Meðan nefndin heyrir ekki fleirum mótmælum hreyft, álít jeg að ekki þurfi að færa frekari ástæðu fyrir þessari till.

Ráðherrann: Jeg verð að vera á þeirri skoðun, að þótt þessari tilskipun frá 7. febr. 1764 hafi verið beitt hjer á landi um nokkuð langan tíma, þá hafi það aldrei verið lögmætt, með því að hún hefur aldrei verið birt hjer, nje öðlazt hjer lagagildi. Innheimta þessa skatts hjer á landi er að minni ætlan að eins gamall stjórnaryfirgangur, og var þessum skatti stundum alleinkennilega beitt, eða öllu heldur misbeitt með skírskotun til danskra lagafyrirmæla um þetta efni, sem engum manni hjer í þingsalnum mun detta í hug að gildi hjer á landi. Dæmi um þetta má lesa í tíðindum um stjórnmálefni Íslands fyrir árið 1872 o. v.

Auðvitað rann skatturinn í ríkissjóð lengst af, en var af dönsku stjórninni tekinn upp í fjárhagsáætlunina fyrir Ísland frá 4. marz 1871, og eptir að alþingi fjekk löggjafarvald, hjekk skattur þessi á tekjubálkinum þangað til árið 1885; þá var hann að ráði fjárlaganefndarinnar í neðri deild numinn úr fjárlögunum, og verð jeg að álíta, að þar með hafi verið *numin burt heimildin til þess að innheimta* þennan gamla, og hjer á landi ólögmæta skatt.

Á till. háttv. nefndar, eins og hún kom fram, er auðsætt, að nefndin byggir hana ekki á tilsk. 7. febr. 1764 eingöngu, heldur jafnframt á þeim dönsku lagaboðum og lögvenjum, sem síðan hafa breytt fyrirmælum tilskipunarinnar.

Eptir tilskipuninni eiga allir, sem einhverja lögtign hafa, hvort sem hún er samfara embætti, stafandi af embætti, sem maður hefur áður haft, eða fylgjandi með nafnbót eða heiðursmerki, að greiða metorðaskatt, en nefndin fer að að eins fram á metorðaskatt frá tveim mönnum, sem hafa nafnbót án tilsvarandi embættis. Þetta er samkvæmt dönskum reglum; en að því er Ísland snertir, munu engin lagafyrirmæli vera til, viðvíkjandi nafnbótarskatti, nema 5. gr. í launalögunum frá 15. okt. 1875. Þar er að vísu gengið út frá því, að nafnbótarskattur sje til, og sagt, að hann skuli *ekki* greiðast í tilteknu tilfelli, sem *ekki* grípur yfir allt annað en tómar nafnbætur. En slík ummæli í lögum, sem að eins stafa frá skakkri skoðun á því, hvað sjeu lög áður, geta að mínu áliti ekki verið nægileg til þess, að leggja á menn skatta og skyldur, enda hefur alþ. ekki litið svo á, þegar það felldi niður heimildina til að innheimta þennan skatt í fjárlögunum 1885.

Í öllu falli verð jeg að telja það rangt að heimta nú þennan skatt eptirá fyrir fjárhagstímabil, er liðin eru, án þess á fjárlögunum væri nein innheimtuheimild eða neinn liður í áætlun fyrir slíkar tekjur. Og mjer finnst öldungis óþarft yfir höfuð, að fara nú að vekja upp þennan gamla draug, meðan mönnum ekki einu sinni er ljóst, hverjum þeir eiga að senda hann.

Vjer höfum hingað til sjálfir viljað setja oss lög vor, og væri einkennilegt, ef þingið vildi nú fara að bregða út af þeirri stefnu, einmitt í skattalögum vorum, og seilast eptir gömlum, útlendum, úreltum ákvæðum, til þess að heimta eptir þeim skatta af borgurum landsins. Vilji menn endilega taka upp slíkt skattgjald, ætti þinginu ekki að vera ofætlun, að setja lög um það sjálft, í stað þess að beita útlendum lögum. Jeg vil því skora á háttv. þingd., að taka heldur það ráð, ef mönnum endilega sýnist svo, en fella þessa tillögu.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Þrátt fyrir mótmæli hæstv. ráðherra, verður nefndin að halda því fram, að hún hafi lög að mæla. Í lögum 15. okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna, stendur í 5. gr.: »Metorðaskattur greiðist eigi af þeirri tign, sem er samfara embætti eða sýslan«. Hafi embættismaður tign, sem bundin er við nafnbót, skal að eins greiða metorðaskatt af þeirri tign, að svo miklu leyti, sem hann við hana kemst í æðri tignarflokk en þann, er embættið eða sýslanin heyrir til.

Hvernig er hægt að skilja þetta ákvæði öðruvísi en svo, að nafnbótaskattur skuli goldinn, ef tignin ekki er samfara embætti eða sýslan. Og til þess að sýna, að reikningslaganefndin stendur ekki ein uppi með þessa skoðun, skal jeg vísa til ritgjörðar Magnúsar Stephensens í Tímariti Bókmennta-

fjelagsins 1880. Þar segir skýlaust, að af allri lögtign, beri að greiða skatt, nema embætti fylgi. Hann talar ekki um þetta sem neitt vafamál, og það er víst óhætt, að byggja á orðum hans um þetta efni, því að sá maður er ekki þekktur að því, að segja meira en hann getur staðið við. Jeg álít því hættulaust fyrir háttv. deild, að samþykkja till. nefndarinnar.

Ráðherrann: Þessar mótbárur háttv. frms. hata ekki sannfært mig að neinu leyti. Jeg þekki vel lögin frá 1875 og vitnaði einmitt sjálfur rjett áðan í þetta ákvæði, sem háttv. þm. gat um og skírskotaði til. Það er alveg ómótmælanlegt, að þegar launalögin frá 1875 voru samin — eptir dönskum lögum, af stjórninni — var gengið út frá því, að metorðaskattur væri einnig heimtur og greiddur á Íslandi, Það er vitanlegt, að stjórnin hafði framfylgt þessu í samræmi við það. sem átti sjer stað í Danmörku, og ákvæðin, sem háttv. framsögum. las upp, eru orðrjett útlegging 13. gr. í dönsku lögunum frá 26. marz 1870. Við »dependerum þar af þeim dönsku«, eins og við svo opt höfum gjört og gjörðum, að því er nafnbótaskattinn snertir, þangað til alþingi 1885 tók skarið af og strykaði þann tekjulið út. En ályktanir út frá þessari skökku skoðun, sem kemur fram í ummælum lagagreinarinnar, viðvíkjandi gildi útlendra laga hjer á landi, eru að minni hyggju ekki nægilegur grundvöllur fyrir skattaálögum, það því síður, sem þessi 5. gr. laga 1875 *alls ekki* segir, hve mikinn skatt beri að heimta, nje af hverjum.

Sama er að segja um hina röksemd háttv. framsögum. Sá háttvirti lögfræðingur, sem hann bar fyrir sig, var vitaskuld árið 1880 þessarar sömu skoðunar og háttv. frsm. Þá var þessi skoðun almenn, eins og jeg gat um áðan. Síðar fjellu menn frá henni og það einmitt meðan hinn háttv. rithöfundur Magnús Stephensen sat á alþingi, sem fyllti þar flokk annara lögfræðinga. sem voru því meðmæltir að fella nafnbótaskatt burtu sem tekjulið. Það dugir því ekki að vitna í þessa ritgjörð M, St., hvað þetta atriði snertir, vegna þess, að höfundurinn hefur komizt að annari niðurstöðu síðar, og heldur henni fastri enn, að því er mjer frekast er kunnugt.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætlaði ekki að leggja orð í belg í deilu hæstv. ráðherra og reikningslaganefndarinnar, en verð þó að segja fá orð. Jeg man ekki betur, en að metorðaskattur hafi verið krafinn fram yfir 1884. Weywadt galt allt af 12 kr., ef jeg man rjett. Þorsteinn Jónsson »kancelliráð« afsalaði sjer þeirri nafnbót hjer um bil 1882—1883 af því, að hann var krafinn um skatt af nafnbótinni. Frá þeim tíma og þangað til nú, að þessar nýju nafnbætur koma, hygg jeg, að enginn hafi haft hærri lögtign, en embætti vísaði til, nema ef til vill 1 maður, og mjer er ókunnugt, hvort hann hefur borgað nafnbótaskatt. Þetta er ekkert kappsmál frá nefndarinnar hlið. En lögin eru óskýr og reikningslaganefndin vill fá slegið fastri reglu um þetta, annað hvort — eða. Þetta hefur verið talið vafasamt eptir lögunum nú á síðari árum. Þingið á ekki að skera úr hvað eru lög í þessu efni. Það á að taka ályktun um það, hvort það vill halda því fram, að landsstjórninni beri að krefja þessa menn um metorðaskatt með málssókn, ef til kemur. Deildin er engin dómstóll, en hún hefur ályktunarvald um, hvaða tekjur stjórnin eigi að telja landssjóði.

Frá hinu sjónarmiðinu, sem dómur í málinu, hefur ályktun deildarinnar ekki neina þýðingu.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 304 samþ. með 16 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Herm. Jónasson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Einar Þórðarson,	Pjetur Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	St. Stefánss. Eyf.,
Hannes Þorsteinss.,	Tryggvi Gunnarss.,
Jóhannes Ólafss.,	Þórh. Bjarnarson.
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánss., Skgf.	

Guðmundur Björnsson, var ekki við,
L. H. Bjarnason, og
Magnús Andrjesson, greiddu ekki atkv., og teljast með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þgskj. 325 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. samþ. í einu hlj. og verður sent forseta Ed., til að leggjast fyrir þá deild.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 28. ágúst kom frumv. (A 389) til 1. umr.

Björn M. Ólsen: Jeg leyfi mjer að gjöra það að tillögu minni, að þessu máli sje vísað til sömu nefndar, sem frumv. næsta á undan, þegar umræðunni er lokið.

Jón Jakobsson: Er nokkur ástæða til þess, að skipa nefnd í þetta mál?

Valtýr Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á sjerstakri 3 manna nefnd.

Björn M. Ólsen: Fjármálanefndin er sjerstök nefnd, og mjer virðist þetta mál vera svo nátengt næsta máli á undan, fjáraukalagafrumv. fyrir árin 1904 og 1905, að sama nefnd eigi að fjalla um þetta frumv.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Uppástunga um að vísa frumv. til fjármálanefndar var felld með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Sig. Jensson,
Eiríkur Briem,	Ág. Flygenring,
Guttormur Vigfúss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Jón Jakobsson,	Jóh. Jóhannesson,
Steingr. Jónsson.	Sigurður Stefánss.,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórarinn Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson.

Tillaga um að vísa frumv. til sjerstakrar nefndar var felld með 8 atkv. gegn 4.

Á 40. fundi Ed., föstudaginn 30. ágúst kom frumv. (A 389,441,458) til 2. umr.

Forseti bar undir deildina, hvort til greina skyldi koma við þessa umr. breyt.till. frá ráðh. á þgskj. 458, með því að þeim hafði ekki verið útbýtt fyrri en á fundinum.

Það var samþ. í e. hlj.

Ráðherrann: Í háttv. Nd. voru samþ. 2 litlar breytingar á reikningslagafrv. Var önnur í þá átt að hækka tekjuafgang fjárhagstímabilsins um 348 kr. 80 a., sem greiddar höfðu verið úr landssjóði fyrir heimsending nokkurra norskra sjómanna, er fengnir höfðu verið hingað út, og áttu að vera á þilskipaveiðum, en varð svo ekki notast við.

Alit nefndarinnar í Nd. var á þá leið, að kostnaður þessi hefði ekki átt að greiðast úr landssjóði, heldur úr sveitarsjóði; þess vegna kom nefndin fram með breyt.till. um það, að þessi upphæð væri numin burt úr gjöldunum. Um þetta urðu stuttar umr. í Nd., og var brt. samþ. með litlum atkv. mun. Síðan mun mönnum hafa orðið ljóst, að þetta mundi ekki á sem beztum rökum byggt. Að koma útlendum mönnum aptur heim til sín, getur alls ekki talizt til venjulegra sveitargjalda eða lögmætur sveitarstyrkur. Því að sveitarstyrkurinn er til þess ætlaður, að koma í veg fyrir það, að menn liði neyð í landinu. Á þennan hátt mun og vera litið á þetta í öðrum löndum. Ekki er til dæmis sveitarfjelögunum í Norvegi talið skylt að borga ferðakostnað milli landa fyrir þá, sem sendir eru heim, heldur að eins kostnaðinn, eptir að þeir eru heim komnir.

Samningur er milli Danmerkur og Norvegs og Svíþjóðar um það, að kostnað allan við skipbrotsmenn, er senda þarf heim, skuli borga af ríkissjóði þess ríkis, þar sem skipbrotsmennirnir líða skipbrotið. En þessi kostnaður, sem hjer er um að ræða, fellur ekki undir þau ákvæði, og verður ekki heimtaður úr ríkissjoði Dana. Mennirnir voru ráðnir hingað sem verkamenn og lögskráðir hjer á íslenzk fiskiskip. Það er eptir því, sem jeg frekast veit, alþjóðaregla, að þegar útlendir, ókunnugir menn verða eptir í einhverju landi, skuli það land koma þeim heim aptur. Jeg hef fundið brjef í norska lagasafninu frá 23. maí 1866, þar sem það sjest, að það hefur opt komið fyrir, að sveitarsjóðirnir hafa í Norvegi neitað að greiða kostnað við heimsending norskra manna, og hefur þá ríkið hlaupið undir bagga og borgað kostnaðinn.

Í þessu brjefi frá 23. maí 1866 segir svo:

»Departementet yttrer derpaa vi»dere, at det anser det utilraadeligt »at udvide disse Tilfælde, da det an»tages at være en international Regel, »at det Land, hvor en Fremmed »bliver nödlidende, foruden at yde »ham den paa Stedet fornödne »Understöftelse ogsaa besörger ham »hjemsendt til Fædrelandets Grænd»ser uden herfor at kræve Erstat»ning, hvilken Regel navnlig fra »norsk Side stadig befölges i For»hold til Danmark ligesom den, »hvad Transportomkostninger an»gaar, udtrykkelig er foreskreven for »Forholdet mellem Norge og Sverige »ved § 6 i den Kongl. Resolution »af 15. Februar 1855, medens denne »Resolution iövrigt af særlige Grunde »anordner gensidig Erstatningspligt »med Hensyn til den paa Stedet »ydede Understöttelse«.

Eptir alþjóðareglum virðist því hafa verið rjett, að landssjóður borgaði þennan kostnað; því sje jeg ekki ástæðu til fyrir okkur að skerast úr leik með slíkt. Í því sjerstaka tilfelli, sem hjer er um að ræða, skiptir eigi miklu, hvort landssjóður eða Reykjavík borgar, því upphæðin er ekki stór, og bæjarsjóður Reykjavíkur gæti vel risið undir henni. En væri það gjört að reglu, að heimta slíkan kostnað af þeirri sveit, þar sem útlendingar verða vegalausir, þá gæti það komið hart og þungt niður á litlum sveitarfjelögum og orðið þeim óbærileg byrði, og það er engin ástæða til þess að leggja hana á þau, nema skýr lög sjeu fyrir því. Jeg hef að vísu heyrt, að það sje mein-

ing nefndarinnar í Nd. að taka þessa upphæð aptur á fjáraukalög þegar fjáraukalagafrumv. fyrir 1906 og 1907 kemur þangað aptur. En í fyrsta lagi á það ekki við, að taka þessa upphæð inn á það frumv., því að hún kom til útgjalda á fjárhagstímabilinu 1904—1905, enda tel jeg miklu rjettara, að breyta þessu aptur, samkvæmt tillögu minni, og ákveða tekjuafganginn þeim mun lægri, í stað þess að fara þá krókaleið, að fella hana í einu frv. og veita hana aptur í öðru frumv. Jeg leyfi mjer því að mæla fram með þessari breyt.till. minni, og treysta því, að háttv. deild samþ. hana.

Síðari breyt.till. mín stafar af brtill. um innheimtu á nafnbótaskatti frá 1905, 116 kr. Hafði reikningslaganefndin í Nd. bætt þessari upphæð við tekjueptirstöðvarnar. Jeg reyndi í Nd. að leiða rök að því, að engin gildandi lög væru hjer á landi um innheimtu nafnbótaskatts. Til er að vísu gömul tilskipun fyrir Norveg frá 7. febr. 1764, sem áður hefur verið notuð hjer á landi, að minnsta kosti við og við, og til hennar skírskotaði nefndin í Nd., en tilskipunin nær yfir alla embættismenn, sem eru í »Rang«. Það hljóta því að vera aðrar reglur, sem háttv. Nd. byggði á, þar sem hún vildi innheimta skattinn að eins hjá þessum 2 mönnum. Því ef tilskipun þessi gildir hjer, þá kæmu fleiri til greina. En jeg álít, að hún gildi hjer ekki, því að hún hefur aldrei verið hjer löglega birt í þeim tilgangi að lögleiða hana, og skattamálanefndin frá 1875, er starfaði árið 1876, safnaði öllum gildandi skattamálaákvæðum; þá taldi hún ekki nafnbótaskatt með sem gildandi skatt hjer á landi, og er hann ekki tekinn með í till. nefndarinnar.

Alþingi 1885 felldi úr fjárlögunum heimildina til þess að innkrefja skattinn, og síðan hefur þessi skattur aldrei staðið í tekjubálk fjárlaganna. Hefði hann verið talinn gildandi hjer, hefði þó átt að ætla honum pláss, þótt engir væri skattskyldir í svip, því ómögulegt var að vita fyrirfram, hvernig það mundi ráðast á fjárlagatímabilinu.

Þegar launalögin voru gefin út 1875, þá er það reyndar bersýnilegt, að gengið hefur verið út frá nafnbótaskatti í 5. gr., sem er þýðing úr dönskum lögum frá 1870. Hafa þeir, er lögin sömdu og samþ., haldið, að hjer væri til eitthvað, er hjeti nafnbótaskattur; en slíkt er ekki nóg til að slá fastri skattskyldu nje skattsupphæð.

En hvernig sem á þetta er litið, virðist rangt að innheimta þennan niðurlagða skatt aptur fyrir sig, fyrir umliðinn tíma, hjá mönnum, sem tekið hafa við nafnbótum í þeirri trú, að engin nafnbótaskattur væri lögboðinn hjer á landi. Þessir menn höfðu ástæðu til að ætla, að engin kvöð lægi á þessum nafnbótum, því sú var skoðun yfirvaldanna, og hefur því enginn krafa komið til þeirra í þessa átt. Mjer finnst því, hvernig sem litið er á málið að öðru leyti, harla ósanngjarnt, að senda þeim nú þennan uppvakning.

Jeg vona. að háttv. deild breyti þessu og leyfi, að tekjueptirstöðvarnar verði samkvæmt því færðar niður um 116 kr. eða settar í samt lag eins og í stjórnarfrumv.

Háttv. þm. K.-G. leggur til, að þessar tekjueptirstöðvar sjeu hækkaðar, hann vill hafa enn meiri nafnbótaskatt; en mjer er ekki ljóst, hvernig hann hefur fundið út þá upphæð, er hann setur í breyt.till. sinni, og hygg jeg helzt, að þar sje um einhvern misskilning að ræða.

Svo er komin fram önnur breyt.-

till. frá sama háttv. þm. (V. G.), þess efnis að færa gjaldlið 7 niður um 1,999 kr. og 90 au. Jeg þykist skilja, að þessi upphæð sje fyrir mótorvagn Thomsens. Háttv. þm. hefur skotizt þar, því að ef þessu yrði breytt, þá yrðu og aðrar tölur að breytast. Jeg skil ekki vel, hví hann vill slá af 10 aurum, því vagnin, kostaði 2,000 kr. En ef til vill er það prentvilla. En jeg vona, að háttv. deild komist að raun um, að þessi upphæð er greidd í fullkominni lagaheimild; hún er veitt Thomsen kaupmanni á fjárlögunum, sem styrkur til að kaupa mótorvagn og reyna hann á vegum hjer. Það er áreiðanlegt, að hún fæst ekki endurborguð, þó þess væri leitað. Thomsen hefur sent stjórninni skýrslu um vagninn og tilraunirnar, og sjest af henni, að öllum skilyrðum fyrir útborguninni er fullnægt.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Viðvíkjandi 1. breyt.till. hæstv. ráðh. um endurborgun á 348 kr. 80 a., og jafnframt um að færa niður tekjueptirstöðvar, skal jeg ekki fjölyrða. Mjer er þetta atriði ekki fyllilega ljóst, en jeg hygg, að lögfræðingarnir hjer í deildinni ættu að geta skýrt það. Og mjer er ekki heldur ljóst, við hvað háttv. Nd. hefur miðað það, að leggja þessi útgjöld á sveitarsjóð. En eptir skýringu hæstv. ráðh., finnst mjer flest mæla með því, að landssjóði beri að greiða þennan kostnað. Jeg vona, að fá lögfræðislega skýring á því, á hverju háttv. Nd. hefur byggt.

Hin breyt.till. hæstv. ráðh., um að sleppa nafnbótaskattinum, stendur í sambandi við breyt.till. frá mjer, um að telja skattinn með tekjum landssjóðs. Jeg skal geta þess, að jeg miðaði við það, að einn maður hjer á landi hefur stórkross, en honum fylgir lögtign 2. flokks, og borga ber af henni 140 kr. á ári, en það verður 280 kr. á fjárhagstímabilinu. En nú hef jeg komizt að því, að þessi maður hefur sömu lögtign sem uppgjafaembættismaður. Er jeg þeirrar skoðunar, að embættismenn eigi ekki að gjalda þennan skatt, og tek jeg því þessa breyt.till. mína aptur (þskj. 441).

Viðvíkjandi þeirri breyt.till. hæstv. ráðherra, sem fer fram á, að fella burt þessar 116 kr., er samþykkt var í háttv. Nd. að telja með tekjueptirstöðvunum, skal jeg taka fram, að jeg álít það fyllilega rjettmætt, að halda þessari upphæð. Það er enginn vafi á því, að þessum 2 mönnum, sem um er að ræða, ber að greiða nafnbótaskatt hjer á landi. Hæstv. ráðherra sagði, að fyrir þessu væru engin önnur lög, en tilskipunin frá 7. febr. 1764. Þess er getið í Lagasafni fyrir Ísland, að henni hafi verið fylgt hjer frá 1765, og eins miklir lögfræðingar og Magnús Stephensen eldri og Bjarni Thorsteinsson amtmaður álitu hana gilda hjer og fylgdu henni fram. Fyrverandi landshöfðingi Magnús Stephensen gjörir grein fyrir því í Timariti Bókmenntafjelagsins frá 1880, að greiða beri skatt af eldri lögtign, sem ekki fylgi embætti. (»Af allri lögtign ber að greiða skatt, nema þeirri, sem er samfara embætti« bls. 171).

Sömuleiðis stendur í launalögunum frá 15. okt. 1875, 5. gr. »Metorðaskattur greiðist eigi af þeirri tign, sem er samfara embætti eða sýslan. Hafi embættismaður eða sýslunarmaður tign, sem bundin er við nafnbót, orðumark eða hirðmanns-þjónustu, *skal að eins greiða metorðaskatt af þeirri tign*, að svo miklu leyti, sem hann við hana kemst í æðri tignarflokk, en þann, er embættið eða sýslanin heyrir til«. —

Þetta er greinilegt og sýnir, að íslenzka löggjafarvaldið 1875 áleit, að greiða ætti skatt af allri lögtign, sem ekki væri samfara embætti.

Hæstv. ráðherra gat um skipun skattamálanefndarinnar 1875, og að sú nefnd minntist eigi á þennan skatt, sem þar með væri fallinn úr sögunni. En jeg álít þvert á móti. Skatturinn er talinn í fjárlögunum 1873—1873 og hefur því haldið áfram löngu eptir að þessi skattanefnd var hætt að starfa, og er talinn í fjárlögum; kemst hæst 1877, 254 kr., 1883 lægstur 16 krónur. Síðan hefur dregið úr honum, hann hverfur. Hvers vegna fellur hann niður? Beint af því, að mennirnir deyja út.

Í fjárlaganefndarálitinu 1885, er jeg með leyfi hæstv. forseta skal lesa eina setningu úr, segir svo (töluliður 8.):

»Nafnbótaskattinn höfum við dregið »út; nú sem stendur er enginn sá »hjer á landi, er skatt þennan greiði, »og engin líkindi til, að sá skattur »greiðist hjer fyrst um sinn; enda »er hinn eini maður, sem um mörg »ár hefur greitt þennan skatt, »kammer-assessor Weywadt í Djúpa»vogi, nú dáinn«.

Ástæðan til þess, að skatturinn var felldur niður, hefur því verið sú, að sá eini maður, sem þá greiddi skattinn hjer á landi, var dáinn. Fulltrúi stjórnarinnar á alþingi þá fjellst algjörlega á þetta og talar ekkert frekar um það.

Af þessu sjest nú skýrt, að innheimta nafnbótaskatts hefur verið »praktiseruð« sem lög hjer á landi frá 1765 til 1885, enda hafa helztu lögfræðingar landsins talið það lögum samkvæmt. Það er því sjálfsagt, að löglegt er, að skatturinn sje greiddur. Mundu þessir menn verða dæmdir til að greiða nafnbótaskattinn, ef til dómstólanna kasta kæmi; það er vafasamt, hvort nauðsynleg er nokkur íslenzk löggjöf um þetta; það var sameiginlegt mál, en við fjárhagsskilnaðinn lagðist skatturinn til landssjóðs. Til ársins 1885 hefur þessu líka verið fylgt.

Það getur því enginn vafi leikið á því, að þar sem það hefur verið svo lengi gildandi lög hjer á landi, að það beri að greiða þennan skatt, þá verð jeg að halda því fram, að það beri að heimta hann enn þá, og það því fremur, því meira sem þeim mönnum fjölgar, sem fá slíkar nafnbætur, og háttv. ráðherra hefur sjeð um, að þeir verði fleiri hjer eptir en þeir, sem komu á fjárhagstímabilið 1904 og 1905, og finnst mjer hann vel mega vera ánægður með, að verða þess valdandi, að þessum gæðingum hans veitist þessi tign, þótt hann ekki líka verði þess valdandi, að þeir losist við að greiða þá skatta, sem af henni leiða. Jeg er alveg hissa á því, að háttv. ráðh. skuli setja sig upp á móti nokkurri þeirri tillögu, sem gengur í þá átt, að auka tekjur landssjóðs; hann ætti þvert á móti, að vera sá fyrsti til að verja rjett landssjóðs og gjöra sitt ýtrasta til að afla honum þeirra tekna, sem honum ber. Ef þessir menn neita að borga þennan skatt, þá er hægurinn hjá að láta dómstólana skera úr þrætunni; sú leið liggur ávallt opin fyrir. Jeg veit, að stjórnin í Danmörku hefur jafnvel verið svo frek, að fara fram á, að embættismenn greiddu skatt af þeirri tign, sem fylgdi embætti þeirra, eptir að þeir fengu lausn, og er þeir neituðu því, þá fór hún fram á, að þeir afsöluðu sjer tigninni. Svo var málinu skotið til dómstólanna, og hæstirjettur felldi þann dóm 15. okt. 1875 að þeir skyldu ekki greiða skattinn. Þetta sýnir, að danska stjórnin gjörði sjer

meira far um að verja hagsmuni ríkissjóðs, en hæstv. ráðherra ver hagsmuni landssjóðs. Jeg hjelt þó, að landssjóði veitti sannarlega ekki af að fá allar þær lögmætu tekjur, sem honum ber.

Þá kem jeg að hinni síðari breyt.-till. minni á þgskj. 442, sem fer fram á, að krafizt sje endurborgunar á þeim 2,000 kr., sem veittar voru á fjárlögunum fyrir 1904 og 1905, til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn, og reyna hann á vegum hjer. Þegar litið er á þennan útgjaldalið fjárlaganna fyrir 1904 og 1905, — eins og athugasemdin er orðuð — þá sjest, að þegar þessi fjárveiting var sett inn á fjárlögin, þá var hún veitt *sem styrkur* til konsúls Thomsens til þess að kaupa mótorvagn. Meiningin með þessari fjárveitingu var auðvitað sú, að fá góðan mótorvagn, til þess að reyna hann á íslenzkum vegum. Nú vissu menn, að ef útvega ætti nýjan mótorvagn, þá mundi hann kosta 7—8 þús. kr., og þess vegna voru þessar 2,000 kr. að eins ríflegur styrkur til þess að kaupa nýjan mótorvagn. Nú er það á allra vitorði, að það hefur verið farið allt öðruvísi með þessa fjárveitingu, en til var ætlazt af þinginu. Eptir því, sem jeg hef heyrt, — jeg hef þó ekki þau skilríki fyrir því, að jeg geti skoðað þau sem fulla sönnun — þá átti þessi mótormagn, sem keyptur var, að hafa kostað milli 7 og 8 hundruð kr., og hef jeg það frá þeim mönnum, sem talað hafa við þann, sem seldi vagninn; jeg skal ekkert um það segja, hvort það er rjett hermt hjá þessum mönnum; en jeg verð að halda fast við það, að landsstjórnin hefði ekki átt að borga út þetta fje, þegar það sýndi sig, að vagninn var það skrifli, sem allir vita að ekki komst áfram hjer um göturnar, og að það varð að draga hann, og þessi tilraun varð því ekki til þess, að menn fengju vissu fyrir því, hvort mögulegt væri að nota mótorvagna á íslenzkum vegum, og hefur þessari fjárveitingu þess vegna alls ekki verið varið samkvæmt tilgangi alþingis; jeg hef því farið fram á, að þessarar upphæðar verði krafizt aptur, en ef þeirri kröfu ekki yrði sinnt, þá að konsúl Thomsen væri gjört að skyldu að leggja fram reikning, er sýndi, hvort hann hefði varið þessum styrk á rjettlátlegan hátt. Jeg veit, að það er almenn óánægja yfir því, hversu mikinn skaða þessi styrkveiting hefur gjört, ekki af því, að hjer sje um svo stóra upphæð að ræða, heldur af því, að þetta hefur hindrað að fá sannanir fyrir því, hvort mögulegt sje að nota þessa vagna á íslenzkum vegum eða ekki. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar að svo stöddu, en vona, að háttv. deild vilji samþ. þessa viðaukatillögu mína.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Viðvíkjandi þessari breyt.till. frá háttv. 2. þm, G.-K. (V. G.), sem hann nú hefur gjört grein fyrir, þá skal jeg láta þess getið, að það stóð svo á á þinginu 1903, að þessi fjárveiting, sem hjer ræðir um, varð að ágreiningsmáli milli deildanna. Ed. felldi þessa fjárveitingu burt úr fjárlagafrumv., en Nd. setti hana inn aptur, og í Sþ. var þetta gjört að kappsmáli og fjárupphæðin samþ. sem styrkur til konsúls Thomsens til þess að útvega mótorvagn frá útlöndum og reyna hann á vegunum hjer. Þetta stóð í sambandi við það, að einhver þm. í Nd. hafði orðfært þetta við konsúl Thomsen, og hafði hann svo gjört ráðstöfun til þess að útvega vagninn. Það var orðað í fjárlögunum sem styrkur til konsúls Thomsens í þessu augnamiði. Þetta var bundið við þennan einstaka mann til

þess að gjöra þessa tilraun; en eins og það stendur þar, þá er ekki einungis fullkomleg lagaheimild fyrir þessari útborgun, heldur er einnig alveg vonlaust um, að fá þetta fje endurgoldið með málssókn. Það mundi verða litið svo á, að fullnægt hefði verið þeim ákvæðum, sem hjer liggja fyrir og að ekki væri frekar við það að gjöra. Ed. reyndi að varna þessari fjárveitingu (1903), en fjekk því ekki fram komið.

Hin önnur atriði um nafnbótaskattinn eru svo lagalegs eðlis, að jeg hef litið um það að segja. Jeg vil að eins leyfa mjer að benda á, að þar sem nú er af mörgum litið svo á, að nafnbótaskattur sje ekki lengur lögum samkvæmur hjer á landi, þá virðist mjer það hart að heimta hann af mönnum, sem hafa tekið við nafnbót í þeirri trú, að engin gjöld væru þeim samfara. Öðru máli er að gegna fyrir framtíðina, ef það skyldi álitast rjett, að lögákvæði væru fyrir því.

Ráðherrann: Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), tók till. sína á þgskj. 441 um hækkun á tekjueptirstöðvum landssjóðs af nafnbótaskatti aptur, og var það viturlega gjört af honum. En röksemdarleiðsla hans útaf því, að embættismenn eigi ekki að borga skatt af nafnbótum eða tign, sem eru samfara embætti, sem stafar frá hinni dönsku tilskipun 26. mars 1870, sannar ekkert um skyldu annara til að greiða nafnbótaskatt. Ákvæðin í 4. gr. embættislaunalaganna frá 1875 eru »*negativ*«, og sýna að eins, að gengið hefur verið út frá þeirri skökku skoðun, að hjer á landi væru gildandi lög um nafnbótaskatt, eins og jeg hef áður tekið fram. En því fer fjarri, að slík neitandi eða óbein ummæli, sem ekki nefna neina tiltekna upphæð, geti verið nægur grundvöllur fyrir skattinnheimtu. Þá vitnaði sami háttv. þm. í ummæli fyrverandi landshöfðingja Magnúsar Stephensens um þetta efni í ritgjörð um skatta frá 1880, og gat þess jafnframt, að í fjárlögunum hefði nafnbótaskattur staðið til 1885. Þetta vissi jeg vel; en þingið fjell frá þessari skoðun, og landshöfðinginn, Magnús Stephensen, var meðal þeirra manna, sem samþ. að fella burt úr fjárlögunum þennan tekjulið. Þetta gat ekki með rjettu byggzt á öðru en þeirri skoðun, að ekki beri að heimta skattinn, þó fjárlaganefnd Nd. hafi orðað þetta óljóst; að enginn gjaldandi væri í svipinn, var engin ástæða til slíks. Liðurinn hlaut að standa, sem innheimtuheimild, ef þingið áleit skattinn lögmæta tekjugrein. Þó að ekkert sjáist um þetta í umr. Ed., er það ekki að marka, því að spurningin hefur verið afgjörð í fjárlaganefnd deildarinnar, en í henni var þáverandi yfirdómari, landshöfðingi Magnús Stephensen. Annars er það allt *of* djúpt tekið í árinni, að segja, að þessari gömlu tilskipun hafi *alltaf* verið fylgt hjer á landi; henni hefur verið beitt við og við og opt misbeitt. Má finna undarlega úrskurði um nafnbótaskattskröfu á hendur Íslendingum, ef vel er leitað, þannig er því haldið fram í stjórnarbrjefi frá 23. maí 1872, að lögin frá 26. marz 1870, sem eru algjörlega dönsk lög, gildi hjer á landi, en nái þó ekki til biskupsins, að því er snertir undanþágu fyrir þá lögtign, er samfara var embætti hans; samt hefur skömmu síðar verið hætt við að heimta gjaldið af biskupnum án þess nein lagabreyting yrði, svo jeg viti. Sama ár fór amtmaður, er lausn hafði fengið frá embætti, fram á það, að vera laus við nafnbótaskatt af þeirri nafnbót — amtmannstitlinum — sem leiddi af embætti hans. En því var

neitað með brjefi 9. ágúst 1872, og skipað að innheimta skattinn, svo að hann neyddist til að afsala sjer þessari embættistign.

Að þessi skattur, sem áuðvitað rann í ríkissjóð Dana, hafi nokkurntíma verið þjóðlegt íslenzkt gjald, nær ekki neinni átt. Hitt má aptur á móti segja, að sú venja, að innheimta þennan skatt eptir tilsk. 1764, sje nú löngu fallin burt, og í hennar stað komin 22 ára venja, að telja ekki þennan skatt með tekjum á fjárlögum landsins. Jeg verð því að álíta það beinlínis rangt að heimta þennan skatt nú upp úr þurru fyrir umliðinn tíma, og vonast jeg til, að háttv. deild sýni þá sanngirni, að fallast á breyt.till. mína.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. þm. G.-K. (V. G.), um mótorvagninn, get jeg ómögulega sjeð, að stjórnin gæti komizt hjá að borga út þá upphæð, sem hjer er um að ræða. Það hafa verið færðar sannanir fyrir því, að vagninn væri góður, og skal jeg, með leyfi hv. forseta, lesa upp lýsingu konsúls Thomsens á vagninum. Þegar konsúllinn fór þess á leit við stjórnarráðið að fá styrkinn útborgaðan, beiddist stjórnarráðið upplýsingar um ýms atriði viðvíkjandi vagninum og notkun hans og svarar hann þá á þessa leið:

»Samkvæmt tilmælum frá fjárlaga-»nefnd neðri deildar alþingis 1903, »hef jeg keypt mjer mótorvagn og »reynt hann á vegunum hjer. Leyfi »jeg mjer hjermeð virðingarfyllst að »láta hinu háa stjórnarráði í tje »nokkrar upplýsingar hjer að lút-»andi. Mótorvagnar hafa venjulega »4—5 hesta afl og pláss fyrir 2 menn, »en þessi, sem jeg hef keypt, hefur »7½ hesta afl, og pláss fyrir 5—6 »farþega. Skýli (Kalesche) er á hon-»um, sem má draga upp í slæmu »veðri. Vagninn má nota til flutn-»inga á farþegum, pósti og ljettum »vörum.

»Vagninn hefur verið talsvert reynd-»ur í sumar, í smáferðir til Hafnar-»fjarðar, Elliðaánna, Miðdals og »Lækjarbotna, og einu sinni í lengri »ferð, austur á Eyrarbakka og Stokks-»eyri. Reynsla sú, sem fengizt hef-»ur með þessum tilraunum, er eink-»um falin í eptirfylgjandi atriðum. »Hestar fælast lítið sem ekkert mótor-»vagninn. Vegir eru yfirleitt nógu »breiðir fyrir mótorvagn, er varúðar »er gætt, þegar vagninn mætir lest-»um eða hestavögnum. Ofaníburð-»ur er einnig vel hentugur fyrir »mótorvagn víðast hvar, þar sem við-»hald er gott á vegunum, en sum-»staðar eru lautir og holur, og þar »reynir mjög mikið á lofthringina á »vagnhjólunum. Rjett fyrir ofan »Lækjarbotna er klettur á miðjum »veginum, sem vjelin skall á, þegar »vagninn fór yfir hann, og fyrir of-»an Elliðárnar er ofaníburðurinn »svo gljúpur, að lítt mögulegt er, að »koma vögnum upp brekkuna, hvort »sem það eru mótorvagnar eða »hestavagnar.

»Verð á mótorvagni til póst- og »farþegaflutninga hjer á landi, af »sömu stærð og minn, en með 15 »hesta afli, mun nema um 10—12,000 »krónur; litlir vagnar með sætum »fyrir 2 menn og 4½ hesta afli, fást »fyrir 3,000 krónur. Vagninn minn »kostaði nýr 6,000 krónur.

»Kostnaður við að hafa mótorvagn »á ferðum er talsvert mikill. Vjela-»stjóra þarf með hverjum vagni og »mun varla fást fyrir minna en 120 »krónur á mánuði. Viðhaldsleysið »á vegunum gjörir það að verkum, »að ákaflega mikið reynir á vjelina

»í hvert skipti, sem vagninn er brúk-»aður, en allar viðgjörðir á þesskon-»ar vjelum eru mjög dýrar.

»Hreyfingarafl mótorsins er „benzin“, »og kostar það á mínum vagni hjer »um bil 75 aura fyrir hverja mílu. »Alls hefur brúkunin á mótorvagn-»inum í sumar kostað mig yfir 700 »krónur«.

Þessar upplýsingar þótti stjórnarráð-inu ekki nægilegar, og var þá konsúll-inn beðinn um frekari upplýsingar um ýms atriði viðvíkjandi vagninum og notkun hans, og þá svaraði konsúll Thomsen á þessa leið:

»Eptir tilmælum hins háa stjórn-»arráðs leyfi jeg mjer hjermeð virð-»ingarfyllst að bæta við skýrslu mína, »dags. 10. sept. f. á., eptirfylgjandi »upplýsingum, viðvíkjandi notkun »mótorvagns þess, er jeg keypti í »fyrra, samkvæmt ósk alþingis 1903.

»Mótorvagninn hefur ekki verið »notaður til að draga annan vagn, »enda er hann ekki til þess útbúinn. »Það mun vera mjög óalgengt, að »slíkir vagnar sjeu látnir draga vagna »eptir sjer.

»Þegar frost er, þarf sjerlegrar var-»úðar með til þess, að vatn það, sem »er notað til að kæla vjelina, frjósi »ekki í henni og sprengi hana. »Bugður eða krókar á veginum eru »vagninum ekkert til fyrirstöðu. Þeg-»ar vagninn fór upp Kamba, var í »honum að eins um 100 pd. af far-»angri, auk vjelastjóra. Vjelastjórinn, »sem var í fyrra, Þorkell Klementz, »hafði ekki gott lag á að koma vagn-»inum upp brekkur, enda var það »engin furða, þar sem öll þekking »hans á að stýra mótorvagni hafði »að eins verið 8 daga nám við sýn-»ingu í Kaupmannahöfn. Í sumar »hefur það aptur gengið mjög vel; »með dálitilli breytingu á notkun »vjelarinnar hefur verið hægt að »aka vagninum upp brattar brekkur »með 5 fullorðnum mönnum á«.

Svo getur konsúllinn um, að hann hafi keypt vagninn af manni, sem hafi verið álitinn hafa bezta þekkingu á mótorvögnum í Kaupmannahöfn, og að það sje svo langt frá, að hann sjái eptir kaupunum, að hann einmitt áliti þennan vagn þá einu tegund af mótor-vögnum, sem sje hentug hjer á landi.

Jeg vona, að þetta sje nægilegt til þess að sýna, að fullnægt hafi verið því skilyrði, sem alþingi setti, og að þessari fjárveitingu hafi einmitt verið varið samkvæmt tilgangi þess. Og naumast hefur konsúll Thomsen spunnið silki á vagnkaupunum, því hann hefur, að sögn hans, varið til hans 900 kr. fyrra árið og 1,100 kr. síðara árið í reksturskostnað og til aðgjörða.

Eptir þessar upplýsingar, sem jeg nú hef gefið, vona jeg, að háttv. deild sjái, að ekki sje ástæða til að krefja konsúl Thomsen fyrir endurborgun á þessari upphæð, þar sem hann hefur keypt vagninn beinlínis eptir tilmæl-um alþingis, og því átt fulla heimting á, að fá fjeð útborgað, og ef stjórnin hefði neitað að borga honum út þessa upphæð, þá hefði konsúll Thomsen vafalaust getað fengið dóm fyrir að fá hana útborgaða af stjórninni, eptir því sem á undan var gengið.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg mun greiða atkv. með báðum breyt.till. hæstv. ráðherra, og skal gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg gjöri það.

Að því, er snertir kostnaðinn við flutning Norðmannanna heim til sín, þá getur það ekki komið til mála, að neitt sveitarfjelag borgi hann, heldur er það almenn regla, að ríkin borgi

slíkan kostnað. En þar sem nú hæstv. ráðherra hefur ekki farið fram á, að ríkissjóður Dana borgaði kostnað þennan, þá bendir það á, að hann skoði Ísland sem sjálfstætt ríki, sem eigi að bera kostnað þennan fyrir þá sök, og megum við því vel una.

Þá er nú nafnbótaskatturinn; þar er um allflókið dómsmál að ræða; en þar sem þeim, er hlotið hafa nafnbæturnar, hefur ekki verið tilkynnt, að þeir ættu að borga skatt þennan, heldur þvert á móti sagt, að nafnbótunum fylgdi engin kvöð, þá er það nokkuð hart, að heimta hann af þeim fyrir þann tíma, sem liðinn er; og með því að málið er flókið, þá get jeg ekki láð stjórninni það svo mjög, þótt hún hafi litið á það eins og hún hefur gjört. Þó vil jeg ekki, að atkvæðagreiðslan hjer sje skoðuð sem nokkur endilegur dómsúrskurður um það, hvort greiða eigi nafnbótaskatt eptirleiðis eða ekki; hjer skoða jeg, að atkvæðagreiðslan sje að eins um það, hvort heimta eigi nú eptir á eða ekki þennan nafnbótaskatt, sem ekki hefur verið greiddur, og stjórnin hefur ekki ætlazt til að greiddur yrði, og hjer sje því eiginlega um eptirgjöf að ræða. Í dómsmálum verður vor deild eigi skoðuð sem efri dómstóll, þótt hún heiti Efri deild, og þar sem háttv. Nd. hefur sett nafnbótaskattinn inn á fjárlög og lögin um samþykkt landsreikninganna sem skatt, er heimta beri inn, á það ekki við, að þessi deild ákveði, að fyrir því sjeu ekki lög.

Að öðru leyti eru það dómstólarnir, sem eiga að gjöra út um það, hvort nafnbótaskatt eigi að greiða hjer eða ekki; og því mun jeg greiða atkvæði með háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), þegar að athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna kemur.

Ráðherrann: Það gladdi mig að heyra, að háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) kvaðst mundu greiða atkv. með breyt.till. mínum. En um það get jeg ekki verið háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) samdóma, að nokkur stórpólitisk yfirlýsing felist í því, að greiddur hefur verið úr landssjóði kostnaðurinn við heimflutning Norðmanna þeirra, sem hjer ræðir um. Ástæðan fyrir því, að fje þetta var greitt úr landssjóði var einungis sú, að eigi var hægt að gjöra kröfu til ríkissjóðs Dana um greiðslu á fje þessu, eptir því, sem málinu var háttað. Annars hefur ríkissjóður iðulega verið krafinn um heimflutningskostnað erlendra sjómanna hjeðan af landi og sá kostnaður verið greiddur úr honum. Jeg hef hjer í höndum heilan bunka af skjölum um það efni. Til þess að fá fjeð fyrir heimflutning erlendra manna endurgreiddan úr ríkissjóði Dana, þurfti ákveðin skilyrði að vera fyrir hendi, og þau voru áreiðanlega ekki hjer. Til skýringar skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr millilandasamningnum milli Danmerkur og Noregs og Svíþjóðar, sem nefnist:

»Deklaration mellem Danmark og »Norge — Sverig om gensidig Under»stöttelse i visse Tilfælde af træn»gende Söfolk.«

Þar stendur:

»Naar en Sömand fra en af de »kontraherende Stater, efter at have »gjort Tjeneste ombord paa et Far»töj, tilhörende den anden Stat, for»medelst Skibbrud eller af andre »Aarsager bliver efterladt i en hjælpe»lös Forfatning i en tredje Stat eller »i den Stats Territorium eller Ko»lonier, hvis Flag Fartöjet förer, skal »sidstnævnte Stats Regering være »forpligtet til at understötte Söman-

»den indtil han faar ny Hyre eller »anden Beskjæftigelse, eller indtil »han kommer til den Stat, hvor han »hörer hjemme, eller indtil han dör.« » . . . Denne Ret kan han forskert- »se i Tilfælde af at han er römt »eller afskediget fra Skibet paa Grund »af en Forbrydelse eller Forseelse, »eller har forladt dette som Fölge »af Uduelighed til Tjenesten«.

Jeg fæ ekki sjeð, að það sje rjett að heimfæra undir þessi ákvæði í »Deklarationinni« það tilfelli, sem hjer er um að ræða, að Íslendingar semji við Norðmenn um að koma hingað til lands — sem farþegar á póstskipi — til þess að lögskrást hjer á íslenzk fiskiskip til fiskiveiða hjer við land, en sumir af verkamönnum þessum reynast svo óhæfir til starfsins, og verða að láta af honum. Jeg álít, að í þessu tilfelli sje rjettast og í fullu samræmi við allsherjarreglur, að landssjóður Íslands beri kostnaðinn. Háttv. Nd. hefur litið öðruvísi á málið, en nú hef jeg með breyt.till. minni viljað skjóta málinu undir dóm þessarar deildar. Jeg tek það upp, að jeg mundi sjálfsagt hafa reynt að beina kröfunni um endurgreiðslu heimflutningskostnaðarins að ríkissjóði, ef mjer hefði fundizt við geta verið þekktir fyrir, að gjöra slíka kröfu. þegar svona stóð á.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) tók það fram, að ekki væri rjett, að heimta nafnbótaskattinn, af því að það hefði verið álitið, að hann ætti ekki að greiðast hjer. En hver hefur álitið þetta? Jeg veit ekki til, að sú skoðun hafi komið opinberlega fram hjá nokkrum manni nema hjá þessari stjórn, sem nafnbæturnar hefur veitt. Það sem h. 1. þm. N.-M. (Jóh. Jóh.) tók fram, þá var það að eins hans persónulega álit eins og hjá stjórninni; hann benti sjálfur á það með því að segja, að málið væri dómstólamál. En jeg verð aptur að taka það fram, að í launalögunum íslenzku frá 15. okt. 1875 er það hreint og beint tekið fram, að sá *skuli* greiða metorðaskatt, sem fær sæti í æðra tignarflokki, en embætti hans á sæti í. Jeg veit ekki hvað er vafalaust, ef það er ekki þetta. Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að Magnús Stephensen hefði breytt skoðun sinni frá því að hann skrifaði ritgjörð sína um skatta og gjöld til landssjóðs 1880; sagði hann, að Magnús Stephensen hefði eptir sjálfs hans sögn verið móti metorðaskatt á þinginu 1885. Jeg hef ekki fundið neitt um þessa baráttu í þingtíðindunum fyrir það ár, að minnsta kosti hefur hún þá verið árangurslaus, því að nafnbótaskatturinn stendur fram til 1885; hann er fyrst numinn burt á fjárl. fyrir 1886—7.

Jeg verð að geta þess, að þar sem hæstv. ráðherra tók það fram, að það væri ekki að marka fyrir oss, þótt hæstirjettur hefði komizt að þeirri niðurstöðu, sem hann komst að um nafnbótaskattinn; jeg verð í því sambandi að geta þess, að hæstirjettur er líka æðsti dómstóll fyrir Ísland, og mundi því líklega hafa komizt að sömu niðurstöðu að því, er Ísland snertir. (*Ráðherrann:* Hann mundi hafa dæmt eptir íslenzkum lögum). En jeg hef einmitt sýnt, að það eru íslenzk lög fyrir því, að nafnbótaskatt skuli greiða. Hæstv. ráðherra gat þess, að heimtaður hafi verið nafnbótaskattur af Pjetri biskupi, og að hann hafi orðið að greiða hann 1872, en hætt því síðar. Það var náttúrlegt, að hann hætti því, eptir að hæstarjettardómurinn 15. okt. 1875 fjell, því að hann komst að annari niðurstöðu en stjórnin.

Hæstv. ráðherra sagði, að það væri orðin 22 ára venja fyrir því, að nafn-

bótaskattur hafi ekki verið heimtaður. En hvernig í ósköpunum gat hæstv. ráðherra búizt við, að hann væri heimtaður á meðan engin lifandi sál í landinu hafði nokkra nafnbót nema embættismenn. Jeg get trúað, að honum þætti jafnvel sjálfum hálfskrítið að lesa slíkar ástæður hjá sjer. Fjárlaganefndin tók það beinlínis fram, að hann væri ekki heimtaður af því, að enginn væri til að heimta hann af; henni þótti því þýðingarlaust að láta hann standa á fjárlögunum. Hún sá það, að allt af var hægt að taka hann upp í fjárlögin, ef einhver fengi nafnbót, er hann ætti að greiða skatt af.

Mjer finnast lögin vera hjer svo skýlaus, að ekki sje hægt á að villast, og jeg sje ekki, að ástæða sje til að gefa skattinn eptir, þótt vanrækt hafi verið að innheimta hann; vjer höfum varla leyfi til þess eða getum forsvarað það gagnvart landsmönnum.

Þá er að minnast nokkuð á mótorvagninn. Þess var getið í brjefi því, sem hæstv. ráðherra las upp, að hann hefði kostað *nýr* 6,000 kr. En vjer vitum, að vagninn var gamalt skrifli, þegar hann var keyptur og þótti óbrúkandi í Kaupmannahöfn. Þetta hef jeg frá mönnum þar; og jeg held, að flestir hjer í Reykjavík, og jafnvel hæstv. ráðherra líka, hafi vitað, hvernig hann reyndist hjer. Viðvíkjandi reksturskostnaðinum er það að segja, að þótt hann hafi verið 900 kr. fyrra árið og 1,100 kr. síðara árið, þá mun útgjörðarmaðurinn hafa verið fullvel haldinn; hann fjekk fyrst og fremst landssjóðsstyrkinn, og svo alla tieyringana, sem hann auraði saman fyrir það, að keyra fólk hjer um göturnar, en líklega mun það nú hafa verið helzta brúkunin.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg mun greiða atkv. með breyt.till. hæstv. ráðherra um greiðsluna á kostnaðinum við heimflutning Norðmannanna; jeg vil ekki með atkv. mínu gefa tilefni til þess, að þann kostnað verði að greiða úr sveitarsjóði. Aptur á móti er jeg í hálfgjörðum vandræðum með nafnbótaskattinn; það er nú búið að telja svo margt upp af umsögnum lögfróðra manna, forordningum, nefndarálitum og hæstarjettardómum, að ekki er ólíklegt, þótt ólögfróða fari að sundla. Þó held jeg, að jeg hallist helzt að því, sem segir í launalögunum frá 15. okt 1875 um þetta mál. Reyndar verð jeg að játa, að það er nokkuð hart að gjöra þessa heiðursmenn, sem voru svo lukkulegir að fá nafnbæturnar, ólukkulega með því að láta þá greiða skatt af þeim. En mikið skal til mikils vinna.

Mjer hefur annars dottið í hug ein úrlausn á þessu máli. Jeg vil skjóta því til hæstv. ráðherra, hvort stjórnin muni ekki vilja leggja fyrir næsta þing lög um nafnbótaskatt. Mjer finnst ekki ástæða til þess fyrir oss að sleppa þessari tekjugrein, þótt eigi sje hún stór. Danir telja sjer enga vansæmd að henni. Vildi hæstv. ráðherra gefa þá yfirlýsingu, að hann mundi leggja fyrir næsta þing frumv. um greiðslu metorðaskatts, líkt og tíðkast í Danmörku, þá mundi jeg greiða atkvæði móti till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), en fái jeg ekki þessa yfirlýsingu, þá held jeg neyðist til að vera fylgjandi till. háttv. þm. (V. G.), þó það sje ærið hart fyrir þessa, sem nafnbæturnar hafa hlotið, að verða að greiða gjald af þeim fyrir liðinn tíma, þar sem þeir hafa alls ekki búizt við að þurfa að greiða neitt fyrir þessa vegtyllu. En jeg vildi nú helzt mega sleppa öllu frekara mögli um þetta, og mega gleðja mig við, að stjórnin muni tryggja landssjóði eptir-

leiðis tekjur af nafnbótum þeim, sem hún veitir.

Ráðherrann: Jeg hefi heyrt sagt, að einn mikilsvirtur þm. í Nd. sje að hugsa um, að koma fram með frumv. um, að banna allar nafnbætur og orður hjer á landi. Ef hann fær því framgengt, þá er engin ástæða fyrir stjórnina, að hugsa fyrir frumv. um metorðaskatt; jeg gjöri því ráð fyrir, að hún muni bíða með það, þangað til hún sjer, hvernig hinu frumv. reiðir af.

Annars sje jeg ekki, að það sje nein ástæða til, að leggja þennan nafnbótaskatt á hjer á landi, þó að hann sje í Danmörku frá gamalli tíð. Vjer getum tekið upp margt betra en hann eptir Dönum. Það er úreltur skattgrundvöllur, og veit jeg ekki, hvort ríkin gjöra sjer tekjur af sliku nú á tímum annarsstaðar en í Danmörk. *(Valtýr Guðmundsson:* Líka á Þýzkalandi). Veit þingmaðurinn það. *(Valtýr Guðmundsson:* Já, og þar hefur ríkið stórar tekjur af honum). Í Danmörku er nafnbótaskatturinn leifar frá því, er gjöld voru lögð á alla embættismenn á fjárvandræðatímum með sjerstökum allsherjar »rang«-skatti. Nú er breytt frá þeim ákvæðum, og upphæð skattsins er mjög óveruleg tekjugrein fyrir ríkissjóðinn. En enn þá óverulegri mundi hún verða fyrir landssjóð Íslands. Hjer getur aldrei verið að ræða nema um örfá hundruð króna, sem landssjóð munar lítið um sem tekjugrein, enda þótt jeg voni, að margir heiðursmenn hjer í landi gjöri sig verðuga til nafnbóta og hverskyns sæmdar. Í jafn fámennu landi sem voru verður þessi skattur aldrei svo mikill, að neinu nemi til að bæta hag landssjóðsins. Hann verður að eins óeðlilegt og opt mjög ranglátt aukagjald á fáeina, einstaka menn.

ATKV.GR.: Tekjukaflinn samþ. í einu hljóði.

1. breyt.till. (441) við gjaldlið 7. felld með 8 atkv. gegn 1.

1. breyt.till. (458) við gjaldlið 12, samþ. með 10 samhlj. atkv.

Gjaldakaflinn breyttur samþ. í einu hljóði.

2. breyt.till. (458) við tekjueptirstöðvar landssjóðs samþ. með 9 atkv. gegn 1.

Niðurlagsatriðið breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Á 42. fundi Ed., mánudaginn 2. septbr. kom frumv. (A483) til 3. umr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Það er viðvíkjandi breyt.till. hæstv. ráðherra, sem samþykkt var við 2. umr., um að kostnaður við heimflutning norskra sjómanna greiddist af landssjóði, að jeg vildi leyfa mjer benda á það, að sú upphæð hefur ekki verið tekin til greina við samlagninguna, þegar frumv. var prentað upp aptur. Þannig að II. 10. liður til óvissra útgjalda hefur verið prentaður 21,169,86 kr., en á að vera 21,518,66 kr., og samlagningar-upphæðin hefur verið prentuð 2,265,624,22 kr., en á að vera 2,265,973,02 kr., og er það bein afleiðing af atkvæðagreiðslu þeirri, er fór fram um daginn við 2. umr. málsins. Þetta, hygg jeg, að mætti laga í prentuninni, þar sem það líka hefur verið tekið til greina í tekjueptirstöðvunum.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í einu hljóði, og afgreitt aptur til forseta neðri deildar.

Á 46. fundi Nd., þriðjudaginn 10. september kom frumv. til einnar umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skagf.) Eptir tillögum nefndarinnar liggur það fyrir, að samþ. frumv. óbreytt. Frá öðrum hefur heldur ekki komið nein breyt.till.

En jeg vil vekja athygli hinnar háttv. deildar á því, að verði frumv. samþ. óbreytt, þá eru þar með samþ. tvær breytingar, er orðið hafa á því í Ed., sem sje, að heimsendingarkostnaður norskra sjómanna 1905, er nam 348 kr. 80 a., sje greiddur úr landssjóði, og eptirgjöf á vanheimtum nafnbótaskatti fyrir 1904—1905, að upphæð 116 kr.

Ástæðan til þess, að nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu um heimsendingarkostnað norskra sjómanna, að rjettast sje að samþ. þá greiðslu, er sú, að jafnvel þó gjöra megi ráð fyrir, að sinnt hefði verið kröfu um endurborgun þessa kostnaðar úr ríkissjóði Norðmanna eða Dana, eða þá af sveitarfjelögum þeim í Norvegi, er hlutaðeigendur áttu framfærslurjett, ef hún hefði verið borin fram í tíma, þá má ganga að því vísu, að nú sje það orðið um seinan, að bera fram slíka kröfu. Úr því svo er komið, sýnist ekki annað tiltækilegt, en að landssjóður beri kostnaðinn í þetta sinni.

Um nafnbótaskattinn lítur reikningslaganefndin svo á, að nokkur ástæða sje til að sleppa því að telja vanheimtu hans til ábyrgðar fyrir fjárhagstímabilið 1904—1905, með því að óviðfeldið sje að fara að krefja hlutaðeigandi menn um greiðslu skattsins svona löngu eptir á, þar sem þeir hafa staðið í þeirri meiningu, að þeir þyrftu eigi að greiða hann, og þarafleiðandi verið úti lokaðir frá að segja af sjer nafnbótunum, eins og þeir hefðu hatt rjett til, og losast á þann hátt við gjaldið.

Það er því till. nefndarinnar, að frumv. verði samþ. óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá þinginu.

IV. Fjáraukalög fyrir árin 1904 og 1905.

Á 3. fundi Nd., fimmtudaginn 4. júlí kom frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905 til 1. umr.

Enginn tók til máls, og var frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. Síðan var því vísað til landsreikninganefndarinnar í e. hlj.

Á 29. fundi Nd., þriðjudaginn 20. ágúst, kom frumvarpið (A 215, 272) til 2. umr.

Framsögumaður, Ólafur Briem (1. þgm. Skgf.): Jeg skal geta þess, að viðvíkjandi fjáraukalögunum hefur komið upp ágreiningur milli yfirskoðunarmanna landsreikninganna og reikningslaganefndarinnar um það, hvaða reglu eigi að fylgja í því efni, hverskonar upphæðir skuli taka upp í fjáraukalögin. Yfirskoðunarmennirnir hafa haldið því fram, að það eigi að fara eptir því, hvort umframgreiðslan er mikil eða lítil, þannig, að sleppa

eigi smáupphæðum, en taka að eins stærri upphæðir án tillits til þess, hvers eðlis greiðslurnar eru.

Stjórnin hefur haldið fram því gagnstæða, sem sje, að meta verði, hvernig gjöldin eru löguð, þannig, að aukafjárveitinga sje ekki þörf, þar sem um umframgreiðslur á áætluðunarupphæðum lögmæltra útgjalda er að ræða. Þessu áliti stjórnarinnar er reikningslaganefndin samþykk, þó með þeirri takmörknn, að lögmælt gjöld í þessu efni sjeu að eins þau, þar sem upphæðin sjálf er beint ákveðin með lögum, t. d. laun embættismanna, en þar á móti ekki þannig löguð gjöld, eins ag t. d. tímakennsla við skóla. Nefndin álítur sem sje, að yfirstjórn skólans hafi ekki leyfi til að ganga fram yfir fast ákveðna áætlun fjárlaganna, nema með því móti, að fá viðbótarfje veitt. Sama er að segja t. d. um kostnað til útrýmingar fjárkláða. Auðvitað eru lög fyrir því, að kostnaðurinn greiðist úr landssjóði, en af því að upphæðin er ekki beint fastákveðin með lögum, heldur bundin við ráðstafanir, sem eru komnar undir áliti stjórnarvalda, þá heldur reikningslaganefndin því fram, að svo framarlega sem upphæðin fer fram úr áætlun fjárlaganna, þá verði að leita aukafjárveitingar.

Eitt atriði er það enn, sem blandazt hefur inn í þetta mál frá hálfu yfirskoðunarmanna, þar sem þeir halda því fram, að aukafjárveitingar sje ekki þörf, þótt umframgreiðsla hafi orðið á einstökum útgjaldaliðum, ef tilsvarandi sparnaður hefur orðið á öðrum útgjöldum sömu stofnunar. Þessu mótmælir nefndin. Þetta atriði snertir auðvitað að nokkru leyti form, en að nokkru leyti getur það þó einnig snert efni; ef ágreiningur er um, hvort umframgreiðslan nái samþykki, þá hefur það mikla þýðingu, að skarpur greinarmunur sje gjörður á, hverju aukafjárveitingu þarf fyrir að lögum, og hverju ekki.

Samkvæmt þessu hefur nefndin komið fram með 2 viðaukatill., aðra um aukafjárveitingu til tímakennslu og prófdómenda við hinn alm. menntaskóla, og hina um viðbót við gjöld til útrýmingar fjárkláða. Og verði þær samþ., hlýtur nefndin að skoða það svo sem hin háttv. deild aðhyllist skilning nefndarinnar.

Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hefur komið fram með viðaukatill. þess efnis, að Grafningshreppur og Þingvallahreppur fái uppgjöf á 400 kr. greiðsln til útbúnings á einangrunarklefa handa vitskertum holdsveikling. Jeg býst við, að hann muni mæla fram með þeirri till. og skal jeg því ekki segja neitt um hana að sinni.

Hannes Þorsteinsson (2. þm. Árn.): Yfirleitt getum við, yfirskoðunarmenn landsreikninganna, verið nefndinni þakklátir fyrir till. hennar og álit. Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur nefndin víðast hvar tekið tillit til skoðana okkar, og þar sem okkur og stjórnina greinir á, hefur nefndin víðast hvar fallizt á okkar mál. Að eins í örfáum óverulegum atriðum, ber yfirskoðunarmönnum og nefndinni nokkuð á milli.

Eins og háttv. framsm. tók fram, viðvíkjandi reglunni um aukafjárveitingar, var það álit yfirskoðunarmannanna, að aukafjárveitinga þurfi að leita um allar umframgreiðslur, enda þótt um lögákveðin útgjöld sje að ræða, ef ekki eru tilteknar beinar tölur. Hann kannaðist við, að það væri að vissu leyti rjett. Og hann tók til dæmis útgjöldin til útrýmingar fjárkláða; þau væru að vísu lögákveðin, en einstakir útgjaldaliðir ekki tilteknir

í tölum. Um þau útgjöld álitum við rjett, að krefjast aukafjárveitingar. Enda er enginn efi á, að hún mundi fúslega veitt. Og yfir höfuð að tala álítum við rjett vegna fjárveitingavaldsins, að leita aukafjárveitinga um sem allra flestar umframgreiðslur.

Milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmannanna hefur orðið dálítil þráttun um það, hverjar sjeu lögákveðnar fjárveitingar og hverjar ekki. Stjórnin hefur talið margt það til áætlunarupphæða, er samkvæmt eðli sínu ekki getur verið það. En yfirskoðunarmenn töldu rjettast, jafnframt vegna þess, að fara sem frekast út í það, að krefjast aukafjárveitinga.

Í tveim atriðum sagðist háttv. framsm. ekki fullkomlega rjett frá um skoðanir okkar yfirskoðunarmanna. Hann kveður okkur halda því fram, að aukafjárveitingar sje ekki þörf þegar útgjöldin í heild sinni fara ekki fram úr hinni tilteknu fjárupphæð, þótt umframgreiðsla hafi orðið á einstökum liðum. Og hann eignar reikningslaganefndinni till. um hið gagnstæða. En þessa till. eigum einmitt við yfirskoðunarmenn. En vil leyfa mjer að benda honum á aths. okkar við 24. lið gjaldabálksins í landsreikningunum 1904—1905, 100. bls. Þar segir svo:

»Við höfum hingað til jafnaðar»lega fylgt þeirri reglu, að krefjast »ekki aukafjárveitingar, þótt umfram»greiðsla hafi orðið á einhverjum »gjaldlið eða gjaldaliðum í þarfir »skóla eða annara stofnana, svo »framarlega sem öll útgjöld til stofn»unarinnar hafa að samanlögðu eigi »farið fram úr fjárveitingu, en vjer »viljum samt sem áður skjóta því »til úrskurðar fjárveitingarvaldsins, »*hvort ekki sje viðkunnanlegra eða* »*rjettara, að leita jafnan aukafjár*»*veitingar fyrir umframgreiðslu á* »*einstökum liðum, sjeu þeir á annað* »*borð sundurliðaðir í fjárlögunum,* »*enda þótt öll útgjöldin til hlutað*»*eigandi stofnunar fari ekki fram úr* »*veitingu að samanlögðu*«.

Jeg veit ekki, hvað hann vill hafa það skýrara en þetta. Að við ekki höfðum fylgt þessari reglu áður, kom til af því, að um eintómar smáupphæðir var að gjöra. En einmitt vegna þess, að viðvíkjandi till. reikningslaganefndarinnar var um töluverða umframgreiðslu að ræða á einum einstökum lið, þá tókum við það fram, að við álitum rjettara að leita aukafjárveitingar í slíkum tilfellum, því að vitanlega getur jafnt orðið umframgreiðslur á stórum liðum sem á litlum. En þessa till. okkar yfirskoðunarmanna getur nefndin ekki eignað sjer. Jeg get ekki annað skilið, en að menn hljóti að fallast á þessa till., að rjett sje að krefjast aukafjárveitingar ef umframgreiðsla er á einstökum liðum, þótt öll útgjöldin að samanlögðu fari ekki fram úr veitingu. Enda gæti hitt auðveldlega orðið til þess, að stjórnin beitti hlutdrægni á þann hátt að láta koma niður á einum liðnum þá umframgreiðslu, sem orðið hefur á öðrum.

Af þessu, er jeg hef tekið fram, má sjá, að okkur yfirskoðunarmönnum og reikningslaganefndinni ber í rauninni ekkert á milli.

Reyndar má vera að svo megi segja um eitt atriði, þar sem háttv. framsm. gaf okkur snuprur fyrir, að við ljetum okkur annt um hag einstakra hreppa fram yfir það, er lög standa til. Þau ummæli lúta að breyt.till. minni um 400 kr. endurgreiðslu til Grafnings- og Þingvallahreppa. En jeg skil ekki eiginlega, að hverju þau stefna, því jeg veit ekki betur, en að það sje skylda yfirskoðunarmannanna, að láta sjer annt, eigi einungis um rjett einstakra

manna, heldur einnig einstakra hreppa. Eða hvar ætlast hann til, að takmörkmörkin sjeu sett? Á að miða þau við einstaka fjórðunga? Jeg hjelt, að fremur ætti að þrengja svæðið en rýmka, og að yfirskoðunarmenn ættu ekki síður að taka tillit til einstaklings rjettarins. Þessi ummæli háttv. framsm. eru mjer því með öllu óskiljanleg. Má vera að þau sjeu sprottin af því, að nefndin hafi á móti tillögunni sjálfri. En til þess liggja þau svör af minni hálfu, að jeg hef ekki fundið hana upp sjálfur, heldur er í reikningunum greinilega bent til þessa. Í reikningi holdsveikraspítalans fyrir 1905 voru tilfærðar 400 kr. frá áðurgreindum hreppum til undirbúnings á einangrunarklefa handa vitskertum holdsveikling. Við yfirskoðunarmenn töldum vafasamt, hvort spítalastjórnin hefði rjett til að krefjast þessarar borgunar af hreppsfjelögunum, og gjörðum því fyrirspurn til stjórnarinnar um, hverju þetta sætti. Við fengum svar, sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp, því að fróðlegt er að heyra svör og till. báðum megin í þessu máli. Svar ráðh. er á þessa leið:

»Á holdsveikraspítalanum var »kvennmaður, sem varð vitskert »(hafði áður borið á slíku á henni). »Stjórn spítalans áleit þá sjálfsagt, að »láta hana fara burtu, einkum þar »sem hún gjörði mikið ónæði og ó»róa á spítalanum, og hann auk þess »var ekki geðveikrahæli. Hún lagði „því fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd »að taka stúlkuna tafarlaust burtu, »en hreppsnefndin var í stökustu »vandræðum með að koma henni »fyrir, því enginn vildi taka hana; »þegar svo var komið, bar oddvit»inn sig upp við landstjórnina um »þetta mál og leitaði aðstoðar henn»ar í þessu vandræðamáli. Samdist »þá svo, að stúlkan fengi að vera »kyr á spítalanum með því skilyrði, »að hreppurinn legði til 400 kr. til »þess að útbúa sjerstakan klefa handa »stúlkunni. Að þessu gekk oddvit»inn fúslega, enda var það ekki meira »en svo sem eins árs fúlga, ef hrepp»urinn hefði þurft að taka við sjúkl»ingnum. Það verður því ekki sjeð, »að hlutaðeigandi hreppsfjelag eigi »rjettartilkall til endurborgunar á »þessari upphæð, enda hafa ekki »verið gefnar vonir um slíka endur»borgun án nýrrar fjárveitingar, er »hlutaðeigendur verða að leita þings»ins um«.

Till. okkar yfirskoðunarmannanna um þetta efni er svo látandi:

»Við getum ekki fallizt á, að sann»gjarnt sje að neita Grafnings- og »Þingvallahreppum um endurborgun »á þeim 400 kr., er þeir hafa greitt »til að útbúa einangrunarklefa fyrir »vitskertan sjúkling á holdsveikra»spítalanum, því að þótt sá spítali »sje vitanlega ekki geðveikrahæli, þá »kemur hjer meðal annars til álita, »hvort borið hafi á geðveiki í sjúkl»ingnum, er hann fór á spítalann, »en því höfum við heyrt mótmælt »frá kunnugum mönnum, og verður »því að telja mjög vafasamt, hvort »nokkur skylda hafi hvílt á hreppum »þessum til að taka við sjúklinginum, »þótt hann yrði vitskertur á spítalan»um. Stjórnin virðist og viðurkenna, »að hrepparnir eigi sanngirniskröfu til »endurborgunar, en ekki rjettartilkall. »Um það má að vísu deila og yrði »naumast skorið úr nema með dómi. »Við viljum því skjóta því til lands»reikninganefndarinnar og gjörum »það að tillögu okkar, að tekin verði »upp í aukafjárlög endurborgun á »400 kr. til Grafnings- og Þingvalla»hreppa.« LR. 1905 bls. 118.

Jeg get búizt við því, að háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), reyni að gjöra þessa till. tortryggilega, og vil jeg að því leyti vara deildina við skýringum hans. Sjerstaklega vil jeg taka það fram, að þó að oddviti hafi verið neyddur til að borga þessar 400 kr., af því yfirstjórn spítalans skipaði honum það, þá er það engin sönnun fyrir því, að það hafi verið rjett. Það er eðlilegt, að alþýðumenn gugni, eða geti ekki notið sín til fulls, þegar þeir, sem völdin hafa, verða illa við rjettmætum málaleitunum. Oddvitanum er það engin skylda að taka sjúklinginn aptur, en þá í bili gat hann ekki annað gjört, en fallast á að greiða þessar 400 kr., því að hann mun hafa þótzt sannfærður um, að sjúklingurinn mundi rekinn burt af spítalanum, og fluttur á hreppinn, þótt það vitanlega hefði ekki orðið gjört. Það bar ekki á geðveiki í sjúklingnum, þegar hann fór á spítalann, að því er kunnugir menn segja, og hafi geðveikin brotizt út á spítalanum, virðist hreppurinn ekki eiga að gjalda þess, að sjúklingurinn hefur fengið hættulegan sjúkdóm á spítalanum? Því verð jeg algjörlega að neita, og held því fast fram, að spítalinn hafi verið skyldur til að halda sjúklinginn, hreppnum að kostnaðarlausu, og hafi ekki haft nokkra heimtingu á að krefjast þessa framlags frá hreppnum. Jeg veit heldur ekki til, að þessi einangrunarklefi, er byggður var fyrir þetta fje, hafi verið notaður fyrir þennan sjúkling, nema ef til vill í eitt skipti. Jeg þykist geta fullyrt, að hæstv. ráðh. sje hlynntur þessari kröfu, og muni mæla með henni, enda mun það hafa verið fyrir undandrátt eða gleymsku, að upphæð þessi var ekki tekin á fjáraukalögin, samkvæmt beiðni oddvitans. Ráðh. viðurkennir og í svari sínu til yfirskoðunarmanna, að hreppurinn eigi sanngjarna kröfu til þessa fjár, þótt hann vilji ekki viðurkenna rjettartilkall. Jeg skal ekki segja, hvern úrskurð dómstólarnir myndu leggja á þetta mál, en mjer er nær að halda, að þeir mundu dæma þessa kröfu rjettmæta frá hreppsins hálfu.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) færði það sem aðalástæðu fyrir því, að taka allar umframgreiðslur upp á fjáraukalög, að stundum gæti verið vafasamt, hvort upphæðirnar væru áætlaðar eða heyrðu til fastákveðinna gjalda. Jeg get verið honum samdóma um, að það sje þægilegra fyrir þá, sem um þessi mál fjalla, að þurfa ekki að gjöra hinn umrædda greinarmun á áætlunarupphæðum og lögmætum gjöldum. En í mörgum tilfellum er öldungis nauðsynlegt að skera úr öllum vafa í þessu efni. Og það er einmitt hlutverk yfirskoðunarmanna öðrum fremur að greiða í sundur, svo að vafinn hverfi, því að ef ágreiningur kemur upp milli þings og stjórnar um það, hvort aukafjárveitingar þurfi, eða með öðrum orðum, hvort þingið geti neitað að samþykkja umframgreiðslu, er nauðsynlegt að skera úr vafanum.

Út af því, sem hinn háttv. þm. sagði, viðvíkjandi aukafjárveitingu til menntaskólans, að nefndin hafi ófyrirsynju borið yfirskoðunarmönnunum það á brýn, að þeir hafi viljað sleppa því, að leita aukafjárveitingar til umframgreiðslu á einstökum liðum, af þeirri ástæðu, að sparnaður hefði orðið á öðrum útgjaldaliðum sömu stofnunar, þá mótmæli jeg því fastlega, að nefndin fari hjer með rangt mál. Í nefndarálitinu stendur: »Hafa yfirskoðun-

armenn gefið í skyn, að sleppa mætti að leita aukafjárveitingar fyrir þessari umframgreiðslu, af þeirri ástæðu, að sparnaður hefði orðið á allri fjárveitingu til skólans. Tjeð ummæli nefndarinnar eru byggð á þessum orðum yfirskoðunarmannanna í athugasemdum við landsreikninginn 1905, 24. gr.

»Umframgreiðsla á þessum tveimur liðum (til tímakennslu og til námsstyrks) 1,109 kr. 35 a., en með því að nálega helmingi meiri upphæð hefur sparazt á allri fjárveitingunni til skólans, mun mega sleppa frá að leita aukafjárveitingar fyrir þessum umframgreiðslum«.

Þá er viðaukatill. háttv. sama þm. á þskj. 272, um endurgreiðslu á 400 kr. til Grafnings og Þingvallahreppa. Það er stór galli, að reikningslaganefndin hefur ekki orðið vör við, að hjer fyrir þinginu lægi nein umsókn frá þessum hreppum um að fá tjeða upphæð endurgreidda. Svo hefur og hinn háttv. þm. ekki gefið neina skýring á því, hvort hann hafi nokkurt umboð til þess frá nefndum hreppum, að fara þessa á leit. En sleppum því. Ef hrepparnir hefðu átt heimtingu á ókeypis dvöl fyrir sjúklinginn bæði á holdsveikraspítalanum og geðveikrahælinu, þá hefði krafa þessi verið sanngjörn. En nú er að eins á holdsveikraspítalanum ókeypis dvöl. Ef þurft hefði að láta sjúklinginn á geðveikraspítalann, hefðu hrepparnir átt að borga 50 aura um daginn fyrir hann, svo að eptir rúm tvö ár hefðu þeir átt að vera búnir að borga 400 kr. Ef því sjúklingurinn verður lengur en rúm 2 ár á holdsveikraspítalanum, græða hrepparnir á þessu í raun og veru. Af þessu getur nefndin ekki aðhyllzt till.

Ráðherrann: Mjer þykir vænt um, að háttv. reikningslaganefnd hefur getað aðhyllzt skoðun stjórnarráðsins í þeim meiningarmun, sem var milli þess og endurskoðunarmanna landsreikninganna um þörfina á því, að leita aukafjárveitingar fyrir lögboðnum útgjöldum. Jeg get ekki sjeð, að meiningin með beiðni um aukafjárveiting eptir á, geti verið önnur en sú, að það sje lagt algjörlega á þingsins vald, hvort það vill samþ. greiðsluna eða ekki. Hverja upphæð, sem tekin er upp á aukafjárlög, á þingið að geta fellt. En mjer getur ekki skilizt, hvernig þingið ætti að geta synjað um greiðslu gjalda, sem á falla eptir beinum lögum, þótt þau í framkvæmd reynist hærri, en áætlað hefur verið í fjárlögunum, t. d. kostnaður við saka- og lögreglumál, endurgjald fyrir þjónustufrímerki, brunabótagjald fyrir opinberar byggingar, bólusetningarkostnaður, kostnaður við nám yfirsetukvenna, eða við varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, verðlaun fyrir útflutt smjör o. s. frv., og þá skil jeg ekki heldur, til hvers á að leita aukafjárveitingar fyrir slíkum umframgreiðslum. Um þetta hefur stjórn og endurskoðendum ekki komið saman, og er vel farið, að nefndin hefur orðið stjórninni samdóma um þetta.

Viðvíkjandi viðaukatill. háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.). skal jeg geta þess, að beiðni kom frá hlutaðeigandi hreppum til stjórnarráðsins, mig minnir tvisvar sinnum, um endurgreiðslu á þeim 400 kr., sem viðaukatill. ræðir um. En það brjef, þar sem stjórnin var beðin að leita fjárveitingar fyrir upphæðinni, kom svo seint, að þegar af þeirri ástæðu var ekki hægt að taka beiðnina til greina. Þó að það

sje víst, að upphæð þessi væri greidd eptir fullkomlega lögmætum samningi milli hreppsnefndaroddvita Grafningshrepps og stjórnar holdsveikraspítalans, samningi, sem vissulega var framfærslusveitinni í vil, eins og þá stóð á, þá tel jeg þó sanngirni mæla með því, að endurgreiða þetta fje. Bæði er það, að klefinn hefur víst lítt verið notaður fyrir þennan sjúkling af því að sjúklingnum hefur batnað geðveikin, og ennfremur var á þingi 1905 samþykkt að veita fje til þess, að smíða þvílíkan klefa, eptir að klefinn þegar hafði verið útbúinn fyrir þær 400 kr., sem hrepparnir greiddu í því skyni, en það fje hefur ekki verið notað.

Jeg vil því mæla með þessari endurgreiðslu, þó að hins vegar stjórnin hafi talið sjer óheimilt að endurgreiða fjeð án leyfis fjárveitingarvaldsins.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg tek til máls út af viðaukatill. á þgskj. 272 um að endurgreiða Grafnings- og Þingvallahreppum 400 kr. fyrir klefa handa geðveikum sjúkling. Þessu máli er svo varið, að þessi kvennmaður hefur allt af verið sinnisveik upp frá þeim tíma, sem hún kom á holdsveikraspítalann, og er það ekki rjett hjá háttv. 1. þm. Árn., (H. Þ.) að hún hafi orðið það fyrst eptir að hún var komin á spítalann. Það er mjer kunnugt um, því að af henni hafa allt af staðið stórvandræði fyrir spítalann frá því hún kom. Hún lagði sjúklingana í einelti, einkum einn þeirra, og það svo, að hún hótaði að drepa hann. Afleiðingin af þessu varð, að læknirinn bað um, að hún yrði látin fara af spítalanum. Yfirstjórn spítalans maldaði lengi í móinn, því að henni þótti það neyðarúrræði að þurfa að láta sjúkling fara burt, sem einu sinni var á spítalann kominn. Loks sá stjórn spítalans sjer þó ekki annað fært en að verða við tilmælum læknisins, meðfram af því, að sjúklingurinn hafði þá tegund veikinnar, sem sízt er talið að hætta stafi af. Stjórnin tilkynnti sýslumanni þetta, en hann aptur hreppsnefndinni. Nú leið langur tími svo, að hrepparnir ljetu ekkert til sín heyra um þetta, óþarflega langur tími, svo yfirstjórn spítalans kom til hugar, að láta flytja sjúklinginn hreppaflutningi á sveit sína. Loks komu þó oddvitar hreppanna og tjáðu vandræði sín um það, að enginn vildi halda sjúklinginn. Þeir komu til mín, og báðu mig ráða. Aðalvandræðin voru í því fólgin, að ekki voru til einangrunarklefar í spítalanum, og hafði jeg þó, þegar spítalinn var smíðaður, farið fram á, að klefar yrðu gjörðir handa fólki, sem skyndilega yrði brjálað. Þetta hafði jeg og ítrekað síðar í till. minum til landsstjórnarinnar, en því ekki verið sinnt. Eina úrræðið til að hjálpa hreppunum voru því þau, að þeir vildu gefa spítalanum klefa til þess að varðveita sjúklinginn í. Þetta ráð gaf jeg þeim, og urðu þeir svo glaðir við, að áður klukkustund væri liðin komu þeir með 400 kr., til þess að smíða klefann, og þökkuðu mjer innilega fyrir þetta góða ráð. Skömmu síðar fjekk sjúklingurinn vont kast og var settur í klefann, en varð brátt rólegri og betra við hana að tjónkast; er þó allt af vandræðamaður.

Rjett um það leyti, er þetta gjörðist, hafði verið farið fram á við landsstjórnina, að veitt yrði fje til þess að gjöra klefa í spítalanum. Þessu var vel tekið, og fje var veitt til þess í fjárlögunum. Í beiðninni var þess getið, að þessi klefi ætti að vera »Delirant«-klefi, sem kallað er í útlöndum, og til þess ætlaður að taka við sjúklingum, sem yrðu skyndilega brjálaðir.

Annars eru alstaðar vandræði með

holdsveika menn, sem geðveikir verða. Það fjekk jeg að vita í Norvegi, þegar jeg var þar á ferð 1896 til þess að kynna mjer holdsveikraspítalana þar. Holdsveikraspítalarnir vildu ekki hafa þá vegna þess, að þeir voru geðveikir, og geðveikraspítalarnir vildu ekki heldur hafa þá vegna þess, að þeir voru holdsveikir.

Um þennan sjúkling er það að segja, að yfirstjórn spítalans getur útskrifað hana og sent burt, hvenær sem er. Hreppunum er sannarlega guðvelkomið að fá sjúklinginn aptur og peningana með. En ef hann á að vera kyrr, er þess enginn kostur, að þeir fái peningana aptur. Þeir mega þakka spítalanum að vilja halda sjúklinginn, því það mundi kosta þá sjálfa margar 400 kr., ef þeir fengju hann heim til sín. Spítalanum stafar miklu meiri þraut og kvalræði af þessum sjúklingi en nokkrum öðrum sjúklingi þar. Ef þingið vill skila þessu fje aptur, þá má búast við, að yfirstjórn spítalans skili líka sjúklingnum aptur. Það væri happakaup fyrir spítalann, en naumast fyrir hreppana.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Hinum háttv. framsm. (Ól. Br.) þarf jeg ekki að svara viðvíkjandi þessu, sem á milli bar, um umframgreiðslu sbr. LR. bls. 119 við 24. gr. Þar er því einmitt skotið undir fjárveitingarvaldið, að rjettast sje að veita aukafjárveitingar.

Hvað snertir viðaukatillögu mína, og það sem hann sagði, að jeg hefði ekkert umboð, þar sem ekki lægi fyrir nein umsókn frá hreppsbúum, vil jeg aðeins segja það, að mjer sýnist það vera rjett af þingmanni, að bera fram tillögur, án þess að hann hafi neitt sjerstakt umboð til þess eða beinar áskoranir, ef hann álítur málið þess eðlis, að sjálfsagt sje að hreyfa því. Það væri og undarlegt, ef þingmenn mættu ekki bera neitt upp á þingi án beinna áskorana utanað. Þetta er svo mikil fjarstæða hjá háttv. framsm. (Ó. Br.), að hún nær engri átt. En það vill nú svo vel til, að umsókn um þetta kom beint til ráðherra, en hann segir, að hún hafi komið of seint, til þess að upphæðin yrði tekin á fjárlagafrumvarpið eða á fjáraukalög. Getur verið, að svo sje. Að öðru leyti er jeg þakklátur fyrir ummæli hæstv. ráðh. um þessa fjárveitingu nú; jeg vona að hin háttv. deild taki að minnsta kosti meðmæli *hans* til greina.

Jeg sje ekki, að háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) hafi með sinni löngu ræðu hnekkt þeim ástæðum, sem jeg bar fram fyrir tillögu minni. Jeg vissi allt af, að hann mundi vera henni mótfallinn; en það er jeg viss um, að það er ofsagt, sem hann sagði um þennan sjúkling, að hann væri til eins mikilla vandræða á spítalanum, eins og allir hinir sjúklingarnir til samans; ef slík ummæli eru ekki alveg ósönn, þá eru þau að minnsta kosi stórkostlega ýkt (*Hermann Jónasson*: Það var ekki ofsagt). Það sem hann sagði: »að það yrði þá að »útskrifa« sjúklinginn af spítalanum«, get jeg ekki sjeð að nái neinni átt; »útskrifaðir« er venjulega ekki haft nema um þá sjúklinga sem heilbrigðir eru orðnir; hitt er að vísa sjúklingum burtu. Mjer heyrðist hann telja það sem ástæðu fyrir sínu máli, að oddvitinn hefði borgað þessar 400 kr. umsvifalaust; mjer þykir það kynlegt, ef hann eða hreppurinn á að gjalda þess, eða missa rjettar síns vegna þess, að hann snerist ekki illa við þessari órjettmætu kröfu.

Sjúklingurinn hefur ekki nema einusinni verið látinn í þennan klefa; það er því alls ekki neitt hættuleg geðveiki, sem að honum gengur. En ef það

þarf að hafa klefa til taks handa öðrum sjúklingum, þá ætti að vera hægt að fá fjárveitingu fyrir öðrum klefa, svo jeg sje ekki, að það sje ástæða fyrir því, að neita að endurgjalda hreppnum þessa upphæð.

Sami háttv. þm. sagði, að stúlka þessi hefði verið geðveik, er hún kom á spítalann. Mjer er ekki vel kunnugt um það, en það getur samt verið satt. En ekki getur það verið ástæða til að neita hreppnum um þessa endurgreiðslu. því að þá vissi spítalastjórnin sannarlega að hverju hún gekk, er hún tók við sjúklingnum svona á sig komnum, og frá þessu virðist það þá vera skylda spítalans að hafa hann áfram, hreppnum að kostnaðarlausu. Jeg vona því, að háttv. deild taki vel þessari sanngjörnu málaleitun.

Ráðherrann: Jeg skal engar brigður bera á það, að þessi sjúklingur sje erfiður og illur viðfangs. En það er ekki meiri kostnaður við að hafa hann á spítalanum fyrir það; spítalafólkið fær enga aukaborgun fyrir stríð það og aukastörf, sem af þessum sjúkling kunna að leiða, og ekki er bein ástæða til, að landssjóður græði á starfsmannanna aukna erfiði og fyrirhöfn. Hitt er annað mál, að svo framarlega sem sjúklingurinn ekki fullnægir þeim skilyrðum, að hann geti verið á holdsveikraspítalanum, þá er ekki annað en að setja hann á geðveikraspítalann (*Guðmundur Björnsson:* Hann verður aldrei tekinn þangað) þá sýnist mjer rjettast að yfir hann gangi sömu lög og aðra, meðan hann er á holdsveikraspítalanum.

ATKV.GR.: 2. gr. samþ. í e. hlj.

Viðaukatill (272) við 3. gr. felld með 12 atkv. gegn 8.

3. gr. óbreytt samþ. með 21 atkv.

4. gr. samþ. í e. hlj.

1. viðaukatill. nefnd. (215) við 5. gr. samþ. með 20 atkv..

2. viðaukatill. nefnd. (215) við 5. gr. samþ. með 22 atkv.

5. gr. breytt samþ. í e. hlj.

6., 7., 8. og 9. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi Nd,, fimmtudaginn 22. ág. kom frumv. (A 324) til 3. umr.

Framsögum. Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Jeg skal að eins geta þess, að þetta frumv. hefur verið lagfært samkvæmt breyt.till. nefndarinnar við 2. umr., og er ekkert frekar við það að athuga.

Frumv. var síðan samþ. í e. hlj. og sent forseta Ed. til að leggjast fyrir þá deild.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 28. ágúst kom frumv. (390) til 1. umr.

Björn M. Olsen (3. kgk. þm.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til sömu nefndar, sem næsta mál á undan, að þessari umr. lokinni.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þetta mál stendur í svo nánu sambandi við frumv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1904 og 1905, að jeg álít, að sama nefndin ætti að hafa bæði þessi frumv. til meðferðar. Jeg held því þessvegna fram, að kosin sje sjerstök 3 manna nefnd í þetta mál, að þessari umr. lokinni.

Björn M. Olsen (3. kgk.) þm.): Jeg vil leyfa mjer að mæla með þeirri aðferð, sem jeg stakk upp á, og jeg vil ekki taka mína till. aptur, Við höfum einu sinni kosið hjer í deildinni nefnd, til þess að íhuga öll fjármál landsins,

og það er mitt álit, að þessi nefnd hafi nægan tíma til þess að íhuga einnig þetta frumv. Það er líka talsverður munur, þegar búið er að kjósa nefndina snemma á þinginu. Hún hefur getað fylgzt með málinu frá byrjun, og kynnt sjer þær breytingar, sem gjörðar hafa verið á fjárlagafrumv. í Nd., og nú getur hún tekið til starfa, undir eins og málið er búið í háttv. Nd. Nefndin stendur því miklu betur að vígi en áður, og jeg vona, að hún geti tekið til meðferðar bæði þessi mál, sem næst koma á dagskránni.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra út af till. háttv. þm. G.-K. (V. G.). Jeg er með eldri þm. í þessari deild, og jeg man ekki til, að fjáraukalagafrumv. hafi nokkurn tíma verið vísað til sjerstakrar nefndar, heldur ætíð til fjárlaganefndarinnar, þó að hún hafi að vísu allt af haft lítinn tíma til þess að íhuga það frumv. Ef deildin vill endilega láta nefnd fjalla um þetta mál, þá álít jeg, að hún eigi að vísa því til þeirrar nefndar, sem við fjármálin fæst. Jeg tel rjettara, að frumv. sje athugað af fjárlaganefnd, þó að hún hafi mikið að gjöra. Ef öðru vísi væri að farið, þá væri það brot á þeirri reglu, sem hjer hefur viðgengizt á allmörgum síðustu þingum.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Gagnvart því, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) tók fram, skal þess getið, að það kemur ekki að liði, þótt fjármálanefndin hafi verið skipuð snemma á þinginu. Sú nefnd hefur ærið að starfa við fjárlögin, sem komu svo seint hingað í deildina. Enda var þeim vísað strax til 2. umr. af því, að tíminn var svo naumur. Jeg sje enga ástæðu til þess, að þessu frumv. sje vísað til fjárlaganefndar, þó að háttv. Ed. hafi áður haft þennan sið gagnstætt því, sem siðvenja er í Nd. Þessari deild er líka ætlaður svo miklu skemmri tími til þess að íhuga fjárlagafrumv., að enn meiri ástæða er til, að hlaða ekki of miklu á fjárlaganefnd vora.

Það er að vísu satt, að áður hefur fjáraukalagafrumv. verið vísað til fjármálanefndar hjer í deildinni, en hví má ekki nota heimildina í 28. gr. þingskapanna, sem gjörir ráð fyrir því, að sjerstök nefnd sje skipuð í þetta mál. Það er einnig siður í háttv. Nd., að skipa sjerstaka nefnd í reikningslagafrumv. Eðlilegra er það líka, að þessi fjáraukalög verði samfara reikningslagafrumv., enda kemur það ekki fjárlagafrumv. við í sama mæli sem fjáraukalagafrumv. fyrir 1906 og 1907. Því verður ekki heldur neitað, að það er ekki svo lítið verk að athuga þetta frumv., og fjárlaganefndin hefur, eins og jeg tók fram áðan, nauman tíma. Jeg skil heldur ekki í því, að fjárlaganefndin sjálf vilji sækjast eptir að fá þetta frumv. til meðferðar.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það mundi líta illa út, að taka frumv. af fjármálanefnd og vísa því til sjerstakrar nefndar, sem ekki hefur með fjármálin að sýsla. Við eigum að halda uppi gamalli venju þessarar deildar, þar sem hún hefur reynzt vel, og það mundi virðast undarlegt og hjákátlegt, að fjáraukalagafrumv. þetta væri ekki fengið nefndinni til meðferðar, eins og fjáraukalagafrumv. fyrir 1906 og 1907. Og jeg vildi leyfa mjer í þessu efni að vitna til heilbrigðrar skynsemi háttv. þm. G.-K. (V. G.) sem annara deildarmanna.

Störfum í þessari deild er líka svo skipað, að háttv. þingdm. hafa allir ærið að starfa, þótt eigi sje farið að kjósa nýjar nefndir að nauðsynjalausu.

Sem þingdm. mótmæli jeg því þessari uppást. þm. G.-K,, meðal annars af »praktiskum« ástæðum, þótt jeg sem fjárlaganefndarmaður hefði persónulega ástæðu til að vera með henni til að ljetta nefndinni verk sitt og losast við nýtt nefndarálit og framsögu í nýju máli.

ATKV.GR.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Vísað til fjármálanefndarinnar með 8 shlj. atkv.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 3. septbr. kom frumv. (A. 390, 467) til 2. umr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Af því, að framsögumaður er ekki við, þá skal jeg leyfa mjer, að taka það fram, að frumv. þetta er samhljóða því, sem stjórnin lagði fyrir þingið, að undanteknum 2 upphæðum, sem háttv. neðri deild áleit rjett, að setja á fjáraukalögin, en sem stjórnin hafði ekki álitið þurfa fjáraukalög til. Það er við 5. gr. C. 4. til tímakennslu og prófdómenda 1904 og 1905, kr. 927,80, og svo 6. gr., til útrýmingar fjárkláða 1904 og 1905 kr. 40,323,27. Þessum upphæðum hefur verið bætt við, eins og þær eru í landsreikningunum, og því er þetta í raun og veru engin breyting.

Eins og háttv. deildarmenn hafa sjeð, þá hefur nefndin því lagt til, að frumv. verði samþykkt óbreytt, og leyfi jeg mjer því að óska, að svo verði, og hef svo ekki frekara um það að segja.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. í einu hlj.
2. — — — - — —
3. — — — - — —
4. — — — - — —
5. — — — - — —
6. — — — - — —
7. — — — - — —
8. — — — - — —
9. — — — - — —
10. — — — - — —

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. septbr. kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls og var frumv. samþykkt með 10 samhlj. atkvæðum, og sendist til ráðherra, sem lög frá alþingi.

V. Framlenging á tollaukalögum og skipun milliþinganefndar.

Á 3. fundi Nd., fimmtudaginn 4. júlí kom frumv. til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar til 1. umr.

Ráðherrann: Þegar lögin um viðbót við aðflutningsgjald voru gjörð úr garði á síðasta þingi, og það ákvæði sett inn í þau, að þau skyldu að eins gilda það fjárhagstímabil, þá var gengið út frá því, að sett yrði þingnefnd til þess, að íhuga skattamál landsins og koma með tillögur um þau, er gæti orðið undirstaða fyrir frumvarpi, er lagt yrði fyrir þetta þing. Nefnd var að vísu kosin, en það reyndist ómögulegt fyrir hana, að ljúka starfi sínu, og kom hún ekki fram með neitt álit

nje tillögu, enda verður að játa það, að tími hennar var allt of naumur. Þegar stjórnarráðið fór að athuga málið, eptir þing 1905, þá kom það í ljós, að ekki var mögulegt, að tími ynnist til þess, að undirbúa það til þessa þings, svo að til nokkurra hlýta væri, jafnvel þótt stjórnarráðið hefði haft meiri og fjölbreyttari starfskrapta á að skipa en það hefur.

Í öðrum löndum, þar sem sjerstök, fjölskipuð fjármálaráðaneyti hafa eingöngu fjármálin um að hugsa, ráðast menn þó eigi í slíkt starf, sem gagngjörðri skattalaga-endurskoðun, án þess mikill undirbúningur sje á undan genginn í milliþinganefndum, þar sem fjölbreyttar og fjölhæfar skoðanir hafa getað látið til sín heyra, og veit jeg sannast að segja ekki, hve nær þörf er á slíkri nefnd hjer á landi, ef ekki er þörf á henni til annars eins starfs og þess, að undirbúa nýjan grundvöll undir skattalöggjöf, sem von á að vera um, að geti náð samþykki þingdeildanna og hylli landsfólksins.

Í frumvarpinu er stungið upp á 7 manna nefnd og ætlast til, að hún sje tilnefnd af þinginu — þannig, að neðri deild tilnefni 4, en efri deild 2, og stjórnarráðið 1, sem að sje formaður nefndarinnar — en nefndin sje síðan skipuð af konungi. Það þykir ráðandi, að menn af sem flestum stjettum eigi sæti í nefndinni, og til þess að geta fengið sem fjölbreyttasta krapta, þá hefur þótt æskilegt, að ekki yrði færri en 7 í nefndinni, og tilnefndir eptir hlutfallskosningaraðferð í báðum deildum, þó að það sje vitanlega ekki neitt aðal-atriði. Hitt er aðal-atriðið, að nefndin verði sett og svo skipuð, að vænta megi góðs árangurs af starfi hennar.

Um annað atriði frumvarpsins, framlenging tollaukalaganna, er ekki margt að segja. Á meðan nefndin er að starfa, er nauðsynlegt, að landssjóður hafi meiri tekjur, heldur en eptir núgildandi skatta- og tolllögum. — En til þess að fá það fje, þá virðist mjer einsætt, að byggja á sama grundvelli eins og áður. Mjer sýnist það naumast fjárhagslega forsvaranlegt, að taka eitthvað alveg nýtt og óreynt upp til bráðabirgða, að óreyndu, út í bláinn; nú höfum vjer reynsluna fyrir því, að tollaukalögin frá 1905 hafa gefizt vel, og sú hækkun, sem þau hafa í för með sjer, hefur engan veginn orðið gjaldendum tilfinnanleg nje óvinsæl.

Jeg leyfi mjer þess vegna, að mæla sem bezt fram með því, að hin háttv. deild samþykki frumvarpið; sanngirni mundi mæla með því, að innheimtumenn fengju innheimtulaun af tollaukanum eins og af öðrum tolli; þó hefur stjórnarráðið ekki tekið upp tillögu um það, til þess að víkja sem minnst frá því, sem nú er, meðan á þessu millibilsástandi stendur. En væntanlega verður nefnd kosin í málið, og tekur hún þá bæði það og fleira til athugunar.

Þá var stungið upp á 7 manna nefnd, og sú uppástunga samþykkt í e. hlj. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 7 þm., og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf.,
Björn Kristjánsson,
Skúli Thoroddsen,
Magnús Audrjesson,
Einar Þórðarson,
Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacíus.

Frumv. var vísað til 2. umr., og því næst kosnir með hlutfallskosningu í nefndina:

Lárus H. Bjarnason,

Pjetur Jónsson,
Björn Kristjánsson,
Guðm. Björnsson,
Hermann Jónasson,
Ólafur Ólafsson,
Olafur Briem.

Í nefndinni var Lárus H. Bjarnason kosinn formaður og Guðm. Björnsson skrifari og framsögumaður.

Á 12. fundi Nd., þriðjudaginn 16. júlí, kom frumv. (A 82) til 2. umr.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það eru ekki miklar breytingar, sem nefndin hefur gjört á þessu frumv. stjórnarinnar. Í frumv. er farið fram á tvennt ólíkt: í fyrsta lagi að framlengja tollhækkun þá, sem samþykkt var á síðasta þingi, og í öðru lagi, að skipa milliþinganefnd til þess að íhuga skatta- og tollmál landsins í heild sinni.

Að því, er snertir fyrra atriðið, þá hefur öll nefndin verið á einu máli um það, að ekki verði hjá því komizt, að framlengja tollhækkunarlögin; að vísu var það ráðgjört á síðasta þingi, að þessi lög skyldu eigi standa nema um eitt fjárhagstímabil, en það var byggt á því, að þess var vænzt, að nefnd yrði skipuð á því þingi til þess, að undirbúa breytingar á skatta- og tolllögum landsins, og að sú nefnd hefði lokið störfum sínum fyrir þetta þing. En þar sem allt stendur enn við sama og á síðasta þingi um skattamálin, þá hefur nefndin ekki sjeð annað ráð, en að halda þessari sömu tollhækkun enn um eitt fjárhagstímabil.

En þó er ein lítil breyting, sem nefndin hefur viljað gjöra við þessa grein; hún er sú, að borguð sjeu innheimtulaun af tollaukanum. Nefndin hefur ekki getað sjeð, að það sje rjettlátt, að gjalda ekki innheimtulaun af tollaukanum eins og öðru tollfje; skrifstofufufje sýslumanna fer stöðugt vaxandi, eptir því, sem störf þeirra aukast, og mælir því sanngirni með því, að þeir fái innheimtulaun af þessu eins og öðru, sem þeir heimta inn.

Nefndin leggur enn fremur til, að sú breyting sje gjörð við 1. gr., að í stað orðanna: »vindlagjörð og bittergjörð«, komi: »vindlagjörð, bittergjörð brjóstsykurgjörð eða aðra vörugjörð, þeirrar vöru, sem tollskyld er«; nefndin vill, að ef menn fara að búa til tollskylda vöru aðra en þá, sem nú er gjörð, þá nái lögin einnig til þeirrar vöru.

Um 2. gr. frumv., þar sem farið er fram á skipun milliþinganefndar, hefur nefndin ekki getað orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar, sem jeg heyri til, er á þeirri skoðun, að óhjákvæmilegt sje að skipa milliþinganefnd; hann álítur, að þetta mál sje svo mikið vandamál, að meiri ástæða sje til þess, að skipa milliþinganefnd til þess að fjalla um það, heldur en um nokkurt annað mál, og svo yfirgripsmikið, að ógjörningur sje að heimta, að sú nefnd lúki starfi sínu fyrir næsta þing. Við teljum það og eðlilegt, að þingið ráði, hvaða menn hafi þetta mál með höndum.

En að því er orðalagið á 2. gr. frv. snertir, þá er það skoðun allrar nefndarinnar, að það eigi að vera þannig, að verksvið nefndarinnar geti orðið sem allra rýmst; því ef nefndin vill binda sig bókstaflega við orðin í frv. stjórnarinnar, þá gæti hún sleppt mörgu, sem þó er mjög mikilsvert og þörf að rannsaka. Þær breytingar, sem nefndin hefur lagt til að gjörðar sjeu við 2. grein, lúta eingöngu að þessu.

Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Eins

og nefndarálitið ber með sjer, hef jeg ásamt tveim öðrum nefndarmönnum, skrifað undir það með fyrirvara. Þessi fyrirvari snertir þó ekki 1. gr., um tollaukann. Að vísu verðum við að játa, að það er hart aðgöngu, að leggja stórum auknar útgjaldabyrðar á þjóðina einmitt nú, þar sem útlit er fyrir, að landbændur verði að lóga miklu af bjargræðisstofni sínum sökum harðæris. En hins vegar er það sýnilegt, að eptir því, sem nú er komið fjárhag landsins, þá er óumflýjanlegt, ef landssjóður fær engan tekjuauka, að annað hvort eyðist innstæðufje viðlagasjóðsins, eða þá að landssjóður neyðist til að taka enn meira lán, en nú er gjört ráð tyrir. Þetta hvort tveggja álít jeg ógjörning, og ástæðan til þess, að jeg var samþykkur 1. gr. frumvarpsins, er því eingöngu sú, að þetta er neyðarúrræði til þess, að komast hjá öðru verra.

En viðvíkjandi 2. gr. frumv. um skipun milliþinganefndar, þá erum við ekki hinum háttv. meiri hluta nefndarinnar samdóma. Fyrst og fremst ber að gæta þess, að aðal-ætlunarverk stjórnarinnar er það, að undirbúa rjettarbætur, og erum við því ekki sannfærðir um, að nauðsynlegt sje, að skipa milliþinganefnd. Að því leyti, sem undirbúningurinn er svo umfangsmikill eða vandasamur, að stjórnarráðið álítur sig bresta starfskrapta eða sjerþekkingu til þess, að geta unnið að honum á eigin hönd, þá ætti það að geta leitað álits sjerfróðra manna, og þá auðvitað gegn hæfilegri borgun. Það má enda líta svo á, að málinu sje fullt eins vel borgið á þennan hátt eins og að vera í höndum fjölskipaðrar nefndar, manna, sem ættu erfitt með, að ná saman, og hefðu takmarkaðan tíma og sumir af þeim að sjálfsögðu bundnir við önnur störf; auk þess er það sýnilegt, að þessi tilhögun yrði talsvert kostnaðarminni, jafnvel þó gjört sje ráð fyrir, að stjórnarráðið hafi nokkurt fje milli handa til þess, að standast þann aukakostnað, sem það þyrfti að hafa í þessu skyni.

Þetta eru þær ástæður, sem við höfum fyrir okkur, er við leggjum það til, að 2. grein frumvarpsins sje felld.

Ráðherrann: Jeg er hinni háttv. nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar undir þetta mál yfirleitt. Aðalatriðið er það, að fá framlengda tollhækkunina, meðan ekki er búið að koma sjer niður á öðrum grundvelli fyrir auknum tekjum landssjóðs, því meðan við höfum þennan tollauka, er hægt að komast af, ef ekki er ráðizt í nein óvenjuleg fyrirtæki. Að því, er snertir skipun milliþinganefndarinnar, get jeg verið ánægður með undirtektir háttv. meiri hluta nefndarinnar. Ástæður hans eru að mestu leyti þær sömu, sem stjórnin hefur haft fyrir sjer í þessu máli. Þær ástæður, sem háttv. minni hluti nefndarinnar tilfærir, hef jeg áður tekið til athugunar, og jafnvel byrjað á tilraun í þá átt, hvort ekki væri mögulegt fyrir stjórnarráðið að undirbúa lagafrumvarp um skattamálin; það kom brátt í ljós, að ómögulegt var að tími ynnist til þess að ljúka nokkurnveginn viðunanlegum undirbúningi undir neitt slíkt frv. fyrir þetta þing.

Mjer hefur einnig dottið í hug, að stjórnarráðið tæki launaða aðstoð, eins og háttv. framsm. benti á. En jeg komst brátt að þeirri niðurstöðu, að það væri viðurhlutamikið að leggja mikið starf og talsvert fje til þess að undirbúa nýtt fyrirkomulag skatta og tolla, ef þingið og þjóðin gæti svo að lokum ekki aðhyllzt þann grundvöll, sem breytingin væri byggð á. Þá væri

ekki um annað að gjöra, heldur en að skipa milliþinganefnd samt sem áður, og væri þá á glæ kastað bæði tíma og fje. Það er viðurkennt annarsstaðar í heiminum, að miklu hentugra sje að mál, sem grípa svo djúpt inn í rjett einstaklingsins eins og skattalöggjöfin, sjeu svo undirbúin, að sem fjölbreyttastar skoðanir hafi getað komið til álita, og yfir höfuð að undirbúningsgrundvöllurinn sje svo breiður, sem unnt er; og það hygg jeg að sje skynsamlegast og sparsamlegast.

Sú aðferð, að fela milliþinganefnd undirbúning slíkra málefna, er tíðkuð í löndum, þar sem stjórnarráðin hafa mikilhæfustu fjármálagörpum á að skipa og marga hæfa menn til að ráðfæra sig við og mikið fje til umráða, er stjórnarráðin gætu varið til slíks.

Hjer erum við ekki svo settir, að stjórnarráðið hjer geti haft mikið fje fram yfir það, sem nauðsynlegt er til venjulegra skrifstofuútgjalda og daglegra þarfa. Störf þess eru svo margvísleg, að það virðist ekki geta náð neinum sanni, að ætlunarverk þess sje »aðallega að undirbúa rjettarbætur«. Aðalstarf þess er öll hin æðri umboðsstjórn landsins. Það hefur með höndum öll þau störf, sem áður lágu undir stjórnarráðið íslenzka í Kaupmannahöfn, landshöfðingjann og amtmennina báða, og þessi störf aukast svo að segja mánuð eptir mánuð og ný fyrirtæki gjöra sífellt kröfur til meiri starfskrapta. Undirbúningur lagafrumvarpa undir alþingi er aukastarf það árið, sem enganveginn má eyða öllum kröptum til, ef allt venjulegt stjórnarstarf á ekki að stansa. Jeg get með sanni sagt, að stjórnarráðið hefur ekki legið á liði sínu, og er ekki með neinum rjetti hægt að segja, að það hafi mikinn tíma nje fje afgangs til slíks starfs, sem þess, er hjer er um að ræða. Jeg býst við, að það hafi nóg frumv. að undirbúa til næsta alþingis og nóg við tíma sinn að gjöra til þess tíma, þó ekki bætist þar á ofan svo umfangsmikið mál sem þetta.

Eptir því, sem mjer heyrðist á háttv. framsm. minni hlutans, sem bar ástæður sínar fram með gætni, stillingu og skynsemd, eins og honum er lagið, vona jeg, að hjer sje ekki sá meiningarmunur, að þetta geti orðið að neinu verulegu kappsmáli af hálfu háttv. minni hluta, og vona jeg því, að gott samkomulag geti orðið um skipun nefndarinnar, þegar til kemur.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Þýðingarmesta ástæðan í mínum augum af þeim, er hæstv. ráðh. taldi, var sú, að það væri viðurhluta mikið, að fara að leggja mikið starf í að semja frv. til tolllaga, sem svo fengi ef til vill ekki meðhald þjóðarinnar.

Í þessum orðum lá, að nauðsyn bæri til að skipaðir verði menn í nefnd, er endurskoðuðu skattalöggjöf landsins, því á þann hátt fengist meiri trygging fyrir góðum og rjettmætum grundvelli slíkrar löggjafar, en ef stjórnarráðið eitt hefði undirbúninginn með höndum.

Jeg játa, að þetta hefur nokkuð til síns máls, en álít þó enga fyllilega tryggingu fengna, þótt milliþinganefnd fjalli um málið. Jeg vil leyfa mjer að taka t. d. þá milliþinganefnd, er síðast hefur starfað, sem sje kirkjumálanefndina. Að því, er mjer hefur heyrzt, er allmikill ágreiningur meðal þjóðarinnar um það, hvort sá grundvöllur, sem hún hefur byggt á, sje vel til fundinn og til frambúðar, og víst mun efi á því, hvort það umfangsmikla starf þeirrar nefndar getur komið að tilætluðum notum.

Að öðru leyti þýðir ekki að deila

mikið um þetta, og skal jeg þessvegna ekki eyða orðum um það.

Jeg er samdóma háttv. framsm. um það, að svo framarlega sem skipuð verður milliþinganefnd í þessu máli, skuli gjöra verksvið hennar sem allra rýmst. Nefndin hefur að vísu ekki verið því mótfallin, að rýmka það nokkuð, en þó ekki svo, að það nægi fyllilega.

Það, sem nefndin ætlar milliþinganefndinni að starfa, er aðallega tvennt: Í fyrsta lagi, að íhuga það, hvernig beinum sköttum verði bezt fyrir komið, og í öðru lagi, hvernig haga skuli tollheimtu af innfluttum vörum, og hverjum tollstofnum mætti við bæta. En þá álít jeg, að ekki sje fjarri, að fela henni einnig, að athuga, hvort eigi væri gjörlegt, að hækka útflutningsgjald eða finna nýja tollstofna meðal útfluttra vörutegunda. Vera má, að eigi sje ástæða til þess, að hækka slíka tolla yfirleitt, en hreyft hefur því þó verið, að hækka útflutningsgjald af síld, enda er mjer næst að halda, að auka mætti þá tekjugrein að miklum mun án þess, að landsmönnum yrði það mikill byrðarauki. Sá tollur mundi aðallega koma niður á útlendingum, einkum Norðmönnum, er síldveiðar stunda hjer við land. Reyndar væri eðlilegast, að eitthvað væri gjört í þessa átt þegar á þessu þingi. En hvernig sem um það fer, þá er þó ekki úr vegi að hin fyrirhugaða milliþinganefnd tæki útflutningstollana til athugunar.

Enn fremur mætti ætla henni það starf, þótt nokkuð sje það óskylt aðalverkefni hennar, að undirbúa nauðsynlegar breytingar á sveitagjöldum, og jafnvel gjöldum til presta og kirkna. Sjerstaklega álít jeg nauðsynlegt, að hún taki til meðferðar sveitagjöldin. Það kom til orða hjer á þinginu í hitt eð fyrra, að ekki væri hentugt, að gjöldum til sveitarsjóða, sem orðin eru næsta mikil, væri jafnað niður algjörlega eptir efnum og ástæðum, heldur mundi betur til fallið, að jafna þeim að nokkru leyti niður á fasta gjaldstofna. En þeir eru engir til sveita, nema öldungis hverfandi. Í því efni eru kaupstaðirnir nokkuð betur settir; þeir hafa þó nokkra fasta gjaldstofna, þar sem eru húsalóðir. Og optar hefur verið vakið máls á því, að fjölga föstum gjaldstofnum. Enda liggur það í augum uppi, að niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum hefur ýmsa annmarka og getur aldrei orðið nema af handahófi, þrátt fyrir bezta vilja niðurjafnenda; bæði er það viðfeldnara fyrir þá, er um niðurjöfnun eiga að fjalla, og eigi síður fyrir gjaldendur, að gjöldin sjeu að nokkru leyti ákveðin með lögum, svo að niðurjöfnunar upphæðin þurfi ekki að vera jafnmikil sem ella.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg vildi leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till., eða rjettara sagt, viðaukatill. nefndarinnar við 2. stfl. 1. gr. Þessi till., að innheimtulaun skuli og greiða af tollaukanum, er þannig löguð, að jeg get ekki verið henni samþykkur, og verð því að greiða atkv. á móti henni. Það er að vísu eigi undarlegt, þótt gjaldheimtumenn sjálfir legðu nokkurt kapp á það, að fá þetta ákvæði tekið upp í lögin, en hitt furðar mig, að nefndin í heild sinni skuli hallast að því, þvert ofan í ákvörðun síðasta þings. Ástæður mínar móti tillögunni eru þessar: Í fyrsta lagi að launakjör þeirra embættismanna, er hjer eiga hlut að máli, eru eigi svo bágborin, að þörf sje á því, að bæta þau á þennan hátt. Í öðru lagi virðist mjer svo, sem hjer komi nokkurt misrjetti fram, þar sem

þetta aukna innheimtugjald lendir að mestu hjá örfáum mönnum, og það einmitt hjá þeim, sem bezt eru launaðir áður, og því sízt hafa þess þörf; en hinir, er lægst hafa launin, munu lítils góðs njóta af þessu fyrirkomulagi. Ennfremur er það, að tími mun til kominn fyrir þingið, að láta ótvíræðlega í ljós, hvernig það ætlast til, að tollheimtu sje hagað, þegar tollar hækka á þeim vörutegundum, sem áður eru tollskyldar, og gjaldstofnum fjölgar að mun. Held jeg, að öllum hljóti að vera ljóst, að í fæstum tilfellum muni fyrirhöfnin við innheimtuna standa í rjettu hlutfalli við gjaldhæðina. Þegar þessa er gætt, að tollheimtan fer vaxandi, þá finnst mjer ekki ástæðulaust að líta á, hvort þetta fyrirkomulag sje í alla staði hentugt. Væri æskilegast, áður en óbeinu skattarnir aukast, að hafa komið innheimtunni sem haganlegast fyrir og landssjóði að sem kostnaðarminnstu.

Jeg get ekki stillt mig um að geta þess, að mjer finnst sú stefna nokkuð athugaverð, sem farið er að bóla á, að nauðsyn beri til að hækka laun ýmsra embættismanna, og jafnvel stofna ný hálaunuð embætti. Að minnsta kosti mætti svo virðast, sem rjettast væri að byrja með því, að bæta kjör þeirra, er lægst hafa launin.

Jeg skal engu spá um það, hvernig atkvgr. fellur um þennan lið, en jeg fyrir mitt leyti get ekki annað, en haldið fast við þá skoðun, sem jeg hef áður haft í þessu efni.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg get fyrir nefndarinnar hönd gjört grein fyrir því, hvers vegna hún í heild sinni fjellzt á að gjöra þessa breyt.till.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) færði ýmsar ástæður fyrir því, að hann gæti eigi fallizt á hana. Fyrst gat hann þess, að launakjör sýslumanna væru yfirleitt ekki svo bágborin, að við þyrfti að bæta. Má vera, en erfitt mun þó að dæma rjett um það. Að vísu vitum vjer hversu há hin föstu laun þeirra eru, og hve mikinn eptirlaunarjett þeir hafa, en um hitt er óhægra að segja, hversu mikið fje fer til kostnaðar við embættisfærslu þeirra. Með öðrum orðum: Vjer þekkjum launaupphæð þeirra á pappírnum, en ekki í reyndinni, er kostnaður er frá dreginn. Eitt vitum vjer: á undanförnum áratugum hefur sýslumannastjettin yfirleitt verið dugleg og vönduð stjett, og við fráfall þessara manna hafa þó bú þeirra engu að síður flest verið þrotabú. Bendir það í þá átt, að kjör þeirra sjeu ekki sjerlega glæsileg. Annars er þetta málefni, sem aðrir af háttv. þm. deildarinnar eru færari að dæma um, en jeg.

Önnur ástæða háttv. þm. var sú, að í breyt.till. feldist misrjetti, þar sem þessi hlunnindi lentu aðallega hjá örfáum mönnum, en einmitt þeir urðu út undan, er helzt þyrftu uppbótar við. Við þá ástæðu er það að athuga, að óefað lendir þessi launauppbót á rjettum stað, því að einmitt þeir, er mesta innheimtu hafa á hendi, sitja í erfiðustu embættunum, og kosta mestu til. Það er því ekki nema sanngjarnt, að þetta ákvæði sje tekið upp í lögin.

Hitt er annað mál, að rjettara kynni að vera að greiða engin innheimtulaun, en þá yrði líka að veita innheimtumönnum fje til skrifstofukostnaðar. En þetta atriði liggur ekki hjer fyrir nú, og getur því ekki komið til umr.

Loks hafði háttv. þm. Ak. (M. K.) það á móti breyt.till., að innheimtulaunin hjeldust óbreytt, hversu mjög sem tolltekjurnar jykjust. Það er alveg rjett athugað. Svo framarlega sem

tolltekjurnar aukast að mun, þá verður þingið að taka til íhugunar, hvernig haga skuli innheimtunni, og kemur þá til greina þetta atriði, hvort ekki væri heppilegast að afnema innheimtulaunin og veita í þess stað tollheimtumönnum skrifstofufje. Eitthvert innheimtugjald verður auðvitað að vera, því bæði er starfið fyrirhafnarmikið og bundið talsverðri ábyrgð. Það er ekki nema eðlilegt, að eins og til dæmis gjaldkerar í bönkum fá visst hundraðsgjald af fje því, er þeir hafa með höndum, þannig hafi og tollheimtumenn eitthvert ítak, þó lítið sje, fyrir vantalning og ábyrgð þeirri, er á þeim hvílir. Þess skal að síðustu getið, að nefndin hefur litið svo á, að þetta ákvæði, eins og 1. gr. öll yfir höfuð, sje að eins til bráðabirgða. Öll sanngirni mælir með því, að það nái fram að ganga,

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Jeg þarf ekki að bæta miklu við svar háttv. framsm. til háttv. þm. Ak. (M. K.) um breyt.till. þá, er hann vjek að. Þess skal getið, að nefndinni barst málaleitan frá nokkrum gjaldheimtumönnum, er hjer eiga hlut að máli. Þeir segja í þessu brjefi, eins og líka er rjett, að ákvæðið um tollhækkunina, 30%, gjöri alla tollreikningana meira en þriðjungi fyrirhafnarmeiri og viðsjálli, en þeir voru áður og valdi þannig miklum erfiðisauka, auk þess sem peninga-ábyrgðin er aukin um 30%.

Jeg get vel ímyndað mjer, að þeir sem ekki þekkja neitt inn í rekstur hinna opinberu embætta, að því er snertir innheimtuna á landssjóðstekjum, sem að heita má að hvíli öll á sýslumönnum, eigi örðugt með að gjöra sjer hina minnstu hugmynd um það skrifstofustarf og þá peningalegu áhættu, er tollheimtunni fylgir, og þess síður geta þeir menn, sem þessu eru ókunnir, gjört sjer nokkra hugmynd um, hvað störfin aukast og áhættan vex við þannig lagaða viðbót, sem reiknast á í hundraðshlutum (%). Til þess að sanna, að þetta hefur komið fram í reikningum gjaldheimtumanna frá 1905, skal jeg benda til þess, að í athugasemdum við landsreikningana síðustu hafa endurskoðendur bent á þetta. Endurskoðendurnir hafa þá rekið augun í, hversu viðsjált það er, að fást við tollreikningana vegna þessara 30%. En þeir finna það bezt, sem eiga að innheimta tollinn, reikna hverjum innflytjanda 30% hækkun, og draga svo allar þær upphæðir, sundurliðaðar fyrir hverja tollvöru, saman í heild, svo rjett og nákvæmlega, að hvergi sje eyri of eða van, hvorki hjá einstökum gjaldendum nje í aðal-upphæð reikningsins. Það er ekki erfitt, að reikna 30% af 100 kr. í eitt skipti, en þegar þetta á að reikna fyrir 70—80 skip, og milli 10—20 innflytjendur með hverju skipi og þegar toll-upphæðin er öll orðin 70—80 þúsund kr., þá fer verkið að verða æði vafningsmikið og vandasamt.

Auk þessa aukna erfiðis hvílir 30% hærri ábyrgð á innheimtumönnum, en fyr; um það verður ekki deilt. Það er þó væntanlega öllum ljóst, sem lagt geta saman 2 og 2.

Þessi ábyrgð gjaldheimtumanna á toll-tekjum, er nú á síðari árum orðin miklu viðsjálli og hættulegri, en hún var áður, og auðvitað því verri, því hærri sem hún er. Það stafar að nokkru leyti af því, að aðflutningar hafa aukizt mjög, en mest þó af því, að innflytjendum hefur fjölgað svo stórkostlega. Ábyrgðin er mjög viðtæk, því að gjaldheimtumaður verður persónulega að standa ábyrgð á, að allir tollar greiðist í landssjóð, af þeim vörum, er inn í landið flytjast. Og tollgreiðendur eru ekki *allir* svo skil-

visir, eða vel staddir, að það sje ekki bundið töluverðri fyrirhöfn og áhættu, að ná öllu gjaldi hjá þeim, sumum hverjum, sem eltast þarf við út um hvippinn og hvappinn; það útheimtir mikla fyrirhöfn, passasemi, arg og rifrildi, og enda talsverða hörku á stundum. Annars getur innheimtumaður búizt við að tapa ekki að eins tugum, heldur hundruðum króna á ári hverju. Aðflutningur á tollskyldum vörum hefur, eins og fram er tekið, aukizt mjög á fám árum. Áður, og það þótt ekki sje farið lengra aptur, en að dagsetning hinna gildandi toll-laga, 1901, voru verzlunarstaðir færri, skipakomur færri, aðflytjendur margfalt færri. Þá voru vörur fluttar að í stærri »partíum« jafnaðarlegast. Gjaldendur borguðu flestir með ávísunum til Kaupmannahafnar. En nú er það svo, að hver úrsmiður og skósmiður, og ótal aðrir, þessir smákaupmenn, sem alstaðar eru, eins og mý á mykjuskán, þjóta upp annan daginn og fara á höfuðið hinn daginn, þessir allir flytja inn dálítinn slatta með hverju skipi, og við það verður gjaldheimtumaðurinn að eltast. Á þann hátt er eptirlittð orðið miklu umfangsmeira, og ábyrgðin á öllum þessum smáupphæðum margfalt viðsjálli, heldur en áður var, þegar vörur fluttust sjaldnar, en stórar birgðir í senn, og gjaldendur voru að mestum hluta stór og áreiðanleg verzlunarhús. Þess vegna gleypir skrifstofu- og eptirlits-kostnaðurinn og ábyrgðin fullkomlega eins mikið fje og það, er tekjurnar af tollheimtunni nema, og jafnvel meira til. Þetta er mín reynsla og margra annara gjaldheimtumanna á landinu.

Það er því í mesta máta ranglátt, þetta sem gjört var á þinginu 1905 hjer í deildinni, að fara einmitt nú, þegar innheimtustarfið og ábyrgðin er orðin margfalt meiri, en áður var, að hlaða auknum störfum á innheimtumenn án nokkurs endurgjalds.

Mjer dettur ekki í hug að segja, að háttv. þm. Ak. (M. K.), hafi talað af illkvittni við gjaldheimtumenn, en hjer gætir þess, sem optar, að menn kynna sjer ekki til hlítar þau mál, er þeir flytja till. um, eða greiða atkvæði um. Það ætti, eptir hans skoðun, að borga mönnum erfið verk ver nú en áður, þegar allar nauðsynjar eru orðnar dýrari og erfiðara að lifa í landinu.

Háttv. þm. vjek að því, að launakjör undirdómara væru svo góð, að sízt væri á þau bætandi, og byggir hann þar á því, að í launalögum, sem eru orðin 30 ára gömul, er launaupphæð þeirra ákveðin nokkuð hátt í samanburði við embættismenn, er hafa aðrar tekjur jafnhliða, t, d. læknar, sem hafa mestar tekjur sínar af borgun fyrir læknisstörf, og presta, sem allflestir geta stundað búskap og haft tekjur af honum. Þetta stafar líka af því, að háttv. þm. þekkir ekki, eða hefur ekki hugsað út í, hvernig þessu er varið. Á embættislaunum sýslumanna hvílir allur kostnaðurinn við rekstur embættanna, en rekstri hinna annara embætta fylgir ekki teljandi kostnaður. Borgun fyrir embættisstörf fá sýslumenn ekki almennt, eins og t. d. læknar og enga dagpeninga í ferðalögum fyrir hið opinbera. Launalögin eru frá 1875, 32 ára gömul, en hve miklar breytingar orðið hafa á þessum embættum síðan 1875, er ljóst af því, að skrifstofustörf sýslumanna og kostnaður við rekstur embættanna hefur alstaðar meira en fjórfaldast á því tímabili, og sumstaðar vaxið enn meira, og verðgildi peninga hefur lækkað um meira en þriðjung. Í rauninni er nóg að benda á þetta eitt, til þess að sanna, að ummæli háttv. þm. eru

ekki á rökum byggð, og að hann hefur ekki kynnt sjer þetta mál til hlítar.

Annað atriði, sem jeg vildi minnast á í þessu sambandi, er það, að einmitt þau embættin, sem á pappírnum standa hæst með tekjur, eru líklega einna lökust, þegar öllu er á botninn hvolft. Sýslumannaembættin til sveita, þar sem skrifstofukostnaður er minnstur, eru í raun og veru affarasælli en kaupstaðarembættin, þótt tekjurnar sjeu þar meiri að nafninu; skrifstofukostnaðurinn er svo afarmikill — og fer sívaxandi — að hann meira en jetur upp mismuninn. Jeg get vel borið um þetta, þar sem jeg þekki hvorttveggja af eigin reynslu. Rjettast væri, eins og háttv. framsögumaður (G. B.) tók fram, að greina sundur embættislaunin og kostnaðinn við embættisfærsluna. Embættislaunin ættu að vera svipuð yfirleitt, en kostnaðurinn yrði auðvitað mismunandi. Það væri mjög heppilegt, að þessari breytingu yrði komið á sem fyrst. Æskilegast væri, að um leið yrði gjörð gagngjörð breyting á undirdómaraembættunum í landinu. Sýslumannaembættin eru nú skoðuð sem nokkurskonar safnkyrnur fyrir öll þau störf, sem aðrir þykjast ekki geta unnið eða nenna ekki að vinna. Má benda á, að nú eru 3 störf á ferðinni hjer á þinginu, sem demba á í þessar »kyrnur«, þótt sannarlega þurfi ekki háskólagengna lögfræðinga til að leysa þau af hendi: innheimta á brunabótagjaldi, kirkjugjaldi og ellistyrksgjaldi. Eitt er líka einkennilegt við þetta ellistyrksgjald. Það var áður lagt að eins á fáeinar hræður, og innheimtulaunin voru 4%. Nú á gjaldið að verða almennt og innheimtulaunin að verða að eins 2%, og stjórnin segir þetta sje »óbreytt« frá hinum eldri lögum; það er einkennileg rjettsýni í garð sýslumanna, það!!

Það væri heppilegast, að skilja öll þesskonar störf frá undirdómaraembættunum, losa sýslumennina við þessi andlegu »moldarverk«. Fyrst og fremst eyðileggja þau þessa menn fjárhagslega, því að innheimtulaunin hrökkva ekki fyrir kostnaðinum, sem þessum störfum fylgir, og þess vegna er það afleiðingin, að skrifstofukostnaðurinn jetur upp mikinn part af launanum. Í öðru lagi spilla þau fyrir þeim miklum tíma, og þar af leiðir, að þau í þriðja lagi gjöra það að verkum, að sýslumenn hafa ekki tíma afgangs eða nokkurt minnsta næði til þeirra starfa, sem eru þýðingarmeiri og verulega ríður á. Sjálfur get jeg djarft úr flokki talað um þetta efni. Þetta ár hef jeg haft 20—30 dómsmál til meðferðar og mörg þeirra mjög vandasöm, en jeg hef ekki haft þriðjunginn af þeim tíma, sem nauðsynlegur hefði verið til þess að vanda þau sem skyldi. »Moldarverkin« hafa tekið upp allan tímann Þetta er afarskaðlegt fyrir þjóðfjelagið, og jeg á bágt með að skilja, hvers vegna þetta skaðlega fyrirkomulag og þessi ramm-vitlausa stefna er svo rík í hugum manna hjer í landi. Það þarf ekki háskólagengna lögfræðinga til þessara starfa. Öðru nær. Allvel menntaðir og sæmilega samvizkusamir alþýðumenn geta vel leyst þau viðunanlega af hendi. Jeg tek þetta fram til þess, að mönnum verði það hugfast seinna meir, þegar þar að kemur. Hins vegar gjöri jeg mjer ekki í hugarlund, að þessi störf verði ódýrari við aðskilnaðinn, því engum sæmilega viti bornum alþýðumanni dytti í hug að taka þau að sjer fyrir þá borgun, sem sýslumönnum er ætluð, þegar verið er að kúga þessi störf upp á

þá. En eins og nú er ástatt, eyðileggja þau fyrir undirdómurunum annað vandasamara starf og baka þeim skrifstofukostnað, sem illkleift er að rísa undir.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg ætla ekki að misbjóða háttv. deild með því, að svara orði til orðs þessum tveimur háttv. þm., er tekið hafa til andmæla, því báðir eru þeir mælskir menn og margorðir. En þar sem hv. 2. þm. Rvk. (G. B.) var að fást við, að hrekja ástæður minar, finnst mjer, að honum hafi opt betur tekizt. Mótbárur hans eru byggðar á misskilningi. Hefði gjald verið lagt á nýjar tegundir, hefði nýjum tollstofnum verið aukið við, þá væri allt öðru máli að gegna. En hjer er að eins að ræða um tollhækkun á vörum, sem áður hafa verið tollskyldar, og við það eykst innheimtukostnaðurinn alls ekki í sama hlutfalli og tollupphæðin eykst. Jeg get því ekki sjeð, að nokkurt ranglæti sje haft í frammi, þótt innheimtulaunin sjeu ekki hækkuð, og held enn fast við, að til þess sje engin ástæða. Ætla jeg svo ekki að fara um það fleiri orðum.

Hvað viðvíkur ræðu háttv. þm. V.-Skf, (Guðl. G.) og aths. hans um sýslumannaembættin, þá var sumt rjett af því, sem hann tók fram. Sum af þeim embættum eru ofhlaðin störfum, það get jeg fullkomlega kannazt við. En það snertir í raun og veru alls ekki þetta mál. Sýslumenn hafa ekki betri tíma til starfa sinna, þótt þeir fengju þessum krónum meira, nema því að eins, að þeim verði varið til þess að útvega aukinn vinnukrapt, en jeg álít litla tryggingu fyrir, að svo verði.

Þá væri að mínu áliti rjettara, að veita bæjarfógetunum í 3 kaupstöðunum nokkurt skrifstofufje, líkt og nú á sjer stað í Reykjavík, auðvitað þó með vissum skilyrðum, er tryggðu það, að sú fjárveiting yrði að tilætluðum notum.

Jeg ætla ekki að fara að athuga út í æsar kjör sýslumanna og bæjarfógeta; það er óþarfi og of mikil tímatöf, en jeg vil taka það fram, að mín skoðun er sú, að tekjur þeirra af tollheimtunni sjeu sumstaðar farnar að slaga talsvert upp í föstu launin. Það kemur og opt fyrir, að stranduppboð gefa þeim nokkuð í aðra hönd og auk þess má nefna afgreiðslugjald skipa, sem sumstaðar nemur talsverðri upphæð. Því hefur reyndar verið slegið fram hjer, að jeg hefði ekki mikið vit á þessu, en jeg er þó svo kunnugur því, að jeg get gjört mjer nokkra hugmynd um, hvaða tekjur sýslumenn og bæjarfógetar hafa á þeim stöðum, sem tollheimtan er mest. Það er auðvitað ekki unnt, að ákveða það nákvæmlega, en jeg held, að gjöra megi ráð fyrir, að þær sjeu ekki minni en 6,000—7,000 kr. Þótt þeir nú þurfi að taka skrifara, sem þeir gjalda 1,000—2,000 kr., fæ jeg ekki betur sjeð, en að svo mikið sje eptir, að lifandi sje við það. Jeg lofaði að vera stuttorður, og skal enda það; að eins vil jeg bæta því við, að jeg er háttv. þm. fyllilega samdóma um, að brýn nauðsyn er til, að breyta því fyrirkomulagi, sem er nú. Enda sje jeg ekkert breytingunni til fyrirstöðu. Innheimtustörfin er hægt að fela öðrum, og tel jeg það heppilegt, ef það gæti orðið til þess, að sýslumennirnir hefðu betri tíma til sinna þýðingarmeiri starfa.

Ráðherrann: Jeg ætla að eins að bæta við fáeinum orðum viðvíkjandi breyt.till. hinnar háttv. nefndar. Að því er snertir viðaukann við 1. gr., þá er jeg nefndinni algjörlega samdóma. Jeg álít, að það hafi verið talsverður

galli á tollaukalögum þeim, sem samþ. voru á síðasta þingi, að ekki skyldi vera goldin innheimtulaun af tollaukanum. Það gleður mig, að nefndin vill laga það. Það þarf að vísu, að mínu áliti, ekki að vera svo mikill fyrirhafnarauki að innheimta þessi 30% í viðbót við tollinn, en úr ábyrgð innheimtunnar er ekki ofmikið gjört, og innheimtulaunin eru svo lág, að jeg hygg, að enginn sje ofsæll af þeim starfslaunum, enda silkispuni innheimtumanna við innheimtu tollsins opt minni en margir halda.

Við breyt.till. við síðari málsgr. 1. gr. hef jeg ekkert að athuga.

Jeg get einnig verið samþ. viðaukatill. við fyrri málsgrein 2. gr., en það er ekki hægt að sjá, hvernig hún á að koma inn í textann. Jeg get hugsað mjer, að hún eigi að koma inn á undan orðunum »eða fasteignarskattur«, og væri bezt, að nefndin vildi lýsa því yfir, svo að hægt sje að koma því í lag á skrifstofunni.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það var rjett til getið hjá hæstv. ráðh., að nefndin ætlaðist til, að viðaukatill. fyrri við 2. gr. kæmi í stað fjögra orðanna fyrstu, inn á undan »eða fasteignarskattur«. En um síðara atriðið, breyt.till. við 2. gr. 2, um almennt verzlunargjald, er það að segja, að nefndin hefur tekið það upp af þeirri ástæðu, að sú till. hefur verið rædd talsvert víðsvegar út um landið og fengið fylgi eigi allfárra manna.

Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Jeg skal ekki vera langorður. Jeg tók eptir því, að hæstv. ráðherra fórust svo orð um fyrri breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. frumv., að hún bætti úr galla, sem á frumv. væri. Þetta mun vera rjett frá sjónarmiði hæstv. ráðherra og flutningsmanna tillögunnar. En frá sjónarmiði landssjóðs er tillagan galli, og hann ekki óverulegur. Eptir lauslegri athugun minni munu innheimtulaunin af tolltekjunum verða um 18 þús. kr., þar af fyrir þennan tollauka um 4 þúsund kr. á ári, eða 8 þús. kr. yfir fjárhagstímabilið; það er með öðrum orðum, að af þessari tillögu, ef hún yrði samþykkt, mundi leiða 8 þús. kr. tekjumissir fyrir landssjóð. Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu.

Jeg vildi að eins benda á þetta, af því að það hefur ekki óveruleg áhrif á mig, það er kemur til atkvæðagreiðslu um tillöguna, því að þess vegna mun jeg greiða atkvæði í móti henni.

Umræðunni lokið.

ATKV.GR.: Viðaukatill. við 1. gr. samþ. með 14 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.-greiðslu, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Jóhannes Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Kristjánss.,
Hermann Jónass.,	St. Stefánsson, Eyf.,
L. H. Bjarnason,	St. Stefánss., Skgf.,
Magnús Andrjess.,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Briem,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thóroddsen.	

2. breyt.till. við 1. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

1. gr. þannig orðuð samþ. með 21 samhlj. atkv.

1. breyt.till. við 2. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

2. breyt.till. við 2. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

2. gr. þannig orðuð samþ. með 15 atkv. gegn 6.

3. gr. frumv. samþ. með 15 atkv. gegn 4.

4. gr. frumv. samþ. með 17 atkv. gegn 4.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Á 17. fundi Nd., mánudaginn 22. júlí kom frumv. (A. 103, 109, 117, 120) til 3. umr.

Forseti Magnús Stephensen (2. þm. Rangv.) setti fund kl. 12 á hádegi. — Gat hann þess, að sjer hefði borizt beiðni frá 6 þingm. (úr skattanefndinni), þess efnis, að frv. til laga um framlenging á gildi laga um hækkun aðflutningsgjalds frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar yrði tekið upp sem fyrsta mál á dagskrá til 3. umr., en til þess þyrfti afbrigði frá þingsköpum.

Var síðan leitað atkvæða, og voru afbrigðin samþykkt með leyfi ráðherrans.

Var þá tekið til dagskrár.

Með því að breyt.till. við þetta frv., þingskj. 117, var ný, var leitað atkvæða um það, hvort hún mætti koma til meðferðar á fundinum, og var það samþykkt í einu hljóði.

Árni Jónsson: Jeg ætla ekki að tala langt mál. Breyt.till. okkar 6 þm. á þingskj. 109 er svo ljós og skýr, að menn munu fljótt átta sig á henni; þar eru að eins breytingar á tölum. Þar sem stendur, að 5 skuli koma í staðinn fyrir 7, þá er sú meiningin, að í milliþinganefndina í skattamálum skuli að eins skipa 5 menn, í stað 7, sem gjört er ráð fyrir í frumv.

Þetta kemur að nokkru leyti til af því, að við 1. umræðu kom fram sú skoðun, að álitamál gæti verið, hvort þörf væri á nefndinni, og horfðu menn þá aðallega í kostnaðinn. En kostnaðurinn verður þeim mun meiri, sem fleiri eru í nefndina skipaðir. Jeg álít, að það sje rjett, að velja ekki alla nefndarmenn af sömu stöðvum, því að þótt hjer sje mest mannvalið í höfuðstaðnum og kringum hann, þá verður þó hitt heppilegra, að velja þá sem víðast að. Það hefur að vísu verið sneitt að þessu af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna með því, að ferðakostnaður yrði þá dýrari. En það er ekki rjett, að horfa í þetta eitt, og taka ekki menn annarsstaðar frá en þaðan, sem hægast er að ná þeim saman; einkum þegar þess er gætt, að það er tekið fram í 3. grein, að nefndinni er heimilt, að taka sjer þá aðstoð, sem hún þarf með, og á hún þannig ætíð nógan kost á aðstoð fróðra manna.

Þessi tillaga er þannig millivegur, hvað kostnað snertir. Annars er ekki svo að skilja, að mjer sje þetta neitt kappsmál, en við vildum að eins gefa háttv. deild kost á, að greiða atkvæði um þetta.

Í sambandi við þetta er stungið upp á annari breytingu í seinni lið tillögunnar, nefnilega þeirri, að þar sem frumv. gjörði ráð fyrir því, að neðri deild tilnefndi 4 menn í milliþinganefndina, en efri deild 2, þá skuli neðri deild nefna til 3, en efri deild 1.

Breyt.till. á þgskj. 117 fer fram á það, að nefndarmenn verði tilnefndir í sameinuðu þingi, og er þar gjört ráð fyrir sömu tölu og í frumv. sjálfu. — Við höfum ekkert á móti því, að sameinað þing tilnefni mennina, og göngum því inn á breyt.till. á þgskj. 120,

þar sem tölu nefndarmanna er breytt úr 6, sem stóð á 117, og hún færð niður í 4, því að það kemur þá heim við tillögu okkar.

Eins og jeg tók fram, er málið ljóst, og þingm. munu geta fljótt gjört sjer grein fyrir því, hvort þeir vilja heldur, að nefndina skipi 5 menn, eða 7, og það er hjer aðal-atriðið.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson: Jeg hefi ásamt tveim öðrum háttv. þingm. deildarinnar komið fram með litla breyt.till. þess efnis, að í stað þess, að neðri deild nefni 4 menn í milliþinganefndina, en efri deild 2, þá skuli sameinað þing nefna 6 menn. Ástæðan er aðallega sú, að ef svo skyldi fara, að nefndarmönnum yrði fækkað, þá álítum vjer hentara, að sameinað þing nefni til alla mennina, heldur en að neðri deild nefni 4, en efri deild 1.

Það er augljóst, hve illa það ætti við, — og þótt svo fari — að nefndarmönnum verði ekki fækkað, þá á það fullt eins vel við, að þessi nefnd, sem á að starfa fyrir þingið í heild sinni, sje til nefnd af þinginu í heild sinni.

Að því er snertir breyt.till. þá, er fer fram á það, að nefndarmönnum verði fækkað, þá getum vjer ekki verið henni meðmæltir. Hjer er nú um mjög mikið vandaverk að ræða og seinunnið. Og ef það verður ofan á, að milliþinganefnd skuli fjalla um það, þá álítum vjer bráð-nauðsynlegt, að sú nefnd hafi miklum vinnukrapti á að skipa. Og ef um dugandi menn er að ræða, þá er nefndin óliku betur skipuð 7 mönnum, en 5, því að: »munar um mannsliðið«. Eina ástæðan fyrir fækkuninni er kostnaðaraukinn. En sá sparnaður, sem af henni leiðir, hygg jeg að verði mjög lítill, en vinningurinn við það, að hafa tveim duglegum mönnum fleira, aptur á móti mjög mikill.

Jeg hygg því þannig, að fækkunin mundi eigi borga sig, og get því eigi verið henni meðmæltur, og það getur ekki heldur allur þorri manna í skattamálanefndinni.

Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Jeg hef leyft mjer að gjöra nokkrar breyt.till. við frumv., og eru þær á þgskj. 103. Þær ganga út á það, að fyrirhugaðri milliþinganefnd í skattamálum landsins verði falið að athuga, hvort hent sje að breyta fyrirkomulaginu á sveitargjöldum og gjöldum til prests og kirkju. Ástæðan til þess, að þessi tillaga er fram komin, er sú, að skattar til landssjóðs eru að eins einn liður í þeirri útgjaldabyrði, sem á almenningi hvílir til opinberra þarfa, og virðist þá eðlilegast, að öll þau gjöld verði athuguð í einu lagi, svo að þannig fáist sem bezt samræmi á milli þess, sem í heild sinni er lagt á hvern gjaldstofn. Svo er og eitt atriði, sem stendur í nánu sambandi við skattamálið, það er tíundarframtalið og afnám þess. Eins og kunnugt er, hefur því máli opt verið hreyft á undanförnum þingum, og sýnt fram á með rökum, að framtalið er úrelt fyrirkomulag. Þá er og enn eitt atriði, sem ekki liggur fjarri ætlunarverki skattamálanefndarinnar að íhuga, en það er spurningin um verðlagsskrárfyrirkomulagið. Það mál hefir opt komið til umræðu á þinginu og tillögur hafa komið fram um að breyta því fyrirkomulagi, og sumir hafa jafnvel alveg viljað afnema verðlagsskrána.

Þessi tvö atriði, afnám tíundarframtals og niðurlagning verðlagsskrár, geta auðvitað ekki komizt á, nema því að eins, að breytt verði öllum þeim gjöldum, sem bundin eru við lausafjárti-

und, eða miðuð við álnatal eptir meðalverði.

Þetta allt virðist mjer rjett að fela nefndinni að athuga, og vona jeg, að hin háttv. deild samþ. því þessar viðaukatillögur.

Ráðherrann: Jeg er háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) þakklátur fyrir viðaukatillögurnar á þgskj. 103. Þær eru í samræmi við það, sem stjórnin hafði hugsað sjer um verksvið nefndarinuar. Stjórnin hefur í undirbúningsdrögum þeim til skatta-lagabreytinga, sem þegar voru fengin til athugunar þingnefndinni 1905, einmitt gengið út frá því, að breytingunni á landssjóðssköttum væri samfara breyting á sveitargjöldum, og það hvorttveggja sett í samræmi og samanhengi. Þetta atriði í viðaukatill. er því ekki nýtt; en það er aldrei nema gott, að verkefni nefndarinnar sje greinilega tiltekið. Aptur á móti er endurskoðun á gildandi ákvæðum um gjöld til prests og kirkju nýtt atriði, sem eykur og þyngir störf nefndarinnar að miklum mun, ef á annað borð á að halda þeim gjöldum sjerstökum, sem flestir munu víst ganga út frá. En því meir sem bætt er á störf nefndarinnar, því minni ástæða er til að fækka nefndarmönnunum frá því, sem gjört er ráð fyrir í frumv.; því meiri þörf er til þess, að í henni sitji menn úr öllum stjettum og sem flestum hjeruðum, en það verður naumast, ef sú breyt.till. nær fram að ganga, sem fer fram á að að eins 5 menn verði í nefndinni. Það verður naumast komizt af með minna en 7 menn, eins og frv. fer fram á.

Jeg get vel fellt mig við það, að öll nefndin verði valin í sameinuðu þingi, í stað þess að frumv. stjórnarinnar gjörði ráð fyrir, að 2 væru kosnir í Ed. en 4 í Nd., því að það kemur í sama stað niður. Annars vona jeg, að háttv. þm. komi sjer saman um nefndina utan þingfunda, og er það mjög áríðandi, að valið heppnist.

Framsögum. Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg skal fyrir hönd skattamálanefndarinnar gjöra grein fyrir, hvernig hún lítur á viðaukatillöguna á þgskj. 103. Fyrri tillöguna fellst nefndin á að fullu og öllu; það er góð og þarfleg viðbót. Síðari till. fer fram á, að færa verksvið milliþinganefndarinnar út fyrir þau takmörk, sem henni voru upphaflega sett, nefnil. landssjóðsskattana. Samkvæmt breyt.till. á hún einnig að athuga sveitagjöld og gjöld til prests og kirkju. Nefndin viðurkennir, að þótt verksvið milliþinganefndarinnar sje bundið við landssjóðsskatta, sje sjálfsagt, að nefndin hafi stöðugt fyrir augum, hverjum breytingum sveitargjöld og ef til vill kirkju- og prestagjöldin eigi að taka síðar meir. Þegar hún ákveður skattstofna landssjóðs, verður hún að sjá um, að einhverjir gjaldstofnar sje eptir handa sveitunum. Hins vegar er það ofmikið starf fyrir nefndina, að rannsaka sveitagjöldin út í æsar, og koma með ýtarlegar tillögur um breytingar á þeim. Enda skiljum vjer ekki breyt.till. þannig, að ætlazt sje til, að ákveðnar breytingar á sveitargjöldunum komi frá nefndinni, heldur að eins, að þetta atriði sje tekið til íhugunar jafnframt. Þannig skilur nefndin breyt.till., og þar sem flutningsmaður virðist leggja sama skilning í hana, mælum vjer með því, að hún sje samþykkt.

Ráðherrann: Þar sem viðaukatill. á þgskj. 103 eru svo mikilsverðar, og snerta talsvert spurninguna um það, hve margir menn þurfi að vera í nefndinni, væri æskilegt að hún yrði borin upp á undan tillögunni um fækkun nefndarmanna, og vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta.

Framsögum. Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg vil líka mælast til þess.

Forseti Magnús Stephensen: Mjer er sama, ef deildin óskar þess.

Var þessi málaleitun því næst borin undir atkv. og samþ. í e. hlj.

ATKV.GR.: Fyrri viðaukatill. (103) við 2. gr. 2. tölul. samþ. í e. hlj.

Síðari viðaukatill. (103) við 2. gr. 2. tölul. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Brtill. (þgskj. 109) við 2. gr. 2. lið samþ. með 15 atkv. gegn 8.

Brtill. (þgskj. 109) við 2. gr. 1. lið tekin aptur.

Brtill. (117) samþ. með 22 atkv.

Brtill. (120) talin samþ.

Frumv. sjálft samþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 19. fundi Ed., miðvikudaginn 24. júlí leitaði **forseti** samþykkis deildarinnar og ráðh., til að gjöra mætti afbrigði frá þingsköpunum, að því er snertir hið hjer umrædda frumv., og leyfði deildin og ráðh., að það yrði tekið fyrir næstu 2 daga án löglegra millibila.

Á 20 fundi Ed., fimmtudaginn 25. júlí kl. 9 f. h., var frumv. (129) tekið til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. hefur verið samþ. í e. hlj. í Nd. Það var rætt og skoðað grandgæfilega, og varð ekki annar vegur fundinn heppilegri, í þessu efni, en sá, er frumv. þetta fer fram á, að minnsta kosti að svo stöddu; það er mjög æskilegt, að nefnd sú, er frumv. fer fram á að skipuð verði, yrði tilnefnd á þessu þingi, og þyrfti því frumv. að vera tilbúið og afgreitt frá þinginu, áður en konungurinn kemur, svo að það geti orðið staðfest þá og gjört að lögum, er þingið geti síðan tilnefnt mennina eptir. Jeg skildi svo í gær, þegar hin háttv. deild veitti undanþágu frá þingsköpunum í máli þessu, að sú undanþága ætti við allan gang þessa máls hjer í deildinni, og ennfremur skyldi jeg það svo, að hin háttv. deild væri málinu hlynnt, og sæi ástæðu til þess að flýta því. Vona jeg því, að eigi þurfi miklar umræður þessu máli til skýringar, og vona, að það verði samþ. nú og á morgun breytingarlaust. Breyt.till. sú, er háttv. 1. þm. N.-Múl. hefur komið fram með, getur ekki samrýmzt því, að málið geti orðið afgreitt nú fyrir konungskomuna, enda fæ jeg ekki skilið, að háttv. þm. geti verið fast í hendi með þá breytingu.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Það er nú komið á daginn, sem mig og fleiri grunaði 1905, að tollaukalögin frá því þingi, mundu verða framlengd nú, að minnsta kosti fyrir næsta fjárhagstímabil. Ekki grunaði mig samt á síðasta þingi, að framlenging þessara laga mundi stafa af því, að ekkert frumv. til skatta- og toll-laga lægi fyrir þinginu nú, heldur mundi framlengingin stafa af því, að jeg bjóst við, að mál það yrði mjög vandasamt og yfirgripsmikið, og yrði því varla afgreitt sem lög frá þessu þingi. Bæði jeg og fjölda margir aðrir munu hafa búizt við því, að stjórnin sæi sjer fært að leggja fyrir þetta þing frumv. til nýrra skatta- og toll-laga, en þessi von manna hefur sorglega brugðizt, því að stjórnin hefur ekki sjeð sjer fært, að koma fram með neitt annað í þessu efni, en frumv. um framlengingu tollaukalaganna frá 1905; hún hefur auðsjáanlega engan annan veg fundið; henni hefur ekki einu sinni getað dottið í hug, að koma fram með frumv. það, sem nefndin í máli þessu í Nd. kom fram með, að hækka útflutningsgjald á síld; það gjald kemur

þó ljett niður á þjóðinni, en lendir mest á útlendum stórgróðamönnum, sem reka síldarveiði hjer við landið, og er óhætt að fullyrða, að $^{9}/_{10}$ hlutar af síld þeirri, sem útflutt er frá Íslandi, sje eign útlendinga. Hækkun á útflutningsgjaldi af síld lendir því að eins að litlum mun á hjerlendum borgurum, en kemur aðallega á útlenda stórgróðamenn, sem hafa ausið upp, og ausa enn upp stórfje árlega úr sjónum kringum land vort, og virðist eigi nema rjett, að þeir greiði nokkuð í landssjóð fyrir það.

Jeg hygg því, að flestir verði mjer samdóma í því, að það frumv. fari í mikið heppilegri átt, en frumv. stjórnarinnar. Við 2. umr. þessa frv. mun jeg koma fram með breyt.till. þá, sem hæstv. ráðh. gat um, en ekki verður rædd við þessa 1. umr., af því að hún snertir að eins eitt atriði málsins, og vona jeg, að hún fái samþykki þings og stjórnar. Þar sem nú svo er komið, að ekkert frumv. til skatta- og toll-laga liggur fyrir þessu þingi, en grundvöllur skattamála landsins á hinn bóginn svo úrellur og ranglátur, að fyllsta þörf er til þess, að bót verði ráðin á því hið allra fyrsta, þá mun jeg að öðru leyti greiða atkv. með frumv. þessu, og sje jeg ekki, að grundvöllur þess skemmist að neinu, þótt breyt.till. mín verði samþ.

Jeg skal geta þess, til upplýsingar því, hve grundvöllur undir skattamálum landsins er órjettlátur nú, að meðalalin í verðlagsskrá Norður-Múlasýslu, hoppaði nú í ár úr 59 au. upp í 76 aura. Ástæðan til þessa var aðallega sú, að í nokkrum veiðistöðum eru menn hættir að selja lýsi, en selja í þess stað lifrina, svo að lýsi gengur þar ekki lengur kaupum og sölum, og var því ekki tekið upp á verðlagsskýrslur úr nógu mörgum hreppum til þess að komast á verðlagsskrá fyrir sýsluna. Alinin í lýsinu, hefði það komizt á verðlagsskrá, mundi hafa orðið um 20 aura, og mundi meðalalinin þar af leiðandi hafa lækkað um 10 aura.

Þá komust sjóvetlingar heldur eigi á verðlagsskrána. en afleiðingin af því hefði orðið sú, að meðalalin hefði lækkað enn um 3 aura. Hefðu þessar tvær vörutegundir náð að hafa áhrif á verðlagsskrána, mundi meðalinin hafa orðið um 63 aura í stað 76. Af þessum ástæðum mun ábúðarskatturinn einn í Norður-Múlasýslu hafa hækkað um c. 1,000 kr., auk þess sem þessi verðhækkun á meðalalin hefur haft tilsvarandi áhrif á gjöldin til prests og kirkju, og á fátækratiund, en verst hefur þetta þó komið niður á leiguliðum, sem borga jarðarafgjöld sín eptir meðalalin. Þetta sýnir nægilega, hve skattalöggjöf vor er orðin úrelt og ósanngjörn, og hve dýrmætt það hefði verið fyrir þjóðina að hafa nú stjórn, sem hefði sjeð sjer fært að ráða bót á þessu ópolandi ástandi, með því að leggja fyrir þetta þing frumv. til nýrra og rjettlátari skatta- og tolllaga, en því er nú ekki að fagna, og úr því sem komið er, sje jeg ekki önnur úrræði en að skipuð verði milliþinganefnd í skattamálið.

Hæstv. ráðh. gat þess, að æskilegast væri, að nefndin, sem frumv. ræðir um, yrði útnefnd, meðan konungur væri hjer í sumar, en ekki sje jeg neina sjerstaka ástæðu til þess, að flýta málinu svo; nefndin mundi hvort sem er ekki taka til starfa, fyrri en næsta vetur í fyrsta lagi, og það getur hún alveg eins, þótt eigi verði hún skipuð formlega fyrri en í haust.

Ráðherrann: Jeg ætla ekki að tefja tímann á því að svara snuprum háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) til stjórnar-

innar út af, að hún skuli ekki hafa lagt fyrir þingið í sumar frumv. um skattamál landsins. Jeg hef gjört ýtarlega grein fyrir því máli í Nd., og er langt frá því, að jeg álíti stjórnina eiga snuprur skilið í þessu efni, því að hefði hún lagt frumv. til skattalöggjafar fyrir þingið nú, með þeim litla undirbúningi, sem hún hefur getað haft til slíks máls, þá hefði það ekki getað skoðast öðruvísi en flan, sem lítil von hefði getað verið um að leiddi til verulegra umbóta.

Þá talaði háttv. 1. þm. N.-Múl. um það, að stjórnin hefði verið svo sljóf, að hún hefði ekki getað fundið upp það snildarbragð að hækka útflutningsgjaldið á síld. Jeg skal hvorki segja last nje lof um frumv. það nú, en ekki langar mig neitt til að hafa flutt það. Rök hafa verið leidd að því í Nd., að mjög sje óvíst, að við það aukist að mun tekjur landsins. Frumv. er ekki aðallega byggt á landssjóðsþörf, heldur miðar frumv. að því, að klekkja dálítið á þeim, er veiða hjer ólöglega eða hjálpa útlendingum til slíks sem strámenn. En þó að það takmark kunni að nást að einhverju leyti, þá er frv. tvíeggjað sverð, og getur verið viðsjárvert, því að það getur orðið til þess að hnekkja innlendri atvinnugrein, sem hefur verið að ryðja sjer til rúms hjer síðustu árin, og sem ef til vill er góð arðsvon af.

Sem grundvöllur fyrir fastri tekjuaukning landssjóði til handa er frumv. ómögulegt, þegar af þeirri ástæðu, að síldveiðin er hjer stopul og misjöfn og gjaldið alveg undir því komið, hvað mikið veiðist hjer af síldinni hvert árið.

Þá talaði háttv. 1. þm. N.-Múl. um það, að ekki væri nauðsynlegt, að millipinganefndin væri skipuð nú, meðan konungur er hjer á landi, svo að ekki þyrfti að flýta frumv. af þeirri ástæðu. En það er alls ekki meiningin, að nefndin verði skipuð meðan konungur dvelur hjer. Það þarf að eins að fá lögin um, að nefndin skuli skipuð, staðfest svo snemma, að útnefning samkvæmt þeim geti farið fram í haust eða vetur. En til þess þarf það að vera staðfest áður þetta þing er úti, úr því alþingi á að tilnefna 4 mennina. Annars yrði tilnefning mannanna að bíða næsta alþingis. Jeg játa að vísu, að þingið gæti tilnefnt mennina fyrir fram, jafnvel þótt lögin væru ekki staðfest af konungi fyrir þinglok, og þyrfti því ekki að flýta málinu beint af þeim ástæðum, ef treysta mætti því, að allir vildu leggjast á eitt og taka þátt í slíkri kosningu, *áður* frumv. væri orðið að lögum.

En eptir því sem jeg þekki flokk þann, er háttv. 1. þm. N.-Múl. fyllir, get jeg eins vel búizt við, að hann — flokkurinn — gjörði það sem í hans valdi stæði, til þess að eyðileggja málið og nefndartilnefninguna á þessu þingi, ef hægt væri að hafa slíka átyllu. Það væri fyllilega í samræmi við launráð þau, er málinu eru búin nú, með því að koma fram með þessa breyt.till. á 11. stundu. Jeg held mjer því enn að tilmælum mínum um það, að málið sje látið ganga greiðlega og óbreytt í gegnum háttv. deild.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Viðvíkjandi orðum hæstv. ráðh. um það, að breyt.till. mín kæmi á 11. stundu, er það að segja, að hún gat ekki komið fram fyr. Frumv. var útbýtt hjer í deildinni í gær og með breyt.till. var jeg kominn upp á skrifstofu fyrir kl. 6 í gær eptir miðdag, svo að ekki hygg jeg, að rjett sje að bregða mjer um launráð í máli þessu.

Jeg skildi ekki vel, hvað hæstv. ráðh. meinti, er hann virtist bera kvíðboga fyrir því, að menn mundu hindra það, að nefndin yrði skipuð. Nú hygg jeg að öllum sje það ljóst, að stjórnin er ekki fær um að undirbúa frumv. um skattamál og tollmál landsins, enda hefur hún játað það sjálf hreinskilnislega, og er þá eini vegurinn að skipa nefnd til þess að gjöra það eins og jeg tók fram áðan; en eins og jeg hef áður tekið fram, er brýn nauðsyn til þess, að skattamál landsins verði þegar tekin til rækilegrar íhugunar og er því engin ástæða til að ætla, að menn setji sig á móti skipun nefndarinnar, og skil jeg ekki, á hverju kvíðbogi hæstv. ráðh. er byggður. Öðru máli var að gegna á þinginu 1905, því að *þá* höfðu menn von um, að stjórnin mundi beita sjer fyrir þetta mál og semja frumv. um það.

Mjer virðist því ekki ástæða til að flýta máli þessu svo mjög, álít það enda ósamboðið virðingu deildarinnar að reka svo mikilsvert mál, sem þetta er, í gegnum hana á tveim dögum.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skal geta þess, að jeg skildi afbrigði þau, sem veitt voru frá þingsköpunum í gær þannig, að þau giltu að eins fyrir eina umr. málsins. (**Forseti:** *Jeg lýsi því yfir, að þessi afbrigði gilti alla meðferð málsins, svo að því yrði lokið áður en kongur kæmi, og afbrigðin voru veitt löglega, samkvæmt 53. gr. í lögum um þingsköp handa alþingi.*) Þá hef jeg misskilið atkv.gr. hjer í gær, en mjer virðist það ekki samkvæmt þingsköpunum, að ein atkv.gr. geti gilt meir en eina breytingu frá þingsköpunum. Ef breytingarnar hefðu verið tvær, þá hefði átt að greiða atkv. um þær sína í hvoru lagi.

Forseti Júlíus Havsteen las upp 53. gr. þingskapanna.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.). Jeg ætla að eins að taka það fram út af aths. 2. þm. G.-K., að við báðir skrifarar deildarinnar skildum afbrigðin, sem veitt voru frá þingsköpunum, þannig að þau næðu til allrar meðferðar málsins hjer í deildinni, og þm. Barð., sem færir gjörðabókina, hefur bókað það þannig:

»— — — og leyfði ráðherra og deildin, að þau[1]) skildu tekin fyrir næstu 2 daga án löglegra millibila«.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Á 21. fundi Ed., fimmtudaginn 25. júlí, kl. 1½ e. h. kom frumv. (A 129, 160) til 2. umr.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls hjer í deildinni í morgun, að jeg gjörði mjer góða von um, að breyt.till. á þgskj. 160 mundi fá góðan byr hjá háttv. d. og ná samþykki hennar. Þessa von mína þykist jeg ekki byggja í lausu lopti, heldur hafa gildar ástæður til að ætla, að hún muni rætast. Fyrst er það, að breyt.till. er rjettlát og sanngjörn, og á það að verða þungt á metunum. Breyt.till. fer fram á það, að tollhækkunin á sykri og sýrópi sje numin úr gildi. Hjer er að ræða um toll á vörutegundum, sem alls eigi eru munaðarvörur, heldur nauðsynjavörur. Jeg hef fyrir mjer orð hins núverandi landlæknis; hann nefndi þær þessu nafni í þingræðu á þessu þingi; tollurinn á þeim verður þá hinn eini matvælatollur, sem vjer höfum á aðfluttum vörum, og það eitt ætti eiginlega að vera nóg ástæða til að fella tollhækkunina úr gildi. Jeg veit það með vissu, að flestir samþykktu mjög nauð-

1) Afbrigðin náðu líka til annars frumvarps.

ugir tollhækkunina á þessum vörum á þinginu 1905; þeir gjörðu það af nauðsyn, af því þeir fundu þá ekki annan vænlegri veg til að bæta úr fjárskorti landssjóðs.

Vjer vitum það, að sykur er að tiltölu mest keyptur af fátæklingum, sjerstaklega af þurrabúðarmönnum við sjóinn, og jeg vona, að öllum háttv. þm. sje það ljúft að ljetta á þessum tilfinnanlega skatti, sem kemur svo þungt niður á fátækari hluta þjóðarinnar. Önnur ástæða mín er sú, að nú er ekki lengur fjárhagsleg nauðsyn á því, að tollaukanum á sykri og sýrópi sje haldið. Málinu horfir nú nokkuð öðruvísi við en á síðasta þingi, þar sem nú liggur hjer fyrir frumv. um að hækka útflutningsgjald á síld að minnsta kosti það, sem því nemur, er sykur og sýrópstollurinn mundi lækka við það, að breyt.till. næði samþykki. Skal jeg nú færa sönnur á mál mitt. Síðan farið er eð veiða síldina úti á hafi, hefur síldaraflinn stórum aukizt, og fullar líkur til að síldveiðin verði ekki nærri eins stopul, eins og á meðan menn voru bundnir við það, að síldin gengi inn á firði. Jeg heyrði að vísu, að háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.) var að spá því, að ef útflutningsgjaldið yrði hækkað, þá mundi síldveiðin minnka. Jeg fyrir mitt leyti kvíði því eigi, að tollhækkunin muni verða þess valdandi, sízt á næsta fjárhagstímabili, og jeg þykist þess viss, að lengur en næsta fjárhagstímabil muni tollhækkunarlög stjórnarinnar ekki verða í gildi; jeg tel það sjálfsagt, að þing og þjóð þykist þá vera búin að bíða nógu lengi eptir nýjum skattalögum. Það er svo fjarri því, að jeg búist við, að síldveiði hjer við land muni minnka um næsta tveggja ára bil, að mjer virðast allar líkur benda á, að hún muni fara í vöxt, því að síldveiðiskipum fer óðum fjölgandi, og síldina verða menn að verka á landi, þar sem veiðin er rekin. Það er því ekki annar kostur fyrir útlenda síldveiðamenn en að taka sjer búsetu hjer í landi, eða þá fá sjer innlenda strámenn, eins og stundum hefur tíðkast að undanförnu. Jeg er því í engum vafa um, að hækkunin á útflutningsgjaldinu af síld muni framvegis nema fullt svo miklu sem tollaukinn á sykri og sýrópi og til þess að rökstyðja þessa skoðun mína, skal jeg leyfa mjer að benda á það, að eptir tollreikningunum fyrir tvö undanfarin ár, 1905 og 1906, voru flutt til landsins 3,490,862 og 3,971,407 pd. af sykri og sýrópi eða að meðaltali 3,731,134½ pd. hvort árið, og nemur tollaukinn á þeirri pundatölu kr. 55,967,02 ári. Hins vegar voru fluttar út sömu ár eptir útflutningsgjaldsreikningunum 107,258 og 214,480 tunnur af síld. Það urðn að meðaltali hvort árið 160,869 tunn. og útflutningsgjaldsaukinn kr. 48,260,70 á ári.

Þegar nú þess er gætt, að síldarútflutningurinn fer ár frá ári stórum vaxandi, en innflutningur á sykri og sýrópi ekki nærri því að sama skapi, virðist auðsætt, að ganga megi út frá því sem vísu, að útflutningsgjaldsaukinn verði mun meiri næsta fjárhagstímabil, en svarar aðflutningsgjaldsaukanum í sykri og sýrópi, væri honum haldið.

Jeg lít svo á, að jeg hafi fært sönnur á, að ekki sje nauðsynlegt fjárhagsins vegna, að halda tollaukanum á sykri og sýrópi. Máli mínu til enn frekari styrkingar, skal jeg þó bæta því við, að þegar hæstv. ráðh. lagði fjárlagafrumv. fyrir háttv. Nd., tók hann það fram, að ef tollhækkuninni væri haldið næsta fjárhagstímabil, þá mundi fjárhagi landsins borgið. Þá var engin tillaga komin fram um hækkun síldartollsins. Eptir því, sem jeg hef leitt rök að hjer að framan, á því eptir

orðum hæstv. ráðh. engin fjárhagsleg ástæða að vera til, að halda tollhækkuninni á sykri og sýrópi lengur, og trúi jeg ekki öðru, en að háttv. deild verði ljúft, að ljetta þessari byrði af fátæklingunum.

En jeg hef líka þriðju ástæðuna til að ætla, að breyt.till. minni verði tekið vel hjer í deildinni, og það eru undirtektirnar á síðasta þingi. Þm. Barð. (S. J.), þm. Ísfjk. (Sig. St.) og þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.), mótmæltu allir sjerstaklega tollhækkun á sykri, og háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) tók í sama strenginn. Skal jeg með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp nokkur orð úr ræðu háttv. þm. (J. Jak.), eins og þau eru prentuð í þingtíðindunum 1905, 1052 dálki; þar fara st honum þannig orð:

»Sykur er »principielt« rangt að »tolla, því að það er nauðsynjavara, »en þar sem tollaukinn á því er »lítill og einungis til bráðabirgða, »þá get jeg samt verið með því að »tolla það í þetta sinn; væri hjer »um meira en einungis tvö ár að »ræða, þá mundi jeg vera á móti »því, og jeg er meðmæltur að taka »algjörlega burtu sykurtollinn, þegar »skattalöggjöfin verður endurskoðuð.

Jeg gjöri ráð fyrir, að háttv. þm. (J. Jak.) hafi ekki snúizt hugur síðan hann hjelt ræðu þessa, og þá er það einsætt, að hann muni greiða atkv. með breyt.till. minni. Jeg gjöri mjer því fyllstu von um, að allir þessir h. þm. muni greiða atkv. með breyt.till. minni. En jeg á og von á, að fleiri verði henni fylgjandi, þar á meðal h. 3. kgk. þm. (Ág. Fl.), sem sjáltur er kaupmaður og útgjörðarmaður í fjölmennu sjávarþorpi, og því hlýtur að vera vel kunnugt um, að sykurtollurinn kemur þyngst niður á fátæklingunum í þurrabúðunum, þeim hluta þjóðarinnar, sem allra sízt má við því. Þá hef jeg og bezta traust á fylgi h. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), sem er af góðu bergi brotinn, er kunnugur kaupfjelagsskap og býr í allfjölmennum verzlunarstað, og jeg veit, að hann ber eigi síður fyrir brjósti velferð smælingjanna í bæ síuum, en hinna, sem betur eru settir. Þá á jeg enn fremur von á fylgi háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), sem er forsjón sveitunga sinna í verzlunarsökum og öðru.

Jeg sezt því rólegur niður, og fullviss þess, að breyt.till. mín muni sþ. hjer í deild með miklu atkvæðamagni.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) studdi í fyrsta lagi breyt.till. sína með því, að sykur væri nauðsynjavara. En nauðsynjavara og nauðsynjavara er nú sitt hvað. Jeg skal taka til dæmis húsbónda, sem hefur hjú; fyrir hann er kaffi nauðsynjavara að því leyti, sem það er skilyrði fyrir því, að hann geti haldið hjúum, að hann veiti þeim þann viðurgjörning, sem almennur er, en fyrir líkamann er kaffið ekki eins gagnlegt eins og sykurinn. Það mundi vera æskilegast, ef hægt væri að leggja öll landsjóðsgjöld á ónauðsynlega vöru, en það hefur hingað til reynzt erfitt að koma því á; vjer vitum, að nú er goldið í landssjóð tíund af skepnum þeim, sem bóndinn verður að hafa sjer til framfæris, og að útflutningsgjald er greitt af fiski og lýsi, og er það þó nauðsyn að afla þess; það er því ekki hægt að byggja á því, að þessi gjaldstofn, sykurinn og sýrópið, sje öllu meiri nauðsynjavara en ýmsir aðrir gjaldstofnar. Háttv. þm. (Jóh. Jóh.) talaði um, að gjald þetta kæmi svo þungt niður. Því get jeg ekki játað; hjer er ekki um hærra gjald að ræða en $1^1/_2$ e. á pundið. Þetta er ekki svo mikið, að það komi verulega þungt

niður á fátæklingum. Þeir sem mestan kaupa sykurinn, eru menn, sem töluvert hafa undir höndum. Jeg get því alls ekki kannazt við, að sykurtollurinn komi þyngst niður á fátæklingunum. Það mætti miklu fremur segja það um tóbakstollinn; fátæklingurinn, sem tekur upp í sig eða í nefið, þarf að jafnaði að borga eins háan tóbakstoll, og ríki tóbaksmaðurinn. Öðru máli er að gegna með sykurtollinn; þar er hægra að sníða sjer stakk eptir vexti, auk þess sem búast má við, að efnamaðurinn hafi fleira fólk í heimili, en fátæklingurinn, og þurfi beint af því að borga hærri sykurtoll.

En þó væri eigi um þetta að tala, ef eigi þyrfti á tollaukanum að halda, og það var það, sem h. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) vildi að öðru leyti rökstyðja breyt.till. sína við, þar sem hann vildi halda því fram, að hækkunin á síldartollinum mundi vega upp á móti lækkuninni á sykurtollinum. En þar er ólíku saman að jafna. Sykurtollurinn er svo víst gjald, að það má reiða sig á, að hjer um bil kemur jafn mikið í landssjóð eins og áætlað hefur verið. En allt öðru máli er að gegna um hitt gjaldið; það er harla stopult gjald og óábyggilegt. Það er á fullum rökum byggt, sem háttv. 4 kgk. þm. (Ág. Fl.) tók fram, að tollurinn af síld getur orðið miklu minni en háttv. þm. (Jóh. Jóh.) gjörir ráð fyrir; bæði er það svo mismunandi, hvernig síld gengur að landinu, og svo getur vel verið, að síldveiðendurnir fari að hliðra sjer hjá að koma með afla sinn að landi, ef lagður verður tilfinnanlegur útflutningstollur á hann. Í öðru lagi má búast við, að eptir því, sem útflutningsgjaldið eykst, eptir því muni menn fremur freistast til að draga undan við framtal á afla sínum, og það er svo fjarska auðvelt; þeir eiga sjálfir að gefa upp aflann á skipum sínum, afla, sem þeir svo flytja sjálfir út í eigin skipum og til sjálfra sín. Það er öðru máli að gegna, þegar einn sendir vöruna, annar flytur hana, og hinn þriðji veitir henni móttöku, þá er miklu óhægra um vik með undandrátt við framtal. Það gæti jafnvel rekið að því, að hafa þyrfti sjerstakt eptirlit með innheimtu síldartollsins, og gæti það fljótt höggvið skarð í þá tekjugrein. Jeg játa það, að eptir reikningi háttv. þm. (Jóh. Jóh.) ætti aukning útflutningsgjaldsins á síld að nema jafnmiklu eða meiru, en tollhækkunin á sykri og sýrópi; en eins og jeg hef tekið fram, er sú reikningsáætlun harla óábyggileg. Til þess að hún væri ábyggileg, þyrfti að tryggja sjer það, að jafnmörg síldveiðaskip kæmu að landinu, eins og síðustu ár, og veiddu jafnmikla síld, og svo loks, að veiðin sje rjett talin fram. En jeg býst varla við, að háttv. þm. (Jóh. Jóh.) treysti sjer til að fullyrða nokkuð af þessu, og að hann verði því að játa, að reikningur hans sje í nokkuð lausu lopti byggður.

Ráðherrann: Jeg hef við 1. umr. þessa máls lýst áliti mínu á breyt.till. þeirri, sem hjer liggur fyrir frá háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.). Jeg sje ekki samræmi í því að samþ. afbrigði frá þingsköpunum til þess að flýta fyrir þessu máli, og bera svo fram breyt.till., sem hefur í för með sjer, að frumv. yrði aptur að ganga til Nd., ef hún yrði samþ., og gæti ekki orðið tilbúið frá þinginu í tæka tíð.

Jeg skal ekki fara í neinar kappræður um það, hvort það sje rjett, að hafa aðflutningsgjald á sykri. En jeg get getið þess, að mjer finnst tollaukinn á sykri ekki hafa verið svo tilfinnanleg-

ur, að orð sje á gjörandi, og skil jeg ekki, að nokkrum liði verulega betur, þó þessum 1½ eyri af sykurpundinu yrði ljett af aptur. Jeg skil ekki, að það breytti kjörum manna verulega til batnaðar. En landssjóð munar mikið um þennan tollauka, því að sykurtollurinn er meiri en kaffi- og »exports«-tollurinn til samans. Hann er víst um 150,000 kr. á ári, og 30% þar af yrðu þó allt af 45,000 kr.

Það er eptir minni meiningu alveg út í bláinn, að segja, að hin fyrirhugaða aukning á tekjum landssjóðs við hækkað útflutningsgjald á síld mundi fylla það skarð, sem yrði við að afnema tollaukann á sykri, þegar þess er gætt, að engin tekjugrein er eins misjöfn og síldartollurinn. Þeir, sem þekkja til, vita, hve ákaflega stopul síldveiðin er; þó hún sje mikil í ár, þá er engin vissa fyrir, að hún verði helmingur á við það næsta ár. Hver sem lítur á »Statistik« Svía, Norðmanna eða Íslendinga mun sannfærast um þetta. En sjerstaklega verður síldartollurinn stopul tekjugrein fyrir oss, ef hann er mjög mikið hækkaður; því þá verða undanbrögðin meiri, og mætti vel svo fara, að hækknnin á síldartollinum hefði ekki tekjuauka heldur tekjurýrnun í för með sjer. Það er þess vegna ekki hægt, að skoða þetta sem neinn stöðugan tekjustofn fyrir landssjóð, er komið geti í staðinn fyrir sykurtoll. Hv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði, að jeg hefði sagt við framlagningu fjárlagafrumv., að landssjóði væri borgið, ef framlenging tollaukalaganna yrði samþ. En það sagði jeg ekki. Jeg sagði að eins, að væri ekki ráðizt í óvenjuleg útgjöld, þá mundi mega komast af í bráð til venjulegra gjalda með þessum tollauka.

Nú er það fyrirsjáanlegt, að ýmsar fjárbeiðslur muni koma til þingsins, og að það muni samþ. ýms útgjöld, sem ekki standa á stjórnarfrumv.; upp í slík útgjöld væri nóg rúm fyrir þann tekjuauka, er orðið gæti af hækkun síldartollsins, enda væri landssjóði enginn bagi að, þó nokkur þúsund krónur yrðu afgangs. En að byggja á þessu útflutningsgjaldi sem öruggum tekjuauka fyrir landssjóð, finnst mjer ekki ná nokkurri átt.

Mjer fannst háttv. þm. vonast eptir því, að breyt.till. hans ætti sjer vísa stoð hjer í deildinni. Finnst mjer ummæli þm. á síðasta þingi engin sönnun fyrir, að þeir samþ. hana. Þeir samþ. tollaukann þá til bráðabirgða, þó að sumum þætti varhugavert, að hækka sykurtollinn, er að vísu ekki hefur reynzt að neinu leyti tilfinnanlegur í framkvæmdinni. En þetta á líka aðeins að vera til bráðabirgða. Það getur vel verið, að hin fyrirhugaða skattamálanefnd hafi lokið störfum sínum þegar fyrir næsta þing, og þó að miklu lengra liði þangað til endurskoðun skattalaganna er lokið, þá má samt segja, að þessi framlenging tollaukalaganna sje til bráðabirgða.

Við þekkjum þennan gjaldstofn og vitum, að öruggt má byggja á honum, og er það miklu betra, að halda sjer við hann, en taka til bráðabirgða eitthvað nýtt, alveg út í bláinn.

Jeg treysti þess vegna, að háttv. deild felli þessa breyt.till., og samþ. frumv. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er nú eins og átt hefur sjer stað fyr í þessari h. deild, að jeg hef verið kallaður fram nauðugur. Það skeði áður í öðru máli og það skeður aptur nú. Það stóð svo á því, að jeg ekki gat mætt fyr, að jeg var að vinna fyrir landssjóðinn sem meðlimur móttökunefndarinnar.

Jeg hef heyrt, að einn háttv. þm. hafi sýnt mjer þann sjerstaka heiður, að

lesa upp tveggja ára gömul orð mín úr þingtíðindunum. En jeg get sagt frænda mínum og vini, háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) það, að jeg ber alls engan kinnroða fyrir þau orð.

Jeg stend enn þá við þau orð mín, og jeg vildi óska, að allir háttv. þm. gætu eins vel staðið við sín orð.

Jeg hef heyrt, að hann hafi lesið upp þau orð mín, að sykur-tollaukinn gildi að eins til 2 ára. En hvernig stóð á þá, þegar jeg talaði þau orð fyrir tveim árum síðan?

Þá var um það að ræða, að láta ekki skattamál landsins vera í sama horfinu, eins og til þess tíma. Háttv. þm. gleymir með því að slíta orðin út úr sambandinu öllu lífi, öllum tilfinningum, öllu hjartanu í spurningunni, en hangir að eins í einstökum orðum. En þegar þetta er rakið, og hnúturinn leystur, þá kemur hið sanna efni fram. Jeg tók það skýrt fram á síðasta þingi, að jeg gæti að eins samþ. þennan sykurtollauka af því, að hann gilti að eins til fárra ára. Sama gildir enn. Hjer stendur í frumv. till. um skipun milliþinganefndar, svo það kemur þá skýrt fram, að hjer er að eins um bráðabirgðarráðstöfun að ræða. Jeg vildi að eins setja það í sterkast ljós, að sykurtollurinn er ranglátur tollur.

Háttv. þm. hefur í ræðu sinni blandað saman við þetta útflutningsgjaldi á síld, og veit jeg ekki, hvernig hann hefur farið að því, því að jeg hlustaði ekki á ræðu hans, og »ruera« þess vegna »in medias res«. Annars álít jeg Norðmenn verstu ræningja hjer við land, og fellur þetta laukrjett við, að þetta gjald komi mest niður á þá. En jeg sje engum koma við, hvað jeg hef sagt um þetta á þingi 1905. Meining mín er sú, að jeg vil hafa »revideruð« skattalög landsins, og sykurtollinn svo lágan, sem unnt er. Meining mín var þá og er enn, að láta þetta standa sem allra styzt. Og þar sem milliþinganefnd stendur einnig á frv., þá skil jeg ekki í, hvernig háttv. þm. hefur farið að blanda málunum svona saman, eða hvernig hann fer að vitna í mín orð undir þessum kringumstæðum. Og kalla jeg þetta orðhengilsháttt. Annars skal jeg að síðustu lýsa því yfir, að jeg mun óhikað greiða atkv. móti breyt.till., og er mjer það bæði æra og ánægja.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg vildi að eins láta í ljósi stuttlega skoðun mína á breytingartillögu þessari. Jeg get ekki orðið samferða flutningsmanni hennar og heldur ekki orðið samferða sumum þeim mönnum, er atkvæði munu greiða um hana eins og jeg, eins og t. d. háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.). Báðir þessir háttv. þm. telja sykurtollinn ranglátan, en jeg tel það þvert á móti ranglátt af milliþinganefndinni, ef hún kæmist að þeirri niðurstöðu, að ljetta tollinum af sykri, því að jeg get ekki sjeð, að sykur taki þar fram öðrum tollvörum. Jeg held, að sykur sje notaður alveg hneyxlanlega mikið og í mesta óhófi, sem ekki er til hins minnsta gagns. Og þó háttv. landlæknir og háttv. þgm. V.-Sk. (Guðl. G.) sjeu bornir fyrir því, að þetta sje nauðsynjavara, þá verð jeg samt að vera á gagnstæðri skoðun. Ef það væri notað að eins sem krydd, eins og vera ætti, þá mætti telja það nauðsynjavöru að svo miklu leyti, en það er síður en svo. Það er notað víða í sjóplássum alveg ótilhlýðilega mikið sem óhófsvara Sykuraðflutningurinn fer allt af vaxandi ár frá ári. Álít jeg það illa farið, að sjómenn verji fje sínu til þess að bryðja sykur. Mjer finnst það blátt áfram viðbjóðsleg nautn, auk þess peninga-

tjóns, sem það hefur í för með sjer. Jeg álít það miklu betra, að menn keyptu sjer einhverja kjarnfæðu, svo sem kjöt eða annað, heldur en gjöra sig hlægilega með sykuráti. Það er þess vegna langt frá því, að jeg geti greitt atkvæði með þessari breyt.till. Mjer þótti að eins leitt, að háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) ætlaði að setja mig hjá, þegar hann nefndi háttv. 6. kgk. þgm (Stgr. J.) í sambandi við kaupfjelögin. En einnig sem kaupfjelagsstjóri er jeg á móti því, að sykurtollur sje lækkaður. Svo ber þess að gæta, að þessi tollauki hefur alls ekki komið þannig niður, að menn hafi fundið neitt til hans. Hann hefur lagst sem gjald á efni manna. Því að þrátt fyrir það, þó verð sykurs á útlendum markaði hafi verið sama, þá hefur sykur lækkað í verði hjá kaupmönnum hjer síðan tollaukinn kom, en alls ekki hækkað. Hefur tollaukinn þá verið lagður á aðrar vörur.

Jeg held því ekki, að sykur mundi lækka í verði, þó þessi tollauki verði afnuminn. Þessi brjóstgæði hins háttv. þm. gagnvart fátæku fólki eiga þess vegna alls ekki við, því að sykur mundi verða í sama verði eptir sem áður. Jeg held það sje meira komið undir, í hvaða verði sykur er á erlenda markaðinum, heldur en hvort þessi litilfjörlegi tollauki er eða ekki. Jeg held þess vegna, að það sje einhver andleg sykursýki í þeim mönnum, sem eyða svo mörgum og sterkum orðum um þetta efni.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Af því að jeg er líklega einn af þessum sykursjúku, þá verð jeg með fám orðum að andæfa vini mínum, háttv. þm. Strandm. (Guðj. G.), með því að jeg hygg, að jeg sje fullt eins kunnugur því, hvernig þessi tollákvæði komust á í fyrstu. Á þinginu árið 1887, sem var kallað hallæirs árið, var gripið til þess að tolla kaffi og sykur. Oss er öllum í minni, hvernig það var gjört. Það var að eins helmingsmunur á sykur- og kaffitolli. En nú vitum við, að verðið á kaffi »varierar« frá 50 aurum upp í 1,10 aura, en verðið á sykri frá 19 upp í 34 aura. Segi jeg þetta minni tilvonandi skattanefnd til athugunar, því það hljóta allir að sjá, hversu bersýnilegt ranglæti er í tollhlutföllunum, þar sem sykur er hlutfallslega tollað svo miklu hærra en kaffi.

Háttv. þm. Strandm. segir, að sykur sje ónauðsynjavara. En það má þá alveg eins segja það um rúg, mais, bygg o. fl. Því að á hverju lifa ungbörnin, brjóstmylkingarnir. Og að heyra það í þessum sal, að sykur sje ekki nauðsynjavara, þá er það sú mesta fjarstæða. Það má þá alveg eins segja það um allar aðrar nauðsynjavörur. Og ef svo er, sem háttv. sami þgm. sagði, að sykurnautnin fer vaxandi, þá segi jeg: lof sje drottni, fólk tekur það fyrir óhófsvöru, sem það þarf nauðsynlega með. Háttv. þm. hefur víst ekki gætt þess, að sykur er eitt af þeim »kemisku« efnum, sem eru lífsskilyrði fyrir mannlegan líkama. Og í sambandi við það, sem jeg sagði áðan, skal jeg taka það fram, að jeg verð óánægður með hina tilvonandi milliþinganefnd, ef hún eigi undanskilur sykur sem tollvöru.

Að lokum skal jeg geta þess, að jeg skil ekki í, að stjórnin skuli flytja saman frumv. þetta, og skipun milliþinganefndar. Það hefur aldrei verið siður hjer áður, og verð jeg að lýsa vanþóknun minni á því. Mjer þykir leitt, að hæstv. ráðh. er ekki við til að heyra mál mitt, en jeg sem þm. míns kjördæmis verð að mótmæla þeirri aðferð.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Það eru að eins nokkrar aths., sem jeg vil leyfa mjer að gjöra. Háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) talaði um það, að tollhækkunin frá 1905 munaði ekki nema 1½ eyri á hverju pundi. Í reyndinni verður hækkun þessi meiri, því kaupmenn verða að leggja tollinn út fyrirfram og leggjast því á hann rentur og mun ekki ofmælt, þótt sagt sje, að hækkunin á tollinum frá síðasta þingi muni víðast í reyndinni hafa numið 3 aurum á hverju sykurpundi. Sami háttv. þm. gat í skyn, að fátækari heimili mundu þurfa minna af sykri, en þau ríku, af því að fátæku heimilin væru fólksfærri. Þetta er ekki rjett hjá háttv. þm., því að fólksfjöldi eða fólksfæð heimilanna fer alls ekki ávallt eptir efnahag. Á ríkum heimilum er að jafnaði fleira vinnufólk, en fátæku heimilin samt optast fólksfleiri; þar eru opt mörg börn, sem þurfa að fá mikinn sykur, og flestir feður, hve fátækir sem þeir eru, munu kljúfa þrítugan hamarinn til þess að geta gefið börnunum sínum sykurmola, enda er það að áliti lækna bráðnauðsynlegt, að börn fái nægt sykur eða sykurefni.

Bæði sami háttv. þm. og hæstv. ráðh. tóku það fram, að síldarveiðin væri mjög stopul, en ef vjer lítum á, hve mjög síldveiði Norðmanna hjer við land hefur vaxið nú síðustu árin, þá er ómögulegt að segja annað, en meiri líkur sjeu nú fyrir því, að veiði þessi vaxi hjer framvegis, en að hún minnki. Eða hvaðan skyldi háttv. þm. eða öðrum koma sú vizka, að síldin muni leggjast hjer frá landinu, og veiðin þannig eyðileggjast? Af reynslu er naumast hægt að draga þá ályktun, því árið 1905 fluttust út af síld 73,977 tunnur, árið 1906 107,258 tunnur og árið 1907 214,480 tunnur. Þessar tölur sýna, að síldarútflutningurinn fer ár frá ári stórum vaxandi.

Ekki ætti að vera mjög mikil hætta á tollsvikum við þetta útflutningsgjald, því að mest af síldinni, sem veidd er hjer við land, er flutt út á öðrum skipum, en hún er veidd á. Skipin, sem veitt er á, eru flest svo lítil, að ekki er hægt að geyma síldina í þeim. Hjer koma því optast til greina hleðsluskjöl, sem hægt er að fara eptir við tollkröfurnar.

Hæstv. ráðh. tók fram, að tollaukalögin frá síðasta þingi hefðu ekki orðið óvinsæl, og menn ekki fundið mikið til þeirra. Jeg verð að álíta, að þetta sje ekki rjett, og þótt það ekki hafi borið á mikilli óánægju í blöðunum, þá er ekki mikið á því að byggja, því að alþýðumenn, sem þetta kemur þyngst niður á, hafa öðrum störfum að gegna, en skrifa í blöð; en sem dæmi þess, hvað tollaukalögin hafa verið óvinsæl, skal jeg benda mönnum á 7 þingmálafundargjörðir úr Norður-Múlasýslu, sem liggja hjer frammi á salnum og allar mótmæla því, að þessi lög frá 1905 verði framlengd.

Þegar hæstv. ráðh. gjörði áætlun um tekjur landsins fyrir næsta fjárhagstímabil, gjörði hann ekki ráð fyrir neinum nýjum toll- eða útflutningsgjaldstekjum, öðrum en þeim, er stafa af framlenging tollaukalaganna; þar er því ekkert tekið tillit til tekna þeirra, er leiða af hækkuninni á útflutningsgjaldi á síld, og skal jeg því enn taka það fram, að jeg álít rjett, að þær tekjur komi í stað tollhækkunarinnar á sykri og sýrópi. Síðast er jeg talaði var háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) ekki við, en síðan hefur hann talað tvisvar sinnum. Síðari ræða hans var góð og

hef jeg ekkert við hana að athuga, en þá fyrri get jeg hvorki kallað rjetta nje sanngjarna. Háttv. þm., frændi minn, hjelt auðsjáanlega, að jeg hefði gjört honum það til háðungar að lesa upp eptir hann fáein orð frá 1905, en það er hreinasti misskilningur, jeg gjörði honum það til hróss, því að þar álít jeg að hann hafi haft alveg rjett fyrir sjer. Þegar jeg nú ennfremur veit, að háttv. þm. er ekki sá maður, að hann tali markleysu hjer á þingi, og geng út frá því sem vísu, að hugur fylgi máli hjá honum, þá vona jeg, að enginn lái mjer, þótt mjer nú komi á óvart, ef háttv. þm. greiðir atkv. með framlengingu tollaukalaganna.

Háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) hefur verið svarað svo rækilega, að jeg álít samvizkusök að bera á hann fleiri vopn að sinni.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Þetta mál var rætt af mjög miklu kappi og andagipta hjer á síðast þingi. Það var sótt og varið af því nær eins miklu kappi eins og símamálið. og andagipt viðlíka mikilli og verið væri að mæla fram með »premíu« fyrir útflutt smjör, en af öllum þeim rökum, sem fram komu móti frumv., fjekk jeg þó ekki út nema tvær aðalástæður á móti málinu. Önnur var sú, að sykur væri matvæli og þar af leiðandi nauðsynjavara, en hin síðari, að tollhækkun þessi kæmi þyngst niður á fátæklingum. Jeg skal játa það, að sykur má skoðast sem matvæli, og að því leyti ber að telja hina fyrri ástæðu rjettmæta. Ekki skal jeg svara því ákveðið, hvort hin síðari ástæða er rjett eða ekki, að því er snertir mismun efnahags milli sjávarmanna og sveitamanna í hlutfalli við eyðslu sykurs þessara tveggja atvinnustjetta, en jeg vil færa að því rök, að hún er mjög vafasöm. Sykur er tekinn fyrir skattgjaldsstofn af því að hann er notaður af öllum, og kemur því tollurinn og tollaukinn niður á alla, en nokkuð mikið álít jeg að sykureyðsla fari eptir velmegun manna, og kemur því tollaukinn, að rjettu, meira niður á þeim efnuðu eða þeim, er betur lifa í mat. Ekki get jeg gjört eins mikið úr nauðsyn sykursins eins og háttv. 2. þm. Húnv., sem heldur því fram, að hann sje eitt af nauðsynlegustu lífsskilyrðum vorum. Í því efni þurfum við ekki að taka annað dæmi, en fornmenn, forfeður vora; þeir neyttu ekki sykurs og er þó almennt viðurkennt, að þeir hafi verið þróttmeiri, en kynslóð sú, er nú er uppi. Önnur ástæða þess, að sykur er tekinn fyrir skattgjaldsstofn, er sú, að svo hægt er að innheimta þann toll; vegna innheimtunnar geta menn ekki bætt við mörgum nýjum gjaldstofnum. Eðlilegast væri að tolla glysvarning, silki og s. frv., eða yfir höfuð þær vörur, er vjer getum, oss að bagalausu, vel án verið, en það strandar á tollgæzlunni. Þessvegna er sú vörutegund tekin fyrir gjaldstofn, sem bæði er auðvelt að hafa tollgæzlu með og allir nota, og svo er einmitt með sykur. Hvað tollaukann frá síðasta þingi snertir, þá hefur hann að mínu áliti víðast hjer á landi, komið mest niður á kaupmönnum. Enda mun víðast vera komið það lag á hjer á landi, einkum hin síðustu árin, að kaupmenn hafa engan hagnað á sykursölu; það viðgengst raunar það sama víða í öðrum löndum t. d. í Englandi, að sykur mun seldur þar í smásölu án nokkurs hagnaðar. Hjer selja kaupmenn sykurinn eins ódýrt og þeir mögulega geta, svo að þessi tollhækkun kemur minna niður á fátæklingum en margir ætla; þar að

auki borga stærstu atvinnuveitendur, t. d. útvegsmenn, ekki litinn hluta af þessum tolli, þar sem þeir hafa fjölmarga menn í sinni þjónustu og fæða þá hálft árið.

Jeg vil aptur taka það fram, að menn mega ekki gjöra sjer of háar vonir um útflutningsgjaldið af síldinni. Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) vildi rengja orð mín í þessu efni, og byggði hann það aðallega á því, að síldarveiði hefði aukizt svo mikið undanfarandi ár hjer við landið, og mundi því veiðin heldur fara í vöxt eptirleiðis. Ekki skal jeg neinn dóm á það leggja; skeð getur, að veiðin aukist bæði hjá innlendum og útlendingum. En hjer er annað atriði, sem hefur verið sleppt, en sem líka verður að takast til athugunar, og það er, hvað verðið á síldinni er mismunandi. Jeg man það, að árið 1886 var síldartunnan í Norvegi á 2 kr. Ef nú Norðmenn, Hollendingar og Skotar veiða vel, svo að síldin fellur í verði, þá segir það sig sjálft, að þeir mundu reyna að koma sjer hjá svona háum tolli, sem ekkert er miðaður við verðið á síldinni, og satt að segja líkist meira ráni en tolli; einmitt af því, að tollurinn er lagður á afla útlendinga, sem á að vera veiddur utan landhelgi, og aldrei er lagður hjer á land; því það geta þeir, sem ekki eiga hjer búsetu, ekki haft leyfi til. Ráðin, sem þeir hefðu til þess, að skjóta sjer undan þessum háa tolli, yrðu þau, ef þeir ekki hættu hjer veiðum, að þeir tækju upp þá aðferð, sem almennt er notuð í Norðursjónum, að verka síldina um borð á skipunum, og ljetu svo önnur skip ganga á milli sín til þess, að sækja síldina, og flytja hana til útlanda. Þessum og kannske fleiri brögðum er jeg sannfærður um að þeir mundu beita hjer.

Þótt jeg sje enginn vinur sykurtollsins, þá hygg jeg, að vjer eptir atvikum ekki getum gjört neitt rjettara nú í þessu efni, en að framlengja tollaukalögin frá síðasta þingi, með því líka reynslan hefur sýnt, — eins og jeg hef tekið fram áður — að sú tollhækkun kemur hvergi hart niður. Þótt milliþinganefnd sú, sem frumv. gjörir ráð fyrir, verði skipuð, og þótt hún leggi höfuðið í bleyti, og komi fram með sínar tillögur, — um aðra skatta og tolla, en nú höfum vjer — þá efast jeg um, að þær tillögur verði miklu rjettlátari, vinsælli eða gangi í heppitegri átt en það, að láta kaffi- og sykurtollinn halda sjer. Ekki mundi »faktúru«-tollur verða álitinn mikið rjettlátari, og mætti í því sambandi benda á, að fullt eins ógeðfellt væri, að tolla efnið í skyrtuna sjómannsins eða spituna í kofann hans, eins og kaffið hans og sykurinn, sem hann brúkar með því.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skil ekki, hvers vegna háttv, 1. þm. N.-Múl. (Jóh. J,) hefur farið að koma fram með þessa breyt.till., nema hafi það verið til þess, að sykra svolítið umræðurnar; hafi svo verið, þá hefur hann náð tilgangi sínum, því að umræðurnar eru óneitanlega orðnar nokkuð sykraðar, eða, að minnsta kosti nokkuð fjörugar. En svo fór hann að salta þær með frv. því, er snertir síldina, og sje jeg þó ekki neina ástæðu til þess, að blanda þeim málum saman, og það ekkert fremur frá sjónarmiði háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), sem virðist vera mjög annt um það, að frumv. um hækkun á útflutningsgjaldi á síld verði samþykkt. Jeg fyrir mitt leyti er í vafa um það, hvort jeg greiði atkvæði með því frv. eða ekki; annars bið jeg forseta forláts á því, að jeg blanda þessu máli hjer inn í,

þar sem það á ekki hjer heima, þótt sumir aðrir hafi gjört það.

Við nánari athugun á þessu máli, þá hef jeg orðið meir og meir mótfallinn þessu frumv. um hækkun á útflutningsgjaldi á síld, og þykir mjer það ekki rjettlátt, að leggja þyngra gjald á eina af okkar upprennandi atvinnugreinum, sem líkindi eru til að gæti orðið landinu mjög happadrjúg. Það er þess vegna tvíeggjað sverð hjá háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), að bera þessi tvö frumv. saman, og byggja breyt.till. sína á því, að næsta mál verði samþykkt, því að setjum svo, að það mál yrði fellt, þá er aðal-ástæðan fyrir breytingartillögunni fallin burtu, og þá mundi háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) óska, að hann hefði aldrei komið fram með hana.

En þótt nú þessi breyt.till. verði felld og næsta mál verði samþykkt, sem jeg ekki óska að verði, þá sje jeg ekki, að skaði sje skeður, að því er snertir tekju-auka þann, er af því kynni að leiða; stjórnar-andstæðingar, sem allt af eru að barma sjer yfir, hvað fjárhagur landsins sje slæmur, ættu auðvitað að samþykkja bæði frumvörpin. En án tillits til sambandsins milli þessara tveggja mála, þá verð jeg að taka í sama strenginn og háttv. þm. Strand. og háttv. 4. kgk. þingm. Jeg sje ekki, að sykur sje svo mikil nauðsynjavara, að maður geti ekki að miklu leyti neitað sjer um hann.

Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) sagði, að sykur væri eitt af aðal-skilyrðum lífsins, en háttv. þm. sagði jafnframt, að hann væri sykur-sjúkur, og getur það illa samrýmzt, að sykur sje eitt af aðal-lífsskilyrðum hans, því að sykur-sjúkir mega þó ekki sykurs neyta.

Ennfremur eru sykurefni í svo margri fæðu, að þótt menn ekki drekki sýróp eða jeti sykur, þá geta menn fengið það sykurefni, sem líkamanum er nauðsynlegt að fá, úr ýmsri annari fæðu. Eins og háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.) tók fram, neyttu fornmenn ekki sykurs, eða heldur kannske háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak), að þeir Snorri Sturluson og Egill Skallagrímsson hafi verið uppfæddir á dúsu á bernskuárum sínum? Enginn mun ætla það, og þó vita allir, að sú kynslóð, er þá var uppi, var ekki þróttminni, en menn nú almennt gjörast. Auk alls þessa verða menn nú líka að gæta þess, að sykur er í mjög misháu verði. Háttv. 1. varaforseti (J. Jak.) sagði, að verð hans væri frá 19—35 aura pundið, og er það sjálfsagt rjett, en einmitt þess vegna finna menn minna til þessarar litlu verðhækkunar, sem leiðir af tollaukalögunum. Jeg get að vísu búizt við, að andstæðingar stjórnarinnar fari eins að nú og sumarið 1905, er sendlar þeirra báru út um landið, að tollaukalögin hækkuðn sykurpundið um 30 aura, í stað þess að hækkunin var 30% af þeim tolli, er áður var á, eða um 1½ eyri á pundið, en fólk hefur nú sjálfsagt látið sjer skiljast, og skilur nú, að hjer er ekki um neitt stórvægilegt að ræða.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Á síðasta þingi var jeg á móti tollaukalögunum, en jeg studdi þá atkv. mitt við það, að jeg var móti því, sem tollaukinn þá var ætlaður til, ritsímakostnaðarins. Þetta mál horfir öðruvísi við nú, því að eins og háttv. þm. er kunnugt, gekk ritsímamálið fram á síðasta þingi og þar af leiðandi hafa útgjöldin vaxið ákaflega mikið, en jeg hef jafnan á þingi viljað gjöra mitt til að bjarga landinu frá fjárhagslegum ófórum, en jeg skal játa, að svo margar ástæður

sem voru á síðasta þingi frá stjórnarinnar sjónarmiði fyrir tollhækkuninni, þá eru nú ekki einungis frá stjórnarinnar sjónarmiði, heldur einnig frá sjónarmiði minu og annara, enn meiri ástæða til þessarar tollhækkunar, því að fyrir mjer vakir, að fjárhagur landsins eigi ekki að komast í óreiðu, og allt, sem miðar í þá átt að varna því, fellst jeg á, hvort sem það kemur frá þingmönnum eða stjórninni. Segi jeg þetta til þess að lýsa afstöðu minni gagnvart þessu máli á síðasta þingi, og til þess, að rökstyðja atkv. mitt gagnvart breyt.till. þeirri, sem hjer hefur komið fram, um að draga úr tollhækkuninni með því, að undanskilja sykurinn. Jeg skal að vísu játa það, að sykur er nauðsynleg vara, en nauðsynjavara, sem víða á landinu er brúkuð í hinu mesta óhófi: það hlýtur og að reka að því, að við þurfum að tolla nauðsynjavörur. Að því, er sykurtollinn snertir, þá get jeg ekki sjeð, að hann komi harðast niður á fátæklingunum. Þess ber að gæta, að sykur er nú orðið talinn engu minni nauðsynjavara fyrir efnamennina en fátæklingana. T. d. embættismenn hjer í Reykjavík brúka vafalaust miklu meira hlutfallslega af þeirri vöru en þurrabúðarmenn og hinn fátækari hluti þjóðarinnar út um landið, og virðist lítil ástæða til að hlífa þeim, sem mest gjaldþol hafa. Jeg álít því, að þessi sykurtollur komi ekki eins þungt niður á fátæklingunum tiltölulega, eins og látið er í veðri vaka. Einnig skal gæta þess, að tollauki þessi hefur komizt þannig á, að enginn hefur orðið var við hann svo neinu nemi. Enda mun það að eins eitt kjördæmi, þar sem raddir hafa heyrzt í þá átt, að sykurtollshækkunin væri ósanngjarnari en hinar tollhækkanirnar. Þetta allt gjörir það að verkum, að jeg mun greiða atkv. með frumv., og neyðast til að greiða atkv. móti breyt.-till. Því að þó fjárhagurinn væri ekki glæsilegur á síðasta þingi, þá er hann það því síður núna. Mjer fyrir mitt leyti er ómögulegt að koma því inn í mitt höfuð, að fjárhagurinn sje blómlegur, þegar þarf að taka hálfrar miljón krónu lán, eins og nú er gjört ráð fyrir í fjárlagafrumv. stjórnarinnar; þessvegna álít jeg það skyldu þingmanna, að afnema ekki þann tollauka, sem reynslan hefur sýnt, að er engum sjerlega tilfinnanlegur, en veitir landssjóði allmiklar tekjur. Jeg verð að taka undir með háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.) með það, að jeg efast um, að hægt verði að hitta annan heppilegri tollgrundvöll, en kaffið og sykurinn. En að jeg greiði atkvæði með frumv., kemur líka af þeirri formlegu ástæðu, að jeg greiddi atkv. með því í gær, að flýta sem mest fyrir þessu frumv., og vil því ekki leggja hindranir í veg fyrir framgang málsins, en verði breyt.till. samþ., þá getur málið ekki gengið fram eins fljótt og til var ætlazt.

Jeg hygg, nú að jeg hafi gjört grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, bæði á síðasta þingi og nú.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strandm.): Jeg álít ekki, að jeg þurfi að taka til máls vegna frumv. sjálfs eða breyt.till., því jeg þykist sjá, að það muni ná óbreytt fram að ganga. Það er sjerstaklega viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu millilinganefnd, að jeg vildi taka það fram, að jeg álít óheppilegt, ef hún hugsaði sjer að breyta svo skattamálunum, að hún færi að afnema þá tolla, sem menn eru orðnir vanir við, svo sem toll á kaffi og sykri, og leggja á beina skatta í staðinn. Og skil jeg ekki í, að menn skuli segja, að sykur sje eins mikil nauðsynjavara eins og rúgur, af þeirri einföldu ástæðu, að sykur er, að því er mig minnir, samsett að eins af

2 frumefnum, en rúgur af mörgum og þar á meðal holdgjafaefni, sem hjálpar til að mynda vöðvana, en sem alls ekki er til í sykri. Það væri gaman að ala upp tvo unglinga, annan á tómu sykri, en hinn á tómu korni, og sjá svo, hvernig færi. Og viðvíkjandi því, að sykur sje nauðsynlegt fyrir börn, þegar mæðurnar geta ekki haft þau á brjósti, sem auðvitað er hollast fyrir þau, þá er það minnst af sykureyðslunni, sem stafar af því, og jeg hef heldur ekki sagt eða meint það, að allt sykur vari óþarfavara; en jeg held ekki sje ofsagt, þó $^2/_3$ hlutar allrar sykurneyzlu sje óþörf og fáum að notum; $^1/_3$ hluti mætti segja að væri rjett notaður. En ef sykrið væri að eins rjett notað, þá yrðu það óverulegar tekjur, sem landssjóður hefði af þeim tolli, og þá mætti hann teljast ósanngjarn, en ekki eins og nú er. Í sambandi við sykurnautn kornbarna, og þá nauðsyn, sem hún á að vera, mætti þó benda á fornmenn vora, sem aldir voru upp án sykurs og urðu alveg eins hraustir og kraptgóðir fyrir því. Og líklega hafa mestu afreksmenn okkar, eins og t. d. Egill Skallagrímsson og Grettir Ásmundsson ekki verið nærðir á sykurvatni í uppvextinum.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skal ekki lengja umræðurnar, en að eins lýsa afstöðu minni á málinu eins og það nú horfir við. Eins og háttv. þingdm. rekur minni til, var jeg á móti þessum tollauka á þinginu 1905, en að jeg greiði atkv. með frumv. nú, kemur af sömu ástæðu eins og háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) tók fram, að mjer finnst fjárhag landsins þannig komið, að það sje óumflýjanlegt. En alls ekki af því, að mjer ekki finnist þessi skattur ranglátur. Það er sagt, að fólk hafi ekki kvartað undan þessu, en það er ekkert að marka. Fólk ristir nú flest ekki dýpra en það, að þegar það eru kaupmenn, sem leggja út tollinn, þá verður það ekki vart við hann sem skatt.

Og þegar um toll af vörum eins og kaffi og sykri er að ræða, þá má sjá, að það,sem fátæklingarnir brúka,stendur ekki í hlutfalli við gjaldþol þeirra, borið saman við gjaldþol efnamannanna, því að allir tollar verða ranglátir, ef miðað er við gjaldþol manna. Menn eru að eins svo blindir, að þeir veita því ekki eptirtekt, þegar tollinum er svarað á þennan hátt. Jeg verð að greiða atkv. með breyt.till. um sykurtollinn, því viðvíkjandi sjávarplássunum álít jeg sjerstaklega ástæðu til að taka þessa tollhækkun í burtu. Jeg mundi þó ekki hafa gjört það, ef hjer hefði ekki komið fram frv. um hækkun útflutningsgjalds á síld. Mun jeg greiða atkv. með því frumv. með ánægju, og gjörir það mjer mögulegt að greiða atkv. með breyt.till.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en að eins leyfa mjer að mótmæla harðlega ummælum háttv. 3 kgk. þm. (B. M. Ó.), um sendlana, sem stjórnarandstæðingar hefðu átt að senda út um land, til þess að breiða það út, að tollhækkunin næmi 30 aurum á hverju sykurpundi. Jeg kannast ekki við, að mótflokkur stjórnarinnar hafi sent út neina slíka sendla, sem háttv. þm. bar honum á brýn. En hann getur enga ábyrgð borið á því, sem einstakir menn kunna að fleipra út úr sjer. Og er það æði hart, að bera flokknum það á brýn, að hann fari með slíkar bábiljur. Hann getur barizt á móti einhverri stefnu með hnúum og hnefum, og gjörir það, en hann ber ekki út vísvitandi ósannindi.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vildi að eins geta þess, að mjer er

hægt að sanna þetta, sem jeg sagði um það, að borið hefði verið út, að sykur mundi hækka um 30 aura pundið við tollaukalögin. Það var því ekkert í því ofsagt.

ATKVGR.:

Breyt.till. við 1. málsgr. 1. gr. (A. 160) felld með 7 atkv. gegn 2.

1. gr. frumv. samþ. óbreytt með 11 samhlj. atkv.

2., 3. og 4. gr. samþ., hver um sig, með öllum atkvæðum.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 22. fundi Ed., föstudaginn 26. júlí kom frumvarpið (129) til 3. umr.

Enginn tók til máls, og var frumv. samþykkt í einu hljóði, og var það síðan afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

VI. Veð í skipum.

Á 4. fundi Nd., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um veð í skipum til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. stendur í nánu sambandi við annað frumv., sem er fyrir þinginu, nefnilega frumv. um stofnun lánsdeildar við Fiskiveiðasjóðinn. Tilgangur þess er að gjöra skipin að tryggilegra og viðfangsbetra veði, en þau nú eru, og þar með gjöra þau að betri eign fyrir skipaeigendur, sem þannig eiga ljettara með að fá lán út á þau. Eins og nú er, er mjög erfitt fyrir lánveitendur að tryggja rjett sinn með því að taka veð í skipum, þar sem þau eru skoðuð sem lausafje og hlýta sömu reglum, er veðsett eru, sem almennt lausafjárveð. Þannig á að lesa veðbrjefin í þeirri þinghá, þar sem veðsetjandi á heima, án tillits til þess, hvar skipið er skrásett. Nú er t. d. opt svo, að margir eru eigendur að sama skipi, og skrifa allir undir veðskuldabrjef, og verður þá lánveitandi stöðugt að hafa gát á heimilisfangi allra veðsetjenda, og eins því, að veðbrjefin sjeu lesin upp á rjettum varnarþingum; og getur veðrjetturinn tapazt, ef þessari þinglestrarskyldu er ekki fullnægt.

Frumv. þetta á að ráða bót á þeim aðalannmörkum, sem nú eru á veðhæfi skipa, og er aðalstefnan sú, að svo miklu leyti, sem auðið er, að tryggja veðrjett í skipum á líkan hátt og veðrjettur á fasteignum er tryggður, og um leið að gefa skýrar reglur um það, í hvaða þinghá eigi að þinglýsa veðbrjefum, sem hljóða upp á skip. Er álitið rjettast, að þau sjeu þinglesin í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Annars er þetta frv. mjög einfalt, svo jeg veit ekki hvort hinni háttv. deild þykir ástæða til að skipa nefnd í málið. En jeg vona, að hún taki það til góðrar athugunar og lofi því að ná framgangi.

Stungið var upp á 3 manna nefnd, og sú uppástunga samþ. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þm., og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, Ólafur Thorlacius, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Ólafur Ólafsson, Árni Jónsson.

Síðan var málinu vísað til 2. umr., og 3 menn kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Guðl. Guðmundsson,
Skúli Thoroddsen,
Magnús Kristjánsson.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen kosinn formaður og Guðl. Guðmundsson skrifari og framsögumaður.

Á 18. fundi Nd., þriðjudaginn 23. júlí kom frumv. (A 107) til 2 umr.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm, V.-Sk.): Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gjörðar sjeu á þessu frumv., fara ekki í bága við aðalstefnu þess, sem sje þá stefnu, að setja skip og báta af ákveðinni stærð í flokk með fasteignum að því er snertir þinglestur heimilda og veðsetningu. Nefndin telur þetta mjög þarfa rjettarbót. En nefndin lítur svo á, að skrásetning skipa beri að skoða út af fyrir sig þannig, að veðveðmálaritari hafi alls ekkert að gjöra með skjöl eða skilríki, sem snerta skrásetningu skipsins. Af því leiðir, að sá, sem kaupir, ekki getur veðsett skipið eða talizt löglegur eigandi þess, fyr en allt er í reglu, sem snertir skrásetninguna.

Á þessari skoðun byggir nefndin breytingarnar við 1., 2. og 3. gr.

Nefndin álítur, að ákvæðið í lögunum frá 16. des. 1885, 15. gr., eigi einnig við um veð í skipum, að þar fylgi einnig lögtaksrjettur, og ætlast til, að það felist í hinu almenna ákvæði, að um þýðing og gildi veðrjettarins skuli gilda hið sama og um fasteignarveð. Ef aðrir lögfræðingar, sem sæti eiga í deildinni, telja þetta ekki nægja, þá gjörir nefndin ráð fyrir, að bæta við beinu ákvæði um það við 3. umr., svo að það sjáist, að 15. gr. í lögunum frá 16. des. 1885, eigi einnig við þessi veðbrjef.

Í 9. gr. frumv. er það ákveðið, að ákvæði frumv. skuli bundið við skip eða báta, sem eru »8 tons eða meir«. Þetta leggur nefndin til að verði fært niður í »5 tonn eða meir« og það gjörir nefndin með það fyrir augum, að mikill hluti þeirra vjelabáta, sem hjer eru brúkaðir, eru einmitt á þeirri stærð, og þessir bátar eru einmitt vjelarinnar vegna svo verðmætir, að ástæða þykir til að taka þá inn undir þetta ákvæði, en ef neðar væri farið, þá kæmist inn undir ákvæðið sá urmull af opnum bátum, að erfitt yrði, að koma lögum yfir það.

Það er enginn efi á því, að störf veðmálaritara aukast að miklum mun við þetta ákvæði; en nefndin hefur þó ekki tekið tillit til þess, enda hefur stjórnin heldur ekki gjört það.

Það er enn eitt atriði, sem raunar ekki snertir þetta mál beinlínis, en sem jeg þó vildi leyfa mjer að vekja máls á, en það er að leiða athygli stjórnarinnar að því, hvort það væri ekki mögulegt, að breyta lögunum frá 13. des. 1895, um skrásetningu skipa, sjerstaklega að því, er snertir ákvæðin um mælingu skipa. Það má teljast óhafandi, að hvert lögsagnarumdæmi á landinu sje mælingarumdæmi. Þegar skip eru mæld, þá þarf til þess töluverða sjerþekkingu, en það er ekki við að búast, að hver lögreglustjóri leggi á sig það erfiði, sem þarf til þess að setja sig inn í þær »mathematisku« og »teknisku« reglur, sem þarf við skipamælingar, því slíkt er »fagmönnum« einum ætlandi. Meðan ekki kom fyrir optar en tvisvar eða þrisvar á ári, að mæla þyrfti skip á öllu landinu, og það optast smáseglskip með einu þilfari, þá var þetta ekki til þess að gjöra umtal út af. En eins og nú er orðið,

þegar slíkar mælingar koma opt og einatt fyrir, og það á gufuskipum, sem eru miklu margbrotnari, þá má það teljast ókleyft. Það væri rjettast, að ekki væru fleiri en 2 eða 3 mælingastaðir á landinu. Þar á móti eru skrásetningarstörfin ekki þannig vaxin, að ekki sje óhætt að trúa lögreglustjórum fyrir þeim. Nú er skipastóll óðum að vaxa, og útlend gufuskip opt færð undir danskt flagg og mæld upp, en það er ekki við því að búast, að lögfræðingar vorir fari að verja löngum tíma aukreitis til þess, að setja sig inn í margbrotnar reglur, sem þarf til mælinga á stórum og yfirbyggðum gufuskipum, með mörgum þilförum. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál. Á þessu þarf að verða einhver breyting, hvað sem öðru líður. Jeg vil svo leggja til, að breyt.till. verði samþ., og að málið komist svo til 3. umr., og síðan sem greiðlegast út úr deildinni.

ATKV.GR.:

Breyt.till. við 1. gr. (107), samþ. með 21 atkv.

1. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 2. gr. (107), samþ. með 22 atkv.

2. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. falli burt, samþ. með 19 atkv.

4. gr. samþ. með 22 atkv.

5. gr. samþ. með 22 atkv.

6. gr. falli burt, samþ. með 17 atkv.

7. gr. óbreytt samþ. með 21 atkv.

8. gr. breyt.till. 1., samþ. með 20 atkv.

8. gr. breyt.till. 2., samþ. með 23 atkv.

8. gr. þannig breytt, samþ. með 20 atkv.

9. gr. breyt.till., samþ. með 20 atkv.

9. grein þannig breytt, samþ. með 21 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 21. fundi Nd., föstudaginn 26. júlí, kom frumv. (A 146) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 29. fundi Ed., laugardaginn 17. ág., kom frumv. (A 183) til 1. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg skal geta þess, að í 6. gr. frumv. eru prentvillur, sem þarf að leiðrjetta, jeg bendi að eins á þetta; en það er annað mikilvægara, sem jeg hef að athuga við frumv. nú. Það er eitt ákvæði í því, sem mjer geðjast ekki að, nefnil. það, að ákvæðin um veðgildi veðbrjefa í skipum skuli ná til skipa, þótt eigi sjeu þau stærri en 5 »tonn«; þar þykir mjer oflangt farið niður á við, og felli jeg mig betur við ákvæði stjórnarfrv. Að öðru leyti er margt gott í frumv. þessu, og á það að geta komið skipaeigendum að góðu haldi, að það verði að lögum. Með því að það hefur verið athugað allrækilega í háttv. Nd., þá mun ekki vera þörf á að skipa nefnd í því hjer, því jeg tel, að laga megi með breyt.till. það, sem betur má fara, sjerstaklega ákvæðið í 7. gr. um stærð skipanna.

ATKVÆÐA.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 35. fundi Ed., laugardaginn 24. ág. kom frumv. (A 183) til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐA.GR.:

1. gr. samþ. með 11 atkv.
2. — — — 11 —
3. — — — 11 —
4. — — — 11 —
5. — — — 11 —
6. — — — 11 —
7. — — — 11 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 37. fundi Ed., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv. (A 183,417) til 3. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg get verið stuttorður um þessa breyt.till. okkar á þgskj. 117. Hún er fólgin í því, að láta ekki lögin ná til smærri skipa en 12 tonna, í stað 5, sem í frv. stendur. Þessi tillaga um, að skipin skuli minnst vera tólf smálestir, styðst að sumu leyti við það, að þau eru þá innrituð á skipaskrá, og að við það lögmark stærðarinnar er bundið fullkomið mál, þ. e. mál eptir reglu I í skipamælingalögunum og — að öðru leyti — ef öll skip, eða rjettara bátar, sem eru 5 smálestir og þar yfir, ættu að innritast hvað veðbönd snertir, eins og lögin gjöra ráð fyrir, þ. e. meðhöndluð eins og fasteignarveð, þá yrði það sá ógnarfjöldi, og verkið þar af leiðandi svo umfangsmikið, sem á sýslumönnum hvíldi; það yrði næstum því ofvaxið þeim til þess að hægt væri að búast við, að þeir hjeldu því í eins góðri reglu og vera bæri. Að vísu eru ekki máske mjög margir bátar af þessari stærð veðsettir nú sem stendur, en gjöra má ráð fyrir, að þeim fjölgi að miklum mun. Annars er mjer þetta ekkert kappsmál, enda hef jeg ekkert gjört til þess að afla breyt.till. fylgis hjer í deildinni, en mun eðlilega greiða atkv. með henni.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg vil leyfa mjer, að lýsa því yfir, að jeg er ekki með þessari breyt.till. um, að færa lágmark smálestatölunnar upp í 12 smálestir. Eins og kunnugt er, þá hefur nú á síðari árum komið upp nýr sjávarútvegur, nefnil. mótorbáta útvegurinn. En þegar litið er til hans, þá býst jeg við, að það verði töluvert margir mótorbátar, sem eru minni en 12 smálestir, og ná þá ekki þessi lög til þeirra, en það verð jeg þó að álíta sanngjarnt, að þeir öðlist einnig þennan rjett, er frumv. veitir. Að það yrði svo mikil fyrirhöfn fyrir yfirvöldin, það skil jeg ekki í að geti munað svo miklu. En þetta er misrjetti og til ógagns þessum útvegi. Það eru einmitt mjög margir mótorbátar, sem eru í milli þessara takmarka, 5 og 12 smálestir.

Mundi jeg því miklu betur hafa getað fellt mig við það, að setja takmarkið, t. d. 8 smálestir.

Jóhannes Jóhannesson (þm. N.-Múl.): Það sem mjer finnst mæla með þessari breyt.till. er það, að jeg kann ekki við, að ákvæði, sem gilda um veð í fasteignum, sjeu einnig látin ná til báta, nema eitthvert verulegt verðmæti felist í þeim. Það eru mjög margir bátar, sem eru yfir 5 smálestir að stærð, og þó mjög lítils virði, og því finnst mjer engin ástæða til, að láta sömu lög gilda um þá eins og um fasteignir. Upphaflega var takmarkið í stjórnarfrumv. 8 smálestir, en það færði svo háttv. neðri deild niður í 5. Þau takmörk eru bæði alveg tekin af handahófi. En 12 smálesta-takmarkið hefur þó það verulega til síns máls, að það er miðað við skip, sem eru yfirbyggð og mæld eptir allt öðrum og fullkomnari reglum, en þeim, sem gilda um mælingu minni skipa. Jeg get ekki sjeð neina meiningu í því, að setja slík ákvæði, sem hjer er um að ræða, um veðsetningu smærri báta, jafnvel ekki mótorbáta. Get jeg ekki sjeð, að það verði fært fyrir lánsdeildina við Fiskiveiðasjóðinn, að lána út á mótorbáta, sem ekki eru yfirbyggðir;

þeir hafa ekki þá yfirburði, og enda mundi erfitt fyrir stjórn lánsdeildarinnar, að sjá um, að þeir væru jafnan í ábyrgð. 5 smálesta-takmarkið er því alveg af handahófi. Um báta, sem eru 12 smálestir eða þar yfir, getur ákvæðið gilt. Þeir eru flestir svo verðmætir, að ástæða er til þess, að láta ákvæði frumv. ná til veðsetningar þeirra.

Jeg álít því engu spillt, þó takmarkið sje fært þetta upp. Svo að ákvæði þau, sem gilda um veð í fasteignum, nái ekki til skipa, nema þau sjeu 12 smálestir. En þó bátur nái 5 smálestum, þá getur verið, að hann hafi ekkert veðgildi, að minnsta kosti ekki svo, að það taki því, að fara með hann eptir sömu reglum eins og þegar veðsettar eru jarðeignir eða húseignir. Jeg álít því rjett, að háttv. deild samþykki breyt.till.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk): Mjer finnst það lýsa nokkuð miklum ókunnugleika hjá háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) að segja, að ekkert verðmæti sje í mótorbátum. Þó þeir sjeu ekki nema 5 smálestir. Að minnsta kosti þekki jeg marga af þeirri stærð, sem kosta eins mikið og 30—40 smálesta skip, og ef þeir fara upp í 12 smálestir, þá verða þeir að dýrleika eins 60—70 smálesta skip. Finnst mjer hart að segja, að þessir bátar hafi ekkert verðmæti, eða ekki svo mikið, að það taki því, að fara með þá eptir sömu reglum og fasteignir og þilskip, því að þó þeir sjeu ekki stærri en þetta, þá hafa þeir jafnvel meira verðmæti en þrisvar til fjórum sinnum stærri þilskip, enda hafa landsmenn líka sett í þá ærna peninga. Á Ísafirði er nú stofnað fjelag til þess að vátryggja mótorbóta, og eru menn óðum að vátryggja þá í því. Það getur ef til vill verið, að 5 smálestir sjeu nokkuð lágt, en 12 er aptur á móti allt of hátt, og vil jeg því heldur hafa það eins og háttv. Nd. setti það, heldur en hækkunina, sem nefndin fer fram á.

Jóhannes Jóhannesson (þm. N.-Múl.): Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) sneri, að jeg verð að halda, viljandi út úr orðum mínum. Jeg sagði, að ýmsir bátar, sem væru 5 smálestir, væru eigi svo verðmætir, að það tæki því, að setja lög um veð í þeim. Það sjá allir, að það takmark er alveg af handa hófi sett, því að bátur, sem er bara $4^1/_2$ smálest, getur verið meira virði en 12 smálesta skip, ef miðað er við nýja mótorbóta og gömul skip. En jeg talaði alls ekki sjerstaklega um mótorbáta, heldur um báta yfir höfuð, þar á meðal uppskipunarbáta. En það er ef til vill galli, að ekki er sjerstaklega talað um mótorbáta í þessu frumv. Jeg sagði ekki, að stærðin ein væri sönnun fyrir því, hvort skipið væri verðmætara, en hitt sagði jeg, eða vildi segja, að venjulega væri 5 »tonna« bátur ekki eins verðmætur og fasteignir.

ATKVGR.:

Samkvæmt beiðni tillögumanns var fyrst borinn undir atkv. 2. liður á breyt.till. 417 við 7 gr. og var hann felldur með 9 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Ág. Flygenring,	Björn M. Ólsen,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Jensson,
Steingr. Jónsson,	Eiríkur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugsson,
	Guttormur Vigfúss.,
	Sigurður Stefánss.,
	Þórarinn Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson.

Jón Jakobsson 2. þm. Húnv. greiddi

ekki atkv., og var því talinn með meiri hlutanum.

1. breyt.till. (417) við 2. gr. frv. þá tekin aptur.

Frumv. í heild sinni samþ. í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

VII. Breyting á lögum Söfnunarsjóðs Íslands.

A 4. fundi Nd., föstudaginn 5. júlí kom frumv. til laga um breyting á lögum 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands til 1. umr.

Enginn tók til máls, og var málinu vísað til 2. umr.

Á 6. fundi Nd., mánudaginn 8. júlí kom frumv. til 2. umr,

Enginn tók til máls og var því gengið til atkv. og frumvarpsgreinin samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 8. fundi Nd., miðvikudaginn 10. júlí kom frumv. til 3, umr.

Frumv. var umræðul. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 12. fundi Ed.. laugardaginn 13. júlí kom frumv. (A. 70) til 1. umr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Frv. það, sem hjer er til umræðu, lagði stjórnin fyrir þingið, að gefnu tilefni frá stjórn Söfnunarsjóðsins. Af því að Söfnunarsjóðurinn hafði ekkert fje við að styðjast, þegar hann var stofnaður, var svo kveðið á í lögum hans, að til kostnaðar við sjóðinn og í varasjóð skyldi ganga eigi að eins $^1/_{20}$ af ársvöxtum hverjum, heldur og það, sem umfram væri 4%.

Nú var varasjóðurinn um síðustu áramót orðinn undir 20,000 kr., og má því gjöra ráð fyrir, að hjeðan af sje sjóðurinn sæmilega tryggður, þótt eigi sje tekið meira en $^1/_{20}$ af vöxtunum til kostnaðar og í varasjóð. Frv. þetta gengur út á það, að hækka innlánsvextina úr því, sem nú er. Ef ákvæðið um, að í varasjóð skuli leggja það, sem umfram er 4% af vöxtunum, hefði ekki verið í lögum Söfnunarsjóðsins, mundi sjóðurinn nú upp á síðkastið hafa gefið allt að $4^1/_2$% í innlánsvexti.

Frá sjónarmiði Söfnunarsjóðsins er breyting sú, sem hjer er farið fram á, æskileg, því að síðustu árin hefur verið lagt stórum minna fje í hann en fyr, af því að hann hefur ekki getað gefið jafnháa vexti eins og hægt hefur verið að fá á öðrum tryggum stöðum, en gjöra má ráð fyrir, að innlögin mundu vaxa aptur, er hægt væri að hækka innlánsvexti, og halda þeim viðlíka háum og hægt er að fa annarsstaðar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 13. fundi Ed., mánudaginn 15. júlí kom frumv (A. 70) til 2. umr.

Frumv.greinin var umræðulaust sþ. í e. hlj., og fyrirsögnin samþ. án atkv.; frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á. 15. fundi Ed., miðvikudaginn 17. júlí kom frumv. til 3. umr. og var sþ. umræðulaust í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

VII. Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Á 4. fundi Ed., föstudaginn 5. júlí kom frumv. til laga um breytingar á lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma til 1. umr.

Ráðherrann: Tilefni til þess, að frv. þetta er fram komið er það, að landssjóður tapaði máli, er Arnór uppgjafaprestur Árnason höfðaði gegn honum út af sótthreinsunarkostnaði á heimili hans.

Yfirleitt má segja að sóttvarnarlögin frá 1896 hafi reynzt vel að öðru leyti en því, að sótthreinsunarkostnaður hefur viljað verða afarmikill. Landsstjórnin hefur þó að jafnaði getað haldið honum innan hæfilegra takmarka; og menn hafa látið sjer lynda úrskurði landsstjórnarinnar á sóttvarnarreikningunum, þangað til Arnór prestur Árnason vildi eigi beygja sig undir úrskurð landsstjórnarinnar, heldur heimtaði borgun fyrir vinnu sins eigin heimilisfólks við að hreinsa hús sjálfs hans. Þegar svo landsstjórnin, samkvæmt eldri úrskurðum og venju, vildi ekki borga reikning hans að fullu, höfðaði hann málið og vann það, eins og landsstjórninni reyndar kom eigi á óvart, eptir því, sem orðum er hagað í lögunum.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara lengra út í málið að þessu sinni, með því að háttv. þm. geta kynnt sjer hinar prentuðu ástæður stjórnarinnar, er frv. fylgja.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Steingrímur Jónsson,
Ágúst Flygenring,
Þorgrímur Þórðarson.

Í nefndinni var Steingrímur Jónsson kosinn formaður og Þorgrímur Þórðarson skrifari og framsögumaður,

Á 19. fundi Ed. miðvikudaginn 24. júlí kom frumv. (A. 115) til 2. umr.

Framsögumaður Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Jeg vil fyrst benda á, að fallið hefur úr 2. breyt.till. nefndarinnar orðin: »6. nóv.«, og mun mega skoða það sem prentvillu. Nefndin, sem háttv. deild hefur skipað í máli þessu, hefur athugað það svo vel sem hún átti kost á og borið það saman við lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma frá 31. jan. 1896 og dylst henni ekki, að í frumv. felist ýmsar umbætur á nefndum lögum og vona jeg, að háttv. deild sje oss samþykk í þessu efni.

1. breyt.till. vor er um það, sem við köllum formála frumvarpsins; inn í hann höfum vjer skotið nýjum liðum, sem leiða af breytingum þeim, er vjer höfum leyft oss að koma fram með við frumv. Formála þennan á-

lítum vjer heppilegan, hann gefur betra yfirlit yfir lögin frá 31. jan. 1896 með áorðnum breytingum.

1. gr. frumv. miðar til þess að gjöra 2. gr. laganna frá 1896 ákveðnari, en hún er nú; þessvegna eru í þessari gr. frumv. taldir upp þeir sjúkdómar, sem sóttvörn skal beitt gegn, og er þar bætt við hettusótt; hún gengur hjer stundum sem landfarsótt og getur gjört mikið tjón, einkum var hún hjer mjög skæð skömmu fyrir 1880, svo að menn lögðust unnvörpum í rúmið og atvinna manna beið mikinn hnekki af því.

2. gr. frumv. er bein afleiðing af 1. gr. og er óþarfi að orðlengja um hana.

Þá leggjum vjer nefndarmenn til, eins og 2. breytingart.till. vor ber með sjer, að á eptir 2. gr. frumv. komi ný grein, sem verði 3. gr. Lögin frá 31. janúar 1896 vísa til laga frá 17. desember 1875 um vörn gegn næmum sjúkdómum, sem berast til Íslands, en oss þótti hjer heppilegra, að setja nýja grein og vísa til laganna frá 6. nóv. 1902, af því að lögin frá 17. des. 1875 eru úr gildi numin.

Í 3. gr. frumv. er ákveðið, að hætta megi sóttvörnum gegn mislingum og skarlatssótt, ef sjúkdómar þessir, eptir áliti landlæknis eru ekki taldir skæðir og hafa náð svo mikilli útbreiðslu, að ekki eru líkindi til, að þeir verði stöðvaðir. Í athugasemdunum við grein þessa í frumv. er vísað til, að ákvæði hennar sjeu tekin úr viðaukalögum frá 6. nóv. 1902, en þetta getur ekki átt sjer stað og mun vera rangt, og er að líkindum átt við lög frá 13. sept. 1901.

4. gr. er að eins til þess að herða á skyldu þeirri, er nú hvílir á mönnum um að skýra læknum frá, ef næmir sjúkdómar koma upp á heimilum þeirra, eða með öðrum orðum sjúkdómar þeir, er skylt er að beita sóttvörnum gegn. Í 5. gr. felast einnig nýmæli. Í 7. gr. sóttvarnarlaganna frá 31. jan. 1896 er ákveðið, að lögreglustjóri eða hreppstjóri geti bannað öllum utanheimilismönnum, að koma á heimili, þar sem auðsætt þykir, að einhverjir af þeim sjúkdómum, sem taldir er í 2. gr. sóttvarnarlaganna, sjeu; en í 5. gr. er því bætt hjer við, að enginn af heimamönnum frá hinu sjúka heimili megi fara á önnur heimili og setja skuli mann frá öðru heimili bæði til þess að líta eptir hinu sýkta heimili og sömuleiðis annast nauðsynlega flutninga til þess. Þar er og einnig skýrt tekið fram, að banna megi að flytja matvæli frá hinu sýkta heimili. Einnig er það nýmæli að auglýsa skuli á útidyrum hins sýkta húss eða bæjarþili fast við bæjardyr bann það, er um er að ræða, og er það nýmæli til bóta. Um 6. gr. er óþarfi að fjölyrða.

Í 7. gr. felast aðalbreytingarnar og eru þær allar ttl mjög mikilla bóta og gjöra læknum auðið, að láta sótthreinsunina fram fara hvenær sem er og hvar sem er, en hingað til hafa verið mjög mikil vankvæði á því. Einnig ljetta ákvæði greinarinnar undir með þeim, sem eiga að annast sótthreinsun. Í lögunum frá 31. janúar 1896 er læknum veitt heimild til að skipa fyrir um sótthreinsun, þar sem gengið hafa einhverjir af þeim sjúkdómum, er ræðir um í 2. gr. þeirra laga, en það hefur opt verið hægara sagt en gjört. Stundum er ómögulegt að fá nokkurn mann til að framkvæma sótthreinsunina af hræðslu við sjúkdómana; þetta byggi jeg á eigin reynslu, jeg hef sjálfur opt orðið að vinna að sótthreinsun, af því að jeg gat engan fengið til þess, sem fyrir því var trúandi. En hjer er bætt úr skák með þessum lögum; nú getur læknir ráðið menn til þess að

hafa sótthreinsun á hendi fyrir ákveðna borgun, en geti hann ekki fengið neinn hæfan mann til þess starfa, þá getur hann leitað til sýslumanns og er þá sýslumanni heimilt að skipa mann í hverjum hreppi, eptir tillögum læknis, til þess að hafa sótthreinsunarstörf á hendi um ákveðinn tíma. Kostnaðurinn við sótthreinsunina á að greiðast af almannafje. Eptir núgildandi lögum er sá, er sótthreinsunin fer fram hjá, ekki skyldur að leggja neitt fram til hennar, en hjer er ákveðið, að heimilismenn skuli annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsunina, er þeir geta af hendi leyst og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar. Sömuleiðis er ákveðið í þessum lögum, að heimilið skuli leggja til heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eptir þörfum.

Í 8. gr. eru að eins orðabreytingar að öðru leyti en því, að það er bætt inn í, að börn megi ekki ganga í skóla frá heimili, sem barnaveiki eða taugaveiki hafi gjört vart við sig á, og að kennarinn skuli hætta kennslu, ef þessir sjúkdómar gjöra vart við sig á heimili hans.

Í 9. gr. er talað um skaðabætur, er menn geta krafizt fyrir muni, er eyðilagzt hafa eða skemmzt við sótthreinsun. Eptir núgildandi lögum eiga 2 tilkvaddir menn að meta skaðann og er það opt umsvifamikið og kostnaðarsamt, að fá þessa menn, að minnsta kosti hefur mjer reynzt það svo, og hef jeg því optast matið sjálfur eða samið við húsbónda um skaðabæturnar, en stjórnin síðan samþ. það mat. Í þessu frumv. er ákveðið, að læknir og sótthreinsunarmaður meti skaðann, og er það heppilegra en núgildandi ákvæði. Eptir núgildandi lögum þarf 4 menn til þess að framkvæma yfirmatsgjörðina og getur hún með því móti orðið æði dýr. Í þessu frv. er ákveðið, að 2 dómkvaddir menn skuli framkvæma yfirmatsgjörðina, og álít jeg þá breytingu til mikilla bóta. Í núgildandi lögum er svo ákveðið, að ef sá, er yfirmatsins krefst, fær hærri virðingu en áður á hinum skemmdu eða eyðilögðu munum, þá borgar hann ekki yfirmatið, en í þessu frv. er svo ákveðið, að verði yfirmatsgjörðin ekki 20% hærri en hin upprunalega virðing, þá fellur allur kostnaður af yfirmatsgjörðinni á þann, er yfirmatsins krefst. Hjer þykir nefndinni of langt farið, þótt að hinu leytinu sje gott, að setja skorður við því, að menn að þarflitlu eða þarflausu krefjist yfirmatsgjörðar. Vjer höfum því leyft oss, að koma fram með breyt.till. við þetta, þar sem þessi 20% eru færð niður í 10%, þannig, að sá, er yfirmatsins krefst, skal ekki borga yfirmatsgjörðina, ef yfirmatið verður 10 % hærra en upprunalega matið. Nefndin álítur, að ekki sje rjett að gjöra mönnum erfiðara en það fyrir, með að fá yfirmatsgjörð, því að opt getur komið fyrir, að rjetti sje hallað af hlutdrægni eða óvild manna á meðal, og má þá ekki setja mönnum harða kosti, til þess að fá hluta sinn rjettan.

Í 10. gr. er hverjum þeim, er annaðhvort hefur einhvern af hinum umræddu sjúkdómum, eða kemur frá heimili, þar sem sjúkdómar þessir ganga, gjört að skyldu, er hann kemur á önnur heimili, þar með talin skip, að láta húsráðanda eða skipstjóra vita um sjúkdóminn. Þetta ákvæði er með hegningu þeirri, er lögð er við broti gegn því, mjög heppilegt og þýðingarmikið, því að nauðsynlegt er að sporna við því, að sjúkir menn, eða menn, sem hætt er við að flytji einhvern af umræddum sjúkdómum, komi á heimili, sem engin veikindi eru á, og láti

húsráðanda ekkert vita af hættu þeirri, er staðið getur af komu hans.

Þá hefur nefndin komið fram með þá breyt.till., að bætt verði við nýrri grein, sem verður 11. gr., og er breyting á 13. gr. laga frá 31. jan. 1896.

Í núgildandi lögum er ákveðið, að af kostnaðinum við sótthreinsun skuli greiða allt að 100 kr. úr sýslusjóði, en hitt úr landssjóði. Eptir því, sem gr. þessi er orðuð, liggur beinast við, að skilja hana svo, að í hvert skipti sem sótthreinsað er, skuli borgunin greidd öll úr sýslusjóði, svo framarlega sem sótthreinsunin fari ekki fram úr 100 kr. í hvert skipti, en þá greiði sýslusjóður þó 100 kr., en landssjóður það, sem er fram yfir 100 kr. Í framkvæmdinni hefur þetta verið skilið svo, að sýslusjóði bæri að greiða 100 kr. yfir árið. Nú hefur nefndinni þótt sýslusjóðir hafa nóg á sinni könnu, og líka fundizt rjettara, að landssjóður greiði einn að öllu kostnað þann, sem sótthreinsun hefur í för með sjer. Ákvæðið um, að sýslusjóðir skyldu borga þessa upphæð, mun hafa verið sett inn í lögin frá 1896, með fram til þess, að búizt var við, að sýslunefndir gætu haft hönd í bagga með því, að kostnaður við sótthreinsanir færi ekki fram úr hófi, en sýslunefndir geta engin áhrif haft á það, hvort kostnaður þessi verður mikill eða lítill, svo að sú ástæða, fyrir því að láta sýslusjóði borga, er þá fallin burtu. Ennfremur munar landssjóð lítið um, þótt þessar 100 kr. sjeu lagðar á hann, þar sem sýslusjóði aptur getur dregið það töluvert, og virðist því rjett, að ljetta því af þeim, auk þess sem skoða má, að sótthreinsanir sjeu framkvæmdar fyrir allt landið eins og fyrir það hjerað, sem hún fer fram í.

Fleiri breyt.till. hefur nefndin ekki gjört, en jeg vona, að hin háttv. deild fallist á breyt.till. þær, er jeg hef þegar skýrt frá og samþ. að öðru leyti frumv. þetta.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra ofurlitla fyrirspurn til háttv. framsögum. (Þorgr. Þ.), viðvíkjandi 3. gr. Mjer finnst það dálítið tvírætt, þannig að vafasamt getur verið, hvort átt er við grein frumv. eða við 2. gr. í lögunum frá 31. jan. 1896. Þetta verður að hafa vel hugfast, því annars getur verið, að því verði blandað saman á skrifstofunni. En jeg býst samt við því, að átt sje við grein frv., en ekki áður nefndra laga. Verður þess vegna að hafa eptirlit með þessu á skrifstofunni. Það hefði helzt átt að vera bil á milli eða þá nýr málsliður. Og alveg það sama má segja um 11. gr. Þetta vildi jeg benda á, að eptirlit þarf að hafa með þessu á skrifstofunni —, svo að ekki komist villa inn í lögin.

Annars hefur háttv. frmsm. (Þorgr. Þ.) gjört svo skýra grein fyrir breyt.till. nefndarinnar, að jeg þarf ekki að fjölyrða um þær. Jeg er að eins í vafa um það, hvort er rjett, að demba öllum kostnaði við sótthreinsanirnar á landssjóðinn, því að sýslunefndirnar hafa miklu betri þekkingu á staðnum og geta því betur sjeð um, að reikningarnir fari ekki fram úr hófi. Jeg held, að þetta sje gott til þess, að hjeraðslæknar hafi dálítið aðhald í þessum efnum, og yrði miklu verra, að hafa eptirlit með þeim eptir þessari 4. breyt.till. nefndarinnar. Og mun jeg þess vegna greiða atkvæði á móti henni.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Eins og háttv. frmsm. (Þorgr. Þ.) tók fram, þá eru það ekki nema 2 efnisbreytingar, sem nefndin fer fram á. Hin fyrri, að í stað 20% komi 10% í 9. gr. frumv., þar sem talað er um

yfirmat. Hin síðari, sem er viðbótartillaga við frumv. stjórnarinnar, þess efnis, að ákvæðum 13. gr. í lögunum frá 1896 verði breytt þannig, að landssjóður skuli greiða allan kostnað við ráðstafanir samkvæmt lögunum að því leyti, sem hann á að greiðast af almannafje og ekki er ákveðið, að hann greiðist úr sveitarsjóði, en samkvæmt lögunum á nú að greiða nokkuð af kostnaðinum úr sýslusjóði. Vil jeg leyfa mjer, að mæla með því, að þessi breyt.till. verði samþykkt. Jeg álít eðlilegast, að allur sóttvarnarkostnaður sje greiddur úr landssjóði, og hygg jeg, að það sje í samræmi við almennar reglur í íslenzkri löggjöf. Það er fyrir utan þetta að eins yfirsetukonurnar, sem sýslusjóðir standa straum af í þess konar efnum.

Annað, sem kom okkur til að bera þessa breyt.till. fram, er, að ákvæðin í lögunum frá 1896 eru svo óheppilega orðuð um þetta efni. Þar stendur að greiða skuli 100 kr. úr sýslusjóði, en það, sem fram yfir er, úr landssjóði. En það er ekki tekið fram, hvort það skuli vera fyrir einstök tilfelli eða fyrir heilt ár. Sennilegast hefði verið, að landssjóður hefði að eins borgað, þegar það í einstöku tilfellum fór fram úr 100 kr. Ef þessum skilningi hefði verið framfylgt, hefði verið lagðar kvaðir á sýslusjóðina, sem orðið hefðu miklu hærri en nokkur ein lög hafa lagt á þá hingað til. En þar sem nú að eins hafa verið borgaðar 100 kr. á ári, þá er það svo lítið fje, að það getur ekki talizt neitt fjárspursmál fyrir landssjóð, að losna við það. En ákvæðin, sem gilt hafa hingað til um þennan kostnað, brjóta hið rjetta lögmál, að sóttvarnirnar eru aðallega almenningsmál, sem landssjóður á að annast, því að þar getur verið um heill landsins að tefla. Jeg hygg, að það hafi með fram vakað fyrir mönnum, þegar sóttvarnarlögin frá 1896 voru samin, að reikningarnir mundu verða lægri, ef sýslunefndirnar ættu að greiða þá að nokkru leyti og hafa eptirlit með þeim. En hjer kemur tvennt til greina; í fyrsta lagi hefur reynslan sýnt, að lögin hafa eigi náð þessum tilgangi sínum, því að sýslunefndirnar hafa ekki sjeð sjer fært, að blanda sjer inn í það mál í því skyni, að færa kostnaðinn niður. Þær verða að láta sitja við aðgjörðir læknis og úrskurð stjórnarráðsins. En þó svo væri, að sýslunefndirnar hefðu áður getað haft áhrif á það, þá er nú síður þörf á því, því að þetta frumv. setur tryggingu fyrir því, að þessi kostnaður verði ekki eins gífurlegur. Til dæmis með því, að ákveða, að ekki sje sjálfsagt, að beita sóttvörnum gegn sumum sjúkdómum, sem áður varð að beita þeim við, og nú þarf heldur eigi að borga vinnu heimilisfólksins við sótthreinsunina. Einnig verður kostnaðurinn minni við það, að læknir eða sótthreinsunarmaðnr meta skaða, sem af hreinsuninni leiðir. Þetta álít jeg svo góðar umbætur, að engin þörf sje á að vísa lengur til sýslunefnda. Jeg get enn fremur bætt því við, að jeg álít þetta rjettmætt, vegna þess, að nú liggja fyrir sýslusjóðum svo mörg og mikilvæg hlutverk, að eigi veitir af fyrir þá, að hafa sem hreinast borð, en það má reyndar líka segja hið sama um landssjóðinn, en hann hefur breiðara bak, til að bera það. Jeg get til dæmis bent á vegamálin.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg átti bágt með að skilja það hjá háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), þar sem hann sagði, að þetta mál snerti að eins almenning. Jeg held að það snerti alveg eins einstaklingana og mætti þess vegna, ef til vill, kalla það samstak-

legt. Jeg álít þess vegna ekki ósanngjarnt, að sýslusjóður beri dálítinn hluta af þessum kostnaði. Jeg held líka, að það sje heppilegt til þess, að sýslunefndirnar geti haft eptirlit með, að reikningarnir sjeu ekki of háir. Mjer fannst líka háttv. 6. kgk. þm. viðurkenna það, að minnsta kosti sagði hann, að það hefði vakað fyrir mönnum við samningu laganna. Og er erfitt að sanna, hvort ákvæðið ekki hefur gjört gagn. Því verið getur, að reikningarnir hefðu orðið miklu hærri, ef það hefði ekki verið. Jeg mun þess vegna fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti þessari 4. breyt.till. nefndarinnar.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra viðvíkjandi því, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) tók fram. Jeg sagði ekki, að það varðaði *að eins* almenning, heldur að það varðaði *sjerstaklega* almenning, þessar sóttvarnir. Því það er ekki hægt að segja, að þær sjeu gjörðar fremur í þarfir einstakra sveitarfjelaga, en alls landsins. Jeg sagði einnig, að þetta nýja ákvæði væri í samræmi við gildandi ákvæði í íslenzkum lögum. Þó í lögunum frá 1896 væri ætlazt til, að sýslunefndirnar gætu haft eptirlit með kostnaðinum, þá hefur reynslan sýnt, að svo hefur eigi orðið. Og get jeg dæmt um það af eigin reynslu sem sýslumaður. En jeg hef líka aðra reynslu að benda á, nefnilega ráðstafanir þær, sem gjörðar voru gegn skarlatssóttinni hjer sunnanlands fyrir nokkrum árum, sem þóttu svo varhugaverðar, að sjerstök lög voru samin í því skyni.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 12 shlj. atkv.
2. — — — — 12 — —
2. breyt.till. (115) ný 3. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. frv. (verður 4. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. frv. (verður 5. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr. frv. (verður 6. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr. frv. (verður 7. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. frv. (verður 8. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr. frv. (verður 9. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
3. breyt.till. (115) við 9. gr. (sem verður 10. gr.) sþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr. frv. (10. gr.) breytt, sþ. með 11 shlj. atkv.
4. breyt.till. (115), ný 11. gr., sþ. með 9 atkv. gegn 4.
10. gr. frv. (sem verður 12. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr. frv. (sem verður 13. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr. frv. (sem verður 14. gr.) sþ. með 12 shlj. atkv.
1. breyt.till. (115) við formála frv. sþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 22. fundi Ed., föstudaginn 26. júlí, kom frv. (A 167, 168) til 3. umr.

Framsögumaður Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Hjer er komin fram breyt.till. á þgskj. 168 frá háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.), sem fer fram á, að 11. gr. frv. sje felld í burt. Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn að háttv. þm. (B. M. Ó.), hvort hann hafi athugað, hvað af breyt.till. hans mundi leiða. Afleiðingin yrði sú, að 13. gr. í lögunum frá 31. jan. 1896 mundi

standa óbreytt, en í henni er vitnað í lög frá 17. des. 1875, en þau lög eru úr gildi numin með lögunum frá 6. nóv. 1902. Vona jeg, að allir sjái, hve óviðkunnanlegt það er í nýjum lögum, að vitna í lög, sem úr gildi eru numin, og óska jeg því helzt, að háttv. flutnm. breyt.till. (B. M. Ó.) vildi taka hana aptur.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer fjell það illa, að br.till. háttv. nefndar um að fella niður hið lága gjald, sem á sýslunum hefur hvílt fyrir sótthreinsun, skyldi ná samþykki háttv. deildar við síðustu umræðu. Mjer finnst það ekki nema sanngjarnt, að sýslufjelögin taki sjerstakan þátt í þeim kostnaði, sem einkum snertir þau. Þetta er bæði eðlilegt, og það er líka hagkvæmt, því að með því er sjeð fyrir því, að kunnugir menn geti haft nokkurt eptirlit með því, að sótthreinsunarkostnaðurinn keyri ekki úr hófi. Það er að vísu ofur handhægt að demba öllum gjöldum á landssjóð, en það er eigi rjett aðferð nje til sparnaðar. Það getur verið, að breyt.till. mín sje ekki sem formlegust; þó sje jeg ekki, að það gjöri svo mikið til, þótt nefnd sjeu í nýjum lögum önnur lög, sem úr gildi eru numin, slíkt getur ekki gefið neitt nýtt gildi þeim lögum, sem numin hafa verið úr gildi.

En það er mikið að athuga frá formlegu sjónarmiði við brt. hv. nefndar, sem samþykkt var við síðustu umr.; og mjer er mjög til efs um, að lögin sjeu formlega rjett, eptir að 4. breyt.till. á þgskj. 115 er komin inn í þau. Með leyfi háttv. forseta skal jeg lesa hana upp, og er hún þannig. »Á eptir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr.« Við þetta hef jeg það að athuga, að hjer er ekki um nýja grein að ræða, heldur um grein, sem er sama efnis sem 13. gr. í lögunum frá 31. jan. 1896; og hefði breyt.till. því átt að vera orðuð þannig: »Á eptir 10. gr. komi 13. gr. laganna frá 31. jan. 1896«; hitt er mjög villandi, eins og það er orðað nú. Jeg get ekki gjört háttv. nefnd það til geðs, að taka aptur breyt.till. mína, en að sjálfsögðu ræður hver atkvæði um hana.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg er hræddur um, að háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) hafi ekki gætt vel að frumv., sem breyt.till. eru gjörðar við. Það stendur í inngangínum, hverjum greinum í lögunum frá 31. jan. 1896 skuli breytt. Nefndin var eindregið með því, að 11. gr. komi í staðinn fyrir 13. gr. nefndra laga og bætir þá tilsvarandi inn í inngangínn. Þetta er það princip, sem stjórnin hefur innleitt; ef þess vegna till. nefndarinnar er óformleg, þá er það fleira. Alveg sama aðferð er höfð við 2. gr. laganna, sem er upphafin á þeunan hátt. Eins er með viðaukatill. nefndarinnar 13. gr. laga 1896 úr gildi numin. Þetta verður öllum ljóst, þegar lögin eru lesin og þess gætt, að þau hafa formála. Ef hjer er um formgalla að ræða frá nefndarinnar hálfu, sem jeg alls ekki álít rjett, þá er líka spursmálið um, hvernig þessi breyt.till. tekur sig út, og hver afleiðingin mundi verða af því, að 11. gr. fjelli burtu. En nú er þegar búið að samþykkja, að 13. gr. laga 1896 falli burtu. Ef því deildin fellir líka 11. gr., þá finnst mjer hún ganga til atkvæða tvisvar um það sama. En ef greinarnar yrðu þannig báðar felldar úr gildi, þá verður gat í lögunum og formálanum líka. Þetta var nú um formhlið málsins, og þarf jeg ekki meira um hana að ræða.

Að því er efnið snertir, þarf jeg litlu að bæta við það, sem jeg sagði við 2. umr. málsins. Eptir hlutarins eðli á landssjóður að bera allan kostnað af

sóttvörnum eins og af vörnum gegn því, að einhver sýki berist inn í landið. Þetta er megin princip, sem fylgt er allstaðar. Jeg sje ekki, að nokkuð vinnist við að brjóta á móti þeim, því að sýslusjóðirnir hafa ekki síður hlutverk en landssjóður og borið saman við hinn takmarkaða álögurjett, eru þau fullt eins mikil. Viðvíkjandi því, að sýslunefndirnar gætu haft áhrif á reikningana, þá benti jeg á, að lögin voru ekki svo úr garði gjörð, að þær gætu það. Þær höfðu hvorki úrskurðarvald nje eptirlitsrjett, svo það stóð ekki í þeirra valdi að gjöra neina lækkun á reikningunum. Það var hægt að fara á bak við þær með allt, þangað til útborgun reikninganna kom til. En nú er allt öðru máli að gegna, því að í frumv. þessu eru reistar skorður við, að kostnaðurinn fari fram úr hófi. Er því miklu minni ástæða til þess að láta þetta heyra undir sýslunefndir nú, en 1896. Jeg ræð þess vegna háttv. deild til að fella þessa breyt.till. á þgskj. 168.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal játa, að jeg hefði átt að taka eptir að fella tilvitnuna til 13. gr. laganna 31. jan. 1896 úr inngangsorðum líka. En það hefur mjer láðst að gjöra. En jeg skoða það sem sjálffallið, ef það verður fellt úr lögunum, sem inngangurinn vísar til. Háttv. 6. kgk. þm. hefur ekki mótmælt því, að þessi grein hafi komið fram sem ný grein við breytingar nefndarinnar, sem samþ. voru við 2. umr. Því er heldur ekki hægt að mótmæla; enda er það í fullu samræmi við það, sem háttv. þm. sagði, að það væri viðaukatill. En má jeg spyrja: Fellir viðaukatillaga nokkuð burt? Ef það er viðaukatill., þá verður engin breyting á 13. gr. þótt svo standi í yfirskriptinni. En þetta er »reel« breyting á 13. gr. laga 31. jan. 1896.

Mjer fannst háttv. sami þm. ekki takast vel, að gjöra grein fyrir, að þetta væri formlega komið inn í lögin. Um hitt skal jeg ekki fjölyrða, en það er mín skoðun, að sýslusjóðirnir eigi að taka nokkurn þátt í þessum útgjöldum, og sýslunefndirnar að hafa eptirlit með reikningunum, og ber jeg meira traust til þess, að þær gjöri það, ef um fjárútlát er að ræða fyrir þær.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en get ekki fengið af mjer, að taka aptur breyt.till., en hv. þingdm. geta þá fellt hana, ef þeir vilja.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg stend að eins upp til þess, að leiðrjetta misskilning hjá háttv. 3. kgk. þm., af því að jeg fjekk ekki að taka fram í.

Jeg sagði ekki, að þetta væri viðaukatill. við lögin 1896, heldur við frumv. stjórnarinnar. En allar gr. frumv. eru breyt.till. við lögin frá 1896, eins og öll ný lög jafnan eru breyting á eldra skipulagi. Þetta tók jeg fram áðan, og skil jeg ekki í, hvernig hinn háttv. þm. hefur farið að misskilja það.

En þar sem h. 3. kgk. þm. hefur meira traust til sýslunefnda, en ákvæða frumv., þá held jeg það komi af því, að hann þekkir svo lítið til sýslunefnda hjer á landi.

ATKVGR.: Breyt.till. (168) við 11. gr. felld með 9 atkv. gegn 2.

Frumv. samþ. með 12 s. hlj. atkv., og afgreitt til forseta Nd.

Á 25. fundi Nd., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. (A 179) til 1. umr.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að leggja það til, að máli þessu verði vísað til þeirrar nefndar, er hefur til meðferðar læknaskipunarmálið, og önnur skyld mál, þá er þessari umr. er lokið.

Fleiri tóku ekki til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og síðan vísað til nefndarinnar í læknaskipunarmálinu með 15 atkv.

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 31. ágúst, kom frumv. (A 179, 437) til 2. umr.

Framsögumaður Ólafur Thorlacius (1. þm. S.-Múl.): Frumv. þetta er stjórnarfrumv., og hefur háttv. Ed. enga efnisbreyting við það gjört, nema þá eina, að öll útgjöld við sóttvarnir skuli greiða úr landssjóði, í stað þess að áður voru ætlaðar til þess 100 kr. úr hlutaðigandi sýslu- og bæjarsjóði.

Frumv. er nokkuð langt, en ekki efnisríkt að sama skapi. Breytingarnar, er það fer fram á, eru ýmist orðabreytingar eða skýringar á ýmsum atriðum í hinum núgildandi sóttvarnarlögum. Eina verulega breytingin að efninu til, gengur í þá átt, að spara landssjóði gjöld við sóttvarnir og sótthreinsun.

Sótthreinsanirnar hafa opt og einatt verið nokkuð dýrar, eins og eðlilegt er, á meðan læknar eiga að annast þær, og verða einatt að takast langar ferðir á hendur, í þeim erindum. En hjer er nú farið fram á, að ljetta þessari kvöð af læknunum, og skipa í þess stað sjerstaka sótthreinsunarmenn í hverjum hreppi.

Sóttvarnirnar hafa líka orðið dýrar, af því að heimilunum, þar sem þær fara fram, hefur ekki verið gjört að skyldu að annast þær á eigin kostnað. Þessu kippir frumv. í lag.

Annars finn jeg ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frumv., með því að það hefur fáar breytingar í sjer fólgnar frá hinum núgildandi lögum, og fyrir þeim breytingum eru færð rök í athugasemdum stjórnarráðsins.

ATKVGR.: Forsendurnar sþ. í e. h.

1. gr. frv.	samþ.	með	12	atkv.	
2.	—	—	—	12	—
3.	—	—	—	12	—
4.	—	—	—	12	—
5.	—	—	—	12	—
6.	—	—	—	11	—
7.	—	—	—	11	—
8.	—	—	—	11	—
9.	—	—	—	11	—
10.	—	—	—	12	—
11.	—	—	—	12	—
12.	—	—	—	12	—
13.	—	—	—	12	—
14.	—	—	—	12	—

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 atk.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. september kom frumv. (A 179), til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust sþ. með 15 atkv., og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

IX. Vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

A 6. fundi Ed., mánudaginn 8. júlí, kom frumvarp til laga um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar til 1. umræðu.

Ráðherrann: Í alþjóðasamningi frá 14. marz 1884 er ákveðið um, að þær þjóðir, sem undirskrifuðu þennan samning, skuldbundu sig til að gjöra

nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá lagaheimild, ef með þyrfti, til þess að samningnum yrði framfylgt í þeim atriðum, er lagaheimild þyrfti til. Meðal þess er hegningarákvæði fyrir að skemma sæsímann. Samkvæmt því hafa í Danmörku komið út lög þessa efnis, og eru hin núgildandi lög þar frá 15. febr. 1895.

Þar sem Ísland nú einnig er komið í sæsímasamband við umheiminn, virðist alveg nauðsynlegt, að lögleiða einnig hjer ákvæði þau, sem nauðsynleg eru til þess, að alþjóðasamningnum verði framfylgt hjer, og er frumv. þetta í öllum aðalatriðum samhljóða fyrnefndum dönskum lögum.

Jeg skal svo eigi fjölyrða frekar um frumv. að þessu sinni, en vona, að hin háttv. deild leyfi því fram að ganga.

ATKVGR. Frumv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 9. fundi Ed., miðvikudaginn 10. júlí, kom frumvarpið til 2. umr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg skal geta þess, að mjer þætti vel við eiga í lögum, sem samþykkt eru á þessu þingi, að miðað væri við metra, en eigi við 1/4 úr mílufjórðungi, eins og gjört er í 3. gr. frumv. þess, sem hjer liggur fyrir, og hef jeg hugsað mjer að koma með br.till. í þá átt við 3. umr.

Jeg tel það nefnilega víst, að lög um metramál verði samþykkt á þessu þingi, og yrði þá breyt.till. mín í fullu samræmi við þau, og þó lögin yrðu eigi samþykkt, þá sje jeg ekkert á móti, að hjer sje miðað við metra.

Ráðherrann: Í alþjóðasamningnum frá 14. marz 1884, sem frumv. þetta byggist á, er einmitt miðað við mílu en ekki metra, og því álít jeg ekki rjett, að víkja frá því orðalagi í vorum lögum, enda get jeg ekki betur sjeð, en að við getum vel unað við orðið míla og mílufjórðungur í þessu sambandi, fyrst Frakkar sjálfir, sem fundið hafa upp metramálið, sætta sig við það.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Eptir upplýsingum hæstv. ráðherra getur máske verið viðsjárvert, að breyta orðunum í frumv., þótt mjer að öðru leyti þætti viðkunnanlegra, að miðað væri við metra en mílur í því.

ATKVGR.

1.	gr.	frv.	samþ.	í	e.	hlj.
2.	—	—	—	-	—	—
3.	—	—	—	-	—	—
4.	—	—	—	-	—	—
5.	—	—	—	-	—	—
6.	—	—	—	-	—	—

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. um. í e. hlj.

Á 11. fundi Ed., föstudaginn 12. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgr. til forseta Nd.

Á 12. fundi Nd., miðvikudaginn 17. júlí kom frumv. (A. 78) til 1. umr.

Enginn tók til máls, og var frumv. vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Á 14. fundi Nd., fimmtudaginn 18. júlí, kom frumv. (A 78) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1.	gr.	frumv.	samþ.	í	einu	hljóði.
2.	—	—	—	-	—	—
3.	—	—	—	-	—	—
4.	—	—	—	-	—	—
5.	—	—	—	-	—	—
6.	—	—	—	-	—	—

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi Nd., mánudaginn 22. júlí, kom frumv. (A 78) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgr. til ráðherra sem lög frá alþingi.

X. Forstjórn landsímanna.

Á 6. fundi Ed., mánudaginn 8. júlí, kom frumv. til laga um forstjórn landsímanna til 1. umr.

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 9. fundi Ed., miðvikudaginn 10. júlí kom frumv. (A 65) til 2. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hygg, að það hafi farið svo fyrir fleirum en mjer, þegar þeir litu á þetta frumv. og annað frumv., sem liggur nú fyrir þinginu, nefnilega um laun skógræktarstjóra, að þeim hafi brugðið í í brún, er þeir sáu þau háu laun, sem þessum mönnum eru ætluð.

Hjer er farið fram á að skipa tvo útlendinga með miklu hærri launum en allir aðrir embættismenn landsins hafa, að undanteknum ráðherra og landritara. Að minnsta kosti eru laun þessara manna miklu hærri en laun annara embættismanna á sama stigi. Það virðist þess vegna helzt vera sú meining stjórnarinnar, að ef um útlendinga er að ræða, þá skuli þeir hafa hærri laun, en ef það eru landsins eigin synir, þá lægri. Jeg get ómögulega sjeð, að starf þessa manns sje svo vandasamt, að það sje t. d. vandasamara, en verkfræðings landsins. En hann hefur eins og kunnugt er, umsjón allra vega í landinu. Að vera símastjóri getur hver sá, er hefur almenna verkfræðingsþekkingu, ef hann að eins setur sig dálítið inn í þetta sjerstaka starf. Það er auðvitað, að mennirnir eru ætið nokkuð misjafnir, en þegar litið er á undirbúningsmenntunina, þá hefur þessi maður og þarf ekki nema almenna verkfræðingsmenntun. Hjer er líka annar maður, sem hefur alveg eins vandasama stöðu á hendi, en ekki nema 2,000 kr. laun; nefnilega forstöðumaður efnarannsóknastofunnar.

Að vísu er honum lofað dálitlu aukreitis, sem sje »prósentum« af því, sem honum er falið að rannsaka, en það er alveg undir hælinn lagt, hve miklu það nemur. En hann er Íslendingur, og því er það álitið nóg, að bjóða honum þessi laun, og hefur hann þó fengið alveg eins kostnaðarsama undirbúningsmenntun eins og hinn. En hjer má ekki láta sjer nægja með minna en 5,000 kr., og auk þess á að gjöra þetta konunglegt embætti með eptirlaunarjetti. Hvorugt þeirra embætta, er jeg nefndi til samanburðar eru konungleg embætti, en hjer á að slengja upp konunglegu embætti.

Jeg hef þess vegna leyft mjer, að koma fram með breyt.till. um að færa laun þessa manns niður, þannig, að þau sjeu jöfn verkfræðing landsins. Því að hjer er einnig að eins um verkfræðing að ræða. Að vísu hef jeg

heyrt því hreyft, að ekki sje hægt að fá þennan mann fyrir minna en 5,000 kr. árslaun. Gott og vel! Það eru fleiri til en hann, og þess mun varla langt að bíða, að Íslendingur verði skipaður í þessa stöðu. Nú sem stendur, stunda margir Íslendingar nám við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn, og mundu þeir ekki slá hendi á móti þessum starfa fyrir 3,000 kr. En ef endilega þarf útlendan mann í stöðu þessa sem stendur, þá má til bráðabirgða veita honum persónulega launaviðbót á fjárlögunum, en ekki gjöra það að föstu embætti. En að stofna þarna fast embætti um aldur og æfi með þessum launum, því get jeg ekki sjeð neina nauðsyn á. Og hef jeg þess vegna leyft mjer, að koma fram með þessa breyt.till. um, að þetta verði ekki gjört að konunglegu embætti. Jeg vona, að háttv. deild fallist á þessar breyt.till. minar, og að hæstv. ráðherra geti einnig fallizt á, að þær sjeu rjettmætar.

Ráðherrann: Launa-upphæð sú, sem hjer er um að ræða, var tiltekin á þinginu 1905, og samþykkt af báðum deildum, sem laun forstjóra landsímanna. Það var þá ekki álitið of hátt, eptir því, hvernig þess háttar embætti eru launuð í öðrum löndum. Forstjórar landsíma hafa í öllum löndum há laun, þar sem það er talið mjög áríðandi og vandasamt starf, er eigi sje hægt að hleypa þeim fyrsta þeim bezta verkfræðing í. Þegar búið var að ákveða launin á þinginu í fyrra, þá átti jeg tal við þann mann, sem nú er settur í þessa stöðu, og spurði hann, hvort hann vildi taka að sjer starfa þennan gegn þeim launum, og hygg jeg, að hann hafi innt störf sín svo vel af hendi, að efasamt sje, að hægt sje, að fá annan hæfari til þess. Það er einmitt sjerstaklega áríðandi, að vel sje stjórnað, þar sem ný símakerfi eru sett á stofn.

Forberg símastjóri hafði áður embætti í Noregi með eptirlaunarjetti og góðar framtíðarhorfur, og gat eigi sjer að skaðlausu farið frá því án þess, að fá að miunsta kosti jafngóð kjör hjer eins og þar. Hann kvaðst ekki geta tekið starfa þennan á hendur, nema því að eins, að hann gæti gjört sjer vísa von um, að fá stöðuna, sem fast konunglegt embætti, en til þess þurfti hann meðal annars, að fá innborinna manna rjett.

Jeg gat auðvitað ekki gefið honum neitt ákveðið loforð um þetta efni, en lofaði að styðja að því eptir mætti, að hann fengi ósk sína í þessu efni. Með því, að hann áleit, að jeg hefði stuðning meiri hluta þingmanna í þessu máli, þá rjeðst hann í það, að segja af sjer embættinu í Noregi.

Jeg skil ekki í því, að háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) hafi verið alvara, þegar hann sagði, að ástæðan til þess, að launin væru sett svo há, hlyti að vera sú. að það væri útlendingur, en ekki Íslendingur, sem hjer ætti hlut að máli; enda mótmælti hann því sjálfur í síðari hluta ræðu sinnar, þar sem hann sagði: »að þess mundi eigi langt að bíða, að Íslendingur kæmist í þetta embætti«.

Nú sem stendur er ekki neinn Íslendingur til, er fær sje til þessa starfa, en Forberg verður Íslendingur, er hann sezt hjer að fyrir fullt og fast, og höfum vjer eigi of marga slíka menn. Launa-upphæðin er ákveðin ekki eptir þjóðerni, heldur eptir embættisstarfinu.

Það dugir ekki að bera laun þessi saman við hin úreltu launakjör, sem sumir embættismenn hjer á landi eiga við að búa. Því það eru allt aðrir tímar nú, en þegar þau launalög voru

útgefin. Enda eru það sultarlaun, sem alls ekki er von að menn vilji una við til lengdar. Það er naumast «móðins« lengur, að öfunda embættismennina af launum þeirra.

Það eru orðnir svo margir verzlunarmenn, handverksmenn og útvegsmenn, sem hafa miklu meiri tekjur og betri kjör en embættismennirnir, sumir hverjir, að skoðunin á þessum »hálaunuðu landsómögum«, er farin að rjena. Það er erlendis ekki álitið sjerlega »demokratisk« nú á dögum, að hafa embættismennina á sultarlaunum. Og mjer er kunnugt um það, að jafnvel »socialistar« í öðrum löndum hika sjer ekki við það, að greiða átkvæði með launahækkun embættismanna. Hinn háttv. þm. K.-G. (V.G.) var þess vegna að slá hjer á strengi, sem ekki hljóma lengur eins og áður. Það var einu sinni vís vegur til lýðhylli og var mjög vinsælt, að telja sem mest eptir embættismönnum, og draga sem mest úr launum þeirra. En nú hef jeg nýlega heyrt fátækan bónda segja á þingmálafundi, að hann sjái alls ekki eptir hækkuðum launum til embættismannanna, — ef þeir að eins sjeu nýtir menn, það sjeu ekki »hálaunaðir embættismenn«, heldur »ónýtir embættismenn«, sem menn hafi á móti, og er jeg honum alveg samdóma þar. Og þar sem það er afar-nauðsynlegt, að fá vel hæfan mann til þessa starfa, þá verð jeg að álíta, að þau laun, sem hjer er farið fram á, sjeu ekki of há; í öllu falli verður ekki komizt af með minna til þess, að fá þann mann, sem hjer er um að ræða; en það er landinu til stór-hags, að fá hann; enda verð jeg að álíta, að ákvörðun þingsins 1905 á launununum, verði að álítast bindandi, gagnvart honum.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg álít embætti þetta þýðingarmikið og vandasamt, og er því öll þörf á að launa það sæmilega, svo að vjer getum átt völ á hæfum manni til þessa mikilsverða starfa, eða til þess, eins og nú á stendur, að geta haldið góðum manni. Jeg álít ekki rjett að bera laun þessa manns, forstjóra símamálefnanna, saman við laun verkfræðings landsins og það bæði af því, að laun verkfræðingsins eru *lág*, líklega óheppilega lág, og í öðru lagi er hann ekki eins bundinn við starfa sinn, allt árið um í kring, og forstjóri símamálefnanna. Af þessum ástæðum er jeg á móti fyrri hluta breyt.till., sem sje um að lækka launin.

Síðari hluta breyt.till. álít jeg rjettmætari, þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) leggur til, að embætti þetta sje ekki veitt af konungi og hafi þannig ekki eptirlaunarjett, og væri það að mínu áliti heppilegra að láta bíða, að embætti þetta fengi eptirlaunarjett, þar til laun ýmsra annara starfsmanna landsins, sjerstaklega við landssímann, hafa verið tekin til athugunar, sem að líkindum á ekki langt í land. En þar kemur aptur annað til athugunar, að þessum manni, Forberg vil jeg, að vjer höldum; hann er eflaust starfa sínum mjög vel vaxinn og hefur áunnið sjer mikið traust hjá stjórnarráðinu, og vil jeg því leyfa mjer að skjóta þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort Forberg hefur gjört það að skilyrði fyrir veru sinni hjer áfram, að hann yrði gjörður að konunglegum embættismanni. Atkv. mitt með eða móti breyt.till. er komið undir svari háttv. ráðh., því að eins og jeg hef þegar tekið fram, álít jeg, að vjer eigum ekki að sleppa þessum vel færa og ötula manni frá stjórn símamálefnanna.

Ráðherrann: Forstjóri Forberg setti það sem beint skilyrði fyrir veru sinni hjer áfram, að embætti hans fengi eptirlaunarjett. Til þess að geta fengið þetta embætti hjer, varð hann að fá innborinna rjett. En til þess að geta fengið hann, varð hann að sýna, að hann væri ekki þegn annars ríkis, og hefur því sagt embætti sínu upp í Norvegi; ef frumv. stjórnarinnar nær ekki fram að ganga, mun hann því hverfa til Norvegs aptur embættislaus: og væri það ekki falleg meðferð á góðum starfsmanni frá okkar hálfu; ekki er það svo að skilja, að Forberg muni veita örðugt, að fá starfa í Norvegi, því að betri meðmæli hef jeg ekki sjeð. en meðmæli þau, er hann hafði frá forstjóra norska ritsímans. Enda mun meining þeirra Norðmannanna hafa verið, að velja oss ekki af lakara endanum mann til að standa fyrir símalagningunni hjer, og hygg jeg, að vjer megum hrósa happi, ef vjer getum fest hann hjá oss.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm,): Eptir að jeg nú hef heyrt svar háttv. ráðh., mun jeg samkvæmt ummælum mínum áður, greiða atkv. á móti breyt.till.

ATKV.GR.:

1. Brt. (65) felld með 7 atkv. gegn 4.
2. Breyt.till., felld með 6 atkv. gegn 5.
1. gr. frv. samþ. með 7 samhlj. atkv.
2. og 3. gr., hvor um sig, samþ. með 7 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 samhlj. atkv.

Á 11. fundi Ed., föstudaginn 12. júlí kom frumv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 12. fundi Nd., þriðjudaginn 16. júlí kom frumv. (A 77) til 1. umr.

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 2.

Á 14. fundi Nd., fimmtudaginn 18. júlí kom frv. (A 77, 96, 102) til 2. umr.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Breyt.till. okkar á þskj. 96 er fljótskýrð. Við viljum í fyllsta máta kannast við frábæran dugnað og hæfileika þess manns, sem nú hefur á hendi forstjórn landsímanna, og viljum ekki fyrir neinn mun missa hann, allra sízt nú, þegar búast má við nýjum símalagningum, í stórum stýl. En ef hann fær ekki þau laun, sem jafnast við það, sem hann getur fengið í sínu landi, þá fer hann.

En á hinn bóginn vildum við ekki fara að skapa nýtt konunglegt embætti með svo háum launum. Þessi maður getur, er minnst varir, dáið, eða sagt af sjer, og eptir hann komið annar, er við teljum þarflaust að greiða svo há laun.

Þetta þarf ekki að skýra frekara, og hjer er svo um búið, að núverandi forstjóri heldur eptirlaunarjetti af launaviðbótinni. Við þessa brtill. er komin fram önnur brtill. (þskj. 102). Hún fer enn lægra í föstum launum, en hærra í hinni persónulegu viðbót. Það stendur í sjálfu sjer á litlu, hvor till. er samþ., en jeg mæli þó með þeirri, sem jeg er flytjandi að; enda eigi um of, að ætla jafn ábyrgðarmiklu embætti og símastjórastöðunni 3,500 kr. árslaun.

Ráðherrann: Þessar breyt.till., sem fram eru komnar, fara ekki fram á neina breytingu á útgjöldum þeim, sem upphaflega var gjört ráð fyrir. Jeg er háttv. tillögumönnum þakklátur fyrir það, að þeir hafa ekki farið fram á, að færa þau niður, heldur viljað

halda manninum, sem hjer er um að ræða, eins og háttv. þm. Borgf. tók fram. Þessi maður hefur fyrst og fremst í öllum undirbúningi við símalagningarnar og síðan í forstjórastöðunni reynzt jafnvel betur, en nokkur gat búizt við, og mundi jeg álíta það mikið tjón, ef við yrðum að missa hann.

En jeg hygg og, að embætti þetta sje undir öllum kringumstæðum svo vandasamt og ábyrgðarmikið, að ef vjer yrðum svo óheppnir, að missa hann á einhvern hátt frá því, þá yrði að fá til þess annan sjerfróðan, duglegan og æfðan mann, en ekki gleypa við þeim fyrsta, sem vildi taka það að sjer fyrir 3,000 kr. Verkið er mikið, og undir því verður mikið komið, bæði að því, er snertir not almennings af símunum, og beinar tekjur landssjóðs. Þess vegna álít jeg það ekki rjett, að setja það í lög, að þessi staða skuli ekki hærra metin, en sæmileg faktorsstaða, og þótt til sjeu hjer mikilsverð embætti, sem ekki eru mikið hærra launuð, t. d. yfirdómaraembættið með 3500 kr. launum, þá álít jeg slíkt alls ekki eptirbreytnisvert. Þau launakjör ná engri átt, þegar allar nauðsynjar eru að verða dýrari dag frá degi, en peningar falla í verði. Það mun sannast, að bráðum verður sú stefna ofan á, að álíta það ekki neitt frjálslyndismerki, að vera sífellt að klípa af launum embættismanna, kalla þá »hálaunaða landsómaga« o. s. frv., þó þeir varla hafi í sig og á fyrir störf, er þeir naumast anna. Það mun miklu fremur verða álitið jafnrjettislegt og »demokratiskt«, að vjer reynum að láta þá, eins og aðra, lifa við þau kjör, að þeir geti verið sjálfbjarga menn.

Menn þurfa að gjöra sjer ljóst, þá er þeir hugsa um fjármál landsins, að hvernig sem fer um flokkaskipan og stjórn hjer á landi framvegis, þá rekur bráðum að því, að það þarf að hækka laun embættismanna. Og þegar þess er gætt, að núverandi laun ýmsra embætta eru ósanngjarnlega lág, þá tjáir ekki að miða við þau, þegar ákveðin eru laun fyrir ný embætti. Það er miklu hreinskilnislegra, að segja strax hvað við á eptir núverandi gildi peninga og kringumstæðum þeim, sem embættismenn verða við að búa, heldur en að fara í kring um málefnið, með persónulegum launaviðbótum. Því álít jeg miklu rjettara, að ákveða þessi embættislaun 5,000 kr., eins og í stjórnarfrumv. er gjört, heldur en að setja launin 3,500 kr., og jafnframt ákveða í sömu lögunum, að auk þess skuli núverandi forstjóri hafa 1,500 kr. árlega í launaviðbót. Þó kýs jeg heldur þá krókaleið, en að frumv. sje fellt. Aptur á móti þarf ekki að setja í þessi lög ákvæði um, að eptirlaun skuli greidd af launaviðbótinni, því það er beint ákveðið í eptirlaunalögunum, að persónulegar launaviðbætur skuli einnig teljast til eptirlauna, og má því í öllu falli fella þann hluta tillögunnar.

Jeg vildi helzt óska, að hin háttv. deild sæi sjer fært að samþ. frumv. óbreytt, eins og það kom frá stjórnarráðinu, án þess að gjöra neina krókalykkju á leið sína.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg held, að hjer sje deilt um lítið. Hygg, að Forberg megi standa á sama hvernig fjeð er greitt, og líka landssjóði, hvort hann greiðir það í einum lið, eða fleirum. En mjer datt í hug, að vekja máls á einu atriði. Jeg vona að það fari svo um þetta embætti, eins og önnur, að þótt ekki skipi það Íslendingur í fyrstu, þá verði það þó síðar. Ef þessi breyt.till. gengur fram, þá verður það afleiðingin, að svo lengi sem Forberg hefur þetta

embætti, þá fær hann 5,000 kr. laun, og skal jeg ekki finna að því, því að verkið er vandasamt. En þegar hans missir við, þá getur komið til mála, að vjer fáum Íslending í sæti hans, og Íslendingurinn fengi þá ekki nema 3,500 kr. fyrir sama verk, og þá kemur að þessum »praktiska« íslenzka hugsunarhætti, sem löngum er ofarlega í mörgum mönnum, að dekra meira við útlendinginn, en innlendinginn. Þessu vildi jeg skjóta til h. þm. Borgf.

Annars get jeg verið með hvorri till. sem vera skal, því að enn er ekki sá tími kominn, að taka þurfi afstöðu til þessa máls.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg hefi litlu við að bæta út af því, sem hæstv. ráðh. og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tóku fram um þessa breyt.-till. okkar. Það, sem vakti fyrir okkur flutningsmönnum með því að setja þessa upphæð, var það að fara ekki fram úr þeim launum, sem aðrir embættismenn hafa í vandasömum embættum, svo sem t. d. sýslumenn, yfirdómarar o. fl.

Það verða stöðugt breytingar á lífskjörunum og kröfurnar vaxa og peningar falla í verði, svo að yfirleitt þarf að hækka launin á öllum svæðum og verður þá þetta embætti auðvitað sömu kjörum háð sem önnur.

Að það lýsi vantrausti á Íslendingum að fá útlendan mann í þennan starfa nú í fyrsta sinn, nær ekki nokkurri átt, þar sem alls ekki var um annað að gjöra.

Ráðherrann: Háttv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) játaði, að hann skoðaði það mikilsvert og nauðsynlegt, að fá góðan mann í þessa stöðu og gjörði ráð fyrir, að ef hún losnaði snögglega og þessi laun, sem hjer er verið að stinga upp á, ekki reyndust nægileg til þess, að fá hæfan mann í embættið, þá væri hægurinn hjá að leita til þingsins, og gæti það þá hlaupið undir bagga, með því að hækka launin. En jeg get ekki verið samdóma háttv. þm. í þessu. Embættið getur losnað, þegar þing er nýafstaðið, og hlyti þá að líða langur tími, ef til vill allt að tveim árum, er engin heimild væri til að bjóða betri kjör en þau lágu laun, sem háttv. n. vill setja sem venjulega borgun fyrir þetta starf. Jeg get ekki hugsað mjer neinn hjerlendan mann nú í svipinn, sem væri fær um að taka þetta embætti að sjer sem stendur, og ef þessi starfi losnaði nú, mundi því vera nauðsynlegt, að leita til útlanda aptur, til þess að fá hæfan mann; ef nú ekki fengist neinn erlendur sjerfræðingur í þessari grein, sem hefði þá eiginleika til að bera, að honum væri trúandi fyrir eins áríðandi og vandasömu embætti eins og forstjórastaðan er, vegna þess að launakjörin þættu ekki viðunandi, þá gæti þessi breyting, sem nefndin stingur upp á, haft það í för með sjer, að stjórnin neyddist til þess að ráða mann, sem í raun og veru ekki væri stöðunni vaxinn, og af því gæti orðið tjón eða óhagræði. Jeg er því þeirrar skoðunar, að heppilegra sje, að setja laun þessa embættis frá upphafi sæmileg, nokkurnveginn eins og embættinu hæfir.

Jeg vil alls ekki væna háttv. flutningsm. till. þess, að hún sje sprottin af því, að þeir vilji ætla Íslendingum lægri laun síðar fyrir þenna starfa, en útlendingum álítast boðleg. Það sem hefur vakað fyrir þeim, er víst að eins þetta, að þeir vilja ekki fastákveða þessu embætti hærri laun, en sum hinna hærri embætta hafa nú. En jeg álít, að sá mælikvarði, sem miðað var við, þegar núgildandi launalög voru

sett, eigi nú ekki lengur við og að launaupphæðir sumra embættanna sjeu nú orðnar svo ófullnægjandi, að við þær sje ekkert miðandi. Í þessu hygg jeg ágreiningurinn sje fólginn.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það var rjett til getið hjá hæstv. ráðh., að vjer flutningsmenn breyt.till. viljum ekki taka þetta embætti eitt út úr, og launa það tiltölulega hærra en önnur embætti landsins.

Hæstv. ráðh. tók það fram, að óhjákvæmilegt mundi vera, að hækka laun embættismanna yfirleitt nú innan skamms. Ut af þessu vildi jeg mega spyrja, hvort prestarnir mega þá ekki einnig eiga von á launahækkun, því að eins og flestir munu játa, eru þeir fjarri því að vera í tölu hálaunaðra embættismanna.

Það er skoðun vor flutningsmanna. að það sje óheppilegt og geti dregið slæman dilk á eptir sjer, ef farið er að ákveða geysihá laun handa þessu embætti einu út af fyrir sig, og enn hefur ekkert komið fram í umræðunum í dag, sem breyti þessari skoðun minni.

Jeg vona, að vjer fáum að njóta lengi hins ötulu forstjóra símanna, svo að ekki komi til þess, sem hæstv. ráðh. bar kvíðboga fyrir, að vandræði kynnu að stafa af breyt.till. vorri, ef skipa þyrfti nýjan mann í embættið með eigi hærri launum en 3,500 kr. Jeg met meira það, að laun embættis þessa sjeu í samræmi við laun annara embætta, en ótta hæstv. ráðh. Jeg er þess fullviss, að fjöldi manna muni verða óánægður yfir því, ef þetta embætti er tekið eitt út úr, og sett svona hálaunað.

Það er þegar búið að tala svo um þetta mál, að jeg sje ekki ástæðu til, að fjölyrða meira um það. Að eins vil jeg biðja hæstv. forseta að haga atkvæðagr. þannig, að greitt sje sjerstaklega atkvæði um fyrri hluta viðaukatillögunnar aptur að síðustu málsgrein.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 102, 1. liður felldur með 16 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Hermann Jónasson,	Björn Bjarnarson,
Magnús Andrjess.,	Eggert Pálsson,
Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundss.,
Skúli Thóroddsen,	Guðm. Björnsson,
St. Stefánss., Skagf.	Hannes Hafstein,
	Hannes Þorsteinss.,
	Jóhannes Ólafsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Thorlacíus,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stefánsson, Eyf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Var þá 2. liður breyt.till. á þgskj. 102 og talinn fallinn.

1. brtill. á þgskj. 96 sþ. með 22 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 96 aptur að síðustu málsgr. samþ. með 18 atkv.gegn 2.

Síðasta málsgr. töluliðsins tekin aptur.

1. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 18 atkv.

2. gr. samþ. með 18 atkv.

3. gr. samþ. með 18 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Á 17. fundi Nd. mánudaginn 22. júlí kom frumv. (A. 104) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 16 s.hlj. atkv. og endursent forseta Ed.

Á 22. fundi Ed., föstudaginn 26. júlí kom frumv. (A. 130) til einnar umr.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Frumv. þetta hefur breyzt síðan það fór hjeðan úr deildinni, og álít jeg ekki,

að það hafi verið til bóta. Jeg álít ekki gott, að skipta sundur launanum eins og hjer er gjört. Ef síðari tillaga háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hefði verið samþ. af háttv. Nd., þá álít jeg, að það hefði verið til bóta, en að skipta laununum, get jeg ekki sjeð að sje til bóta. Jeg tel jafnvel, að hjer hafi komið fram dálítil tilhneiging til þess, sem háttv. 2 þm. G.-K. (V. G.) vítti stjórnina fyrir við umr. um þetta mál hjer í deildinni, nefnil. að vilja veita útlendum mönnum meiri laun en innlendum. En þó jeg hafi þetta að frumv. að finna, þá mun jeg samt greiða atkv. með því óbreyttu, til þess að það þurfi ekki að valda deilum milli deildanna. Aðalatriðið er, að við fáum að halda þessum manni, sem er svo vel hæfur til að gegna þessu embætti, því óvíst er, ef við misstum hann, að annar jafngóður fengist í skarðið. Jeg mun þess vegna greiða atkv. með frumv. óbreyttu, eins og það kom frá Nd.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.) Jeg skal ekki ræða mikið um mál þetta að þessu sinni, en jeg vildi að eins lýsa því yfir, að eptir mínu áliti hefur frumv. tekið bótum hjá hv. Nd., og liggja bæturnar í því, að forstjórn landssímanna er ekki slegið föstu sem 5,000 kr. embætti. Nd. hefur þó gengið heldur skammt í umbótunum, því að betra hefði verið, að hin persónulega launaviðbót hefði ekki verið nema 1,000 kr., og er jeg sannfærður um, að hinn núverandi forstjóri landsímanna hefði tekið embættið að sjer með þeim launum, því að ekki mun hann hafa haft svo há laun í Norvegi. Eptir atkvgr. hjer áður í deildinni um frumv. þetta, þóttist jeg fullviss um það, að ekki væri til neins að koma með breyt.till. við frv. um það. að færa launin niður, og læt jeg því frumv. ganga afskiptalaust hjer í gegn, en ekki er það svo að skilja, að jeg sje ánægður með það, því að jeg álít launin óhæfilega há. Í svipinn höfum vjer ekki völ á neinum Íslendingi, sem sje fær um að taka þennan starfa að sjer, en jeg efast ekki um, að oss gefist kostur á honum áður en langt um líður, og er jeg viss um, að hann muni fúslega taka við embætti þessu fyrir 3,500 kr.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 8 samhljóða atkvæðum og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XI. Breyting á bæjarstjórnarlögum Ísafjarðarkaupstaðar.

Á 6. fundi Ed., mánudaginn 8. júlí, kom frumv. til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað til 1. umr.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Eins og tekið er fram í athugasemdunum við frumv. þetta, er það komið fram samkvæmt ósk bæjarfógetans í Ísafjarðarkaupstað, og vona jeg, að hin háttv. deild taki því vel og lofi því að ganga lögskipaðan gang gegn um deildina.

Jeg sje eigi ástæðu til að stinga upp á nefnd í þetta frumv., en vildi að eins leyfa mjer að geta þess, að jeg mun koma fram með örlitla breyt.-

till. við 2. umr., við 1. gr. frv. Eins og tekið er fram í athugasemdunum, fer frumv. fram á, að rýmka nokkuð vald bæjarstjórnarinnar gagnvart byggingar- og hafnarnefnd kaupstaðarins, En 1. gr. er ekki að öllu leyti samkvæm 2. gr. laga 13. sept. 1901 fyrir Reykjavíkurkaupstað. Jeg vildi, að það kæmi glöggt fram í þessu frumv., eins og í samskonar lögum fyrir Reykjavík, 13. sept. 1901, að bæjarstjórnin hafi sama vald yfir þessum málum sem öðrum bæjarmálum. Af þessari ástæðu mun jeg, sem sagt, leyfa mjer að kom fram með þá brt. við 1. gr., að hún verði samkvæm 2. gr. nefndra laga fyrir Rvík. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um frv. að þessu sinni, en vona, að hin háttv. deild hafi ekki neitt á móti því.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 9. fundi Ed., miðvikudaginn, 10. júlí, kom frv. (A 60) til 2. umr.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg mundi koma með breyt.till. þá, sem hjer liggur fyrir á þgskj. 60, til að koma ákvæðum frv. þessa í samræmi við 2. gr. laga 13. sept. 1901, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík. Jeg vil, að það komi greinilega fram í lögunum, að bæjarstjórnin hafi jafnmikil ráð yfir byggingar- og hafnarmálum kaupstaðarins sem öðrum málum hans. Það gæti hugsazt, að byggingarnefnd eða hafnarnefnd ályktaði eitthvað það, er bæjarstjórnin í heild sinni væri ekki samþykk, og þá vil jeg að það sje tvímælalaust, að meirihlutaályktun bæjarstjórnarinnar sje það, sem úrslitum ræður.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 60 við 1. gr. samþ. í einu hljóði.

1. gr. með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

2. grein samþ. með 11 atkv.

3. — — — — —

4. — — — — —

5. — — — — —

6. — — — — —

7. — — — — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 11. fundi Ed., föstudaginn 12. júlí, kom frumv. (A 68) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþykkt með öllum atkv. og afgreitt til Nd.

Á 12. fundi Nd., þriðjudaginn 16. júlí, kom frumv. (A 79) til 1. umr.

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 15. fundi Nd., föstudaginn 19. júlí kom frumv. (A 79) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. sþ. með 24 atkv.

2. — — í e. hlj.

3. — — - - —

4. — — - - —

5. — — - - —

6. — — - - —

7. — — - - —

Fyrirsögn sþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi Nd., mánudaginn 22. júlí kom frumv. (A 79) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XII. Breyting á lagaskólalögunum.

A 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um breyting á lögum 4. marz 1904, um stofnun lagaskóla, til 1. umr.

Ráðherrann: Á síðasta þingi var veitt fje til þess að styrkja mann til utanfarar í þeim erindum, að búa sig undir að veita forstöðu hinum fyrirhugaða lagaskóla. Var styrkurinn síðan veittur Lárusi sýslumanni Bjarnasyni, og hefur hann dvalið erlendis síðastliðinn vetur í þessu skyni. Eptir atvikum ætti skólinn að geta tekið til starfa haustið 1908.

Nú hefur stjórnarráðinu borizt erindi frá hinum væntanlega forstöðumanni skólans þess efnis, að hann eptir vandlega íhugun sje kominn að þeirri niðurstöðu, að skólinn muni ekki getað komið að tilætluðum notum með því fyrirkomulagi, er honum er ætlað samkvæmt lögunum frá þinginu 1903. Gjörir hann fyrir því ljósa grein, og mun álitsskjal hans verða fengið í hendur nefnd þeirri, er væntanlega verður skipuð í málið. Hann sýnir fram á, að taka yrði ýmsar námsgreinar frá rótum og rita nýja kennslubók í hverri þeirra um sig; sje það ofætlun einum manni, og hins vegar ekki við því að búast, að tímakennarar geti innt slíkt verk af hendi svo fullnægjandi sje. Telur hann því nauðsynlegt, að auk forstöðumanns sjeu við skólann tveir aukakennarar, annar með 2,800 kr., hinn með 2,400 kr. launum.

Stjórnarráðið hefur orðið að fallast á skoðanir hans í aðalatriðunum, og telur nauðsyn á, að breyta lögunum frá 4. marz 1904, einkum að því er snertir ákvæðið um, að dómarar við landsyfirrjettinn skuli hafa á hendi tímakennslu við skólann. Enda má það slempilukka heita, ef svo vill til, að sami maðurinn sje vel fallinn til að vera kennari og rithöfundur í lögfræði, þótt hann sje dugandi dómari. Aptur á móti hefur stjórnarráðið ekki sjeð sjer fært að fara jafn langt í breytingunum og lagt er til í áðurgreindu erindi, heldur hefur það viljað taka eins grunnt í árinni og framast er unnt.

Það minnsta, sem álitið verður að komast megi af með, er eitt kennaraembætti fyrir utan forstöðumannsembættið. Virðist það mega nægja fyrst í stað, meðan reynsla fæst. Síðar er allt af tími til, ef reynslan sýnir þess þörf, að taka lögin aptur fyrir og bæta við nýrri kennarastöðu.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessu máli vel; það hefur lengi verið á dagskrá og mörgum áhugamál, að koma á innlendri lagakennslu. Óþarfi virðist að taka það fram, hversu mikilvægt atriði það er fyrir þjóðlegan vöxt og viðgang landsins, að tryggja sjer íslenzkan skilning á lögunum. Vona jeg, að enginn láti sjer þennan litla kostnaðarauka í augum vaxa.

Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 3.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Till. var sþ. með 15 atkv.

Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þm. og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf., Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Ólafur Thorlacíus, Magnús Andrjesson, Árni Jónsson.

Kjörnir voru í nefndina með hlutfallskosningu:

Jón Magnússon,
Lárus Bjarnason,
Skúli Thoroddsen.

Í nefndinni var Lárus Bjarnason kosinn formaður og Jón Magnússon skrifari og framsm.

Á 14. fundi Nd., fimmtudaginn 18. júlí, kom frumv. (A 87) til 2. umr.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.); Þegar í upphafi, er nefndin tók frv. þetta fyrir, skildust vegir og leit út fyrir, að nefndin mundin klofna í þrennt: einn vildi alls ekki sinna frumv. neinu, annar vildi helzt fallast á frumv. stjórnarinnar, en þriðji vildi fara nokkru lengra; að lokum gátu 2 komið sjer saman og orðið sammála.

Árið 1903 bar jeg fram frumv. um stofnun lagaskóla; voru skólanum ætlaðir 2 fastir kennarar: forstöðumaður með 4,000 kr. launum og fastur kennari með 3,000 kr. í laun. Þessu frumv. var vísað til menntamálanefndarinnar, sem breytti því svo, að ekki skyldi vera nema einn fastur kennari við skólann, en yfirdómararnir við landsyfirrjettinn hafa á hendi tímakennslu við hann. Svo að segja allir lögfræðingar á þingi sögðu þá þegar þetta fyrirkomulag með öllu óhafandi; þeim kom saman um, að óhugsandi væri, að koma á stofn almennilegum lagaskóla með þeim kennslukröptum, sem menntamálanefndin ætlaði honum. Hæstv. ráðherra, sem þá átti sæti í menntamálanefndinni, gat ekki orðið samferða henni í þessu máli, og skrifaði undir með fyrirvara; hann hjelt þá fram því, að kennslukraptarnir væru ófullnægjandi. Háttv. þm. Snæf. (L. H. Bjarnason) lýsti því sama yfir í deildinni. Sjálfur hjelt jeg því fram, að ekki væri hægt, að halda skólann til frambúðar með 1 föstum kennara, og að óheppilegt væri, að ætla yfirdómurunum kennslu við hann. Einkum tók einn háttv. þm. afdráttarlaust skarið af í þessu máli. Það var Guðl. Guðmundsson. Hann sagði, að hjer væri verið að samþykkja nafn, en ekki skóla, sem komið gæti að nokkru haldi. Til þess, að sjeð væri nokkurn veginn fyrir skólanum, hefði þurft að bæta einum kennara við, í stað þess, að taka hann frá. Að eins einn lögfræðingur, háttv. þm. Dalam. (Bj. B.), lýsti því yfir, að hann væri ánægður með skólann í þessu formi, og áleit, að komast mætti af með þessa kennslukrapta, sem kennslumálanefndin gjörði ráð fyrir, og ofan á varð í frumv. þá. Þótt nú flestallir lögfræðingar þingsins liti þannig á málið 1903, kaus bæði jeg og aðrir, að frumv. væri samþykkt þannig, heldur en það yrði fellt. Oss þótti mikilsvert, að fá viðurkennt af þinginu, að hjer ætti að vera lagaskóli.

Mjer kom það því ekki á óvart, að væntanlegum forstöðumanni skólans (L. H. B.) þóttu kennslukraptarnir of litlir. Því hafði jeg allt af búizt við. Það er erfitt að byrja skóla, sem þennan, ekki sízt, þegar akurinn er óruddur, og þarf ekki að búazt við, að aðrir en fastir menn taki það erfiði að sjer. Mjer virðist ekki ástæða til þess, að fara mörgum orðum um þetta; þeir, sem vita það, hve mikið þarf til þess, að byrja íslenzka lagakennslu frá rótum, munu skilja, að ekki sje of mikið heimtað, þótt settir væru þrír fastir kennarar. Nú er ekki svo langt farið, hvorki í frv. stjórnarinnar, nje tillögum meiri hluta nefndarinnar, og minni kennslukrapta sje jeg ekki að hægt sje að komast af með, en farið er fram á í frumv., og tillögum meiri hluta nefndarinnar. Á þinginu 1903 sýndi jeg fram á, hve óheppilegt væri, að fela

yfirdómurunum kennslu við skólann, og ætla jeg ekki, að fara frekar út í það nú. Jeg býst við því, að formaður nefndarinnar (L. H. B.) gjöri ýtarlegar grein fyrir þörfinni á aukning kennslukraptanna.

Að endingu vil jeg taka það fram, að allir, sem bera lagaskólann fyrir brjósti og vilja honum vel, hljóta að vera með frumv., og tillögum meiri hluta nefndarinnar, en hinir, sem á móti frumv. greiða atkvæði, hljóta að óska þess, að hjer á landi komist ekki lagaskóli á fót.

Jeg vona, að lagaskólinn komist á stofn, en það getur ekki orðið með neinu lagi, nema þingið vilji auka kennslukraptana að mun frá því, sem nú er tiltekið í lögunum.

Skúli Thoroddsen (þingm. N.-Ísf.): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hef jeg ekki getað orðið hinum háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um það, að þörf sje á þessu frumv. Þau lög, sem hjer farið er fram á að sje breytt, eru alveg ný, og ekki komin til framkvæmdar, og mjer þykir því varúðarvert, að breyta þessum lögum fyr en sjeð er, hvernig þau gefast; það er reynslan ein, sem á að skera úr því, hvort ákvæði þeirra eru hagfelld eða ekki.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) gat þess, að sá maður, sem á að verða forstöðumaður við þennan skóla, hefði rekið sig á það, að kennslukraptarnir mundu reynast ónógir; en jeg get ekki sjeð, að hann gefi neitt um það dæmt, á meðan skólinn er eigi tekinn til starfa. Í lögunum frá 4. marz 1904 er gjört ráð fyrir einum föstum kennara með 4,000 kr. launum, og 500 kr. eru ætlaðar hvorum af landsyfirrjettardómurunum, auk þess er 2,500 krónur eru ætlaðar til timakennara; þetta er samtals 7,500 kr. En nú vill hinn hv. meiri hluti nefndarinnar auka við þessi útgjöld 1,100 kr., eða með öðrum orðum færa kennslukostnaðinn upp í 8600 kr. Þessi aukning er að vísu ekki mjög há upphæð, ef um brýna þörf væri að ræða; en þar sem fjárhagur landsins er ekki glæsilegri, en hann nú er, þá virðist mjer þó full ástæða til þess, að halda sparlega á, þar sem eigi er um óhjákvæmileg eða nauðsynleg útgjöld að ræða; og að því er til aukinna fjárveitinga til lagaskóians kemur, fer því svo fjarri, að um þörf sje að ræða, að það mundi þvert á móti verða skólanum til hnekkis, að samþykkja tillögur meiri hluta nefndarinnar, þar sem núverandi landsyfirrjettardómarar eru ófáað allra manna færastir til þess, að takast kennsluna á hendur; þeir eru reyndir og rosknir menn, er sakir stöðu sinnar hafa haft sjerstaka hvöt til þess, að kynna sjer íslenzka löggjöf, og að taka í stað þeirra unga lögfræðinga. sem nýlega hafa lokið prófi við Kaupmannahafnarháskóla, sem ekki hafa numið íslenzk lög, væri því að svipta skólann þeim beztu kennslukröptum, sem völ er á hjer á landi.

Háttv. þingm. Vestm. (J. M.) lagði mikla áherzlu á það, að íslenzka löggjöfin væri »óruddur akur«, og er mikið hæft í því. En mundi þá ekki heppilegra, að setja æfða lögfræðinga, sem eru vel að sjer í íslenzkum lögum, til þess að ryðja þennan »órudda akur«, en að fela það starf óæfðum mönnum, sem yrðu að nema árum saman, áður en þeir kæmust á sama þekkingarstig, sem yfirdómararnir eru nú á?

Þá talaði sami háttv. þm. um það, að semja yrði íslenzkar kennslubækur handa lagaskólanum, og skal jeg sízt

neita því, að það væri æskilegt. En er ekki líklegt, að svipuð yrði raunin á því fyrst um sinn, eins og við aðrar æðri menntastofnanir vorar, og við hinn almenna menntaskóla? En þessu er handhægt að slá fram, til þess að fá fje úr landssjóði, eins og stundum hefur gjört verið að því er ný-nefndar menntastofnanir snertir, þótt árangurinn af fjárveitingum í því skyni hafi því miður orðið lítill.

Breytingartillaga meiri hluta nefndarinnar fer því fram á 1,100 króna árleg útgjöld, sem svo langt er frá að geti gjört nokkurt gagn, að fjárveitingin mundi þvert á móti verða lagaskólanum til mikils ógagns, og væri það illa farið, þar sem oss ætti þó öllum að vera annt um, að hlynna sem bezt að þessari nýju stofnun.

Jeg skal loks leyfa mjer að benda á, að með lögunum 4. marz 1904 er yfirdómurunum veittur rjettur til að taka að sjer kennslustörfin. Hvers vegna vill þingið nú svipta þá þessum rjetti? Þeir hafa að öllum líkindum gjört sjer vísar vonir um þessa aukningu á tekjum sínum, og byggt á því einhverjar ráðstafanir.

Að lokum skal jeg geta þess, að jeg vil ekki láta þess ógetið, að mjer þykir það mjög óviðfeldið, að þetta frumv. er sprottið frá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), manni, sem persónulega hefur átt í deilum við yfirdómarana, og virðist það gefa tilefni til þess, að gætt sje allrar varfærni í þessu máli.

Jeg finn svo ekki ástæðu til þess, að fara fleiri orðum um frumv. þetta að sinni, en vil ráða háttv. deild til að fella það, þar sem jeg álít, að það yrði miklu fremur til skaða en bóta, ef það næði fram að ganga.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.). Eins og allir vita er lagaskólinn ekkert nýmæli, hvorki hjá þjóð né þingi. Hann kom fyrst fram á þingi 1845; raunar ekki með sama nafni og nú; skólinn var þá nefndur þjóðskóli, en eitt af aðalstörfum þjóðskólans átti að vera lagakennsla. Frá 1845—1855 var málinu ekki hreyft á þingi, en úr því var það á dagskrá hvers þings, þangað til 1887. Þá lá það niðri um hríð, en var tekið upp aptur á þingunum 1893—1897, lá svo aptur niðri þangað til 1903. Þá var frumv. um stofnun lagaskóla borið upp í seinasta sinn, enda þá samþykkt og síðar staðfest af konungi, sem lög frá 4. marz 1904.

Þessi látlausa, 50 ára krafa er næg sönnun fyrir því, að þjóðinni hefur þótt stofnun lagaskólans brýn nauðsyn, enda innan handar að sýna fram á, að svo er.

Íslenzk löggjöf er nú nær 1000 ára gömul. Hún stendur að miklu leyti á íslenzkum grundvelli, að nokkru leyti á norskum, en kemur miklu síður við dönsk lög, og ekki fyr en nokkru eptir að einveldið komst á.

Við Kaupmannahafnar háskóla er ekkert kennt í *íslenzkum* lögum eða því sem næst, það vitum við allir, sem þar höfum lesið lög. — Það fer tæplega fram úr einum 10 blaðsíðum að öllu samantöldu.

Mjer vitanlega hefur ekkert, eða því sem næst ekkert verið vísindalega rannsakað í löggjöf Íslands, nema hvað Vilhjálmur heitinn Finsen hefur samið handrit, eða kannske öllu heldur uppkast til rjettarsögu landsins. Jeg hafði í vetur tækifæri til að kynna mjer rit Finsens, og fannst mjer því ábótavant um margt, enda hafði Finsen sjálfur mælt svo fyrir, að ekki mætti prenta það.

Það er ekki til neitt sjálfstætt kerfi (kodifikation) af nokkrum lagabálkvorum nema hegningarlögunum, og þau mega heita aldönsk.

Það er ekkert áreiðanlegt lagasafn til á undan Stjórnartíðindunum, og það eru mjer vitanlega engir fulllærðir sjerfræðingar til. Að vísu hafa 2 ísl. lögfræðingar, lagt stund á ísl. lögfræði síðastliðið ár í því skyni að komast að lagaskólanum, en þeir kannast vafalaust báðir við það, að þeir sjeu ekki svo lærðir, að hlaða megi á þá svo miklum kennslustörfum, að enginn eða lítill tími verði til frekari rannsókna.

Kennslugreinarnar við lagaskólann hljóta að minnsta kosti að verða 6: 1. og 2. borgararjettur, landsrjettur, rjettarfar, hegningarrjettur og rjettarsaga, og þessutan væri æskilegt, að kennt yrði eitthvað lítilsháttar í rjettarheimspeki og rómarjetti jafnframt hinum námsgreinunum. Af þessum sex greinum eru nokkrar íslenzkar, og flestar hinna íslenzkar að meiru eða minna leyti. Rjettarsagan og landsrjetturinn eru alíslenzk og 2. bogararjettur að nokkru leyti.

Það er því augljóst, að hjer útheimtist í flestum greinum alveg ný rannsókn. En auk þess þurfa kennararnir að búa til nýjar kennslubækur. Það er öldungis vanskoðað, að hjer sje sama máli að gegna, að því er snertir kennslubækur og á prestaskólanum og læknaskólanum. Eins og jeg gat um á þinginu 1903, er sá stóri munur á guðfræði og læknisfærði annarsvegar og lögfræði hins vegar, að hinar fyrnefndu fræðigreinar eru alls ekki til sem sjerstaklega íslenzkar, en lögfræðin er þar á móti að miklu leyti alíslenzk. Hjer má því engar ályktanir draga af því, þó það kunni að hafa verið mögulegt, að notast við útlendar kennslubækur á læknaskólanum og prestaskólanum; það yrði ómögulegt á lagaskólanum.

Auk vísindalegrar rannsóknar og samningar á kennslubókum, þurfa lagaskólakennararnir, eins og aðrir kennarar, að búa sig undir hina daglegu kennslu og kenna margar stundir á dag bæði munnlega og verklega.

Þetta er að minni hyggju svo afarmikið starf, að engin líkindi eru til þess, að það fari viðunanlegu úr hendi, ef kennararnir verða færri en *þrír*, og þrír duga því að eins, að þeir geti gefið sig óskipta að skólanum. Starfið heimtar lífskrapta þeirra óskerta.

Hæstv. ráðherra gat þess á dögunum, að það mætti sætta sig við þetta, sem farið er fram á í stjórnarfrumv., í bráðina, en mjer finnst það einmitt lakast í bráðina, það væri þó nær seinna, þegar búið er að brjóta ísinn og undirbúa allt. Fyrsta brekkan er jafnan erfiðust. Aptur á móti ljettir undan fæti þegar komið er upp á háheiðina.

Að ætla yfirdómurunum kennslustarfið er að minni hyggju alveg ómögulegt, bæði af því að þeir hafa annað starf á hendi, og svo af því að það er sitt hvað, að vera nokkurnveginn viðunanlegur dómari og að vera nýtur vísindamaður og kennari. Athugasemdir hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), um að rjetti yfirdómaranna væri misboðið, ef breytt er lögunum frá 1904, nær engri átt. *Núverandi* yfirdómarar hafa hvorki nokkurn rjett eða nokkra skyldu til að kenna við skólann. Lögin ætlast beinlínis til, að þeir komi þar ekki nærri. Því endar 1. gr. laganna svo: »Fyrst um sinn þangað til yfirdómaraembættin losna, má verja allt að 2,500 kr. til aukakennslu«. Mjer er líka kunnugt um, þó jeg hafi ekki spurt yfirdómarana að því sjálfur, að þeir vilja ekki takast starfa þennan á hendur. Jeg hefi þeðið einn hv. þm., sem

nú er viðstaddur hjer í deildinni, að spyrja fyrri yfirdómara að þessu, og hann hafði sagt, að hann hvorki vildi það nje gæti, og hinn yfirdómarinn kvað áður hafa talað í líka átt. Núverandi yfirdómarar eru menn við aldur, og að líkindum ekki jafnvel lagaðir til að setja sig inn í »Systematik« og ungir menn og efnilegir. Það er svo laust við það, að mjer væri óljúft að vinna með núverandi yfirdómurum við skólann, að mjer væri það miklu fremur gleðiefni en hitt, að hafa þá sem undirkennara, ef jeg áliti þá færa til þess.

Stjórnin barði lengst af við fjeskorti móti stofnun lagaskóla. Því stakk þingið stundum upp á yfirdómurunum, sem kennurum við skólann. Af öðru hefur því aldrei verið haldið fram.

Eins og sýnt hefur verið fram á, er hvorki læknisfræðin nje guðfræðin íslenzk sjerfræði, og þó eru margir kennarar við hvorn skólann um sig, við prestaskólann 3 fastir kennarar auk tímakennara. Lögfræðin er aptur á móti að miklu leyti íslenzk, og því er ekki ólíklegt, að jafnmarga kennara þurfi við lagaskólann og við prestaskólann. Við Kaupmannahafnar háskóla, þar sem lögvísindi hafa verið kennd um 100 ár., eru nú 9 fastir lögfræðiskennarar og á við líka margir eru þeir við aðra háskóla, þar sem jeg þekki til, og auðvitað miklu fleiri í stóru löndunum. Jeg hugsa því, að það sje langt frá því, að hjer sje til of mikils mælzt. Og vist er um það. að ekki er hugsandi til að hafa launin lægri en 2,800 kr. fyrir fasta kennarann og 1,800 kr. fyrir aukakennarann. Þau laun eru miklu fremur of lág en of há fyrir menn, sem ekki mega hafa önnur atvinnustörf á hendi.

Mjer skildist hæstv. ráðh. hálfvegis gefa það í skyn á dögunum, að þetta væri að nokkru leyti ný útbrot í mjer, en því verð jeg að mótmæla. Jeg tjáði honum — þó það væri ekki í embættisbrjefi — að jeg óskaði mjer *ekki* veittan styrkinn til undirbúnings undir lagakensluna, nema *því að eins að* stjórnin vildi beitast fyrir útvegun fleiri kennara til skólans. Jeg bjóst reyndar við í fyrstu að geta komizt af með 2 aukakennara, en jeg sá brátt, að það mundi ekki hrökkva, og því er nú farið fram á 1 fastan kennara og 1 aukakennara.

Mjer kemur það undarlega fyrir að nokkru leyti og að nokkru leyti ekki, að háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) skuli nú taka svona í þetta, því áður en þm. Snæf. (L. H. B.) kom til sögunnar, átti lagaskólamálið því láni að fagna, að hafa hann að aðalforvígismanni. Hann hefur tvisvar verið frsm. þessa máls á þingi og talaði fyrir því á hinu þriðja; þá var þó farið fram á tvo kennara með 4,000 og 2,800 kr. launum auk 2,500 kr. til aukakennslu og var það fullum 700 kr. meira en nú er farið fram á. Hverjar eru þá þær ástæður, sem nú brynja þm. móti skólanum. Frá *almennu* sjónarmiði eru engar ástæður sýnilegar og frá persónulegu sjónarmiði lítur hann væntanlega ekki á málið. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur ekki að eins gjörzt forvígismaður þessa máls á þingi; hann hefur einnig skrifað um það í blaði sínu og þar meðal annars kallað málið »vögguharn þingsins«.

Það er ætlun mín, að íslenzk lög verði hvergi kennd við okkar hæfi nema hjer á landi, og jeg hygg, að hinn beini og óbeini hagur af sæmilegum lagaskóla ætti að svara til fjárframlaganna til hans. Það mundi t.d. verða nokkur styrkur í því fyrir þing og stjórn að hafa hjá sjer menn, sem

ættu öðrum fremur að geta gefið upplýsingar um ýmislegt viðvíkjandi lagasetning og lagaframkvæmd. Kunnugt er það einnig, að af þeim, sem sendir hafa verið til Danmerkur til náms, hafa nokkrir strandað á miðri leið. Hjer er vanhaldahættan ekki eins mikil. Og svo mundu þeir, sem heima læsu, eyða hjer því fje, sem nú tapast landinu.

Það er alveg laust við það, að mjer sje þetta persónulega nokkurt kappsmál. Jeg hef lengi bollalagt og brotið heilann um það, hvort jeg ætti að taka að mjer forstöðu skólans, ef lögin frá 1904 verða ekki bætt, og jeg hef tekið mína ákvörðun. Losni jeg við skólann, losna jeg um leið við mikinn vanda og það meir en einn vanda.

Háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) sagði meðal annars, að ekki væri viðeigandi að breyta lögunum frá 1904 að óreyndu. En þeim er ekki breytt að óreyndu, það hefur ekki þótt mögulegt að koma skólanum upp með því fyrirkomulagi, sem þá var samþ. Væntanlegur forstöðumaður hefur ekki treyst sjer til að leggja upp með tímakennaranń og yfirdómararnir hafa ekki treyst sjer til að takast kennsluna á hendur. Auk þess hefur merkur embættismaður hjer í bænum, sem hafði búizt við, að geta með tímanum orðið yfirdómari og þannig fengið hæga daga eptir langan og erfiðan embættisferil, lýst því yfir, að hann mundi alls ekki sækja um yfirdómaraembættið, et því ætti að fylgja skylda til þess að hafa lagakennslu á hendi, því að til þess treysti hann sjer alls ekki. Jeg held, að þá sje svarað flestu af því, sem haft hefur verið á móti tillögum meiri hluta nefndarinnar, svo að jeg hef ekki meira að segja að sinni.

Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.): Enda þótt jeg hafi í fyrri ræðu minni tekið fram allar aðalástæðurnar fyrir skoðun minni á þessu máli, og telji óþarft að endurtaka þær, þá skal jeg þó svara háttv. þm. Snæf (L. H. B.) stuttlega.

Háttv. þm. tók það fram, — sem að nokkru leyti er rjett — að ekki væru til nein sjerstök íslenzk guðfræði nje læknisfræði. Jeg segi, að það sje að eins að nokkru leyti rjett, því að ef talað er um liðna tíma, um sögu guðfræðinnar eða læknisfræðinnar, þá er þó bæði guðfræðin og læknisfræðin að því leyti eingöngu íslenzk. Að því er lögin snertir, þá er það kunnugra, en frá þurfi að segja, að síðan Íslendingar tóku að lúta Danakonungum, höfum vjer löngum »dependerað mjög af þeim dönsku«, þar sem bæði hafa verið lögleiddir ýmsir kaflar úr Kristjáns V. norsku lögum, sem og hver dönsk tilskipunin á fætur annari. Það er því mjög sennilegt, að kennslunni verði til byrjunar hagað þannig, að notaðar verði danskar kennslubækur í flestum greinum lögfræðinnar, og þá skotið inn í aths. að því er það snertir, sem sjerstaklega er íslenzkt, en hinu sleppt, sem eingöngu eru dönsk lög. Vel má vera, að kennararnir við skólann verði að vísu svo dugandi, að halda jafnframt fyrirlestra, og væri það að sjálfsögðu mjög æskilegt. En til þeirra hluta treysti jeg ólíkt betur yfirdómurunum en ungum lögfræðingum, sem sjálfir þurfa margt að nema, áður en þeir eru kennslustörfunum vel vaxnir.

Háttv. þm. lagði helzt til mikla áherzlu á þann mismun, sem á því væri, hvort vísindamenn eða dómarar hefðu kennslustörfin á hendi. Mjer er það fullkunnugt, að gjörður er munur á »theorí« og »praxis«. En það þekkjum við líka báðir frá háskólaárum okkar, að opt verður það niðurstaðan á endanum, þrátt fyrir alla vísindalega rök-

færslu, að þessi hafi nú niðurstaðan orðið í »praxis«, og sje því varhugavert, að víkja frá þeirri skoðun. Hitt er þó auðvitað rjett, að vísindalegar rannsóknir breyta stundum eldri »praxis«.

Yfir höfuð að tala er það ekki rjett, að leggja mikla áherzlu á þetta atriði. Dómarar byggja dóma sína ekki eingöngu á eldri »praxis«, heldur og á vísindalegum rannsóknum, þótt þeim að vísu hætti til þess að víkja eigi frá niðurstöðu þeirri, er dómstólarnir hafa að undanförnu talið rjetta, nema gild rök sjeu til þess. En sem kennarar mundu þeir verða djarfari í þeim efnum.

Háttv. þm. Snæf. taldi aukakostnaðinn, sem leiddi af breyt.till. þeirra, 2,100 kr., í stað þess er jeg taldi hann að eins 1,100 kr., og stafar það af því, að ákvæði laganna 4. marz 1904 eru tvíræð. En ekki verða tillögur meiri hlutans þá aðgengilegri, er þær fara fram á, að baka landssjóði 2,100 kr. aukakostnað, til þess að koma á fót *verri* skóla, en gjört er ráð fyrir í lögunum 4. marz 1804. Háttv. þm. tók það fram, að núverandi yfirdómarar væru eigi skyldir til að taka að sjer kennslu við skólann. Þetta er að vísu satt, en engu að síður verður því þó ekki neitað, að með lögunum 4. marz 1904 er þeim veittur rjettur til þeirrar kennslu. Hann ljet þess og líka getið, og lagði á það mikla áherzlu, að annar þeirra hefði sagt, að hann vildi eigi takast þennan starfa á hendur; en þessi ummæli hins háttv. þm. höfðu á sjer svo óákveðinn blæ, að jeg get ekkert á þeim byggt. Öðru máli væri að gegna, ef ráðaneytið hefði skriflega óskað yfirlýsingar dómaranna um þetta efni. Það hefði verið rjettast.

Þar sem háttv. þm. tók það fram, að við Kaupmannahafnar háskóla væru 9 kennarar í lögum, þá kemur það ekki þessu máli við. Þegar vjer Íslendingar höfum verið að reyna að koma á stofn hjá oss æðri skólum, t. d. prestaskóla, hefur engum dottið í hug að fara í nokkurn samjöfnuð við Kaupmannahafnar háskóla. Þar er lögð mikil áherzla á, að hver vísindagrein verði sem rækilegast rannsökuð út í æsar, og jafnvel opt og einatt stofnuð embætti, til þess að gefa efnilegum fræðimönnum kost á að stunda vísindi sín. Vjer verðum aptur á móti að sníða oss stakk eptir vexti, er vjer viljum koma á fót skólum, og ekki leggja meira í kostnaðinn, en komast má af með.

Allt það, er háttv. þm. sagði um meðferð lagaskólamálsins á fyrri árum, er gjörsamlega óviðkomandi málinu í þessu sambandi. Hann þurfti ekki að taka það fram, að jeg hafi verið forgöngumaður málsins á þingum. Mjer var það gleðiefni, að stuðla að framgangi þess. Hitt er annað mál, þótt jeg vilji ekki vinna að því, að leggja óþarfa byrði á herðar þjóðarinnar, og get jeg enga ósamkvæmni í því fundið, því enda þótt jeg, og aðrir þingmenn, hafi álitið það nauðsynlegt, að koma á fót lagaskóla, og að skólanum hafi þá verið ætlaðir meiri kennslukraptar, en niðurstaðan varð á þinginu 1903, sbr. lög 4. marz 1904, þá er ekki þar með sagt, að jeg vilji nú fara að breyta nýjum lögum, áður en reynslan hefur sýnt, hvort eigi verði komizt af með þá kennslukrapta, sem alþingi 1903 taldi mundu nægja, enda álít jeg — og svo munu flestir sannsýnir menn gjöra, að hverjum manni sje það miklu fremur sómi, en vanvirða, að breyta skoðun sinni, þegar sannfæring hans segir honum, að honum hafi missýnzt áður. Hitt er siðferðislega rangt, að halda áfram að

fylgja einhverju fram, að eins af því, að maður hefur fylgt því fram áður.

Auk þess skal jeg láta þess getið, að ein af aðalástæðum stjórnarinnar á móti lagaskólanum var sú, að það væri landinu fjárhagslega ofvaxið, að kosta slíka stofnun. Og þar sem nú þingið 1903 hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að skólinn geti komið að tilætluðum notum með því fyrirkomulagi, er þá var gjört ráð fyrir, þá getur háttv. þm. engan veginn láð mjer, þó jeg vilji eigi, að ráðist sje í meiri kostnað, sjerstaklega þar sem það er sannfæring mín, að skólinn verði mun ver úr garði gjörður, eptir tillögum meiri hluta nefndarinnar en eptir lögunum 4. marz 1904.

Háttv. þm. fór nokkrum orðum um það, hversu mjög það mundi gleðja hann, að verða nokkurs konar yfirmaður núverandi yfirdómara; því get jeg að vísu vel trúað en aðgætandi er, að þess eru þó dæmin, að orðin sjeu notuð, til að dylja hugsanirnar.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál. Að eins vil jeg leyfa mjer að víkja þeirri spurningu að hæstv. ráðh., hvort stjórnarráðið hefur leitað skriflegrar yfirlýsingar af hálfu yfirdómaranna um það, hvort þeir vildu taka að sjer kennslu við skólann eða ekki, og hafi þeir neitað, hverjar ástæður þeir hafi þá fært fyrir synjuninni. Að leita slíkrar yfirlýsingar hefði sjálfsagt verið rjettast og æskilegast. Á hinn bóginn vil jeg taka það fram, að á munnlegum yfirlýsingum um það efni get jeg eigi byggt. Í þessu efni á þingið fulla heimting á skriflegum skírteinum; munnlegt hjal getur misskilizt á ýmsa vegu.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Mig furðar það stórlega, að háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) skuli hafa boðið mönnum, og það þingm., upp á aðra eins ræðu og þessa. Á þingmálafundi hefði hún ef til vill getað gengið, og þó tæplega. Jeg skal nú reyna að finna orðum mínum stað.

H. þm. gjörði lítið úr því, að til væri ísl. sjerfræði í lögum; að vísu játaði hann, að til væri íslenzk rjettar-saga, að nokkru leyti. Minna gat það ekki verið. Hann vildi færa dæmi til þess, hversu mjög við hefðum »dependerað« af dönskum lögum, og nefndi í því skyni, að lög Kristjáns 5. hefðu verið lögleidd hjer á landi. Var háttv. þm. ekki betur að sjer, þegar hann fór frá háskólanum en svo, að hann vissi ekki annað eins og þetta, að þau lög hafa aldrei verið lögleidd hjer á land? Eða hefur hann gleymt því síðan? Annað hefur ekki verið lögleitt af Kristjáns 5. lögum en kaflinn um rjettarfar, erfðir og nokkur glæpamál. Hitt er annað mál, að kgsbrjef 19. febr. 1734 ætlast til, að farið sje eptir norsku lögum, þar sem íslenzk ákvæði vanta og norsk lög hæfa, en slíkt ákvæði er lítt til hægðarauka, þar sem rannsaka þarf bæði íslenzka löggjöf og norsk lög sjálf áður en þau yrðu brúkuð.

Fyrst háttv. þm. á svo bágt með að finna íslenzka sjerfræði í lögum, vil jeg leyfa mjer að benda honum á landsrjettinn. Eða máske hann vilji dansa eptir kenningum Matzens, er neitar öllum íslenzkum landsrjettindum. Máske hann vilji að dæmi Matzens gjöra það að »alfa« og »ómega« í skoðun sinni um það efni, að engin íslenzk landsrjettindi sjeu til; hið danska löggjafarvald sje yfir okkar sjermálum, og eins og danskt löggjafarvald hafi gefið stöðulögin, þannig geti það einnig breytt þeim eða fellt þau með öllu úr gildi. Þetta veit jeg að háttv. þm. vill ekki kannast við, og skal jeg ekki lá honum það. En þá

verður hann líka að játa, að ástæða er til að kenna landsrjettinn á öðrum grundvelli, en hinum danska.

Háttv. þm. sagði að dómarar byggðu dóma sína á eigin vísindalegum rannsóknum. Þetta var ekki rjett. Aðalhlutverk þeirra er þetta, að heimfæra einstök tilfelli undir vísindalega rannsakaðar reglur.

Að jeg nefndi aukakostnaðinn 2,100 kr. kom til af því, að jeg vildi reifa málið rjett. Kostnaðurinn að öllu samtöldu eptir lögunum 4. marz 1904 er 6,500 kr. Viðaukinn eptir tillögu meiri hlutans er 2,100, en eptir frv. stjórnarinnar 1,700 kr. Þetta vildi jeg að eins taka fram til upplýsingar þeim þingmönnum, er ekki hafa athugað það betur en háttv. þm. N.-Ísf., hvað hjer er farið fram á. Munurinn milli stjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar nemur að eins 400 kr.

Sami háttv. þm. gat þess, að fortíð sín væri ekki á móti sjer um þetta mál. Jeg bið menn að taka eptir því, að hann flutti lagaskólafrumv. í dýrara formi, bæði á þinginu 1893 og 1897, og talaði heitt fyrir samskonar frumv. á þinginu 1895. Þar var farið fram á, að forstöðumaður skólans hefði að launum 4,000 kr., aukakennari 2,800 kr., og þar að auki átti að verja 2,500 kr. til aukakennslu.

Enn vil jeg leyfa mjer að minnast á yfirdómarana, og benda á, að annar hængur er á, að þeir sjeu kennarar við skólann, sem sje sá, að þeir eru óafsetjanlegir, hvaða skyssa sem þeim kann að verða á, t. d. þó að það sýni sig, að þeir skilja ekki einu sinni móðurmál sitt. Aptur á móti er hver annar innlendur embættismaður afsetjanlegur af stjórninni. Hjer mundi rekast á yfirdómarastaða þeirra og kennarastaðan. Reyndust þeir ómögulegir sem kennarar, yrði að gjöra annað af tvennu, að dragast með þá til stórskaða fyrir gagnsemi skólans, og sú mundi verða niðurstaðan, eða að reyna að fá þá dæmda frá yfirdómaraembættunum.

Jeg trúi því ekki, að háttv. þm. rengi það, er jeg fór með, að annar yfirdómaranna hefði lýst því yfir, að hann vildi ekki taka að sjer kennslu við skólann. Sá maður, er jeg hafði það eptir, er hjer viðstaddur, það er háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), bróðir yfirdómans. Jeg bað hann leita hófanna við bróður sinn, og tjáði hann mjer ákveðin svör hans. Skilur háttv. þm. N.-Ísf. nú, eða máske hann trúi honum ekki heldur? (*Skúli Thoroddsen:* Jeg byggi ekkert á sliku!). Jæja, það stendur þá alveg á sama, hvort háttv. þm. trúir þessu eða ekki; hann er, hvort eð er, »forskrifaður«.

Enn á ný læt jeg þess getið, að jeg vil ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli, en jeg vil þó eindregið ráða hv. deild til þess vegna Íslands, íslenzks rjettar og íslenzks þjóðernis, að fella heldur bæði stjórnarfrumv. og fjárveitinguna á fjárlögunum, en að láta það viðgangast, að skólinn fari illa á stað. Það verður erfiðara að koma á betra skipulagi seinna, ef byrjunin er slæm. Hins vegar er betra að vera dálítið ríkari á fjárframlögurnar strax, en þurfa að gripa dýpra í vasann síðar. Og jeg þykist vita, að andstæðingar skólans láti það ekki raska atkvæði sínu, þó að einhver kynni að líkja þeim við keipabörnin, er slá hendinni við því, sem þau hafa ríkast beðið um, þegar þau loks eiga kost á að fá það.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg lít á þetta mál öldungis á sama hátt og á þinginu 1903. Jeg var þá í nefndinni, er fjallaði um málið. Þá lá fyrir sama spurningin og nú. Núver-

andi framsm. var þá flutnm. frumv. Aðalágreiningsatriðið var þá einnig um þessi föstu embætti við skólann. En eptir rækilega rannsókn og yfirvegun var gengið frá frumv. eins og lögin frá 4. marz 1904 sýna.

Jeg fyrir mitt leyti get ekki betur sjeð, en að ástæðurnar, sem þá voru færðar fram, sjeu góðar og gildar enn í dag. Þá var því haldið fram, að varlegast væri að fara svo á stað með lagaskólann, að sett væri á stofn eitt virðulegt embætti, en notast að öðru leyti við tímakennslu, og var veitt ríflegt fje til hennar.

Einmitt þetta, að væntanlegir kennarar þurfa að læra svo mikið af sjálfum sjer, verða fyrst að vera sínir eigin kennarar, gjörir það svo áríðandi, að fylla nú ekki öll sætin með föstum, konunglegum embættismönnum, en bíða með það til þess, er menn hafa sýnt hæfileika sína í þessum fræðum.

Jeg get tekið undir það með háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). að kennslan við skólann muni verða vandasamt starf; en ætti að draga nokkra ályktan af því, yrði það helzt sú, að þingið ætti að láta í tje styrkveitingar ungum og efnilegum lögfræðingum til undirbúnings slíku embættisstarfi, en eigi skipa nú þegar í embættin.

Hjer hefur verið rætt um afstöðu yfirdómaranna. Heyrt hefi jeg þá báða tala um kennslustarf það við skólann, er þeim er ætlað, ef við vildu taka. Hinn eldri kvaðst hvorki vilja nje geta tekið að sjer kennsluna. En hinn yngri ljezt ekki geta enn um það sagt, og hefði ekki heldur neitað.

Allir sættu sig vel við frumv., eins og það gekk frá þinginu 1903, jafnt háttv. þm. Vestm. (J. M.), er þá var flutnm., sem aðrir. Hann tók það þá fram, að þegar skólinn væri búinn að sýna sig í reyndinni, mundi að rjettu mega heimta, að fastir embættismenn yrðu skipaðir við hann, en honum datt þá ekki í hug að heimta það, áður en skólinn væri kominn á laggirnar.

Meðan ekki er lengra komið, get jeg ekki annað en haldið fast við þau rök, er jeg 1903 flutti fram í nefndinni og á þingi, og greiði atkv. gegn þessari embættastofnun.

Björn Bjarnarson (þm. Dalm.): Á þingi 1903 var það skoðun mín, að vel mætti komast af með yfirdómarana sem kennara við lagaskólann, auk forstöðumanns. Jeg get enn ekki hugsað mjer, að hjer sje um hávísindalegan skóla að tala, heldur »praktiskan« skóla, er kenni íslenzk lög, og hvernig þeim sje beitt. Til þess hygg jeg fáa færari, en einmitt yfirdómarana. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefur ekki sannfært mig um, að eigi megi komast af með það fyrirkomulag, sem lög 4. marz 1904 skipa fyrir, og jeg kannast ekki við, að uppástungu meiri hluta nefndarinnar sje til bóta.

Ennfremur get jeg ekki fallizt á, að akurinn sje svo óplægður, sem hjer hefur verið haldið fram. *(Lárus H. Bjarnason*: Hefur háttv. þm. skrifað nokkuð?) Afarfjöldi laga vorra eru hin sömu og í Danmörku og rjettarfar að miklu leyti eins. Hegningarlögin frá 1869 eru hjer um bil alveg eins og hegningarlög Dana frá 1866 og margt í »civilrjetti« er eins; »Retslære« og »Rómarjettur« *(Lárus H. Bjarnason*: Á ekki að kenna?) verður víst svipað. Það er þá að eins landsrjettur og rjettarsaga, er sagt verður um, að sje óruddur akur. Væntanlegur forstöðumaður skólans hefur víst sett sig svo vel inn í þessar greinar, að hann sje fær um að kenna þær, en lands-

yfirrjettardómararnir geta tekið hitt að sjer. Eins og 1903 álít jeg, að vel megi una við það fyrirkomulag, og vil, eins og háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) ekki hætta við það, fyr en reynslan sýnir, að það sjer ófullnægjandi.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls nú, jeg hef áður látið í ljós skoðun mína á málinu, og hefur verið vitnað til þess í dag. Eins og áður, er jeg á því, að kennsla yfirdómaranna muni verða þeim erfið og skólanum óhentug og ónóg. Það er ekki mín meining, að setja hjer upp »seminarium« eða »kúrsus«, sem gefi að eins nasasjón af lögfræðinni og svo »praktiska« æfingu. Til þess er stór skrifstofa miklu betri. Nei, með lagaskóla er og hefur alltaf verið átt við stofnun, sem að mestu leyti væri bundin við vísindalega kennslu, og legði grundvöllinn undir vísindalega kennslu í íslenzkum lögum. Að eins 1893, af því að þá voru engar horfur á að lagaskóli fengist, var stungið upp á, að setja á stofn 6—9 mánaða kennsluskeið eða »kúrsus« í íslenzkum lögum fyrir kandidata frá Kaupmannahöfn, sem ætti þá auðvitað að vera eingöngu »praktiskt«. En hjer er ekki um það að ræða, heldur skóla með vísindalegu sniði. Og þá er ekki nema tvennt fyrir hendi, annaðhvort að leggja fram það, sem skólinn nauðsynlega þarfnast, eða þá að gefast upp og láta málið liggja óhreyft.

Aðalþýðing og aðaltakmark skólans er, að rannsaka íslenzka löggjöf, íslenzkan rjett vísindalega, og ríður þá á, að rjett sje farið af stað, því að hjer á það við sem optar, að »varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin«. Það hefur verið vikið að því, að verkefnið væri ekki svo örðugt viðfangs vegna þess að dönsk og íslenzk löggjöf væri svo lík. Þetta sýnir, hve nauðsynlegt hefði verið, að íslenzkur lagaskóli, vísindalegur skóli, hefði verið settur hjer á stofn fyrir heilum mannsaldri eða fyrr, annars hefði ekki önnur eins fjarstæða komið fram hjer í dag. Að undanskildu því, sem á síðari tímum hefur verið lögleitt hjer af dönskum lögum, þá stöndum við á allt öðrum rjettargrundvelli. Þennan tvennskonar grundvöll þarf að rannsaka vísindalega, áður en hægt er að segja, að vísindaleg kennsla í fyllsta skilningi fari fram. Sú hlið lögfræðinnar snýr eingöngu að okkur, og jeg er háttv. þm. Vetsm. (J. M.) samdóma um, að það er óplægður akur og mikil nauðsyn til að leggja hann undir plóginn. Það hafa áður verið deilur um, hvort »norsku lög« giltu hjer. eða Chr. V. lög. Hinn fróði lögmaður Páll Vídalín hefur fengizt við það efni, og vil jeg ráða mönnum, sem hjer eru að tala um samræmi íslenzkra og danskra eða norskra laga, til að lesa rit hans. Þar munu þeir sjá ljós rök fyrir hinu gagnstæða. Grundvöllurinn er annar. Hjer stendur svo á, að annaðhvort er að hrökkva eða stökkva, annaðhvort að samþ. skólann í því formi, að hann geti komið að fullu gagni, eða þá að gjöra alls ekki neitt. Jeg fyrir mitt leyti hallast heldur að till. meiri hluta nefndarinnar en stjórnarfrumv.

Á þingi 1893 sagði einn háttv. þm., að á þetta mál væri »þjóðin búin að blína« í 40 ár, og svo mikið er víst, að það hefur verið þjóðinni kappsmál, enda snertir það einn hinn þýðingarmesta þáttinn í okkar sjerstaka, sjerkennilega þjóðerni, og þá um leið framar flestu öðru framtíðarlíf þjóðarinnar. Það er því nauðsynlegt, að koma þessu máli á fastan grundvöll. Úr því það er álitið fjárhag landsins kleift, hallast

jeg að þeim tillögum, sem miða að því, að gjöra skólann sem bezt úr garði. Því að allt hálfunnið verk er til bölvunar.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Eiginlega get jeg ekki sagt, að komið hafi fram nokkrar ástæður gegn frumv. og tillögum meiri hluta nefndarinnar, sem eru að miklu hinar sömu, sem komu fram í frumv. mínu til lagaskólalaganna á þinginu 1903.

Eins og háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) tók fram, eru umræðurnar og ástæðurnar með og móti hjer um bil sömu og 1903. Jeg ætla mjer að eins að snúa mjer að því, sem h. þm. Borgf. sagði, að heppilegra væri, að byggja á tímakennslu, til þess að fleiri gætu reynt sig og sýnt, hvort þeir væru hæfir til kennara. Slíkt getur alls eigi átt við hjer; í stóru löndunum er þessu öðru vísi háttað, og þó eru þeir ekki tiltölulega margir þar, sem þá brautina ganga. Þar geta þeir skrifað í vísindaleg tímarit, og fengið nokkuð fyrir vinnu sína. Hjer mundi enginn lögfræðingur geta átt von á að hafa neitt upp úr vísindalegum rannsóknum, nema ef til vill, þessa kennslu við lagaskólann. Og það er engin von til, að nokkur Íslendingur vildi eða gæti lagt á sig kostnað og erfiði til þess að búa sig undir kennslustörf, nema hann ætti stöðuna vísa. Það er rjett hermt hjá háttv. þm. Borgf., að jeg sagði 1903, að eptir mínu áliti mætti byrja með þá kennslukrapta, sem lögin kveða á um, því að jeg vildi heldur frumv. en ekki neitt; en jeg gat þess þá, að þegar er skólinn væri kominn á fót, mundi þurfa að bæta einum kennara við, og að jeg byggði á því, að það yrði þá viðstöðulaust gjört. Nú hefur forstöðumaður skólans strax rekið sig á það, að fyrirkomulagið er óhafandi. Hvort það er einu ári fyr eða seinna, að þessu er kippt í lag, skiptir landssjóð litlu. Það er því ekki rjett, að flestir hafi sætt sig við fyrirkomulagið 1903; jeg taldi það alveg óhafandi til frambúðar, og því nær allir lögfræðingar á þingi á-litu, að skólinn gæti ekki komið að notum með svo ónógum kennslukröptum.

Jeg er samdóma háttv. þm. Dalm. (B. B.) um það, að til þess verður ekki ætlazt, að skólinn verði eiginlega hávísindalegur, þannig að lærisveinarnir fái verulega vísindalega menntun eptir því, sem hæstar kröfur eru gjörðar, en aptur á móti verða kennendurnir að hafa vísindalega menntun, ef skólinu á að koma að tilætluðum notum. Það er því ekki hentugt að ætla þeim mönnum kennsluna við skólann, sem aðallega eru »praktiskir« lögfræðingar. Og það er mín skoðun, og margra annara, að æðstu dómendur landsins eigi á engan hátt að vera háðir umboðsstjórninni, að því skuli eigi á þá lögð með lögum þau störf, sem landsstjórnin á að hafa eptirlit með, en það er gjört, ef á þá er lögð kennslan við skólann.

Að endingu vil jeg taka undir með háttv. þm. V.-Sk. um það, að ef menn vilja ekki hafa fullkomna kennslu við skólann, þá er betra að láta hann liggja niðri. Enda býst jeg naumast við, að nokkur mundi vilja taka að sjer forstöðu skólans með þessu lagi.

Ráðherrann: Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gat þess, að honum hefði þegar í upphafi þótt það fyrirkomuleg um kennsluna mjög óhentugt, sem lögin frá 4. marz 1904 ákveða. Þetta er alveg rjett, því að skömmu eptir að hann hafði fengið styrk þann, sem ætlaður var til undirbúnings undir forstöðumannsstarfið, ljet hann mig vita, að hann mundi afsala sjer styrknum aptur, og ekki takast starfann á hend-

ur, ef lögunum fengist ekki breytt þannig, að settir yrðu 2 aukakennarar við skólann, sem hann árjetti svo síðar, þannig að kennararnir yrðu fastir kennarar. Jeg sagði honum, að jeg gæti auðvitað engu um það lofað, en mjer væri ljúft að leggja frumv. í þessa átt fyrir þingið, það því fremur sem jeg hafði jafnan verið mótfallinn því, að kennslan við skólann væri falin dómurunum við yfirdóminn. Af þessum ástæðum lagði stjórnin þetta frv. fyrir þingið, þar sem lagt er til að skipa *skuli* auk forstöðumanns fastan kennara með 2,400 kr. launum, og skipa *megi* aukakennara með 1,800 kr. launum. Þessi laun voru höfð lægri en háttv. þm. Snæf. hafði lagt til, því að stjórnin taldi, að við því mætti búast, að það yrðu ungir menn, sem til þessara starfa yrðu ráðnir, og að þessi laun nægðu þeim fyrsta sprettinn.

Jeg vil samt engan veginn vera mótfallinn þeirri breyting, sem meiri hluti nefndarinnar hefur stungið upp á að færa laun fyrri kennarans upp í 2,800 kr. og ákveða, að aukakennari skuli skipaður. Það munar ekki miklu í kostnaðinum, og má vera að það veiti meiri trygging fyrir því, að kennslan geti þegar frá upphafi orðið viðunanleg.

Þegar jeg hjet háttv. þingm. Snæf. því, að jeg skyldi bera upp frumv., en hann þar í móti að búa sig undir forstöðumannsstarfið, treysti jeg því, að alþingi mundi bera eins hlýjan huga til þessa skóla og áður, og að það mundi verða auðsótt, að fá þessa breytingu á fyrirkomulaginu. Jeg hef treyst því til þessa dags og trúi því ekki, að skoðanir manna sjeu svo breyttar, að menn vilji ekki hlynna sem bezt að þessu máli, sem hefur verið svo samgróið sjálfsstjórnarkröfum Íslendinga um langan tíma.

Háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) sagði, að ástæðurnar fyrir því fyrirkomulagi, sem ákveðið er í lögunum frá 4. marz 1904, væru eins góðar nú og þær hefðu áður verið. Það er rjett, en þær hafa aldrei verið góðar. Háttv. framsm. hefur leitt rök að því, að þótt byrjað yrði með því fyrirkomulagi, þá gæti það aldrei haldizt lengi, heldur mundi verða að breyta því aptur, áður en langt væri frá liðið. Þegar menn geta sjeð slíkt í hendi sinni, þá virðist vera lítt forsvaranlegt, að haga því svo, því sá tími, sem gengi til þess, að færa mönnum heim sanninn um, að fyrirkomulagið væri ómögulegt og óhafandi; hann hlyti jafnframt að vera gagnslítill uppkvalningstími fyrir skólastofnunina; en eins og tekið hefur verið fram, er jafnvel nauðsynlegast, að skólinn geti att nokkurn veginn kröptum á að skipa, meðan hann er að komast á laggirnar; það er honum skaðlegast, að nauðsynleg viðgangsskilyrði bresti, þegar undirstöðurnar eru lagðar.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) spurði mig, held jeg, hvort jeg hefði spurt landsyfirdómarana að því, hvort þeir mundu vilja taka að sjer kennsluna við lagaskólann. Því er fljótt svarað. Jeg hef ekki minnzt á það einu orði við þá, og tel mjer það með öllu óskylt, að ganga eptir þeim um það. Annars hef jeg heyrt sagt, að annar þeirra að minnsta kosti aftæki það, að takast kennsluna á hendur, en jeg sje ekki, að þetta komi málinu neitt við.

Jeg skil ekki, að þeir menn, sem hlynntir eru þessari gömlu hugsjón um innlenda lagakennslu, láti sjer í augum vaxa þann litla kostnaðarauka, sem hjer er um að ræða. Jeg vil því mæla hið bezta með tillögum nefndarinnar, eða ef þær ná ekki samþykki hinnar háttv. deildar, þá með frumv.

stjórnarinnar, sem er 400 kr. kostnaðarminna. En verði hvorugt þetta samþykkt, þá tel jeg mjög hæpið, að skólinn komizt á fyrst um sinn.

Jeg vona, að hin háttv. deild vilji ekki verða þess valdandi, að þetta mál verði að engu, svo langt sem það nú er komið. Þeir, sem kynnu að vera frumv. mótfallnir, ættu að minnsta kosti að hugsa sig um til 3. umræðu. Jeg ber það traust til þingsins, að það leiði þetta mál til lykta á heppilegan hátt.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Hinn hæstv. ráðh. tók það fram, að hann hefði verið þeirrar skoðunar á þinginu 1903, að það væri ekki heppilegt, að yfirdómararnir hefðu þetta aukastarf á hendi, og að hann væri sömu skoðunar enn. Það kann vel að vera. En á hinn bóginn lýsti hann skýrt yfir því, að hann hefði alls ekki leitað álits hinna núverandi yfirdómara um það, hvort þeir vildu taka þetta starf að sjer. Þetta þykir mjer kynleg aðferð af hæstv. ráðh., að leggja frumv. fyrir þingið, án þess að hafa spurt þá að þessu; því jeg verð að halda því fast fram, að með lögunum frá 1903 er núverandi yfirdómurum veittur rjettur, til þess að taka þetta að sjer gegn vissri þóknun, og það er ekki rjett af þinginu, að svipta þá þessum rjetti, án þess að þingið hafi fyrir sjer skriflega yfirlýsingu þeirra. Hinn hæstv. ráðh. sló á þann streng, að lagaskólamálið hefði um langan tíma verið áhugamál þjóðarinnar, og væri því ekki rjett að horfa í þessi auknu fjárframlög, til þess að gjöra þessa fyrirhuguðu stofnun sem bezt úr garði. En þetta er málinu alveg óviðkomandi. Það hefur að vísu verið áhugamál þjóðarinnar að koma lagaskóla á stofn hjer á landi, en það hefur aldrei verið áhugamál hennar, að hrúga í hann meira fje, en nauðsyn krefur. Og þar sem fulltrúarnir á þinginu 1903 komust að þeirri niðurstöðu, að það fje væri nægilegt, sem lögin frá 4 marz 1904 gjöra ráð fyrir, þá álít jeg það ekki rjett, að breyta ákvæðum laganna fyr en reynslan hefur sýnt, að það fyrirkomulag reynist eigi fullnægjandi, enda er skólinn eigi á hjarni staddur, þó að yfirdómararnir vildu ekki taka kennslustörfin að sjer, þar sem lögin ætla 2,500 kr. til tímakennslu.

Það er og skylda vor gagnvart þjóðinni, að kasta ekki fje hennar á glæ, og þó að þessi aukni kostnaður yrði ekki beinlínis til skaða, sem jeg tel þó vísast, þá eru þó 2,100 kr. á ári upphæð, sem ekki er gjörlegt að eyða að nauðsynjalausu.

Hinn háttv. þgm. Snæf. (L. H. B.) tók það fram, að yfirdómararnir væru óafsetjanlegir embættismenn — og það er rjett — en yrðu sem kennarar við lagaskólann háðir umboðsstjórninni, og það er auðvitað einnig rjett; umboðsstjórnin hefði auðvitað vald til að svipta þá kennslunni, en sem dómarar yrðu þeir umboðsstjórninni alveg jafn óháðir eptir, sem áður, því að kennslan við lagaskólann snertir eigi dómarastörf þeirra; jeg sje því ekki, að þessi ástæða hins háttv. þm. hafi neina þýðingu í þessu máli.

Jeg hef nú þegar verið svo fjölorður um þetta mál í dag, að jeg finn ekki ástæðu til þess, að tala um það frekar að sinni; en jeg vona, að hin háttv. deild hugsi sig vandlega um, áður en hún samþ. till. meiri hluta nefndarinnar, eða stjórnarinnar um þetta efni. Það verður vel komizt af án þessara auknu fjárframlaga, og jeg ímynda mjer þess vegna, að það mundi mælast illa fyrir, ef till. meiri hluta nefndarinnar, eða frumv. stjórnarinnar, næði samþykki þingsins.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það var ræða hins hæstv. ráðherra, sem kom mjer til að standa upp. Hann ljet þá von í ljósi, að deildinni hafi ekki snúizt hugur síðan 1903. Jeg er sannfærður um það, að sú von hans rætist eða að minnsta kosti vona jeg það fastlega; því hafi henni ekki snúizt hugur, þá greiðir hún atkvæði á móti tillögu meiri hluta nefndarinnar og stjórnarinnar; það er hinn hæstv. ráðherra og meiri hluti nefndarinnar, sem hafa skipt skoðunum í þessu máli, en ekki við, sem greiðum atkvæði á móti. Síðan 1903 hefur ekkert það fram komið, er gefi nokkra ástæðu til þess, að fara nú að breyta til frá því, sem þar var gjört ráð fyrir.

Minn háttv. sessunautur (L. H. B.) talaði um, að engin rannsókn væri til á íslenzkri löggjöf, og engir sjerfræðingar væru til í þeirri grein; það kann nú vel að vera — þó er það sjálfsagt of mikið sagt, að *engar* rannsóknir sjeu til um það efni, en þær eru líklega ófullkomnar og í molum. En jeg vildi beina þeirri spurningu til hans (*Einhver*: Þm. Snæf. má ekki svara) — jeg vona, að hinn hæstv. forseti leyfi honum það (*L. H. Bjarnason:* Það skal vera mjer ánægja) (*Forseti:* Nei). — Þá getur hann svarað við 3. umr. — Jeg vildi spyrja hann um, hvernig hann getur hugsað sjer, að þessi hækkun á tillaginu til hins tilvonandi lagaskóla hafi þá verkun, að það spretti upp sjerfræðingar í íslenzkum lögum. Jeg skil ekki, hvað fyrir hinum h. þm. hefur getað vakað. (*L. H. Bjarnason:* Jeg veit af tveim mönnum, sem mundu nota tímann til 1. október 1908 til undirbúnings, ef þeir ættu von á fastri stöðu við skólann). Mjer sýnist það augljóst, að fyrst um sinn verða nemendur skólans að gjöra sjer að góðu, að njóta kennslu þeirra manna, sem ekki eru sjerfræðingar, þar sem samkvæmt orðum hins háttv. þgm. sjálfs enginn sjerfræðingur er til nú.

Hinn háttv. sessunautur minn sagði enn fremur, að það mundi losa sig við mikinn vanda, ef tillögurnar í frv. stjórnarinnar yrðu felldar. Þetta er mjer líka óskiljanlegt, og jeg vildi gjarnan fá útskýringu á því; jeg var að reyna að skýra það fyrir sjálfum mjer á þann hátt, að þá væri hann laus við fyrsta »prófessorat« við hinn tilvonandi lagaskóla; en þá veit jeg ekki, hvernig hann hugsar, því þegar hann þáði styrkinn (*L. H. Bjarnason:* þáði styrkinn með vissum skilyrðum) til þess að rannsaka íslenzk lög, vissi hann vel, að það embætti, sem hann átti að taka við, var launað með 4,000 kr., og hann vissi vel, hvaða stöðu hann sem »rektor magnificus« við hinn tilvonandi lagaskóla átti von á, hvaða hjálp hann mundi fá o. s. frv. Hvernig getur hann þá kallað sig losna við vanda, þó að ekki sje breytt lögum, sem hann hlýtur að hafa farið eptir, þegar hann tók við styrknum. Jeg sje ekki betur, en að það sje alveg sjálfsagt, að hann haldi áfram og taki við skólanum, þegar hann verður stofnaður, hvort sem þessar breytingar ná samþykki eða ekki. (*L. H. Bjarnason:* Svaf þgm. þegar jeg talaði áðan?) Jeg sef aldrei á þingi.

Loks gat háttv. þgm. Snæf. þess, að hann vænti þess, að þingdeildinni færist ekki eins og keipabörnunum, sem vildu eitt í dag og annað á morgun eða eitthvað þess háttar. En það er einmitt hann sjálfur, sem er eins og keipabörnin; hann sætti sig við það fyrirkomulag, sem þingið 1903 kom sjer saman um, og hann gat á engan hátt búizt við því, að næstu þing mundu breyta því fyrirkomulagi. Nú

heimtar hann, að þessu sje breytt; annars hlaupi hann frá öllu saman. Annað mál er það, að þegar reynsla er fengin fyrir því, að fyrirkomulag það, sem lögin um lagaskóla gjöra ráð fyrir, er óhagkvæmt, þá er auðvitað sjálfsagt að breyta til; en þangað til sú reynsla er fengin, eigum vjer að láta sitja við það, sem gjört var á þinginu 1903.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta; jeg stóð að eins upp til þess að færa rök fyrir því, að okkur, sem greiðum atkvæði á móti tillögu stjórnarinnar, hefði ekki snúizt hugur, heldur einmitt meiri hluta nefndarinnar og hinum hæstv. ráðherra.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Háttv. þm. Vestm., sagði, að ekki mætti ætlast til þess, að þessi skóli yrði vísindalegur skóli, og er jeg honum þakklátur fyrir, að hann hefur kannast við það. En hinsvegar taldi hann sjálfsagt, að kennararnir hefðu vísindalega menntun; en þá veit jeg ekki hverjum væri á að skipa, sem hefði fullkomnari vísindalega menntun eða sjerþekkingu á íslenzkri löggjöf, heldur en einmitt yfirdómurunum. Að minnsta kosti er óliklegt, að þeir, sem útskrifast frá þessum skóla, hafi fengið svo góða vísindalega menntun, að þeir geti orðið kennarar, fyr en eptir margra ára »studium« þar á eptir. Jeg er því algjörlega mótfallinn því, að vikið sje frá því fyrirkomulagi, sem gjört var ráð fyrir á þinginu 1903, að óreyndu.

Gagnvart háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem heldur að hann geti gjört úr þessum skóla hávísindalega stofnun með því að launa kennarastöðurnar með 28 og 18 hundruð krónum, vildi jeg segja það, að þessir menn, sem varla hefðu nóg að borða, eptir því sem nú er látið af að lifa hjer í Reykjavík, að eigi þessir menn, segi jeg, að skrifa bækur og inna af hendi vísindaleg störf yfirleitt, þá er sannarlega til ofmikils ætlazt. Sá vísindalegi skóli verður að sjálfsögðu »vísindalega fallit«. Og jafnskjótt og þessir menn sæju eitthvað betra, mundu þeir auðvitað sækja burtu, og þannig mundu til skólans koma nýir og nýir (*Ólafur Ólafsson:* græningjar). Já, einmitt græningjar, jeg þakka minum háttv. sessunaut fyrir orðið. Nei, meðan menn þurfa að hugsa um það, hvað þeir eigi að hafa til að jeta næsta dag, er ekki við því að búast, að þeir geti verið vísindamenn.

Jeg vil benda háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) á það, að hann taldi upp þau lög, sem væru sameiginleg fyrir Ísland og Danmörku; en hann minntist ekki á allan þann aragrúa af lögum sem eru algjörlega sniðin eptir dönskum lögum, þó að þau sjeu íslenzk að nafninu til. Um þau hljóta þó að gilda sömu rjettar»princip« og í Danmörku, og ættu yfirdómararnir að vera þeim kunnugri, en flestir aðrir menn hjer á landi.

Ráðherrann: Jeg get ekki skilið, hversvegna háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), getur furðað á því, að jeg skuli ekki hafa spurt núverandt yfirdómara að því, hvort þeir vildu taka að sjer kennslustörf við hinn tilvonandi lagaskóla; því í lögum frá 1903 er ekki gjört ráð fyrir því, að þeir verði kennarar, heldur er einmitt gjört ráð fyrir aukakennslu þangað til embættin losni, og veittar til þess 2,500 kr. Jeg get ekki sjeð, að það hafi verið nokkur minnsta átylla til að fara að spyrja þá »officielt« eða í embættis nafni nú, áður en skólinn er stofnaður.

Jeg skal ekki blanda mjer í hinar vísindalegu hugleiðingar háttv. þm. Dalm. (B. B.). En jeg er sannfærður um það, að ef embættin við skólann

eru föst og sómasamlega launuð, þá munu kennarar skólans frekar helga honum alla sína krapta, frekar sökkva sjer niður í sitt »studium« og rita nýtar bækur, heldur en aðvífandi menn, sem koma eitt angnablik og fara svo strax, er þeim býðst eitthvað betur launað.

Jeg vona nú að hin háttv. deild á-líti þetta útrætt að sinni og lofi því að ganga til 3. umr. í því formi, sem meiri hluti nefndarinnar hefur stungið upp á.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Þaðvar út af ræðu háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), sem jeg vildi gjöra litla athugasemd. Það var eðlilegt, að hann spyrði um það, hvort það væri líkur til þess, að fá mann í embættið fyrir 2,800 eða 2,400 á ári. Það er eðlilegt af því, að það hefur alltaf verið við-kvæði, er um lagaskólann var að ræða, að það vantaði menn, sem færir væru til að kenna við hann. Og þessi mót-bára gegn skólastofnuninni hefur ekki ávallt verið með öllu ástæðulaus, því það hefur víst einatt verið fátt um svo vel menntaða lögfræðinga hjer, að óhætt væri að trúa þeim fyrir kennslu á lagaskólanum. En jeg held, að margir hafi von um, að einn ungur og efnilegur lögfræðingur, sem nú er hjer, muni geta tekið að sjer kennsluna. Mjer er engin launung á því, hver það er, það mega allir vita; það er cand. juris Einar Arnórsson, sem jeg á við. Hann hefur tekið ágætt próf við há-skólann, og haldið áfram laganámi eptir það með styrk frá Dönum, og stundað þá sjerstaklega íslenzka lög-gjöf, í þeirri von, að hjer mundi verða þörf á vísindlega menntuðum lögfræð-ingi. Að hann hefur hætt við það nú um stund, er vegna þess, að hann var hálfsmeykur um það, að lagaskól-inn mundi ekki verða settur á stofn; en ef til þess kæmi, að lagaskóli yrði stofnaður með fleiri kennurum, býst jeg við, að hann væri fús á að gefa kost á sjer. Þannig er í mínum aug-um engin vankvæði á því að fá hæf-an mann í aðra fasta kennarastöðu við skólann. Jeg hef optar en einu sinni átt tal við Einar Arnórsson um þetta, og þó það hafi verið algjörlega »prí-vat«, auðvitað, get jeg ekki trúað því, að hann hafi neitt á móti því, að jeg segi frá því hjer. Jeg fyrir mitt leyti hef mjög gott álit á þessum unga manni, og tel það feng fyrir skólann, ef hann kæmi að skólanum. Að öðru leyti tel jeg hreinan óþarfa að orð-lengja um þetta mál.

Skúli Thoroddsen (þingm. N.-Ísf.): Þegar hinn hæstv. ráðherra í fyrri ræðu sinni tók það fram, að hann hefði ekki spurzt fyrir um það, hvort yfirdómararnir vildu takast kennslu á hendur við lagaskólann, var ekki hægt að skilja hann öðru vísi, en svo, að hann liti svo á, sem þeir (yfirdómar-arnir) ættu kost á þessu. En þegar hann hjelt seinni ræðu sína, þá hafði hann fundið þá lagaskýring, að lögin ætlist alls ekki til þess, að þeir hafi kennsluna á hendi. Jeg verð að játa, að mjer hefur aldrei dottið slík lög-skýring í hug, og tel hana alveg ranga. Jeg verð enn að halda því fast fram, sem jeg hef sagt, að núverandi yfir-dómarar hafi lagalegan rjett til þess, að hafa kennslu þessa á hendi.

Í 2. gr. laganna frá 4. marz 1904, segir svo:

»Við skóla þenna skal vera einn »fastur kennari, skipaður af konungi, »og hefur hann 4,000 kr. árlega að »launum. — Er hann jafnframt for-»stöðumaður skólans. — Dómarar »landsyfirrjettarins skulu hafa »kennslu á hendi við skólann, og »hafa hvor um sig 500 kr. árlega

»þóknun fyrir þann starfa, til við- »bótar við laun sín. — Fyrst um »sinn, þangað til yfirdómaraembættin »losna, má verja allt að 2,500 kr. »til aukakennslu«.

Jeg sje ekki betur, en að hjer sjeu full glögg ákvæði.

Hitt er annað mál, að ekki er hægt að skylda þá til þess, að taka kennsluna að sjer fyrir 500 kr.; en ef þeir vilja það, eiga þeir rjett til þess, og heimilt er, að veita þeim hærri þóknun af fje því, sem ætlað er til tímakennslunnar. En þegar yfirdómaraembætti verða veitt næst, þá yrði yfirdómurunum í veitingabrjefunnm gjört að skyldu, að taka kennsluna að sjer fyrir þessa 500 kr. upphæð.

Þetta er hin eina eðlilega lögskýring; hin, sem hæstv. ráðherra kom með, held jeg, að fremur sje fundin upp í svip, af því að á henni þurfti að halda. Jeg stend því fast við það, að þingið gjöri þessum mönnum rangt til, ef það breytir lögunum, að þeim fornspurðum.

Ráðherrann: Jeg get ekki kannast við það, að jeg hafi sagt annað í síðari ræðu minni en í hinni fyrri. — Eins og lögin frá 4. marz 1904 eru orðuð, er bersýnilegt, að þar er gengið út frá því, að ákvæðið um kennsluskyldu dómaranna gildi ekki fyrir þá, sem nú eru í embættunum. Það ákvæði getur því hvorki lagt á þá skyldur nje veitt þeim rjettindi. Það nær alls ekki til þeirra. Jeg hygg, að menn hafi þótzt vita það á þinginu 1903, að þeir mundu ekki vilja taka kennsluna að sjer fyrir það kaup, sem lögin ákveða, og að þeim hafi verið veittur nokkur rjettur til aukakennarastarfs fyrir hærri borgun, nær engri átt. Það var ekki meining mín, að koma fram með neina nýja lögskýring; jeg vildi að eins skýra frá því, hvað jeg áliti stjórninni skylt eða ekki skylt að gjöra í þessu efni.

Var síðan gengið til atkvæða, og þá fyrst borin upp breyt.till. meiri hluta nefndarinnar við 1. gr. (þskj. 87), og var hún felld.

Þá var leitað atkvæða um 1. gr. sjálfa, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk þessara 6 þingmanna:

Stefáns Stefánssonar, 2. þgm. Skgf., Björns Kristjánssonar, Ólafs Briems, Magnúsar Andrjessonar, Ólafs Thoraciús og Ólafs Ólafssonar.

Fjell sú atkvæðagreiðsla þannig.

Já sögðu:	*Nei sögðu:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Björnsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Magnús Andrjess.,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Herm. Jónasson,	Ólafur Ólafsson,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Thorlacius,
L. H. Bjarnason,	Skúli Thoroddsen,
Magn. Kristjánss.,	St. Stefánsson, Skgf.
Pjetur Jónsson,	Þórh. Bjarnarson.
St. Stefánsson, Eyf.,	
Tr. Gunnarsson.	

Jón Jónsson var og talinn með meiri hlutanum. Kvaðst hann eigi geta greitt atkvæði, með því að hann hefði eigi verið á fundinum, en þá afsökun vildi deildin eigi taka gilda.

Var 1. gr. þannig samþ. með 14 atkv. gegn 11.

2. gr. samþ. með 14 atkv. gegn 7.

3. - — — 13 — — 4.

Fyrirsögn frumv. álitin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv. gegn 8.

Á 16. fundi Nd., laugardaginn 26. júli, kom frumv. (A 111) til 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer að mælast til þess, að hæstv. forseti ljeti þess getið við atkvæðagreiðsluna, að brtill. á þskj. 111 eiga við 1. gr. frumv. Tilvísunin til greinarinnar hefur fallið burt á þgskj.

Um breyt.till. sjálfar þarf ekki að fara mörgum orðum. Þær eru meðalvegur milli þeirra manna, sem vilja ekki breyta lögunum frá 4. marz 1904, og þeirra, sem geta ekki sætt sig við stjórnarfrumv. eða till. meiri hluta nefndarinnar. Jeg er algjörlega samdóma þeim allskýru yfirlýsingum, sem fram hafa komið hjer í deildinni við 2. umr. málsins, um að ekki sje fært að setja á stofn lagaskóla með því fyrirkomulagi, sem ætlazt er til í lögunum frá 4. marz 1904, að kennararnir við skólann sjeu annaðhvort yfirdómararnir við landsyfirdóminn eða hlaupakennarar. Jeg tók það skýrt fram við umræðurnar um málið þá, og lít alveg eins á það atriði enn. Það verður því að finna eitthvert það fyrirkomulag, sem fullnægi þeim kröfum, er gjörðar verða til þessa skóla. Jeg vil aðeins minna á, að þetta mál er eitt það mál, sem þingið hefur barizt einna mest fyrir um langan aldur, það mál, sem helzt miðar til að varðveita sjerstakt þjóðerni og sjálfstæði landsins í löggjöf og stjórnarfari. Mönnum er þetta í svo fersku minni, að jeg þarf ekki að fara um það frekari orðum.

Með breyt.till. er að eins farið fram á 300 kr. útgjaldahækkun frá því, sem með lögunum frá 4. marz 1904 er ákveðið; við skólann er farið fram á að veittar sjeu 2,800 kr. til fasts embættis, en eptir lögunum eru ætlaðar 2,500 kr. til aukakennslu, og fje það, sem í stjórnarfrumv. er farið fram á til aukakennslu, er lagt til að falli burt. Jeg ímynda mjer, að enginn láti sjer kostnaðarupphæðina í augum vaxa; kostnaðarhækkunin er ljettvæg í samanburði við það, að skólinn verði látinn sofa enn um langan aldur. Fyrir 300 kr. vilja menn ekki vinna til að vera lagaskólalausir. Hitt kann að vaxa mönnum meir í augum, að veita 2,800 kr. til að launa fast embætti. En hjá því verður ekki komizt. Þegar prestaskólinn og læknaskólinn byrjuðu, voru til útlendar bækur, sem hafa mátti til kennslunnar, því að þau vísindi eru ekki bundin við sjerstök lönd eða þjóðir; guðfræðin er nálega eins í öllum »prótestantiskum« löndum, og líkt má segja um læknisfræðina. En það verður ekki sagt um lögfræðina. Löggjöf þessa lands er svo sjerstakleg, að um hana getum við lítið stuðzt við lögfræðisrit annara þjóða, og þess vegna hlýtur allur undirbúningur undir kennslustarfið, rannsóknir á löggjöf okkar o. fl. að taka svo langan tíma, að enginn nýtur lögfræðingur, jeg segi *nýtur*, því að öðrum mönnum verður ekkert gagn, mundi vilja takast það undirbúningsstarf á sínar herðar, nema hann ætti víst að fá fasta stöðu á eptir. Ungir lögfræðingar duglegir geta undirbúningslaust fengið svo margt að vinna, sem betur er borgað og veitir tryggari stöðu, að ekki verður heimtað af þeim, að þeir taki að sjer þetta vandasama starf, ef það verður ver borgað, og auk þess ekki veitt nema til eins árs í senn. Það getur enginn ætlazt til, að nokkur byggi framtíð sína á slíku, þegar betri kjör bjóðast. Ef lagaskólinn á að komast á fót og gjöra gagn, er þess vegna eini vegurinn, að aðhyllast þær bryt.till., sem við höfum gjört.

Fyrir þessa deild er því í dag lögð þessi spurning: Vill deildin lagaskóla

eða vill hún hann ekki? Ómögulegt er að hengja hatt sinn á kostnaðinn; einhver önnur rök verða þeir menn að finna, sem öndverðir rísa gegn þessu máli.

En fari svo, að lagaskólinn verði felldur hjer í deildinni í dag, þá mun, eins og menn vita, vera í undirbúningi að stofna kennsludeild við Kaupmannahafnar háskóla í íslenzkum lögum, þar sem einkum verður kennd íslenzk nútíðarlöggjöf. En ef nokkuð er hæft í því, sem menn hafa sagt, að íslenzkir kandidatar frá Kaupmannahafnar háskóla hafi ekkert kunnað í íslenzkum lögum eptir háskólanámið og komið hingað til lands með danskar hugmyndir og danska rjettarmeðvitund, þá er miklu meiri hætta á ferðum hjer eptir í þessu efni, en áður hefur verið, ef nokkur framkvæmd verður úr þessari ráðagjörð háskólans, og ef alþingi fellir lagaskólann eða gjörir hann ónýtan og ómögulegan. Því að ef íslenzkir menn eiga að fara að nema íslenzk lög við danskan háskóla á dönsku máli og frá dönsku sjónarmiði, þá er sjálfstæði landsins í voða. Vill deildin hafna lagaskólanum og leggja inn á þessa braut? Það er spurningin, sem lögð verður fyrir deildina í dag, og atkvæðin eiga að leysa úr.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg ætla ekki að halda langa ræðu nú; það er ekki ástæða til þess, því að málið var svo ýtarlega rætt við 2. umr. En jeg vil að eins geta þess fyrir hönd meiri hlnta nefndarinnar, að við göngum að þeirri breytingartillögu, er hjer liggur fyrir, þótt okkur virðist hún fara of skammt, þar sem ekki er gjört ráð fyrir neinni aukakennslu. En úr því má bæta seinna, þegar það kemur betur í ljós, að þörf er á meiri kennslukröptum. Tillagan er mjög til bóta, samanborið við fyrirkomulagið eptir lögum 4. marz 1904. Tillagan bendir á miðlunarveg, sem vel má fara.

Ráðherrann: Jeg álít ekki of langt farið í frumv. stjórnarinnar, þvert á móti, það nær helzt til skammt. Hins vegar horfir breyt.till. til bóta frá því sem lögin eru nú. Það fyrirkomulag, sem hún fer fram á, er vænlegra og heppilegra en í lögunum 1904, og jafnframt sparar hún landssjóði í bráðina nokkur útgjöld. Jeg vil lýsa því yfir, að jeg eptir atvikum aðhyllist breyt.till., og að því leyti, sem tillagan miðar til þess, að bjarga málinu úr torfærum, kann jeg flutningsmönnunum þakkir fyrir hana.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg hafði ekki ætlað mjer að tala við þessa umr., jeg gjörði það nógu rækilega síðast, og þar að auki er jeg kvefaður. En þegar jeg heyrði háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), sessunaut minn, segja, að við atkvæðagreiðsluna ætti að skera úr því, hvort lagaskólinn ætti að komast á eða ekki, þá er þetta ekki rjett. Hinni löngu baráttu þjóðarinnar um stofnun lagaskóla var lokið, er lögin um stofnun skólans voru staðfest 4. marz 1904, og hjer er því að eins um það að ræða, hvort breyta skuli ákvæðum nefndra laga um það, hvernig skólinn skuli úr garði gjörður, að því er til kennslukraptanna kemur; og þegar á það er að líta, dylst mjer ekki, að breytingarfillagan gjöri skólann ver úr garði, en lögin frá 4. marz 1904 ætlast til. Nú er meiri hluti nefndarinnar, sem og hæstv. ráðherra, kominn að þeirri niðurstöðu, að skólinn sje gjörður vel úr garði, ef hækkuð sjeu laun eins kennara um 300 kr. Í lögum frá 1904 er gjört ráð fyrir,

að verja megi allmiklu fje til tímakennslu auk þess sem yfirdómurunum er ætlað að hafa á hendi kennslu við skólann jafnframt forstöðumanni, en nú er skólanum talið betur borgið með einum föstum kennara, auk forstöðumannsins. Annars get jeg ekki annað sagt, en að jeg kann illa við þá áherzlu, sem lögð er á það, að breyta nefndum lögum, þar sem mjer segir svo hugur um, að breytingin miði eingöngu að því, að bola yfirdómurunum frá kennslunni við skólann. En mig furðar þó að vísu minna á því, þegar jeg athuga, hvernig hinni háttv. stjórn tókst að velja forstöðumanninn. Hann kann að reynast duglegur og nýtur lögfræðingur, en öllum er kunnugt, að hann hefur átt í útistöðum við yfirdómarana, svo að eigi er það ósennilegt, að honum sje ekki mjög ljúf samvinna við þá. En það mun að líkindum vera þýðingarlaust, að orðlengja um þetta frekar; rödd mín mun verða eins og rödd hrópandans í eyðimörkinni, en það er gott, að þeir, sem frumv. þessu eru fylgjandi, fái þó að heyra þetta, því að jeg býst við, að vera muni einhver rödd hjá sjálfum þeim, er segi þeim, að mjer skjátlist eigi að öllu leyti.

Ráðherrann: Háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) hefur að því leyti rjett fyrir sjer, að við, sem viljum breyta til, teljum óheppilegt og ótryggilegt, að byggja framtíð lagaskólans á kennslumagni, vísindalegri starfsemi dómaranna við landsyfirrjettinn, og viljum því fá þeim ákvæðum laganna breytt, að landsyfirrjettardómararnir skuli annast kennsluna við lagaskólann. En hitt er rangt, og jeg mótmæli því kröptuglega, að þessi skoðun stafi af vantrausti á þeim mönnum, sem nú skipa dómarasætin í yfirrjettinum. Að vísu efast jeg um, að þeir vildu taka það að sjer. Að minnsta kosti hefur annar þeirra alltaf sagt, að hann vildi það ekki. En þó að þeir yfirdómarar, sem nú eru, bæði vildu og gætu, þá er ekki víst, að það hjeldist lengi, og væri jafnrangt fyrir því, að skipa skólanum þannig, að binda hann við landsyfirrjettinn. Það fyrirkomulag álít jeg alltaf óheppilegt, hvort sem yfirdómararnir heita það, sem þeir heita nú, eða ekki, og eptir því, en engu öðru, greiði jeg atkvæði mitt.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) sagði, að jeg hefði sagt, að það væri undir atkvæðagr., sem nú á fram að fara, komið, hvort við vildum hafa lagaskóla eða ekki; með því átti jeg auðvitað, fyrst og fremst, við á næsta fjárhagstímabili. Það þarf í því efni ekki annað en benda á skýlausar yfirlýsingar, sem fram hafa komið, bæði frá nefndinni í þessu máli og stjórninni. Stjórnin hefur lýst því yfir. að ef það fyrirkomulag fengist, sem farið er fram á í breyt.till., þá yrði lagaskólinn settur á stofn, en þar á móti ekki, með því fyrirkomulagi, sem er sett í lögunum 1904, því það yrði aldrei til gagns. Öll þau ummæli, sem jeg hafði um málið, eru því öldungis ómótmælanleg, þar sem jeg byggi þau á eins öruggri vissu, eins og að 2 og 2 eru 4. Sami háttv. þm. sagði og, að með fyrirkomulagi breyt.till. hlyti skólinn að verði ver úr garði gjörður. En það er ekki rjett, því þó að styrkurinn til aukakennarans sje felldur burtu, og þó að í ráði sje að taka einn fastan kennara í stað yfirdómaranna beggja, þá er skólinn einmitt betur settur þannig, því þessi eini maður verður *fastur* kennari við skólann og getur því tekið þegar að búa sig undir starfið, gjört kennsluna við skólann strax að sínu staðföstu lífsstarfi. Enginn

vafi er þess vegna á því, að þessi eini fasti kennari getur gjört miklu meira gagn en yfirdómararnir báðir, eða rjettara sagt, hann getur gjört gagn, en yfirdómararnir ekki. Það er mjög óheppilegt, að embættismenn, sem hafa daglegum embættisstörfum að gegna, hafi kennslu á hendi og sjerstaklega þessa kennslu, því hún er þannig löguð, að ekki má ganga að henni með tvístruðum huga; þeir, sem hana hafa á hendi, verða að leggja *allan* hug á að vanda það *eina* starf. Það er alveg ósamrýmanlegt við önnur embættisstörf. Þá hjó háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) eptir því, að forstöðumannsvalið af hálfu stjórnarinnar hefði ekki verið sem allra heppilegast. Jeg ætla ekki að fara út í þá sennu. Það, sem mest ríður á í því efni, er, að trygging sje fyrir því, að sá maður, sem forstjórn þessa lagaskóla tekst á hendur, hafi glögga lagaþekkingu, góðar námsgáfur og ennfremur einlægan vilja á því, að verða skólanum að gagni, og mjer fannst h. þm. ekki vilja draga neitt úr því, að sá maður, sem forstöðuna á að takast á hendur, hefði þetta allt til að bera og það er mitt álit einnig. Að öðru leyti legg jeg það á vald hinnar háttv. þingdeildar, hvernig hún greiðir atkv. um breyt.till.

ATKVÆÐAGR.: Brt. (A 111) »fyrir 2,400 komi 2,800« sþ. með 13 atkv. gegn 11.

»Til aukakennara 1,800 kr. falli burt« sþ. með 17 shlj. atkv.

Frv. sþ. með 13 atkv. gegn 10 og sendist forseta Ed.

Á 20. fundi Ed., fimmtudaginn 25. júlí, kom frumv. (A 119) til 1, umr.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það má segja um þetta mál, að það er gamall gestur hjer á þinginu, og auðvitað mælir enn margt með þeirri breytingu, að lögfræðingar landsins fái meiri þekkingu á íslenzkri lögfræði, en þeir hingað til hafa átt kost á að fá við háskólann í Kaupmannahöfn.

Jeg hef hlýtt á umræður manna um þetta mál í háttv. Nd., og skal jeg játa, að jeg fjekk þar upplýsingar um ýmisleg atriði málsins. En þó eru ýms atriði, sem jeg gjarna vildi fá meiri vissu fyrir. Jeg man ekki eptir, að jeg heyrði minnzt á, hve mikil líkindi væri til, að þeim aðaltilgangi frumv. yrði náð í bráð, að auka íslenzka lagaþekkingu í landinu. Það er ekki nóg í þessu efni að stofna skóla fyrir lögfræðisnemendur; eigi hann að koma að tilætluðum notum, verða að vera að minnsta kosti *nokkur líkindi* til, að hann verði nokkurn veginn sóttur.

Jeg tel því, að því að eins sje gjörlegt, að ráðast í að koma þessari stofnun á fót, að meir en litlar líkur sjeu til, að einhverjir sæki þennan skóla, og að hann verði ekki lærisveinalaus skóli með kennurum einum. En eins og nú horfir við, eru sárlítil líkindi til, að öðru vísi verði með þennan skóla.

Að vísu er mjer eigi vel kunnugt um, hve margir lögfræðingar hafa útskrifazt síðustu ár, sem nú eru embættislausir, eða hve margir stunda nú lögfræðisnám við háskólann, en sjálfsagt eru þeir milli 20 og 30. Og ef litið er til þess, þá eru litlar líkur til, að skóli þessi verði verulega sóttur; því að ef þessi áætlun er rjett, þá er landið byrgt upp með lögfræðinga, jeg vil segja í 20 ár, ef ekki fjölgar þeim embættum því meir. Vel má vera, að einstöku menn sæki skólann af vísindalegum áhuga á íslenzku lögfræðisnámi, en jeg hygg, að þeir sjeu þó miklu fleiri, sem lögin nema til þess að afloknu námi að komast í lífvænlega stöðu. En þau skilyrði álít jeg að ekki sjeu fyrir hendi. Hjá öllum

þorra námsmanna vorra er það lífvænleg staða, en ekki visindalegur áhugi, sem dregur þá til námsins. En eins og nú stendur, er vonin um þessa stöðu næsta lítil fyrir lögfræðingana frá íslenzka lagaskólanum.

Jeg skal geta þess, að þetta lagaskólafrumv. hefur líkan kostnað í för með sjer eins og frumv. frá 1904. En hjer kemur fleira til greina, en laun kennaranna. Það verður líka að líta á, hver kjör nemendunum eru ætluð, t. d. hvort þeir geta haft nokkra von um líkan námsstyrk og við háskólann. En jeg sje ekki, hvorki í þessu frumv., nje í fjárlögunum, að þeim sje ætlaður nánda nærri eins mikill fjárstyrkur, og það eitt er í mínum augum nóg ástæða, til að bægja mönnum frá að sækja skólann. Auðvitað er ætlazt til, að þeir taki aukapróf, þegar þeir koma frá háskólanum, og getur það ef til vill orðið til þess að auka aðsóknina að skólanum. En bæði er það, að menn ekki vita, hvernig próf það verður, og svo hygg jeg, að fjárvonin við háskólann ráði meiru en þetta próf. Mjer finnst því, hvernig sem jeg lít á þetta mál, ekki liggja á, að það nái framgangi, og hygg jeg, að reynslan viðvíkjandi hinum æðri innlendu menntastofnunum sýni, að ekki sje ástæða til að fjölga þeim að sinni. Aðalhvatirnar hjá nemendunum til þess að sækja þessa stofnun verða von um lífvænlega stöðu, en þar sem þær vonir eru litlar, þá hygg jeg, að þessi stofnun verði eigi annað, en launastofnun fyrir kennara, en eigi nytsemdarstofnun fyrir þjóðina. Jeg tala hjer frá mínu eigin sjónarmiði án tillits til flokkaskipana. Og þegar litið er á fjárhag landsins, þá get jeg eigi sjeð, að þörf sje að auka gjöldin með því að flýta þessu máli.

Það hefur verið mikið talað um milliþinganefnd og að nauðsyn sje á því, að skattamál landsins komist í betra horf. Hygg jeg, að þetta frumv. geti vel beðið, þangað til menn hafa fengið betri von um fjárhag landsins, og betra yfirlit yfir hann. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji, að mál þetta sje fellt nú, til þess ber jeg allt of mikla virðingu fyrir því. En þó Nd. gengi vel frá því, þá væri þó gott að fá sum atriði þess betur upplýst. Þannig væri æskilegt að fá greinilegar skýrslur yfir, hve marga lögfræðinga vjer höfum útskrifaða, og hve margir eru við nám. Þetta væri betra að fá athugað í nefnd. Vil jeg því stinga upp á, að 3 manna nefnd verði skipuð að lokinni þess umr.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg ætla ekki að flytja langt erindi að þessu sinni, því að jeg álít þess í raun rjettri ekki þörf. Jeg get ekki neitað því, að það vakti nokkra undrun hjá mjer, að heyra háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) tala eins eindregið á móti stofnun lagaskóla eins og hann gjörði. Mjer er að vísu eigi kunnugt, hver stefna háttv. þm. (Sig. St.) hefur verið í máli þessu á undanförnum þingum. En hvað sem henni líður, þá kom mjer það á óvart, að eptir meðferð málsins á síðustu þingum, eptir allan undirbúning þess áður, og þrátt fyrir allar þær vonir, sem margir beztu menn þjóðarinnar hafa tengt við það, skuli hann nú rísa öndverður gegn málinu. Jeg skildi ekki betur, en að háttv. þm. (Sig. St.) vildi enn á ný fresta málinu, rjett eins og honum þyki það ekki hafa dregizt nógu lengi að koma því fram. En þá verð jeg að segja, að mjer sýnist hin eina frestunaraðferð, sem samboðin er þessu 62 ára gamla áhugamáli þjóðarinnar sje sú, að nema úr gildi lögin um stofnun lagaskóla frá síðasta þingi, en láta þau ekki standa

oss til vanvirðu, ef það er í raun og veru tilætlunin að draga málið enn á langinn um óákveðinn tíma, og þá ef til vill að svæfa það með öllu. Háttv. þm. (Sig. St.) bendir mjer á niðurlagsgrein laganna um stofnun lagaskóla, og er þar eigi gjört ráð fyrir, að hann taki til starfa, fyr en fje er veitt til hans á fjárlögunum, það er að vísu satt, að lögin eru þannig orðuð, en oss er það þó eigi samboðið, að nota þessi ákvæði þannig, að láta stofnun lagaskólans dragast von úr viti. Háttv. þm. (Sig. St.) þótti málið þurfa betri upplýsinga við. En málið hefur þegar verið rætt svo, og íhugað bæði á þessu þingi og áður, að ólíklegt er, að hægt sje að skýra það öllu betur en gjört hefur verið, eða afla sjer nýrra upplýsinga. Sum atriði þessa máls eru þannig vaxin, að reynslan ein getur gefið fullnægjandi upplýsingar um þau, og ekki flýtir frestun á stofnun skólans fyrir því, að þær upplýsingar fáist. Háttv. þm. (Sig. St.) vildi fá að vita, hverjar birgðir væru til af lögfræðingum. Jeg hygg það muni vera auðvelt fyrir hann að fá vitneskju um það; það þarf varla annað en að telja þá á fingrum sjer, vjer erum svo fáir og smáir, að nálega þekkir hjer hver annan, ekki sízt hafi hann farið út fyrir pollinn og tekið þar próf. En hvað marga íslenzka lögfræðinga munum vjer eiga? Jeg játa það, að vjer eigum birgðir nægar af lögfræðingum, borið saman við aðrar birgðir vorar, en því neita jeg, að vjer sjeum birgir af lögfræðingum, sem numið hafa íslenzk lög.

Þá minntist háttv. þm. (Sig. St.) á líkindin fyrir því, hvernig skólinn mundi verða sóttur. Hann taldi þau lítil vera, og þótti háttv. Nd. hafa lítið rætt um þá hlið málsins. Jeg hygg, að þetta sje ekki rjett ásökun gagnvart Nd., þar var einmitt talað rækilega um markmið skólans, og hverjar líkur væru fyrir því, að því yrði náð. Markmið skólans mun jafnan frá því lagaskólamálið komst á dagskrá, hafa verið það, að skapa meðal þjóðarinnar glögga þekkingu á íslenzkum lögum, þekkingu byggða á þjóðlegum grundvelli. Vjer getum að vísu ekki með vissu sagt um, hvernig þetta muni takast, fyr en skólinn er tekinn til starfa, en vanalega farnast fyrirtækjunum eptir því, hve brýn þörf hefur knúð þau fram, og það ætla jeg, að umræðurnar í háttv. Nd. hafi skýrt fyrir oss, að vjer höfum þörf á að afla oss miklu veigameiri þekkingar á fornlögum vorum, nútíðarlöggjöf og ekki sízt því, hvernig heillavænlegast muni að haga framtíðarlöggjöfinni, en vjer eigum nú kost á að ná. Þessi þörf er svo mikil, að hún á að geta borið upp stóran skóla. Það má segja um mál þetta, að yfir því hvíli eins konar helgiblær; fyrir því hafa beztu menn þjóðarinnar barizt nær því tvo mannsaldra, og það er eins og raddir þeirra berist oss til eyrna, og eggi oss lögeggjan, að fresta nú ekki framkvæmd þess stundu lengur, fyrst vjer höfum borið giptu til þess að öðlast heimild til að reisa lagaskólann. Við meðferð málsins í háttv. Nd. hafa verið lagaðir gallar, sem voru á lögunum um stofnun lagaskóla frá 4. marz 1904. Án þess að kostnaður sje aukinn að nokkrum mun, er nú betur sjeð fyrir kennslukröptum við skólann, en þá var gjört.

Hvernig sem jeg lít á málið, sje jeg ekki annað, en að það eigi að fá framgang á þessu þingi, og jeg sje ekki betur, en að það liggi svo ljóst fyrir, að óþarfi sje að skipa nefnd í það í þessari deild. Það hefur verið fjallað um það í nefnd í Nd., og sú nefnd hafði sjerlega góðar ástæður til þess að skoða það sem rækilegast, því hún skiptist í

meiri og minni hlut, og eptir að það kom frá þeirri nefnd, var það rætt vendilega í háttv. Nd. og skýrt þar frá ýmsum hliðum. Það má því segja, að það sje orðið vendilega skoðað, einkum þegar tekið er tillit til þess, hve opt og vandlega það hefur áður verið rætt á þingi.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Hefði jeg verið í vafa um það, hvort málið ætti fram að ganga á þessu þingi eða ekki, áður en háttv. 6. kgk. (Stgr. J.) hjelt ræðu sína, þá mundi sá vafi hafa með öllu horfið við ræðu háttv. þm. (Stgr. J.), því að sú ræða fór öll fyrir ofan garð og neðan, að því er snertir röksemdir mínar gegn frumv. Háttv. þm. (Stgr. J.) sagði það ekki sæma, að slá málinu á frest, en jeg vil leyfa mjer að benda háttv. þm. (Stgr. J.) á 5. gr. laganna um stofnun lagaskóla frá 4. marz 1904, þar segir svo: »Skólinn tekur til starfa, þegar veitt er fje til hans á fjárlögum. Þar er ótvíræðlega engu slegið föstu um það, hve nær skólinn skuli taka til starfa; og jeg sje enga vansæmd í því, þótt vjer notum bein ummæli laganna, og frestum málinu að sinni, á meðan fjárhagurinn er ekki rýmri en hann er. Auk þess standa aðrar þær ástæður, er jeg bar fram til stuðnings frestuninni, alveg óhaggaðar, þrátt fyrir ræðu háttv. þm. (Stgr. J.). Jeg játa það, að æskilegt væri, að menn fengju betri kost á að stunda íslenzk lög; það er þörf á því. En hvað gagnar það, þótt þörf sje að því leyti á að stofna skólann, ef lítil líkindi eru fyrir, að hann bæti úr þörfinni, og jeg þykist hafa sýnt fram á, að valt sje að treysta því að svo stöddu. Háttv. þm. (Stgr. J.) reyndi ekki að færa minnstu líkur fyrir því, að íslenzkir námsmenn mundu sækja lagaskólann til að stunda þar íslenzk lög; og hverju erum vjer þá bættari, þótt vjer fáum skólann, ef hann stendur því nær tómur? Jú, vjer höfum þá lagt þunga byrði á landssjóð til lítils eða einskis gagns. Jeg tek það enn fram, að jeg gjöri ráð fyrir, að vonin um lífvænlega atvinnu muni ráða meiru hjá námsmönnum vorum, en hitt að geta orðið íslenzkur lögfræðingur; og vjer vitum, að nú er það lítil arðsvon að ganga lagaveginn, þar sem svo margir lögfræðingar eru fyrir.

Háttv. þm. (Stgr. J.) fór hjartnæmum orðum um það, að frumv. þetta hefði í hans augum helgiblæ yfir sjer, og yrði þingið að fara um það mjúkum höndum, fara með það eins og einhvern helgan dóm. Jeg játa það, að háttv. þm. (Stgr. J.) hafi þar nokkuð til síns máls. En vel mætti svo fara, að helgiblærinn hyrfi af málinu, ef vjer færum og stofnuðum dýran lagaskóla, sem svo stæði nálega tómur, eins og mjer sýnist mestar líkur til; þá mætti miklu fremur segja, að hvíldi ömurlegur blær en ekki dýrðlegur yfir stofnun þessari, að minnsta kosti frá sjónarmiði þeirra, sem eiga að leggja fram fjeð. Það getur verið, að kennararnir yndu sjer full vel í þessum helgidómi, þar sem ekkert óhreint fengi komizt að; um það skal jeg ekkert segja.

Jeg bið hv. deild að taka eigi orð mín svo, að jeg sje á móti íslenzkum lagaskóla, en því held jeg fram, að oss liggi ekki á, að fá hann stofnaðan á þessu þingi; jeg segi, að vjer eigum að bíða þangað til betri skilyrði eru fyrir hendi en nú, að hann geti komið að verulegum notum. Að minnsta kosti eigum vjer að bíða með stofnun hans, þangað til betur er sjeð fyrir fjárhag landsins en nú. Þessi afstaða verð jeg að skoða að sje allt annað, en að vera »principíelt« á móti allri innlendri

lagakennslu. Jeg er því alls eigi mótfallinn, að efnilegum lögfræðingi sje veittur styrkur til þess að kynna sjer íslenzk lög og búa undir málið, og jeg tel ekki eptir þann styrk, sem veittur hefur verið í þessu skyni; hann getur komið að gagni, þegar stofnunin er reist. Jeg sje því ekki ósæmilegt, að fresta málinu, tel það þvert á móti hyggilegt að búa sem bezt um hnútana, áður en skólinn er reistur.

Ráðherrann: Jeg get verið stuttorður að þessu sinni, því að jeg er algjörlega samdóma því, sem háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði um mál þetta, og hef litlu við það að bæta. Það virðist svo sem ágreiningurinn sje hjer einkum sprottinn af því, að háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) líti öðrum augum á tilgang skólans en við. Hann hefur í báðum ræðum sínum látið þá skoðun í ljós, að hann líti svo á, að lagaskólinn muni verða »launastofnun handa embættismönnunum«. En við hinir lítum öðru vísi á; við lítum þannig á, að stofnun lagaskólans eigi að gjöra það að verkum, að hjer eptir eigi enginn lögfræðingur að geta komizt í embætti og fengið laun af landsfje, nema hann hafi numið íslenzk lög, og til þess að tryggja þetta, er svo kveðið á í frumv., að auk hins venjulega prófs yfir nemendum skólans, skuli skipa fyrir um aukapróf fyrir fullnuma frá Kaupmannahafnarháskóla, sem öðlast vilja rjett til embætta hjer á landi. En þetta kemur ekki í gildi fyr en þrem árum eptir að skólinn er stofnaður, og einmitt þess vegna er full ástæða til að flýta stofnun hans sem mest, svo að markaðurinn fyllist ekki stórum meira af dönskum löðfræðingum fram úr þessu. Ef tilgangur frumv. væri sá, að »frelsa landið« úr lögfræðingaeklu, þá játa jeg, að röksemdafærsla háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) væri góð og gild, en tilgangurinn er alls ekki fyrst og fremst sá, heldur hinn, að gjöra lögfræði vora og lögfræðisnám sem íslenzkast, og þessu er full þörf að flýta. Frumv. hefur að eins verið breytt í þá átt, að tryggja sjer betri kennslukrapta og er það óefað bót á lögunum frá 4. marz 1904, því að þau voru gallagripur að því leyti, og er mjög hætt við, að ef við þau er látið sitja, þá muni skólinn ekki geta leyst kennslustarf sitt viðunandi af hendi.

Síðar í sumar, þegar fjárlagafrumv. kemur fram, mun verða farið fram á það, að fje verði veitt, svo að skólinn geti tekið til starfa haustið 1908, og þá mun líka verða farið fram á, að námsstyrkur sje veittur þeim, er á skólann ganga. Það er engin von, að enn sje komin fram till. um það, meðan ekki er sjeð fyrir endann á forlögum þessa frumv. Vona jeg þá, að háttv. þm. (Sig. St.) verði fús að leggja fram fje það, sem um verður beðið.

Valtýr Guðmundsson: Mjer kemur það kynlega fyrir, hvað lögfræðingarnir eru hver um annan þveran ákafir, að lýsa því yfir, að þeir sjeu ónýtir í íslenzkum lögum, og að það sje bráð-nauðsynlegt, að fá upp lagaskóla sem allra fyrst, af því að fáfræðin sje svo mikil hjá lögfræðingunum.

Hæstv. ráðherra kvað skóla þennan svo nauðsynlegan af því, að nú væri engin trygging fyrir því, að íslenzkir lögfræðingar kynnu nokkuð í íslenzkum lögum. En hvaða trygging er fyrir því, að við verðum nokkru bættari, þótt skólinn komist upp, því að kennararnir við hann verða þó sjálfsagt teknir úr flokki þessara lögfræðinga, sem ekkert eiga að kunna í ís-

lenzkum lögum. Jeg veit ekki til, að lögfræðingar vorir hafi sýnt það með ritgjörðum, að þeir hefðu nokkra sjerlega sjerþekkingu til brunns að bera í þeim efnum. Að minnsta kosti þekki jeg ekkert rit, er sýni þetta eptir þann mann, sem notið hefur styrks nú að undanförnu, og sem mun eiga að verða forstöðumaður hins fyrirhugaða lagaskóla.

Það hefur um langa hríð staðið opið pláss við Kaupmannahafnarháskóla fyrir mann, er vildi gefa sig fram til, að kenna þar íslenzk lög, en enginn hefur boðið sig fram, sem þótt hefur hæfur. Það má máske ætla, að maðurinn, sem tvö undanfarin ár hefur notið styrks til að kynnast íslenzkum lögum, sje orðinn fróður í þeim, þótt eigi hafi hann enn sýnt vott þess á prenti, og sannast að segja, hefði nokkuð mátt vinna þennan tíma, ef honum hefði verið vel varið, og hann eingöngu notaður til þess, sem átti að nota hann til.

En jeg er hræddur um, að maðurinn hafi um of varið tímanum til annarlegra starfa og skemmtana. — Jeg var honum samtímis all-mikið af síðasta vetri, og mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi varið mjög miklu af tímanum til að stunda lög, enda þarf ekki til Kaupmannahafnar og annara höfuðborga, og út um lönd til þess, að stunda íslenzk lög; það má gjöra það hjer heima.

Það er rjett hjá háttv. þingm. Ísf.k. (Sig. St.), að það þarf að líta á það, hver líkindi sjeu fyrir því, að skólinn muni verða sóttur, og það er líka sjálfsagt rjett hjá háttv. þm. Ísfjk. (S. St.), að þau muni verða mjög lítil; það mun verða sterkasta hvötin tyrir flesta, að ganga á skólann, að þeir geti átt von á því, að fá embætti. að loknu námi, en þær vonir geta ekki verið miklar, þar sem slíkur sægur er nú fyrir af lögfræðingum; og þótt þeir hafi ekki gengið undir próf það í íslenzkum lögum, sem frumv. gjörir ráð fyrir, þá hafa þeir annað fram yfir ný-græðingana, sem verður þungt á metunum; þeir hafa fengið praktiska æfingu, og það sumir hverjir hjá reyndum embættismönnum, og sú æfing á að gjöra þá hæfari til embætta, en unga kandídata, þótt þeir hafi lesið eitthvað í íslenzkum lögum.

Jeg tel það skynsamlegasta meðferð þessa máls, að veita nú fje á fjárlögunum handa ungum og efnilegum mönnum til þess, að kynna sjer íslenzk lög; svo ættu þessir menn, eða þessi maður, að skrifa eitthvað það, er sýndi, að hann væri fær um það, að taka að sjer kennslu í íslenzkum lögum; að því búnu er fyrst tími til þess kominn, að skólinn taki til starfa. — Það er ekki venja við háskóla, að veita öðrum embætti, en þeim, sem sýnt hafa, að þeir hafi til að bera góða sjerþekkingu í þeirri grein, sem þeir eiga að kenna.

Háttv. 6. kgk. (Stgr. J.) vildi halda því fram, að þrif skólans væru undir því komin, hve mikil þörf væri á honum. En munu þau ekki fullt svo mikið vera undir því komin, hvaða menn það eru, sem byrja að leggja grundvöllinn undir skólann; hverja þekkingu þeir hafa, og hvern dugnað þeir sýna? Jeg verð að vera á því, að málið sje ekki svo ljóst enn, að eigi sje full þörf á því, að hjer sje skipuð nefnd í það. Jeg held t. d., að það sje meiri trygging fyrir góðri kennslu í skólanum eptir ákvæðum laganna frá 4. marz 1904, en eptir frumv. þessu. Jeg held, að það sje meiri trygging fólgin í því, að yfirdómararnir kenni við skólann, menn, sem um langan aldur eru búnir að

kynna sjer íslenzk lög, en tveir ungir og lítt reyndir lögfræðingar; þar að auki er í lögunum gjört ráð fyrir frekari aukakennslu, en hún er hjer felld niður. Því meiri von er um fjölbreytta þekkingu, því fleiri sem taka þátt í kennslunni, en sjerstaklega má bera traust til yfirdómaranna sökum reynslu þeirra og þekkingar.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg ætlaði ekki að standa upp aptur, en mjer virðast athugasemdir háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) svo athugaverðar, að jeg get ekki leitt hjá mjer, að svara þeim nokkrum orðum. Hann byrjaði með því, að láta í ljósi, hve leiðinlegt sjer þætti að heyra íslenzka lögfræðinga barma sjer yfir, hve ónýtir þeir væru til að gegna embættum sínum. Þessi ummæli háttv. þm. eru vonandi sprottin af skilningsleysi, en eigi öðru verra. Honum var þó vorkunnarlaust, að skilja orð mín eins og þau voru meint. Jeg þykist hafa skýrt það fullgreinilega, hve örðugt það er fyrir lögfræðinga vora, að taka við sýslumannsembættum, þegar þeir koma frá háskólanum eptir 6 ára nám, og að það er ómögulegt fyrir þá, að standa vel í stöðu sinni án þess, að slíta sjer mjög út. En jeg vona, að embættisferill sýslumanna og annara lögfræðinga hjer á landi sýni það ljóslega, að þeir standa sómasamlega í stöðu sinni. Þá gat hinn háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) þess, að það væri bót í máli, að opið stæði fyrir lögfræðisnemum, að fá tilsögn við Kaupmannahafnarháskóla í íslenzkum lögum. Jeg veit, að svo er. En einmitt það gjörir mig tvöfalt ákveðnari í því, að reyna að flýta fyrir þessu máli, og koma því í framkvæmd, því að sú tilsögn, sem þar yrði veitt, er dönsk kennsla af dönskum mönnum á danskri tungu, og ekki byggð á þjóðlegum grundvelli. Frá Dana hálfu mundi þetta eigi geta gjört eins mikið til að ljetta fyrir sýslumönnum, eins og til þess, að draga úr og kæfa niður þá »separatistisku tendensa«, sem gjört hafa vart við sig í íslenzkri löggjöf.

Háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) talaði hjer um »prívat«-líf annars þingmanns, sem ekki er viðstaddur, og álít jeg það ekki vel við eigandi hjer í þessum sal; þótt háttv. þm. neiti því, að það sje »prívat«-líf, þá getur enginn vafi leikið á því, að hann átti við »prívat«-lífið, eptir þeim orðum, sem hann hafði. Jeg þarf ekkert að minnast á mögulegleika þessarar stofnunar, enda er nægur tími að tala um það við 2. umr.

Jeg skal að lokum minnast að eins á eitt atriði enn í ræðu háttv. þingm. K.-G. (V. G.), þar sem hann vildi gjöra lítið úr þörfinni á þessum skóla. Það er æfinlega þörf, þar sem tilveruskilyrði eru fyrir hendi. Og á þörfinni byggist trúin á nytsemi stofnunarinnar, og þá líka trúin á það, að stofnunin geti þrifizt. Þetta er svo samgróið mannseðlinu eins í þessu sem í öðrum málum. Fyrir þann trúlausa er ekkert annað að gjöra, en að greiða atkvæði á móti lagaskólanum.

ATKV.GR.: Frumv. visað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Till. um þriggja manna nefnd felld með 8 atkv. gegn 5.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 10. ágúst, kom frumv. (A. 119) til 2. umr.

Valtýr Guðmundsson, (2. þm. G.-K.). Jeg skal leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann ekki vill taka þetta mál út af dagskrá að þessu sinni. Við 1. umr. var neitað að setja

nefnd í það, en síðan hef jeg ekki haft tíma eða tækifæri til að athuga frumv. eða koma fram með br.till. við það. Vildi jeg því leyfa mjer að óska, að það verði tekið út af dagskrá.

Þá tók forseti málið út af dagskrá.

Á 24. fundi Ed., mánudaginn 12. ágúst, kom frumv. (A. 119, 191) til 2. umr.

Valtýr Guðmundsson, (2. þm. G.-K.). Jeg verð fyrst að geta þess viðvíkjandi því, sem hæstv. forseti sagði, að jeg er ekki viss um, að þetta sje prentvilla, og frv. sje í rjettu formi.[1] Það stendur, að frumv. liggi hjer fyrir í sömu mynd eins og það var samþykkt í við 3. umr. í neðri deild, og hef jeg einnig athugað þetta í skjalapartinum, en þar er alveg sama fyrirsögnin, og lítur því ekki út fyrir, að hjer sje um prentvillu að ræða. En þá er frumv. ekki í því formi, sem þingsköpin fyrirskipa, því þar stendur, að öll frumv. skuli vera með lagasniði, en þetta er eigi þannig úr garði gjört og samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á hvert frv. að leggjast fyrir aðra deildina í því formi, sem það var samþykkt í í hinni. En hafi það ekki verið samþykkt í þessu formi, þá verður samt að vísa því frá. Þessu vil jeg leyfa mjer að skjóta til hæstv. forseta.

Þó þessir gallar væru á formi frv., hef jeg samt leyft mjer að koma fram með breyt.tillögur við frv. Jeg orðaði fyrirsögn þeirra eins og frumv., en skrifstofan hefur bætt inn í »til laga«, svo að þskj. 119 er ekki rjett eptir handriti mínu. En með því hæstv. forseti skoðar þetta prentvillu, þá skal jeg leyfa mjer að halda áfram umræðum, og gjöra grein fyrir þessum breyt.till.

1) Orðin »til laga« vantaði á eftir orðinu »Frumvarp.«

Jeg tók það fram við 1. umr., að jeg áliti þetta enga bót á núgildandi lögum. Jeg verð að álíta, að langmest trygging sje fyrir góðri kennslu við skólann, ef yfirdómararnir eru kennarar, og geng jeg út frá, að þeir, sem um langan aldur hafa fengizt við íslenzk lög, hafi mesta þekkingu á þeim. En litla tryggingu álít jeg, ef ungir og óreyndir kandídatar eða sýslumenn, sem lítið hafa fengizt við dómarastörf — því störfum sýslumanna er þannig farið, að þeir þurfa sjaldan að setjast í dómarasætið — væru til þess fengnir, álít jeg litla tryggingu fyrir góðri þekkingu á íslenzkum lögum, ekki sízt þegar lítið er á þá lýsingu, er þeir sjálfir gefa, og vil jeg í sambandi við þetta leyfa mjer að benda á ræðu háttv. 6. kgk. þm. við 1. umr., þar sem hann lýtti, hve hörmulega væri ástatt með þekkingu þeirra á íslenzkum lögum fyrst þegar þeir kæmu frá Kaupmannahafnarháskóla.

Af þessum ástæðum hef jeg leyft mjer að koma fram með þá breyt.till., að 1. gr. frumv. falli burt. En aptur á móti fellst jeg á 2. gr. frumv. um aukapróf fyrir fullnuma frá Kaupmannahafnarháskóla, enda hefur alltaf verið til þess ætlazt. En fari nú svo, að háttv. deild felli þessa breyt.till., og vilji endilega nýja kennara, þá álít jeg þó aðra leið heppilegri en þá, sem háttv. neðri deild fór. Hún hefur vikið frá stjórnarfrv., er fór fram á 2 fasta kennara og 1 aukakennara, og er þó tekið fram í athugasemdunum við frumv, hversu nauðsynlegt þetta sje, þar sem fræðigreinarnar hljóti að verða svo margar, nfl.: 1. og 2. borgararjettur, landsrjettur, rjettarfar, hegningarrjettur og rjettarsaga. Þar sem fræðigreinarnar eru svo margar, þá er það öllum ljóst, að skólinn hlýtur að

verða í betra lagi, ef kennarar eru fleiri en 2. Lærisveinarnir hljóta að fá betri fræðslu, og að því, er snertir að semja kennslubækur, þá gjörir verkaskiptingin það miklu aðgengilegra, ef hver tekur að sjer sína grein. Jeg álít því stj.frumv. töluvert betra, enda er það nær hinum upphaflegu lögum.

Það, sem jeg held að sjerstaklega hafi vakað fyrir háttv. neðri deild, var fjársparnaður. Hún kippir alveg burt aukakennaranum, en hækkar aptur lítið eitt laun hins kennarans. Álít jeg litla tryggingu fyrir, að skólinn hafi líkan hag af þeirri launahækkun eins og hann mundi hafa af verkaskiptingunni, þó launin væru miklu minni.

Mjer hefur því komið til hugar að halda stefnu stjórnarinnar með 3 kennara og jafnframt fjársparnaðinum. Jeg hef farið fram á, að forstöðumaður skólans sje prófessor. Finnst mjer að ef hann á að leysa sömu störf af hendi og prófessorar í útlöndum, þá eigi hann að bera sama nafn. Þessar stofnanir okkar hafa verið skoðaðar sem nokkurskonar undirlægjustofnanir og þess vegna eigi höfð sömu nöfn við þær, eins og við samskonar stofnanir í Danmörku. En það má þá ekki minna vera, en að við sjálfir gjörum þeim jafnhátt undir höfði. Því næst hef jeg farið fram á, að við skólann verði 2 dósentar, hvor með 1000 kr. launum. Þetta kann nú að virðast sumum nokkuð lágt, en ef hægt er að hafa dósenta við Kaupmannahafnarháskóla með slíkum launum, því skyldi það þá ekki eins vera hægt hjer? Jeg veit meira að segja ekki betur, en að þar sje nú einn með að eins 800 kr. launum. Það er ekki gjört ráð fyrir, að þeir verji öllum sínum tíma til þessa starfa, heldur geti þeir haft ýmiskonar aukavinnu. Og þar sem svo margir lögfræðingar eru hjer nú, og mörg störf hjer í Reykjavík fyrir þá, bæði við málfærslu og fleira, sem þeir gætu haft aukreitis, þá efast jeg ekki um, að nógir yrðu til að taka þetta að sjer, og vinna sjer ef til vill til frægðar við rannsókn á íslenzkum lögum. Álít jeg það ekki svo mikla hættu, þó þeir færu frá, ef þeim biðist betra, því þá kæmu nýir menn, og hjeldu áfram og byggðu ofan á grundvöllinn, sem fyrirrennarinn hefði lagt. Þannig gengur það einmitt til í útlöndum. Þar eru það vanalega ungu mennirnir, sem vinna vísindalegu störfin. En þegar þeir eru orðnir gamlir og prófessorar, þá hætta þeir vanalega allri framsókn, og tyggja bara upp sömu fyrirlestrana ár eptir ár. Ennfremur fer jeg fram á í breyt.till., að laun þeirra verði hækkuð eptir hver 5 ár um 500 kr., uns þau eru 2,000 kr. Það getur verið, að þetta þyki of skammt farið, en ef það sýnir sig, að einhver maður er sjerlega duglegur við þetta starf, og ritar t. d. bækur, sem þykja mikils virði, þá efast jeg ekki um, að þingið mundi ganga lengra, og hækka launin, ef því sýnist nauðsynlegt að halda sömu mönnum. En jeg býst þó við, að þeir mundu komast í önnur embætti, en nýir kraptar koma í staðinn, og breiddist þannig þekking á íslenzkum lögum meira og meira út meðal annara lögfróðra embættismanna eptir því sem fleiri yrðu til að rannsaka íslenzk lög. Þessi breyt.till. fer þá fram á, að fyrst um sinn verði launin til prófessorsins 4,000 kr., og 2,000 kr. til tveggja dósentanna. Forstöðumannslaunin eru sömu hjá neðri deild, en hinn fasti kennarinn á þar að hafa 2.800 kr. En eptir stjórnarfrumv. hefur hann 2,400 kr., en auk þess aukakennari 1,800 kr. Með þessari breyt.till. eru þá sparaðar 2,200 kr. frá því, sem stjórnarfrv.

leggur til, en kennaratalan þó hin sama og verkaskiptingin, sem jeg legg sjerstaklega áherzlu á. Að vísu verður sparnaðurinn ef til vill minni, þegar frá líður, en þá býst jeg við að fjárhagur landsins verði kominn í þeim mun betra horf. Og þó launin verði eptir 10 ár komin upp í 2,000 kr., þá eru þó sparaðar 200 kr. frá stjórnarfrumv. Það verður þá sem sagt aðaltillaga mín, að felld sje burtu 1. gr. frumv. en vilji háttv. deild ekki fallast á það, þá álít jeg þessa leið betri, sem samkvæm er stefnu stjórnarinnar og í samræmi við núgildandi lög. Skal jeg að svo stöddu ekki orðlengja frekar um þetta mál.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Frumv. þetta hefur verið rætt og tilgangur þess nákvæmlega skýrður bæði í Nd. og sömuleiðis hjer í deildinni. Tilgangur frumv. er sá, að breyta á þann veg, og bæta svo lögin frá 4. marz 1904, að unnt sje að koma sæmilega af stað þeim skóla, sem nefnd lög gjöra ráð fyrir. Fyrir mjer hefur vakað, að skólinn geti tekið til starfa á næsta ári og álít jeg umbætur þær, sem frv. þetta fer fram á, þær minustu, sem hægt er að komast af með, eins og jeg hygg, að jeg hafi tekið fram við 1. umr. þessa máls. En síðar koma tímar og koma ráð, og vonast jeg til, að þá verði hægt að gjöra meira fyrir skólann, svo sem að veita styrk til þess að halda fyrirlestra, styrk til nemenda o. fl., en að skaðlausu álít jeg, að það megi dragast til næsta þings.

Jeg hygg, að það sem einkum vakti fyrir þeim, sem fluttu breyt.till. við frumv. þetta í Nd., hafi verið það, að gjöra frumv. aðgengilegra, og gjöra það lífvænlegt fyrir einhvern dugandi lögfræðing að sækja um aðra kennara stöðu við skólann, sem hreint ekki var lífvænlegt eptir lögunum frá 4. marz 4904, enda mundi enginn dugandi maður hafa farið að draga sig eptir þeim vonarbitling.

Það var mikið um það rætt í Nd., og sömuleiðis nokkuð hjer, hvaða annmörkum það væri bundið, að yfirdómararnir gætu verið kennarar við skólann, og þarf jeg þar engu við að bæta. Á þessum grundvelli vona jeg að háttv. deild hiki ekki við, að fella aðalbreyt.till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), enda leit jeg svo á atkv.gr. um mál þetta við 1. umr., að hún styrkir mig í þeirri trú.

Þá kemur síðari hluti þessarar breyt.till., um að hafa tvo kennara auk forstöðumanns, launa hvorum þeirra 1,000 kr., og kalla þá dósenta, en forstöðumanninn prófessor. Ekki get jeg sagt, að jeg sje sjerlega hrifinn af breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um þessar nafnbætur eða öllu fremur nafnbreytingar á kennurum skólans, því að í rauninni er það ekki annað en að hjer eru tekin dönsk nöfn í stað íslenzkra, sem bæði eru alþekkt og viðkunnanlegri í málinu, svo að litlu met jeg þær nýjungar.

Vel gæti jeg fellt mig við, að hafa 3 kennara við skólann, í stað tveggja, og býst jeg ekki við, að langt verði þangað til, að sú verði raunin á, en jafnframt því yrði það auðvitað að vera skilyrði, að einhverjir dugandi menn fengjust til þess að sækja um þessi embætti, eða með öðrum orðum, að þau væru eptirsóknarverð, en hjer er ekki því að heilsa, því að jeg geng að því vísu, að fáir mundu vilja nota þau sultarkjör, að fá 1,000 kr. fyrir að kenna líklega 2 greinar, því að í allt verða greinarnar 6. Það bætti að vísu, að hafa þessar 500 kr. launaviðbót í kíkinum, en hún mundi lítið stoða svo langt í burtu.

Háttv. 2. þm. K.-G. (V.-G.); var að

bera saman dósentastöðu við háskólann, saman við aukakennarastöðu við skólann hjer, og verður það ekki rjettur samanburður, því að þeir dósentar, sem hafa 800 kr. eða 1000 kr. laun við háskólann, hafa svo litlar skyldur, en hjer yrði um það að ræða, að kenna vissar yfirgripsmiklar greinar. Annars munu margir dósentar við háskólann byrja með hærri launum; sjálfur háttv. þm. mun hafa fengið yfir 2,000 kr. til að byrja með. Og svo er allt öðru máli að gegna, með að þurfa ekki að halda nema 1 eða 2 fyrirlestra á viku, eða að kenna vissa grein, hafa þar yfirheyrslu og búa nemendur undir próf. Ef breyt.till. hefði farið fram á það, að annar aukakennari hefði haft 2,800 kr. að launum, en hinn 1,000 kr., þá mundi jeg fremur hafa orðið með henni. Í Kaupmannahöfn geta menn haft ýmislegt með dósentstöðunni, t. d. verið aðstoðarmenn í »ministeríinu«, en hjer er því öðruvísi varið; það helzta og eina, sem hægt yrði að hafa hjer með aukakennaraembættinu, eru málafærslumannsstörf, sem einkum eru í því fólgin, að kaupa og selja hús og lóðir, og þekkja menn, hve mikið er á því að byggja. Með þessari breyt.till., eða þessum breyt.till. er skólanum stofnað í hættu; það er að vísu sjeð um, að málið leggist ekki alveg niður eða eyðist, en aptur á móti er líka með þeim sjeð fyrir, að skólinn nái ekki þeim vexti og viðgangi, sem æskilegt og nauðsynlegt er; það er dálítið svipuð aðferð og Japanar brúka við trje í görðum sínum, sem þeir ekki vilja láta verða stór, að þeir þrengja svo að þeim undir eins, meðan þau eru ung, að þau ná aldrei að þroskast, og þótt h. 2. þm. G.-K. hafi ekki komið með breyt. till. sínar til þess að kyrkja málið, þá mundi þó niðurstaðan verða sú, ef þær næðu fram að ganga, meðal annars af því, að Nd. mundi ekki ganga að breytingunum, og málið þannig frestast. Jeg vil því ráða hinni háttv. deild til þess, að fella breyt.till., en samþ. frumv. eins og það liggur fyrir.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg verð að mótmæla því hjá háttv. 6. kgk. þm., að þessar breyt.till. minar miði að því, að þrengja að skólanum, því að þær miða þvert á móti að því, að efla skólann, og gjöra honum það auðveldara, að ná tilgangi sínum. Í breyt.till. þessum, sem gjöra ráð fyrir þrem kennurum, er tilgangurinn sami og hjá stjórninni, sem sje sá, að jeg álít nauðsynlegt, að skipta þessum 6 greinum, sem ætlazt er til að verði kenndar, niður á, að minnsta kosti, 3 menn, og vona jeg, að háttv. 6. kgk. þm. viðurkenni, að það veiti fremur tryggingu fyrir því, að kennslan geti verið í lagi. Háttv. 6. kgk. þm. sagði, að öðru máli væri að gegna með dósenta við Hafnarháskóla, sem hefðu ekki nema 1—2 tíma á viku, og væru ekki skyldir að taka þátt í prófum. Þetta er að vísu svo með marga dósenta, en þó ekki alla. Og engum háskólakennara, hvorki prófessor nje dósent, er skylt að halda meira en 2 fyrirlestra opinberlega á viku, þó margir haldi þá auðvitað fleiri. En engin ástæða er að ætla aukakennurunum hjer jafnmikla kennslu og prófessórnum; aðalkennslan yrði auðvitað að leggjast á hann, enda hefur hann langmest launin, svo að öll sanngirni mælir með, að mest starfið hvíli á honum. Við háskólann í K.höfn eru 2 dósentar í stjórnvísindum (Statsvidenskab) sem hafa 1000 kr. laun hvor, og prófa þeir báðir í þeim greinum, sem þeir halda fyrirlestra í, en jafnframt hafa þeir báðir mikil aukastörf. Annar þeirra, Dr. Warming,

er skrifstofustjóri í »Statistisk Bureau«, og svarar það hjer um bil til þess, að sá, sem væri dósent hjer, væri í stjórnarráðinu, en hinn, Dr. Birck, er í fólksþinginu allan veturinn, og hefur auk þess ýms önnur störf. Jeg efast um, að erfitt yrði, að fá menn til þessara dósents-starfa, en þótt svo yrði, þá er ekki hundrað í hættunni, og jeg álít það vert þess, að það yrði reynt. Enga tryggingu sje jeg heldur fyrir því, þótt dósent væri launaður með 2,800 kr., að hann gæti ekki haft önnur störf við hlið kennslustarfs síns.

Háttv. 6. kgk. þm. tók það fram, að hann mundi fremur hafa orðið með breyt.till., ef annar dósentinn hefði haft hærri laun, t. d. yfir 2,000 kr.; hann á kost á að koma með brt. um þetta efni við 3. umr. málsins, ef hann heldur, að það verði aðgengilegra fyrir Nd., sem jeg efast mikið um, en álít, að minar brtill. verði þar betur sjeðar, því að aðallega mun fjársparnaður hafa vakað fyrir nefndinni þar, sem og mínar breyt.till. hafa í för með sjer, og gjöri jeg mjer því von um, að frumv., þannig breytt, yrði aðgengilegt fyrir Nd. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál frekar, en fel hinni háttv. deild breyt.till. mínar í von um, að þær verði samþ,

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal ekki fjölyrða um efni þessarar breyt.till., en fellst alveg á það, sem háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði því viðvíkjandi. Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að dósentstöðu með 1,000 kr. launum hef jeg enga von um að nokkur verði til að sækja um; því að menn geta þó ekki hlaupið beint frá examensborðinu, óunndirbúnir til þess að kenna íslenzk lög. Og þar sem sjerstakan undirbúning þarf, þá get jeg ekki ætlazt til, að menn, sem hafa haft fyrir því að setja sig inn í íslenzk lög, sætti sig við 1,000 kr. betligjald. En aðrir væru ekki hæfir til að kenna.

Aðallega ætlaði jeg að tala um formhlið málsins, sem jeg hef dálítið rannsakað, og þá um það atriði, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) vakti máls á. Það var satt, sem hann sagði, að þessi prentvilla í fyrirsögn frumv. er einnig í skjalapartinum, en það sannar ekkert, því að það er allt sama prentunin og sú sem fyrir liggur á þgskj. 119, sem á að sýna frumv. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. En fyr en við 3. umr. þar varð engin breyting á frumv., svo þá þarf ekki annað en að athuga næstu prentun á undan, sem sje stjórnarfrumv., en þar stendur greinilega í fyrirsögninni »frumvarp til laga«. Jeg hef spurzt fyrir um, hvort fyrirsögn frumv. hafi orðið fyrir nokkurri breytingu í Nd., þó það reyndar hefði mátt kallast óðs manns æði að gjöra svo vitlausa breyting á henni, og hefur skrifstofustjóri fullyrt, að engin breyting hafi orðið á henni. Er þetta því ein af hinum mörgu prentvillum, sem við eigum að venjast. Jeg skildi háttv. forseta svo sem þetta mætti laga í hendi sjer, en heyrðist háttv. 2, þm. G.-K. halda því fram að þetta væri ekki prentvilla. En ef mjer hefur þar misheyrzt, þá er þetta ef til vill talað út í hött.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Jeg tók það fram fyrst, að mjer virtist frumv. ekki liggja fyrir í rjettu formi. En eptir að forseti hafði lýst yfir því, að þetta væri að eins prentvilla og leyft umr. um frumv., þá tók jeg það fram, að jeg hlítti úrskurði forseta í því efni.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að gjöra að eins ofurlitla athugasemd við þau orð háttv, 2. þm. K.-G. (V. G.), þar sem hann

sagði, að mjer væri innan handar, að koma með breyt.till. við 3. umr., og skildist mjer sem hann mundi þá vera þeirri breyt.till. samþykkur. En jeg finn enga löngun hjá mjer til þess, þó jeg álíti frumvarpið betra í þeirri mynd, en eins og það yrði samkvæmt breyt.-till. háttv. þm. En bæði álít jeg frv. nú vel rökstutt og svo býst jeg ekki við, að háttv. Nd. mundi vilja breyta því frekar, þar sem hún er vandlega búin að íhuga það og ræða. Háttv. sami þm. gat þess, að það mundi að eins verið hafa sparnaður, sem Nd. hafði í huga með breytingu sinni á frumv. En jeg hygg, að sú getgáta sje alls ekki rjett. Ímynda jeg mjer, að háttv. Nd. hafi legið ýmislegt fleira á hjarta, og komi frumv. til hennar aptur, mun hún meðal annars hafa hug á að gjöra sig ekki hlægilega. Jeg lít svo á, að ef við búum til lagaskóla með 2 dósentum, er hver hafi að eins 1,000 kr. laun, þá verði síðari villan verri hinni fyrri.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Jeg tók það fram fyrst, að mjer virtist frv. ekki liggja fyrir í rjettu formi. En eptir að forseti hafði lýst yfir því, að þetta væri að eins prentvilla og leyft umræður um frv., þá tók jeg það fram, að jeg hlítti úrskurði forseta í því efni.

Sigurður Jensson (þm. Barð.): Jeg ætla að ains að gjöra stuttlega grein fyrir atkvæði mínu, því mjer skilst svo, að þetta mál eigi að drífast svo fljótt í gegn, að til þess verði eigi tækifæri seinna. Jeg lít svo á þetta frumv., að ekki þurfi að eins að fella burt 1. gr., heldur ættu allar greinarnar að falla burt. Því að hinar greinarnar eru alveg óþarfar, þegar 1. gr. er felld burt, þá er ekki neitt í frumv., sem sjerstaklega þarf að taka fram. Þetta, sem stendur í frumv. um aukapróf fullnuma frá háskólanum, er alveg óþarft, því í núgildandi lögum er einmitt talað um, að samin skuli reglugjörð fyrir skólann, og í þeirri reglugjörð verður eðlilega skipað fyrir um þetta próf eins og annað.

Jeg álít því enga þörf á, að breyta núgildandi lögum, því að mjer finnst ekki þurfa að fjölga kennurum við skólann, áður en menn vita, hvort hann verður nokkuð sóttur. Það væri hálf- leiðinlegt, ef kennararnir yrðu fleiri en lærisveinarnir, eða ef til vill enginn lærisveinn. Nú stendur svo á, að margir lögfræðingar eru nýlega búnir að taka próf og margir eru að lesa undir próf, svo að af þeirri ástæðu held jeg að lítil von sje til, að skólinn verði sóttur. Önnur ástæða til þess, að jeg býst við, að fáir muni sækja skólann, er sú, að maður sá, sem ætlaður er til að standa fyrir skólanum, er ekki þannig, að menn beri það traust til hans, að það verði til að auka aðsóknina. Því jeg býst við, að þeim manni, sem stjórnin veitti styrk til að kynna sjer íslenzk lög, sje ætlað þetta embætti. Hann getur verið fjölhæfur maður að mörgu leyti, en jeg hygg þó, að menn beri ekki nægilegt traust til hans til þess að kenna ungum lögfræðingum lög og rjett; jeg álít ekki, að hann hafi þá hæfileika í þessu tilliti, að menn geti borið traust til hans, svo að það laði menn til að sækja skólann. Nú vitum við, að ýmsar ákærur hafa komið fram gegn þessum manni, og nú síðast í Ísafold er ein þesskonar ákæra frá presti úr hans sýslu, sem ekki er nein meðmæli fyrir þann, sem á að kenna öðrum lög. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir mig. Og ef þessi maður á að verða forstöðumaður skólans, þá segi jeg það,

að jeg held, að lítið verði úr þeim helgiblæ, sem háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) talaði um við 1. umr., að hvíla mundi yfir skóla þessum. (**Forseti:** Jeg skal leyfa mjer að benda háttv. þm. á, að þetta er alveg fyrir utan málið og á ekki við). Er þetta fyrir utan málið? Jæja. Jeg held þá, að skynsamara sje að byrja með einum kennara, þangað til menn sjá, hvort skólinn verður nokkuð sóttur. (*B. M. Ólsen:* Hvaða kennara?) Jeg hef líklega ekki leyfi til að útnefna hann, úr því jeg má ekki einu sinni tala um þann mann, sem líkindi eru til að verði útnefndur aðalkennari við skólann. Af þessum áðurnefndu ástæðum mun jeg greiða atkvæði á móti frumv.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal að eins leyfa mjer stuttlega að mótmæla þeirri árás, sem háttv. sessunautur minn, þm. Barð. (Sig. J.) gjörði á utandeildarmann, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sjer hjer í salnum, ástæðulausri árás, sem liggur alveg fyrir utan efni málsins, eins og háttv. forseti benti honum á. (**Forseti:** Það er mitt hlutverk, að átelja óreglu hjer í deildinni, en ekki hinns háttv. þm.). Þó að einhver ákæra gegn þessum manni hafi komið fram í Ísafold, þá er það engin sönnun, heldur þvert á móti líkur til, að áburðurinn sje með öllu ástæðulaus, eptir þeirri reynslu, sem menn hafa um áreiðanleik þess blaðs.

ATKVGR.:

1. br.till. (191) felld með 8 atkv. gegn 4.

Síðari br.till. (191) felld með 8 atkv. gegn 2.

1. gr. frumv. óbreytt samþ. með 7 atkv. gegn 2.

2. og 3. gr. frumv. samþ. hvor um sig með 8 atkv. gegn 1.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 4.

Á 26. fundi Ed., miðvikudaginn 14. ágúst, kom frumv. (A 119) til. 3. umr.

Enginn tók til máls, og var frumv. samþ. með 7 atkv. gegn 1 og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XIII. Skilorðsbundnir hegningardómar.

Á 4. fundi Ed., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um skilorðsbundna hegningardóma og hegning barna og unglinga til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta nýmæli um skilorðsbundna hegningardóma, sem hjer er um að ræða, hefur á stuttum tíma rutt sjer mjög til rúms. Það kom fyrst upp í Ameríku fyrir tæpum 30 árum, og þótti gefast þar svo vel, að Norðurálfuþjóðir fóru að gefa því gaum og innleiða það hjá sjer.

Aðaltilgangur þessara dóma er að koma í veg fyrir, að byrjendur á sakamannabrautinni endurtaki afbrot sitt. Reynslan hefur sýnt það, að mjög er hætt við, að sómatilfinningin dofni hjá þeim, sem hegnt hefur verið fyrir afbrot, og að honum er mjög hætt við að brjóta af nýju; hann veit það, að

almenningsálitið hefur brennimerkt hann, og við það hverfur mjög hvötin til að vanda framferði sitt. Í Belgíu hafa hinir skilorðsbundnu hegningardómar gefizt svo vel, að af c. 27,500 skilorðsbundnum hegningardómum, sem kveðnir voru upp á árunum 1888—1890, voru einungis 2% framkvæmdir. Í Danmörku er reynslan að vísu stutt, þar sem þessir dómar voru eigi lögleiddir þar fyr en 1905, en hún bendir í sömu átt, sem í Belgíu.

Í sambandi við þetta er í frumv. farið fram á, að beita annari reglu við hegningu barna og unglinga, en hingað til hefur tíðkazt. Í núgildandi lögum er ákveðið, að láta börn sæta hegningu fyrir afbrot, er þau drýgja eptir að þau eru orðin 10 ára; en það aldurstakmark er allt of lágt. Það er tilgangslaust, og optast til ills eins, að taka þessa litlu fáráðlinga og hegna þeim; rjetti vegurinn til að bæta þau, er að reyna að ala þau betur upp, og forða þeim frá freistingum. Fyrir því eru í frumv. fyrirmæli um það, að leitast við á allar lundir, að bæta uppeldi spilltra barna og glæpagjarnra. Stefna þess er sú, að reyna að byrgja brunninn, áður en barnið dettur ofan í hann, og að forða þeim frá nýjum voða, sem í hann hafa fallið.

Jeg vona, að allir viðurkenni, að stefna þessa frumv. gengur í mannúðaráttina, og að vart er hægt að segja um það, eins og sagt var um hin málin, sem hjer voru til umr. í dag, að það hafi aukinn kostnað í för með sjer. Það er því vonandi, að ekkert »umboð frá kjósendum« sje því til fyrirstöðu, að háttv. þm. G.-K. (V. G.) geti greitt atkv. með þessu frumv.

ATKVÆÐA.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosnir í uefndina með samkomulagi milli flokkanna:

Steingrímur Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Jóhannes Jóhannesson.

Í nefndinni var Guðjón Guðlaugsson kosinn formaður, Jóhannes Jóhannesson skrifari og Steingrímur Jónsson framsm.

Á 34. fundi Ed., föstudaginn 23. ágúst, kom frumv. (A 322) til 2. umr.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Nefndin, sem falið var að athuga þetta frumv., hefur orðið sammála um það innbyrðis, og eins sammála stjórninni; hún telur það allþýðingarmikla rjettarbót og góða, sem fullkomin nauðsyn hafi verið á að fá, þar eð hegningarlöggjöf vorri er að ýmsu ábótavant.

Þessir skilorðsbundnu hegningardómar eru að nokkru leyti nýir; þeir hafa þó á síðari árum verið reyndir í allmörgum löndum Norðurálfunnar og hafa reynzt vel, þótt fækka afbrotum og afbrotamönnum.

Það hefur viljað loða við einatt, að þegar einhver maður hefur verið dæmdur fyrir afbrot, þá hefur hann með fullnægingu dómsins eins og verið ákvarðaður til afbrota þaðan af. Það er tilætlunin, að lögin bæti að nokkru leyti úr þessu, með því að draga úr hegningunni fyrir smærri yfirsjónir, og þar sem málsbætur eru fyrir hendi. Þannig skal dæmdi eigi sæta hegningu strax, heldur skal henni frestað, og ef hann um vissan tíma engin afbrot drýgir, fellur hegningin algjörlega burtu. Þesskonar ákvæði hafa reynzt einkar heppileg til þess, að vekja hugsun glæpamannsins til þess, að varast að

drýgja afbrot aptur, og er vonandi, að ákvæðin hafi sömu áhrif hjer og annarsstaðar.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að fjölyrða um þetta frumv.; fyrir stefnu þess er gjörð nákvæm grein í aths. stjórnarinnar við það. Nefndin hefur ekki lagt til, að neinar efnisbreytingar yrðu við það gjörðar, að eins fer hún fram á nokkrar orðabreytingar, sem gjöri ákvæðin ljósari, en þau virðast vera.

Nefndin fer t. d. fram á, að í 1. gr., 2. málsgr., komi, að hann skuli einnig »sæta hegningu þeirri« o. s. frv. í staðinn fyrir: »einnig leggja á hann hegningu þá«. Nefndin áleit, að þetta: »leggja á hegningu« gæti misskilizt, nefnilega svo, að þá hegningu ætti einnig að taka upp í síðara dóminn, en það er ekki meiningin, að eins á hann að »sæta« henni þá um leið. Aptan af 3. gr. falli burt orðin: »fyrir það«, sem geta verið villandi og skilizt þannig, að kveða ætti upp 2 dóma, þar sem það einungis á að vera 1.

Hinar aðrar breyt.till. er ekki ástæða til að minnast á. Jeg vona, að háttv. deild fallizt á, að þær bæta málið á frumv, Vil jeg svo ekki fjölyrða um þetta, en vonast til, að deildin samþykki frumv. með þessum breytingum.

ATKV.GR.

1. brt. (322) við 1. gr. 1. málsgr. sþ. í e. hlj.
2. brt. (322) við 1. gr. 2. málsgr. sþ. í e. hlj.
3. brt. (322) við 1. gr. 2. málsgr. sþ. með 10 atkv.
4. brt. (322) við 1. gr. 2. málsgr. sþ. í e. hlj.
5. brt. (322) við 1. gr. 4. málsgr. sþ. í e. hlj.
6. brt. (322) við 1. gr. 4. málsgr. sþ. í e. hlj.
1. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
7. brt. (322) við 2. gr. sþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
8. brt. (322) við 3. gr. sþ. í e. hlj.
9. brt. (322) við 3. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
4. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.
10. brt. (322) við 5. gr. 1. málsgr. sþ. í e. hlj.
11. brt. (322) við 5. gr. 1. málsgr. sþ. í e. hlj.
12. brt. (322) við 5. gr. 2. málsgr. sþ. í e. hlj.
5. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
13. brt. (322) við 6. gr. 1. málsgr. sþ. í e. hlj.
14. brt. (322) við 6. gr. 2. málsgr. sþ. með 10 samhlj. atkv.
6. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
15. brt. (322) við 7. gr. sþ. í e. hlj.
7. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A 399) til 3. umr.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg ætla mjer ekki að tala langt um frumv. þetta að þessu sinni; jeg álít þess ekki þörf, en jeg verð að geta þess, að þegar breyt.till. þær, sem voru samþ. hjer við síðustu umr., hafa verið færðar inn í frumv., hafa tvær prentvillur slæðzt inn. Fyrri prentvillan er í 1. gr. 2. lið fyrstu línu; þar er »sliks« of aukið og á að falla burtu; líklega hefur brtill. villt í þessu efni.

Hin prentvillan er í 6. gr., 2. lið, 5. línu að ofan, þar vantar kommu á undan »er«.

Jeg vonast til, að hægt sje að leiðrjetta báðar þessar prentvillur á skrifstofunni, og sje jeg ei, ástæðu til að

fjölyrða frekar um málið, en vonast til, að deildin samþ. það.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst, kom frumv. (A 424) til 1. umr.

Lárus H. Bjarnason (þgm. Snæf.): Jeg ætlaði sannarlega ekki, að taka til máls nú, en mjer þykir það óviðfelldið, ef enginn verður til þess, að tala um svo mikið og gott nýmæli, sem þetta er.

Helzta nýmælið í þessu frumv. er það, að ekki þurfi að hegna fyrir hvert brot, sem framið er, og uppvíst verður, heldur megi, þegar um hlutfallslega lítið brot er að ræða, láta nægja hegningar*dóm*, með því skilorði þó, að hegninguna skuli úttaka, ef brotið er aptur á nánara tilteknu tímabili. Þá er og lágmark hegningaraldursins fært úr 10 ára aldri upp í 14 ára.

Hvorttveggja þetta nýmæli er gott. Það er rjett, að hegna ekki strax fyrir fyrsta brot, af því, að þegar einu sinni er búið að hegna einhverjum manni, þá hefur það opt reynzt honum örðugt, að stöðva sig á þeirri hálku, sem hann er kominn út á. Hann er einu sinni búinn að fá blettinn á sig, og hugsar þá opt sem svo, að litlu varði, þótt fleiri bætist við af sama tagi. Svo eru og mörg brot ekki þeirrar hegningar verð, er hegningarlögin hafa lagt við þeim. Hvað síðara atriðið snertir, þá er það, eptir skoðun nútímans, of snemmt, að hegna 10 ára barni. Við brotum frá þeirra hendi á ekki hegning, heldur bætandi uppeldi. Þetta er nú komið inn í hegningarlög allra siðaðra þjóða.

Mál þetta hefur verið rætt og sett í nefnd í Ed., og álít jeg því ekki ástæðu til þess, að setja það í nefnd hjer aptur, enda er nú tíminn að hlaupa frá okkur. Jeg vildi óska, að þess þyrfti eigi við, og að þetta þarfa mál kæmist sem fyrst leiðar sinnar gegn um deildina.

Fleiri töluðu ekki. Málinu vísað til 2 umr. með öllum atkv.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. septbr., kom frumv. (A 424) til 2. umr.

Enginn tók til máls, og var því strax gengið til atkv.

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. - — - - —
3. - — - - —
4. - — - - —
5. - — - - —
6. - — - - —
7. - — - - —

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. septbr., kom frv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XIV. Lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

Á 4. fundi Ed., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands til 1. umr.

Ráðherrann: Það er tekið fram í aths. við frumv. þetta, að hjer sje um nýmæli að ræða, sem fer fram á það,

að taka þilskipastól vorn, og annað það, er að sjávarútveg lýtur, og gjöra hann að grundvelli fyrir veðdeildarlánum, líkt og á sjer stað um fasteignir. Ekki verður sjeð annað, en vit sje í slíku, og forsvaranlegt sje að gjöra tilraun í þá átt, þar sem svo mikill hluti af þjóðeign vorri er fólginn í þilskipastól vorum og öðru því, er að sjávarútveg lýtur, en í öðru lagi þörfin mjög mikil fyrir peninga.

Hvort heppnast hafi að finna hið heppilegasta fyrirkomulag á framkvæmd hugmyndar þessarar, skal hjer látið ósagt, en að sjálfsögðu er það verkefni fyrirhugaðrar nefndar, að athuga það, og gjöra þær breytingar við það, er hún álítur henta. En frumv. hefur verið undirbúið af manni, sem hefur mjög gott vit á slíkum efnum, og síðast var það athugað af háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.), áður en það var fullgjört af stjórnarinnar hendi.

Er stungið upp á, að höfuðstóll Fiskiveiðasjóðsins frá síðasta þingi, að upphæð 100,000 kr., skuli vera tryggingarfje lánsdeildarinnar.

Aðalhugsunin í frumv. er að heimila Fiskiveiðasjóði Íslands, að stofna lánsdeild til þess að veita lán, ekki að eins til þess að kaupa ný skip, heldur til að veita mönnum almennan aðgang að lánum gegn veði í fiskiskipum, veiðarfærum og öðrum eignum, er að fiskiveiðum lúta, og fá lánsfjeð með því að lánsdeildin gefi út vaxtabrjef.

Það er því meiri ástæða til þess að útvega þessari atvinnugrein peninga með einhverju nýju fyrirkomulagi, þar sem hinn núverandi höfuðstóll Fiskiveiðasjóðsins, umgetnar 100,000 kr., standa í skuldabrjefum og því ekki hægt að lána það fje út, fyr en jafnóðum og það kemur inn.

Ekki er hægt að búast við, að útlendingar kaupi mikið, til þess að byrja með, af vaxtabrjefum lánsdeildarinnar, en líkindi eru til, að nokkur markaður fengist innanlands, þar sem hjer yrðu greiddir eitthvað hærri vextir, en af veðdeildarbrjefum Landsbankans. Skeð getur, að ákvæðin um »sólidariska« ábyrgð þyki athugaverð, en þannig löguð ákvæði tíðkast allstaðar í líkum lánsdeildum erlendis, og rjettara þótti að láta landssjóð ekki taka að sjer ábyrgðina, bæði af því að landssjóður hefur í mörg horn að líta, og svo af því að það gæti ef til vill í augum ókunnugra rýrt lánstraust hans, en það megum vjer ekki rýra, ef til kæmi, að vjer þyrftum að nota það.

Að öðru leyti virðist næg trygging vera gjörð fyrir vaxtabrjefum lánsdeildarinnar með sjóðnum og hinni »sólidarisku« ábyrgð lántakanda. Að endingu mæli jeg hið bezta með frumv. þessu.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg álít rjett að taka það fram frá þeirri hlið, sem vanalegast hefur það hlutverk að gagnrýna gjörðir stjórnarinnar, að hjer hefur stjórnin unnið mjög þarft verk. Hjer er um þann atvinnuveg landsins að ræða, sem hefur verið tiltölulega mest vanræktur af öllum, en er þó sá atvinnuvegur, sem gefur landssjóði mestar tekjur. Það er þess vegna vel farið, að finna leið til þess, að efla þennan atvinnuveg með því að útvega honum meira fje, og hygg jeg, að stjórnin hafi farið rjetta leið með því að nota Fiskiveiðasjóðinn, svo að hann geti komið fleirum að notum á þennan hátt. Þessi bygging ofan á sjóðinn er mjög þörf og verður eflaust vel tekið.

Jeg álít þó ástæðu til, að mál þetta sje athugað í nefnd. Sjerstaklega er eitt atriði í frumv., sem mjer finnst óviðfelldið, nefnilega það, að stjórnin

ákveði laun starfsmanna lánsdeildarinnar. Finnst mjer litlu muna, hvort ákveðið er á þinginu um launin eða stjórnin gjöri það litlu síðar. Því jeg sje ekki, að stjórnin geti á þeim tíma fengið svo miklar upplýsingar í því efni, að nokkru geti munað, hvort ákveðið er á þingi eða rjett á eptir. Því jeg vil ekki fela umboðsstjórninni á hendur eingöngu að ákveða laun starfsmannanna, sjerstaklega með tilliti til þess, sem mjer virðist komið hafa fram við Landsbankann viðvíkjandi »prócentum« af talningu, sem jeg álít vafasamt hvort rjett er eptir lögum.

Jeg skal svo eigi fjölyrða um frumv. að þessu sinni, en leyfa mjer að leggja til, að 3 manna nefnd verði kosin til að íhuga það, að loknum umr. um það.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 3. manna nefnd sþ. í e. hlj.

Eptir samkomulagi milli flokkanna voru þessir menn kosnir í nefndina:

Ágúst Flygenring,
Eiríkur Briem,
Valtýr Guðmundsson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Ágúst Flygenring skrifari og framsögumaður.

Á 13. fundi Ed., mánudaginn 15. júlí, kom frumv. (A 75) til 2. umr.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Eins og tekið er fram í nefndaráliti okkar, sem skipaðir vorum til þess að íhuga frumv. þetta, álítum við mjög heppilegt, að lánsdeild verði stofnuð við Fiskiveiðasjóðinn, og að með því verði, að minnsta kosti í bráðina, ráðið að miklum mun fram úr þeim fjárhagslegu örðugleikum, er staðið hafa fiskiveiðunum fyrir þrifum, því að fjeleysi og fátækt útvegsmanna hefur verið þröskuldur í vegi margra framfara. Nefndin mælir því hið bezta með frumv. og vonar, að það nái fram að ganga.

2 lítilfjörlegar breyt.till. höfum við leyft okkur að gjöra við frumv. Fyrri breyt.till. er að eins orðamunur, þar sem við viljum hafa »sólidariskt« í stað orðanna »in sólidum«. »Sólidariskt« er orðið töluvert algengt orð hjá oss og þar af leiðandi töluvert þekktara en »in sólidum«, sem sjaldan er notað, Úr því að við líklega verðum að taka útlent orð, álít jeg að »sólidariskt" sje jafngott og hitt og geti ekki valdið misskilningi. Nefndin hefur viljað forðast að fjölga útlendum orðum í málinu, en áleit sig þó ekki komast hjá því, að nota þetta orð í stað þess, sem virðist of þunglamalegt, að hafa »innbyrðis ábyrgð — einn fyrir alla og allir fyrir einn«.

Hin síðari breyt.till. er öllu heldur viðaukatill., þar sem okkur kom saman um, að ákveða, að fyrir störf við lánsdeildina mætti verja allt að 1,500 kr. á ári. Okkur þótti viðkunnanlegra að setja þetta ákvæði fyrir seinni tímann, eu hvort fjárupphæðin 1,500 kr. er hæfileg eða nægileg, skal jeg ekki fullyrða. Upphæðin kann að vera nokkuð lág. Ástæðan til þess, að við gjörðum ráð fyrir, að komast mætti af með tiltölulega litla fjárupphæð, er sú, að við búumst við, að skrifstofustörf þessi fari fram í Landsbankanum, og verði þar af leiðandi ódýrari, en ef stofnuð væri sjerstök skrifstofa.

Enn vill nefndin leyfa sjer að gjöra breyt.till. á ritháttinum í »sólidariskt«, að rita það eptir framburði með högg yfir óinu. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um frumv. þetta, því auk þess sem stjórnin hefur gjört ýtarlega grein fyrir frumv., í athugasemdum þeim, er prentaðar eru með

því, þá hefur nefndin í áliti sínu tekið annað það fram, er hún vildi sagt hafa.

Björn M. Ólsen, (3. kgk. þm.): Hvort haft er» sólidariskt« í stað »in sólidum«, finnst mjer í sjálfu sjer sama hvort er, en betur hefði jeg kunnað við að hafa ábyrgjast hver með öðrum og hver fyrir annan; merkingin í því verður sú sama og í »sólidariskt«, en munurinn er sá, að þetta eru íslenzk orð, en hitt eru útlend, og álít jeg, að vjer eigum ekki að innfæra útlend orð, þar sem það ekki er nauðsynlegt.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. sþ. í e. hlj.
2. — —— — - - —
3. — —— — - - —
4. — —— — - - —

1. breyt.till. (75) við 5. gr. sþ. með 7 samhlj. atkv.

5. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.
6. gr. samþ. í e. hlj.
7. — — - - —
8. — — - - —
9. — — - - —
10. — — - - —
11. — — - - —
12. — — - - —

2. breyt.till. (75) við 13. gr. samþ. í e. hlj.

13. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
14. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
15. — — — - - —
16. — — — - - —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 15. fundi Ed., miðvikudaginn 17. júlí, kom frv. (A. 91, 93) til 3. umr.

Björn M. Ólsen, (3. kgk. þm.): Jeg á hjer dálitla orðabreytingu við frv. á þskj. 93. Mjer þykir ljótt orðið »sólidariskur«, og vildi jeg því reyna að útrýma því, og fá íslenzkt orð í staðinn. Fyrst datt mjer í hug að leggja út »solidarisk« ábyrgð sem sameiginleg og einstakleg ábyrgð. Bar jeg það undir lögfróðan mann, og sagði hann, að þau orð röskuðu ekki þýðingunni. En svo þótti mjer heppilegra að reyna að finna eitt orð, og fannst mjer þá mega kalla, ef margir hefðu ábyrgð saman, að þeir hefðu samábyrgð, eða samlega ábyrgð. En ef ábyrgðin hvílir á einstökum manni, þá megi kalla það staklega ábyrgð.

Ef nú ábyrgðin hvílir á bæði öllum sameiginlega og um leið á hverjum einstökum manni út af fyrir sig, þá finnst mjer, eptir rjettum hugsunarreglum, að sameina megi orðin og kalla hana »samstaklega«. Samt vildi jeg ekki setja þetta nýja orð án þess að hafa orðið »solidariskt« innan sviga á eptir. Og vonast jeg þá eptir, að íslenzka orðið geti smámsaman útrýmt því útlenda með öllu. Jeg býst nú að vísu við, að sumir muni ekki kunna við þetta nýja orð í fyrstu. En svo er með öll nýyrði, að menn verða að venjast þeim smátt og smátt. Þetta orð er myndað alveg á sama hátt eins og orðin einstaklegur og sjerstaklegur.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þessa br.till., en vona að hin hv. deild hafi ekkert á móti henni.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (93) við 2. gr. sþ. með 8 atkv. gegn 1.

2. breyt.till. við 5. gr. 1. lið, samþ. án atkv.gr.

3. breyt.till. við 5. gr. 3. lið, samþ. án atkv.gr.

Frv. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta Nd.

Á 16. fundi Nd., laugardaginn 20.

júlí, kom frumv. (A. 101) til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Guðlaugur Guðmundsson. Jeg leyfi mjer að leggja það ttl, að skipuð verði 3 manna nefnd í málið.

Björn Kristjánsson stakk upp á 5 manna nefnd, en tók aptur þá tillögu, áður en til kosningar kom.

Óskað var eptir hlutfallskosningu. Forseti kvaðst telja það samþykkt, að taka 2 menn af A-listanum og 1 af B-listanum, ef enginn mælti á móti. Samkvæmt því urðu fyrir kjöri:

Magnús Kristjánsson,
Björn Bjarnarson,
Björn Kristjánsson.

Í nefndinni var Björn Kristjáns kosinn formaður og Björn Bjarnarson skrifari og framsögumaður.

Á 34. fundi Nd. þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv. (A, 101, 351) til 2. umr.

Framsögumaður Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg ætla að leyfa mjer, að benda háttv. deild á tvær prentvillur í nefndarálitinu. Í því stendur »látin«, en á að vera »talin«, og önnur, sem jeg vona, að hafi ekki gjört neinn skaða. Um frumv. í heild sinni þarf jeg ekki að fara mörgum orðum. Allir sjá, hve það getur orðið gagnlegt fiskiveiðum landsbúa bæði með því, að hjálpa þeim til, að efla útveginn með því, að kaupa ný skip, og svo til þess, að jafna árferðið með því, að bæta úr þeim árum, sem eru veiðilítil eða fiskur í lágu verði, svo að þau jeti ekki upp feitu árin, eins og mögru kýrnar hans Faraós átu þær feitu. — Eitt gagn er enn að þessum sjóð, hann styður samvinnu og fjelagsskap meðal sjávarbænda. Enn fremur verður betra eptirlit með skipum, þau verða betur gjörð og hættuminni. Víða er ekkert eptirlit með þessu og skipin búin svo illa út, að það er samvizkusök, að láta menn fara út á þau. Loks getur þetta orðið til þess, að komið verði upp almennri fiskiveiða-ábyrgð fyrir allt landið. Nú er vátryggt í útlendum ábyrgðarfjelögum, sem taka 8—10 %o. Í innlendu fjelagi ætti það að geta verið ódýrara vegna þess, að eptirlitið gæti verið margfalt betra, eins og sýnir sig við Faxaflóa, þar sem menn hafa sett á stofn ódýrt ábyrgðarfjelag, og það hefur gengið vel hingað til. Háttv. stjórn gæti gjört mikið gagn með því, að gangast fyrir stofnun slíks ábyrgðarfjelags, og ætti hún að leggja fyrir næsta þing frumv. um almennt vátryggiugarfjelag á skipum.

Í nefndarálitinu er gjörð grein fyrir breyt.till. nefndarinnar, og ætla jeg því að eins að fara um þær fáum orðum. Fyrsta breyt.till. er við 1. gr. og við 4. gr. 1. málsgrein um það, að bátar skuli veðhæfir, en veiðarfæri ekki yfirleitt. Nefndinni þykir ástæða til þess, að taka báta með. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er bátaútgjörðin algengari en þilskipa. Það þarf lítið fje til þess, að gjöra út bát, en til þess, að gjöra út þilskip, þarf gott lánstraust eða góðan efnahag. Aptur er veiðarfærum sleppt í upptalningunni, en þó þeim sje sleppt þar, þá heyra þau undir aðrar eignir, sem notaðar eru til þess, að reka fiskiveiðar, svo að sjóðsstjórnin getur lánað út á þau, ef henni þykja þau tryggilegt veð fyrir láni; en nefndin áleit ekki rjett, að taka veiðarfæri sjerstaklega fram vegna þess, að þau eru ekki að jafnaði veðhæf fyrir lánum, þau eru undir-

orpin skemmdum og tapast opt og einatt, svo að þau virðast ekki vera löguð til þess, að vera veð. En með persónulegri ábyrgð, geta þau komið til greina.

Næstu breyt.till. eru við 4. gr. 3. málsgrein um það, að orðin: »og eigi má heldur —« út greinina, falli burtu. Jeg hef rekið mig á það, að ákvæði þetta getur valdið misskilningi, þannig, að sumir hafa álitið, að ekki megi lána út á skip eða útveg, sem hefur tapazt á nýlega. Þetta er ekki meiningin, heldur það, að ekki megi lána út á skip eða veiðarfæri, sem ekki eru reynd hjer á landi. En þetta er ekki rjett, að mínu áliti, því að þau geta vel verið reynd til fulls í útlöndum, og hafa reynzt vel, svo að segja megi með vissu, að þau muni einnig reynast vel hjer á landi, Fiskiveiðar hjer á landi og ytra eru ekki svo mismunandi. Það hagar öðru vísi til með þær en landbúnaðinn, sem er allt öðru vísi en annarsstaðar, t. d. í Danmörku. Þess vegna hefur nefndin lagt það til, að þessi ákvæði sjeu felld burtu.

Þá koma tvær breyt.till., sem töluverð grein er gjörð fyrir í nefndarálitinu, við 8. og 9. gr. Frv. ákveður, að lántakandi skuli greiða fyrir fram til kostnaðar og varasjóðs $^1/_2$ % af hinni upphaflegu upphæð lánsins fyrir hvert ár, sem það á að standa. — Þessu er breytt þannig, að hálfur »pr. cent« greiðist fyrir fram á hverju ári á meðan lánið stendur. Jeg held, að það sje nægilega gjörð grein fyrir þessu í nefndarálitinu, svo að jeg þurfi ekki að fara frekar út í það, en það mætti segja sem svo, að ef ákvæðið er til tryggingar fyrir sjóðinn, þá sje ástæða til þess, að halda því; en svo er alls ekki. Lánsdeildin má ekki gefa út fleiri vaxtabrjef, en sem nemur hálfri miljón, eða rjettara sagt fimmfaldri tryggingarupphæðinni. Ef við hugsum okkur það tilfelli, að þessar 500,000 krónur væru lánaðar strax og meðallánstími sje 10 ár, og $^1/_2$ % af lánsupphæðinni fyrir 10 ár sje borgaður fyrir fram til kostnaðar og varasjóðs, þá kæmi í sjóðinn þegar í byrjun $^1/_2$. 500,000. 10=25,000 kr. En ef þessi $^1/_2$ % er greiddur árlega, eins og nefndin leggur til, þá kæmi inn á fyrsta ári 2,500 kr. og næsta ár aðrar 2,500 kr., og þannig myndast varasjóðurinn smám saman; það sem tapast, er að eins dálitlar rentur, en þess gætir minna og minna eptir því sem árin líða. Þessir vextir geta ekki numið meiru en 1,000 kr. í mesta lagi, og þessi halli hefur nefndin ætlazt til að yrði bættur lánsdeildinni með 2,000 kr. tillagi úr Fiskiveiðasjóðnum á ári öll 5 fyrstu árin, í stað 2,000 kr. 1. árið og 1000 kr. hin 4 árin, sem frumv. fer fram á. Breyting nefndarinnar rýrir því ekki neitt trygging lánsdeildarinnar. Aðal-hallinn, sem hún bíður við þessa breytingu, er sá, að ef lántakandi verður að borga lán fyrir þann tíma, sem um var samið við lántökuna, vegna þess, að veðið tapast eða rýrnar í verði, þá missir deildin tillagið til kostnaðar og varasjóðs fyrir þau ár, sem eptir voru af lánstímanum. En þetta tap getur aldrei orðið svo mikið, að það verði tilfinnanlegt fyrir deildina; en það getur hins vegar gjört lántakanda lánið of dýrt, að hann þarf að greiða þetta tillag fyrir fram fyrir öll árin í einu, í því tilfelli, að lán fellur í gjalddaga snemma á lánstímanum. Það getur staðið lántakanda á miklu, en er alveg hverfandi fyrir lánsdeildina. Lánsdeildin nær því betur tilgangi sínum, ef þessi breyting nefndarinnar nær fram að ganga.

Breyt.till. við 9. gr. 2. málsgrein er afleiðing af breyt.till. á 8. gr. Setningin hlýtur að falla burtu, ef brtill. nefndarinnar á 8. gr. verður samþykkt.

Breyt.till. við 14. gr. er til þess, að bæta upp hallann eða tekjumissinn, sem lánsdeildin biður við það, að tillagið til varasjóðs er greitt smám saman. Fiskiveiðasjóðnum er ekki vorkunn, að bæta við lánsdeildina þessum 1,000 kr. á ári í 4 ár, þar sem tekjur sjóðsins eru svo háar. Við höfum áætlað þær 20,000 kr. á ári að minnsta kosti. En tekjurnar eru í raun og veru miklu meiri, ef talið er með sektirnar fyrir ólögmætar síldarveiðar, og fje fyrir upptæk veiðarfæri og afla. Þá verða tekjur sjóðsins nálægt 30,000 kr. á ári, og ætti hann því, að geta sjeð af þessum 4 þúsund kr. til lánsdeildarinnar, sem starfar í því augnamiði, sem er náskylt Fiskiveiðasjóðnum.

Jeg legg því til, að deildin samþykki þessar breytingar, og frumv. með þeim umbótum.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hef ekki komizt til að lesa málskjölin svo vel, að jeg geti talað um málið af fullum kunnugleik. En eptir því sem mjer í fljótu bragði lýst á, líkar mjer hvorki frumv. nje nefndarálitið.

Jeg hef nokkra reynslu, hvað snertir veðhæfi skipa og báta, og eptir þeirri reynslu virðist mjer frumv. varhugavert fyrir landstjórnina, sem stýrir fjenu, og sjóðinn, sem lánar það. Síðan 1895 hef jeg verið í stjórn Skipaábyrgðarfjelagsins við Faxaflóa og rekið mig á ýmislegt, sem hefði getað orðið því að falli. Eptir frumv. er ekki nógu tryggilega sjeð fyrir fje lánsdeildarinnar, einkanlega, þar sem á að lána út á veiðarfæri og annað lausafje, sem breytist daglega. Hingað til hafa sjóðir að eins lánað út á fasteignir.

Í 4. gr. stendur: »Fje lánsdeildarinnar skal lána út gegn veði í íslenzkum skipum, veiðarfærum, fasteignum og öðrum eignum hjer á landi, sem notuð eru til fiskiveiða, eða til að gjöra aflann að verðmætri vöru«. Þetta er svo víðtækt, sem það frekast getur vertð, hjer er naumast sá hlutur til í skipunum, að hann sje ekki veðhæfur. Neðar í greininni stendur þó, að ekki megi taka sem gilt veð þær eignir, sem búast má við að missi söluverð sitt. Jeg sje ekki, hvernig á að samrýma þetta hvorttveggja.

Jeg ætla, áður en jeg sezt niður, að segja eitt lítið dæmi. Í fyrra, þegar jeg var að byggja bæjarbryggjuna hjer, kom mótorbátur á höfnina í hvössu veðri og var lagður við akkeri. Báturinn var ekki vátryggður. Þegar mennirnir voru nýkomnir á land, losna seglin, svo bátinn fór að reka. Jeg sendi þegar lil eigandans og skipstjórans, en hvorugur fannst, svo bátinn rak á land, talsvert brotinn. Ekki geta nú sjóðsstjórnir eða stjórnir ábyrgðarfjelaganna haft eptirlit með því, að þeir einir sje formenn bátanna, sem trúandi er fyrir þeim? Stóru skipin fá ekki aðrir til umráða en þeir, sem hafa lært sjófræði og hafa margra ára æfingu í sjómennsku, og sem ábyrgðarfjelögin geta nokkurn veginn treyst að sje færir um að stjórna skipi, en með báta er engin trygging, hvað þetta snertir.

Jeg held að frumv. sje eigi nógu gætilega hugsað.

Ráðherrann: Jeg leyfi mjer að þakka hinni háttv. nefnd fyrir meðferðina á þessu frumv. Jeg er að vísu ekki þeirrar skoðunar, að breyt.till. hennar sjeu allar til hins betra, en þær eru

allar fremur lítilvægar. Jeg skal fyrst nefna þá breyt.till., að bátar skuli taldir sem veð, er lána skuli út á, en veiðarfærum aptur á móti sleppt. Að vísu er jeg fullkomlega samdóma röksemdum nefndarinnar í nefndarálitinu, en mjer finnst ekki heppilegt að slá því föstu með beinum lagaorðum, að bátar skuli vera veðhæfir. Jeg álít miklu heppilegra, að láta það vera komið undir álitum sjóðsstjórnarinnar í hverju einstöku tilfelli.

Það er tekið fram í athugasemdunum við stjórnarfrumv., að orðalagið er valið eins og það er, til þess að veðdeildin hafi mjög óbundnar hendur. Það er ljóst á orðalagi frumv., að það má veita lán út á báta, ef svo er litið á, að bátar hjer sjeu veðhæfir. Og jeg álít nægilegt, að gefa heimild til þess, þó það sje ekki gjört að skyldu.

Eins og nú er, er ekkert vátryggingarfjelag til hjer á landi, sem tekur að sjer að vátryggja báta, aðra en mótorbáta; þegar af þeirri ástæðu væri að minni hyggju betra að nefna þá ekki beint í lögunum, heldur láta þá fljóta með eptir kringumstæðum.

Jeg mæli því heldur á móti þessari tillögu, ekki af því að jeg álíti, að hjer sje um »princip«breyting að ræða, heldur af því að mjer finnst till. nefndarinnar skemma orðalagið á frumv.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) hjelt, að það mundi hættulegt í framkvæmdinni, að í frumv. eru ekki sett ákvæði til tryggingar því, að vel sje farið með skipin, meðan lánið hvílir á þeim. En að minni hyggju á slíkt ákvæði ekki heima í þessu frumv. Ábyrgðarfjelögin eiga að sjá um, að veðið sje í góðu standi og að því sje haldið við. Það er því komið undir dómi ábyrgðarfjelaganna, hvort lánsdeildin getur tekið veðin gild. Þess utan er í reglugjörð Fiskiveiðasjóðsins ákvæði um það, að ef skip stendur uppi eina vertíð, þá falli lánið í gjalddaga, og verður það þá að innheimtast tafarlaust. Jeg held því, að þetta atriði í frumv. sje ekkert varhugavert. En jeg hafði búizt við mótmælum gegn öðru ákvæði í frumv., sem sje því, að þeir, sem taka lán úr sjóðnum, taki á sig »sólidariska« ábyrgð. Mjer þykir vænt um, að mótmæli hafa ekki komið gegn þessu ákvæði, því ákvæðið er nauðsynlegt til að styrkja lánstraust út á við. Slík ákvæði hafa verið reynd annarsstaðar í samskonar stofnunum, er á fasteign eru byggðar, og hafa sjaldan orðið til baga. En ákvæðið gæti í fyrstunni virzt ægilegt í augum lántakenda, og bjóst jeg því við mótspyrnu á móti því. En að slíkri lánsdeild sje nokkur hætta búin, skil jeg ekki, nema ef vera kynni, að hún næði ekki tilgangi sínum, af því að skuldabrjefin seldust ekki.

En jeg hef þá trú, að hægt sje að hjálpa sölunni nokkuð við, á þann hátt, sem tekið er fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumv.

Framsögumaður Björn Bjarnarson (þm.Dal.): Hæstv. ráðh. hefur að mestu leyti svarað h. 1.þm.Rvk.(Tr.G.), svo jeg þarf ekki mörgum orðum um það að eyða. Jeg held, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, sje ekki eins ægilegt, og háttv. 1. þm. Rvk. hjelt, að það mundi verða. Hann talaði um, að hættulegt væri, að taka mótorbáta í vátryggingu og nefndi eitt tilfelli, þar sem mótorbátur hefði farizt fyrir klaufaskap, en jeg hef einnig sjeð menn sigla skipi á land og brjóta það, og ef ekki ætti að vátryggja skip af því að þess konar tilfelli geta komið fyrir, þá færi að vandast málið. Skaðinn, sem af því leiðir, lendir á því ábyrgðarfjelagi, sem skipið er tryggt í, því eins og tekið er fram í frumv., á ekki að lána út á annað en vátryggð

veð. Þetta kemur því ábyrgðarfjelaginu við, en ekki lánsdeildinni.

Jeg gat ekki vel áttað mig á því, sem hæstv. ráðherra sagði um skilgreininguna milli báta og skipa. Helzt fannst mjer hann fyrir sitt leyti vilja álíta, að bátar sjeu skip en í daglegu tali er þó jafnan með »skip« meint þilskip í mótsetningu við opna báta. Og í athugasemdunum við stjórnarfrumv. sýnist meint, að skip og bátar sjeu sitt hvað, með tilliti til tryggingar gegn láni úr lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins. Í athugasemdunum við stjórnarfrumv. stendur: »Lán úr fiskiveiðasjóði til skipakaupa eru aðallega ætluð til að kaupa fiskiskip frá útlöndum eða byggja ný skip, og fje sjóðsins nægir ekki einu sinni til þess, þegar farið er að kaupa dýr gufuskip til fiskiveiða; lán gegn veði í þeim skipum, sem þegar eru hjer til, verður þar á móti sjaldnast hægt að veita úr sjóðnum«. Þetta bendir á, að stjórnin hafi álitið, að skip væru ekki bátar, því bátar eru sjaldan keyptir hingað frá útlöndum. Það er líka fleira í athugasemdunum við stjórnarfrumv., sem bendir til þess, að annað sje meint með »skip« en »bátur«.

En mjer finnst ekkert á móti því, að lána út á báta, ef þeir eru vátryggðir, en þar á móti er ekkert verðmæti í veiðarfærum sem slíkum, því þau eru ávalt í hættu þegar þau koma í sjó. Þau eru því að eins nokkurs virði, meðan þau hanga ónotuð í landi. En þá heyra þau að mínu áliti undir allt annan eignaflokk en bátar.

Jeg er þessu frumv. meðmæltur og vona, að háttv. deild geti því samþykki sitt.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Háttv. framsögumaður (B. B.) hefur að nokkru leyti skýrt það, sem hæstv. ráðherra hafði á móti, sem sje það, að í staðinn fyrir »veiðarfærum« kæmi »bátum« í 1. gr. frumv. Jeg vildi leyfa mjer að skýra frekara með nokkrum orðum, hvers vegna nefndin ekki vildi hafa orðið »veiðarfæri«. Nefndin íhugaði þetta atriði sjerstaklega nákvæmlega og gat ekki fundið, þó allskonar veiðarfæri væru upp talin, að nokkur af þeim gætu orðið hæf sem veð. En í þess stað kom nefndinni saman um, að vel mætti lána út á báta, ef þeir væru vátryggðir, og ekkert getur verið veð eptir frumvarpinu nema það sje vátryggt. En nefndin gat ómögulega fundið, að veiðarfæri gætu nokkurntíma talizt veðhæf, því venjulega útvega menn sjer ekki meir af veiðarfærum, en þeir brúka í þann og þann svipinn og þá eru þau ekki veðhæf, eins og háttv. framsm. tók fram. Auk þess hafði nefndin fyrir sjer þá ástæðu, að svo litur út í frv., sem fremur sje átt við stærri skip en báta, og þótti henni því nauðsynlegt, að taka skýrt fram um, að lán mætti veita gegn veði í vátryggðum bátum. En þar sem stendur í 1. gr.: »og öðrum eignum«, þá getur það ákvæði vel staðið, því það geta verið ýmiskonar verðmætar eignir, sem til fiskiveiða geta talizt fyrir utan skip, t. d. verksmiðjur, svo það þarf engin hætta að stafa af því ákvæði, að lána megi út á aðrar eignir, sem notaðar eru til fiskiveiða, eða til að gjöra aflann verðmætan, þó þær eignir sje aðrar en skip og bátar.

ATKV.GR.:

Breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. sþ. með 13 atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. með 18 atkv.

2. gr. samþ. með 18 atkv.

3. - — — 20 —

1. breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. sþ. án atkvgr.

2. breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. sþ. með 14 atkv.

4. gr. þannig breytt samþ. með 16 atkv.

5. gr. samþ. með 20 atkv.

6. - — — 20 —

7. - — — 20 —

Brtill. nefndarinnar við 8. gr. (ný gr.) samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar við 9. gr. sþ. með 15 atkv.

9. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.

10. gr. samþ. með 20 atkv.

11. - — — 20 —

12. - — — 20 —

13. - — — 20 —

Breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. samþ. með 17 atkv,

14. gr. þannig breytt, samþ. með 21 atkv.

15, gr. samþ. með 21 atkv.

16. gr. samþ. með 21 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ág. kom frumv. (A 431) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og endursent forseta Ed.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. septbr. kom frv. (A 469, 522) til einnar umr.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Eins og hv. Ed. hefur orðið vör við, hefur þetta frumv. orðið fyrir nokkrum breytingum í háttv. Nd., og er gjörð grein fyrir því í nefndaráliti Nd., á hverju þessar breytingar eru byggðar. Jeg skal leyfa mjer, að fara örfáum orðum um hverja fyrir sig, og byrja á breyt.till. við 1. gr. Er hún í því fólgin, að fyrir »veiðarfærum« komi: »bátum«. Í nefndarálitinu er þess getið, að orðið »skip« þyki óákveðið, notist bæði um þilskip og báta. Í aths. stjórnarinnar, er ekki gjörð grein fyrir, hvernig skilja eigi orðið, og okkur fannst ekki ástæða til breytinga. Eptir almennri málvenju þýðir það ekkert annað, en tæki til að komast á yfir sjó, ferja, fleyta; bátar eða skip af öllum stærðum, sameiginlegt heiti. Ástæða var því engin til að greina þýðinguna. Annars álít jeg, að breytingin gjöri hvorki til nje frá.

Næsta breyt.till. nefndarinnar er sú sama, sem kemur fyrir í 4. gr., »bátur« settur inn og »veiðarfæri« aptur fyrir; með öðrum orðum sleppt þeim, en í frumv. var það tilætlunin, að heimila að nota þau til tryggingar, og það komast þau að vísu undir: »annað, er að sjávarútgjörð lýtur«.

Aðalbrtill. er við 8. gr.; fer hún fram á, að lántakandi skuli greiða til kostnaðar í varasjóð ½% árlega, af upphæð þeirri, er hann skuldar. Í stjórnarfrv, og eins í frumv. þessarar deildar var ráðgjört, að þetta ½% gjald greiddist fyrirfram fyrir öll árin í senn. Ástæðan til þess var sú, að þar sem hin samstaklega ábyrgð gæti orðið allþung, ef óhöpp bæri að höndum, þá mundi þetta ákvæði draga talsvert úr, því varasjóður eykst talsvert seinna með þessu fyrirkomulagi, sem nú er í frv. Nefndin áleit, að greiðslan á þessum ½% fyrirfram mundi styðja að því, að lántakendur notuðu lánið sem skemmst, þ. e. stytti lánstímann, en við það er ekkert varhugavert, þar eð ætíð má framlengja.

Jeg skal játa það, að okkur var ljóst, að þetta ákvæði gæti orðið fullþungt fyrir lántakanda, ef hann yrði fyrir þungum búsifjum og t. d. missti skip sitt á 1. ári. En nefndin vildi fyrir hvern mun styðja að því, að hin samstaklega ábyrgð gæti orðið sem ljettust,

svo að menn ekki fráfældust að taka lánin.

En eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að þrátt fyrir það, þó nefndin lýsi vanþóknun sinni á þessum breytingum Nd., þá vill hún þó ekki ráða til að breyta frumv. aptur, heldur óska þess, að háttv. deild samþ. það óbreytt, svo að málinu sje eigi teflt í tvísýnu.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Afgreitt til ráðh., sem lög frá alþ.

XV. Útgáfa Lögbirtingablaðs.

Á 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um útgáfu lögbirtingablaðs til 1. umr.

Ráðherrann: Á alþingi 1902 voru í báðum deildum alþingis samþ. þingsályktanir þess efnis, að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að einkarjetturinn til þess að birta stjórnarvaldaauglýsingar næstu 3 ár, talið frá nýári 1903, væri veittur þeim af útgefendum hinna almennu frjettablaða í Reykjavík, sem hæst gjald byði fyrir þennan rjett. Þetta tók stjórnin til greina og bauð samkeppni milli helztu blaðanna. Niðurstaðan varð sú, að blaðinu »Þjóðólfi« var veittur rjetturinn, en áður hafði blaðið »Ísafold« haft hann um langan tíma. Nú er auglýsingarjetturinn vegna nýs uppboðs kominn til hins þriðja blaðs, blaðsins »Reykjavík«, sem á að hafa hann til næstu áramóta, og hamingjan má vita, hvaða blað kynni næst að verða hæstbjóðandi, ef þessi rjettarstofnun, hin opinbera, fyrirskipaða lögbirting, væri enn sett »undir hamarinn«. Stjórnarráðið verður að líta svo á, að það sje afar óheppilegt, að slíkt los sje á þessari rjettarstofnun; mönnum er með því gjört miklu erfiðara fyrir eða jafnvel illmögulegt, að fá vitneskju um sitt hvað, er snertir rjettindi þeirra, sem þeir eiga heimting á að eiga greiðan aðgang að. Það er og eptir mínu áliti mjög óviðeigandi, að láta slíkt vera á hrakningi, eptir því hvort boðið er nokkrum krónum meira eða minna fyrir þá »reklame«, sem það er fyrir blað að flytja slíkt, og hinu opinbera ósamboðið, að reyna að hafa aura upp úr slíku. Það hefur þegar þótt nauðsyn að gjöra tilraun til þess að reyna að koma á öðru fyrirkomulagi en verið hefur; þessvegna hefur lögbirtingu stjórnarvaldaauglýsinga ekki verið ráðstafað til meir en eins árs í senn nú upp á síðkastið. Í öðrum löndum eru menn horfnir frá því að láta lögbirtingar koma fram í almennum frjettablöðum, og eru víða gefin út sjerstök blöð til slíkra birtinga, t. d. »Statstidende« í Danmörku og »Kundgjörelsestidende« í Norvegi.

Í frumv. þessu er farið fram á, að láta ekki almenn frjettablöð lengur hafa starfa þennan á hendi, þótt endurgjald komi í móti, enda er, eins og jeg þegar hef tekið fram, alls ekki tilgangurinn með birtingu stjórnarvaldaauglýsinga, að fá tekjur í landssjóð af því, heldur er hann allt annar. Það er líka augljóst, að það er afar óviðkunnanleg krafa, að menn sjeu neyddir til að kaupa blöð, sem þeir annars ef til vill alls ekki mundu vilja lesa,

eða sem á einhvern hátt eru þeim ógeðfelld, að eins til þess að sjá þessar auglýsingar. Blöð, sem þessar auglýsingar flytja,verða og af sumum, sjerstaklega af útlendingum, álitin að vera »*ofliciel*« blöð, þó þau sjeu það ekki á neinn hátt að öðru leyti, og má misbrúka það á ýmsa vegu. Eptir því, sem blaðamennsku opt er háttað hjer á landi, hygg jeg, að sjerstök ástæða sje hjer til þess, að breyta um þetta fyrirkomulag, og það meðfram af þeirri ástæðu, að það er svo margt, fyrir utan þær eiginlega lögboðnu auglýsingar, sem þörf væri á, að almenningur fengi vitneskju um. Blöðin hjer eru enn svo lítil, að ekki er von á því, að þau geti flutt ýmsar yfirvaldafyrirskipanir eða umburðarbrjef, sem þó væri hentugt að geta birt almenningi. Það mundi taka of mikið rúm frá frjettum og öðrum málum. En ef sjerstakt lögbirtingablað væri gefið út, eins og það sem hjer er farið fram á, þá væri hægt að birta slíkt ásamt lögboðnum auglýsingum, og mundi fljótt sjást, að það er heppilegt í ýmsu tilliti.

Jeg álít, að kostnaðurinn við útgáfu slíks blaðs þyrfti aldrei að verða mjög tilfinnanlegur útgjaldaliður. Að vísu mundu tekjurnar af blaðinu naumast hrökkva til kostnaðar, en jeg álít, að sá hagnaður og þau þægindi, sem er að því, að vita jafnan, hvar er að leita opinberra auglýsinga og annara stjórnarráðsstafana, mundi meira en vega upp móti þeim kostnaði, Einnig álít jeg mikilsvert atriði, að ef auglýsingarnar yrðu birtar í blaði, sem engan pólitiskan lit hefur, og er óbundið við flokkadeilur, þá er hægt að gjöra opinberar stjórnarráðstafanir til þess að greiða fyrir útbreiðslu þess, þar sem allar útbreiðslu-ráðstafanir á opinberan kostnað eða með yfirvaldsboði eru ómögulegar, ef um pólitisk blöð er að ræða, Jeg vona, að hin háttv. deild taki þessu frumv. vel, og láti það ná fram að ganga.

Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv. gegn 2.

Á 8. fundi Nd., miðvikudaginn 10. júlí kom frumv. til 2. umr.

Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.): Hin háttv. þingd. mun hafa tekið eptir því, að jeg greiddi atkv. í móti frumv. við 1. umr. málsins, og vil jeg nú gjöra grein fyrir því. Opið brjef 27. maí 1859 mælir svo fyrir, að stjórnarvaldaauglýsingar skuli birta í einhverju almennu frjettablaði í höfuðstaðnum, og hefur það jafnan verið gjört síðan. Það virðist og eigi þörf á því að breyta þessari reglu, því að enginn hörgull er á almennum frjettablöðum í höfuðstaðnum. Og sú ástæða, sem færð er fyrir frumv. þessu í aths. við frumv., að með þessu móti hafi almenningur að vísu að ganga hvar auglýsinganna sje að leita, þar sem það verði stöðugt sama blaðið, sem auglýsingarnar flytur, virðist mjer ekki nægilegt, því að það mun fara sem venjan hefur verið, að þess sje getið í öðrum blöðum, hvaða blað hreppi auglýsingarnar, og að það verði með þeim hætti almenningi kunnugt. En aðalástæða mín gegn frumv. þessu er þó kostnaðurinn. Eins og nú stendur, gefa auglýsingar þessar landssjóði dálitlar tekjur, um 400 kr. á ári »nettó«. Jeg gjöri nú ráð fyrir,að Lögbirtingablaðið mundi verða vikublað, og í líku broti, sem önnur blöð vor.

Pappír og prentun ætla jeg því, að verði ekki sett lægra en 30 kr. fyrir hvert tölublað, og verða það þá 1,560 kr. Prófarkalestur má ætla 4 kr.

flutt	1560 kr.
fyrir hvert tölublaðið um árið	208 —
Þá er ritstjórnin; ekki er unnt að ætla ritstjóra minna en 10 kr. fyrir hvert tölublað; um árið	520 —
Útsending má ætla	300 —
Burðargjald	200 —
Yrði þá kostnaðurinn yfir árið alls	2,788 kr.

Þá er að athuga tekjurnar. Jeg ímynda mjer, að tekjur »Þjóðólfs«, þegar hann flutti auglýsingarnar, hafi ekki farið fram úr 800 kr.; um það mun háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) bezt geta borið, og má jeg fullyrða, að hann hefur getið þess í blaði sínu. Setjum þá, að auglýsingarnar gæfu af sjer 800 kr. Það má gjöra ráð fyrir því, að sent verði eitt eintak ókeypis í hvern hrepp, er sje til sýnis á þingstöðum hreppanna; það er því hætt við, að kaupendur yrðu ekki margir, því að bæði er það, að blaðið mundi verða lítt skemmtilegt, og auk þess er það kunnugt, að nýmæli berast fljótt mann frá manni til sveita. Jeg efast því um, að kaupendur yrðu fleiri en 100; en ef jeg gjöri ráð fyrir, að þeir yrðu 200, og að blaðið yrði selt á 2 kr., yrðu árstekjur af sölu blaðsins 400 kr. Tekjur blaðsins yrðu þá, að meðtöldum auglýsingum, 1,200 kr. Kostnaðurinn var áætlaður 2,788 kr., eða hjer um bil 2,800 kr.; yrði þá tap landsins 1,600 kr., og þar við bættist svo 400 kr., sem fást fyrir auglýsingarnar nú, svo að beint tap yrði 2,000 kr.; og þessu fje vill stjórnin kasta út, algjörlega að þarflausu. Þó að Danir og Norðmenn gefi út slík blöð, er engin ástæða til þess að fara að dæmi þeirra hjer á landi í þessu efni. Annars hygg jeg, að útgjöldin, einkum ritstjóralaunin, sjeu of lágt reiknuð hjá mjer. Eptir frumv. er stjórninni ætlað, að semja um allt, sem að blaðinu lýtur, ritstjórn og annað, svo að kostnaðurinn getur orðið miklu meiri, og veltur þar allt á hyggindum stjórnarinnar.

Jeg hef nú fært fram þær ástæður, sem jeg hef gegn frumv. þessu, og hygg jeg, að hin h. deild gjöri ekkert þarfara en stytta þessu frumv. aldur.

Ráðherrann: Stjórnarráðinu duldist ekki, er frumv. þetta var samið, að kostnaðurinn mundi verða töluverður. En um áætlun háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) er það að segja, að jeg hygg, að gjöldin muni þar nokkuð ríflega reiknað, en tekjurnar aptur á móti allt of lágt settar, bæði beinar tekjur fyrir auglýsingagjöld og sölu á blaðinu, og óbeinlínis tekjur, sparnaður á kostnaði, sem ella mundi þurfa að greiða af landssjóði á annan hátt. Mæli jeg þetta sjerstaklega til þess, er í athugasemdum við frumv. stjórnarinnar er ætlazt til, að í blaðinu verði birt ýms umburðarbrjef stjórnarvalda, svo sem stjórnarráðs til sýslumanna eða hjeraðsstjórna, landlæknis til lækna, biskups til prófasta o. s. frv. Með þessu móti mundi landssjóði sparast skrifstofukostnaður, sem annars er við búið að yrði að greiða, einkum fara skrifstofustörf landlæknis svo vaxandi, að ekki er til þess ætlandi, að hann geti komizt af án talsverðra prentana, sem borga þyrfti af landssjóði. En væri lögbirtingablaðið stofnsett, mundi það sparast landinu í bráðina. Einnig mundi í þessu blaði mega birta ýms form og reikningsfyrirmyndir, sem annars þyrfti að kosta prentun á öðru vísi. Ýmsir reikningar, sem nú eru birtir í B-deild stjórnartíðindanna, ættu og eptirleiðis að geta prentast í þessu blaði, og sparar það þá að því skapi pappír, prentun og útgáfukostnað Stjórnartíðind-

anna. Hjer við bætist og sá mikli hagnaður fyrir almenning, að hafa allar lögbirtingar á vissum stað, og sá ávinningur fyrir framkvæmd umboðsstjórnarinnar í ýmsum greinum, sem viðtækari birting yfirvaldaskipana gæti haft í för með sjer. Jeg er viss um, að í mörgum tilfellum gæti það og verið hentugt fyrir menn síðar meir, að eiga greiðan aðgang að öllum þessum auglýsingum í þessu eina blaði. Jeg vona því, að hv. þingd. verði ekki við tilmælum hv. þm. N.-Ísf. um að stúta frumv. þessu, því að jeg er viss um, að hún mundi iðrast þess eptir á, enda fæ jeg ekki skilið, að mönnum geti verið það keppikefli, að halda birtingu auglýsinganna í gamla horfinu; flestir munu með sjálfum sjer verða að játa, að núgildandi fyrirkomulag er óheppilegt, óviðkunnanlegt og ófullnægjandi í ýmsum greinum, enda mörgum hvimleitt. Ekki ætti það heldur að mæla með núverandi fyrirkomulagi, að það er stöðugt notað sem átylla til »pólitiskra« getsaka, missagna og tortryggingar, þó að sumir geti látið sjer slíkt í ljettu rúmi liggja.

Að öllu athuguðu vona jeg, að hv. þingd. komist að þeirri niðurstöðu, að hagurinn við útgáfu sjerstaks lögbirtingablaðs sje svo mikill, að ekki sje horfandi í dálitinn kostnað. Góðar framfarir fást sjaldan ókeypis.

Skúli Thoroddsen: Þar sem hæstv. ráðherra tók það fram, að eptirkomendurnir mundu hafa talsvert gagn af þessu lögbirtingablaði, þá skil jeg ekki, að svo geti orðið; það kynnu þá að vera einstöku fornfræðingar eða ættfræðingar, t. d. tvisvar, þrisvar á öld, *(Ráðherra:* Getur komið fyrir í málaferlum). Mjög sjaldan. Umburðarbrjef, og allt, sem þýðingu hefur fyrir almenning, hefur verið birt í Stjórnartíðindunum, svo og umburðarbrjef frá biskupi og landlækni, og mætti gjöra meira að því, en gjört hefur verið hingað til. Stjórnarvaldaauglýsingarnar og aðrar auglýsingar, sem þeim eru skyldar, mætti og birta í Stjórnartíðindunum; útbreiðsla þeirra er raunar lítil, en líklega svipuð, ef ekki meiri, en þetta fyrirhugaða lögbirtingablað nokkurntíma gæti fengið.

Það er að vísu engin þörf á sjerstökum ritstjóra við svona lagað blað, því að stjórnarráðið mundi sjálfsagt geta annazt um ritstjórn þess, og annað, sem að útgáfunni lýtur, og hæstv. ráðherra býst ef til vill við, að svo verði. En eptir ákvæðum laganna er stjórnin alveg óbundin í þessu efni, og það er undir henni einni komið, hvernig þessu verður hagað.

Í niðurlagi 1. gr. frumv. er og ákvæði, sem jeg tel mjög athugavert; þar er gefin heimild til að birta í stjórnarvaldablaði Íslands »sjerhvað það, er landsstjórninni þykir þörf á að gjöra almenningi kunnugt«.

Að vísu er þess getið í athugasemdunum, sem frumv. fylgja, að ekki sje ætlazt til þess, að teknar sjeu í blaðið almennar frjettir nje blaðagreinar; en teksti laganna útilokar ekki, að stjórnin gæti notað blaðið, til þess að andmæla skoðunum, sem komið hefðu fram í öðrum blöðum, og gjöra almenningi skoðanir sínar kunnar, og gjört það þannig að deilublaði, þótt ekki sje svo tilætlazt. Hjer er um, lögskýring að ræða, og er það víst öllum fullkunnugt, að einhverntíma hefur stjórn hengt hatt sinn á veikari snaga, en svo skýlaust ákvæði, sem í 1. gr. Það yrði því engin skotaskuld úr því fyrir stjórnina, að finna heimild til að nota blaðið á umgetinn hátt, ef henni biði svo við að horfa.

Ráðherrann: Jeg skoða það ekki sem neinn *rjett* fyrir stjórnina, að fá

að sjá um útgáfu þessa blaðs, heldur sem *skyldu;* það er sjálfsagt, vegna þess að það er ekki hægt að fela öðrum það, hún verður að hafa umsjá með slíku; í annað hús er ekki að venda. Sje jeg ekki ástæðu til þess að vantreysta landsstjórninni eða tortryggja hana um annað eins starf eins og þetta. Það er lítilsháttar í samanburði við margt annað, sem henni er falið. Ef þingið treystir ekki stjórninni til þessa, gæti það sett gæzlustjóra við hlið henni, eða kosið sjálft útgefanda; en ekki vil jeg samt gjöra það að tillögu minni. En það liggur í hlutarins eðli og sjálft nafnið »lögbirtingablað« ber það með sjer, hvert starfssvið blaðsins á að vera, svo að jeg held, að engri stjórn mundi detta í hug að halda því fram, að þetta ætti að vera »pólitíkst« blað fyrir hana, jafnlítt og hún mundi láta viðgangast, að það væri notað sem æsingablað á móti henni, enda þarf ekki að gjöra ráð fyrir, að nokkur stjórn sje svo á flæðiskeri stödd, að hún gæti ekki á haganlegri hátt mælt með skoðunum sínum eða andæft árásum, heldur en með því að smeygja blaðagreinum inn í auglýsingarnar.

Í athugasemdunum við stjórnarfrv. er skýrt tekið fram, hvert hlutverk blaðsins er, og ætti það að vera nægilegt. En til þess að taka af öll tvímæli, vil jeg hjer með lýsa því yfir, að jeg mun leggja þann skilning í lögin, meðan jeg er við stjórnina, og álít eptirkomendunum skylt, að fylgja því sama, og að óheimilt sje að láta annað í blaðið, en það, sem er algjörlega embættislegs eðlis og fyrir utan alla »pólitíkska« flokkaskipting.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. m. 18 atkv. gegn 3.
2. — — — 16 — — 2.
3. — — — 17 — — 1.
4. — — — 14 — — 2.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 gegn 4 atkv.

Á 9. fundi Nd., föstudaginn 12. júlí kom frumv. (A. 67) til 3. umr.

Magnús Andrjesson, (þm. Mýram.): Jeg hef ásamt öðrum þingmanni leyft mjer að koma fram með dálitla viðaukatillögu við þetta frumv. Hún gengur út á það, að bæta inn í 1. gr. frumv. ákvæði um, að allar auglýsingar um seldan óskilafjenað, hvort heldur sauðkindur, eða hross, skuli birta í lögbirtingablaðinu. Nú sem stendur er ekkert fyrirskipað um það, hvar slíkar auglýsingar eigi að birta; þær koma þess vegna í ýmsum blöðum á víð og dreif um landið, svo ef menn vilja grennslast eptir, hvort skepnur þeirra hafi verið seldar sem óskilafje, þá verða þeir að rannsaka flest eða öll blöð, en þau eru ekki allstaðar til, svo að þetta getur valdið miklum óþægindum, og stundum jafnvel töluverðu tjóni. Úr þessu væri bætt, ef það væri fyrirskipað með lögum, að allar þessar auglýsingar væru birtar í sama blaði; þá mætti ganga að því vísu, hvar þær væri að finna. Ef þessi viðaukatillaga yrði samþykkt, mundi aukast það gagn sem almenningur hefði af auglýsingablaðinu, og það mundi bera sig betur, þó að auglýsingagjaldið væri ekki hærra en verið hefur. Það verður að treysta stjórninni til þess, að hafa gjaldið ekki hærra, en það mundi vera, ef auglýst væri í öðrum blöðum. Hærra mætti það alls eigi vera, þar sem almenningi væri bannað að skipta við önnur blöð, en þetta eina.

Ráðherrann: Jeg er hinum háttv. flutnm. þakklát tur fyrir þessa brt. Jeg álít, að hún sje til bóta, og vil þess vegna mæla með því, að hún verði sþ.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg ímynda mjer, að fyrir hinum hv. flutningsmönnum þessarar breyt.till. hafi vakað það, að útvega lögbirtingablaðinu auknar tekjur, og hafi þeir því að eins litið á það eitt, en síður á hitt, hversu hentugt þetta fyrirkomulag yrði almenningi. Mjer finnst ákvæðið dálítið varúðarvert, af því jeg efast ekki um, að blað þetta fái litla útbreiðslu. Það getur líka verið, að háttv. flutningsmenn hafi með þessu viljað auka útbreiðslu blaðsins, en jeg er alls ekki viss um, að það yrði að nokkru ráði. Í fjallskilareglugjörðum fyrir nokkrar sýslur (t. d. Gullbringu- og Kjósar, Mýra- og Borgarfjarðar, Vestur-Barðastrandar og Strandasýslu) er það ákveðið, að birta skuli slíkar auglýsingar í því blaði, sem opinberar auglýsingar eru birtar í, og þær auglýsingar kæmu að sjálfsögðu í þetta blað, þó að viðaukatillagan yrði ekki samþykkt. En í öðrum sýslum er svo ákveðið í fjallskilareglugjörðum, að þessar auglýsingar skuli birta í einhverju viðlesnu blaði, en annars er ekkert fast ákveðið. Jeg er nú ekkert viss um, að sýslufjelögin tæku það vel upp, ef að alþingi færi að ganga inn á verksvið þeirra í þessu efni, sem hvert sýslufjelag fyrir sig á að ráða án íhlutunar hins almenna löggjafarvalds, sem jeg tel vafasamt að hafi heimild til þess, að skipa fyrir um þetta þvert ofan í fjallskilareglugjörðir margra sýslna. Óskilafjár-auglýsingar eru auðvitað helzt birtar í þeim blöðum, sem fjöl-lesnust eru á því svæði, sem auglýsingarnar helzt snerta. Auglýsingar úr Múlasýslum eru þannig birtar í Seyðisfjarðarblöðum, auglýsingar úr Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum í Akureyrarblöðum, úr Ísafjarðarsýslu í Ísafjarðarblöðum og svo framvegis. — Það er föst regla, að halda sjer við þau blöð, sem fjöl-lesnust eru á því og því svæði. Það var að eins þetta, sem jeg vildi vekja athygli á. Jeg gæti hugsað, að það yrði óvinsælt, að demba öllum þessum auglýsingum í þetta lögbirtingablað, og þó menn ef til vill vilji segja, að ekki sje vandfarnara með þessar auglýsingar, en t. d. auglýsingar um þrotabú, skiptafundi, nauðungaruppboð og aðrar opinberar auglýsingar, þá er þar til að svara, að af þeim auglýsingum geta önnur blöð flutt ágrip, og mundu eflaust sjá hag sinn í því, að gjöra það, þó að þær kæmu út áður í lögbirtingablaðinu, og við það fengju þær auglýsingar almenna útbreiðslu, en um óskilafjárauglýsingar er öðru máli að gegna, því að ekki er unnt, að taka ágrip af þeim, og yrði því að birta þær í heilu lagi, en það mundi ekkert blað gjöra borgunarlaust.

Jeg legg annars enga sjerstaka áherzlu á þetta; jeg vildi að eins vekja athygli deildarinnar á því, að þetta er ekki eins blátt áfram eða ágætt, sem manni skyldi sýnast í fljótu bragði. Auk þess mætti færa þennan »ramma« út; það mætti t. d. lögleiða það, að sparisjóðsreikningar skyldu birtir í lögbirtingablaðinu, og er viðbúið, að mönnum geðjaðist misjafnt að þess háttar ákvæðum.

Það yrði líka miklu dýrara, að auglýsa í þessu blaði en annarsstaðar, því mjer er kunnugt um, að menn geta samið við ritstjórana um það, að fá slíkar auglýsingar teknar í blöð fyrir minna verð en aðrar auglýsingar. — Mjer er þetta sem sagt ekkert kappsmál, en jeg vildi að eins minnast á þetta vegna almennings, sem jeg efast um að muni una þessari breytingu vel, breytingu, sem jeg tel fremur að mundi verða til óþæginda en bóta.

Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Það eru aðallega tvö atriði í ræðu hins háttv. 1. þm. Árn., sem jeg vildi minnast á. Hann tók það fram sem mótbáru, að þetta blað mundi ná svo lítilli útbreiðslu, að það gæti valdið almenningi óþæginda, ef auglýsingarnar yrðu ekki birtar annarsstaðar. Því svara jeg þannig, að blaðið mætti að sjálfsögðu fá að sjá hjá öllum hreppstjórum og oddvitum á landinu, og fleiri mundu auðvitað kaupa það, en þarna gætu menn gengið að því vísu. Önnur mótbáran var sú, að það væri ákveðið í fjallskilareglugjörðum fyrir nokkrar sýslur, að birta slíkar auglýsingar í því blaði, sem stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í. (*Hannes Þorsteinsson:* Það er misskilningur, jeg tók það ekki fram sem mótbáru; jeg sagði einmitt, að þær mundu koma í blaðið hvort sem væri). Mjer hefur þá misheyrzt, jeg heyrði ekki vel, það sem háttv. þm. sagði; sú aths. mín fellur þá burtu. En svo sagði hann, að það mundi verða dýrara, að auglýsa í þessu blaði en öðrum, en jeg tók það einmitt fram áðan, að til þess yrði að treysta stjórninni, að hafa það ekki dýrara, þar sem mönnum væri bannað að auglýsa annarsstaðar. Jeg held því ekki, að þessar mótbárur h. þm. sjeu svo verulegar, að þær þurfi að vera því til fyrirstöðu, að breyt.till. verði samþ.

Ráðherrann: Mjer heyrðist á hinum háttv. 1. þgm. Árn. (H. Þ.), að hann áliti, að breyt.till. kæmi í bága við ákvæði í löggiltum reglugjörðum sýslunefnda um þetta efni. Jeg get ekki sjeð, að það þurfi neitt að fara í bága við þau, þó að fyrirskipað sje, að óskilafjárauglýsingar skuli jafnan birta í þessu blaði, jafnvel þótt svo væri, að í einhverri fjallskilareglugjörð væri gjört ráð fyrir annari birting. Það væri ekki annað í hættunni en það, að birtingin yrði tvöföld. Það getur varla orðið svo mikill kostnaður, að það verði frágangssök. Jeg ímynda mjer jafnvel, að þó að engin ákvæði í fjallskilareglugjörðum gjörðu það nauðsynlegt, að birta óskilafjárauglýsingar, annarsstaðar en í lögbirtingablaðinu, þá mundi sveitarstjórnum opt þykja hentugt, að koma þeim einnig í einhver almenn frjettablöð, svo að blöðin mundu sjálfsagt halda, að minnsta kosti, nokkrum tekjum af þeim, þó að þessi viðaukatill. verði samþ.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Mjer virtist svo á niðurlaginu í ræðu hæstv. ráðh., sem hann vildi stinga mjer, sem ritstjóra, sneið fyrir það, að jeg væri öndverður brtill. fyrir eigin hagsmuna sakir, vildi halda í tekjur af óskilafjárauglýsingunum. Þeirri sneið, hafi hún átt svo að skiljast, vil jeg, fyrir mitt leyti, leyfa mjer að vísa algjörlega frá mjer. Þær tekjur hafa munað mig sára litlu, eins og nærri má geta, þar sem jeg hef jafnaðarlega ekki haft til birtingar óskilafjárauglýsingar, nema úr tveim sýslum landsins.

Hitt er það heldur, er veldur andmælum mínum, að þar sem allur fjöldi af sýslum landsins hefur ákvæði um, að óskilafjárauglýsingar skuli birta, ekki í stjórnarvaldaauglýsinga-blöðum, heldur í almennum blöðum, er mesta hafi útbreiðslu, þá er jeg sannfærður um, að það mundi valda megnustu óánægju hjá mönnum, er vanir eru að binda sig við að auglýsa í ákveðnum blöðum fyrir ákveðin svæði, ef stjórnin færi að lögbjóða þeim, að birta auglýsingarnar í fásjeðu lögbirtingablaði, sem aldrei getur fengið útbreiðslu, er komist í nokkurn samjöfnuð við útbreiðslu almennra frjettablaða.

Með þessum orðum leyfi jeg mjer að vísa sneið hæstv. ráðh. á bug.

ATKV.GR.: Viðaukatill. (þskj. 67) sþ. með 17 samhljóða atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 17 atkv. gegn 4, og afgreitt til forseta Ed.

Á 14. fundi Ed., þriðjudaginn 16. júlí, kom frumv. (A 80) til 1. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, finnst mjer þurfa talsverðrar athugunar við. Eptir því, sem mjer er kunnugt, munu tekjur þessa blaðs ekki verða svo miklar, að það geti borið sig af þeim einum.

Áður en jeg greiði atkv. með þessu máli, verð jeg að krefjast þess, að upplýsingar komi frá stjórninni um, hvað gjört sje ráð fyrir miklum tekjum af sölu og útgáfu blaðsins, hver útsendingarkostnaðurinn verði, og hve mörgum kaupendum sje gjört ráð fyrir. Áður en þessar upplýsingar liggja fyrir, finnst mjer, að hv. þingdm. geti ekki greitt atkvæði með þessu frumv.; nema því að eins að þeir gjöri það alveg í blindni, og það hygg jeg ekki að þeir vilji gjöra.

Jeg sje, að hæstv. ráðherra er hjer ekki viðstaddur, svo jeg get þaðan ekki fengið þessar upplýsingar, sem hann ef til vill annars hefði í tje látið.

Virðist mjer því sjálfsagt að kjósa nefnd til að íhuga málið, og sjerstaklega leita þessara upplýsinga. Fyr en fengin er ákveðin áætlun um tekjur blaðsins og allan kostnað, finnst mjer ekki hægt að greiða atkvæði um þetta frumv. Vil jeg þess vegna leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði kosin, að lokinni þessari umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer fyrir mitt leyti finnst ekki þörf á að nefnd sje skipuð í þetta mál; það er svo einfalt og óbrotið. Við vitum nóg til þess að greiða atkv. um frumv., þar sem við vitum, að borgað hefur verið árlega allt að 800 kr. til þess að fá þessar opinberu auglýsingar. Og hefðu ritstjórarnir auðvitað ekki boðið það, ef þeir hefðu ekki haft fulla vissu fyrir því, að þeir ekki sköðuðust á því, heldur jafnvel græddu á því.

Menn vita, hve vel auglýsingar borga sig, ef þær eru borgaðar í þumlungum, og að þær gjöra opt betur en að borga prentunarkostnað blaðanna. Allir blaðamenn reikna, að þeir fái prentun ókeypis, ef blaðið er meira en hálffullt af auglýsingum. Jeg verð þessvegna að álíta, að það muni borga sig fyrir landið að taka sjálft að sjer þessar auglýsingar. Jeg sje því enga ástæðu til að setja nefnd í málið, og mun greiða atkv. á móti því.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Viðvíkjandi því, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) tók fram, að borgaðar hafi verið 800 kr. fyrir hinar opinberu auglýsingar; þá er það að vísu rjett. En einn af þeim ritstjórum, sem hefur haft þessar auglýsingar, hefur sagt mjer, að það mundi nokkurn veginn jafna sig, þær væru ekki öllu meira virði, næmu tæpast meiru. En setjum nú svo, að það væri hjer um bil 200 kr. gróði, þá yrði það til samans 1,000 kr., og getur hver heilvita maður sjeð, að sú upphæð er svo lítil, að hún getur ekki borið blað.

Jeg hef svo mikla þekkingu á kostnaði við blaðaútgáfu, að jeg veit, að það er ekki að eins prentun blaðsins, sem eitthvað kostar, heldur einnig ritstjórn, að annast útsendingu, burðargjald o. fl. Og þar sem gjört er ráð fyrir, að blaðið verði sent ókeypis út um land, að líkindum til sömu manna og stjórnartíðindin, þá er ekki hægt að búast

við mörgum kaupendum að því, þegar búið er að útbýta því þannig ókeypis. Jeg er þess vegna sannfærður um, að það hlýtur að vera stórtap að gefa blaðið út.

Svo er líka ýmislegt fleira, sem komið getur til athugunar við frumv. Í frumv. stendur, að landsstjórnin annist um útgáfu blaðsins. Ætlar þá stjórnin að gefa það sjálf út, eða fá mann til þess?

Í frumv. stendur einnig, að stjórnarráðið ákveði borgun fyrir birtingar í blaðinu, en ekkert hámark er ákveðið fyrir því gjaldi, og mætti því eptir því hækka það von úr viti. Mjer finnst bezt við eiga að ákveða það eptir því, sem nú á sjer stað.

Það er heldur ekkert ákvæði um það, hverjir skuli fá blaðið ókeypis, nje heldur hverjar auglýsingar skuli vera ókeypis. Stjórnarráðið gæti því haft flestar auglýsingarnar ókeypis, ef það vildi.

Mjer finnst þess vegna frumv. að öllu leyti svo vanhugsað, og svo illa frá því gengið, að bráðnauðsynlegt sje að setja það í nefnd. Og skil jeg ekki í, að háttv. þingdeild geti samþ. það svona alveg út í bláinn.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg skal taka það fram sem mína skoðun á þessu máli, að jeg er alls ekki á móti frumv. og er alveg samdóma stjórninni um það, að gott væri að fá blað, sem gefið yrði út í þessu skyni. En jeg verð að taka undir með háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um það, að hjer vanti upplýsingar viðvíkjandi útgáfukostnaði blaðsins o. fl. Og álít jeg, að skylda stjórnarinnar hefði verið að skýra málið svo í athugasemdunum við frumv., að þm. gætu gjört sjer nokkurnveginn ljósa grein fyrir, hve útgáfa þessa blaðs mundi kosta mikið. Við vitum það allir, að nú sem stendur hefur landssjóður ekki eins eyris útgjöld til þessara auglýsinga, heldur hefur hann þvert á móti tekjur af þeim. Hjer er því um fjárspursmál að ræða, og verða menn því að fá gleggra yfirlit yfir kostnaðinn, en hjer liggur fyrir, áður en menn samþ. frumv.

Auk þess finnst mjer það dálítið undarlegt, að stjórnin skuli koma fram með þetta frumv. nú, þar sem þessar auglýsingar eru nú í höndum þess ágæta blaðs, sem sjálft segist hafa flesta kaupendur af öllum blöðum landsins og vera keypt meira eða minna í hverjum hrepp, og engum dettur í hug að efast um »sannsögli« þess. Ef hæstv. ráðh. væri hjer viðstaddur, þá getur verið að hann gæti gefið fullnægjandi upplýsingar í þessu máli. Jeg skal játa það, að þetta getur verið gott fyrirkomulag og að mörgu leyti haganlegt, en ekki ólíklegt, að það hafi töluverðan kostnaðarauka í för með sjer fyrir landssjóðinn, en það atriði ræður miklu um mitt atkvæði, eins og hjer stendur á.

Jeg get ekki neitað því, að það hefur flogið mjer til eyrna, að sjerstakur maður ætti að annast ritstjórn blaðsins, en hef þó engan heyrt tilnefndan. Þarf hann þá að sjálfsögðu að hafa sín laun fyrir þann starfa. Um þetta þarf að fá áreiðanlegar upplýsingar.

Af þessum ástæðum álít jeg heppilegt, að nefnd verði skipuð í málið, en mun þó greiða atkv. með, að frumv. gangi til 2. umr., þó nefndarskipun yrði felld.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal taka það fram, að jeg álít, að kostnaðaráætlanir háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sjeu ekki áreiðanlegar og á þeim sje ekki mikið að byggja, hvað kostnað og útgáfu auglýsingablaðsins snertir; jeg veit ekki, við hvaða

ritstjóra hann hefur átt tal um þetta efni, en jeg treysti ekki mikið á sannsögli ritstjóra, þegar um mál svipað þessu er að ræða. Sami háttv. þm. talaði um, að burðargjald undir blaðið mundi verða töluvert mikið, en það burðargjald kemur til að renna að mestu leyti aptur inn í landssjóð; blað þetta getur heldur ekki orðið stórt, eptir því að dæma, að hinar opinberu auglýsingar hafa sjaldnast tekið meira rúm en eina síðu i »þjóðólfi« og »Reykjavík«, svo að burðargjaldið ætti ekki að geta orðið stór útgjaldaliður.

Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) sagðist hafa heyrt því fleygt, að setja ætti sjerstakan ritstjóra fyrir blað þetta, og ímynda jeg mjer, að orðasveimur sá sje líkt tilorðinn og ýmislegt annað, er hingað hefur borizt og hefur að líkindum við svipuð rök að styðjast, eins og kvis það, er háttv. 2. þm. Hún. hrakti hjer í gær, um að hann væri fyrirfram ráðinn landsbókavörður.

Annars álít jeg óþarfa, að vera að dylgja með þetta, það stendur í frumv., að stjórnin annist um, að gefið sje út blað og gjöri jeg ráð fyrir, að það verði annazt á skrifstofunni. Óþarfa álít jeg, að setja frumv. í nefnd, en hægt er að fá frekari upplýsingar við 2. umr.

Ráðherrann: Jeg hef ekki átt kost á, að hlusta á umræður hjer í deildinni um frumv. þetta, en mjer skilst, að ræðurnar snúist aðallega um, hver kostnaður muni vera því samfara, að gefa út auglýsingablaðið. Um það er ekki hægt að segja með vissu, af því það er ómögulegt að gjöra sjer ljósa hugmynd um, hve mikið verði prentað í blaðinu með hinu nýja fyrirkomulagi. En eptir umræðum þeim, sem urðu um málið í Nd., ætti að mega fara nærri um hámark kostnaðaraukans. Þar gjörði einn af andstæðingum málsins, ritstjóri gamall, háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), ítarlega áætlun um kostnað við útgáfu blaðsins, til þess að styðja með því mótmæli sín; hann gjörði ráð fyrir, að hinar opinberu auglýsingar gæfu af sjer um 800 kr., og þá varð aukakostnaðurinn, eða tekjuhallinn eptir reikningi hans, sem ekki mun hafa verið frumv. um of í vil, að því er mig minnir, um 2,000 kr. En eptir það kom fram og var samþykkt breytingartillaga frá 2 þm. í Nd. um, að skylda sýslufjelög til að auglýsa í þessu blaði selt óskilafje, og kom öllum saman um, að með því mundi hægt að auka töluvert tekjur blaðsins, og tekjuhallinn yrði því ekki eins mikill og ella.

Ekki get jeg sagt háttv. 2. þm G.-K. (V. G.), hvað miklar tekjurnar mundu verða alls, vjer vitum, að það blað, sem nú hefur auglýsingarnar, mat þær um 800 kr., og svo bætast þar við tekjur fyrir auglýsingar um selt óskilafje og annað nýtt, samningar o. fl., er við bætist. Svo má víst ætla, að fyrir sölu á blaðinu komi 3—400 kr. Þetta eru hinar beinu tekjur. Óbeinar tekjur verða aptur í því fólgnar, að hægt er að láta það flytja ýms umburðarbrjef, bæði til sýslumanna frá stjórnarráðinu, frá biskupi til prófasta, frá landlækni til lækna o. s. frv., og við það sparast skrifstofukostnaður, sem annars þyrfti að borga á annan hátt.

En jafnvel þótt kostnaðurinn yrði nokkur við að gefa út blaðið, vjer skulum segja allt að 2,000 kr., þá álít jeg þó ekki, að hikandi sje við að gjöra það, því að því eru samfara svo mikil þægindi í aðra hönd fyrir alla, er hlut eiga að máli, að það er fullkomlega tilvinnandi. Auk þess getur land-

ið naumast verið þekkt fyrir það fyrirkomulag sem nú er, að bjóða upp lögbirtinguna eins og óskilagemsa á haustum, og reyna að næla nokkrar krónur af þeim, sem bezt býður, hvernig sem blaðið að öðru leyti er til þess fallið, að hafa opinbert lögbirtingastarf á hendi.

Það kemur ekki til mála, að blað þetta verði á neinn hátt flokksblað, það verður hlutlaust blað, sem öllum á að vera jafnljúft að taka sjer í hönd og kaupa, hverjar »pólitiskar« stefnur eða flokka sem þeir aðhyllast, og slíkt blað er hægt að láta stjórnarvöld útbreiða eða stuðla að útbreiðslu þess, sem ekki gæti komið til greina með nokkurt flokksblað.

Steingrímur Jónsson (6. kgk.): Jeg verð að láta þá skoðun mína í ljós, að mjer virðist frumvarp þetta á góðum rökum byggt, og að það eigi það skilið, að fá framgang. Jeg álít það nauðsynlegt fyrir oss, að fá lögbirtingablað, og helzt hefði það átt að vera stofnað fyrir löngu, og vjer megum ekki setja það fyrir oss, þótt það kunni að kosta landssjóð nokkurt fje. Það eru sjerstaklega tvær ástæður fyrir því, að jeg lít þannig á málið. Í fyrsta lagi tel jeg það óheppilegt og óviðkunnanlegt, að hinar opinberu auglýsingar sjeu látnar hrekjast á milli »pólitiskra« blaða; slík blöð eiga tilveru sína og útbreiðslu undir því, af hvaða átt blæs í pólitíkinni í það og það sinn. Það er torvelt að sjá fyrir, hvern útbreiðsluhnekki »pólitísk« blöð geta fengið á skömmum tíma. Jeg skal ekki rengja háttv. þm. Ísfjk. [Sig. St.) um, að opinberu auglýsingunum sje vel borgið nú, að því leyti, að blað það, sem þær birtast í, sje mjög fjöllesið. En hvað lengi er slíkt að breytast? Mjer er kunnugt um, að víðlesnu og mikils metnu blaði var á skömmum tíma rýmt burt úr fleiri hreppum í Þingeyjarsýslu, og líkt getur farið með fleiri blöð.

Það getur verið, að háttv. þm. (Sig. St.) geti með áhrifavaldi sínu haldið við útbreiðslu auglýsingablaðs stjórnarinnar, þess sem nú er, í sínu kjördæmi, og í nokkrum sóknum við Ísafjarðardjúp, en hann er maður farinn að hníga á efri aldur, og eigi getur hann ábyrgzt, hvernig fara muni, er hans missir við.

Þó er önnur ástæða í mínum augum enn meira verð, og hún er sú, að það er full þörf á, að miklu fleira sje auglýst almenningi, en gjört hefur verið og gjört mun verða, á meðan eigi er til sjerstakt lögbirtingablað. Hæstv. ráðh. nefndi til, að í lögbirtingablaðinu mætti birta ýms umburðarbrjef biskups, og fyrirskipanir landlæknis, þær er almenning snerta. Sama er að segja um póstmeistarann, hann þarf að tilkynna ýmislegt það, er almenning varðar. Nú sem stendur koma þær tilkynningar að jafnaði ekki annarsstaðar á prent en í póstblaðinu, en það blað sjá næsta fáir, og fer almenningur þannig á mis við vitneskju um ýmislegt, er hann getur varðað miklu. Fleira samskonar mætti til nefna, er gjörir lögbirtingablað mjög nauðsynlegt.

Mjer er að vísu ekki fullkunnugt um, hvað útgáfa lögbirtingablaðs mundi kosta, en það er kunnugt, að tekjur sumra blaðanna af auglýsingum eru svo miklar, að þær borga að miklu leyti útgáfukostnað þeirra, og þó er að jafnaði ekki meira en $^1/_4$—$^3/_8$ hluti af efni þeirra auglýsingar. Loks má bæta því við, að mjög mundi verða sótt eptir, að fá að auglýsa á kápu blaðs þessa, ef þess væri kostur, því að blaðið yrði að sjálfsögðu mjög útbreitt, bæði af

því að það yrði sent allmörgum gefins og af því, að áhugi á opinberum málum er mikill hjá mörgum; það yrði að sjálfsögðu kær gestur fjölda manna. Þegar þessa er gætt, skil jeg ekki í öðru, en að kostnaður við útgáfu þess mundi eigi verða mikill fram yfir tekjur þær, er það gæfi af sjer.

Jeg get skilið það, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) vilji, að málið sje skoðað í nefnd, og sje jeg ekkert á móti því, að svo sje gjört; mun jeg því greiða atkv. með nefndarkosningu, er til þess kemur.

Ráðherrann: Jeg þurfti því miður að vera í háttv. Nd. á meðan háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) hjelt ræðu sína, og missti jeg því af henni. En jeg hef heyrt sagt, að háttv. þm. (Sig. St.), hafi talið, að stjórnarauglýsingunum væri nú svo vel fyrir komið og þær birtar í svo útbreiddu blaði, að stjórnin mundi eigi skipta um til batnaðar, þótt hún færi að breyta um.

Jeg finn enga ástæðu til, að hefja mótmæli gegn háttv. þm. (Sig. St.) og jeg veit ekki betur, en að það sje alveg rjett, að blað það, sem stjórnarauglýsingarnar birtast nú í, sje mjög útbreitt. En sá er hængur á, að samningurinn um birtingu auglýsinganna í blaði þessu nær ekki nema til ársloka; þá þyrfti að bjóða þær upp enn á ný, og jeg efast um að háttv. þm. (Sig. St.) gæti ábyrgzt stjórninni það, að hún eigi framvegis kost á að láta birta auglýsingarnar í þessu blaði, hve fegin sem hún kynni að vilja það.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) gjörði ráð fyrir, að afla mætti auglýsingablaðinu tekna með því að gefa kaupmönnnm kost á að setja auglýsingar sínar á umslag þess. Jeg hafði ekki hugsað mjer þetta, og jeg ætlaðist ekki til, að það tæki aðrar auglýsingar en þær, sem snerta opinber mál og lögskipuð rjettindi manna. Það er nú farið að skrifa sumar auglýsingar kaupmauna með því sniði, að það er ekki víst, nema þær yrðu stundum dálítið hjáróma við tóninn í opinberu, hlutlausu lögbirtingablaði.

Jeg held, það sje því rjettara, að halda sjer innan þeirra takmarka, sem nefndir hafa verið, og að það verði að öllu samanlögðu hollara, að hugsa ekki um þann tekjuauka, sem af kaupmannaauglýsingum kynni að leiða.

Jeg sje enga þörf á, að nefnd sje skipuð í málið hjer; það ætti að vera næg trygging fyrir deildina, að það hefnr verið íhugað vandlega í háttv. Nd., þar var það samþ. með miklum atkv.-mun, og greiddu þar atkv. með því menn úr báðum flokkum jöfnum höndum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Uppástunga um 3. manna nefnd felld með 7 atkv. gegn 6; sökum óglöggrar atkv.gr. var viðhaft nafnakall.

Já:	*Nei:*
Sig. Jensson,	Björn M. Ólsen,
Jóh. Jóhannesson,	Ág. Flygenring,
Sigurður Stefánss.,	Eiríkur Briem,
Steingr. Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Valtýr Guðmundss.,	Guttormur Vigfúss.,
Þorgr. Þórðarson.	Jón Jakobsson,
	Þórarinn Jónsson

Á 16. fundi Ed., fimmtudaginn 18. júlí, kom frumv. (A. 80) til 2. umr.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Þetta er 2. umr. um frumv. þetta hjer í deildinni, og á maður því að halda sjer við einstöku greinar þess, og skal jeg gjöra það eins og jeg get, en náttúrlega er ekki hægt, að minnast á hinar einstöku greinar, án þess að tala líka almennt um málið. Jeg ímynda mjer, að svo fari, að frumv. þetta verði

samþ., en álít þó skyldu mína að láta í ljósi skoðun mína á málinu, til þess að gjöra grein fyrir atkv. minu.

Í 1. gr. frumv. er talað um lögbirtingablað, sem stjórnin annist um að gefið sje út. Jeg hef lesið ástæður stjórnarinnar í aths. við frumv. fyrir því að gjöra breytingu á birtingu stjórnarvaldaauglýsinga, og skal jeg kannast fúslega við, að jeg get fallizt á margt í ástæðum stjórnarinnar; t. d. er mjög óviðkunnanlegt og óhentugt, að lögboðnar auglýsingar sjeu birtar sitt árið í hverju blaði, og getur það gjört almenningi óþægindi, er hann ekki veit, í hvaða blaði á að leita þeirra. Því gjöri jeg aptur minna úr, að menn sjeu stundum neyddir til að kaupa ógeðfelld blöð vegna þessara auglýsinga, því að það þekki jeg, að þótt menn sjeu ekki samdóma blöðunum í öllu, þá hafa menn þó löngun til að sjá þau og lesa þau; ekki sje jeg neitt á móti því, þótt þessar auglýsingar sjeu birtar í blaði, sem hefur aðra »pólitiska« skoðun, en jeg hef, því að jeg mundi lesa blaðið fyrir það. Jeg hef opt tekið eptir því með þm. hjer á lestrarsalnum, að þeir lesa eins þau blöðin, sem hafa þeim mótsetta skoðun í »pólitík«, og þannig mun því einnig vera varið út um landið. Athugavert er það mjög við frumv. þetta, að það hlýtur að hafa töluverðan kostnað í för með sjer að gefa út blaðið, bæði það að fá ritstjóra, pappír og prentun, og einnig mun útsending þess kosta töluvert, og það er því fremur athugavert, þar sem engin sjerstök ástæða er til þess að gjöra þessar breytingar, og hægt er að fá frjettablöð í Reykjavík til þess að flytja þessar auglýsingar, sem meira að segja borga landssjóði fyrir þær.

Hjer er líka tilfært í frumv., að blaðið skuli flytja umburðarbrjef, bæði frá stjórnarráðinu, biskupi og landlækni, en ekki sje jeg neina sjerstaka ástæðu til þess að hafa sjerstakt blað til þess; mjer virðast umburðarbrjefin eins vel komin í stjórnartíðindunum. Þeir, sem ekki lesa þau þar, munu ekki fremur lesa þau í þessu lögbirtingablaði.

Auk þess, að kostnaður verður töluvert mikill við blaðið — og jeg álít að vjer verðum að taka tillit til kostnaðarins, þótt jeg viti, að sumir hugsa ekki mikið um hann nú á tímum,— þá óttast jeg, að auglýsingarnar liggi huldar fyrir almenningi. Stjórnin gjörir að vísu ráð fyrir, að blaðið verði sent ókeypis út, að minnsta kosti 1 inntak í hvern hrepp, og skil jeg, að það geti hleypt kostnaðinum dálítið fram, en fæ aptur ekki sjeð, að það bæti mikið um útbreiðsluna, þótt 1 eintak komi í hrepp, ef fólk fæst ekki til að kaupa blaðið, sem ekki er gjörandi ráð fyrir, því að menn eru orðnir þreyttir á blaðafjöldanum; og öll líkindi eru til, að þetta eina eintak, sem í hreppinn kæmi, lægi einhversstaðar í hrúgu — ólesið —; og vil jeg bera það undir alla, sem til þekkja til sveita, hvort líklegt sje, að fólk muni taka sjer ferð á hendur til þess að lesa auglýsingablað, þó það liggi t. d. á þingstaðnum; mjer virðist það næsta ólíklegt. Allt öðru máli er að gegna með auglýsingar, sem eru í frjettablöðum, því að þar þarf ei annað en að snúa blaðinu við. og renna augunum yfir þær, og er þá optast mjög auðvelt að sjá það, sem mann varðar einhverju. Hjer er því tvennt, sem frá minu sjónarmiði gjörir frumv. þetta mjög athugavert; í fyrsta lagi óþarfa kostnaður, og í öðru lagi gjörir það mönnum erfiðara fyrir að sjá auglýsingarnar, en það eru rjettindi almennings, að eiga greiðan að-

gang að því að sjá þær auglýsingar, sem honum viðkoma.

Þetta er mín sannfæring í máli þessu, og skoða jeg þetta ekki sem neitt flokksmál, þótt það líti út fyrir, að flest mál hjer sjeu skoðuð svo; jeg álít ver sjeð fyrir auglýsingunum með þessu fyrirhugaða fyrirkomulagi, en ef þær væru fluttar í útbreiddu frjettablaði. Ef menn vilja koma í veg fyrir, að það sje eitt »pólitiskt« blað, sem flytur auglýsingarnar, þá mætti bæta úr því með því að láta tvö blöð, sitt af hvorri skoðun, flytja þær; taka svo ekki gjöld af blöðunum fyrir þær, en skuldbinda þau til, að taka ekki meiri borgun bæði fyrir auglýsingarnar, en eitt blað tók áður.

Jeg býst ekki meira en svo við, að þessi orð mín hafi árangur, en ef frv. gengur þannig lagað í gegn, get jeg ekki af áðurgreindum ástæðum greitt atkv. mitt með því; ef aptur á móti væri kostur á, að fá því breytt, þá mundi jeg reyna að vinna að því að breyta því í betra horf.

Sigurður Stefánsson: Jeg gat þess við 1. umr., að jeg væri í sjálfu sjer ekki á móti frumv. þessu. En eptir því, sem jeg hef skoðað málið betur, þá hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að frumv. hefði ekki við svo gild rök að styðjast, að jeg muni geta fallizt á það.

Fyrsta ástæðan fyrir því, að frumv. þetta væri nauðsynlegt, ætti að vera sú, að útbreiðslu-aðferð auglýsinga, sú, sem hingað til hefur tíðkazt, hefði reynzt þannig, að menn hefðu beðið tjón af. Ef svo hefði verið, þá hefði það meira að segja verið brýn þörf og bein skylda stjórnarinnar, að koma málinu í betra horf. En mjer er ekki kunnugt um, að nokkur rödd hafi látið til sín heyra í þá átt.

Mjer er ekki kunnugt um, að sú auglýsinga-aðferð, sem tíðkazt hefur, hafi valdið landsmönnum verulegra óþæginda; og eigi veit jeg til þess, að nokkur rödd frá þjóðinni hafi farið fram á breytingu þá, er hjer ræðir um. Það er tekið fram í ástæðum stjórnarinnar, að óviðkunnanlegt sje það, að vera að hrekjast með auglýsingar þessar milli blaðanna. En jeg skil ekki, hver nauðsyn sje á þeim hrakningi. Jeg álít, að stjórnin gjöri skyldu sína, þegar hún birtir auglýsingar þessar í einhverju fjöllesnu blaði, og stjórninni á ekki að vera vorkunn, að vita hjer um bil um útbreiðslu helztu blaðanna. Jeg tel það mjög mikið álitamál, að það sje rjett gjört af stjórninni, að taka nokkurt tillit til þess, hverri stjórnmálaskoðun blaðið fylgi, hvort það sje flokksblað hennar eða ekki, hitt sje aðal-atriðið, að þær berist í sem flestra hendur, í blaði, sem stjórnin annars getur verið þekkt fyrir, að láta þær í.

Það, sem jeg hef þó aðallega að athuga við málið, er hinn mikli kostnaður, sem útgáfa þessa lögbirtingablaðs muni hafa í för með sjer tyrir landssjóð, kostnaður, sem að jeg sje enga brýna þörf á, að baka honum.

Viðvíkjandi kostnaðinum við útgáfu blaðsins, vísaði hæstv. ráðherra á áætlun um hann, er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gjörði, þá er málið var til 2. umr. í háttv. Nd., og virtist sem hann hefði ekkert út á þá áætlun að setja.

Eptir þeirri áætlun var kostnaðurinn þessi á blaði, er kæmi út einu sinni á viku:

Pappír og prentun 30 kr. á örkina	1,560 kr.
Prófarkalestur 4 kr. á örk	208 —
Ritstjóralaun 10 kr. á örk	520 —
Útsending	300 —
flyt	2,588 —

fluttar: 2588 kr.
Burðargjald . . . . . 200 —
Samtals 2,788 kr.

Tekjur gjörði hann ráð fyrir, að í hæsta lagi mundu verða upp uudir 1,200 kr., sem jeg fyrir mitt leyti tel allt of hátt áætlað; gott ef tekjurnar nema helmingi þessarar upphæðar. — Þegar nú er tekið tillit til þess, hvað nú er borgað fyrir auglýsingarjettinn í landssjóð, þá verður niðurstaðan sú, að hjer er að ræða um á þriðja þúsund króna kostnaðarauka fyrir landssjóðinn árlega. Og þó er rennt blint í sjóinn með áætlun þessa, því að vel getur verið, að kostnaðurinn verði töluvert meiri, en hjer er gjört ráð fyrir.

Jeg er fyllilega sammála háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) um það, að mjög er hætt við því, að blaðið seljist sáralítið. Jeg efast stórum um það, að andvirðið fyrir seld blöð nægi fyrir burðargjaldinu einu.

Oss er það öllum kunnugt, að almenningur hefur mestu óbeit á auglýsingum í blöðunum, og það er jafnvel kallað gabb af ritstjórunum, að bjóða almenningi mikið af þeirri vöru. Þeir þykja þar selja steina fyrir brauð. Þetta er hinn almenni hugsunarháttur, að menn þykjast verja illa peningum sínum, að borga með þeim auglýsingar í blöðum, sem þó flytja all-mikið af ýmsu öðru efni. Mundi þá ekki verða hálf-dauft hljóðið í mönnum með að kaupa blað, sem flytti tómar auglýsingar? Jú, jeg er hræddur um það. — Það mætti segja, að þörfin mundi knýja menn til þess, að kaupa blaðið. En þeir eru tiltölulega fáir, sem þessar opinberu auglýsingar skipta miklu, svo að valt er að treysta því, að persónuleg hagsmunaást mundi knýja marga til að kaupa blaðið.

Jeg álít, að frumv. hafi þar að auki fremur verið spillt í háttv. Nd. með viðaukatillöganni um auglýsing óskilafjár, þeirri, sem þar komst inn í það. Jeg segi þetta af því, að jeg álít, að auglýsingarnar um óskilafjárpening nái miklu minni útbreiðslu, ef á að fara að birta þær í lögbirtingablaðinu, en þær hafa nú. Auk þess er hjer gripið inn í rjett sýslunefndanna.

Í ýmsum af reglugjörðum þeim, er þær hafa samið, og hlotið hafa staðfestingu, er ákveðið, að auglýsa skuli sölu óskilafjár í einhverju fjöllesnu blaði. — Á þann hátt hafa þær talið, að rjettindum fjáreigandanna mundi bezt borgið. En nú álít jeg þá tryggingu horfna.

Stjórnin talar um það í ástæðum sínum fyrir frumv., að eins og nú sje ástatt, sje rjettindum manna hætta búin. En jeg tel, að þessi orð eigi einmitt við það ástand, sem háttv. Nd. vill nú skapa.

Það er kunnugt, að auglýsingar um óskilafjenað koma að jafnaði eigi frá hreppstjórum fyr en eptir nýjár, og að venjulega er rjetturiun til endurgreiðslu á verði hins selda óskilafjenaðar bundinn við fardaga.

Með þessari birtingaraðferð getur hæglega farið svo, að auglýsingar þessar komi ekki fyrir augu fjáreigandanna fyr en eptir að þessi frestur er útrunninn og það því heldur sem svo lítil líkindi eru til þess, að blað þetta komi ekki nema til eins eða tveggja manna í hreppi hverjum, hreppstjóra og oddvita, sem blaðið verður að líkindum sent ókeypis. En auk þess sem það getur bakað rjettindamissi, veldur það töluverðu ómaki, að þurfa að takast ferð á hendur til þessara manna, til að kynna sjer auglýsingarnar. En eins og jeg benti áðan á, er það þó einkum kostnaðaraukinn fyrir landssjóð, sem gjörir það að verkum, að

jeg sje mjer ekki fært að greiða atkv. með frumv. eins og málið liggur nú fyrir. Áður en jeg gjöri það, verð jeg að sjá betur en nú, að veruleg þörf sje á blaði þessu.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, þá virðist mjer svo margt við frumv. að athuga, að jeg álít nauðsynlegt að skipa nefnd í það. Nú hafa auk þess 2 háttv. þm. bent á ýms atriði, sem jeg vona að svo hafi sannfært aðra háttv. þingdm. um, að ýmislegt varhugavert væri við frumv., svo að nauðsynlegt sje að skoða það betur, og að það megi ekki ganga nefndarlaust gegnum deildina.

Það kom einnig fram hjá hinum hæstv. ráðh. við 1. umr. þessa máls, að stjórnin hefur alls enga grein gjört sjer fyrir kostnaðinum. Hann vísaði að eins til lauslegrar áætlunar, sem einn háttv. þm. í Nd., hafði gjört yfir kostnaðinn við útgáfu blaðsins. En það er ekki nóg. Stjórnin hlýtur að geta gjört þannig lagaða áætlun, að þm. geti fengið nokkurn veginn hugmynd um kostnaðinn. Ef nefnd væri skipuð í málið, þá getur hún gjört slíka áætlun yfir ritstjórnar kostnað, útsendingu, burðargjald o. fl. Eins þarf að athuga hin önnur atriði, sem talað hefur verið um hjer í dag.

Jeg vil þess vegna leyfa mjer enn á ný, að stinga upp á því, að 3. manna nefnd verði kosin og þessari umræðu málsins frestað.

ATGV.GR.: Till. um 3 manna nefnd, samþ. með 9 samhlj. atkv.

Eptir samkomulagi voru kosnir í nefndina:

Steingrímur Jónsson,
Björn M. Ólsen,
Valtýr Guðmundsson.

2. umr. málsins frestað.

Í nefndinni var Steingrímur Jónsson kosinn formaður og framsögumaður og Björn M. Ólsen skrifari.

Á 34. fundi Ed., föstudaginn 23. ágúst, kom frumv. (A 80, 269) til framhalds 2. umr.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur nefndin, sem skipuð var í þetta mál, ekki getað orðið sammála um það; hún klofnaði í meiri og minni hluta, og er jeg framsögumaður meiri hlutans.

Meiri hlutinn lítur svo á, að frumv. eigi að fá framgang, og það sje rjettarbót, að það verði að lögum, og ekki síður eptir breytingu þá, sem Nd. gjörði á því.

Nefndin hefur stuttlega gjört grein fyrir skoðun sinni á málinu í áliti sínu, og nákvæm grein er gjörð fyrir frumv. í aths. stjórnarinnar við það. Mun jeg því ekki þurfa að vera langorður, til þess að sannfæra hina háttv. deild um það, að frumv. er til mikilla bóta.

Það sem vakir fyrir mjer að sje aðalkosturinn við þetta frumv. er, að með því, og ef það verður að lögum, er ráðin bót á þeim ruglingi og glundroða, sem verið hefur í þessu máli nú síðustu árin. Í aths. stjórnarinnar við frumv. er skýrt frá því, að þessar auglýsingar hafi verið birtar í 3 blöðum, sínu í hvert skiptið, síðustu 5 árin, og eptir því, sem hinar »pólitísku« framfarir verða örari, má gjöra ráð fyrir, að ekki verði einungis 3 sinnum á 5 árum, heldur 3 sinnum á 2 árum skipt um lögbirtingablað. En slíkt verður að teljast mjög óheppilegt. Jeg gjöri ráð fyrir, að menn hafi kynnt sjer þetta í aths. stjórnarinnar.

Kosturinn er þá sá, að með lögbirtingablaðinu verður birtingin almenn-

ar kunn út um landið; menn vita, hvar þessara auglýsinga er að leita. Þetta er fyrsti aðalkosturinn um allar þessar auglýsingar, ekki sízt auglýsingar um óskilafje. Þetta hefur komið fram allstaðar þar, sem svona blað hefur verið tekið upp.

Fleiri kosti mætti og nefna. Geti blaðið án mikils kostnaðar fengið sæmilega útbreiðslu, þá mun það verða miklu *jafnara* útbreytt um land allt, þótt blöðin yrðu ekki sjerlega mörg. Því að aðalgallinn hefur verið, að blöð þau, sem auglýsingarnar hafa verið birtar í, hafa svo *misjafna* útbreiðslu; koma mörg á einn staðinn, því nær engin á annan; miklir kaflar á landinu hafa því farið á mis við auglýsingarnar. Eins er útbreiðsla hins einstaka blaðs, sem í öldugangi, líkt og sjálft hið »pólitíska« líf,—það er mikið keypt í þetta sinnið, lítið í hitt, og verður því ærið óvisst til almennra birtinga.

Til gildis frumv. má og telja það, að þetta starf þarf þá ekki lengur að verða »pólitískur bitlingur«, eða nokkurs konar tilgjöf frá stjórninni, sem rifist er um. Auðvitað má búast við, að í byrjun stafi af þessu nokkur kostnaður. Stjórnin hefur látið nefndinni í tje bráðabirgðaráætlun um gjöld og tekjur, sem ráðgjört er að blaðið muni hafa í för með sjer. Sjest á henni, að kostnaðurinn muni verða, fram yfir tekjurnar, rífar 800 kr.. Þetta mun ekki verða allfjarri lagi, en sumir póstar í áætluninni eru þó að líkindum fullhátt settir, svo sem hin eiginlegu ritstjórnarstörf, ef blaðið verður ekki stærra, en búizt er við. Jeg býst nú ekki einu sinni við, að það verði 52 blöð heil á ári. Tekjuhallinn er þá, sem sagt, gjörður um 800 kr., en auk þess er afgjaldið, sem blöð þau hafa borgað, er auglýsingarjettinn hafa fengið, í ár 800 kr., sem jeg býst ekki við, að fáist eptirleiðis. Tapið er því alls ekki 1,600 kr., eins og minni hlutinn segir, en líklega yfir 800 kr. En að minni hyggju, og meiri hlutans, er ekki í þetta að horfa vegna þeirra kosta, er áður voru taldir við útgáfu þessa blaðs. Í því má og birta fleira, sem stjórnin þarf að gjöra almenningi kunnugt, en ekki hefur verið siður áður að birta í blöðum. Slíkt hefur áður eigi verið kostur á að birta nema með ærnum kostnaði, sem nú gæti sparazt að mestu leyti. Það ber því ekki að setja fyrir sig gjaldaaukann.

Meiri hluti nefndarinnar hefur leyft sjer, að koma fram með 2 breyt.till., aðra við 1. gr., og hann leggur til, að 1 ný grein sje sett inn í frumv. Viljum við, að það komi skýrt fram, að það sje stjórnarráðið, sem gefur blaðið út. Teljum við það heppilegast, að ein af skrifstofum stjórnarráðsins hafi algjörlega umsjón með útgáfunni, að t. d. einhver fær aðstoðarmaður þar hafi ritstjórnarstarfann með höndum, og fái laun fyrir það. Í sambandi við þessa breyt.till. er hin nýja gr., um að sjórnin sje skyld til að semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld blaðsins, og að tekjuhallinn teljist til skrifstofukostnaðar, en tekjuafgangur, ef verður, til óvissra tekna landssjóðs.

Hygg jeg svo, að jeg þurfi ekki að tala frekar um þetta að sinni, en vil ráða háttv. deild til að samþ. frumv. með þessum breyt,

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hef jeg ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um frv. þetta og stefnu þess. Þetta er nú að vísu smámál, en þó er það í rauninni stórt »princíp«-mál, og að þessi till. er komin fram frá stjórninni, sýnir betur en nokkuð annað ráðleysisstefnu

hennar í fjármálum landsins. Það vill brenna víða við, að stjórninni er ósárt um skildinginn úr landssjóði, og kemur það ljóslega fram í þessu máli, er meiri hlutinn og stjórnin vill ekki einungis afsala landssjóði þeim tekjum, sem meiri hluti alþingis vildi útvega honum með þingsályktun sinni 1902, heldur í ofanálag baka honum viðlíka há útgjöld, sem tekjurnar námu, og fer frumv. það, sem hjer liggur fyrir, þess vegna í þveröfuga átt við stefnu meiri hlutans í þessu máli að undanförnu. Samkvæmt áætlun þeirri, sem nefndin hefur fengið frá stjórnarráðinu, ætti landssjóður að hafa 819 kr. tap á útgáfu blaðsins. Og þegar nú þar við bætist sá missir á 800 kr. tekjum, sem hann nú hefur af stjórnarvaldaauglýsingunum, þá verður tap hans við breytinguna rúmar 1,600 kr., sem er sama sem 4% vextir af 40,000 kr. höfuðstól, er þannig yrði fleygt út að óþörfu. Þetta mætti ef til vill verja, ef í móti kæmi mikið hagræði fyrir almenning, en það er öðru nær en svo sje, því að jafnvel þó ráðgjört sje að öll þau 1,000 eintök, sem áætlunin gjörir ráð fyrir, kæmust út meðal almennings, þá yrði útbreiðslan samt tveim þriðjungum minni, en nú á sjer stað, og það óhagræði fyrir almenning, að auglýsingarnar fengju 1/4—1/3 útbreiðslu á móts við það, sem nú á sjer stað, það ætti svo landssjóður að kaupa fyrir 1,600 kr. á ári, eða vexti af 40,000 kr. höfuðstól. Eins og kunnugt er, fær landssjóður nú 800 kr. fyrir þessar auglýsingar. Jeg veit nú ekki, hvort hann á víst að fá þessa upphæð til frambúðar. Það blað, sem hafði þessar opinberu auglýsingar næst á undan, horgaði líka 800 kr. fyrir þær; að vísu fjekk ritstjórinn eptirgjöf á helmingnum, en þaðvar algjörlega heimildarlaust af stjórnarinnar hálfu, og hefði verið rjettast af þinginu að koma fram með ábyrgð á hendur stjórninni fyrir það ráðlag; en það er svo sem ekki hætt við, að hinn núverandi meiri hluti færi að gjöra neit í þá átt. Svo er eitt atriði, sem jeg er alveg hissa á í þessu máli, nefnilega það, að háttv. meiri hluti skuli vilja kasta burt 800 kr. tekjum fyrir landssjóð. En hjer við bætast enn minnst um 900 kr. útgjaldameginn, ef ákvæðið um auglýsingar á óskilafje er fellt burtu, sem jeg tel alveg sjálfsagt, svo að mismunurinn verður þá alls 2,500 kr., ef þetta ákvæði Nd. er fellt burt úr frumv., eða með öðrum orðum 4% vextir af 62,500 kr. höfuðstól. Mig furðar á því að háttv. stjórn skuli hafa leyft sjer að koma fram með þetta frumv. nú, þegar litið er til þess, að það fer í þveröfuga átt við tillögu meiri hlutans á þinginu 1902, sem þá var gjörð til þess að útvega landssjóði tekjur, og get jeg varla hugsað mjer, að háttv. þm. Strandm. (Guðj. G.) skuli láta stjórnina slá sig þannig á munninn átölulaust eptir því, sem honum fórust orð á þinginu 1902 sem flutningsmaður þingsál.till. um stjórnarvaldaauglýsingarnar. Hann sagði þá, að það væri opt gjört mikið veður úr 200—300 kr. bitlingum, og þá mætti allt eins gjöra veður úr 200—300 kr. tekjuauka fyrir landssjóð. Mig furðar stórlega á því, að stjórnin skuli gjöra ráð fyrir því, að meiri hlutinn muni snúast þannig í kringum hana eins og snarkringla, hvaða vitleysu, sem hún kemur fram með. Jeg gjöri sem sje ráð fyrir, að í meiri hlutanum sjeu sjálfstæðir menn, sem ekki vilja fylgja stjórninni blint í öllu því, sem hún kann að koma fram með, hversu mikil fjarstæða og raðleysa sem það er. Stjórnin og meiri hlutinn eru að fár-

ast út af því, að það sje svo mikill glundroði og óvissa á fyrirkomulagi lögbirtinganna nú, og að nauðsynlegt sje að ráða bót á því. En hverjum er sá glundroði að kenna? Engum öðrum en háttv. stjórn og meiri hlutanum. Það var góð festa á þessu lögbirtingamáli, áður en þing og stjórn breytti því, og engar umkvartanir um það. En það er líka ótal önnur úrræði til þess að bæta úr þessum glundroða.

Jeg man ekki betur, en að það skilyrði væri sett af stjórninni, að það blað, sem nú flytur þessar auglýsingar, ætti að hafa helminginn lesmál, en þegar jeg hef lítið á blaðið »Reykjavík«, þá hef jeg sjeð, að það er stundum svolítill dálkur á fremstu blaðsíðunni, sem er lesmál, hitt er allt saman auglýsingar. Hvar er þá eptirlitið og framkvæmdirnar af hálfu stjórnarinnar fyrir því, að þeim skilyrðum, sem hún hefur sett, sje framfylgt?

Það þyrftu að vera tvö skilyrði fyrir hendi, til þess að tiltækilegt væri, að gjöra þá breytingu, sem hjer er farið fram á, hið fyrra, að landssjóður hefði meiri hag af útgáfu blaðsins, en með því fyrirkomulagi, sem nú er, og hið síðara, að auglýsingar þær, sem í blaðinu birtust, fengju meiri útbreiðslu; en hvorugt þessara skilyrða er fyrir hendi. Það er gjört ráð fyrir 1,000 eintökum af blaðinu. Af þeim má ætla, að 200 sjeu höfð til vara og frambúðar, 400 útbýtt ókeypis og 400 seld, sem þó er mjög undir hælinn lagt, þar sem fáir munu fúsir til að kaupa slíkt blað; útbreiðslan yrði því harla lítil, þar sem hún yrði tveim þriðjungum minni, en nú á sjer stað, eptir því, sem það blað, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, skýrir sjálft frá. Þetta yrði því ekki mikil trygging fyrir almenning.

Að því er sjálft fyrirkomulagið á blaðinu snertir, þá lítur út fyrir, að stjórnin hafi upphaflega ætlað að hafa það sem bitling, þar sem gjört er ráð fyrir meira en 1,000 kr. fyrir ritstjórn, útsendingu, reikningshald o. fl. Þá er og nokkuð mikið í lagt, að áætla svo mikla upphæð, sem farið er fram á, fyrir að taka á móti auglýsingum, og raða þeim niður. En meiri hlutinn í nefndinni hefur nú sjeð sig um hönd, og komið fram með till. um, að stjórnin gefi blaðið út sjálf. En svo er eitt atriði, sem mjer kemur undarlega fyrir. Stjórnarráðið gjörir sjálft ráð fyrir, að seld verði 400 eintök af þessu blaði, og verða það 200 kr., en fyrir innheimtu og reikningshald á þessum 200 kr. á svo að greiða 140 kr. Það má nú máske segja, að reikningshaldið nái yfir meira; en þegar svo er gjört ráð fyrir 10 kr. fyrir hverja örk í ritstjórnarlaun og fyrir prófarkalestur, þá hefði jeg hugsað, að nóg væri lagt í að áætla 140 kr. fyrir reikningshald og innheimtu, ekki meira verk en það er.

En svo skal jeg geta eins, sem sýnir ljóslega, hversu mikil ráðleysa þetta er. Ef háttv. þingdm. vilja líta á það blað, sem nú flytur stjórnarvaldaauglýsingar, þá munu þeir sjá, að þar er ekki meira af stjórnarvaldaauglýsingum, en fylla mundi eina blaðsíðu í hinu fyrirhugaða Lögbirtingablaði. Og hvað á þá að gjöra með heila örk? Háttv. meiri hluti nefndarinnar tekur það fram í nefndaráliti sínu, að það gæti verið heppilegt, að birta ýmislegt annað í þessu blaði, en stjórnarvaldaauglýsingar, svo sem t. d. umburðarbrjef, fyrirskipanir o. fl., sem nú sje ekki unnt að gjöra almenningi kunnugt nema með ærnum kostnaði. En hver er þessi kostnaður? Hann er sá, að prenta þessi umburðarbrjef; en ætli setningin kosti ekki jafnt, hvort það

prentað svo, eða í sjerstöku blaði? Kostnaðurinn verður að eins meiri, ef þessi brjef eru prentuð í blaðinu, því að með því að prenta þau og birta sjerstaklega, þarf ekki nema 17—18 eintök eða jafnmörg og sýslumennirnir eða prófastarnir o. s. frv. eru, en ef þau eru birt í þessu blaði, verður skilmálalaust að prenta 1,000 eintök, og mundi því kostnaðurinn verða miklu meiri með því, en með því að prenta umburðarbrjefin á sjerstöku blaði. Auk þess eru Stjórnartíðindin sjerstaklega ætluð til þess að birta þess konar auglýsingar, og eru þau hvort sem er kostuð af landssjóði. Það er líka einkennilegt ráðlag, sem ætlazt er til að hafa á þessu blaði. Það er gjört ráð fyrir, að selja það á 50 aura, en ef maður leggur saman útgjaldaliðina fyrir útsendingu, umbúðapappír, burðargjald út um land, og burð um Reykjavíkurbæ, þá verður það til samans 739 kr.; þá verður það þrisvar sinnum meira að eins fyrir útsendingu, en ráð er fyrir gjört að inn komi fyrir sölluna, og mundi það þykja einkennilegur búskapur, ef privatmaður ætti í hlut, að gefa út 2 kr. fyrir að fá 1 krónu.

Jeg get ekki betur sjeð, en að það, sem hefur komið stjórninni til að koma fram með þetta frumv., sje að apa eptir Dönum. Þeir fundu líka upp á því, að gefa út »Statstíðende«, og hjeldu, að það yrði gróðavegur, og tóku opinberu auglýsingarnar frá »Berlingske Tidende«, sem hafði goldið ríkissjóði svo tugum þúsunda skipti fyrir þær; en niðurstaðan varð sú, að þeir sleppa með naumindum skaðlaust frá útgáfu hins nýja blaðs, og með öllum þeim aragrúa af auglýsingum, sem í það blað koma, þá hefur samt orðið tap af þessari breytingu hjá þeim, því þar sem »Berlingshe Tidende« gaf þeim um 30,000 kr., sem þeir nú hafa misst, þá hafa þeir líka skaðast á »Statstidende«, auk þess sem það blað hefur miklu minni útbreiðslu en »Berl. Tidende« hafði. Það er gjört ráð fyrir, að eitt eintak af þessu lögbirtingablaði komi í hvern hrepp; en hverju eru menn bættari með því að þurfa að fara til hreppstjóra eða oddvita, sem ef til vill búa sinn á hvorum enda hreppsins, til þess að sjá í þessu blaði, hvort þar er auglýst einhver óskilakind, sem menn kunna að eiga, og mundi það í mörgum tilfellum vera töluverð fyrirhöfn fyrir menn að þurfa að fara til hreppstjóra eða oddvita til þess að grennslast eptir slíku, og þó að gjört sje ráð fyrir, að seld yrðu 400 eintök af þessu blaði, þá er ekki víst, að það yrði keypt nokkurt eintak af því. Í annan stað er gjört ráð fyrir, að stjórnin útbýti 400 eintökum ókeypis; en eitthvað verður hún þó að hafa til vara afgangs. — Meiri hluti nefndarinnar segir í áliti sínu, að það sje ekki sæmilegt fyrir landið, að pranga á lögbirtingarjettinum. Þetta er nú það, sem minni hlutinn hjelt fram 1902, og gleður það mig, að þessir 2. háttv. þm., sem komið hafa á þing síðan, eru á sama máli nú og minni hlutinn var þá, og tek jeg alveg í sama streng; en það má ómögulega láta landssjóð líða tap af þessu blaði; hitt get jeg gengið inn á, að hann sleppi þeim tekjum, sem hann nú hefur af þessum auglýsingum. En heppilegustu leiðina álít jeg vera þá, sem háttv. þingm. Barðstrendinga (S. J.) benti á við 1. umr. þessa máls, nfl. að veita tveimur meðal hinna útbreiddustu blaða landsins, einu stjórnarblaði og einu andstæðingablaði, rjett til að flytja stjórnarvaldaauglýsingar eptirgjaldslaust, en að þeim sje gjört að skyldu, að taka að eins helming þess auglýsingaverðs, sem nú er goldið fyrir slík-

ar auglýsingar; við það vinnst það tvennt, að stjórnin hættir að pranga á lögbirtingarjettinum, og þá hverfur líka sá glundroði og óvissa, sem meiri hluti nefndarinnar og stjórnin eru að tala svo mikið um; auk þess hætta þessar auglýsingar að veltast milli ýmsra blaða ár frá ári, en hins vegar miklu meiri trygging fyrir aukinni útbreiðslu þeirra með þessari aðferð en þeirri, sem frumv. fer fram á.

Háttv. 6. kgk. þm. (St. J.) sagði við 1. umræðu þessa máls, að það væri hart fyrir menn að vera skyldaðir til að halda þau blöð, sem þeim væru ógeðfelld, til þess að sjá þessar auglýsingar. Það er satt; en ef auglýsingunum væri hagað á þann hátt, sem jeg nú hef bent á, þá fengist trygging fyrir því, að allir sæju þær, með því að 2 blöð, sitt af hvorum flokki, sem hefðu mesta útbreiðslu, flyttu þær; þá fengist nokkurn veginn vissa fyrir því, að þessar auglýsingar kæmust inn á hjer um bil hvert heimili, og það er einmitt það, sem mest á ríður, að þær fái sem mesta útbreiðslu, og það veit jeg að hv. þm. Strandam. (Guðj. G.) fellst á, því að hann sagði á þingi 1902, að hann vonaði, að landsstjórnin veitti ekki nýjum blöðum þennan rjett, nema full vissa væri fyrir því, að þau hefðu mesta útbreiðslu, og þessu sama var einnig haldið fram í háttv. Nd.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál að sinni, þó ýmislegt fleira gæti verið að athuga, en skal að eins taka það fram, að jeg mun afhenda hæstv. forseta rökstudda dagskrá, sem jeg óska að verði borin upp að loknum umræðum um málið.

Hin rökstudda dagskrá hljóðar svo:

»Í því trausti, og með þeirri áskorun, að landsstjórnin veiti tveimur meðal hinna útbreiddustu blaða landsins — einu stjórnarblaði og einu andstæðingablaði — rjett til að flytja stjórnarvaldaauglýsingar eptirgjaldslaust, en að því tilskildu, að þessi blöð taki að eins helming þess auglýsingaverðs, sem nú er goldið fyrir slíkar auglýsingar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Þetta mál álít jeg vera heldur smámál. Mig undrar því, hvað háttv. þm. G.-K. (V. G.) hefur haft mikið við það, að láta prenta í áliti sínu kafla úr þingtíðindunum úr ræðu eptir mig. Hann hafði mörg orð og mikil stóryrði um frumv. þetta, t. d. hve miklu ráðleysi það lýsi hjá stjórninni, að koma með þetta frumv. Þetta þykir mjer vera nokkuð mikið sagt. Þetta er svo lítið fjármál, að í því tilliti getur engin stefna komið fram í því. Annað mál er það, hvað bezt og hagfelldast er fyrir þjóðina; en fjárspursmálið getur naumast komið hjer til greina. Háttv. þm. hefur veitt mjer þá miklu virðingu að taka upp í álit sitt kafla úr þingræðu eptir mig; jeg veit reyndar ekki með vissu, hvort hann er alveg rjettur, en jeg gjöri ráð fyrir, að svo sje, og jeg er dálitið hreykinn af því, að hafa talað jafnfalleg orð. Það er auðvitað alls ekkert á móti þessu, en það er athugavert, að hjer er ekki skoðuð nema önnur hlið málsins. Þegar um þetta var að gjöra, þá var, eins og h. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) tók fram, verið að hugsa um það, að auglýsingarjetturinn gæti ekki orðið bitlingur til einstakra »pólitiskra« blaða. Þetta var aðalatriðið, sem vakti fyrir mjer. Þegar blöðin áttu að greiða fyrir þennan rjett ákveðna peningaupphæð þá gat það ekki komið til greina, að það yrði skoðað sem bitlingur. Þá var gjört ráð fyrir lægstu upphæð 200—300

kr., og það þótti þá mikils virði, hvað þá þegar boðnar voru 800 kr. fyrir rjettinn. Það var því engu sleppt, þegar auglýsingarjetturinn komst í hendur blaðs, sem hafði jafnmikla útbreiðslu. En annað mál er það, hvort reynslan hefur ekki sýnt, að annað fyrirkomulag væri hagfelldara, og betra, til þess að fullum notum kæmi.

Jeg þykist vera að minnsta kosti eins kunnugur út um land, eins og háttv. þm. G.-K. (V. G.). Jeg veit, að til eru heilar sveitir, þar sem sum blöð sjást alls ekki. Í mínum hreppi er t. d. ekki keypt nema 1 eintak af Fjallkonunni, en 20—30 eintök koma þangað af Reykjavíkinni. Jeg hef reyndar borgað 20 eintök af því blaði fyrir sveitunga mína, og látið þau dreyfast út um hreppinn, en það sannar líka það, að Reykjavíkin er betur útbreidd en önnur blöð.

Það eru heil hjeruð, þar sem sum blöðin koma alls ekki. Og hvaða gagn hafa menn af því, að auglýsingar eru birtar í blaði, sem þeir eiga ekki kost á að sjá. Hvaða gagn er það fyrir þá, sem búa fyrir sunnan Steingrímsfjörð, þó að þeir viti af blöðunum norður í Árneshreppi, þegar þeir verða að sækja þau, bæði langan og afarvondan veg. Það tjáir ekki að telja að eins eintakafjöldann og vitna í það, að ætlazt er til, að aðeins 1,000 eintök sjeu gefin út af þessu lögbirtingablaði, en 3,000 af öðrum blöðum. Menn hafa ekkert gott af því, þó að blöðunum sje hrúgað á einstaka staði, ef þau sjást svo alls ekki á öðrum stöðum. Sá samanburður er hreinasta fjarstæða, og jeg trúi ekki öðru, en að háttv. þm. sjái, að svo er. Hvaða þýðingu hefur það eina eintak af einhverju blaði, sem háttv. þm. kaupir og fær til Kaupmannahafnar, til þess að hjálpa til að gjöra mönnum kunnugt um, hvar t. d. óskilakind sje seld. Betra er 1 eintak af blaði, sem útbýtt er með jöfnu millibili á vissa staði, heldur en 100 eintök af öðrum blöðum, sem hrúgað er á einstaka staði. Þetta atriði ræður mínu atkvæði í þessu máli.

Mjer er sama, þótt háttv. þm. G.-K. (V. G.), bregði mjer um snúning í þessu máli, að jeg snúist eins og skopparakringla kringum stjórnina. Það situr sannarlega ekki á honum, sem alltaf er að snúast, og treður aptur og aptur undir fótum sín eigin »princip«, ef þau eru þá nokkur. Við skulum taka og athuga stefnuskrá háttv. þm. G.-K. (V. G.) með öllum hennar mörgu paragröffum og sjá, hvor okkar hefur snúizt meir. Jeg held, að háttv. þm. hafi snúizt fullt eins mikið og jeg, svo að hann verður í þessu máli að reglulegri snarkringlu. Hann segir það gleðji sig, að stjórnin vilji ekki pranga á auglýsingarjettinum, en vill þó sjálfur pranga á honum. Hann snýst þar með frá skoðun minni hlutans í þessu máli, og frá því, sem hann hefur sjálfur áður sagt. Hann gengur frá öllu saman og vill einmitt fara að pranga, þegar stjórnarflokkurinn vill ekki hafa með neitt prang að gjöra, (*Valtýr Guðmundsson:* Jeg vil ekki pranga á auglýsingarjettinum). Jeg hef ekki sjeð neina breyt.till. frá háttv. þm., þar sem hann leggi til, að gjaldið fyrir þennan rjett falli niður, svo að hann vill sjálfsagt sætta sig við það ástand í þessu efni, sem nú er. (*Valtýr Guðmundsson:* Rökstudda dagskráin). Jeg held, að þarna komi fram einmitt það, sem háttv. þm. sagði áður, en þessi ánægjuyfirlýsing kom fram, að hann slái sjálfan sig á munninn.

Jeg gat ekki skilið eitt atriði hjá háttv. þm. öðruvísi en sem lokleysu, þegar hann var að tala um umburð-

arbrjefin. Framsm. (Stgr. J.) sagði, að stjórnin gæti sparað fje með því, að auglýsa skjöl og brjef til sýslumanna og prófasta í þessu lögbirtingablaði. En háttv. þm. G.-K. (V. G.) segir, að það sje dýrara, en að birta það sjerstakt. Þetta er ekki rjett athugað, þó að jeg beygi mig auðvitað fyrir hans þekkingu á prentkostnaði o. fl. þess háttar. Jeg get ekki trúað því, að það borgi sig betur að gefa út eina síðu á sjerstöku blaði, þó að senda þyrfti út færri eintök, eins og t. d. af umburðarbrjefum til prófasta. Ekki þarf að setja nema einu sinni, svo að þó að upplagið væri 1,000 eða jafnvel 10,000, þá væri kostnaðurinn ekki mjög miklu meiri, því að hann liggur að eins í pappírnum. Þessi ástæða verður því alveg meiningarlaus.

Jeg hef haldið því fram, og jeg skammast mín ekkert fyrir það, að þegar landssjóður gæti fengið nokkurt fje, þó ekki meira væri en 200—300 kr., þá sje það ekki rjett, að kasta því tækifæri frá sjer. En hjer er það almenningsgagn, sem jeg hef fyrir mjer. — Þó að til sama manns komi mörg blöð með sömu auglýsingunni, þá er ekki allt af svo sjerlega mikið gagn að því; menn gleyma stundum að lesa auglýsingarnar í þessum blöðum. En þegar menn vita, að í hreppinn kemur þetta eina eintak af lögbirtingablaðinu, og það er til sýnis annaðhvort hjá hreppstjóranum eða oddvitanum, og menn þurfa að fá að vita um eitthvað, sem í blaðinu er birt, þá munu þeir optast geta það án mikillar fyrirhafnar.

Það er að vísu rjett, að hrepparnir eru misjafnlega stórir, en þess ber að gæta, að oddvitinn eða hreppstjórinn sitja sjaldnast á hreppsenda, svo að það ætti ekki að gjöra svo mikið til. Jeg álít, að það sje mikill kostur, sú ákvörðun, að auglýsa skuli óskilafjenað í þessu blaði, af því að menn þurfa svo lítið fyrir því að hafa, að sjá þessar auglýsingar hjá oddvitanum eða hreppstjóranum. Flestir oddvitarnir munu líka þekkja mörk sveitunga sinna, og þeir hafa það hugfast, er blaðið kemur, að líta eptir því, hvort sveitungarnir eigi nú ekki óskilafjenað auglýstan í blaðinu. Þeim þykir gaman að því, að geta bent á týndan hlut auglýstan í blaði, og að geta glatt nágranna sína með því, að visa þeim á, hvar hans sje að leita.

Það verður miklu hægra þetta fyrirkomulag og kemur að meira gagni, heldur en að vera að leita að auglýsingum í blöðum, sem menn jafnvel vita eigi, hvar eru að finna, þó að þau kunni að vera einhversstaðar á landinu.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) hefur svarað að nokkru leyti fyrir hönd nefndarinnar því, sem háttv. þm. G.-K. (V. G.) hafði á móti frumv. þessu, svo að jeg hefði eins getað sparað mjer, að taka til máls aptur.

Háttv. 2. þingm. G.-K. (V. G.) kvað þetta vera »princip«-mál, og gat mjer ekki skilizt, að »princípið« væri í öðru folgið en í því, að í frumv. kæmi fram ráðleysi stjórnarinnar í fjármálum. Jeg ætla ekki að fara að deila við hann um þetta, enda ætla jeg mjer ekki, að takast á hendur að halda skildi fyrir stjórninni í fjármálum. Jeg þóttist áðan sýna fram á það, að frumv. þetta væri alls ekki óskynsamlegt, og að í því kæmi engin ósparsemi fram.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að þetta fyrirkomulag, sem hjer er um að ræða, sje eigi til hags fyrir landsmenn, en jeg leiddi rök að því,

að það væri einmitt stór hagnaður að því. Því að hjer ættu menn að vísu að ganga um það, hvar auglýsinga til dæmis um óskilafjenað væri að leita. Þá gat hann þess, að útbreiðsla blaðsins væri minni eptir áætlun stjórnarinnar, en blaða þeirra, er auglýsingarnar hafa verið birtar í, þar sem hún gjörði ráð fyrir 1,000 eintökum, en stjórnin er þó ekkert bundin við það. Hún hefur gjört ráð fyrir 400—600 eintökum væri útbýtt gefins, og annað eins seljist af blaðinu.

Jeg þykist þekkja svo mikið löngun Íslendinga til að fylgjast með í öllu því, er opinber mál snertir, að óhætt sje að gjöra ráð fyrir þessari útbreiðslu. En mjer þykir verðið of lágt; jeg álít, að það megi minnst vera 75 aurar fyrir hvert eintak blaðsins.

Jeg tel líklegt, að útbreiðsla blaðsins yrði 1,000, en þótt hún yrði eigi meiri en 800, sem væru dreyfð út um allt land, þá væri það betra en 3,000 eintök, eins og »Reykjavíkin« telur útbreiðslu sína, þegar blaðið kemur ekki í sumar sveitir, en liggur annarsstaðar í hrúgum. Blaðið kæmi þá jafnara niður og menn mundu sjá auglýsingarnar.

Sami háttv. þm. talaði um, að það væri undarlegt af stjórninni, að koma með þetta frumv., þar sem meiri hluti þingsins hefði áður greitt atkvæði þvert á móti þeirri stefnu, er hún hjeldi nú fram. En jeg tek það fram, að þetta snertir mig ekki og ýmsa aðra nýja þingmenn, sem höfum ekki átt atkvæði um málið áður. Við erum saklausir í því efni.

Jeg hygg. að það hafi verið rangt hjá háttv. 2. þingm. G.-K. (V. G.), er hann sagði um þetta mál, að tilgangurinn með þingsályktuninni hefði verið sá, að græða peninga fyrir landið á auglýsingunum. (*Valtýr Guðmundsson*: Stendur í Þingtíðindunum). Það var ekki aðal-ástæðan, heldur hitt, að gjöra auglýsingarnar ekki að styrk fyrir neitt sjerstakt blað, sem grautað gæti fram og aptur í »pólitíkinni«. Jeg var ekki á þingi þá, en jeg skildi það nú á þennan hátt. Sama blaðið hafði haft þennan auglýsingarjett í 17—20 ár og haft af honum stór hagnað, bæði beint og óbeint. Og þetta sama blað hafði opt, sjerstaklega á síðari hluta þessara 17 ára, haft óþægileg »pólitísk« fataskipti. — Þetta mun hafa verið aðal-ástæðan fyrir því, að þingmenn greiddu atkvæði með þingsályktunartillögunni.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.) gat þess, að áætlunin mundi vera í sumum atriðum í hæsta lagi. Jeg er því samdóma, eins og jeg tók fram áðan, að hún sje óþarflega há, og jeg tel rjett, að taka það fram við þessa umræðu. En ef stækka þarf blaðið, þá getur verið, að áætlunin sje ekki of há; getur orðið nauðsynlegt að stækka það, ef auglýsa þarf ýmislegt fleira, en nú er ráð fyrir gjört.

Jeg held, að háttv. þm. (V. G.) hafi misskilið mig og stjórnina, þar sem hann var að tala um, að ekki væri »billegra« að auglýsa umburðarbrjef í svona blaði. Þau umburðarbrjef, sem ætlazt er til að auglýst verði í þessu lögbirtingablaði, það eru slík brjef, sem álitin eru að eiga eitthvert erindi til almennings, svo sem brjef til sýslumanna, sem birt hafa síðan verið á kirkjustöðum, brjef til hreppstjóra, sem kunngjörast áttu víðar o. s. frv. Það var þetta, sem jeg og stjórnin átti við, og svo gjöri jeg enn fremur ráð fyrir, að auglýst mundi verða í blaðinu ýmislegt póststjórninni viðkomandi.

Háttv. þm. talaði um, að af blaðinu mundu seljast 400 eintök, og fyrir það fást 200 kr., en ýmislegur kostnaður, svo sem við umbúðir, út-

burð, reikningshald o. fl. væri áætlaður 700 kr., og þótti honnum mismunurinn vera of mikill. Þetta er satt. En þess er að gæta, að verð blaðsins er allt of lágt, og svo er í áætluninni gjört ráð fyrir meiri kostnaði, en við þessi 400 eintök, sem búist er við að seljist; það er gjört ráð fyrir kostnaðinum við þau eintök, sem útbýta á gefins, og þennan kostnað verður blaðið að bera.

Þá minntist sami háttv. þgm á, að þetta mætti skoða svo sem við værum að apa eptir Dönum. Jeg held, að það sje nú ekki allt svo vitlaust, sem Danir gjöra. Þegar þeir hættu við að birta auglýsingarnar í »Berl. Tidende«, blaði, sem lítið hefur slingrað í »pólitíkinni,« »konservativu« blaði, þjóðhollu og rólegu, þá voru það knýjandi ástæður, sem því rjeðu. Þeir sáu, að annað fyrirkomulag var betra. Og fyrir oss, sem ekki höfum nein »Berl. Tidende«, eru þessi skipti enn þá mikils varðandi; jeg skoða það eptirbreytnisvert, og skiptir þá litlu, þótt það sje kallað apaháttur.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.) kom með rökstudda dagskrá þess efnis, að framvegis yrðu opinberar auglýsingar birtar í tveim blöðum, sínum úr hvorum flokki. Uppástungan getur verið góð, sjerstaklega að því, að hún girðir fyrir það, að auglýsingarnar verði notaðar sem »pólitískur« bitlingur, og fyrirbyggir þar með, að stjórnin geti sýnt í því hlutdrægni. En lítur þetta vel út, að birta auglýsingarnar í 2 blöðum? Og er það víst, að blöðin verði nokkuð þakklát fyrir þetta?

Jeg hygg, að það þurfi að taka til athugunar, hvort ekki þnrfi þá að breyta tilskipun frá 1859 um reglurnar fyrir birtingu þessara auglýsinga, að þær skuli birtar í einu blaði. Jeg lít svo á, að þessum ákvæðum verði að breyta með lögum.

Jeg sje ekki, að þessi uppástunga sje til þess fallin, að bæta úr öllum göllum á því fyrirkomulagi, sem nú er, og jeg held, að hún verði sízt til þess, að hvetja okkur og kenna, að birta fleira og meira, en nú á sjer stað. Jeg er því á móti hinni rökstuddu dagskrá og vonast til þess, að deildin felli hana, en samþykki frv.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-M.): Hvorki af ræðum nje nefndaráliti hins hæstv. meiri hluta hef jeg getað sannfærzt um nauðsyn eða gagn þessa frumv., heldur hef jeg þvert á móti af áliti hins háttv. minni hluta og ræðum hans fengið þá skoðun, að það sje mjög óráðlegt, að gjöra frumv. þetta að lögum. Álít jeg, að leið sú, er háttv. minni hluti benti á í rökstuddri dagskrá sinni, sje miklu hagkvæmari bæði fyrir þjóðina og landssjóðinn.

En það er enn einn galli á þessu frv., sem ekki hefur verið minnzt á, og hann er sá, að án þess að frumvarp þetta beint beri það með sjer, þá hefur það inni að halda breyting á sveitarstjórnarlögunum. Það fer alveg í bága við 71. gr. þeirra, þar sem sýslunefndum er veittur rjettur til, að semja reglugjörðir um fjallskil og þá þar á meðal um óskilafje, hvar og hvernig það auglýsa skuli. Nú eru víst sýslunefndir víðast hvar búnar að semja þessar reglugjörðir og þyrfti þá að breyta þeim, ef þetta frumvarp yrði að lögum. En mjer finnst harla óviðurkvæmilegt, að alþingi 1907 fari að kippa burt þeim rjetti, sem alþingi 1905 veitti sveitarstjórnunum og sem viðurkenndur er af stjórnarráðinu, með því að það hefur staðfest fjallskilareglugjörðir með ákvæðum um birtingu

vafafjárauglýsinga, er koma í bága við ákvæði frumv. þessa, — nema þá af knýjandi nauðsyn, og get jeg ekki sjeð, að hún sje hjer fyrir hendi. Enda álít jeg mjög óheppilegt, að birta óskilafjárauglýsingar í þessu blaði, því að það verða ekki mörg eintök, sem koma í sumar sveitir, og sumstaðar svo langt að fara og erfitt, að varla getur komið til mála, að nóg sje að auglýsa í þessu eina blaði, heldur yrði einnig að auglýsa í einu blaði til og yrði þetta þá einungis nýr skattur á fjáreigendur. Að öðrum kosti verður að breyta fjallskilareglugjörðunum, prenta þær upp og láta útbýta þeim á ný meðal sýslubúa. Þessi eina ástæða er í mínum augum nóg til þess, að greiða atkvæði á móti frv.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg skal að eins segja örfá orð út af ræðu háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. J.). Það er auðvitað rjett, að sýslunefndir hafa heimild til að semja reglugjörðir um fjallskil, en það stendur hvergi, að í þeim þurfi að standa, í hvaða blaði auglýsa skuli óskilafje. Auðvitað hefur það sumstaðar verið svo, en það tekst þá af undir eins og lög koma á því takmarkaða svæði, og sje jeg ekki, að 71. gr. sveitarstjórnarlaganna haggist að neinu leyti við það, því að þar stendur hvergi, að þetta hafi átt að standa í fjallskilareglugjörðunum. En þó það þurfi að breyta 1 eða 2 línum í þessum reglugjörðum, þá finnst mjer ekki að það eigi að standa í vegi fyrir rjettarbót, sem er jafn gagnleg og þetta frumv. Mjer er ekki kunnugt, í hve mörgum sýslum þessu er þannig hagað, en í Þingeyjarsýslu er það ekki og í Eyjafjarðarsýslu var það ekki heldur, seinast þegar jeg vissi, og ímynda jeg mjer, að svo sje víðar. En þó þessu þyrfti að breyta í öllum fjallskilareglugjörðum landsins, þá álít jeg það alls enga ástæðu móti frumv.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg þarf ekki að hafa fyrir því að svara hinni löngu ræðu hv. þm. Strand. (Guðj. G.); kom hún þó mjög flatt upp á mig, eptir því sem háttv. þm. talaði 1902, en öll ræða hans var svo bágborin, að jeg er hissa á, að hann skyldi geta haldið svo slæma ræðu. Jeg hef aldrei heyrt eins ljelega ræðu til hans. Hann er einmitt kunnur að því, hjer í þinginu, að halda góðar ræður, og hefði jeg því ekki getað trúað, að honum gæti tekizt svona illa upp. En þetta sýnir einmitt, hve veikan málstað hann hafði að verja. En þá er hættast við, að mönnum takist illa upp, þegar þeir hafa slæman málsstað.

Hið helzta, sem jeg vildi taka fram út af ræðu háttv. þm. var að leiðrjetta nokkur ranghermi hjá honum. Háttv. þm. hefur annað hvort misskilið mig, eða ekki heyrt það, sem jeg sagði, þegar hann segir, að jeg hafi fyrst lýst ánægju minni yfir því, að hinn háttv. meiri hluti vildi eigi lengur, að landssjóður prangaði á þessum auglýsingum, en svo hafi jeg fallið frá því og vilji nú pranga á þeim. En í þeirri rökstuddu dagskrá, er jeg nú hef afhent forseta, fer jeg einmitt fram á að veita auglýsingar tveim blöðum, sínu af hvorum flokki *endurgjaldslaust*, þó þannig, að eigi þurfi að borga fyrir auglýsingarnar meir en helming þess, sem nú er borgað. Blöðin verða þá að vísu óbeinlínis að borga fyrir auglýsingarnar, en það gjald kemur landssjóði ekki til góða, heldur að eins auglýsendunum. Með því fyrirkomulagi verður miklu meiri trygging fyrir útbreiðslu auglýsinganna, og það var einmitt það, sem áherzlan var lögð á

1902. Háttv. þm. Strand. sagði, að það væri ekkert gagn að, þó blöðin kæmu í bunkum til manna, þar sem þeir gleymdu vanalega að lesa auglýsingarnar. En jeg held þó, að meira gagn verði að því, heldur en að þær kæmu alls ekki í sveitina, eða þá að eins 1 eintak annaðhvort til hreppstjóra eða oddvita. Á jeg bágt með að trúa því, ef að 2 útbreiddustu blöðin tækju auglýsingarnar að sjer, að þær þá ekki kæmust meira og minna í hverja sveit landsins. Háttv. 6. kgk. þm. taldi hagnaðinn í því innifalinn, að auglýsingarnar breiddust jafnar og betur út. En jeg get ekki skilið, að þar sem útbreiðslan verður ekki meiri en 1/4 af þeirri útbreiðslu, sem þær nú hafa, að ekki megi ganga að því vísu, að þær komist eins fljótt fyrir almennings sjónir, ef 2 útbreiddustu blöðin taka þær að sjer, og að menn geti þá alveg eins gengið að þeim vísum, eins og í þessu eina blaði hjá hreppstjóranum. Háttv. sami þm. gat þess einnig, að hjá fólki hjer á landi væri töluverð löngun eptir að fylgjast með í opinberum málum, og því mundu menn kaupa þetta auglýsingablað. Jeg hef ekki orðið þess var, að menn væru svo sólgnir í auglýsingar, að þeir færu að kaupa blað að eins þeirra vegna. Nei, það vita víst flestir, að það eru einmitt frjettirnar, sem fólkið vill hafa, en ekki hinar opinberu auglýsingar, því þær þykja ekki svo skemmtilegar. Jeg get tekið enn eitt fram, sem jeg gleymdi að minnast á í fyrri ræðu minni, að þetta yrði til þess að veikja okkar litlu »pressu« í landinu, og þannig hnekkja menningu þjóðarinnar. Ættum við heldur að reyna að styðja að því, að við fengjum öflug og almennileg blöð, í stað snepla þeirra, sem nú eru. Því að það játa allir að hafi þýðingu fyrir þjóðina, að hafa öflug blöð, en eins fámenn eins og hún er, þá fáum við aldrei öflug blöð, ef þau eiga ekki að hafa aðrar tekjur en þær, sem þau fá frá kaupendunum. Þau verða einmitt að byggjast á auglýsingunum. Þannig er það út um allan heim, þar sem mannfjöldinn þó er miklu meiri, að blöðin gætu eigi staðizt, ef þau hefðu eigi auglýsingar. Svo að frá því sjónarmiði álít jeg mjög viðsjárvert, að samþ. þetta frumv.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) hjelt því fram, að aðalatriðið fyrir þinginu 1902 hefði ekki verið að útvega landssjóði tekjur. Hvað var það þá? Í ræðu flutningsm. í Nd. stendur einmitt að tilgangurinn sje *fyrst og fremst* sá, að útvega landssjóði tekjur og í öðru lagi að útbreiðslan verði sem mest. En ef aðaltilgangurinn hefur verið sá, að hnekkja blaði því, sem í 17 ár hafði haft þessar auglýsingar, þá hefur háttv. meiri hluti farið með fals í þessu máli, því að á það var hvergi drepið í umræðunum. En það getur verið, að háttv. þm. hafi komizt á snoðir um, að þetta hafi verið ástæðan, og má ætla að hann sje kunnugur í sínum flokki og að annað hafi legið á bak við, en það sem kom fram í þinginu, en þar var ekki látið annað uppi, en að ástæðan væri að útvega landssjóði tekjur. Viðvíkjandi því sem háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að ódýrara yrði að prenta umburðarbrjefin í þessu blaði, þarf jeg engu að svara, því að það sjá allir, hvort það muni ekki vera ódýrara að prenta þau á sjerstöku blaði og senda þau í þessa 17—18 staði, heldur en að þurfa að gjöra ráð fyrir blaðinu stærra þeirra vegna. Því að eins og jeg tók fram áðan eru eigi til auglýsingar nema á eina blaðsíðu þessa fyrirhug-

aða blaðs. Jeg þarf því síður að vera að tala meira um þetta, sem háttv. framsm. meiri hlutans (Stgr. J.) játaði áðan, að ódýrara yrði að senda umburðarbrjefin sjerstök, ef þau að eins þyrftu að fara til sýslumanna eða prófasta. En auk þess skal jeg geta þess, að fæst af þessum brjefum er þannig farið með; það eru einmitt flest þeirra birt í stjórnartíðindunum, sem hvort sem er komast i hendur allra þessara manna.

Jeg býst við því, ef háttv. þingdm. hafa eigi þegar áttað sig á málavöxtum, þá muni ei þýða að lengja umræðurnar meira í því skyni. En mjer þykir það undarlegt, ef þingmenn vilja fleygja burt vöxtunum af 62,000 kr., að eins til þess að almenningur hafi minni aðgang að auglýsingunum heldur en með því fyrirkomulagi, sem jeg hef stungið upp á. En hvað viðvíkur því, sem háttv. þm. sagði, að þá þyrfti að breyta ákvæðum eldri laga, um að auglýsingar þessar skuli birtar í einu blaði, þá er það ekkert nema hártogun. Þó eigi að birta þær í einu blaði, þá er ekkert á móti því að þær birtist í *fleirum* en einu blaði. Enda eiga þær stundum að birtast í fleiri blöðum í einu, t. d. einnig í »Berlingi« eða nú í »Statstidende«.

En ef háttv. 6. kgk. þm. vill heldur hafa þetta í lagaformi, þá er jeg fús til að sameina mig við hann um það.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skil ei, hvernig á því stendur, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) fellir svo harðan dóm um þetta frumv. eða gjörir svo mikið veður út af því. Hann hefur játað, að núverandi fyrirkomulag á stjórnarvaldaauglýsingunum veki glundroða og sje óheppilegt, en hinsvegar reynt að gjöra sem mest úr þessum litla kostnaði við blaðið. Jeg hef aldrei fyr heyrt það, þó um litilfjörlegan árlegan kostnað sje að ræða, að þá er undireins farið að »kapitalisera« hann og segja að 1,600 kr. kostnaðurinn við blað þetta sje sama sem að kasta burt rentunum af 40,000 kr. Hitt er alveg rangt, sem háttv. þm. beldur fram, að kostnaðurinn verði 2,500 kr. á ári, því að jeg álít sjálfsagt, að óskilafjárauglýsingarnar sjeu birtar í blaðinu. Það er miklu hentugra og tryggilegra fyrir almenning en það fyrirkomulag, sem nú er á birtingum þessara auglýsinga, því að nú vita tjáreigendur ekki, hvar þeir eiga að leita slíkra auglýsinga.. Og ekkert get jeg sjeð á móti sveitarstjórnarlögunum, að þær verði birtar í lögbirtingablaðinu, því að það er hvergi talað um, hvar auglýsa skuli óskilafje. En hvað vill háttv. þm. G.-K. sjálfur gjöra? Kasta burt þessum 800 kr., sem nú er borgað fyrir auglýsingarnar. Því þá ekki »kapitalisera« þær líka, og má þá segja, að þm. vilji kasta burt rentunum af 20,000 kr. Og það er einmitt helmingurinn af þeim kostnaði, sem landssjóður hlýtur af þessu máli, og ef miðað er við till. háttv. þm., þá er aukinn kostaður að eins 800 kr. En sparnaðurinn við það að geta auglýst ýmislegt, sem almenning varðar, svo sem umburðarbrjef o. fl., með litlum kostnaði, getur numið miklu meir en 800 kr.

Viðvíkjandi útbreiðslu blaðsins, þá skal jeg leyfa mjer að skírskota til hinnar sannfærandi ræðu háttv. þm. Strand. (Guðj. G.); var margt gott og vel tekið fram í henni, sem jeg get fyllilega skrifað undir, og álít jeg að hún geti fullkomlega staðið við hliðina á öðrum ræðum hans. Skal jeg ennfremur bæta því við, að í 2. gr. frumv. er sagt, að stjórnarráðið ákveði, hvað gjöra skuli til þess að gjöra almenningi hægra fyrir að fá vitneskju

um það, sem í blaðinu stendur. Er auðsjeð, að með því er meint, að blaðið verður fest upp á götuhornum, í sölubúðum, á kirkjustöðum o. s. frv. Held jeg, að þessar auglýsingar með því móti muni fá miklu meiri og jafnari útbreiðslu en nú er, þó færri verði kaupendur. Sjerstaklega held jeg, að það sje mikil trygging fyrir því, að almenningur fái vitneskju um aulýsingarnar, að svo er til ætlazt, að það sje sent öllum sveitarstjórnum. H. þm. Strand. tók þetta einmitt fram. og hygg jeg, að enginn hjer í deildinni sje kunnugri sveitarstjórnarmálum en hann, ekki einu sinni háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), Háttv. síðastnefndur þm. talaði um, að þetta mundi veikja pressuna, en jeg skil ekki í, að það hafi styrkt blöðin mikið, þar sem þau hafa orðið að borga talsvert fyrir auglýsingarjettinn, og enda þótt þau fengju auglýsingarnar ókeypis, eins og háttv. þm. ætlast til, verður þeim það lítill styrkur, einkum ef þau mega ekki taka nema hálft gjald fyrir. Auk þess skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að það hefur verið að undanförnu mjög vafasamur styrkur að hafa þessar auglýsingar. Það hefur ekki verið sparað af andstæðingablöðunum, að reyna að gjöra það blað,sem flytur stjórnarvalda-auglýsingar, tortryggilegt í augum alþýðu, með því að segja, að það væri stjórnarblað. Svo var t. d. meðan »Þjóðólfur« hafði þær, þá var alltaf útbásúnað, að hann væri stjórnarblað, þó að allir viti, að útgefandinn er óháður maður og ræður sjálfur, hverri stefnu blað hans fylgir, þá var þessu skrökvað upp, og munu ýmsir hafa orðið til að trúa því og gat það spillt eins mikið fyrir blaðinu eins og svarar þeim litla hag, sem það kann að hafa haft á auglýsingunum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vona, að hin rökstudda dagskrá verði felld, og frumv. samþ. með breytingum meiri hluta nefndarinnar.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg ætla ekki að lengja þessar umræður mikið, en það er eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Eptir áætlun stjórnarinnar nú, eru það óskilafjárauglýsingarnar, sem gefa þessu fyrirhugaða blaði mestar tekjur, en í upprunalega frumv. stjórnarinnar er ekki gjört ráð fyrir, að blaðið flytji þessar auglýsingar, og hefur stjórninni þá auðsjáanlega ekki þótt það við eiga, enda er jeg hræddur um, eins og háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) tók fram, að það fyrirkomulag verði til þess að veikja þá tryggingu, sem nú er fyrir því, að menn geti fengið að vita um seldan óskilafjenað. Raunar mun það í flestum fjallskilareglugjörðum tiltekið, hvar auglýsingar þessar skuli birtar, en það þykir sjálfsagt að birta þær í þeim blöðum, sem hafa mesta útbreiðslu í hlutaðeigandi sýslum og hjeruðum. Auglýsingar um seldan óskilafjenað á Austurlandi eru ekki sendar hingað til Reykjavíkur til þess að birtast hjer í stjórnar-auglýsingablaði eða öðrum blöðum, heldur eru þær birtar í austfirzku blöðunum; sama er að segja um þessar auglýsingar frá Vesturlandi, að þær eru birtar í »lokal«-blöðunum þar, því að þau hafa mesta útbreiðslu í hjeruðum, sem búast má við að fjenaðurinn sje úr. Yfir höfuð er allt af fylgt þeirri reglu, að auglýsa í þeim blöðum, sem veita mesta tryggingu fyrir því, að auglýsingarnar komi að notum, og jeg hef tekið það fram áður, að jeg er sannfærður um, að þessi trygging verður veikt með því fyrirkomulagi, er frumv. gjörir ráð fyrir.

Fyrst ber það að athuga, að óskila-

fje er opt selt seint á haustin og skýrslan getur því ekki komizt til Reykjavíkur fyr en enda um miðjan vetur. Þá er eptir að prenta þær í þessu lögbirtingablaði, er svo á að hefja göngu sína með þessar auglýsingar út á hvern útkjálka landsins; nú er svo ákveðið í flestum reglugjörðum sýslunefnda, að viss lausnarfrestur á andvirði óskilafjársins skuli ná eitthvað fram á vorið, en ef miða skal við það, hve greiðlega gengur með útsending Stjórnartíðindanna, þá er ekkert ólíklegt, að blað þetta komist ekki með þessar auglýsingar í sum hjeruð landsins fyr en innlausnarfresturinn er liðinn.

Auðvitað gætu sýslunefndirnar sjeð við þessu, með því að ákveða, að þessar auglýsingar skulu einnig birtar í »lokal«-blöðunum, en það hefur þá líka tvöfaldan kostnað í för með sjer. Jeg vil því ekki láta ákveða, að óskilafjárauglýsingar sjeu birtar í þessu fyrirhugaða lögbirtingablaði, og er jeg sannfærður um, að þessi viðauki við frumv. stjórnarinnar er til ills, enda mun jeg koma með breyt.till. við frv. við 3. umr., og er þetta ekki mælt af neinu kappi í málinu, heldur af þeirri sannfæringu minni, að rjettur óskilafjáreiganda sje með þessari auglýsingaaðferð mjög fyrir borð borinn. Annars verð jeg að geta þess, að jeg skil ekki, hvað mikið er talað um glundroða og prang í þessu máli. Mjer þykir það ósæmilegt nafn að kalla það »prang«, þótt stjórnin bjóði upp þessar auglýsingar; það er ekki meira með þær en margt fleira, sem stjórnin þarf að bjóða upp, enda sje jeg ekkert niðrandi við það fyrir stjórnina. Þessar auglýsingar hafa líka verið 20—30 ár í sama blaði, auðvitað í fjöllesnasta blaðinu, og enginn kvartað um neitt prang eða glundroða, er þeirri aðferð væri samfara. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, það var að eins um óskilafjenaðinn, eða ákvæði þau, er hann gilda, að jeg vildi gjöra þessar aths.

Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strand.): Jeg skal að eins leyfa mjer að svara því, sem háttv. þm. Ísafj.k. (Sig. St.) sagði, en ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) ætla jeg ekki að svara, því að jeg sje ekki, að hún standi minni ræðu að neinu leyti framar, sem hann þó ekki svaraði einu orði. Þar sem h. þm. Ísafj.k. (Sig. St.) sagði, að sýslunefndir ljetu þessar óskilafjárauglýsingar í »lokal«blöð, þá sannar það einmitt minn málstað, að auglýsingar þessar eru ekki birtar á heppilegan háft, eins og nú er. Þótt t. d. auglýsing á því fje, sem selt er í Ísafjarðarsýslu, sje birt í ísfirzku blöðunum, sem þar eru á hverjum bæ, þá er það ekki fullnægjandi, því að minnst af því fje, sem selt er í Ísafjarðarsýslu, er úr sýslunni sjálfri, heldur úr nágrannasýslunum, t. d. Strandasýslu og Dalasýslu, og þar eru ísfirzku blöðin ekki eins útbreidd. Einmitt það, að sýslunefndir auglýsa seldan óskilafjenað í því blaði, sem þær í þann svipinn hafa mestar mætur á, álít jeg, að sje orsök þess, að mörg kindin er jetin annarsstaðar en hún á heima, því að þau blöð eiga menn kannske ekki kost á að sjá, eða vita ekki, hvar þeir geta sjeð.

Mjer blandast ekki hugur um, að mikið er við það unnið, að þessar auglýsingar sjeu birtar í einhverju ákveðnu litlu blaði, sem geymt er á vissum stað í hreppnum, og allir geta fengið að sjá, sem vilja; það eru ekki allir, sem þurfa að sjá þessar auglýsingar, því að suma vantar ekkert af fjalli að haustinu, en mörgum bændum er ekki nauðsynlegt að sjá opinberu auglýsingarnar; það eru að eins

óskilafjár auglýsingarnar, sem þeir verða að geta átt aðgang að, ef þeir þurfa.

Þá gat háttv. þm. Ísafj.k. (Sig. St.) um það, að lögbirtingablaðið mundi komast svo seint út um landið, að tími sá, er ákveðinn er fyrir greiðslu andvirðis hins selda óskilafjenaðar, mundi útrunninn. Auðvitað er mönnum í sveitarstjórnum og sýslunefndum skylt að annast um, að slíkt eigi sjer ekki stað, því að það væri vítavert. Í fyrsta lagi verður að tryggja það, að hreppsnefndir auglýsi seldan óskilafjenað svo fljótt sem auðið er, og í öðru lagi ættu þær reglulgjörðir ekki að vera staðfestar, sem ákveða svo nauman frest fyrir þann, sem vill gjöra tilkall til andvirðisins, að líkur sjeu til, að sá hinn sami missi það, sem honum ber, þess vegna.

Ef sveitastjórnir skyldu draga að auglýsa, og setja þennan frest svo stuttan, að líkur væru til, að andvirði óskilafjárins fjelli í sveitarsjóð, þá er það vítavert, og ætti ekki að þurfa að gjöra ráð fyrir því.

ATKV.GR.:

Fyrst var borin upp til atkv. tillaga frá Valtý Guðmundssyni um rökstudda dagskrá (sjá dálk. 1157), og var viðhaft nafnakall eptir ósk þessara 3. þm.: Valtýs Guðmundssonar, Jóhannesar Jóhannessonar og Sigurðar Stefánssonar, og sögðu

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Olsen,
Jóh. Jóhannesson,	Eirikur Briem,
Sigurður Stefánss.,	Guðj. Guðlaugss.,
Valtýr Guðmundss.,	Gutt. Vigfússon,
Þorgr. Þórðarson.	Jón Jakobsson,
	Steingr. Jónsson,
	Þórarinn Jónss.

Tillagan var þannig felld með 7 : 5 atkv.

Því næst var gengið til atkv. um frumv. sjálft, og var 1. breyt.till. (269) við 1. gr. samþ. sem 10 samhlj. atkv,

1. gr. þannig breytt samþ. með 7 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

2. breyt.till., sem verður ný 3. gr., samþ. með 7 samhlj. atkv.

3. gr., sem verður 4. gr., samþ. með 7 samhlj. atkv.

4. gr., sem verður 5. gr., samþ. með 7 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv, vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkv.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 26. ágúst kom frumv. (A. 394, 398) til 3. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef leyft mjer, ásamt öðrum háttv. þingm., að koma fram með breyt.till. við frumv. þetta, eins og jeg gjörði ráð fyrir við 2. umr. málsins. Jeg tók þá fram það, sem jeg áleit vera þessari breytingu til stuðnings. Það er mín skoðun, að það eigi ekki að skylda fjáreigendur og sýslunefndir að auglýsa óskilafjenað í þessu lögbirtingablaði; það verður ekki til þess, að tryggja eign manna, heldur þvert á móti, og þá álít jeg illa farið.

Það þarf ekki nema að líta á frv. og áætlun stjórnarinnar til þess, að sannfærast um það, að þetta er rjett. Það á að taka auglýsingarjettinn frá blaði, sem hefur 3,000 kaupendur og flytja auglýsingarnar í blað, sem út er gefið í einum 1,000 eintökum, og útbýtt er að eins meðal 1,000 manns. — Þetta er beint tekið fram í áætlun stjórnarinnar. Þetta lögbirtingablað hlýtur því í heild sinni, að hafa $^2/_3$ minni útbreiðslu, en flest hin útbreiddustu blöð landsins. Þegar í þessu er mjög veik trygging þess, að menn geti

fengið óskilafjenað sinn eða andvirði hans.

Mjer er ekki ljóst eptir frumv., hvernig fer, ef sýslunefndir birta ekki óskilafjárauglýsingar í þessu blaði, því að engin sektar-ákvæði eru í frumv. við því.

Jeg býst við, að ábyrgð verði gjörð gildandi gegn þeim til þess, að tryggja blaðinu tekjur. En það er hart fyrir sveitarstjórnir, að vera neyddar til þess, að birta óskilafjárauglýsingar í blaði, sem tryggir ver rjett eigenda óskilafjársins, en mörg önnur blöð landsins. Jeg vildi því helzt óska þess, að síðasta málsgrein í 1. gr. frumv. verði felld burt, og sveitarstjórnunum í sjálfsvald gefið, hvar þær auglýsa.

Búast má nú við, að sumir háttv. þingdeildarmenn geti ekki fallizt á þessar röksemdir, en frá þeirra sjónarmiði gæti ekkert verið á móti því, að samþykkja varatillögu okkar. Jeg álít, að hún sje svo löguð, að það sje ekki hægt, að greiða atkvæði móti henni, fyrir hvern þann, sem vill líta óhlutdrægt á hana, því að sje það eins tryggilegt, að birta í þessu blaði eins og talsmenn þess halda fram, þá notar auðvitað allur þorri sýslunefndanna það til þessara auglýsinga, þó ekki sje það lögskipað, heldur að eins leyft, og þá fær blaðið megnið af tekjunum.

Jeg get að vísu búizt við því, að varatillagan yrði til þess, að ekki yrði allur óskilafjenaður auglýstur í lögbirtingablaðinu. Sýslunefndir sunnanlands, sjerstaklega í nær-sýslunum, mundu birta óskilafjenað í þessu blaði. Afleiðingin yrði þá sú, að blaðið missti nokkrar tekjur, en jeg vil heldur, að landssjóður missi af tekjum, heldur en að fátækir menn missi eign sína fyrir óheppilega auglýsinga aðferð; það kemur að minnsta kosti ljettar niður á landssjóði.

Jeg hef tekið það fram, að með ákvæði frumv. er gripið inn í verksvið sveitarstjórnanna, en með varatillögunni er þrædd meðalleið, sem að öllu leyti er eðlileg og rjettlát. Og jeg ber svo gott traust til sanngirni háttv. þingdeildarmanna um það, að þeir líti hjer fremur á hag fátæklinganna út um allt land, og vona til svo góðs af þeim, að þeir heldur sjeu með því, að blaðið missi litils háttar tekjur, en að fátækir menn þessa lands verði fyrir tjóni.

Ráðherrann: Þetta ákvæði um að birta skuli í blaðinu allar óskilafjárauglýsingar, stóð ekki í frumv. stjórnarinnar, heldur var því bætt inn í Nd. Voru þeir 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) og þm. Mýr. (M. A.) flutnm. breyt.till., sem báðir eru manna kunnugastir sveitarstjórnarmálum. Lýsti jeg því yfir þá, að mjer þætti þetta bót á frumv., og bæði gott fyrir blaðið og nauðsynlegt fyrir fjáreigendur, að ákvæði sje um, að auglýsingarnar skuli þannig birtar, svo að þeir viti, hvar þeirra sje að leita, en vaði ei í villu og svima um það, eins og hingað til. Jafnvel þó kaupendafjöldi blaðsins verði ei nema 1,000, eins og gjört er ráð fyrir í áætlun stjórnarinnar, til þess að fara ekki of langt, þá álít jeg það þó margfalt betra fyrir fjáreigendur, að auglýsingarnar sjeu birtar í þessu blaði, heldur en nokkru öðru blaði, af því að þetta blað eiga menn allt af kost á að ná í, þar sem það allt af verður geymt á vissum stað í hreppnum, hjá hreppstjóra eða oddvita, og ef til vill auglýst á kirkjustöðum. Hversu útbreidd sem almenn »pólitísk« frjettablöð, sem hafa stjórnvaldaauglýsingar, kunna að vera, þá verða ekki gjörðar

opinberar fyrirskipanir eða ráðstafanir um, að þau sjeu birt eða til staðar á vissum stöðum, en það er stór hagnaður, eigi að eins fyrir þá, sem þurfa að fylgja með í lögbirting almennra opinberra auglýsinga, uppboðsauglýsinga og þess háttar, heldur einnig fyrir óskilafjáreigendur.

Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.), talaði um, að sjer þætti hart, ef farið yrði að sekta sveitarstjórnirnar, ef þær ekki birtu auglýsingarnar um óskilafje í þessu blaði. Um slíkt eru engin ákvæði í þessu frumv. En það leiðir af sjálfu sjer, að ef ákvæðum laganna um birtingar auglýsinganna er ekki fylgt, ɔ: auglýsingarnar ekki birtar á fyrirskipaðan hátt, þá heldur fjáreigandi endurgjaldskröfu gegn sveitarsjóðnum, sem andvirðið rennur í, þó fresturinn, sem settur er í ólögmætri auglýsing, líði. Því fer svo fjarri, að þetta fyrirkomulag, að birta óskilafjárauglýsingar í lögbirtingablaðinu, verði til þess að fátæklingar missi rjett sinn til selds óskilafjár, að þetta er einmitt öflugt spor í þá átt, að þeir missi *ekki* þann rjett. Jeg álít því, að það sje ekki rjett, að slaka neitt til í þessu efni, eða leggja sveitarstjórnunum það í sjálfsvald, hvort þær auglýsa í blaðinu, eins og varatill. fer fram á. En það þarf ekki að taka fram í lögunum, að heimilt sje að auglýsa jafnframt í öðru blaði, því að það liggur í hlutarins eðli.

Guttormur Vigfússon (þm. S.-Múl.): Jeg skal játa það, að þegar jeg fyrst sá viðaukatill. Nd., þá virtist sem hún mundi verða fremur til skaða en bóta. Var það sjerstaklega með hliðsjón af, hvernig til hagar á Austurlandi. Hagar þar ólíkt til og á Suðurlandi, að því leyti, að þar eru samgöngur fjár milli hjeraða miklu ótíðari, en sunnan- og norðanlands. Afrjettarsvæðin eru þar svo takmörkuð af ýmsum torfærum, sem fje ekki kemst yfir, að það er eigi jafn nauðsynlegt og í öðrum landshlutum, að óskilafjárauglýsingar komi öðrum fyrir sjónir, en innanhjeraðsmönnum. Óskilafjárauglýsingar hafa því verið birtar í staðarblöðunum þar eystra, á Seyðisfirði eða Eskifirði, og yfir því ekki verið kvartað. En við nánari athugun, þá álít jeg þetta samt eigi nægilega trygging fyrir því, að eigendur fjárins geti verið vissir um, að fá skepnur sínar, vegna þess að þegar mikið berst að af blöðum með póstum, þá hlaupa menn opt fljótt í gegn um þau, en óskilafjárauglýsingunum er hrært innan um aðrar auglýsingar, og því hætt við, að menn hlaupi alveg yfir þær, og verði því litlu nær, hvort auglýsingarnar eru eða ekki. Og þegar um fleiri blöð er að ræða, þá er sjaldnast að vísu að ganga í hverju þeirra þær eru. Og þegar staðarlegu blöðin eru gefin út á tveim eða fleiri stöðum í fjórðungnum, þá er ef til vill auglýsingar þessar birtar sitt haustið í hverju blaði, en það minnkar tryggingu fyrir því, að auglýsingarnar komist á mestan part heimilanna eða sem flestum fyrir sjónir.

Jeg mun því greiða atkv. með frv. að þessu leyti, með það fyrir augum, að í þessu blaði, sem ætlað er fyrir opinberar auglýsingar, verði fjáreigendum betur tryggður rjettur sinn, með því að auglýsingahlaðið hlýtur að koma í hvern hrepp, þar sem hægt er að ganga að því vísu, og verður einmitt lesið með sjerstakri eptirtekt. Jeg skal játa, að breyta þarf ýmsum fjallskilareglugjörðum í samræmi við þetta frumv., því að í ýmsum þeirra eru ákvæði um, að hafi eigendur óskilafjársins eigi sagt til sín innan ákveðins tíma, t. d. fardaga næsta árs, þá missa þeir allt tilkall til andvirðis-

ins. En ef auglýst er í þessu blaði, þá er ei full trygging fyrir, að auglýsingarnar komist svo snemma til allra, að þeir geti sagt til sín í tíma, og þyrfti því að lengja þennan tíma.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg get verið stuttorður, því jeg þarf ei að svara flutningmanni breyt.till. Það hafa aðrir gjört. Jeg get því látið mjer nægja, að skírskota til þess, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls. En þar þóttist jeg leiða góð rök að því, að tryggara sje að birta auglýsingarnar í þessu blaði en í nokkru öðru blaði, af því að útbreiðsla þess verði svo jöfn um land allt, og af því að menn vita þá með vissu, hvar leita skal auglýsinganna. Það er því einnig veruleg bót, að auglýsa þar selt óskilafje. Af þessum ástæðum vil jeg leyfa mjer að ráða hinni háttv. deild til að fella breyt.till. og samþ. frumv. óbreytt.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Allar ræður andmælenda breyt.till. hafa sannfært mig um, að varatill. mín væri byggð á fyllstu rökum. Þeir halda því allir fram, að miklu tryggara verði, að auglýsa í þessu blaði, en nokkru öðru. Það leiðir þá af sjálfu sjer, ef menn sannfærast um það, að þeir vilja þá hvergi auglýsa annarsstaðar, og er þá nóg að veita þeim að eins heimild og leyfi til að auglýsa í blaðinu. Þessar ræður hafa því allar fremur styrkt varatill. mína. En jeg skal nú að vísu játa, að jeg er ekki eins viss um þetta eins og háttv. þm., sem talað hafa. Og það getur verið, að sumum fari svo, að þeir sannfærist ekki undir eins um þá miklu tryggingu, sem það býður að auglýsa í þessu blaði. Álít jeg því rjettara, að halda sjer við heimildina en skylduna til að auglýsa þar. Svo kemur enn eitt atriði til greina. Hefur verið nokkur óánægja út af núverandi fyrirkomulagi? Hafa komið fram nokkrar kvartanir til þingsins eða einstakra þingm. um, að óskilafje væri ótryggilega auglýst? Jeg veit ekki til að svo sje. Og þó að einhverjum þm. detti þetta ráð í hug til að auka tekjur þessa blaðs, þá álít jeg það ekki nægа ástæðu, þegar hvergi hefur svo mikið sem bólað á óánægju út af þessu, til fyrir þiugið að fara að kássast inn í verkahring sveitarstjórnanna. Þær hafa hjer sín lögmætu yfirráð og er ástæðulaust að taka fram fyrir hendurnar á þeim í þessu efni.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Flutningsmenn þessarar breyt.till. eru annar af Vestfjörðum, en hinn af Austfjörðum. Á hvorugum staðnum er hætt við að fje komi fram úr fjarlægum hjeruðum. Það er því eðlilegt, að þeir álíti nægilegt að auglýsa selt óskilafje í staðarblöðunum þar. En það er allt öðru máli að gegna með menn t. d. úr Flóanum. Þar hagar allt öðru vísi til með samgöngur fjár. Fje þeirra gengur saman við fje Húnvetninga, Borgfirðinga og jafnvel Þingeyinga. Ef Norðlendingar auglýsa nú í blöðunum á Akureyri, þá vita sunnanmenn alls ekki í hvaða blaði það er. En Borgfirðingar mundu aptur auglýsa í blöðunum í Reykjavík. Þannig yrðu þeir, ef þá vantaði kind, að leita í flestum blöðum sunnanlands og norðan, þar sem hvergi væri að vísu að ganga. Álít jeg því mjög mikinn ljetti fyrir menn almennt að fá auglýsingarnar í þetta eina sjerstaka blað, og vita, að alls óskilafjár er þar að leita og hvergi annarsstaðar.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd út af orðum háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.). Hann sagði að varatill. sín yrði aðgengilegri af því

að ef lögbirtingarblaðið hefði eins mikla yfirburði, að því er útbreiðslu snerti, eins og sagt væri, þá væri sjálfsagt að allar sveitarstjórnir mundu auglýsa í því, þar sem fjáreigendurnir þá mundu heldur sjá auglýsinguna og hag þeirra yrði þá betur borgið. Þetta er ekki alveg rjett hjá h. þm., af því að það eru hreppsnefndirnar, sem láta birt auglýsingarnar. en það er einmitt í hag hreppunum að auglýsingarnar útbreiðist sem minnst, því að ef óskilafjárauglýsingarnar komast aldrei í hendur eigenda fjárins, þá græða hreppsnefndirnar, þar sem andvirðið rennur þá til sveitarinnar.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): H. þm. Ísfjk. (Sig. St.) sagði. að jeg og aðrir andmælendur breyt.till. hjeldum því fram, að tryggast væri, að birta óskilafjárauglýsingar í þessu blaði. Þetta er alveg rjett. En ályktunin, sem hann dróg af þessu, er ekki alveg eins rjett, nefnil. það, að þá sje varatillagan rjett. En það sýnir einmitt, að hún er óþörf. Ef tryggast er að auglýsa í þessu blaði, þá er sjálfsagt að skylda menn til að auglýsa þar, svo að þeir ekki fari að auglýsa á öðrum ótryggari stöðum. Háttv. þm. gat þess líka, að engin óánægja hefði komið fram út af núverandi fyrirkomulagi, en jeg man ekki betur, en að jeg lýsti því yfir við 2. umr., að það hefði einmitt komið fram megn óánægja í minni sýslu, og jeg gjöri ráð fyrir, að flutningsmenn breyt.till. í Nd. hafi litið líkt á það mál. Svo er heldur engin von á, að umkvartanir kæmu opinberlega fram um þetta efni, af því að mönnum var ekki kunnugt um, að nokkur kostur væri á, að fá þessu breytt. Mönnum var alveg ókunnugt um, að í ráði væri að stofna sjerstakt blað fyrir hinar opinberu auglýsingar.

Guttormur Vigfússon (þm. S.-Múl.): Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) talaði um, að menn hefðu ekki kvartað undan núverandi ástandi. Þetta er satt. En það er líklega af því, að þeir vissu ekki, hvernig ætti að ráða bót á því, nje að þetta frumv. væri, á ferðinni. Það stendur í reglugjörðunum ákvæði um, hvar auglýsa skuli. Nú minntist jeg á áðan, að hjá okkur væru sjerstakir staðhættir, en til sönnunar því, hve auglýsingarnar geta verið ófullnægjandi, jafnvel þar sem fje þó naumast gengur saman nema úr tveimur sýslum, þá var síðastliðið haust auglýst óskilafje úr Suður-Múlasýslu í blaði, sem jeg held að ekki hafi verið nema tvö eintök af í uppsveitum Fljótsdalshjeraðs, og er þá hætt við, að auglýsingarnar fari fyrir ofan garð og neðan hjá flestum. En þetta getur ekki komið fyrir, ef auglýst er í blaði, sem kemur áreiðanlega í hvern einasta hrepp á landinu.

ATKV.GR.: 1, brtill. (A394) felld með 8 atkv. gegn 5.

2 varabrtill. (A394) felld með 8 atkv. gegn 5.

Frumv. sþ. með 8 atkv. gegn 5 og afgreitt aptur til forseta Nd.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. september, kom frumv. (A423) til einnar umr.

Umr.laust var gengið til atkv. og frumv. samþ. með 12 atkv. gegn 4 og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþ.

XVI. Stjórn Landsbókasafnsins.

Á 4. fundi Ed., föstudaginn 5. júlí, kom frv. til laga um stjórn landsbókasafnsins til 1. um.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er að mínu áliti allgóð bót á ástandi því, sem nú er. Sjerstaklega það ákvæði þess, að öll stjórn bókasafnsins skuli falin einum manni í stað heilli nefnd, er hingað til hefur haft hana á hendi. En það, sem jeg hef á móti frumv., er í fyrsta lagi það, að mjer virðist það of snemma upp borið og álít jeg þess vegna æskilegast, að því verði frestað til næsta þings, og að engin breyting verði gjörð á safninu, fyr en safnbygging sú er fullgjör, er þegar er byrjað á. Og mundi þá hægra fyrir þingið að átta sig, er allt væri komið á sinn stað. Í öðru lagi er fjárhagur landsins eigi svo góður nú sem stendur, að ástæða sje til að stofna ný embætti eða fara fram á launahækkanir. Enda hafa kjósendur mínir hreint og beint lagt fyrir mig, að vera á móti stofnun nýrra embætta og launahækkunum á þessu þingi; enda hafa fleiri þingmálafundargjörðir gengið í líka átt. Og verð jeg því að álíta heppilegast, að frumv. næði eigi fram að ganga á þessu þingi án þess jeg vilji neita því, að það geti verið rjettmætt í sjálfu sjer.

Í öðru lagi er þess að gæta, að þar sem einum manni er gefið fullkomið vald til bókakaupa, þá höfum vjer mjer vitanlega ekki völ á manni, sem hafi fullkomna æfingu og undirbúningsmenntun í þeim fræðum, sem þar að lúta, t. d. verið við erlend bókasöfn. Og hafa hingað til ekki aðrir haft þann starfa á hendi, en nefndin.

Að því er laun embættismanna safnsins snertir, þá er frumv. þetta ekki í samræmi við fjárlagafrumv., þar sem 2. aðstoðarmanni eru hjer ætlaðar 1,000 kr., en í fjárlagafrv. 900 kr., og virðist það benda á hroðvirkni frá stjórnarinnar hálfu, þar sem henni ekki ber saman í tveim frumv., sem lögð eru fyrir sama þing.

Af þessum ástæðum, sem jeg þegar hef tekið fram, nefnilega að safnbyggingin verður ekki til á þessu fjárhagstímabili, og að fjárhagur landsins eigi er svo glæsilegur, að farandi sje fram á stofnanir nýrra embætta eða launahækkanir, þá legg jeg það til, að frv. verði fellt.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Mjer skildist á háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að hann áliti nauðsynlega breytingu á þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi; þótti þó frumv. of snemma borið fram, en þá virðist mjer sjálfsagt, að málið fari í nefnd, enda þótt það eigi sje svo umfangsmikið, að mjer finnist brýna nauðsyn bera til þess, því jeg álít sjálfsagt, að menn vilji þó eigi fella frumv., án þess það sje athugað í nefnd.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg átti sízt von á því, að þær mótbárur, sem komið hafa fram á móti þessu frumv., kæmu úr þeirri átt, sem þær komu, nefnilega frá háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), því að jeg hjelt, að hann, eins og allir aðrir, sem hafa vísindaleg störf með höndum, hlyti að játa, að það er lífsnauðsyn fyrir alla vísindalega starfsemi hjer á landi, að Landsbókasafnið sje í sem beztu lagi.

Hinn háttv. sami þm. tók það fram, að hann væri á móti fjölgun embætta og launahækkun yfirleitt, og er jeg þar á sama máli. En nauðsyn brýtur lög, og jeg tel það lífsnauðsyn fyrir alla æðri vísindalega starfsemi hjer á landi, að koma þessari stofnun í viðunan-

legt horf. Fjárhagur landsins er alls ekki svo slæmur, sem háttv. þm. vildi halda fram, og jeg fæ með engu móti sjeð, að laun þessara þriggja manna sje svo mikil aukning á núverandi gjöldum landssjóðs til Landsbókasafnsins, að við höfum eigi fullkomlega efni á, að þeim sje við bætt.

Mjer virtist enn fremur hinn sami háttv. þm. taka það fram, að honum þætti of snemmt, að ráða þessu máli til lykta, áður en hið nýja safnhús væri fullgjört og safnið flutt í það. En jeg fyrir mitt leyti álít einmitt þetta *sjerstaka ástæðu* fyrir því, að frumv. nái fram að ganga á þessu þingi, því að jeg álít mjög áríðandi, að safnið geti komizt í sem bezt horf þegar frá byrjun, og að bókavörðurinn geti haft eptirlit með flutningnum og hagað niðurröðun safnsins frá byrjun eptir því, sem honum þykir bezt við eiga.

Hinn háttv. sami þm. talaði einnig um, að við ættum ekki völ á neinum manni, sem væri vel hæfur til að vera forstöðumaður safnsins. Eg skal fyrir mitt leyti ekki láta neitt álit í ljósi um það. Samt held jeg, að háttv. þm. hafi þar tekið nokkuð djúpt í árinni. En hitt er víst, að hægra er að fá slíkan mann, ef laun þau, er stöðunni fylgja, eru svo há, að hann geti varið óskertum tíma sínum og kröptum til þessa starfa, og álít jeg heldur ekki ástæðu til að halda, að bókavalið mundi fara í handaskolum, þar sem honum væri innan handar að ráðfæra sig við sjerfróða menn í hverri grein, að því er bókakaupin snertir.

Í þessa stöðu þarf sjerstaklega fjölhæfan mann, og þess vegna álít jeg laun þau, sem farið er fram á í frv., alls ekki of há; mjer finust þau einmitt ekki mega minni vera en 3,000 kr., ef vjer eigum að hugsa til að geta fengið nýtan mann í þessa stöðu. Mjer finnst því engin ástæða til að fella frumv., en hins vegar hef jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti, að málið sje sett í nefnd, þó það sje ekki margbrotið.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.) Viðvíkjandi því, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) sagði, að hann hefði alls eigi búizt við mótbárum frá mjer á móti þessu frumv., þá skal jeg geta þess, að jeg tók það skýrt fram, að mótmæli mín ættu ekki við grundvallarreglur frumv. Jeg álít það rjettast, eins og jeg tók fram áður, að einn maður hafi á hendi stjórn safnsins og bókakaup, en ekki heil nefnd manna.

Mjer finnst heldur ekki laun bókavarðarins of há. Aðalástæðan fyrir því, að jeg er frumv. þessu mótfallinn, er sú, að mjer finnst það ekki borið fram á hentugum tíma, þar sem safnbyggingin enn þá er ekki fullgjörð og safnið ekki komið á einn stað, því að þá fyrst væri hægt að sjá, hvernig því yrði hagað sem bezt.

Jeg álít heldur alls ekki nauðsynlegt, að samþykkja frumv. nú vegna flutningsins; jeg álít þvert á móti verra, að nýr maður og ókunnugur sjái um flutninginn, en þeir, sem nú standa fyrir safninu.

Jeg álít því hættulaust, þó málinu verði frestað til næsta fjárhagstímabils, þar sem líkindi eru til, að fjárhagur landsins verði þá í betra horfi en nú, enda hefur mjer, sem sagt, beinlínis verið falið af kjósendum mínum, að vera á móti öllum nýjum embættum og launahækkunum.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg þarf ekki að tala mikið um þetta frv., því háttv. 3. kgk. þm. nefndi þau 3

atriði, sem jeg fyllilega get skrifað undir, og í öðru lagi var ræða háttv. 2. þm. K.-G. að eins endurtekning á hans fyrri ræðu. Jeg er fyllilega samdóma háttv. 3. kgk. þm. um það, að helzta ástæðan fyrir því, að frumv. eigi fram að ganga á þessu þingi, er flutningurinn á safninu. Jeg get gefið hinni h. deild þær upplýsingar, að jeg býst við, að starfað, verði að flutningnum á safninu óslitnar 8 til 10 stundir á dag. og verður að líkindum byrjað á því í næstk. aprílmánuði að minnsta kosti, ef viðgjörð þinghússins á að verða lokið á tilætluðum tíma. En það er sýnilegt, að menn, sem eru ráðnir upp á þau kjör, að þeir jafnframt verða að hafa önnur störf á hendi, geta ekki sjer að skaðlausu varið þannig tíma sínum og fleygt frá sjer öllu öðru, er þeir hafa haft atvinnu af. Og þó þeir fái sjerstaka borgun fyrir þann tímamissi, er ekki sagt, að þeir geti skilið sig við hin önnur störf sín.

Að því, er snertir þá mótbáru háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) að fjárhagur landsins sje svo bágborinn, að hann leyfi eigi þessa útgjaldaaukning, þá er alls eigi víst, að hann verði betri á næsta fjárhagstímabili. Það getur orðið biðin lengri, ef bíða skal, þar til öllum þykir fjárhagur landsins kominn í æskilegt horf.

Viðvíkjandi vali á bókunum til safnsins, þá er tíu sinnum meiri trygging fyrir því, að það fari vel úr hendi, þar sem það samkv. frumv. er lagt í hendur einum manni, sem getur borið sig saman við sjerfróða menn í hverri sjerstakri grein, manni, sem einnig veit fullkomlega, hve langt hann má fara, að því er fjárupphæðir snertir, þar sem hann hefur einnig umráð yfir þeim, heldur en þegar það er í höndunum á nefnd, sem er hlaðin öðrum störfum og sem þess vegna hlýtur að hafa það að eins í hjáverkum.

Ráðherrann: Jeg hef vegna fjarveru ekki fylgzt með í umr. þessum frá upphafi, og skal að eins leyfa mjer að bæta því við, gagnvart þeim mótbárum, sem fram hafa komið í þá átt, að rjettast væri að fresta málinu, þangað til safnið væri komið í hið nýja hús, að mjer virðist sjerstaklega áríðandi, að sá, sem á að vera forstöðumaður safnsins í hinu nýja húsi, geti verið við flutninginn og uppsetning þess þar, og frá byrjun komið því fyrir eptir sínu eigin höfði.

Viðvíkjandi stjórn safnsins finnst mjer allir verði að játa, að það er óhentugt, að þeir menn hafi hina daglegu stjórn þess, sem eigi fá neina sjerstaka borgun fyrir starfa sinn og hljóta að hafa hann í hjáverkum og getur slíkt eigi annað en orðið Þrándur í götu fyrir þrifum safnsins. Auk þess eru hin gildandi ákvæði um stjórn safnsins, útnefning starfsmanna þess o. fl. óljós og úrelt, og þarf að ráða bót á því nú þegar. Það virðist eðlilegast, að landsstjórnin hafi alla yfirstjórn safnsins, þar með einnig útnefning embættismanna þess, eins og jeg reyndar verð að álíta, að henni þegar beri, þó nefndin virðist vera annarar skoðunar.

Að því er laun bókavarðar snertir, þá get jeg eigi sjeð, að þau geti verið lægri en 3,000 kr., og viðvíkjandi fjárhag landsins, þá er, eins og háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) sagði, eigi víst, að hann verði betri á næsta fjárhagstímabili, enda get jeg ekki sjeð, að landið sje nú sem stendur í neinum sjerstaklegum fjárhagslegum kröggum, svo að það gæti munað um það, hvort bókavarðarlaunin eru aukin dálítið árinu fyr eða síðar. Á því umboði sem h.

2. þm. G.-K. (V. G.) þóttist hafa frá kjósendum sínum í þessu efni, virðist mjer ekki mikið byggjandi.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.) stakk upp á, að skipa 3 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Till. um 3ja manna nefnd sþ. í e.hlj.

Eptir samkomulagi milli flokkanna voru kosnir í nefndina:

Björn M. Ólsen,
Jón Jakobsson og
Valtýr Guðmundsson.

Í nefndinni var Björn M. Ólsen kosinn formaður og framsögumaður og Jón Jakobsson skrifari.

Á 13. fundi Ed., mánudaginn 15. júlí, kom frumv. (A. 76) til 2. umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það er satt. sem háttv. forseti tók fram, að nefndin hefur klofnað. Ekki er það samt út af efni frumv., heldur um það, hvort frumv. þetta skuli samþykkt þegar í stað eða geymt til næsta þings. Hinn ágreiningurinn í nefndinni var óverulegur, nefnilega, að því er snertir viðaukatillögu minni hlutaus við 2. gr. — Hvað snertir aðal-ágreinings-atriðið, hvort málið verði samþykkt nú eða því frestað, þá skal jeg leyfa mjer að skírskota til álits meiri hluta nefndarinnar.

Jeg held, að allir hljóti að viðurkenna, að það sje ekki heppilegt, að Landsbókasafnið, sem er hið dýrasta af öllum söfnum landsins og lífsskilyrði fyrir andlegu lífi ekki að eins í höfuðstaðnum, heldur einnig alls landsins, sje »privat« stofnun með úreltu fyrirkomulagi, og að heppilegra sje, að landið taki það upp á sína arma. Enda hefur enginn ágreiningur orðið um þetta atriði í nefndinni. Nefndarmenn urðu líka allir samdóma um, að frumv. gangi í rjetta átt. Jeg get þess vegna ekki skilið, að minni hlutinn geti ekki fylgt meiri hlutanum í því, að æskilegast sje, að þetta fyrirkomulag komist á nú þegar, og að hann vilji fella málið nú.

Hinn háttv. minni hluti ber fyrir sig sem ástæðu, að fjárhagur landsins sje svo bág-borinn; en jeg ímynda mjer, að hann hafi ekki betra yfirlit yfir fjárhag landsins en stjórnin, og hefur hún lýst því yfir, að hann sje alls ekki eins bág-borinn, eins og háttv. minni hluti vill gjöra hann.

Við 1. umr. þessa máls hreyfði hv. framsögumaður minni hlutans því, að hann vildi ekki fjölgun embætta eða launahækkanir á þessu þingi, og fylgdi í því vilja kjósenda sinna. En þar er hann ekki sjálfum sjer samkvæmur; því að jeg veit ekki betur, en að hann með öðrum háttv. þingmanni flytji nú frumv. um launaðan bæjarstjóra í Hafnarfirði. Og lýst jeg þess vegna við, að ef hann greiðir atkvæði á móti þessu frumv., þá muni hann einnig verða á móti sinni eigin tillögu um laun bæjarstjórans í Hafnarfirði.

Yfir höfuð virðist mjer svo afarmikil nauðsyn á, að breyting þessi komizt á, að það megi með engu móti dragast; sjerstaklega vegna flutningsins á safninu.

Álít jeg fullt eins mikla nauðsyn á þessu, eins og að fá bæjarstjóra í Hafnarfirði.

Framsm. minni hlutans Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hef jeg ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumv. þetta í öllum atriðum. Er það alls ekki af því, að jeg ekki álíti breytingu þessa heppilega, heldur þvert á móti. En mjer

fannst, að það bráðlægi eigi svo á, að það þurfi fram að ganga á þessu þingi. Ef safnið er svo dýrmætt, eins og hv. framsm. meiri hlutans sagði, þá sýnir það, að núverandi fyrirkomulag hefur ekki staðið því fyrir þrifum; og þótt þessi breyting biði eitt fjárhagstímabilið enn þá, þá er ekki hægt að benda á, að neinn voði sje á ferðum. Við safnið mundu að líkindum verða sömu mennirnir, eptir sem áður, og verður þá varla um annað að ræða, en launaviðbót, og aukið valdsvið þeirra manna, sem nú eru við safnið.

Háttv. framsm. meiri hlutans bar mjer það á brýn, að jeg hefði haldið því fram sem ástæðu móti þessu frv., að fjárhagur landsins væri svo bágborinn. Jeg hef að vísu aldrei haft þau orð, en sagt, að mjer virtist fjárhagur landsins horfa svo við, að ástæða sje til að fara sem varlegast á þessu þingi. Þar sem háttv. sami þm. bar fyrir sig yfirlýsingu ráðh. um, að engin hætta væri á ferðum með fjárhag landsins, þá getur farið tvennum sögunum um það. Jeg veit ekki betur, en að stjórnin hafi lagt fyrir þingið frumv. um, að finna ráð til að auka tekjur landssjóðs, og að skipuð yrði milliþinganefnd í það.

Þetta sýnir, að stjórnin sjálf álítur fjárhaginn ekki svo glæsilegan, að ekki þurfi bótar við, og hún álítur þetta svo vandasamt verk, að hún treystir sjer ekki sjálf til að ráða fram úr því, en þykist þurfa aðstoð milliþinganefndar til þess.

Þar sem hinn háttv. meiri hluti tekur það fram í áliti sínu, að hann geti ekki skilið, að fjárhagur landsins sje svo bágborinn, að landið geti ekki risið undir þeirri útgjaldaaukning, er leiðir af þessu frumv., þá er jeg honum að vísu samdóma um það, að það skiptir ekki svo miklu um þá upphæð eina, sem hjer ræðir um. Hún getur ekki sligað landssjóðinn. En þess ber að gæta, að hjer liggja fyrir margar aðrar till. um launahækkanir og stofnun nýrra embætta, og ef þær allar verða samþ., þá geta þær upphæðir, þegar saman koma, orðið landssjóði mjög tilfinnanlegar.

Hinn háttv. framsm. meiri hlutans, gat þess enn fremur, að jeg hefði lýst yfir því við 1. umr. þessa máls, að jeg væri á móti fjölgun embætta og launahækkunum á þessu þingi, en hefði þó komið með frumv. um bæjarstjórn í Hafnarfirði og laun til bæjarfógeta þar úr landssjóði. Þetta er að vísu satt, en það frumv. var aðeins til flýtisauka lagt fyrir í sama formi og það fjekk á síðasta þingi. En nú er málið í nefnd, sem jeg á sæti í, og h. þm. hefur enn ekki sjeð, hvort jeg ætlast til, að launaviðbót þessi komi úr landssjóði, og vil jeg þessa vegna ráða honum til þess, að bíða þangað til hann sjer, hvort jeg greiði atkv. með því.

Sömuleiðis er það tekið fram í áliti meiri hlutans, að það sje mjög áríðandi, að þeir bókaverðir, sem skipaðir verða til aðstoðar, taki þátt í flutningnum og niðurskipuninni með landsbókaverði. Bæði býst jeg við því, að það verði sömu menn, sem nú eru við safnið, og svo get jeg heldur ekki sjeð, að nýjir menn verði betri til þess en þeir, sem kunnugastir eru safninu. Því að auðvitað verður að flytja bækurnar í sömu röð, og þær nú eru í, en svo raða þeim á eptir. Mjer er líka kunnugt um, að þegar flutt var konunglega bókasafnið, þá var flutningnum hagað þannig. Hvernig sem röðuninni verður hagað, þá býst jeg við, að farið verði eptir ákveðnu »princípi« við hana. Til hvers þyrfti annars þessa spjaldskrá?

Það er enn fremur tekið fram í áliti meiri hlutans, að ekki dugi að fela flutninginn eptirlitslaust óvöldum og ábyrgðarlausum verkamönnum. Hver segir það? Meiningin er að þeim, sem nú eru við safnið, verði falið það; enda eru þeir kunnugastir og færastir til þess.

Þar sem enn fremur er tekið fram til huggunar í sama nefndaráliti, að spara mætti þær 1,200 kr., sem nú eru veittar á ári hverju, til að semja spjaldskrá, með því að henni verði þeim mun fyr lokið, ef starfskraptur safnsins er aukinn, þá held jeg, að það sje lítil huggun, því jeg hygg, að þess muni langt að bíða, að sá útgjalda-auki hverfi, eptir því sem gengið hefur með það verk hingað til. Jeg verð þess vegna að ráða hinni háttv. deild til að fella frumv. þetta nú á þessu þingi, en þar í þarf alls ekki að liggja, að jeg sje á móti frumv. í heild sinni, eða að mjer finnist laun starfsmannanna úr hófi. En jeg sje ekki, að það bráðliggi svo á, að málið gangi fram nú á þinginu. Jeg álít líka miklu auðveldara fyrir þingið að átta sig á þessu máli, þegar safnið er komið á sinn nýja stað; gæti þá verið, að mönnum virtist ef til vill fleiri breytinga þurfa við. Stjórnin getur heldur ekki gjört sjer eins glögga grein fyrir safninu nú, eins og þegar það er komið í nýja húsið.

Mjer virðist því allt mæla með því, að fresta þessu máli, og vona, að hv. þingdeild samþ., að frumv. bíði næsta þings.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm): Jeg gleymdi því í fyrri ræðu minni, að efna loforð það, sem gefið er í nefndaráliti voru, að gjöra grein fyrir breyt.till., og skal jeg gjöra það nú.

Að því er fyrri breyt.till. snertir, þá er hún í raun rjettri ekki frábrugðin frumv., en oss þótti rjettara, að taka það fram með berum orðum, að stjórnarráðið auglýsi árlega reikninga hins fasta sjóðs Landsbókasafnsins í Stjórnartíðindunum. Hjer er ekki um neitt nýmæli að ræða, því reikningurinn mun hafa verið auglýstur þannig að undanförnu; að eins þótti oss tryggilegra að taka það beinlínis fram; þá er jafnan hægt að sjá, hvernig hagur sjóðsins er, og hvernig honum er varið.

Brt. við 3. gr. er í raun rjettri að eins orðabreyting. Oss þótti »orðið aðstoðarbókavörður« óþarflega langt, og hálf óþjált, og kjósum því heldur, að í lögunum standi »til aðstoðar tvo bókaverði«. Nafnið bókavörður gjörum við ráð fyrir að festist við þá. Þeir eru hvort sem er greindir frá aðalbókaverðinum, því að hann er allsstaðar í frumv. stjórnarinnar kallaður landsbókavörður, og það gjörum við ráð fyrir að mundi verða embættisnafn hans.

Að því, er snertir viðaukatill. hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um, að landsbókavörðurinn megi ekki hafa önnur atvinnustörf á hendi utan safnsins, þá þótti okkur meðnefndarm. hans hún bæði óþörf og óviðkunnanleg. Okkur þótti óþarft, að taka nokkuð fram um það í frv., þar sem það er glögglega tekið fram í ástæðum stjórnarinnar fyrir frv., að hún gjöri ráð fyrir því, að landsbókavörðurinn hafi ekki önnur atvinnustörf á hendi, og vjer treystum stjórninni til þess, að hún muni sjá um, að þessi embættismaður gjöri skyldu sína, eins og aðrir embættismenn. Það má vera, að hv. þm. (V. G.) hafi minna traust á stjórninni en við, en færi svo, að hann sjálfur ætti að skipa landsbókavörð, og hafa eptirlit með starfi hans, þá trúi jeg því ekki, að hann treysti sjer ekki til að

hafa fullnægilegt eptirlit með því, að hann gegni vel starfi sínu, og ekki býst jeg heldur við, að flokksbræður hans muni vantreysta honum eða stjórninni til þess, þegar þeir komast til valda.

Óviðkunnanleg finnst okkur viðaukatill., af því að það er ekki beint tekið fram um aðra embættismenn, að þeir megi ekki hafa önnur atvinnustörf á hendi. Það mun vera landsbankastjórinn einn, sem slíkt er bannað, en þar stendur nokkuð öðru vísi á. Við fáum ekki sjeð, hvaða ástæða getur verið til að taka þennan eina embættismann út úr tölu allra embættismannanna, og gefa sjerstaka fyrirskipun um hann. Þetta var ástæðan fyrir því, að við gátum ekki fylgt hv. minni hluta (V. G.) í þessu.

Jeg get verið fáorður um ræðu h. háttv. minni hluta (V. G.) og það því fremur, sem jeg hef þegar svarað fyrir fram í fyrri ræðu minni því, sem helzt gat verið ástæða til að svara; auk þess er nefndarálit okkar að nokkru leyti svar upp á hana.

Háttv. þm. (V. G.) sagði, að Landsbókasafnið hefði gjörzt dýrmætur fjársjóður, og að fyrirkomulag þess hefði ekki orðið því til fyrirstöðu. Það er satt, að það er orðinn dýr fjársjóður, en hver getur sagt, hve mörgum sinnum dýrmætara það væri nú, ef landsstjórnin hefði tekið það að sjer undir eins um 1818, þegar það var fyrst sett á stofn. En það er ekki nóg, að í safninu sjeu dýrir bókmenntafjársjóðir; því þarf líka að vera svo fyrir komið, að hægt sje að hafa sem bezt not af því; öll niðurröðun þess og stjórn þarf að vera þannig, að sem greiðastur aðgangur sje að fjársjóðum þess, og að þar sje um sem auðgastan garð að gresja í sem flestum greinum mannlegrar þekkingar, og jeg vona, að þessu marki verði náð, að svo miklu leyti sem unnt er, eptir atvikum, ef frumv. þetta verður að lögum.

Jeg vona, að einn af bókavörðunum geti að miklu leyti gefið sig við samningu spjaldaskrár handa safninu, og þannig flýtt mjög fyrir því verki, og mun háttv. þm. (V. G.) ekki geta neitað því, að slíkt horfir til sparnaðar fyrir landssjóð, þar sem 1,200 kr. veitingin til spjaldskrárinnar á þá að geta fallið fyrri niður.

Jeg er nú annars á því, að samning hennar sje ekki svo mikið verk, að ýkja mörg ár þurfi til þess, að ljúka við hana, einkum ef nýr starfsmaður — þriðji bókavörðurinn — getur varið verulegum tíma til samningarinnar. Það eru því engar öfgvar, þó við tölum um sparnað, er leiða muni af skipun þriðja bókavarðarins.

Það er annars all-margt, sem þarf að kippa í lag í landsbókasafninu, og vonum við, að hið nýja fyrirkomulag, sem frumv. fer fram á, muni leiða til þess, að það verði gjört.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) tók það fram, að sömu mennirnir mundu verða áfram við safnið, sem að flutningnum ynnu, hvort sem gamla fyrirkomulagið hjeldist eða nýtt kæmist á. En þess er að gæta, að nú eru ekki nema tveir bókaverðir við safnið. en gjört er ráð fyrir, að þeir verði þrír, og við flutninginn þarf að minnsta kosti á þrem mönnum að halda.

Einn þarf að vera í gamla safnhúsinu og afhenda bækurnar, annar þarf að fylgja bókunum til nýja hússins, og hinn þriðji, að taka þar við þeim. Það er því veruleg þörf á því, að hafa fengið þriðja manninn að safninu, áður en byrjað er á flutningnum, og auk þess kynnist hann safninu við flutninginn. og á því að verða duglegri að vinna við það eptir á.

Háttv. þm. (V. G.) sagði, að við flutning konunglega bókasafsins hefði engin bók raskast í röð. Jeg trúi því vel; en þess er að gæta, að við það safn eru margir bókaverðir, sem hafa getað haft góðar gætur á öllum flutningnum. Einmitt þetta sýnir, hve nauðsynlegt það er, að menn sem skyn bera á, hafi á hendi alla umsjón með flutningi bókanna.

Ráðherrann: Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) játar, að breyting sú, sem farið er fram á í frv. stjórnarinnar á stjórn Landsbókasafnsins sje góð og nauðsynleg; hann játar líka, að laun þau, sem frumv. gjörir ráð fyrir, sjeu ekki of há. Þó vill hann ekki, að frumv. nái samþykki þingsins, og ástæða sú, sem h. þm. (V. G.) ber fram, er sú, að fjárhagur landsins sje svo þröngur, að þessu verði að fresta fyrir þá sök. En þegar þess er gætt, að hjer er að eins um lítinn útgjalda-auka að ræða, sem hvort sem er verður ekki sloppið við á næsta ári, ef safnið á að geta gjört gagn, þá held jeg, að háttv. þm. G.-K. (V. G.) geti varla verið það alvörumál, sem hann er að fara með, — fyrst honum að öðru leyti finnst hjer um nauðsynjamál að ræða.

Það er að vísu satt, að fjárhagur landsins er ekki svo góður, sem æskilegt væri, en eins og jeg hef skýrt frá við annað tækifæri, þá er þó fjárhagsástandið í ár betra en við hefði mátt búast, og enginn sjerlegur voði á ferðum. Þessi orð mín má þó engan veginn skilja svo, að jeg telji fjárhag vorn þannig, að ekki þurfi alla gætni við að hafa, og jeg verð enn að taka það alvarlega fram, að full nauðsyn er á því, að taka fjárhagsmál vor öll rækilega til skoðunar, og að þörf er á að finna örugga tekjustofna, svo að hægt sje að fullnægja sem flestum skynsamlegum framfarakröfum þjóðarinnar.

En hjer er um svo lítla upphæð að ræða, að hún getur ekki orðið landinu að voða, enda gjöri jeg ráð fyrir, að það muni ekki vaka fyrir h. þm. G.-K. (V. G.), heldur hitt, að honum þætti það ef til vill ekki eins leitt eins og þeim, sem ábyrgðina eiga að bera, þó að það dragist dálitið lengur, að koma bókasafninu — og öðru, sem ábótavant er — í viðunanlegt horf. Því vona jeg, að allir þeir, sem vilja, að mál þetta komist í viðunanlegt horf, styðji að því, að það fái sem fyrst framgang. Aðalástæðan fyrir því, að jeg tel það skaðlegt, að svæfa málið á þessu þingi er sú, að nú þarf að skipa yfirbókavörð og flutningur safnsins er fyrir hendi.

Eins og kunnugt er, þá er grundvöllur Landsbókasafnsins nú allur annar, en þegar það var stofnað. Þá var því mestmegnis haldið uppi af samskotum einstakra manna, en nú er því nær því eingöngu haldið uppi af almannafje, og það er allmikil upphæð, sem til þess gengur arlega eða rúm 30,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Það er því lang-eðlilegast, að landsstjórnin hafi hönd í bagga með safninu og útnefni landsbókavörðinn og aðra sýslunarmenn við safnið.

Því verður ekki neitað, að í reglugjörð Landsbókasafnsins er gjört ráð fyrir, að hin ábyrgðarlausa stjórnarnefnd safnsins útnefni bókavörðinn, en varla munu margir geta talið það heppilegt ákvæði, eins og safninu er nú háttað. Að vísu útnefndi landshöfðingi hinn síðasta bókavörð safnsins, en mjög vafasamt er, að hann hafi í raun rjettri haft lagaheimild til þess. Jeg álít það því bráðnauðsynlegt, að það sje fast ákveðið með lögum, hver eigi að veita embætti þetta, hvort heldur hin ábyrgðarlausa stjórnarnefnd Landsbókasafnsins eða landsstjórnin,

sem ber ábyrgðina og hefur umsjónina með hinni dýru og veglegu byggingu, sem verið er að reisa handa safninu, bygging, sem sjálfsagt kostar yfir 200,000 kr. með öllum útbúnaði,

Frsm. minni hlutans Valtýr Guðmundsson (2.þm.K.-G.). Jeg gleymdi áðan, að minnast á viðaukatill. mína við 2. gr., því ef það fæst eigi, að málinu sje frestað, þá er það nauðsynlegt, að hún komist að. Hún fer reyndar fram á það eitt, að taka það upp í lögin sjálf, sem stjórnin gjörir ráð fyrir í ástæðum sínum við frumv., að landsbókavörðurinn megi ekki hafa önnur atvinnustörf á hendi.

Háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) tók það fram í ræðu sinni, að þetta væri óþarft, því að stjórnin mundi hafa eptirlit með starfsmönnum sínum, og gæta þess, að þeir gjörðu skyldu sína. Jeg fyrir mitt leyti álít þetta ákvæði í lögunum alls eigi óþarft; meira að segja hefur sjálfri stjórninni ekki þótt óþarft, að taka það fram í athugasemdum sínum, þótt eigi hafi hún tekið það upp í frumv.; hún hefur þar haft ákveðið dæmi fyrir augum, með því að henni mun það fullkunnugt, að maður sá, sem nú veitir safninu forstöðu og líklegastur er til að fá embættið, gegnir og margvíslegum öðrum störfum. Fyrir sjálfa stjórnina er það ekki óþarft, að ákvæði þetta standi í lögunum, þá getur hún betur beitt sjer, ef á þarf að halda, gagnvart þeim, sem hefur embættið á hendi. Slík ákvæði sem þetta eru ekki eins dæmi í löggjöf vorri; um landsbankastjórann er hið sama tekið fram, og um ráðherrann að því leyti, sem svo er fyrirmælt í stjórnarskránni, að hann megi ekki jafnframt hafa annað ráðgjafaembætti á hendi. Jeg vona, að háttv. deild hafi ekki móti því að taka viðaukatill. mína upp í lögin, fyrst hún stefnir að engu öðru en því, sem er tilgangur laganna og stjórnarinnar. Háttv. 3 kgk. þm. (B. M. Ó.) kvað það nauðsynlegt, að þrír menn hefðu umsjón með flutningi landsbókasafnsins. Þótt svo kynni að vera, þá sýnist ekki þörf að skipa nú þegar fastan bókavörð í viðbót þess vegna; vandinn er ekki annar, en að veita dálítið fje á fjárlögunum handa manni, er fenginn væri bókavörðunum til aðstoðar við flutninginn. Hæstv. ráðh. tók það fram, að landssjóði gæti ekki staðið voði af 2,800 kr. útgjaldaauka. Það getur að vísu satt verið, en eins og jeg hef tekið fram áður, þá eru fjárhagshorfurnar þó þannig, að skylda vor er að fara varlega nú, og spara það, sem sparað verður að skaðlausu. Jeg þóttist hafa tekið það greinilega fram, að það væri ekki hver einstök upphæð út af fyrir sig, sem væri svo háskaleg, heldur sú stefna stjórnarinnar, sem virðist koma allgreinilega í ljós, að auka gjöldin um 2,000 kr. hjer og 3,000 kr. þar. Allt það samanlagt getur skapað voða, þótt hvert út af fyrir sig gjöri það ekki, og eigi má hæstv. ráðh. gleyma því í málsvörnum sínum, að það er á fleiri en einum eða tveim stöðum farið fram á aukin gjöld á þessu þingi.

Hæstv. ráðherra tók það fram, að ekki mætti dragast, að skipa landsbókavörðinn; en hingað til hefur því þó eigi verið mjög hraðað. Eptir því, sem jeg hef heyrt, var sýsluninni slegið upp eptir dauða fyrverandi bókavarðar; jeg hef og heyrt, að komið hafi fimm umsækendur um hana, þótt launin sjeu eigi hærri en 1,800 kr. Nú er umsóknarfresturinn fyrir löngu útrunninn, og þó heyrist enn ekkert um veitinguna. Er þetta ekki rjett, sem jeg fer með? (*Ráðherrann*: Veitingunni hefur verið frestað eptir tilmælum landsbókasafnsnefndarinnar). Jeg sje ekki,

að eigi megi þá fresta því enn um hrið; veit eigi hvaða ástæða getur verið til að geyma veitinguna þangað til launin hafa hækkað um 1,200 kr., en að úr því megi ekki fresta því. Ástæðan er þó varla sú, að engir af umsækendum hafi verið hæfir til að takast starfið á hendur, því að telja má víst, að einhver af umsækendum þeim, sem komnir eru, muni fá embættið, þegar það verður veitt. Hæstv. ráðherra taldi það eigi rjett, að selja hið mikla fje, sem til safnins er veitt, í hendur ábyrgðarlausri nefnd. Jeg get ekki kannazt við, að hún sje ábyrgðarlaus, jeg fæ ekki betur sjeð, en að á henni hvíli alveg sama ábyrgð, eins og hvíla mun á landsbókaverðinum. Landsbókasafnsnefndin ber alveg sams konar ábyrgð, em búnaðarfjelagsstjórnin, er hefur miklu meira af landsfje undir höndum; báðar hafa þær ábyrgð, þótt torvelt kunni að vera að koma fram við þær lagaábyrgð. Jeg þekki ekki nein ný lög fyrir þennan nýja landsbókavörð. Nefndin er engu síður skipuð af landsstjórninni, en hann, eða á að vera það, samkvæmt stofnunarskránni; reyndar heyri jeg sagt, að hún hafi nú að undanförnu kosið menn í sinn flokk, þegar sæti hefur orðið autt í henni, en slíkt er ekki samkvæmt reglunum um stjórn Landsbókasafnsins. Nefndarmennirnir eru alveg eins starfsmenn landsstjórnarinnar, eins og bókavörðurinn; munurinn er sá einn, að þeir eru ólaunaðir, en hann nýtur launa fyrir starf sitt.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er ekki af löngun, að jeg stend upp til þess að tala, heldur af því að jeg er þvingaður til þess af nauðsyn. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hefur rekið mig til þess að taka til máls, og mun jeg koma að því síðar í ræðu minni. Hin fyrstu atriði, sem hann talaði um, snertu aðallega málið sjálft, en ekki mig persónulega.

Það er þá bezt, að taka þar til, sem hann hvarf frá síðast; að tala um nefndina. Hann sagði, að afstaða nefndarinnar gagnvart stjórninni væri hin sama og hinna fyrirhuguðu starfsmanna safnsins verður samkvæmt þessu frumv. Þetta er svo mikill misskilningur, sem mest má verða. Á því er sá stóri munur, að starfsmennirnir eru afsetjanlegir, en nefndin ekki. Starfsmennirnir hafa embættislega ábyrgð gagnvart stjórninni, en nefndin hefur enga slíka ábyrgð.

Jeg held, að það hafi verið mikil ógæfa fyrir safnið, að fyrirkomulag þess hefur verið eins og það hefur verið frá byrjun. Á þeim tímum, sem safnið var stofnað, þótti ómögulegt að koma nokkru fram nema með einlægum nefndum. Hver, sem þekkir fyrirkomulag safnsins, getur sjeð það, að það hefur ekki verið undir eins manns stjórn, heldur er það sýnileg ímynd þess, að nefndir hafi fjallað um það. Má meðal annars sjá það á því, að sum dýrmæt verk eru höfuðlaus, halalaus, eða klippt úr miðju, og að þessu hefur verið haldið fram á þessu árinu, en öðru svo á því næsta.

Sem eitt dæmi upp á þetta má nefna »Dinglers Polyt. Journal«. Jeg veit ekki betur, en að allstaðar sjeu í hann gloppur, og hefur um tíma verið hætt að kaupa hann, en svo byrjað á ný. Ætti »dócentinum« við Kaupmannahafnarháskóla, að geta skilizt það, að lítil eign er í að eiga ritsöfn, sem eru þannig meira og minna »defekt«. En þetta eru afleiðingar af því, hvernig safninu hefur verið fyrirkomið. Háttv. þm. getur haldið áfram að segja, að ekkert liggi á, að málið nái fram

að ganga nú, en jeg verð að halda því gagnstæða fram. Landsbókasafnsnefndin sjálf álítur líka, að tími sje tilkominn, að þessi breyting komist á. Hvað því viðvíkur, að nefndin hafi »supplerað« sjálfa sig, þá er það rjett, en þó hefur hún borið það undir stjórnarráðið. En í gamla daga voru það stiptsyfirvöldin, sem það var borið undir.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess sem »kuriosum«, að jeg veit ekki betur en Landsbókasafnið sje sem stendur »fallit«, ef svo mætti að orði komast. Jeg hef haft bækur til innbindingar og óborgaða bókareikninga að gjalda nú upp á síðkastið, en engan eyri til að borga það með. Þarna kemur það fram, að vantar eins manns yfirráð og stjórnandi hönd í safninu, sem aldrei fæst með nefndu fyrirkomulagi. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) veit það mikið vel, að í öllum aðalsöfnum í öðrum löndum er samið »budget«, árleg fjárhagsáætlun og í áætlunarreikningunum er tekið fram, hversu mikið skuli kaupa af bókum jafnvel af hverri tegund.

Það sem háttv. þm. talar um spjaldskrána, þá veður hann þar í villu og svíma. Hann hefur alls ekkert spurt mig um hana ekki einu sinni í nefndinni hjer í deildinni, og get jeg skírskotað til háttv. 2. kgk. (E. Br.) um, að hún er enn ekki einusinni komin svo langt, að hún nái yfir allar *íslenzkar* bækur.

Jeg skal ennfremur taka það fram, að því er launin snertir, að það er tákn tímanna, að allt af þegar nýtt embætti er stofnað, er sjálfsagt að launa það með 2,000—5,000 kr., og koma þá opt í þau nýir menn beint frá »græna borðinu«. En þessi elzta bókfræðislega stofnun landsins á vissulega þær rætur í hjarta þjóðarinnar, að ekki ætti að sýta um fáeinar krónur, að því er til launa starfsmannanna kemur. Jeg skal einnig geta þess, að jeg hef nú verið við bæði söfnin, Landsbókasafnið og Forngripasafnið, hið fyr nefnda í bráðum 12 ár og hið síðarnefnda í því nær 11 ár, og hef bæði eigin reynslu og fyrirrennara minna fyrir því, að störf þessi hafa verið höfð að meira eða minna leyti í hjáverkum. En jeg vona, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) geti verið mjer samdóma um, að þau störf sjeu ekki til þess að hafa í hjáverkum, þótt efnalitlir menn *neyðist* til þess. Jeg hafði í byrjun við annað safnið 400 kr. en hitt 600 kr., en jeg vona, að allir viðurkenni, að 600 kr. eru ekkert til þess að lifa á hjer í Reykjavík. Nú síðast voru laun mín við bókasafnið orðin 900 kr., og getur þó engum dulizt, að þegar menn ekki hafa meiri laun fyrir þann starfa, þá er ekki hægt að hafa hann einan til lífsuppeldis. En jeg get í þessu sambandi getið þess, að jeg og samverkamaður minn og yfirboðari höfum samt gjört meira en skyldan bauð í þessu efni. Öllum austurenda safnsins er nú nokkurn veginn skipulega raðað, en það var ekki svo, þegar jeg kom að safninu.

Jeg vona þess vegna, að hinni háttv. deild skiljist, að það borgar sig ekki að launa starfsmenn svo, að safnið geti ekki komið að tilætluðum notum.

En það var ekki af þessum ástæðum, sem jeg stóð upp, heldur neyddi háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) mig til þess með því að lýsa því yfir í þessum sal, að það væri á allra vitorði, að sömu mennirnir mundu verða við safnið eptir sem áður. Hvaðan hefur háttv. þm. þá vizku? Ekki hefur hann hana frá mjer, og ekki heldur frá samverkamanni mínum við safnið; það er jeg sannfærður um. Hann hefur

líklega þessa vizku sína úr blaði einu hjer í bæ, þeirri lyganna safnkollu, sem að líkindum í óþökk bæði guðs og góðra manna skreytir sig með nafni föðurlandsins og kallar sig »Ísafold«. Og með leyfi hæstv. forseta skal jeg leyfa mjer að lesa upp klausu úr því blaði um þetta atriði, sem hljóðar svo:

»Um óframfærni stjórnarliða er »það eitt með öðru fagur vottur, að »í 3ja manna nefnd í efri deild í »fyrra dag, um launahækkun lands»bókavarðar úr 1,800 kr. upp í 3,000 »kr., ljet landsbókavörður Jón Ja»kobsson kjósa sig!«

Seinni liður klausunnar hljóðar svo:

»Hann er að vísu að eins settur í »embættið sem stendur. En það »vita bæði hann og aðrir, að það »er honum ætlað og engum öðrum, »ekki sízt, ef tekst að toga launin »þetta upp á við«.

Svo mörg voru þessi »Ísafoldar« orð.

Nú vil jeg leyfa mjer að geta þess, og skírskota um leið til háttv. sessunauts míns 2. kgk. þm., að jeg stakk upp á honum, sem manni, er jeg áleit sjálfsagðan í nefndina, þar sem hann er elzti maður forstöðunefndar bókasafnsins, og háttv. 3. kgk. þm., er jeg taldi einnig manna hæfastan til að eiga sæti í nefndinni. En þar sem háttv. 2. kgk. þm. á sæti í kirkjumálanefndinni, sem hefur 10 frumv. til meðferðar, og er þar að auki í tveim nefndum öðrum, þá baðst hann undan kosningu í þessa nefnd. En það er sitt hvað að neyðast til að taka á móti kosningu, eins og jeg varð þá að gjöra, eða »*láta kjósa*« sig, eins og Ísafold orðar það.

Að því er síðari og verri lið Ísafoldarklausunnar snertir, þar sem sagt er að bæði jeg og aðrir viti, að þetta embætti sje mjer ætlað, þá skal jeg leyfa mjer að skírskota til hæstv. ráðh., hvort jeg hafi nokkurn tíma spurt hann um mínar horfur í þessu máli, og bið jeg hann um svar nú þegar; enda þótt jeg fyrirfram viti, hvernig svarið muni verða. Jeg veit ekki til, að jeg hafi nokkurn tíma misbrúkað mína »pólitisku« stöðu í persónulegar þarfir. Svo skal jeg að lokum geta þess háttv. 2. þm. G.-K. til athugunar, að jeg get ekki sagt fyr en 30. júlí, hvort jeg ekki tek aptur umsókn mína um landsbókavarðar embættið. Mjer finnst það ekki svo mikið keppikefli, hvað launin snertir. En eins og jeg tók fram áðan, skal jeg lofa honum að vaða í villu og svíma, að því er snertir þau ummæli hans, að þeir menn, sem nú eru við safnið, muni framvegis verða við það. En svo mikið er víst, að ef jeg tek aptur umsókn mína, þá hef jeg enga ástæðu til að vera lengur við þetta starf, lengur en mjer þóknast. En það get jeg sagt hinni háttv. deild sem víst og satt, að jeg þarf ekki að sækja til alþingis um 3,000 kr. laun; jeg get að líkindum fengið þau á annan hátt; svo há er sú upphæð nú eigi talin í ýmsum öðrum atvinnugreinum, að þurfi að telja hana eptir við þýðingarmikið opinbert starf.

Ráðherrann: Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) skaut því til mín, hvort það væri ekki satt, að 5 umsóknir hefðu komið til mín um landsbókavarðarstöðuna með 1,800 kr. launum. Jeg get ekki svarað því játandi, því í sumum umsóknunum er beinlínis tekið fram, að búizt sje við, að launin verði hækkuð, og sumir hafa tekið það fram við mig munnlega, að þeir sæktu í þeirri von, að launin yrðu hækkuð að mun, Enda vissu þeir allir, að stjórnin hafði til meðferðar frumv. um breytingar á fyrirkomulagi safnsins og

þar á meðal launahækkun starfsmanna. Jeg efast stórlega um það, að nokkur þessara manna mundi hafa sótt, ef þeir hefðu ekki búizt við hækkun á launum. En ástæðan til þess, að ekki er búið að skipa menn í þessa stöðu, er sú, að það var eptir öllum atvikum talið rjettast, að því yrði frestað þangað til þingið hefði skorið úr því, hver veita ætti sýslanirnar við safnið. En það getur ekki beðið til langframa, og vona jeg því, að háttv. deild samþykki ekki tillögu minni hluta nefndarinnar um, að fresta málinu.

Háttv. 1. varaforseti (J. Jak.) skaut því til mín, hvort hann hefði nokkurn tíma talað við mig um umsókn sína, og er því fljót-svarað, að hann hefur ekki minnst á það einu orði. Jeg man, að þegar háttv. þm. kom með umsókn sína, þá átti hann tal við mig um annað málefni, en nefndi ekki umsóknina á nafn, og jeg gjörði það ekki heldur. Jeg hafði búizt við því, að hann mundi færa hana í tal, og þess vegna man jeg eptir þessu atviki. Jeg veit þess vegna ekki hvaðan blaðinu »Ísafold« kemur sú vizka, að búið sje að ákveða forstöðumann safnsins. Að minnsta kosti hef jeg ekki skýrt því blaði nje öðrum frá því.

Að því er snertir viðaukatillögu hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) við 2. gr. frumv. um það, að forstöðumaður safnsins megi ekki hafa önnur atvinnustörf á hendi utan safnsins, þá álít jeg hana tilgangslausa, enda ekki annað en pappírsgagn. Það er að vísu satt, að í lögum landsbankans er líkt ákvæði, en það var frá upphafi meint svo, að bankastjórinn mætti ekki hafa á hendi konunglegt embætti eða annað þess háttar atvinnustarf jafnframt bankastjórninni, og mætti ekki hafa annað embætti á hendi. Það var sett aðallega til þess, að koma í koma í veg fyrir, að maður, sem hafði allt annað starf af hendi að inna, hefði líka bankastjórnina á hendi sem aukagetu, eins og áður tíðkaðist á meðan bankastjóralaunin voru lægri. Orðið »önnur atvinnustörf« í bankalögunum mun eiga að tákna eitthvað líkt og það, sem á illu máli er kallað »lifibrauð«. En hitt hefur aldrei verið meiningin, að maðurinn mætti ekki gjöra neitt annað, eptir því sem tími hans leyfði, að skipa honum að sitja auðum höndum eða þá vinna eitthvað, sem einskis væri vert í frítímum þeim, sem hann ekki getur varið til aðal-starfsins. — Í þessari breytingartillögu finnst mjer vera farið fram á eitthvað þess háttar; en jeg sje ekki, að það nái neinni átt, enda er 3,000 krónur ekki sú ógnarupphæð til viðurlífis fjölskyldu hjer í Reykjavík, að ofsjónum sje yfir sjáandi. Hitt er sjálfsagt, að yfirstjórn bókasafnsins verður að hafa eptirlit með því, að yfirbókavörðurinn helgi safninu krapta sína og vanræki ekki það, sem af honum verður með rjettu heimtað í stöðu hans, og ætti það að vera fullnægjandi. Jeg vona því, að viðaukatill. verði felld.

Framsögumaður minni hlutans Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er ekki ástæða fyrir mig, að tala langt mál að þessu sinni. Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) hefði getað sparað sjer fyrri hluta ræðu sinnar, því að hann var með öllu óþarfur; við erum alveg sammála um það, sem að hann þar gjörði að umtalsefni sínu, að heppilegra sje, að breyta um stjórn Landsbókasafnsins, og hvað launanum viðvíkur, þá álít jeg heldur ekki, að þau sjeu of hátt sett; hjer er að eins um tímann að ræða, hvort að bráðliggur á þessari breytingu eða ekki, og hef jeg þegar fært rök fyrir, að svo sje ekki.

Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) gat þess, að störfin við Landsbókasafnið hefðu verið höfð í hjáverkum af því, að launin hefðu verið svo lág, en því verð jeg að leyfa mjer að bera á móti, eða að minnsta kosti hef jeg ekki heyrt getið um, að hinn siðasti landsbókavörður hafi haft önnur störf á hendi, en bókavarðarstöðuna. (*Jón Jakobsson*, 2. þm. Húnv.: Ekki rjett með farið; jeg var að eins að tala um sjálfan mig, að jeg hefði ekki getað lifað á 400 kr. eða 600 kr.).

Þar sem hæstv. ráðherra gat um, að nokkrir af þeim mönnum, er sótt hafa um landsbókavarðarstöðuna, hefðu tekið það fram munnlega, að þeir byggjust við því, að launin yrðu hækkuð, þá sje jeg ekki í því ástæðu til þess, að þeir mundu ganga frá umsókn sinni, þótt launin yrðu ekki undir eins hækkuð; stöðunni var slegið upp með 1,800 kr. launum, og um það hafa þeir sótt; þeir eru bundnir við þá umsókn sína.

Jeg skal leiða hjá mjer ræðu háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) að því er blaðið »Ísafold« snertir, en jeg vil mótmæla því atferli sem harla óviðurkvæmilegu, að þingmenn noti stöðu sína hjer í þinginu til þess að hella ókvæðisorðum yfir blöð eða fjarverandi menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer. (*Jón Jakobsson:* Það er velkomið, að »Ísafold« lögsæki mig fyrir orð þau, er jeg sagði í garð hennar og óska jeg þess, að háttv. deild gefi samþykki sitt til þess). Ummæli þau, er jeg viðhafði áðan um að jeg teldi líklegt, að 2. þm. Húnv, (J. Jak.) fengi þessa stöðu, sem um, er að ræða, eru ekki byggð á orðum »Ísafoldar« um þetta efni, heldur því, að mjer var kunnugt um, að hann hafði sótt um stöðuna og taldi víst, að hann mundi verða látinn ganga fyrir öðrum, af því að hann hefur nú manna mesta æfingu í að starfa við safnið og hefur kynnzt því í mörg undanfarin ár. Þar sem háttv. ráðh. mælti á móti breyt.till. minni, þá skil jeg ekki vel, hvernig á því stendur, af því að breyt.till. hefur ekkert í sjer fólgið annað en það, sem háttv. ráðh. hefur sjálfur sett í athugasemdir við frumv. þetta. Háttv. ráðh. miðaði þetta einnig við ákvæði þau, er sett eru um bankastjórastöðuna, og sagði, »að þar væri átt við, að bankastjóri mætti ekki hafa annað embætti á hendi, eða álika stöðu«; þessum skilningi leyfi jeg mjer að mótmæla, því að hann er ekki rjettur; gjörum ráð fyrir, að bankastjóri hefði verzlun við hliðina á bankastörfunum; sliktgæti ekki komið til mála að væri leyfilegt, og þó væri ómögulegt að kalla það embætti. Þótt stjórnin ef til vill hafi lagt þennan skilning, sem háttv. ráðh. gat um, í ákvæði þau, er sett eru um bankastjórastöðuna, þá er sá skilningur ekki rjettmætur og hefur aldrei verið viðurkenndur af þingi eða öðrum. Jeg fel, að svo mæltu, háttv. deild þá breyt.-till., sem jeg hef komið fram með, og vil mælast til, að hún líti á hana með sanngirni og samvizkusemi, þótt jeg megi búast við, að háttv. meiri hluti í þessu sem öðru fari ekki langt frá vilja stjórnarinnar.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Umræður um mál þetta þykja mjer orðnar óþarflega langar. Jeg hygg, að fáir muni skilja ástæður þær, sem framsögum. minni hlutans hefur haldið fram í þessu máli, þar sem haun álítur breytingar þær. sem frumv. fer fram á gagnlegar og nauðsynlegar, en leggur þó til að fresta málinu.

Nefndar þeirrar, er haft hefur stjórn Landsbókasafnsins á hendi undanfarið, hefur lítillega verið minnzt hjer við þessar umræður, og það að góðu, en

mjer þykir ekki hafa komið nógu skýrt fram, hve miklar þakkir hún á skilið fyrir störf þau, er hún hefur látið safninu í tje, og það kauplaust (*Jón Jakobsson:* Heyr). Jeg veit, að hún hefur starfað af mikilli skyldurækni og verið safninu hin þarfasta. Hins vegar er ekki við því að búast, að nefnd, sem er samsett af mönnum, er fæstir hafa fengið þá menntun, sem bókavörðum er nauðsynleg, geti gjört sjer ljósa grein fyrir, hvers safnið þarfnast, eða stjórnað því eins vel. eins og ef stjórnin væri falin einum sjerfróðum duglandi manni, sem gæti gefið sig alveg við safninu, væri því gagnkunnugur og gæti leitað ráða sjerfróðra manna, þar sem honum þætti við þurfa. Þess hefur verið getið hjer, að nefndin sje og hafi verið algjörlega ábyrgðarlaus, en þó að nefnd þessi hafi að forminu til ekki haft ábyrgð á gjörðum sínum, þá veit jeg, að hún hefur fundið til sinnar siðferðislegu ábyrgðar: enda leyst störf sín vel af hendi eptir því, sem hefur verið hægt að búast við af þannig skipaðri nefnd.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meir um mál þetta; framsögumanni minni hlutans og mótbárum þeim sem hann kom fram með, hefur þegar verið svarað.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. við 1. gr. (76) samþ. með öllum atkv.

1. gr. með breytingum samþ. með öllum atkv.

Viðaukatill (76) við 2. gr. felld með 8 atkv. gegn 4.

2. gr. óbreytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

2. breyt.till. við 3. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. gr., svo breytt.samþ. með 12 samhlj. atkv.

4. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

5. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv. gegn 3.

Á 15. fundi Ed., miðvikudaginn 17. júlí, kom frumv. (A 90) til 3. umr.

Frsm. minni hlutans Valtýr Guðmundsson (2.þm. G.-K.): Mál þetta var rætt svo við 2. umr., að jeg sje enga ástæðu til að fara út í hin einstöku atriði þess, enda væri það að líkindum ekki tilgangsmikið.

Jeg skal samt sem áður láta þess getið, að jeg hef síðar fengið að vita, að frumv. hefur aldrei verið lagt fyrir stjórnarnefnd landsbókasafnsins og þykir mjer það furðu gegna, að svo skuli eigi hafa verið gjört. En eptir því. sem einn maður úr nefndinni hefur sagt mjer, var það alls ekki gjört. Þetta er enn ein ástæðan til þess, að fresta málinu, auk þeirra, sem jeg þegar hef tekið fram. Jeg skal líka geta þess, að eigi hefur verið hægt að fá tillögur og brjef stjórnarnefndarinnar hjá stjórnarráðinu. Einn af okkur nefndarmönnum tók að sjer að útvega það, en gaf þær upplýsingar, að brjefið hefði ekki fundizt. Og ef þetta er regla í stjórnarráðinu, þá þykir mjer það æði hart, ef alþingi getur ekki fengið þau skjöl og skilríki. sem nauðsynleg eru til upplýsingar í ýmsum málum. Þykir mjer það æði hart, ef þingið tekur það stryk, eins og háttv. meiri hluti gjörði í öðru máli hjer í gær, að neita að láta íhuga það og rannsaka. Hinn háttv. meiri hluti huggar sig ef til vill við, að honum geti haldizt slíkt uppi á þessu þingi, en það getur komið honum í koll síðar.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Það er víst rjett, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að frumv. hefur aldrei

verið lagt fyrir stjórnarnefnd safnsins. En sú nefnd gjörði tillögur um málið í vetur og voru þær algjörlega samhljóða frumv. að því er launa ákvæðin snertir, að því er mig minnir.

Viðvíkjandi 1. gr. frumv., þá man eg ekki eptir því, hvort nefndin kom með nokkrar tillögur sjerstaklega um það efni. En hins vegar bjóst nefndin við, að þessi breyting yrði gjörð; er mjer það sjerstaklega minnistætt af því, að jeg hef verið gjaldkeri safnsins í meira en 20 ár, auðvitað borgunarlaust, og ljet jeg þá ósk í ljósi á fundi nefndarinnar í vetur, að þar sem þetta væri 20. reikningurinn, sem jeg semdi fyrir sjóð safnsins, þá vonaðist jeg til, að fá nú að verða laus við það. Spurðu þeir mig þá, hvort jeg vildi ekki verða gjaldkeri áfram, þar sem það yrði ekki um að tala nema til næsta árs. Þetta sýnir ljóslega, að nefndin bjóst við, að þessar breytingar yrðu gjörðar.

Hvað viðvíkur því, að tillögur stjórnarnefndarinnar hafi ekki fundizt, þá hefði átt að vera auðvelt að fá eptirrit af þeim eptir gjörðabók nefndarinnar.

Hvað það snertir, sem hinn háttv. 2. þm. G.-K. sagði, að neitað hefði verið að gefa kost á að fá upplýsingar og skýringar af meiri hlutanum í öðru máli hjer í gær, þá stóð svo á, að hæstv. ráðherra var eigi viðstaddur, þegar háttv. fyrnefndur þm. krafðizt þessa. Og þótt hann kæmi seinna, þá hafði hann ekki heyrt ræðu þgm. og gat þess vegna ekki gefið eins skýr svör upp á spurningar hans eins og ella. En það má búast við, að hann gjöri það við 2. umr. málsins.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er að eins örstutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra út af orðum háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.). Hann sagði, að ekki hefðu fengizt tillögur stjórnarnefndarinnar frá stjórnarráðinu.

Jeg er ekki vanur við, að menn segi hvert orð af nefndarfundum, og allra sízt »prívat« orð, sem engu eða litlu skipta, og segi þá ekki nema hálfa sögunа og rangfæri hana þar að auki. Jeg gat þess við háttv. þm., að jeg hefði farið til fyrstu deildar stjórnarráðsins, en að forstjóri þeirrar deildar hefði sagt, að skjölin mundu liggja í 3. deild, en þangað hafði jeg í það sinn ekki tíma til að fara, enda hafa þingmenn opt svo mikið að gjöra, að þeir hafa eigi tíma til að vera að hlaupa á milli »kontóra«.

En hitt ætti háttv. 2. þm. G.-K. að muna, að jeg sagði honum, að það væri enginn annar munur á till. nefndarinnar og frumv. í launaatriðinu, en sá, að nefndin hefði sett laun aðstoðarmanna nokkru hærri en stjórnin gjörir í frumv. sínu. Ágreiningurinn milli stjórnarinnar og nefndarinnar var um allt annað atriði, atriði, sem þingmaðurinn sjálfur hefur einmitt sömu skoðun á sem stjórnin. Jeg veit því ekki til, að hann hafi farið neins á mis, þótt hann ekki sæi till. nefndarinnar, enda er hægt að fá þessar upplýsingar, hvenær sem vera skal, hjer í húsinu á skrifstofu fjárlaganefndar Nd., því að þangað eru þær nú komnar, og hefur því verið leitað langt fyrir skammt.

Frsm. Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það er þegar búið að svara því, sem h. 2. þm. G.-K. sagði, svo að jeg þarf ekki að fjölyrða; en jeg man ekki betur, en að það standi í aths. við fjárlagafrumv., að álits stjórnarnefndarinnar bæði um laun starfsmanna og annað hafi verið leitað fyrirfram. Og held jeg þess vegna, að háttv. 2. þm. G.-K.

hljóti að vita þetta, því að jeg man, að við töluðum um, að það stæði í aths. við fjárl.frumv. Þegar svo skrifari nefndarinnar sagði frumv. væri að efninu til alveg samhljóða áliti stjórnarnefndar safnsins, þá sá jeg, sem formaður nefndarinnar, enga ástæðu til að fá þetta álit. Enda hjelt háttv. 2. þm. G.-K. því ekki fram eptir það, að það væri nauðsynlegt.

Mjer skildist svo á háttv. 2. þm. Húnv. bæði í nefndinni og hjer í deildinni, að eigi hefði verið nein tregða á að fá þessi skjöl frá stjórnarráðinu. Enda var háttv. 2. þm. G.-K. allt af í lófa lagið að fá þau, ef hann hefði viljað. Jeg get þess vegna ekki betur sjeð, en að það sje eintómur fyrirsláttur hjá honum, að segja, að frumv. sje svo illa undirbúið, að það þurfi að fella það nú. Það getur háttv. þm. ekki sagt, þar sem hann hefur lýst því yfir í nefndarálitinu, að hann væri samdóma okkur meiri hluta nefndarinnar um málið, í öllum aðalatriðum þess.

Framsm. minni hlutans Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er óþarfi að vera lengur að þrátta um þetta. Jeg hef nú fengið þær upplýsingar hjá hæstv. ráðh., að skjöl þessi liggi hjá fjárlaganefndinni, og sje jeg því ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta atriði. En þótt aldrei nema hafi verið leitað álits stjórnarnefndarinnar um málið, þá finnst mjer þó óviðfelldið að frumv. ekki hefur verið lagt fyrir hana.

Jeg skal játa, að jeg gjörði aldrei neina ákveðna kröfu um að fá skjöl þessi, eptir að skrifari nefndarinnar hafði sagt, að tillögur nefndarinnar væru samhljóða frumv. í öllum atriðum, nema að því, er lann starfsmanna snertir. En jeg man þó, að hann gat um eitt atriði annað í till. stjórnarnefndarinnar, sem gengu í aðra átt en frumv., en hvað það atriði var, er jeg nú búinn að gleyma.

Jeg hef aldrei sagt, að þetta frumv. væri illa undirbúið, nema að því, er snertir þá vöntun, að það hefur ekki verið borið undir stjórnarnefnd bókasafnsins. Jeg hef þvert á móti ávallt tjáð mig samdóma aðalatriðum frumvarpsins. Annars skal jeg ekki orðlengja frekar um þetta mál, en held fast við það, að frumv. ætti að bíða næsta þings.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg verð að taka það fram, að það heyrir undir undirbúning málsins, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) átaldi, að ekki hefði verið leitað álits stjórnarnefndarinnar um frumv. En þar sem það er sannað, að nefndin hefur tekið þátt í undirbúningi málsins, virðist kröfum hátfv. þm. vera fullnægt, og vona jeg, að hann sjái, að þá var óþarfi fyrir stjórnarráðið að leggja frumv. sitt fyrir nefndina.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 3 atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 16. fundi Nd., laugardaginn 20. júlí, kom frumv. (A 100) til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg leyfi mjer að leggja það til, að 3 manna nefnd verði skipuð í þetta mál.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 18 samhlj, atkv.

Kom þá fram ósk frá 6 þm. um hlutfallskosningu við skipun nefndarinnar. Forseti kvaðst telja það samþ., að taka tvo menn í nefndina af A-listanum og 1 af B-listanum, ef enginn

mótmælti því. Samkvæmt því hlutu kosningu:

Þórhallur Bjarnarson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Skúli Thoroddsen.

Í nefndinni var Guðlaugur Guðmundsson kosinn formaður og Þórhallur Bjarnarson skrifari og framsögumaður.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. sept., kom frumv. (A 100, 445) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Eins og nefudarálitið ber með sjer, hefur nefndin í heild sinni farið fram á þá einu breytingu við frumv., að bókakaupanefnd skuli vera við hlið landsbókavarðar til ráðaneytis. Sú grein getur verið samþ. eða felld, án þess að frumv. raskist.

Þessi viðauki er tekinn eptir bendingu frá landsbókasafnsnefndinni. Jeg hef verið ein 20 ár í þeirri nefnd og jeg skal geta þess, að landsbókasafnsnefndinni þótti það lítil kurteisi af hinni háttv. stjórn, að hún fjekk ekki að vita neitt um þetta frumv., sem sker hana niður við trog. Annað mál er það, að bæði mjer og fleirum í landsbókasafnsnefndinni þótti fyrirkomulagið vera orðið of gamalt og ekki viðeigandi, þar sem bókasafnið nú er stór landsstofnun.

Nefndin var á einu máli um það, að bókasafn embættaskólanna ættu að ganga inn í landsbókasafnið. Kennarar lækna- og prestaskólans óska þess, og sennilega munu kennarar lagaskólans óska þess líka, er hann kemst á. Kennarar embættaskólanna geta þá haft hönd í bagga með bókakaupunum að einhverju leyti, og fengið hæfilega tekið tillit til þarfa skólanna. Auk kennara embættaskólanna ætlumst vjer til, að kennari frá menntaskólanum gangi í þessa aðstoðarnefnd. Við þann skóla er sjerstakt bókasafn, sem væntanlega stendur áfram, og er gott, að þau söfn viti hvort af bókakaupum hins. Loks teljum vjer landsskjalavörðinn sjálfkjörinn til að vera í þessari nefnd. Landsskjalavörður hlýtur jafnan að hafa sjerstaka þekkingu, hvað handrit snertir, og geta manna bezt ákveðið verðmæti þeirra, sem er all vandamikið. Kæmi slík aðstoðarnefnd til landsbókavarðar nokkrum sinnum á ári til ráðagjörðar, ætlum vjer, að það mundi verða landsbókasafninu fremur til hagnaðar. En það skal skýrt tekið fram, að ábyrgðinni er eigi ljett af landsbókaverði með þessari aðstoðarnefnd.

Ágreiningur varð í nefndinni um laun starfsmanna safnsins; þótti einum nefndarmanni þau of hátt sett í frumv., en hinir töldu launin hæfileg. Hvað laun landsbókavarðar snertir, hygg jeg, að allir viðurkenni það, að menn lifa ekki sæmilega með fjölskyldu fyrir minna en 3,000 kr. á ári. Þegar bændur nýskeð ráða sjer forstöðumann fyrir slátrunarhúsi, þá ætla þeir honum 3,000 kr. Staðan er virðuleg og heimtar valinn mann. Hinsvegar er það sjálfgefið, eins og tekið er fram af stjórninni, og viðurkennt í efri deild, að sá maður, sem fær full laun, verður að gefa sig óskiptan við þessu verki. Það er nóg æfistarf, eins og allir vita, sem kunnugir eru.

Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), vill færa laun fyrri aðstoðarmannsins niður í 1,200 kr. Jeg hygg, að hann vinni minnst hálfan daginn á safninu, og hann er bundinn árið um kring. Það er gjört ráð fyrir, að hann jafnhliða geti haft einhver vísindaleg störf. Jeg lít svo

á, að ekki megi færa launin niður; Það verður einhver gagnlegur og góður fræðimaður, sem fær þetta, og fær lífsuppeldi sitt af því að vinna á safninu hálfan daginn, og hitt við bókmenntaleg störf, og jeg tel það illa farið, ef klipið verður af þessum 1,500 kr. Kjör okkar embættislausu höfunda og fræðimanna eru eigi ofsæl.

Skúli Thoroddsen: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um breyt.till. minar. Eins og nefndarálitið ber með sjer, hef jeg ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um laun starfsmanna safnsins. Þegar litið er á það, að landsbókavörður hefur hingað til haft 1,700 kr. í laun, þá virðist nægilegt að færa launin upp í 2,400 kr. Jeg er að vísu samdóma hv. framsm. um það, að fjölskyldumaður er ekki öfundsverður af 3,000 kr. í Reykjavík, eptir því sem kröfum manna í líkri stöðu er háttað, og jeg fer jafnvel það lengra, að jeg held, að hann telji sjer ekki nægja 3,000 kr. Það er því mjög sennilegt, að maðurinn reyni að afla sjer atvinnu jafnhliða þessu starfi, og því er jeg á móti því að banna honum að sinna öðrum störfum í tómstundnm sínum, sem einhverjar verða, því ekki er hann allan daginn á safninu, og þó að ákvæði í þá átt sjeu ekki sett í lögin sjálf, þá gætu þó athugasemdirnar í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar gefið stjórninni tilefni til þess, að banna honum aukastörf, og þó að stjórnin gjörði það eigi, gæti þetta þó orðið til þess, að landsbókaverðinum yrði núið því um nasir, að hann fengist við önnur störf. En sennilegast er reyndar, ef dæma má eptir reynslunni, að því er samskonar skilyrði snertir, að alls eigi verði sýslað um það, þótt landsbókavörður hefði önnur atvinnustörf á hendi, og er þá heppilegast að setja engin ákvæði um þetta efni.

Laun aðstoðarbókavarðar eru fullhátt sett 1,200 kr., þegar þess er gætt, að áður hefur hann haft 900 kr., og nú er þar að auki bætt einum manni við; en vinnan eykst ekki að því skapi. Það verður varla hörgull á mönnum, sem sækja um þessar stöður fyrir því þótt launin sjeu ekki hærri, og þá er óþarfi fyrir landssjóð, að hækka launin eins mikið, eins og frumv. ferfram á.

Annað hef jeg ekki að athuga; jeg er samþykkur meiri hluta nefndarinnar að öðru leyti, enda þótt mig furði að vísu á því, að hæstv. stjórn skuli sækjast eptir yfirstjórn safnsins. Mjer finnst, að henni ætti ekki að vera keppikefli, að sækjast eptir störfum, sem opt hljóta að fara í handaskolum, þegar um svo margt er að hugsa, og öllu ægir saman. Gamla fyrirkomulagið hefði líklega verið betra.

Ráðherrann: Háttv. framsm. sagði, að stjórnin hefði ekki sýnt landsbókasafnsnefndinni þá virðingu, að leita álits hennar um þetta frumv. og háttv. þm. N.-Ísaf. var undrandi yfir því, að stjórnarráðið skyldi vilja draga undir sig yfirumsjón bókasafnsins. Það er nú að vísu svo, að stjórnin fann ekki ástæðu til þess, að leita fulltingis landsbókasafnsnefndarinnar til að orða þetta stutta frumv., en hins vegar voru framkomnar till. frá nefndinni um aukning starfskrapta við safnið, og hygg jeg, að það, sem í því efni er farið fram á í þessu frumv., sje í samræmi við þær till. Um yfirumsjón safnsins hefur aldrei verið neinn ágreiningur. Hún er hjá stjórnarráðinu nú. Aptur á móti var dálítill skoðanamunur milli nefndarinnar og stjórnarráðsins um sum atriði í stjórn safnsins, þar sem nefndin, eða sumir í nefndinni álitu,

að hún ætti að skipa starfsmenn þess, en stjórnarráðið varð að telja það sitt verk, og áleit nefndina yfir höfuð »úrelt þing«, með allri virðingu fyrir hinum heiðruðu meðlimum hennar. Eins og kunnugt er, var safnið frá upphafi hálf-»privat«-stofnun, að vísu undir yfirstjórn stiptsyfirvalda, en undir stjórn nefndar. er fyrst kaus sig sjálf, síðar var skipuð af stiptsyfirvöldunum. En þegar fyrir löngu er safnið orðin fullkomleg landssjóðsstofnun, sem nær því eingöngu lifir á landsfje, og starfsmenn allir launaðir af landssjóði; þrátt fyrir hin gömlu reglugjörðarákvæði um, að nefndin ráði starfsmenn, var því leitað til landshöfðingja, þegar hinn gamli og góðreyndi bókasafnsvörður Jón Árnason sótti um lausn frá starfa sínum, og eptirmaður hans, Hallgrímur sál. Melsted, var skipaður af landshöfðingja. Aptur á móti var aðstoðarbókavörður ráðinn af nefndinni. Það þótti rjett að vera ekki að toga neinar skinnalengjur um þetta spursmál, heldur skera úr því með lögum, og um þann úrskurð þurfti jeg ekkert að spyrja nefndina. Heldur ekki þóttist jeg þurfa leyfi hennar til þess að leggja það til, að hún sjálf væri leyst frá starfi sínu sem forráðandi bókakaupa, og það starf falið yfirbókaverði, enda mundi stjórnarráðið hafa komið með þessa till., þótt nefndin hefði lagt á móti henni.

Annars eru ástæður fyrri till. stjórnarinnar tilgreindar í þeim athugas., sem prentaðar eru við stjórnarfrv.. og get jeg látið mjer nægja, að skírskota til þess er þar segir. Háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) getur þar sjeð það, sem honum ætti annars að vera auðsætt leiðbeiningarlaust, að stjórnin er ekki að *sækjast eptir* yfirstjórn safnsins. Hún hefur hana, og það er ekki í annað hús að venda með það starf, að minni hyggju. Breytingin hjer er sú, að störf, sem áður voru falin launalausri og ábyrgðarlausri nefnd manna, eiga nú að felast launuðum embættismanni með fullri embættisábyrgð, landsbókaverðinum, en hann stendur, eins og aðrir embættismenn, undir umsjá stjórnarráðsins.

Frsm. Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það er auðvitað frá eigin brjósti, en eigi fyrir hönd þingnefndarinnar hjer, að jeg er að sakast um orðinn hlut við landsstjórnina fyrir skipti hennar við landsbókasafnsnefndina. Meinlaust, þótt eigi komi það efninu við, að láta þess getið, að landsbókasafnsnefndin tók eptir því, að þegar hornsteinninn var lagður að bókhlöðunni miklu, sem nú er verið að reisa, þá voru letruð þar nöfn 14 manna, en formaður landsbókasafnsnefndarinnar kom þar hvergi nálægt, og var þar eigi tilkvaddur og nafn hans eigi geymt þar, og hefur hann þó hátt upp í fjórðung aldar unnið við safnið stórmikið og afarþarft verk, bæði sem aðstoðarmaður og síðar sem stjórnandi safnsins. Svo er nóg um það talað.

Ágreiningsefnið milli meiri og minni hluta nefndarinnar er launaspursmál. Jeg hygg, að það sje ekki rjett, að gefa þeim mauni, sem landsbókavarðar starfað tekur að sjer, undir fótinn, að ekki verði heimtuð af honum nema litil vinna og byggja á því launalækkunina. Jeg ímynda mjer, að allir hljóti að verða samdóma um það, að þegar safnið kemur í hið nýja hús, þá verði mikið verk að vinna fyrir binn nýja bókavörð. Útlánstími verður lengri á degi hverjum en verið hefur, og hann gegnir framvegis, eins og frumvarpið segir, þeim störfum sem stjórnarnefndin hefur gegnt til þessa. Það að koma safninu vel fyrir í hinu nýja húsi. er afarmikið verk, sem ekki gjörist á einu

ári og ekki á tveimur. Bókavalið tekur afarmikinn tíma, ef vel á að vera.

Þegar á þetta er litið, finnst mjer liggja í augum uppi, að starfið verði svo mikið, að bókavörður *megi* beinlínis ekki hafa önnur störf á hendi; en þá þarf líka að launa manninn svo vel, að hann geti lifað af því.

Hitt er auðvitað áf handahófi sett, hvort launa skuli fyrri aðstoðarbókaverði með 1,500 kr. eða 1,200 kr. En færan mann þarf í starfann, er einhver ungur og efnilegur fræðimaður hreppir, sem jafnhliða getur unnið þarft verk fyrir bókmenntir vorar. Þingið sýnir slíkum mönnum sjaldnast örlæti, og vonandi fær ríflegri veitingin að standa.

Ráðherrann: Gagnvart hinni mildu aðfinnslu háttv. þm. Borgf. út af því, að bókasafnsnefndin var ekki kvödd til hornsteinslagningar nje nöfn hennar skráð á bókfell það, sem lagt var í hornstein safnahússins, verð jeg að segja landstjórninni það til afsökunar, að hún hafði ekki orðið þess vör, að nefndin sem slík ætti neinn þátt í fyrirtækinu eða hefði átt neinn þátt í því, að koma í framkvæmd þessu lengi umtalaða nauðsynjamáli. Jeg man ekki til, að það væri hennar hugmynd að stofna byggingarsjóðinn, er gjörði það kleift að fá fje til þessarar byggingar; heldur ekki man jeg eptir neinni hjálp frá nefndinni við annan undirbúning til þessa vandasama verks. En verið getur, að hún hafi þó veitt einhverja aðstoð, sem vert hefði verið að nefna.

Húsið á reyndar að vera fyrir önnur söfn líka, svo forstöðnefnd Landsbókasafnsins er ekki hið eina stjórnarvald, sem framhjá hefur verið gengið. Jeg er og hræddur um, að jeg hafi ekki einu sinni vitað, hver var formaður þessarar heiðruðu nefndar, svo lítið hafði jeg þá orðið var við hana. Nú heyri jeg, að það hafi verið hinn góðkunni fræðimaður, sem einnig um tíma hefur með heiðri verið starfsmaður safnsins, og hefði mjer vissulega verið ljúft að kveðja hann til viðhafnarinnar.

En ef nefndarmönnum er það kappsmál, að fá nöfn sín letruð á bókfellið, sem lagt var í hornsteininn, þá er ekki loku fyrir skotið, að svo geti orðið enn. Svo er um búið. að komast má að steininum að innanverðu. Með dálítilli fyrirhöfn mætti eflaust ná honum út. Það hefur margt þrekvirki verið unnið erfiðara en það, að bæta þessum nöfnum við á bókfellið.

Ef háttv. framsögum. vill koma með þingsályktunartill. í þá átt, og útvega dálítið fje til þess, þá vil jeg lofa honum því að mjer skal verða ánægja að láta koma þessu í verk.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 15 atkv.

2. gr. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. felld með 13 atkv. gegn 7 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Björnsson,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Thorlacius,	Hermann Jónasson,
Skúli Thóroddsen,	Jón Jónsson,
St. Stefánsson, Eyf.,	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stefánss., Skagf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

3. gr. samþ. með 15 atkv.

4. gr. (ný gr.) samþ. með 15 atkv.

5. gr. samþ. með 14 atkv.

6. gr. samþ. með 14 atkv.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 18 atkvæðum.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7. septbr., kom frumv. (A. 537) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 15 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 50. fundi Ed. miðvikudaginn 11. septbr., kom frumv. (A. 604, 617) til einnar um.

Framsm. Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg sje enga ástæðu til að segja neitt um þetta mál nú, en skal að eins leyfa mjer að skírskota til nefndarálitsins.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XVII. Verndun fornmenja.

Á 4. fundi Ed., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um verndun fornmenja til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. er komið hjer fram, samkvæmt þingsályktunartill. á síðasta þingi, og er það í öllum aðalatriðum sniðið eptir norskum lögum um sama efni frá 13. júlí 1905. Þó er í þessu frumv. eigi fylgt hinni sömu skipting á staðbundnum og lausum fornmenjum sem í norsku lögunum; sú skipting varð að fara eptir því, sem hjer hagar til; er þar farið eptir till. kand. Mattíasar Þórðarsonar í frv.-uppkasti, er hann samdi eptir tilmælum stjórnarráðsins um verndun fornmenja.

Hjer er að vísu gjört ráð fyrir að stofna nýtt embætti, eins og í frumv. um stjórn Landsbókasafnsins, og þótt launin sjeu ákveðin lægri handa forngripaverðinum en forstöðumanni Landsbókasafnsins, þá er þó hækkunin hjer tiltölulega meiri en hjá bókaverðinum, svo að við því má búast, að frumv. þetta finni ekki náð í augum háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) jafnvel þótt hann naumast muni geta neitað því, að störf forngripavarðar aukast eigi alllítið, ef frumv. þetta verður að lögum.

Jeg játa það, að það geti verið gott að fá störf unnin ókeypis, en það er varla við því að búast, að slíkt fáist til lengdar; flestir vilja og þurfa að fá eitthvað fyrir snúð sinn og snældu, og sje hjer um mikilsvarðandi verk að ræða, sem sízt er að efa, þá er það bersýnilegt, að til þess þarf hæfan mann, sem vill verja til þess þekking og kröptum, sem hann ella mundi geta gjört sjer arðbært á annan hátt. Það er ekki einu sinni heppileg stefna, að launa opinber trúnaðarstörf mjög auðvirðilega, því verður er verkamaður launanna, og varla fer landið á höfuðið að eins fyrir það, þótt það borgi nokkurn veginn sæmilega nauðsynleg verk, sem unnin eru fyrir það.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Mjer finnst það nauðsynlegt, að mál þetta sje skoðað í nefnd, því að ýmislegt er við frumv. að athuga, meðal annars það, að eigi má hagga við rústum af fornum garðlögum, bæjum og seljum, ef þær eru eldri en 100 ára, nema með vitund og leyfi stjórnar-

ráðsins; þá finnst mjer og skrítið að telja *prentaðar* bækur til lausra fornmenja, sem landið eigi að leggja hald á, ef þær eru 100 ára, t. d. Klausturpóstinn og þess konar bækur.

Í frumv. er gjört ráð fyrir, að bættur sje skaði sá, er verndun fornmenja kann að hafa í för með sjer, og að borgun sje greidd fyrir fundna forngripi; er svo til ætlazt, að forngripavörður ákveði gjaldið eða borgunina. Við þetta er það að athuga, að við því má búast, að hann beri eigi jafnan fullt skyn á, hvers virði það er, sem hann á að meta. Það er ekki nema eðlilegt, að gullsmiðir sjeu að jafnaði færari um að meta verðgildi hluta úr gulli og silfri, en forngripavörður, og við þjóðmenjasafnið í Kaupmannahöfn eru einmitt slíkir menn látnir meta þá hluti. En svo kemur eitt: Hver á að borga? Líklega landssjóður, en í fjárlögunum er ekki ætlað neitt fje til þess. (*Ráðherrann:* Fyrst er að samþykkja lögin).

Það er tekið fram í ástæðunum fyrir frumv., að flutningur safnsins í nýtt hús hafi aukinn störf í för með sjer við safnið. Jeg skil ekki í því, hvernig það þarf að vera. Jeg sje enga brýna þörf á því, að safninu sje haldið opnu tvo tíma á dag; jeg hef ekki heyrt kvartað um, að forngripasafnið sje opið stuttan tíma í senn; um hitt var kvartað, að það væri of sjaldan opið, en úr því er nú bætt. Það er allt öðru máli að gegna með þetta safn en með Landsbókasafnið; það er nauðsynlegt að það safn sje opið til almenningsnota margar stundir á dag. Aptur á móti get jeg skilið það, að störf forngripavarðar aukist að góðum mun, ef hann á að takast á hendur jafnframt safngæzlunni öll þau aukastörf, sem frumv. ætlar honum.

Eins og jeg gat um áðan verð jeg að vera á móti stofnun þessa embættis nú, eins og jeg verð yfir höfuð að vera móthverfur öllum nýjum embættastofnunum og launahækkunum eptir því sem fjárhagur landsins horfir nú, og fer jeg þar beint eptir vilja og fyrirmælum kjósenda minna. Þó legg jeg það ekki til, að frumv. þetta sje fellt nú þegar, því að það er að mörgu leyti gott, heldur sting jeg upp á, að því sje vísað til nefndarinnar í málinu um stjórn landsbókasafnsins.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Því næst var samþ. í e. hlj., að vísa því til nefndarinnar í næsta máli a undan (frv. til laga um stjórn Landsbókasafnsins).

Á 25. fundi Ed., þriðjudaginn 13. ágúst, kom frumv. (A 135) til 2. umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil fyrst leyfa mjer að leiðrjetta nokkrar prentvillur, sem hafa slæðzt inn í álit nefndarinnar, með því að þær eru sumar dálítið meinlegar og raska meiningunni að sumu leyti. Þessar prentvillur eru í breyt.tillögum nefndarinnar.

Í 1. breyt.till. (bls. 6) 2. gr. stafl. a. næst síðustu línu stendur »fornmannabúðum«, en á að vera: »farmannabúðum«. Í 6. br.till (bls. 8.) næst síðasta lið, 2. línu, vantar forsetninguna »*í*« (hefur fallið úr á undan »2. eða 3. gr.«) Í 10. br.till. (bls. 9) 1. lið, næst síðustu línu, á að standa »muni« (ekki »munu«). Í 14. br.till. (bls. 10) síð. lið, næstsíðustu línu, á að vera »landeiganda þriðjungi«(ekki »landeigenda«). Í 15. br.till., 17. gr. næstsíðasta l. stendur »allmennra« (hegningarlaga), en á að vera »almennra«, og greinartilvísunin á ekki að vera 196, heldur 296. Í 19. gr., síð. lið, á að standa

»skrásetningarmarki« (ekki »merki«). Í 20. gr. næstsíð. lið, næstsíð. línu stendur »eigarheimild«, en á að vera »eignarheimild« og rjett á eptir á að standa »fellur« fyrir »fellur«. Í fyrirsögn fyrir 4. kafla (bls. 12) á að vera: »fornmenja« (ekki »formenja«). Í 19. breytingartill. er »,« (komma) á eptir »inn í«, fyrir »:« (kólon). Fleiri prentvillum hef jeg ekki tekið eptir, en ef þær kynnu að vera, mundi jeg þakklátur þeim, sem gæti bent mjer á þær.

Þetta mál, sem jeg ber mjög fyrir brjósti, vona jeg að snerti viðkvæma strengi í hjarta hinna háttv. deildarmanna, í hjarta hvers Íslendings, sem löngun hefur til þess og vilja á því, að geyma sem bezt þær leifar, er við eigum frá fornri tíð. Jeg vona, að allir þingmenn, af hverjum flokki sem þeir eru, verði fúsir á að leggja því lið, að reynt sje að finna sem bezt og viturlegust ráð til að vernda fornmenjar þjóðarinnar, því að jeg veit, að oss öllum er það ljóst, hve mikilsverðar þær eru fyrir menningarsögu okkar og þjóðerni.

Áður en jeg sný mjer að því, sem jeg álít aðalkjarnann í tillögum nefndarinnar, skal jeg drepa nokkuð á hin einstöku atriði. Er þá fyrst að skýra frá, að 1. br.till. okkar nefndarmanna fer fram á, að allt það í frumv. stjórnarinnar, er snertir skiptingu fornmenja og skýringu orða, skuli dregið saman í einn kafla; fer betur á því, er miklu handhægara og auðveldara til yfirlits. Líka höfum við bætt inn í einum *milliflokki* milli staðbundinna og lausra fornmenja; það verður nýr flokkur og sjest það á tillögum okkar, að við ætlumst til, að hann sæti sjerstakri meðferð. Við viljum hafa orðið *fornmenjar* sem almennt heiti á öllum menjum frá forfeðrum vorum, föstum og lausum. Þá viljum við nefna staðbundnar fornmenjar til hægðarauka einu nafni, *fornleifar*, en lausar fornmenjar *forngripi*; er það styttra og handhægra í meðferð, og getur ekki valdið misskilningi, þar sem orðin eru skýrð í upphafi laganna. Það sem er hvorttveggja (staðbundnar og lausar fornmenjar) nefnum við *lausar fornleifar* (talið til fornleifa).

2. gr. hjá okkur er að miklu leyti samhljóða 2. gr. stjórnarfrumv.; þær breytingar, sem við höfum gjört, eru mikið til orðabreytingar, og miða annaðhvort til þess, að skýra nánar það sem við er átt, eða til að bæta inn í nýjum tegundum fornmenja, er okkur þóttu vantaldar. Til dæmis höfum við dregið saman í eitt stafliðina *a* og *h* í stjórnarfrumv. (þingstaðir, sögustaðir og aðrir merkisstaðir). Að friða þessa staði alla, þótti okkur of víðtækt. Okkur þótti nægja, að friða öll *mannvirki*, sem eru á slíkum stöðum, og höfum gjört breyt.till. í þá átt. Ef ákvæðum stjórnarfrumv. væri haldið, mundi friðunin ná sumstaðar til heilla hjeraða, t. d. í Breiðafirði og víðar, þar sem sögustaðir verða fyrir manni við hvert fótmál. Þetta virtist okkur hvorki hentugt nje líklegt til góðra framkvæmda. Bætt höfum við inn í *naustum*, sem sýnilega hefur gleymzt í stjórnarfrumvarpinu, enn fremur talið með *forna öskuhauga*. Svo eru ýmsar aðrar breytingar; þar sem taldar eru fornar *kirkjur, bæjarhús og önnur hús*, er því bætt við, að þessi hús teljist því að eins til fornleifa, að þau sjeu ekki framar notuð til þess, sem upphaflega var til ætlazt, því að þá fyrst getur verið að ræða um að friða þau. Ímynda jeg mjer, að þetta hafi fallið

úr í stjórnarfrumvarpinu, því að í hinum norsku lögum, sem frumv. er sniðið eptir, er þetta tekið fram. Annars er ein helzta breytingin við greinina sú, að stafl. *d.* og *e* eru teknir burtu, en það, er í þeim felst, talið á öðrum stöðum.

Í aths. við stjórnarfrumv. eru þær fornmenjar, sem taldar eru þar undir d., minnismerki dáinna o. s. frv., sagðar að nokkru leyti staðbundnar og að nokkru leyti lausar. Þetta er rjett, og virðist því viðeigandi, að þetta sje talið í sjerstökum flokki ásamt öðrum líkum munum, sbr. 3. gr. nefndarálitsins. Finnst okkur, að slíkir munir tilheyri ekki jarðeiganda, nje heldur kirkjueiganda, ef um hann er að tala. Svo er um hluti úr fornum hofrústum og annað, er til guðsþjónustu var notað í fornöld, því þótt það að vísu sje staðbundið, þá getur það eptir eðli sínu ekki beinlínis talizt eign landeiganda.

Þá er 4. gr. nefndarálitsins um lausar fornmenjar eða forngripi; hún svarar til 7. gr. stjórnarfrumv. Þar er að eins bætt inn í stafl. a, lausir steinar o. s. frv.; var það í stjórnarfrumv. talið með staðbundnum fornmenjum, en heyrir heldur til lausra. Í stafl. f. er bætt inn í fornum vefstólum. Í stafl. i. er bætt við einstökum tegundum forngripa, og í stafl. j. er sett inn: »og önnur taflhöld«, sem ekki stóð í stjórnarfrumv.

Nú hef jeg lauslega farið í gegnum skiptingu fornmenjanna, og skal jeg nú snúa mjer að *aðalefni* laganna. Jeg hef hingað til varast að tala um málið í heild sinni, en jeg verð þó, til þess að gjöra fyllilega grein fyrir áliti okkar nefndarmannanna, að komast inn á þær almennu meginreglur, »princip«, sem breyt.till. byggjast á, meginreglur, sem vjer teljum að sumu leyti hentugri, og að sumu leyti samkvæmari rjettarmeðvitund þjóðarinnar, en þær, sem koma fram í stjórnarfrumv. Það ætti líka að geta sparað tíma fyrir deildinni, að fara nokkrum almennum orðum um þetta, sem brt. standa og falla með, því að þá þarf ekki að skýra hvert einstakt atriði.

Stjórnarfrumv. er sniðið eptir norskum fornmenjalögum, en við vorum í nefndinni sammála um það, að þau væru varlega hafandi til fyrirmyndar, og að ýmsu hrákasmíði; þau bera það með sjer, að þau eru samin í flýti. Stjórnarfrumv. vill friða óskorað allar staðbundnar fornmenjar, sem eldri eru en 100 ára. Slíkt teljum við óhentugt. Eptir því má enginn bóndi hreyfa við neinu tóptarbroti, hve ómerkilegt sem er, ef það getur álitizt eldra en 100 ára. En nú er ómögulegt að ætlast til þess, að bændur kunni gjörla að greina aldur slíkra menja. Þeir mundu því ekki vita, hvort þeir brjóta lögin eða ekki, ef þeir hreyfa við einhverju slíku. Lögin ætlast ekki til, að menn fái neinar leiðbeiningar í því efni. Það er því fyrirsjáanlegt, að slíkum lögum verður ekki hlýtt, *getur* ekki orðið hlýtt, er til framkvæmdanna kemur.

Tökum sem dæmi, að bóndi vill reisa bæ sinn að nýju, og byggja ofan í bæjarstæði við hliðina á gamla bænum, sem ef til vill er eldra, ef til vill líka yngra en 100 ára. Engan grunar, að þarna sjeu rústir, merkilegar fyrir menningarsöguna; væri nú rjett að banna honum að byggja þarna?

Nefndin álítur, að svona almennar fyrirskipanir um friðun fornleifa sje ekki heppilegar. Hún vill því taka upp það, sem almennt er í lögum ýmissa þjóða, að *skrásetja* hinar staðbundnu fornmenjar, og að þær, sem skrásettar eru, skuli friðaðar. Um skrásetninguna annast fornmenjavörður, og tekur hann á skrá allar þær

fornleifar, sem honum eru kunnar og bætir jafnóðum við þeim, sem honum verða síðar kunnar. En það er nauðsynlegt, að friðhelgin sje kunngjörð hlutaðeigendum, og verður því að þinglýsa henni við *forum rei sitae*. Vita þá bændur, að hverju þeir eiga að ganga, hvað þeir mega eigi skemma eður hrófla við.

Þetta eru hinar almennu meginreglur, sem við göngum út frá í 1. kafla laganna, að því er kemur til staðbundinna fornmenja, eða fornleifa. Að þessu miðar 3. breyt.till., sem fer fram á, að inn sje bætt 3 nýjum gr. Í 5. gr. er talað um skrásetningu fornleifa; í 6. gr. er ákvæði um þinglestur friðhelginnar og um skaðabætur úr landssjóði, en kröfur um þær skulu komnar til stjórnarráðsins innan 4 mánaða frá þinglýsingu og þótti okkur sá frestur hæfilegur.

Lausum fornleifum höfum við skipað í sjerstakan flokk; þar eru minnismerki úr kirkjum, munir tilheyrandi hofrústum og því um líkt. Þær viljum við friða án þinglýsingar, enda getur svo farið, að þær eigi ekkert fast þing, þar eð þær má flytja úr stað o. s. frv.

Það verður ekki álitið, að þessar menjar sjeu eiginlega eign neins einstaks manns, heldur verða þær að teljast eign landsins. Í þessu efni höfum við aðhyllzt stjórnarfrumv.

Þetta er efnið í 7. gr. efst á bls. 8 í nefndarálitinu. Við viljum láta friða allar lausar fornleifar, sem taldar eru í 3. grein og eldri eru en 150 ára; þar viljum við setja aldurstakmarkið. Við álítum, að ættingjarnir sjálfir muni vilja vernda þesskonar fornleifar að svo miklu leyti, sem þær eru yngri en 150 ára, til dæmis minningarmörk dáinna manna, og ætlumst við til, að allir slíkir munir verði skrásettir svo fljótt sem því verður við komið. Þá er jeg í framsögu minni eiginlega kominn þangað, sem stjórnarfrumv. byrjar, því að 4. breyt.till. er við 1. gr. frv., og er engin veruleg efnisbreyting gjörð á henni; það er eiginlega aðeins orðabreyting, sem mælir með sjer sjálf.

Þá fer 5. breyt.till. við 2. gr. fram á það, að sú grein *falli burt* á þessum stað, því að hún á að standa fyrri eptir till. okkar, og hef jeg áður talað um hana.

Þá er 6. breyt.till við 3. gr. stjórnarfrumv. (sem verður 9. gr.), að greinin orðist nokkuð öðruvísi en í stjórnarfrumv., en verulegar efnisbreytingar hafa ekki verið gjörðar á þeirri grein. Við höfum notað 3., 4. og 5. gr. frv. lítið breyttar, en þó höfum við látið prenta þær upp, af því að okkur þótti það skýrara við atkvgr., og síður hætt við, að ruglingur verði á skrásetningu frumvarpsins.

Það, sem er nýtt í 6. breyt.till., er að eins 1 liður, sem jeg skal leyfa mjer að lesa upp; hann hljóðar svo:

»Skyldur er ábúandi eða leiguliði »að gjöra lögreglustjóra viðvart, ef »friðuð fornleif liggur undir skemmd»um, af völdum náttúrunnar, eða er »skemmd af manna völdum. Gjörir »þá lögreglustjóri þær bráðabirgða»ráðstafanir, sem þarf til að varna »skemmdum, og skýrir þegar stjórn»arráðinu frá málavöxtum, en stjórn»arráðið ákveður, með ráði forn»menjavarðar, hvað gjöra skuli. Að»gjörðin greiðist úr landssjóði, nema »skemmdin sje af manna völdum; þá »greiðir sá, er skemmdi«.

Þetta fannst oss mæla með sjer sjálft, en það vantar í stjórnarfrumv.

Þá er 2. liður þessarar sömu (6.) breyt.till.; hann er hjer um bil sama

sem upphaf 3. gr. stjórnarfrumv.; að eins höfum vjer gjört smáorðabreytingar til skýringar.

3. liður svarar til 2. liðs 3. greinar stjórnarfrumv.

4. liður hljóðar svo:

»Grasi vaxnar fornmenjar, sem nú »eru slegnar eða beittar, má fram»vegis nota á þann hátt, ef engin »hætta er á, að þær spillist við það«.

Þetta er sama sem niðurlag 3. liðs 3. gr. stjórnarfrumv. Aptur á móti er upphafinu, um skaðabætur, sleppt, því að ákvæði í þá átt, er komið inn í frumv. á annan stað.

Þá er 7. breyt.till. við 4. gr. frumv. hjer um bil eins og 4. gr. frumv.; aðalbreytingin er sú, að þar sem í stjórnarfrumv. stendur, að »*verkstjóri*« skuli skýra stjórnarráðinu frá, ef hætt er við, að staðbundnar fornmenjar muni eyðast eða spillast við vegagjörð eða önnur mannvirki í þarfir lands eða sveitarfjelags, þá höfum vjer í þess stað sett, að *verkstjóri eða það stjórnarvald, sem hlut á að máli,* skuli skýra stjórnarráðinu frá slíkum skemmdum. Oss fannst að það gæti vel komið fyrir, að enginn reglulegur verkstjóri stæði fyrir verkinu, t. d. ef um hreppsvegavinnu væri að ræða, og þá þótti oss eiga bezt við, að hlutaðeigandi stjórnarvald skýrði frá skemmdahættunni.

Þá er 8. breyt.till. við 5. gr. frumv. hjer um bil samhljóða 5. gr. stjórnarfrumv., að eins með nokkrum orðabreytingum, en oss þótti skýrara að prenta gr. upp, til þess að villa ekki fyrir þeim, sem eiga að skrá frumv.

Þá kem jeg að fyrirsögn 2. kafla stjórnarfrumv. »Um lausar fornmenjar«, sem við viljum kalla: »Um forngripi«, og er það 9. breyt.till. Þessum lausu fornmenjum má aptur skipta í tvo flokka, þær sem finnast í jörðu og á, og þær, sem eru í eign einstakra manna.

Um fundna forngripi setur stjórnarfrumv. (í 8. gr.) þá meginreglu, að þeir skuli vera eign landsins. Það er líklega sprottið af ógáti, að stjórnarfrv. gjörir ekki ráð fyrir, að þessir gripir geti verið eign einstakra manna; það getur vel komið fyrir, að menn hafi týnt slíkum gripum. Jeg á gamlan hring frá 1700, sem steinn er í með fangamarki gamallrar merkiskonu. Ef jeg týndi þessum hring, þá þætti mjer hart, að missa alveg af honum, og að hann yrði eign landsins, ef hann fyndist aptur. Úr þessu höfum við viljað bæta með því ákvæði, að auglýsa skuli fund slíkra forngripa í því blaði, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með áskorun til eiganda, ef nokkur sje, að gefa sig fram, og höfum við sett frestinn 4 mánuði; leiði enginn eigandi sig að gripum innan þess tíma, þá missir hann rjett sinn til hans.

En hvernig fer, ef enginn eigandi gefur sig fram? Þá skilja vegir með okkar frumv. og stjórnarfrumv. — Frumvarp stjórnarinnar vill láta þessa gripi vera eign landsins, þó svo, að finnandi og landeigandi fái sinn helminginn hvor af andvirði hlutarins. — Þessi meginregla, að landið eigi fundna forngripi, er í mótsögn við forn og ný lög, og kemur einnig í bága við rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Ef að hluturinn er eign landsins, sjáum vjer ekki heldur, hvaða ástæða er til þess, að gefa landeiganda — sem ekkert á í honum — hálfvirði hans. Í nefndarálitinu er gefið yfirlit yfir ákvæði eldri laga um fundna forngripi, og hafa oss virzt ákvæði Norsku laga vera bezt og hagfelldust. Annars getur verið vafamál. hvort Norsku lög ekki gilda hjer á landi í þessum efnum, að

minnsta kosti er ágreiningur um það meðal lögfróðra manna.

Eptir Norsku lögum eignast konungur $^1/_3$, finnandi $^1/_3$ og landeigandi $^1/_3$ af fundnum forngripum, ef enginn eigandi gefur sig fram. Þetta finnst oss bæði mjög eðlileg regla í sjálfu sjer og sjerstaklega vænleg til þess, að veita forngripunum tryggilega vernd, því að þá hefur landið, sem meðeigandi rjett til, að taka hlutinn til sín, þangað til útgjört er um það, hver eigandinn verður, og þá fær landið eðlilegan rjett til að kaupa gripinn hjá meðeigandanum. Þetta er ítarlega tekið fram í nefndarálitinu, en jeg hef einnig viljað gjöra það hjer í deildinni, vegna þess að tíminn hefur verið svo naumur, að háttv. þingdeildarmenn hafa, ef til vill, ekki allir lesið nefndarálitið. — Afleiðingin af því, að nefndin hjer vill fylgja öðrum meginreglum en stjórnarfrumv., er sú, að kaflinn um fundna muni er alveg nýr kafli hjá nefndinni.

10. breyt.till. er um það, hvernig fara skuli með þá muni, sem finnast í jörðu eða á. Þar álítum við rjett, að sá, sem finnur forngrip, sje skyldur til, að skýra lögreglustjóra þegar í stað frá fundinum, og að hann jafnframt afhendi lögreglustjóra það, sem fundizt hefur, nema hætt sje við, að það skemmist í flutningnum. En ef forngripur finnst við mannvirki þau eða störf, sem framkvæmd eru samkvæmt 10. grein, þá á finnandi að afhenda hann verkstjóra, og verkstjóri að gefa lögreglustjóra skýrslu um fundinn.

Í þriðja lagi getur forngripur fundizt við rannsókn, og skal þá sá, sem rannsókninni stýrir, annast um hlutinn og gefa skýrslu um hann til forngripasafnsins og sjá um það, að hann komist þangað.

Þá er 11. breyt.till. við 7. grein frv. um það, hvernig lögreglustjóri á að fara með fundinn forngrip. Hann á að skýra landeiganda eða landeigendum frá því, hvar gripurinn fannst, og jafnframt senda stjórnarráðinu skýrsluna um það með nauðsynlegum viðaukum frá sjálfum sjer, og helzt senda munina til stjórnarráðsins, eða geyma þá, unz stjórnarráðið ráðstafar þeim. Um einstök atriði í breyt.till., sem að ekki er þörf á að rökstyðja, hirði jeg ekki að fjölyrða.

Þegar forngripur hefur verið afhentur stjórnarráðinu, er hann settur í forngripasafnið og skrásettur þar á sjerstakri skrá, en jafnframt er birt ágrip af skýrslunni um fundinn í því blaði, sem flytur opinberar auglýsingar, og áskorun til eiganda um, að gefa sig fram innan ákveðins tíma, og höfum við sett þann frest 4 mánuði. — Gefi enginn sig fram áður en sá frestur er út runninn, þá verður gripurinn eign landssjóðs að þriðjungi, finnanda að þriðjungi, og að þriðjungi eign landeiganda; en gefi eigandi sig fram áður en fresturinn er út runninn, þá fær hann gripinn, en þá fellur um leið á hann sú skrásetningarkvöð, sem jeg mun koma að síðar, og fannst oss það eigi ósanngjarnt. Auðvitað getur það komið fyrir, að segja megi með vissu, að enginn núlifandi maður eigi fundinn forngrip, svo að í rauninni væri þá óþarfi, að auglýsa fundinn. En optast mun erfitt að fullyrða neitt í því efni, og því höfum við talið það rjettara, að fundurinn sje allt af birtur.

Í 14. breyt.till. eru fáein nánari ákvæði um það, hve nær landssjóður teljist landeigandi, nefnilega, þegar gripurinn hefur fundizt við framkvæmd á vegagjörðum eða öðrum mannvirkjum, samkvæmt 10. grein hins

breytta frumvarps, eða í almenningum, afrjettarlöndum, eða á heiðum uppi, og sömuleiðis, ef hann hefur fundizt á kirkjujörðum, eða ef hreppafjelag, sýslufjelag eða bæjarfjelag á land undir; þegar svo stendur á, þá finnst oss rjett, að landssjóður eignist forngripinn að tveim þriðjungum, en finnandi að þriðjungi. Við höldum, að hreppsfjelög muni hvort sem er ekki hirða mjög um rjett til forngripa og fúslega unna forngripasafninu, að eignast þá. En ef gripurinn finnst af fornmenjaverði eða þeim manni öðrum, er rannsókn stýrir, þá telst landssjóður sem finnandi og fær $^2/_3$ af verði hlutarins, en landeigandi þriðjung. Sjeu landeigendur fleiri en einn, þá skiptist eignarrjetturinn að landeigenda þriðjungi jafnt milli þeirra í rjettri tiltölu við eign hvers eins í landinu. — Sömuleiðis, ef finnendur eru fleiri en einn, þá skiptist eignarrjetturinn, að finnanda þriðjungi jafnt milli þeirra.

Þá kem jeg að 15. breyt.till. nefndarinnar við 11. grein frumv., og fer hún fram á það, að í stað þessarar greinar komi 4 nýjar greinar, sem að verða 17., 18., 19. og 20. grein. 17. grein hljóðar svo:

»Ef finnandi leynir fundi forngrips »og skýrir ekki lögreglustjóra frá »honum, eða spillir honum eða »lógar af ásettu ráði, telst sem ólög«leg meðferð á fundnu fje eða þá »skemmd á eigum annara, og fer »eptir ákvæðum almennra hegningar»laga 249., 296. og 298. grein, enda »missir þá finnandi tilkall til síns »þriðjungs«.

Okkur fannst rjett að veita finnanda þetta aðhald, og gátum því ekki betur sjeð, en að það væri ólögmæt meðferð á fundnu fje, ef að finnandi skýrir ekki lögreglustjóra frá eða leynir fundi.

Í fyrstu málsgrein 18. greinar er kveðið svo á, að landssjóður eigi kauprjett að þeirri hlutdeild í fundnum forngrip, sem hann á ekki, eptir mati fornmenjavarðar. Sje meðeigandi ekki ánægður með þetta mat, þá getur hann skotið því til stjórnarráðsins, sem þá tilnefnir 3 óvilhalla menn, sem vit hafa á forngripum, til að meta hann.

Í 2. lið þessarar sömu greinar er gjörð sjerstök undantekning, ef forngripurinn er úr gulli eða silfri, eða ef um gull- eða silfurpeninga er að ræða. Þá fær meðeigandi landssjóðs eða meðeigendur alla upphæðina eða fullt málmverð hlutarins og 10% að auki. Þetta ákvæði höfum vjer viljað setja vegna þess, að hjer er mikil freisting fyrir landeiganda og finnanda, til að leyna hlutnum, enda þekkjum vjer ýms dæmi til, að fundi hefur verið leynt af því, að finnandi eða landeigandi hafa haldið, að þeir mundu geta haft meira upp úr gripnum með því, að ráðstafa honum á annan hátt.

Svo er í sömu grein gjört ráð fyrir því, að fornmenjavörður dragi menn á því, að ákveða kauprjett landssjóðs, og missir þá landssjóður eignarrjettar til síns hluta í forngripnum, ef sá drátturur er fornmenjaverði eða stjórnarráði að kenna, og skal hann þá afhenda hlutinn meðeiganda eða meðeigendum landssjóðs gegn borgun lögbirtingarkostnaðar, en jafnframt fellur skrásetningarkvöð á hlutinn, ef forngripavörður telur hann þess verðan, að skrásetja hann.

Þá er jeg nú búinn að ganga í gegn um kaflann um fundna forngripi, og kem þá að síðasta atriðinu um forngripi, sem eru í eign einstakra manna. Í stjórnarfrumv. eru engin ákvæði um þá hluti, en í lögum annara landa eru til ákvæði um það, að slíka hluti

megi skrásetja, en þó ekki nema með leyfi eigandans eða eptir beiðni hans. Um leyfi getur komið til greina ef einhver á hlut, er hann vill ekki farga, en leyfir þó forngripaverði góðmótlega að skrásetja hann; en beiðni gæti komið til greina, ef einhver á hlut, sem honum er annt um, að ekki gangi úr ættinni, og vill heldur að hann komist í safnið, en í ómildra hendur eða til vandalausra. Þetta ákvæði hefur borið töluverðan árangur í öðrum löndum. Við viljum, að leyfið sje undirskrifað í viðurvist votta, eða staðfest af »notarius publicus«, og sje það geymt í skjalasafni forngripasafns. Á þessa skrá ætlumst við til að einn flokkur forngripa sje settur án leyfis, og það eru fornir kirkjugripir. Þingsályktunin frá síðasta þingi, til stjórnarinnar, um að undirbúa þetta mál, var mest sprottin af umhyggju fyrir verndun fornra kirkjugripa, og þótti okkur því ástæða til að gjöra þetta ákvæði. Til er líka gamalt kansellibjef um þetta etni, sem ætla má að enn sje í gildi. Ennfremur eru settir á skrá þeir hlutir, sem skrásetningarkvöð leggst á samkvæmt áðurgreindum breyt.till. vorum. Í þessu sambandi settum við ákvæði inn í lögin. sem ekki þekkist, svo jeg viti, á öðrum stöðum, um, að skrásetningarmerki skuli setja á hlutinn, ef því verður við komið, án þess að gripurinn skemmist.

Þá kemur 20. gr. um ákvæði þau, er skrásetningunni fylgja og afleiðingarnar af henni. Eigandi að skrásettum hlut má flytja hann úr stað, en ekki af landi burt, og ef eigandaskipti verða, þá skal alltaf láta forngripavörð vita, og ef selja á hlutinn, þá skal fyrst bjóða hann forngripasafninu, en ef út af reglunum er brugðið, fellur hluturinn ókeypis til safnsins. Þetta kann ef til vill að þykja nokkuð hart, en þar sem það er sjáltviljugt, hvort hluturinn er settur á skrá eða ekki, þá virðist hlutaðeigandi mega sætta sig við það, hafi hann beðið um eða leyft skrásetninguna.

Þá kemur 16. breyt.till. um, að nýr kafli, sem verður 4. kafli, komi á eptir þessum 4 nýju greinum, sem eru samhljóða 11. gr. frumv. 21. gr. ákveður aldurstakmarkið 150 í stað 100 ára í frumv. á þeim fornmenjum, sem ekki má flytja án leyfis úr landi. Okkur fannst ekki gjöra svo mikið til um fornmenjar, sem eru yngri en 150 ára, því að yngri fornmenjar eru ekki svo fágætar, að fornmenjaverði sje ofætlun að ná í þær handa safninu.

Þá er 22. gr., eða 16. br.till., sem ákveður, að forngripir skuli geymdir í Forngripasafninu, og virðist það sjálfsagt. Þó ætlumst vjer til, að skjöl og brjef sjeu geymd í Landsbókasafninu eða Landsskjalasafninu. Um 17.—22. br.till. get jeg verið fáorður, þær eru allar smávægilegar, og eru við 3. kafla frumv., sem verður 5. kafli.

18. breyt.till. er um það. ef fundi er leynt; þá er vísað til hegningarákæðisins í grein, sem er komin áður.

Í 19. breyt.till. höfum við ákveðið sektirnar frá 20—500 kr., og þótti okkur rjettara, að tiltaka einhverjar ákveðnar upphæðir.

20. breyt.till, er að eins um það, að setja allstaðar fornmenjavörður í stað forngripavörður, því að það er samkvæmara þeim skýringum, sem við höfum gefið á orðunum.

21. breyt.till. fer fram á, að í stað orðanna »3.—6. gr. o. s. frv.« komi: »lögum þessum« og þótti okkur óþarft að telja upp hinar einstöku greinar.

Jeg sje, að jeg hef gleymt að geta um prentvillu í 13. gr. í frumv. stjórnar-

innar («stjórnarráðsins«), sem við ekki leiðrjettum, en það verður lagað á skrifstofunni. 22. breyt.till. er um greinatölu. Jeg bið svo deildina forláts á, að jeg hef orðið að þreyta hana á svo löngu máli, en breyt.till. eru svo margar.

Að endingu vona jeg, að hin háttv. deild taki frumv. vel.

Umboðsmaður ráðherra Kl. Jónsson: Jeg verð strax að mótmæla einni aths. hjá háttv. framsm. sem ástæðulausri, þar sem hann sagði, að hrákasmíði væri á lögum þessum frá stjórnarinnar hálfu. (*Björn M. Ólsen:* Ekki á þessum lögum en á norsku lögunum). Það er ekki betra. Það færi ekki betur á hjá stjórninni, að taka hrákasmíði sem fyrirmynd, en að semja hrákasmíðið sjálf, en jeg verð að mótmæla því líka, að þessi norsku lög sjeu illa samin, enda eru Norðmenn kunnir að því, að vanda mjög sína lagasmíði, svo að aðrir, t. d. Danir, eru farnir að sníða eptir þeim sín lög. Og jeg get sagt hinum háttv. framsm., að betri laga»koncipista« en prófessór Getz, sem reyndar er nú látinn, og ekkert hefur fjallað um þessi lög, hafa ekki margar þjóðir átt. Maður skyldi nú ætla, að það væri ekki mikil fljótaskript á þessu nefndaráliti hinnar hv. nefndar, eins hörðum orðum og háttv. framsm. hefur farið um annara verk,en ekki get jeg samt stillt mig um, að benda á nokkra galla, sem jeg þykist finna.

Samkvæmt þessu nefndaráliti á sá, er gætir Forngripasafnsins að kallast fornmenjavörður, en í 5. gr. 3. línu er hann kallaður »forngripavörður« og »fornmenjavörður« i sömu gein rjett á undan. Hvað er nú það rjetta nafn? Annarsstaðar er hann kallaður »forngripavörður«.

Í 7. breyt.till., er talað um staðbundnar fornmenjar, en eptir 1. gr. heita þær fornleifar eptir beinni orðaskýringu.

Í 11. breyt.till. við 7. gr. stendur: »Greinin orðist þannig«, en ætti að vera, að 7. gr. frumv. fjelli burtu, og þessi nýja grein kæmi í staðinn, því að í henni er allt annað efni, en var í 7. gr., sem er sett annarsstaðar inn.

Þetta hefur ekki mikla þýðingu, en virðist samt benda á flaustur. Á bls. 2 í nefndarálitinu stendur, að það virðist ekki í samræmi við almennar »rjettarfarsreglur«, að landið eigi að fullu alla forngripi. Jeg skil þetta eigi; rjettarfarsreglur er þýðing á orðinu »Procesregler«, en hvernig þetta ákvæði getur komið í baga við slíkar reglur, er alveg óskiljanlegt. Líklega hefur nefndin ekki athugað þýðingu þessa orðs, og meinar almennar lagareglur eða eitthvað slíkt. Jeg hef tekið þessar aths. fram, til þess að sýna, að alþingisnefnd getur líka yfirsjezt.

Annars skal jeg geta þess, að nefndin hefur gengið út frá öðru »princípi« við þetta lagasmíði en stjórnin, sem sje skrásetningaraðferðinni.

Það kom til tals hjá stjórninni, að semja bæri skrá yfir fornmenjar, en það var horfið frá að framfylgja því í lögum þessum, vegna þess geysi kostnaðar, sem hlýtur að vera því samfara, ef senda á fornmenjavörð út um allt land, bæði um byggðir og óbyggðir, til þess að skrásetja fornmenjar. Til þess hlyti að ganga mikið fje, og hygg jeg, að þingmenn gjöri sjer ekki grein fyrir, hve mikill kostnaður verði við það. Ef þingið sjer sjer fært, að veita svo mikið fje til þess, að allar kunnar fornmenjar verði friðaður og á skrá settar, þá mun stjórnin ekki verða á móti því, en fyrst verður þingið að gjöra sjer grein fyrir, að til þess þarf mikið fje. Eitt atriði hjá háttv. frsm. gat jeg ekki fellt mig við; þar sem

hann sagði, að erfitt væri, að segja um það, hvort fornleifar væru 100 ára eða yngri, þá getur það satt verið, en álítur háttv. framsm., að hægra eða ljettara sje að bera um, hvort hluturinn er 150 ára eða hvort hann er 100 ára gamall, en þetta aldurstakmark vill nefndin sjálf innleiða í 21. gr.? Þetta verður sjálfsagt alltaf álita mál, en hægra verður þó að ákveða lægra aldursmarkið en hið hærra; annars hef jeg ekkert sjerstakt að athuga við 150 ára takmarkið, nema þetta, að sama mótbára gildir á móti því, og h. framsm. kom fram með á móti 100 ára takmarkinu.

Háttv. framsm. fannst það gegn öllu rjettlæti, að landið eignaðist alla forngripi, sem fyndust á jörðu, jafnvel líka muni, sem menn týndu. Í fljótu bragði virðist háttv. framsm. hafa hjer rjett fyrir sjer, að ákvæði í upphafi 8. gr. gildi allt, sem finnst, undantekningarlaust, en hjer ber að athuga það, að aðrar reglur eru til, reglur, sem gilda um týnda muni, og mundu allir dómarar dæma hlutinn til handa þeim, sem hefði týnt honum; og ekki þarf háttv. framsm. að vera hræddur um, að hans 200 ára gamli hringur yrði dæmdur af honum, þótt hann hefði týnt honum. Þetta er orðað þannig í 8. gr. af því, að það er alkunnugt, að opt finnast lausir forngripir ofan á jörðinni af uppblæstri, og þeir eiga eins að verða eign landsins, og lausir munir, sem finnast í jörðu, eða að nokkru leyti í jörðu. Þetta var nauðsynlegt að taka fram, en hjer var alls ekki átt við forngripi, sem lifandi menn eiga og týna. En nú hefur nefndin orðað þetta öðru vísi og ákveðið nánar, hvað við er átt, og get jeg ekki fyrir stjórnarinnar hönd haft neitt á móti þeim breyt.till. nefndarinnar. Í þeim greinum, sem telja upp fornleifar og forngripi, hefur nefndin bætt ýmsu við, og er það auðvitað til bóta, en þó efast jeg um, að hún hafi tilfært allt, og væri því rjettast að bæta við upptalninguna í lok beggja greinanna ákvæði eitthvað á þessa leið, og ennfremur allt, sem getur til fornleifa talizt, til þess þar með að taka það skýrt fram, að upptalningin sje úttæmandi. Jeg hygg, að stjórnin geti fellt sig við þær breytingar, sem nefndin fer fram á, og hef jeg svo ekki meira um það að segja, því að óþarfa álit jeg að benda á prentvillur, sem ekki eru óvíða. Vænti jeg þess, að frumv. geti gengið greiðlega í gegnum deildina, af því að jeg veit líka, að hver og einn þm. er málinu hlynntur og er annt um, að fornmenjar vorar sjeu sem bezt varðveittar fyrir landið sjálft.

Framsögumaðnr Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Háttv. fulltrúi ráðherrans hafði ekki ástæðu til að taka orð mín þannig, að jeg áliti hrákasmíði á frumv. af stjórnarinnar hálfu; jeg tók það fram, að það væru norsku lögin, sem stjórnin hefði þýtt, sem væru flýtissmíði, og að því leyti væri óheppilegt, að stjórnin skyldi hafa tekið þau lög til fyrirmyndar. En hitt kom mjer ekki til hugar að segja, að þýðing stjórnarinnar væri neitt hrákasmíði sem þýðing. Það er heldur ekki að ástæðulausu, að flýtisverk er á þessum norsku lögum, því að af sjerstökum ástæðum var þeim að sögn flýtt mjög sumarið 1905, skömmu eptir að Norðmenn og Svíar sögðu sundur með sjer.

Jeg skal líka játa, að hálfgjört flýtisverk hefur verið á brt. okkar og aths., því að við höfum, eins og gengur, haft nauman tíma, og orðið að hafa þetta mikla vandamál samhliða mörgum fleiri störfum. Mig furðar að eins

á því, að hv. fulltrúi ráðherrans skyldi ekki finna fleira athugavert, úr því hann fór að leita okkur lúsa á annað borð. Sumt af því, er hv. fulltrúi tók fram, hygg jeg vera á rökum byggt, og má nefndin vera honum þakklát fyrir það, þó að það væri harla ómerkilegt í sjálfu sjer og snerti að eins orðaval en ekki efni. Ekki hygg jeg samt rjett hjá hv. fulltrúanum, þar sem hann gjörir svo ýkjamikið úr kostnaðinum, sem sje skrásetningunni samfara. Hjer kemur aðallega til greina í því efni skrásetning fornleifa, en um þær vitum við svo mikið, og þarf ekki annað en ganga í gegnum Árbækur fornleifafjelagsins, og getur fornmenjavörður gjört það mest heima á skrifstofu sinni. Í einstöku tilfellum þarf fornmenjavörður sjálfsagt að taka sjer ferð á hendur, og væri æskilegt, að veita eitthvert fje í því skyni að borga kostnaðinn við þær ferðir; það tel jeg líka víst, að við gjörum fyrir minningu feðra vorra, ella væri okkur illa í ætt skotið.

Umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) talaði um það, að við værum á móti 100 ára takmarkinu, en vildum í þess stað setja 150 ár. Við höfðum sagt, að *bændum* mundi ofætlun að ákveða aldur fornleifa, án þess að fá til þess einhverjar leiðbeiningar. Mjer finnst annars umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) ekki hafa ihugað vel ummæli okkar um þetta. Eptir tillögu okkar á fornmenjavörður að skrásetja allar fornleifar, sem ástæða er til að ætla að hafi einhverja þýðingu fyrir menningarsögu þjóðarinnar; þar höfum vjer ekki sett neitt aldurstakmark, heldur felum skrásetninguna fornmenjaverðinum sem sjerfróðum manni. En síðan á að þinglýsa fornleifunum heima í hjeraði. Og þá vita bændur, hverjar fornmenjar það eru, sem þeir mega ekki spilla.

Þá sagði umboðsmaður ráðh. (Kl.J.), að nefndin kæmist í mótsögn í 16. breyt.till. sinni. En þar hafði nefndin vaðið fyrir neðan sig með því að setja það ákvæði, að ef vafi ljeki á um aldur fornmenja, þá skæri formenjavörður úr, og hann á að hafa þekkingu í þeim efnum, svo að það ætti að vera vandalaust. Hann tók einnig fram, að upphaf 8. gr. í stjórnarfrv. væri ekkert athugavert. Ef jeg t. d. glataði hringnum mínum, þá þyrfti jeg ekki að vera hræddur um, að jeg fengi hann ekki aptur, þótt hann fyndist, af því að önnur ákvæði væru til, er gilda í slíkum tilfellum. En jeg vil biðja hann að lesa greinina. Þar stendur berum orðum, að »lausar fornmenjar, sem finnast í jörðu eða á, sjeu eign landsins«. Enginn getur neitað því, að hringurinn minn er laus fornmen, og týni jeg honum og hann finnist aptur, þá er það eptir stjórnarfrumv. gjöf en ekki gjald, ef jeg fæ hann aptur. 8. gr. stjórnarfrumv. kveður svo skýrt á um þetta, að hún hlýtur að nema úr gildi eldri lög um þetta efni, ef hún fær að standa óbreytt.

Loks ljet umboðsmaður ráðh.(Kl.J.) í ljós, að hann væri ekki á móti frv., og gleður það mig, eins og líka hinar góðu óskir hans síðast í ræðu hans, sem mjer þótti vænt um.

Að síðustu vil jeg geta þess, að jeg hef borið mig saman við ráðh. um þessar breytingar, og var hann þeim ekki mótfallinn.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hef skrifað undir nefndarálitið um frumv. þetta með fyrirvara, ekki af því að jeg hefði á móti stefnu þess, heldur var mjer það ljóst, að það hefði óhjákvæmilega talsverðan kostnað í för með sjer, bæði til skaðabóta, skrásetningar og að fornmenjavörður á að ferðast um landið, og hins vegar er

með því stofnað uýtt embætti eða laun fornmenjavarðar hækkuð allmikið, þar sem þau fara úr 720 kr. upp í 1,800 kr. En jeg er alveg á móti öllum nýjum embættum og launahækkunum vegna fjárhagsins.

En jeg vil geta þess, að jeg mundi fús að sameina mig við aðra háttv. þingdm. um breytingu í þá átt, að lögin kæmu eigi til framkvæmdar fyr en fje væri veitt á fjárlögunum til þess.

Jeg sje nú á fjárlaganefndaráliti Nd., að ætlazt er til að færa þessar 1,800 kr. ofan í 1,200 kr., og tel jeg fornmenjavörð ekki ofsælan af þeirri launaupphæð, ef hann á að gjöra allt það, sem frumv. leggur honum á herðar. Jeg efast meir að segja um, að nokkur maður vilji taka starfið að sjer fyrir þetta.

Jeg vil ekki leggja stein í veg fyrir, að lögin komist í framkvæmd, ef fje verður veitt í fjárlögunum til þessa, en jeg álít þó rjettast, að fresta framkvæmdum laganna, eins og það er svo margt fleira nauðsynlegt, sem verður að fresta vegna þess að fjárhagurinn þolir ekki allan þennan nýja kostnað, sem verið er að leggja á. Vilji einhverjir háttv. þingdm. sameina sig við mig, þá mun jeg koma með breyt.-till. í þessa átt til 3. umr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Það er mikilsvert mál, sem hjer ræðir um, og hefur nefndin tekið það til rækilegrar íhugunar. Jeg er mjög ánægður með þá stefnu frumv., að það styður að því, að fornmenjar verndist og geymist í landinu. En það er skoðunarmál, hverjar ákvarðanir í því skyni eru heppilegastar.

Sjerstaklega er eitt atriði, sem mjer þykir máli skipta; það er almenningsálitið og að almenningur sje þessu máli fylgjandi. Mestur hlutinn af þeim gripum, sem komnir eru á forngripasafaið, hefur safnið eignast fyrir eindreginn vilja gefendanna að styðja að verndun forngripa í landinu. Þeir munir, sem safninu hafa verið seldir, hafa allflestir fengizt fyrir litla borgun. Mest af gripunum er gefið af góðum hug og af löngun til og meðvitundinni um, að gefendurnir hafi með því unnið þarft verk fyrir fósturjörðina. Því verður að varast að særa þessar tilfinningar og gæta þess vel, hvernig almenn meðvitund manna er í þessum efnum.

Mjer finnst ekki alveg laust við, að nokkuð nærri almennings meðvitundinni sje gengið í 8. gr. stjórnarfrumv., þar sem segir, að lausar fornmenjar, sem finnast í jörðu eða á, sje eign landsins. Þessi ákvæði fara alveg í bága við almenna rjettarmeðvitund manna í þessum efnum og tilfinningar. Ef beita á laganauðung til þess að útvega forngripasafninu fornmenjar, þá mundi fara allt öðru vísi en áður og það ganga miklu tregara.

Stjórnarfrumv. hefur þó bætt úr þessu með því að ákveða, að ef forngripavörður álítur fund forngripa launaverðan, skuli greiða fundarlaun, eptir mati hans. En í nefndarálitinu eru gjörð gildandi fundarlaun að $^1/_3$. Hjer er aðgætandi, að hjer á landi hefur aldrei verið nein »bronzeöld« og aldrei fundizt neinir virkilegir dýrgripir í jörðu eins og annarsstaðar. Hjer finnst venjulega það eitt, sem einkisvert er nema sem forngripur, svo sem fúnir munir, brot af ýmsu. Þetta getur haft mikla sögulega þýðingu, en verðið í þessu er að öðru leyti ekkert.

Bezta ákvæði frumv. er í 11. gr., að ekki megi flytja lausar fornmenjar út úr landinu nema með leyfi stjórnarráðsins. Það er í samkvæmni við

meðvitund almennings, að það sje illa gjört að flytja slíka gripi úr landi.

Jeg hef ekki komið fram með neina breyt.till. við frumv. Jeg hafði talað við framsm. nefndarinnar 3. kgk. þm. (B.M.Ó.), um, að bera mig saman við nefndina um breytingar á frumv., en úr því varð samt ekki, og þótti mjer það illa farið.

Þá vil jeg gjöra nokkra athugasemd við 3. gr. frumv., um bætur fyrir skaða við ráðstafanir af hendi hins opinbera. Háttv. framsm. (B. M. Ó.) sagði, að þetta kæmi annarsstaðar fram, í 6. breyt.till. nefndarinnar. Jeg hef ekki getað fundið, að það kæmi annarsstaðar fram, nema að nokkru leyti efst á blaðsíðu 9 í nefndarálitinu, þar sem segir: »Valdi slíkar rannsóknir eða aðgjörðir« o. s. frv. Þau ákvæði, er hjer ræðir um, geta haft mikla þýðingu, því að þau geta bakað mönnum stórmikið tjón. Ef maður ætlar sjer að byggja hús og verður að grafa fyrir undirstöðu eða kjallara, og þar finnast fornmenjar, þá er hann eftir frv. skyldur að hætta verkinu og bíða með það, þangað til úrskurður stjórnarráðsins fæst, en það getur í mörgum tilfellum orðið æði langt að bíða þess. Ábúandi verður að þola það bótalaust, að verkið sje hindrað og fólk hans bíði verklaust svo og svo lengi.

Mjer sýnist full ástæða til að gjöra greinarmun á því, hvernig útlítandi er þar sem fornmenjar finnast og hve þýðingarmiklar þær eru. Ef grafið er í öskuhaug, þá verður ábúandi að hætta, ef hnappur kynni að finnast. Það kynni að vera nokkuð djarft, að fela graftrarmönnum í hverju einstöku tilfelli að meta, hvort forngripurinn væri þess eðlis, að ástæða væri til að hætta greftinum, en þó tel jeg tvísýnt, hvort það væri ekki rjettara.

Með lögum er ekki hægt að ákveða, hve aðgætnir menn skuli vera í þessum efnum.

Þá vil jeg, í sambandi við það, að ætlazt er til, að blaðaauglýsingar sjeu þri-endurtekuar um fundna forngripi, benda á, að nokkuð verður að taka tillit til þess, hver hluturinn er og hvort líkindi eru til, að nokkur leiði sig að honum. Mjer sýnist ekki ástæða til að vera að auglýsa það í blaði, þó að finnist ryðguð skeifa eða eitthvað jafnómerkilegt, heldur verður það að vera bundið við, að munurinn hafi eitthvert verðgildi.

Jeg tel höfuðatriðið eiga að vera það, að styggja ekki rjettarmeðvitund þjóðarinnar í þessu efni. Það á að laða menn til að greiða fyrir málinu, frekar en frumvarpið gjörir.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. nefndarinnar (135); nýr kafli í 4 greinum:
   1. grein samþ. í einu hljóði.
   2. — — - — —
   3. — — - — —
   4. — — - — —
2. breyt.till. nefndarinnar við fyrirsögnina fyrir 1. kafla frumv., samþ. í einu hljóði.
3. breyt.till. nefndarinnar: 3 nýjar greinar, sem verða 5., 6. og 7. gr.:
   5. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.
   6. — — — 10 — —
   7. — — — 11 — —
4. breyt.till. nefndarinnar, við 1. gr. frumv., sem verður 8. gr., samþ. í einu hlj.
5. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. samþ. í einu hljóði.
6. breyt.till. nefndarinnar við 3. gr., sem verður 9. gr., samþ. með 7 atkv. gegn 2.
7. br.till. nefndarinnar við 4. gr. frv., sem verður 10. gr., samþykkt með 10 samhlj. atkv.

8. breyt.till. nefndarinnar við 5. gr., sem verður 11 gr., samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn 2. kafla, sem verður 3. kafli, samþ. án atkv.gr.
10. breyt.till. nefndarinnar við 6. gr., sem verður 12. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.
11. breyt.till. nefndarinnar við 7. gr., sem verður 13. gr., samþ. með 11 samhlj. atkv.
12. breyt.till. nefndarinnar við 8. gr., sem verður 14. gr., samþ. með 7 samhlj. atkv.
13. breyt.till. nefndarinnar við 9. gr., sem verður 15. gr., samþ. í e. hlj.
14. breyt.till. nefndarinnar við 10. gr., sem verður 16. gr., samþ. með 8 samhlj. atkv.
15. breyt.till. nefndarinnar við 11. gr.: í stað hennar komi 4 nýjar greinar:
17. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.
18. — — — 10 — —
19. — — — 10 — —
20. — — í einu hljóði.
16. breyt,till. nefndarinnar: nýr kafli í 2 greinum:
21. gr. (ný gr.) samþ. í e. hlj.
22. gr. (ný gr.) samþ. í e. hlj.
17. breyt.till. nefndarinnar við fyrirsögn 4. kafla samþ. í einu hlj.
18. breyt.till. nefndarinnar við 12. gr., sem verður 23. gr., samþ. í e. hlj.
19. breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.
12. gr. (23. gr.), þannig breytt, samþ. með 11 samhlj. atkv.
20. breyt.till nefndarinnar við 13. gr. sem verður 24. gr., samþ. með 11 samhlj. atkv.
21. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.
13. gr. (24. gr.), þannig breytt, samþ. með 11 samhlj. atkv.
22. breyt.till. nefndarinnar við 14. gr., sem verður 25. gr,, samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn kaflans samþ. án atkv.gr.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi Ed., þriðjudaginn 20. ágúst, kom frumv. (A 242, 267, 293) til 3. umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Frumv. þetta fjekk svo góðar viðtökur hjer í deildinni við 2. umr., að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú, en óska, að hin háttv. deild verði málinu jafn hlynnt nú og síðast.

Hjer eru komnar fram nokkrar brt. og þar af eru 3 frá nefndinni á þskj. 267. Sú fyrsta af þeim við 5. gr., er að eins orðabreyting, og sama máli er að gegna með þá 3. við 10. gr. Báðar þessar breyt.till. eru gjörðar eptir bendingu háttv. fulltrúa ráðh. Þær villur, sem eru lagaðar með brt. þessum, höfðu af ógáti verið teknar upp úr stjórnarfrumv., eins og það var fyrst lagt fyrir deildina.

2. breyt.till. við 9. gr. er gjörð eptir bendingu frá háttv. 2. kgk. við 2. umr., og hef jeg borið hana undir hann, og hann tjáð sig ánægðan með þessa breyt.till.

Jeg skal taka það fram, að þar sem háttv. 2. kgk. þm. beindi spurningu til mín við 2. umr., sem jeg svaraði ekki, þá var það af »distraktion« hjá mjer, jeg gætti ekki að biðja um orðið í tíma, en hreint ekki af ókurteisi við hinn háttv. þm.

Jeg skal þá geta um, að háttv. 2. kgk. þm. hefur nú komið með 3 brt., og álítur nefndin, að þær sjeu allar til bóta og ræður því hinni háttv. deild til þess að samþ. þær. Breyt.-till. við 9. gr., ákveður nánar, hvenær landeigandi eða leiguliði sjeu skyldir að skýra frá fundi á fornleifum og hætta vinnu, með því að skjóta þess-

um orðum inn í »líti út fyrir, að um mikilsverðar fornleifar sje að ræða«. Það var auðvitað ekki tilætlun nefndarinnar, að þetta ákvæði kæmi til greina, þótt einhver lítilsverður hlutur fyndist, t. d. skeifubrot eða því um líkt, en hjer verður allt af nokkuð að eiga undir finnandanum, eða skilvísi og ráðvendni hans.

Breyt.till. við 12. gr. er gjörð af líkum ástæðum, og ákveður nánar það, sem nefndin átti við.

Breyt.till. við 14. gr. getur nefndin líka fallizt á, þar sem ákveðið er, að ágrip af skýrslum um fundna forngripi skuli birta, svo framarlega sem líkur eru til, að nokkur geti sannað eignarrjett sinn að forngripunum. Nefndin tók það fram í nefndarálitinu, að rjettast væri að setja ákvæði um þetta í lögin, en hún gjörði það ekki, af því hún áleit svo erfitt að setja takmörkin á milli þess, hvenær líkur væru til, að eigandi fyndist, og hvenær ekki, en í sjálfu sjer er þetta ákvæði rjettmætt, og getur því nefndin fallizt á það.

Að öðru leyti hef jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en vona, að hin háttv. deild sþ. frv.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg hef komið fram með 3 breyt.till. á þskj 293, en jeg þarf í rauninni ekki að taka til máls, því að hin háttv. nefnd hefur tekið till. svo vel, og framsögumaður talað um þær. Með 1. breyt.till. vil jeg koma í veg fyrir óþarfa ómak og kostnað, þar sem um lítilsverða eða einkisverða fornleif er að ræða. Jeg vil því ekki láta hætta vinnu, þegar svo á stendur. Sama máli er að gegna um 2. breyt.till.

Með 3. breyt.till. vildi jeg koma í veg fyrir óþarfa kostnað við auglýsingar, þar sem um verðlitla hluti er að ræða, eða sem engin líkindi eru til að nokkur geti sannað eignarrjett sinn að, til dæmis að taka, skeifubrot eða hnapp eða því líkt; þetta geta verið munir frá löngu liðnum öldum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en óska frumv. góðs byrjar.

ATKVGR.: Breyt.till. við 5. gr., þskj. 267, sþ. með öllum atkv.

Breyt.till. við 9. gr., þskj. 293, samþ. með öllum atkv.

Breyt.till. við 9. gr., þskj. 267, samþ. með öllum atkv.

Breyt.till. við 10. gr., þgskj. 267, sþ. með öllum atkv.

Breyt.till. við 12. gr., þgskj. 293, sþ. með öllum atkv.

Breyt.till. við 14. gr., þgskj. 293, sþ. með öllum atkv.

Frumv. breytt samþ. með öllum atkv., og afgreitt til foreta Nd.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 28. ágúst kom frumv. (A 320) til 1. umr.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.) Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að kosin verði 3 manna nefnd í þetta mál, að þessari umræðu lokinni, af því að jeg er hræddur um, að fáir af háttv. deildarmönnum hafi sett sig vel inn í það, en málið er all-mikilsvert, og hefur verið mikið um það fjallað í Ed.

Fleiri töluðu ekki.

Samþ. í e. hlj. að vísa frumv. til 2. umr.

Samþ. var með 15 atkv. að kjósa 3 manna nefnd.

Þessir hlutu kosningu.

1. Hannes Þorsteinsson með 19 atkv.
2. Guðl. Guðmundsson — 9 —
3. Pjetur Jónsson — 8 —

Í nefndinni var Pjetur Jónson kosinn formaður og Hannes Þorsteinsson skrifari og framsögumaður.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5 september, kom frumv. (A 320, 506) til 2. umr.)

Framsögumaður Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg býst við, að þetta mál veki ekki eins miklar umr. og þau mál, sem hafa verir rædd næst á undan (prestamálin), enda mun það bjarga deildinni frá mjög löngum ræðum, að það eru víst harla fáir þingdm., sem hafa lesið frumv.; háttv. Ed. hefur haldið því svo lengi hjá sjer, að lítill tími var eptir til þess að íhuga það í þessari deild, En það er óheppilegt um þýðingarmikil mál, að önnur þingd. haldi þeim svo lengi, að hin fái ekki nema lítinn tíma til að athuga þau; að því er snertir þetta frv., þá er þó sú bót í máli, að háttv. Ed. hefur tekið málið rækilega til íhugunar, og aukið frumv. að miklum mun frá því, sem það var, þegar það kom frá stjórninni, og eru flestar af þeim aukningum til bóta að nefndarinnar áliti. Það gjörir því minna til að því er snertir þetta frumv., þó háttv. Nd. hafi ekki tækifæri til að íhuga það nákvæmlega, en hefði þurft að fara að breyta því nú, þá var hætt við, að frumv. hefði dagað uppi á þessu þingi, en við nefndarmenn álítum, að það væri svo mikils virði að fá málið afgreitt nú frá þinginu; það mætti ekki dragast lengur úr þessu; þessi löggjöf hefur dregizt allt of lengi, og undarlega lengi. Nú er málið risið upp af þingsályktunartill., sem jeg flutti á síðasta þingi og sem var samþykkt í báðum deildum. Út af því bjó stjórnin til frumv., sem hún lagði fyrir Ed. nú í sumar, en það var miklu styttra, en það er nú orðið, þá var það að eins 14 gr., en Ed, bætti svo miklu við það, að nú er það orðið 25 gr., og má af því sjá, að Ed. hefur lagt rækt við frumv.

Jeg skal ekki tefja tímann með langri ræðu, enda er það þýðingarlaust, því jeg býst ekki við, að málið sæti neinum mótmælum. En til þess að málið fari ekki alveg órætt út úr deildinni, skal jeg leyfa mjer að benda á, að Ed. hefur breytt stjórnarfrumv. aðallega í 4 höfuðatriðum. 1. aðalbreytingin er um *eignarrjett á fundnum forngripum*, 2. um *auglýsingar á forngripum*, 3. um *skrásetning forngripa*, og 4. um *aldursákvæði*, hvað munir þurfi að vera gamlir, til þess að geta fallið inn undir þessi lög.

Að því er 1. atriðið snertir, var ákveðið í stjórnarfrv., að fundnir forngripir skyldu allt af vera landssjóðseign, en á því er gjörð sú breyting nú í frumv. Ed., að andvirði hins fundna skuli skipt að jöfnu á milli landssjóðs, finnanda og landeiganda, með ýmsum nánari ákvörðunum. Nefndinni þótti ekki rjett, að landeigandi missti af rjetti sínum, og fannst þetta að öðru leyti ekki sjerlega athugavert, enda betur í samræmi við ákvæði gamalla laga um þetta efni að því, er oss virtist, þótt nokkur vafi leiki á, hvernig skilja eigi gömul lög um eignarrjett landeiganda að jarðfundnu fje. Nefndinni þótti og rjett, að finnandi fengi hlut í munum; henni fannst meiri trygging fyrir, að þá væri fundi forngripa síður leynt.

Annað atriðið var birting eða auglýsing fornmenja; það verður lögbirtingablaðið, sem þær auglýsingar verða birtar í. Eptir því sem nefndin í Ed. stakk upp á, átti að auglýsa *alla* forngripi, sem fyndust, en sú breyting komst að við umr. í deildinni, að ekki þurfi að auglýsa nema þegar líkindi eru til, að einhver kunni að geta sannað eignarrjett sinn á gripunum. Þessi breyting má því teljast til bóta. Þessar auglýsingar geta ef til vill munað lögbirtingablaðið nokkru, enda mun því naumast af veita.

Þriðja aðal-breytingin er um skrásetning fornmenja; þar er fyrirskipað, að forngripi, sem eru einstakra manna eign, eigi að skrásetja, og þá megi ekki selja út úr landinu nema með sjerstöku leyfi. Þetta atriði var bent á af manni þeim, sem undirbjó frumv. fyrir stjórnarráðið, en stjórnin vildi ekki taka það upp. Þessi skrásetning verður auðvitað að fara fram með samþykki þeirra, sem munina eiga. Í öðrum löndum er þetta títt, og þykir það allstaðar mikilsvert að vita það, hverjir eiga fornmenjar, því með því móti er hægra að varna því, að þær sjeu fluttar út úr landinu. En það er enginn efi á því, að þetta starf verður all-umsvifamikið fyrir forngripavörð, auk þess sem hann því fremur þarf aðstoð, og laun hans, sem nú eru ákveðin 1,800 kr., eru í rauninni allt of lág, ef hann á að inna sitt hlutverk dyggilega af hendi, en það er allt af tími til þess, að tala um launahækkun, enda mun ekki standa á því, að sótt verði þá um viðbót síðar. Það mun engin hætta vera á því, að forngripavörður beri skarðan hlut frá borði, ef hann reynist duglegur maður, og það verður hann að vera, ef hann á að framfylgja lögunum með krapti, og þau eiga ekki að verða að eins pappírsgagn.

Þá er 4. og síðasta breytingin um aldurstakmark fornmenja. Stjórnarfrumvarpið vildi friða alla gripi, sem væru eldri en 100 ára, en nefndinni í efri deild þótti það of langt farið niður í tímann og lagði það til, að færa aldurstakmarkið upp í 150 ár. — Það er nú álitamál, hvort rjettara er; það geta opt verið merkilegir og dýrmætir gripir, sem eru á milli 100 og 150 ára gamlir. En það verður að vera eitt af störfum fornmenjavarðar, að skera úr sliku og eins að reyna að ná í gripi, ef þeir eru mikilsverðir, þó að þeir ekki falli inn undir þessi lög.

Fleira held jeg, að jeg hafi ekki ástæðu til, að taka fram, enda þótt viðbúið sje, að háttv. deildarmenn hafi ekki haft nægan tíma og tækifæri til, að kynna sjer þetta frumv. til hlítar. En mjer er óhætt að fullyrða það, að mönnum sje hættulaust, að samþykkja það óbreytt, því að í því er fólgin góð rjettarbót, sem hefði átt að vera komin á fyrir löngu. Og má segja um það, sem fleira, að betra er seint en aldrei.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 19 atkv.
2. — — — 19 —
3. — — — 19 —
4. — — — 19 —
5. — — — 19 —
6. — — — 19 —
7. — — — 19 —
8. — — — 19 —
9. — — — 19 —
10. — — — 19 —
11. — — — 19 —
12. — — — 18 —
13. — — — 18 —
14. — — — 18 —
15. — — — 18 —
16. — — — 18 —
17. — — — 18 —
18. — — — 18 —
19. — — — 18 —
20. — — — 18 —
21. — — — 18 —
22. — — — 18 —
23. — — — 18 —
24. — — — 18 —
25. — — — 18 —

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7. septbr., kom frv. (A. 310) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í einu hlj., og afgreitt til ráðherra, sem lög frá alþingi.

XVIII. Metramælir og vog.

Á 4. fundi Ed., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um metramæli og vog til 1. umr.

Ráðherrann: Metrakerfið er nú allsstaðar í Evrópu annaðhvort lögboðið eða lögleyft, síðast í Danmörku nú á síðasta þingi. Hjer á landi kom fram frumv. um mál þetta á þingi 1897, en náði þá eigi fram að ganga. Óþarfi er að skýra frá, hvílíkur hagnaður er að nota metrakerfið í mæli og vog, og ekki þurfum vjer að hræðast, að Íslendingar verði lengi að læra að nota það, eða að þeim veiti það örðugra en öðrum þjóðum. Þegar hið nýja myntkerfi var lögleitt hjer, urðu landsmenn mjög fljótir að skilja og fella sig við að nota það, og líkt mun nú fara. Álitamál getur verið, hvort vjer eigum að halda hinum útlendu nöfnum, eða búa til ísl. heiti; 1897 kom sjera Jón frá Stafafelli fram með till. um íslenzk heiti, en álit mitt er það, að metrakerfið tapi töluverðu af kostum sínum, ef þau nöfn, er vjer notum, eru ekki svo lík hinum útlendu að hljóm og hreim, að hægt sje að þekkja; því að einmitt það er stór ljettir í viðskiptalífi þjóðanna, að heitin sjeu hin sömu. Í þessu frumv. eru notuð hin útlendu heiti, sömu og 1897, en vera má, að hægt sje að finna heppilegri íslenzkun á þeim. Þannig get jeg hugsað mjer, að sumir vilji hafa *metur* fyrir metri, *lítur* fyrir lítri, *ar* fyrir ari, o. s. frv., en málfræðingum deildarinnar treystijeg til þess að finna hið bezta í því efni.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg held dálítið ofmælt í því, að metrakerfið sje alls staðar lögleitt, eða ekki hef jeg enn þá heyrt, að það væri á Englandi; (*Ráðherrann: en lögleyft*) en hvað sem því líður, álít jeg frumv. mjög heppilegt og tímabært, og get jeg vel fellt mig við frumv. stjórnarinnar að því er nöfnin snertir, útlendu heitin með íslenzkum endingum og álít jeg, að það hafi mikið að segja fyrir viðskiptalífið, eins og tekið er fram í aths. við frv., og ráðherrann hefur þegar tekið fram; að eins vil jeg láta skrifa *gram* með tveimur m-um, og *ton* með tveimur n-um, því að svo er það framborið, en skammstöfun verður sú sama, er til kemur. Að fara að smíða íslenzk nöfn mundi gjöra glundroða, enda höfum vjer dæmi fornmanna fyrir oss í því, að þeir fóru ekki svo að; þeir tóku inn í málið orð sem: pottur, panna, ketill o. s. frv., enda er það ekki stór skemmd á málinu, þótt einstöku útlend orð sjeu tekin upp í það; vjer lögum þau sem oss hentar, og svo verða þau okkar eign. Jeg legg til, að málinu sje vísað til 2. umr.

ATKV.GR.

Málinu vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Á 8. fundi Ed., þriðjudaginn 9. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) tók það fram við 1. umr. þessa máls, að sjer fyndist eiga betur við að skrifa orðið gram með tveimur m-um, eins og það er borið fram, og er jeg honum alveg samdóma um það, og finnst mjer ekki að koma þurfi fram með sjerstaka breyt.till. um það, heldur skoða jeg það að eins sem rjettritunaratriði. En jeg held það sje rjett, að það komi inn í málið í þessari mynd, og skal jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. ráðherra, hvort honum finnist nauðsynlegt að koma með breyt.till. til að leiðrjetta það eða hvort ekki mætti breyta því án þess. Hið sama finnst mjer einnig gilda, að því er orðið »ton(n)« snertir. Allir mundu lesa það »ton«, ef það væri skrifað með einu n-i. Þetta er líka að eins rjettritunarspurning.

Einnig vildi jeg leyfa mjer að benda á það, að mjer finnst málið á fyrstu málsgr. 4. gr. ekki vel gott, og fyndist mjer fara betur á því, að hún væri orðuð einhvern veginn á þessa leið: »Að liðnum 3 árum í mesta lagi frá staðfestingu laga þessara, skal eingöngu nota metrakerfi í mæli og vog við útreikning á tollgjöldum til landssjóðs og öðrum opinberum gjöldum, sem teljast í vog eða mæli. Frest þennan má stytta með konungsúrskurði«.

Hef jeg svo ekkert frekara að athuga við frumv., en leyfi mjer að skjóta því til hæstv. ráðherra, hvort hann ekki vildi fallast á, að orðalaginu á 4. gr. væri breytt þannig.

Ráðherrann: Að því er snertir athugasemdir háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.), þá er mjer fyrir mitt leyti alveg sama, hvort orðið »gram« er skrifað með einu eða tveimur m-um, en álít — eins og menn segja — að það »spari pláss«, að skrifa það að eins með einu m-i. Jeg álít að það verði borið eins fram eptir sem áður. Það er alveg sama eins og orðið »fram«; það er skrifað með einu m-i, en borið fram með tveimur. Eins er ástatt með orðið »miligram«. Það er skrifað með einu l-i, því annars mætti búast við, að það yrði lesið sem orðið »milli« á íslenzku.

Að því er snertir orðalagið á upphafi 4. gr., þá finnst mjer það ekkert óíslenzkt, en ef háttv. 3. kgk. þm. vill breyta því, þá verður að gjöra það með breyt.till.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. sþ. í e. hlj.
2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
3. gr. — — - — —
3. gr. — — - — —
4. gr. — — - — —
5. gr. — — - — —
6. gr. — — - — —
7. gr. — — - — —
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 10. fundi Ed., fimmtudaginn 11. júlí, kom frumv. (A. 63) til 3. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg á hjer breyt.till. á þgskj. 63, sem jeg áður hef minnzt á, og það gladdi mig þá að heyra, að hinn hæstv. ráðh. var henni ekki beint mótfallinn, þótt hann ekki teldi neina þörf á henni. Sjerstaklega viðvíkjandi orðinu »gram« tók hann fram sem dæmi íslenzka orðið »fram«, sem er ritað með einu m-i vanalega, en borið fram með tveimur. Það er að vísu satt, en jeg fyrir mitt leyti rita *fram* ætíð með 2 m-um, enda er svo opt gjört í fornu máli, og hefur sú ástæða ef til vill þýðingu fyrir þá, sem fylgja vilja fornum rithætti. En jeg vil leyfa mjer, að benda hinum hæstv. ráðh. á, að þetta orð kemur

fyrir í fleiri föllum, en nefnifalli og þolfalli eintölu, t. d. í þágufalli eintölu kemur fyrir »grammi«. Í íslenzku er ekki hægt að benda á neitt dæmi þess, að einfalt m á eptir hljóðstaf sje borið fram sem tvöfalt, ef hljóðstafur fer á eptir. Eins er það í nefnifalli og þolfalli fleirtölu, að þar held jeg að ekki sje hægt að benda á neitt dæmi í íslenzku, þar sem m-ið tvöfaldast á líkan hátt og gjört er ráð fyrir með rithætti frumv. (»gröm«). Jeg held þess vegna, að það sje rjett, að gjöra það að reglu, að »gram« verði allstaðar ritað með 2 m-um.

Af sömu ástæðum vil jeg heldur láta rita »tonn« en »ton«. Jeg áleit, að þetta hefði að vísu mátt laga á skrifstofunni, en forseti heimtaði breyt.till. um það, til þess að vissa væri fyrir því, að þetta væri lagað, og hef jeg því leyft mjer að koma fram með þessa breyt.till. Jeg tók það fram við síðustu umr. þessa máls, að jeg væri ekki allskostar ánægður með orðalagið á byrjun 4. gr. frumv., en hef þó fallið frá að koma fram með breyt.till. um það, enda álít jeg það smáræði, og heyrði líka, að hæstv. ráðherrra var vel ánægður með orðalag greinarinnar. Jeg er líka greininni fyllilega samdóma að efninu til.

Ráðherrann: Jeg get ómögulega sjeð, að það geti verið neitt atriði, er máli skipti, hvort orðið »gram« er skrifað með einu eða tveimur m-um. Mjer finnst alveg eins íslenzkulegt að úttala orðið með einu m-hljóði eins og t. d. orðið »stam«. Jeg finn heldur ekkert á móti fleirtölunni »gröm«, er bæði væri ritað og framborið með einföldu m-hljóði.

Að því er snertir ritháttinn »tonn« (með 2 n-um) finnst mjer vafasamt, hvort hann geti ekki gefið tilefni til rangs samanburðar; einhverjir gætu kannske fundið upp á því, að bera það fram »toddn« eins og t. d. í tónn eða spónn; þótt aldrei nema einhverjir segðu »ton« í staðinn fyrir »tonn«, þá álít jeg ekki, að neinn skaði væri skeður fyrir það. Jeg álít rjettara, að innleiða þessi útlendu orð eins og þau eru skrifuð annarsstaðar, og haga því heldur framburði eptir þeim rithætti.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg held, að það sje einhver misskilningur hjá hinum hæstv. ráðh. að því er snertir orðið »ton(n)«, að tvö *n* í enda orðs sjeu alltaf borin fram sem »ddn« og get jeg í því sambandi bent á orðin: »renn, finn, o. s. frv. Reglan er sú, að þegar »grannur« eða upphaflega stuttur hljóðstafur fer á undan, þá heldur *n* sínu vanalega hljóði, en ef hljóðstafurinn, sem á undan fer, er »breiður« eða að upphafi langur, er það borið fram »ddn«. Jeg held þess vegna að hæstv. ráðh. hafi hjer beinlínis á röngu að standa.

Hvað hina mótbáruna snertir, að á sama standi, þó orðið sje borið fram »gram«, þá kann jeg alls ekki við það; enda er það þegar að nokkru leyti komið inn í málið með hinum framburðinum, og mundi það þá brjóta bág við venjulegan rithátt og vera ósamhljóða eðli íslenzkrar tungu. Jeg skal taka til samanburðar orðið »gramur = konungur«, það mundi hvorttveggja verða í þolfalli eintölu »gram«, en borið fram sitt með hverju móti, og þannig mætti nefna dæmi í það óendanlega.

Jeg álít þess vegna breyt.till. rjettmæta, og er fullkomlega samdóma h. 2. þm. K.-G. (V. G.) um, að það sje rjettara að skrifa orðið með 2 m-um.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Viðvíkjandi útreikningnum í 5. gr., þá

held jeg, að þar sje prentvilla í síðasta »decímalnum« í útreikningnum á engjateig. Þar mun eiga að standa 0,56738 en ekki — 6; jeg held að þetta sje prentvilla, er megi laga þegar frv. er prentað upp.

Þessi villa kynni þó að vera fram komin við það, að stærðin á ferfaðmi væri margfölduð með 1,600, sem er stærð engjadagsláttu í ferföðmum, en það er ónákvæmt.

Að því er snertir breyt.till., þá þykir mjer mest um vert, að orðin sjeu í samræmi við ritháttt þjóða milli, en hitt minna um vert, hvernig þau eru borin fram.

ATKV.GR.: 1. brt. á þgskj. 63 sþ. með 6 atkv. gegn 2.

2. brt. á sama þgskj. við 3. gr. sþ. með 7 atkv. gegn 1.

Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 11. fundi Nd., mánudaginn 15. júlí, kom frumv. (A. 71) til 1. umr.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk.): Jeg býst við, að allir sjeu hinu hv. stjórnarráði þakklátir fyrir að hafa flutt þetta frumv. inn á þingið með því að það felur í sjer mjög svo gagnleg nýmæli. Flestar menntaþjóðir álfunnar hafa þegar tekið upp það kerfi í vog og mæli, er hjer ræðir um, og fyrir löngu hefur því verið hreyft hjer á landi, að vjer Íslendingar ættum að gjöra slíkt hið sama. Þarf því varla að gjöra ráð fyrir, að til efnisbreytinga komi um þetta frv. hjer í deildinni.

Öðru máli er að gegna um búning þess.

Frumv. er einkennilegt að því leyti, að farið er fram á að löghelga urmulinn allan af útlendum orðum, bæði latneskum og grískum. Hygg jeg það vera í fyrsta sinn, er alþingi Íslendinga hefur til meðferðar lagafrv. með svo miklum fjölda erlendra orða. Jeg þykist mega fullyrða, að til þessa dags hefur þingið alla jafna gjört sjer far um að menga eigi mál þjóðar sinnar útlendum heitum.

Menn mega ekki skilja orð mín svo, sem vilji jeg víta hið háa stjórnarráð um þetta efni, því jeg veit vel, að það er þar í fullu samræmi við skoðun fjölda manna. En jeg álít þetta atriði svo varhugavert, að ekki megi leiða það hjá sjer umtalslaust.

Jeg þykist vita, að fyrir upptöku hinna útlendu heita í frumv. muni taldar þrjár höfuðástæður. Fyrst sú, að aðrar þjóðir tíðki þessi heiti. Við hana er það að athuga, að flest önnur mál norðurálfunnar eru þegar fyrir löngu orðin svo menguð grísk-latneskum lánsorðum, að heiti þau, er hjer er um að ræða, koma þar ekki jafnókunnuglega fyrir, og eru ekki svo óþýð og afbrigðamikil í meðförum, sem í voru máli.

Önnur ástæðan mun talin sú, að með þessum hætti sje þeim gjört hægra fyrir, er nema vilja erlend mál; þeir þekki þá nokkuð af orðaforða þeirra fyrir fram. Við þá ástæðu er það að athuga fyrst og fremst, að það er að eins lítill hluti þjóðarinnar, er lærir útlend mál; öllum fjölda manna eru slík lánsorð mikill erfiðisauki, með því að útlit þeirra bendir að engu leyti til þýðingarinnar; þau standa ein sjer sem gestir og framandi utan alls greinilegs sambands við önnur orð í málinu. Og enn er það, að færu menn að gjöra sjer það að reglu, að innleiða sem flest útlend orð í því skyni, að ljetta tungumálanámið, hlyti það brátt að leiða til römmustu aptúrfara fyrir íslenzk þjóðerni, enda væri þá beinasti vegurinn að takmarkinu sá, að leggja íslenzkuna algjör-

lega niður og taka upp í hennar stað t. d. ensku, þýzku eða frönsku.

Þriðja ástæðan þykist jeg vita muni vera sú, að örðugt sje að finna hnittin íslenzk heiti yfir það, er skilgreina á. Einnig í því efni stöndum vjer Íslendingar öðruvísi að vígi en aðrar þjóðir, því óhætt er að fullyrða, að íslenzkan sje sveiganlegri, mýkri og hagfelldari til nýmyndana, en nokkurt annað núlifandi mál.

Fyrir því leyfi jeg mjer að leggja það til, að skipuð verði nefnd manna til þess að íhuga orðalag frumv., íhuga hvort eigi væri unnt, að finna íslenzk heiti, er setja mætti inn í stað hinna útlendu, eða að minnsta kosti jafnhliða þeim. Vona jeg, að hin háttv. deild sje því ekki mótfallin, að skipa nefnd í málið af þessari ástæðu. Jeg tæ ekki annað skilið, en að hverjum þm. renni í þessu efni blóðið til skyldunnar. Skylda þingm. er að minni hyggju ekki það eitt, að koma fram með viturleg nýmæli, heldur einnig hitt, að vernda allt markvert, er þjóðin á í menningareign sinni, en allra þeirra hluta er tungan dýrmætust. Nú vill svo vel til, að í lagamáli fornmanna eigum vjer hina fegurstu fyrirmynd, svo að full ástæða er til að ætla, að ekki sje ókleift, að halda fram brautina með sæmd. Um önnur efni má vel vera, að menn barmi sjer yfir því með rjettu, hversu örðugt sje að finna erlendum hugtökum íslenzkan búning. En um lagamálið geta þær kvartanir ekki komið til greina, þar sem svo haganlega er í garðinn búið fyrir oss af hálfu fyrri kynslóða.

Tillaga mín er því þessi, að skipuð verði 3 manna netnd í málið.

Ráðherrann: Að minni hyggju er það ekki óverulegasti kostur frumv., að það vill innleiða í vog og mæli sömu heitin og tíðkast hjá öðrum þjóðum Norðurálfunnar. Nýmæli þess mundu ekki koma oss að hálfum notum, ef vjer ættum að burðast með í þeirra stað einhverja ný-gjörvinga, er engir skilja utan þessa lands.

Jeg get ekki verið á sömu skoðun og háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), að íslenzkri tungu sje af þessu nokkur hætta búin. Það er enginn nýr viðburður í sögu málsins, að tekin sjeu upp útlend orð sjerstaklega um nýstárleg menningaratriði. Hvernig var ekki forðum, er kristni kom á Ísland? Þá streymdi inn í málið fjöldinn allur af grískum og latneskum orðum, sem nú eru orðin eigi síður góð og gild, en hver önnur, t. d. *prestr*, *prófastr*, *biskup*, *altari*, *kirkja* og mörg fleiri, er þá voru jafn útlend og metramálsheitin eru nú.

Mjer finnst mestu varða, að orðin sjeu samþýdd málinu og gjörð mýkri í meðförum með því, að setja á þau innlendar endingar; hitt skiptir minnstu, hvort stofninn er tekinn úr grísku eða latínu nokkrum hundruðum ára fyr eða síðar.

Að stjórnarráðið hefur dirfzt að leggja það til, að taka upp allsherjarheitin, sýnir einmitt, að það skoðar íslenzka tungu sem lifandi mál, er hafi fullan þrótt til, að hagnýta sjer öll framvaxtar-skilyrði, en ekki sem dauðan forngrip, er vernda beri sem menjar þess, að eitt sinn hafi Íslendingar átt lifandi mál.

Háttv. Ed. hefur líka fallizt á tillögur stjórnarráðsins í þessu efni. Þar hafa að eins verið gjörðar smábreytingar, er miða að því, að gjöra hin útlendu heiti íslenzkulegri, t. d. að rita skuli *gramm* fyrir *gram* og *tonn* fyrir *ton*. Ef einhverjir hinna háttv. þingmanna þessarar deildar vildu koma fram með smekkvíslegar breytingar í sömu átt, mundi jeg

kunna þeim þakkir fyrir. En hinu vil jeg alvarlega vara menn við, að hætta sjer inn á sama refilstiginn eins og einstöku menn, þegar mál þetta kom hjer inn á þing 1897, og fara að berjast við, að setja meira og minna villandi ný-gjörvinga í stað þeirra heita, sem þau stig mælis og vogar, sem miðuð eru við ákveðinn hluta af ummáli jarðar, bera nú um allan hinn menntaða heim. Með því væri að mínu áliti tilgangi frumvarpsins spillt, að talsverðum mun.

Af þeim sökum er jeg því mótfallinn, að nefnd sje skipuð í málið í þessu skyni.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. Skf.): Þegar þetta mál var til meðferðar hjer um árið á þinginu, komu fram sundurliðaðar breytingartillögur við þau nöfn, sem í frumvarpinu stóðu. Menn vildu setja íslenzk nöfn fyrir þau almennu »evropæisku« nöfn. En þessar breytingar voru svo lagaðar, að þær ljetu í eyrum manna sem orðskrípi. Ef þær breytingartillögur, sem ætla má að háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) muni gjöra við frumv. þetta, verða þeim líkar, þá fæ jeg ekki sjeð, að til neins sje, að tefja þingið með því, að setja nefnd í málið, og jeg fyrir mitt leyti vil alls ekki, að nefnd sje í það sett á þessu stigi, en ef fram kæmu breytingartillögur þess verðar, að nefnd sje í málið sett, er ekkert á móti því, að gjöra það við 2. umr.

Að kalla nöfn þau, sem í frumv. standa, orðskrípi, eins og einn háttv. þingm. hvíslaði að mjer, er hart til orða tekið, þar sem að allar tungur Norðurálfunnar nota þessi nöfn.

Jeg fæ ekki sjeð, að íslenzkunni sje hættara, að taka þessi nöfn upp, en öðrum tungum, t. d. norsku eða dönsku. Þær orðsmíðar þurfa að vera vel vandaðar, sem jafnast eiga við orð, sem tíðkast með öllum þjóðum og skiljist af öllum.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Hinn hæstv. ráðh. taldi það kost á frumv., að upp í það væri tekin algeng útlend orð, sem gjörði mönnum hægara fyrir að skilja útlend mál. Jeg hef tekið fram í fyrri ræðu minni, að þessa ástæðu færðu menn fyrir því, að taka upp hin útlendu nöfn. En nú vil jeg spyrja hæstv. ráðh.: Hversvegna stakk hann upp á því á síðasta þingi, að notuð yrði orðin ritsími, talsími, símskeyti o. s. frv.; hversvegna vildi hann ekki taka upp útlendu orðin »telegraf«, »telefón« og »telegram« og önnur þess konar orð, sem tíðkast í útlendum málum. Ef það hefur ekki verið ráðlegt þá, er það sannarlega ekki betra nú.

Hinn hæstv. ráðh. nefndi ýms orð, sem fyrir löngu eru komin inn í málið, orð, sem allir hafa á vörunum, þegar þeir vitna í lögmæti útlendra orða í íslenzkri tungu: »biskup«, »prófastur«, »prestur« o. s. frv. En í raun og veru er það næsta einkennilegt, ef litið er aptur í tímann, hversu þau orð eru fá, sem á umliðnum öldum hafa komizt inn í málið. Það mun ekki vera skoðun málfræðinga, að málin eigi að þroskast á þann hátt, að taka upp útlend orð, og ef litið er til þeirra tungumála, sem mestan þroska hafa tekið, t. d. frönsku, þá sjezt bezt, að það hefur ekki gjörzt með því, að taka upp útlend orð *(Jón Jónsson:* En enskan?) Ensk tunga hefur ekki heldur þroskast af því. Og hvað þýzkuna snertir, kemur hið sama í ljós. Ef menn lesa þýzkar bækur, sem komið hafa út fyrir 100 árum og þær, sem nú koma út, þá er það ljóst, að tungan hefur miklum þroska tekið. en ekki á þann hátt, að taka upp útlend orð. Í Þýzkalandi er einmitt barizt fyrir því, að útrýma útlendum

orðum, grískum og latínskum, úr málinu.

Háttv. þm. Sk. gat þess, að þegar frumv. um metrakerfið lá fyrir þinginu nú fyrir nokkrum árum, þá hafi komið fram tillögur um íslenzk heiti, sem farið hefðu nærri því, að vera orðskrípi, og því ekki hlotið fylgi. Þetta finnst mjer einmitt gild ástæða til þess að setja nefnd í málið og reyna að finna íslenzk orð, sem betur eigi við. Sami háttv. þm. hneyxlaðist á því, að útlendu heiti voru nefnd orðskrípi. En þau *eru* skrípi og jeg vil miklu heldur nota óviðkunnanleg íslenzk orð, heldur en útlend orðskrípi. Það er fullkunnugt, að minnsta kosti þeim, sem verið hafa í latínuskóla, að mörg af þessum útlendu nöfnum eru samsett úr latneskum og grískum orðum; jeg vil taka til dæmis »centimeter«. Þar er fyrri hlutinn latína, en síðari hlutinn gríska, og nú á að skeyta íslenzku orði framan við og segja »fersentímeter«; á þessu orðskrímsli er þá hausinn íslenzkur, búkurinn latneskur, halinn grískur. Jeg held því fast við, að nefnd sje kosin í málið til að íhuga búning frumv., og tel nægja 3 manna nefnd; reyndar hefur einn þm. stungið að mjer, að rjettast væri að hafa 5 manna nefnd, og skal jeg ekkert hafa á móti því, ef hann gjörir það að appástungu sinni.

Ráðherrann: Háttv. 2. þm. Rvk., hefur ekki skilið mig rjett. Jeg átti ekki við það, að mönnum yrði hægra fyrir að skilja útlendar bókmenntir, ef ef þessi orð væru upp tekin, heldur hafði jeg viðskiptalífið fyrir augum. Mönnum verður miklu hægra fyrir, eptir en áður, í verzlunarviðskiptum við önnur lönd, í öllum almennum vörukaupum frá útlöndum, og vörusölu til útlanda, er notuð eru allsherjar mál með heitum, sem allir skilja.

Sami háttv. þm. sagði, að stjórnin væri ekki sjálfri sjer samkvæm, er hún hefði tekið upp orðin ritsími og talsími o. s. frv., en vildi ekki hafa íslenzk orð yfir metrakerfið. En um þetta er allt öðru máli að gegna. Orðin ritsími og talsími voru fyrir löngu orðin föst í málinu, þau voru komin inn í blöð og rit, og höfðu þannig komizt inn í meðvitund almennings. Allir, sem þekkja tækin, skilja orðin; munu skilja muninn á ritsíma og talsíma. Svo er og það, að við höfum ekki eins mikla þörf á að nota þessi orð í viðskiptalífinu út á við, eins og orð um mæli og vog. Jeg held, að h. þm. gjöri allt of mikið úr hættuuni, sem tungunni er búin af upptöku útlendra orða, og gleymir hann því, að stöðugt meðan íslenzk tunga var í sínum bezta blóma, voru útlend orð tekin upp í hana, og þau orð, sem gátu samþýðzt anda tungunnar, hafa lifað; hin hafa dáið út aptur. Ekki var Snorri Sturluson hræddur við að taka upp útlend orð, og mun þó enginn bregða honum um, að hafa misþyrmt íslenzkri tungu. Hafa sum þeirra orða, sem hann notar, haldizt í málinu, en sum dáið út, svo sem t. d. paðreimur, *ἱππόδρομος*, skeiðvöllurinn í Miklagarði, sem getur í Heimskringlu. Þetta sýnir, að hann hefur verið annarar skoðunar, en háttv. 2. þm. Rvk. í þessu efni.

Jeg vil að eins taka það fram enn út af samanburði á ritsíma og talsíma og þessum orðum, að þó farið væri að mynda íslenzk orð fyrir þessi heiti, þá yrði ekki byggt á neinni áðurfenginni reynslu. Menn vita ekki, hvað orðin eiga að tákna, kílópund t. d. gefur ekki nánari hugmynd um, hvað í orðinu liggur en »kilógramm«, og orðið »pund« er að uppruna eins útlent eins og »gramm«; nýgjörvingar

eru ekki alþýðu skiljanlegri en útlend orð, ef þeir bera ekki ljóst með sjer, hvað þeir tákna. Eins og hinni háttv. þingd. er kunnugt, hefur verið fylgt fastri reglu við tilbúning þessara allsherjar heita, þannig að latnesku töluorðin eru deilandi, en grísku tölnorðin margfaldandi í samsetningunum, og þarf jeg ekki að fara nánar út í það. Það er því ekki rjettmætt, að kalla þessi orð »orðskrípi« eða »kjánalegan tilbúning«.

ATKVGR.: Uppástunga um nefnd felld með 12 atkv. gegn 8.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 13. fundi Nd., miðvikudaginn 17. júlí, kom frumv. (A 71, 94) til 2. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Eptir því, sem umr. fjellu og atkvgr., síðast þegar þetta mál var rætt hjer í deildinni, þykist jeg vita, að ekki muni vera til neins að fara fram á, að sett sjeu íslenzk orð í stað hinna útlendu, sem í frumv. stjórnarinnar standa. Við höfum því ekki farið þess á leit í brt. þeirri, sem við berum hjer upp, heldur höfum við látið okkur nægja, að stinga upp á að hafa íslenzk orð í svigum fyrir aptan útlendu orðin, og ekki einusinni þau öll, heldur einungis við þau, sem algengust mundu verða í daglegu tali. Það leiðir af sjálfu sjer, að þó að þetta verði samþ., eru menn ekki þar með skyldari til þess að nota íslenzku orðin, heldur er það að eins leyft, og mun þá reynslan skera úr því, hvort meira má sín, móðurmálið eða metramálið.

Eins og menn sjá, höfum við valið þá leiðina, að stinga upp á orðum, sem eru til í málinu; hjer má nefnilega fara tvo vegi, annaðhvort þýða útlendu orðin og setja þannig ný orð í málið, eða taka orð, sem áður eru til í málinu og færa þeim nýja merkingu. Það er þetta síðara, sem við höfum gjört.

Það var talað um það við fyrri umr., að öll mál væru undirorpin breytingum, og er það að vísu rjett; en þó að málin hljóti að breytast, þá eru þó ekki allar breytingar jafn eðlilegar; nú er það eðlileg breyting á hverju máli, að orðin breyti smámsaman þýðingu sinni, eða fái aðrar merkingar; í orðabókum má sjá aragrúa af orðum, sem hafa fjölda merkinga; og það er víst, að þær eru ekki allar orðnar til í senn, heldur hafa þær komizt á smátt og smátt.

Orðið »stika«, sem við viljum setja fyrir orðið »metri«, er gamalt orð, og merkir hjer um bil sömu lengd eins og metri (38 þml. eða þar í kring); einnig er stungið upp á því, að hafa »þumlungur« í svigum við »centimetri«. Þetta er alveg sama, sem áður hefur verið gjört hjer á landi, sem sje þegar danska alinin var tekin hjer upp í stað hinnar gömlu svo nefndu íslenzku álnar, sem reyndar var hollenzk. Nafnið »alin« var látið halda sjer og var þó hin nýja danska alin miklu lengri en sú alin, sem áður hafði tíðkazt. Sama má segja um hitt, sem hjer er einnig farið fram á, að setja »lína« í svigum aptan við »millimetri«. Ennfremur er stungið upp á því að kalla kílometra »röst«. Þetta er nú ekki nýtt, því almenningur er þegar farinn að nota orðið röst, og í ritmáli er það ekki óalgengt. Það er gamalt orð, sem ekki hefur neina ákveðna merkingu í íslenzku; á rússnesku er til sama orðið, »Werst«, og þýðir þar vegalengd, sem er lítið eitt lengri en kílometri. Orðin »reitur« og »teigur« tákna mjer vitanlega heldur ekki neitt ákveðið

flatarmál (*Þórhallur Bjarnarson*: Jú, á Austurlandi). Jæja, þá að minnsta kosti mjög óvíða. En betur láta þau í eyrum, en »ari« og »hektari«.

Við höfum enn fremur stungið upp á þeirri litlu breytingu, að í staðinn fyrir »rúmmál« sje sett »lagarmál«. Jeg veit ekki betur, en að »lítri« sje eingöngu lagarmál; jeg hef aldrei heyrt talað um, að t. d. stofa væri svo eða svo margir lítrar; »lagarmál« er algengt orð og er notað í flestum íslenzkum reikningsbókum. Kílógram vita allir að er sama sem 2 pund. »Tvípund« mætti kalla nýyrði, en það er líka einasti nýgjörvingur, sem við berum á borð. Mjer finnst orðið viðfelldið vegna þess, að kílógrammið er eiginlega of stór eining; menn kaupa venjulega í minni skömmtum en svo; það væri þessvegna til þæginda að hafa »pund« til að tákna hálft kílógram og halda þannig fornri venju. Orðið »met«, sem við viljum fyrir »gram«, er gamalt orð, sem þýðir sama sem »lóð« nú, það er að segja lóð, sem vegið er með á vogarskál. Það hefur horfið úr málinu, en að eins haldizt í einni samsetningu, nefnilega í orðinu »metaskál«. Hvers vegna á að fara að lögfesta orðið »ton«, en ekki halda orðinu »lest« og láta það hafa sömu merkingu og »ton«; þetta get jeg alls ekki skilið.

Jeg hefði átt að geta þess strax, að við höfum komið með breyt.till. við 1. gr. Þar eru tvær málsgr. samhljóða að efni til, sú fyrri hljóðar svo: »Mæli og vog skal af metrakerfi leiða á Íslandi«. Og jeg held, að það væri ekki mikill skaði í henni, þó hún væri felld í burtu; nema mönnum hafi þótt ástæða til að taka það fram, að frumv. gilti á *Íslandi*, af því að svo mikið af því er samið á *útlendu* máli. En það, sem einkennir þetta mál, er ekki það, að það er leitt af metrakerfi, heldur hitt, að það hleypur á tugum. Þess vegna skil jeg ekki, hvað því er til fyrirstöðu, að það megi heita tugamál. Það hefur áður legið fyrir þinginu frumv. sama efnis. og í því var málið nefnt »tugamál«.

Jeg skal svo láta hjer staðar numið að sinni; við höfum sem sagt ekki talið til neins að hreyfa við þessum fögru latnesku og grísku nýgjörvingum heldur að eins farið fram á, að íslenzk orð fái að hirast í svigum aptan við útlendingana,

Lárus H. Bjarnason (þgm Snæf.): Það er mjög lofsverð viðleitni að reyna að smíða íslenzk orð, og festa þau í málinu í staðinn fyrir útlend orð, en þó er sú viðleitni því aðeins góð, að henni sje haldið innan vissra takmarka. Það, sem jafnan verður að heimta af nýjum orðum, er í fyrsta lagi það, að þau sjeu ekki villandi, í öðru lagi, að þau svari til þeirrar hugsunar, sem þau tákna, og í þriðja lagi, að vel fari á þeim í málinu.

Um flest þau orð, sem í þessari brtill. er farið fram á að lögfesta í málinu, er það að segja, að þau stranda þegar á fyrsta skilyrðinu; eru beint villandi. Það er farið fram á, að metri sje kallaður stika. En metri og stika tákna ekki sömu lengdina; ein stika er sama sem $1^1/_2$ alin, en einn metri er því sem næst $38^1/_5$ þumlungur. Þumlungur er rúmlega $2^6/_{10}$ centimetrar og á þó að tákna 1 centimetra! Teigur táknar nú víðast hvar hjer á landi fastákveðið flatarmál, 900 □ faðma í túni, en 1600 □ faðma á engjum. Líter er 1,035 pottar, og væri þess vegna villandi að kalla hann pott. Met er ekki beint villandi, það mun vera haft í gömlu máli um lóð yfirleitt. En orðið lest er beinlínis röng þýðing á orð-

inu tonn; eitt tonn er ½ lest og hefur því hingað til verið kallað smálest. Það er rjett, og öllum orðið tamt.

Orð þessi eru því ekki að eins röng í þessari nýju merkingu; þau eru röskun á rjettum hlutföllum, og nauðgun á rjettu máli. Að kalla t. d. centimetra þumlung er áviðlíka mikil fjarstæða og að kalla einn þrjá eða hjeraðslækni landlækni. Eða mundi manni, sem kæmi í búð og beiddi um 24 þumlunga af silki, ekki bregða kynlega við, að fá ekki nema 24 centimetra? —

Jeg held, að það sje þýðingarlaust og óþarft, að reyna að stympast á móti þessum orðum, þó útlend sjeu. Jeg veit ekki betur, en menn láti sjer vel líka, að tala um »blýant«, »jakka«, »penna«, »úr« o. s. frv., og þó eru öll þessi orð útlend að uppruna. Hefði verið um verulega falleg og smellin ný-yrði að ræða, þá hefði verið sjálfsagt, að taka þau upp í stað útlendu orðanna, en því er ekki að heilsa hjer.

Að því er jeg frekast veit, þá hafa aðrar þjóðir heldur ekkert á móti því, að einstöku útlend orð sjeu tekin upp í þeirra mál — ekki síst Frakkar, sem jeg nefni af því, að háttv. flutningsmaður breyt. tillögunnar nefndi þá um daginn í þessu sambandi; mjer er kunnugt um — þó jeg sje ekki eins mikill frönskumaður eins og háttv. flutningsmaður, — að þeir hafa útlend orð yfir t. d. öll »sports«-heiti o. fl. — Allir, sem eitthvað þekkja enska og þýzka tungu, vita hvernig þar úir og grúir af útlendum orðum.

Af þessum ástæðum, þá get jeg ekki einu sinni greitt atkvæði með því, að veitt sje heimild til þess, að nota þau orð, sem farið er fram á í breytingartillögunni.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvík): Í raun og veru gæti jeg sparað mjer, að svara háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) af því, að jeg var búinn að minnast á öll þau atriði, sem hann tók fram. Jeg hafði sagt, að menn mundu kalla það villandi, að breyta merkingu orða. En jeg hafði bent á, að það, sem jeg vil gjöra við orðið *þumlung*, hefur áður átt sjer stað um orðið *alin*; áður þýddi það, eins og kunnugt er, allt annað; síðar var merkingu þess breytt, og var það þá ekki talið villandi; viðbrigðin gleymdust fljótt. Og eins mun fara hjer. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) minntist sjerstaklega á orðin *þumlungur* og *lína*. Um þau gildir vitanlega alveg hið sama; það eru gömul orð, sem tekin eru hjer upp í nýrri merkingu, samkvæmt þeirri aðferð, er margsinnis hefur verið beitt í löggjöf landsins; mun háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) eflaust kannast við hana, ef hann bara vill. Og orðinu *stika* fann hann það einnig til foráttu, að það væri hjer látið tákna annað, en það hefði táknað áður. Það sagði jeg líka. En hvað segir þá háttv. þm. um orðið *eyrir*? Hann veit þó víst, að í gamla daga hafði það allt aðra merkingu, eða máske hann vilji nema það á brott úr málinu! Og hvað segir hann um orðið *mörk*? Veit hann ekki líka, að fyrrum hafði það allt aðra merkingu? Þannig mætti nefna ótal dæmi. Og jeg verð að halda því fast fram, að það er einmitt sá eðlilegi framvöxtur í hverju máli, að orðin breyti þýðingu eptir því sem tímar líða.

Að mæla með útlendum orðum fyrir þá sök, að til sjeu áður í málinu útlend orð, nær engri átt. Jeg skil ekki, hvernig nokkrum skynbærum manni getur komið slíkt til hugar. Hjer er að ræða um annað af tvennu, hvort menn vilji heldur leggja framt á með, að innleiða sem mest af út-

lendum orðum, eða bægja þeim sem mest á bug. Þeir háttv. þingdeildarmenn, sem halda, að það muni verða móðurmáli voru til mestrar blessunar í framtíðinni, að sækjast eptir erlendum heitum, munu greiða atkvæði með frumv. óbreyttu. En hinir, sem telja það hagkvæmlegast fyrir framtíð málsins, að verja það sem bezt útlendu aðstreymi, hljóta að hallast að breytingartillögum okkar. Það er ekki til neins fyrir andmælendur þeirra, að vitna í önnur tungumál, því að það yrði að eins til stuðnings mínu máli. Allar þjóðir gjöra sjer far um það, að stöðva innstrauminn úr öðrum málum; svo er ekki sízt um Þjóðverja, er háttv. þm. þekkir svo mæta vel til. Hann skírskotaði til frönskunnar. — En jeg get fullvissað hann um, að það eru fáar þjóðir, sem gæta þess jafn-vandlega og einmitt Frakkar, að verja tungu sína erlendum áhrifum. Það sem vakir fyrir okkur flutningsmönnum breytingartillaganna er það, að tryggja málinu fullkomna vernd löggjafarvaldsins gegn erlendum áhrifum, er breyta mega eðli þess. — Líklega gjörir það litinn mun, hvort þetta er rætt að sinni lengur eða skemur, því jeg býst við, að háttv. þingdeildarmenn hafi ákveðið atkvæði sitt nú þegar. En eitt er mjer þó til huggunar í þessu efni, sem sje það, að lög þessi eiga ekki að koma í gildi fyrr en eptir 2 ár, svo að enn er tími til stefnu, að koma hinum útlenda orðagraut fyrir kattarnef.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Þrátt fyrir ræðu háttv. flutningsm., verður það ekki útskafið, að mörg af þeim heitum, er stungið er upp á í breyt.till., eru beinlínis villandi. Það stoðar ekki að skírskota til fyrri tíma; við verðum að ganga út frá málinu eins og það er, en ekki eins og það var til forna eða verður einhverntíma í framtíðinni. Að fara allt í einu að láta *þumlung* tákna sentímeter er blátt áfram brjálsemi. Fleiri svipuð dæmi mætti nefna. Eitt fyrir sig er það, er háttv. flutningsm. telur rúmmál sama sem lagarmál *(Guðm. Björnsson:* Ekki jeg, heldur frumvarpið!). Við mundum þá eiga að mæla salinn hjerna í lagarmáli! Það ætti þó að mega ætlazt til þess af flutningsm. sem bindindismanni, að hann þekkti mun á fljótandi vöru og föstum líkömum. Tillögur háttv. flutuingsm. ná heldur ekki til allra útlendu orðanna í frumv. Þær taka ekki nema til sumra. Og er þessvegna því minni ástæða til að samþykkja þær, sem vjer höfum útlend orð í frumv. eptir sem áður, að jeg ekki nefni aragrúa af útlendum orðum annarsstaðar í ritum og ræðum, t. d. í fagi háttv. flutningsm., er hvorki honum nje öðrum hefur dottið í hug að íslenzka, t. d. laxerolía, ópíum o. fl.

Úr tilraunum manna í öðrum löndum, t. d. Þýzkalandi til þess að koma í veg fyrir erlend áhrif á mál sitt, virtist mjer háttv. framsm. gjöra helzt til mikið. Mjer fyrir mitt leyti er ekki kunnugt um, að menn gjöri sjer þar meira far en áður um að sporna við útlendum orðum, nema ef vera skyldi það, að hirðinni er illa við franska matseðla. Í daglegu tali veit jeg að úir og grúir af útlendum orðum.

Annars er engin ástæða til að þreyta háttv. deild með kappræðum um þetta efni.

Ráðherrann: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli á nokkrum formlegum atriðum. Háttv. flutningsm. hafa gjört breyt.till. við 3. gr. frumv., en ekki við hina 5., en þar er samband á milli,

sem eigi má rjúfa, því að í 5. gr. er sagt, hve margir sentímetrar sjeu í þumlungi, en á 3. gr. vilja þeir gjöra þá breytingu, að sentímetri sje sama sem þumlungur. Sama er að segja um línu og millimetra. Það sjá allir, að ógjörningur er að samþýða svo mótstæða hluti í sama frumv., og þessvegna ekki tiltök að samþykkja breyt.-till., nema með því að fella burtu 5. gr.

Jeg er samþ. háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) í því, að eigi sje heppilegt að innleiða nýjar merkingar í þau orð, sem vjer nú höfum yfir mæli og vog. Það er ætíð til ergelsis og trafala, þegar sama verðtáknunin hefur mismunandi gildi á ýmsum tímum, svo sem t. d. orðið *eyrir*. »lóð silfurs«, alin o. s. frv. Það þarf opt heilmikinn lærdóm til þess, að geta skilið hvað við er átt í hverjn einstöku tilfelli, og ættum við ekki að vera að búa til meira af þeim erfiðleikum. Auk þess finnst mjer öll þessi viðleitni til þess að fá hlutina nefnda öðrum, en sínum rjettu nöfnum, harla óviðfeldin. »Sentimetri« er heiti á tiltekinni stærð og þumlungur er heiti á annari ákveðinni stærð, á sama hátt eins og orðið »hundur« er heiti á ákveðinni dýrategund og »köttur« á annari. Að lögbjóða, að sentimeter skuli hjer eptir heita þumlungur, er svipað eins og að ákveða, að það, sem hingað til hefur verið kallaður »hundur« skuli eptirleiðis nefnast »köttur eða þvílikt.

Viðvíkjandi breyt.till. við 1. gr. skal jeg taka það fram, að mjer virðist svo, sem háttv. flutuingsm. hafi ekki gjört sjer það ljóst, að tugakerfi er alls ekki hið sama og metrakerfi. Tugakerfið höfum vjer þegar fengið fyrir löngu í peningareikningi og vog. Með því, að »tugakerfi skuli ráða í skiptingu mælis og vogar«, er ekkert sagt um frumeining þá, sem miðað er við. Það þarf að ákveða, út frá hvaða grundvelli er gengið. Metri er ekki stærð, sem er gripin úr lausu lopti, heldur viss hluti af ummáli jarðar. Við þá stærð er svo allt annað miðað. Lítri er $^1/_{1000}$ hluti teningsmetra. Einn lítri vatns á vissu hitastigi er eitt kílógramm, og er það frumeining vogarinnar. Þannig er hjer allt leitt út af hinum sama grundvelli, og þess vegna er 1. gr. þannig orðuð, að mæli og vog skuli af metrakerfi leiða. En eptir að grundvöllurinn er ákveðinn, er svo fyrirmælt, að tugakerfið ráði í skipting mælis og vogar. Álít jeg því, að greinin sje rjett, eins og hún er í frv. og geti ekki verið styttri, ef segja skal allt það, er í henni er sagt.

Þá er enn stungið upp á því, að aptan við 2. málsgr, þessarar gr., sje bætt orðunum: »á Íslandi«. Það er óþörf endurtekning, þar sem þau orð standa í næstu línu á undan. *(Guðm. Björnsson o. fl.:* En sú lína átti að falla burtu). Ef ekki er ástæða til að hafa þau orð í fyrri málsgreininni, þá þarf þeirra ekki í hinni síðari.

Af þeim ástæðum, er jeg hef greint, get jeg ekki sjeð annað, en að það væri mikil skemmd, að innleiða í frv. »tugakerfi« í stað »metrakerfi« og »tugamál« og »tugavog« og tel jeg fyrirsögn frumv, betri eins og hún er, en eins og breyt.till. fer fram á,

Jeg vil endurtaka það, sem jeg áður hef sagt við 1. umr. þessa máls, að jeg álít það einn af kostum frumv., að það innleiðir samskonar heiti og kunn eru hvervetna annarsstaðar með menntuðum þjóðum; það mun ljetta að mun viðskipti vor við umheiminn. Og eins vil jeg endurtaka það, að jeg álít tungunni enga hættu búna af þessu. Hún á framvegis að vera lifandi mál, en ekki neitt smurt lík, er farið sje með eins og forngrip á safni.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætla ekki að taka að mjer að verja allar þær breyt.till., er standa á þgskj. 94, og jeg er ekki heldur að öllu leyti á sama máli og háttv. 2. þm. Rvk. Jeg hygg, að það sje óþarfi, að varna öllum útlendum orðum inngöngu í málið; álít rjett, þegar þess gjörist þörf, að taka upp þau orð, er vel geta samþýðzt eðli málsins.

En það sem mælir með því, sem hjer er farið fram á, að setja íslensku heitin með, innan sviga, er það, að það er óviðkunnanlegt, að svo líti út, sem þau sjeu lögbönnuð, hvort sem þau nú eru nýyrði, eða góð og gömul íslenzk orð. Og það er sitt hvað, að vilja innleiða ný orð, eins og frumv. gjörir, eða að reyna að útrýma góðum íslenzkum táknunum, er nota mætti í almennu máli. Það má ekki, og þess vegna styð jeg brtill.

Hæstv. ráðh. gat þess, að breytingarnar á 3. gr. riðu í bága við 5. gr., ef hún stendur óbreytt. Það er satt. Það þyrfti að laga 5. gr., en jeg sje ekki, að neitt sjerstakt hugvit þyrfti til þess, að bjarga því við án þess að eyðileggja breyt.till., eða kippa burt 5. gr.

Ráðherrann: Jeg álít alveg villandi, að hleypa þessum íslenzku heitum með innan sviga. Ef menn endilega vilja fá einhverjar aðrar táknanir, er nota mætti í daglegu tali, þá væri miklu nær, að víkka heimild stjórnarráðsins til að ákveða styttingar þannig, að það gæti einnig löggilt einhverjar táknanir, er kynnu að ryðja sjer til rúms í innanlands viðskiptum. Hitt verður aldrei nema ólán.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Það getur verið álita mál, hvort þessi heiti eru villandi, eins og sumir hafa haldið fram hjer. Þeir, sem góðan skilning hafa, munu ekki misskilja þau, og skilningurinn kemur líka smám saman, þá er menn taka að venjast þeim. Það skyldi þá helzt vera orðið þumlungur, og er það þó ekki beinlínis villandi. (*Lárus Bjarnason:* En lína þá? Er það ekki villandi?). Lína er ágætt. Það getur verið, að margt sje villandi fyrir háttv. þm. Snæf.; það þurfi svo lítið til þess að villa hann.

Jeg vil ekki fjölyrða meira um þetta að sinni, en vona, að þingið fari ekki að útrýma með valdi, góðum og gömlum íslenzkum táknunum máls og þyngdar.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þgskj. 94 við 1. gr. frumv., felld með 17 atkv. gegn 4.

2. breyt.till. (94) við 1. gr. frumv. þar með fallin.

1. gr. óbreytt samþ. með 20 samhljóða atkv.

2. gr. samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. við 3. gr. (stika) felld með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jóhannes Ólafss.,	Hannes Hafstein,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Thorlacíus,	Hermann Jónass.,
Pjetur Jónsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thóroddsen,	Lárus H. Bjarnas.,
St. Stef., þm. Skgf.,	Magnús Andrjess.,
St. Stef., þm. Eyf.	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

2. breyt.till. (þumlungur) við 3. gr. felld með 15 atkv. gegn 5.

3. breyt.till. (lína) við 3. gr. felld með 15 atkv. gegn 6.

4. breyt.till. (röst) við 3. gr. felld með 13 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson.,	Guðl. Guðmundss.,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Andrjesson,	Hannes Þorsteinss,
Ólafur Ólafsson,	Hermann Jónasson,
Ólafur Thorlacius.	Jón Jónsson.
Pjetur Jónsson.	L. H. Bjarnason,
Skúli Thóroddsen.	Magn. Kristjánss.,
St. Stefánsson, Skgf.	Ólafur Briem,
St. Stefánsson, Eyf.	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

5, breyt.till. (ferstika) við 3. gr. felld með 15 atkv. gegn 7.

6. breyt.till. (reitur) við 3, gr. felld með 14 atkv. gegn 10.

7. breyt.till. (teigur) við 3. gr. felld með 14 atkv. gegn 9.

8. breyt.till. (lagarmál) við 3. gr. felld með 14 atkv. gegn 6.

9. breyt.till. (pottur) við 3. gr. felld með 14 atkv. gegn 11.

10. breyt.till. (tvípeli) við 3. gr. felld með 13 atk. gegn 12.

11. breyt.till. (met) við 3. gr. felld með 14 atkv. gegn 7.

12. breyt.till. (lest) við 3. gr. felld með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Arni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðm. Björnsson,	Björn Bjarnarson,
Jóhannes Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Ólafur Ólafsson.	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Thorlacius,	Hannes Hafstein,
Pjetur Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
Skúli Thoroddsen,	Hermann Jónass.,
St. Stefánss., Eyf.,	Jón Jónsson,
St. Stefánss. Skagf.	Lárus Bjarnason,
	Magnús Andrjesson,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

13. breyt.till. (tugakerfi) við 3. gr. felld með 15 atkv. gegn 7.

14. breyt.till. (tugamál) við 3. gr. felld með 15 atkv. gegn 7.

15. breyt.till. (tugavog) við 3. gr. felld með 15 atkv. gegn 7.

3. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. sþ. með 20 shlj. atkv.
5. gr. — — — 22 — —
6. gr. — — — 21 — —
7. gr. — — — 23 — —

Fyrirsögn breyt.till. felld með 15 atkv. gegn 4.

Fyrirsögn frumv. talin samþykkt án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 15. fundi Nd., föstudaginn 19. júlí kom frumv. (A. 71) til 3. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þingm. Rvk.): Þegar þetta frumv. var til 1. umr. hjer í deildinni, sagði einn háttv. þingm., þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að hann væri mótfallinn því, að skipuð yrði nefnd í þetta mál þá; en færi svo, að einhverjar aðgengilegar breyt.-till. kæmu í ljós, þá væri tími til að setja nefnd. Nú fór svo við 2. umr., að talsverðum breytingum var hreyft, og höfðu sumar þeirra svo mikið fylgi að þær voru felldar með að eins eins atkv. mun, og sumir háttv. deildarm. sögðu við mig á eptir, að þeir mundu hafa samþ. þær, ef þeim hefði verið full-ljóst hvernig í þeim lá. Jeg vil því leggja til, að nú verði skipuð nefnd í þetta mál, og umræðunni frestað.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) beindi því að mjer, að jeg hefði látið í ljósi við 1. umræðu þessa máls, að jeg mundi samþykkja, að nefnd væri sett í þetta mál við síðari umræður þess, ef einhverjar verulegar breytingar kæmu fram í því (*Guðmundur Björnsson:* það sagði jeg ekki), jú, eitthvað í þá áttina. En nú hafa enn engar þær breytingar verið gjörðar við frumv., sem að mínu áliti gjöra nefnd nauðsynlega. Við þessa 3. umr. hefur alls engin breyt.till. komið fram. Jeg sje því enga ástæðu til, að fara að setja nefnd í málið nú, en hins vegar væri jeg því meðmæltur, að málið yrði tekið út af dagskrá til morguns, svo að hinum háttv. þm. Rvk. gæfist kostur á, að koma með breyt.till. við það, ef hann álítur þess þörf, eða ef hann heldur, að einhverjir háttv. þingdeildarmenn vilji heldur ganga að fyrri breyt.till. hans hornklofalansum, heldur en með hornklofunum, sem voru í breytingartillögunum við 2. umr. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að málið verði tekið út af dagskrá að þessu sinni.

ATKV.GR.: Samþykkt að taka málið út af dagskrá með 14 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Einar Þórðarson,	Hannes Þorsteinss.,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jónsson,
Guðm. Björnsson,	L. H. Bjarnason,
Hermann Jónass.,	Magnús Kristjánss.,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Briem,
Magnús Andrjess.,	St. Stefánss., Skgf.,
Ólafur Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Thorlacius,	Þórh. Bjarnarson.
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thóroddsen.	
St. Stefánsson, Eyf.	

Á 19. fundi Nd., miðvikudaginn 24. júlí, kom frumv. (A 71) til 3. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.) Þetta mál var fyrir mín tilmæli tekút af dagskrá fyrir nokkrum dögum, til þess að hægt væri að undirbúa nefndarkosningu, ef hin háttv. deild samþykkir nefndarskipnn.

Eg tel enga þörf á, að færa frekari rök, en jeg áður hef gjört, fyrir því, að ástæða sje til, að íhuga þetta mál nánar, áður því er sleppt út úr deildinni. Leyfi jeg mjer því að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg hef hvorki heyrt nje sjeð stungið upp á öðrum táknunum en þeim, er hjer láu fyrir á dögunum, og kalla mætti þumlungsheitin. Nú vildi jeg spyrja hinn háttv. þingmann, hvort haun hefur á hraðbergi nokkur bragðbetri nöfn en þau, því að jeg sje enga ástæðu til, að vera að skipa nefnd út í bláinn. Enn er ekkert komið fram, er geti rjettlætt nefndarskipun. Að vísu var það gefið eptir, að málið væri tekið út af dagskrá. En það út af fyrir sig er nægileg villa, þótt ekki sje ratað í aðra verri. Tíminn er naumur og nóg að vinna, og má sízt eyða honum til óþarfa snúninga.

Guðmundur Björnsson: Jeg get ekki skilið, að það muni tefja störf þingsins að neinu ráði, þótt skipuð verði í málið að eins þriggja manna nefnd.

En þeirri spurningu hins háttv. þm., hvort jeg hafi nú nokkur bragðbetri nöfn að bjóða en fyr, læt jeg svarað með því að minna á, að breyt.till. okkar virtust falla mönnum allvel í

geð, og þrjár af þeim voru felldar með að eins eins atkvæðismun; enda ljetu nokkrir þm. þess getið eptir á, er atkvæði höfðu greitt á móti, að þeir mundu ekki hafa gjört það, ef heitunum hefði verið öðruvísi raðað.

Jeg hef ekki ætlað mjer að koma fram með breyt.till. við þessa umr. En jeg efast ekki um, að hinni væntanlegu nefnd muni heppnast að finna einhver orð, er bragðbetri megi verða hverjum þeim, er ann móðurmáli sínu, en hin útlendu heitin.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. þm. kvað nefndarsetningu ekki mundi tefja fyrir störfum þingsins. En má jeg spyrja, er það þá meiningin, að menn eigi ekkert að gjöra í þessari nefnd? Flestir munu þó ganga út frá því, að eitthvað yrði gjört þar. Og víst mætti ætla, að verk nefndarinnar yrði ærið tafsamt, ef vel ætti að fara um orðasmíðarnar, þar sem öðrum eins manni og háttv. 2. þm. Rvk (G. Bj.), og fjelögum hans, hefur til þessa ekki tekizt betur en raun er á orðin, þrátt fyrir kappsamlega viðleitni.

Háttv. þm. gat þess, að sum af hinum íslenzku heitum hefðu fengið góðan byr við 2. umræðu málsins. En getur hann byggt nokkra sigurvon á því, þó að örfá atkv. bættust við. Jeg veit ekki betur, en í Ed. standi 13 atkvæði með því, að þar verði frumv. samþykkt eins og það var upphaflega. Hvaða þýðingu hefur það þá, að vera að látast bræða þetta lengur hjer í deildinni? Ekki aðra en tímatöf.

ATKV.GR.:

Samþ. að skipa 3 manna nefnd í málið með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Hannes Þorsteinss.,
Guðm. Björnsson,	Hermann Jónasson,
Jóhannes Ólafsson,	Jón Jónsson,
Ólafur Ólafsson,	L. H. Bjarnason,
Ólafur Thorlacíus,	Magnús Andrjess.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thóroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,
St. Stefánss., Eyf.	Þórh. Bjarnarson.
St. Stefánsson, Skgf.	

Í nefndina voru kjörnir með hlutfallskosningu:

Guðm. Björnsson,
Þórhallur Bjarnarson,
Ólafur Ólafsson.

Í nefndinni var Þórhallur Bjarnarson kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari og framsögumaður.

Á 28. fundi Nd., mánudaginn 19. ágúst, kom frumv. (A 71, 246) til framhalds 3. umr.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg get verið stuttorður um þetta mál að þessu sinni. Eins og hin háttv. deild sjer á nefndarálitinu, hefur nefndin orðið sammála, þó menn ef til vill ekki hafi búizt við því, um að gjöra lítilfjörlega breytingu við frumv., sem vænta má, að nái samþykki hinnar háttv. deildar og eins efri deildar.

Jeg skal ekki fara að rifja upp aptur það, sem talað hefur verið með og móti því, að hafa íslenzk heiti í stað útlendra, en jeg vil að eins geta þess frá mínu sjónarmiði og þeirra annara, sem hafa vilja íslenzk heiti, að þingdeildin er ekki heppilegur staður til að ákveða, hver þau heiti skuli vera; það mál er hentugra að athuga í ró og næði, og því er hjer í áliti nefndarinnar lagt til, að stjórnin geti ráðið því, hver íslenzk nöfn megi nota. Það er því undir stjórninni komið, hvort hún vill styðja að því, að íslenzk heiti

verði notuð. Jeg fyrir mitt leyti efast ekki um, að stjórnin noti þessa heimild, ef hún finnur, að það er almennur vilji manna, en ef enginn æskir þess, að íslenzk heiti sjeu tekin upp, þá verður ekki að því fundið, þó að stjórnin gjöri ekki neitt í því efni.

Jeg vona, að þessi litilfjörlega breyting verði samþ. og gangi þreflaust í gegn um þingið.

Ráðherrann: Að því er þessa breytingu snertir, skal jeg geta þess, að þó hún verði samþykkt, þykir mjer sennilegt, að stjórnin biði átekta fyrst um sinn til þess að vita, hvað í gjörist bæði um notkun útlendu orðanna og til þess að vita, hvort nokkur innlend heiti vinna hylli hjá almenningi og eru líkleg til þess að geta náð festu í málinu. Það má því enginn kippa sjer upp við það, þó jeg fyrir mitt leyti ekki gjöri ráðstafanir hjer að lútandi í bráðina, þótt till. verði samþykkt.

ATKV.GR.

Brt. nefndarinnar (á þgskj. 246) sþ. með 13 atk.

Frv. í heild sinni sþ. í e. hlj.

Frv. var endursent til forseta Ed.

Á 33. fundi Ed., fimmtudaginn 22. ágúst kom frumv. (A 301) til einnar umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Eptir því, sem jeg fæ bezt sjeð, þá hefur ekki frv. þetta tekið öðrum breytingum frá því er það var hjer síðast, en þeirri, að færð er inn síðast í 3. gr. frv. lagaheimild fyrir stjórnarráðið til þess að ákveða, hvaða íslenzk heiti megi nota jafnhliða útlendu orðunum. Jeg álít, að þessi laga heimild sje óþörf og gagnslaus, en ekki að því meinlaus, ef henni væri beitt, því að það gæti gjört glundroða á nöfnunum, en í því trausti, að stjórnarráðið noti sjer ekki þessa heimild, þá mun jeg greiða atkv. með frumv. og vona, að háttv. deild gjöri það líka.

ATKV.GR.

Frumv. samþ. með öllum atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XIX. Gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.

A 3. fundi Nd., fimmtud. 4. júlí kom frv. til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter til 1. umr.

Ráðherrann: Sá mikli munur, sem er á aðflutningsgjaldi á tóbaki og vindlum í núgildandi tolllögum, hefur gjört vindlatollinn að verndartolli fyrir vindlagjörð hjer, sem er með öllu óeðlilegur atvinnuvegur fyrir Íslendinga og vantar öll skilyrði hjer á landi, en er að eins til þess að svipta landssjóð tekjum. Það er þó augljóst, að meiningin með því að leggja tollgjald á tóbaksvindla, er sú, að útvega landssjóði tekjur, en ekki sú, að auðga fáeina menn, með því að gefa þeim tækifæri til að selja vöru sína of háu verði. Sama er að segja um tollinn af bitter. Að vísu mun sá afarhái tollur, sem er á bitter og bittervökva ekki eingöngu hafa verið lagður á af fjárhagslegum ástæðum, heldur til þess að sporna við allt of miklum innflutningi af uppskrúfuðum leyndarlyfjum. En sá tilgangur hefur

misheppnazt. Bitterbrúkunin er eins mikil. Verðið, sem gjaldendur borga, er miklu hærra en áður en tollurinn kom, en tekjur landssjóðs af bittertolli eru svo sem engar. Þetta kemur til af því, að bittergjörðarmenn hafa gjört sjer hægt um hönd, sent hingað bitterefnin og látið búa bittervökvann til hjer í landi, hækkað verðið sem tollinum nam, eða allt að því, og stungið í vasa sinn, ekki að eins hinu óguðlega uppskrúfaða verði, sem kynjalyfið áður var selt fyrir, heldur auk þess tollupphæðinni, sem landssjóður átti að fá.

Í Ed. komu fram á síðasta þingi tvö frumv. um frímerkjatoll á vindlum og bitter, sem úr þessu áttu að bæta; en þau náðu ekki fram að ganga. Í þessu frumv. er þessum ómaklega vernduðu framleiðslugreinum báðum slegið saman í eitt frumv., og stungið upp á skatti, sem á að leggjast á framleiðslu vörunnar hjer. Einkum að því er bitterinn snertir, er nauðsynlegt, að ákvæði laganna nái einnig til þess, sem búið er að framleiða eða búið verður að framleiða af þessum vökva, áður en lögin öðlast gildi, og verður því gjaldið í framkvæmdinni að vera sem sölugjald, og vona jeg, að þau ákvæði, sem sett eru til tryggingar eptirliti, sjeu auðveld í framkvæmd og fullnægjandi. Að öðru leyti fer jeg ekki frekar út í einstök atriði í þetta sinn, en vona, að háttv. deild taki þessu máli vel.

ATKV.GR.: Frv. vísað í e. hlj. til 2. umr. og til skattamálanefndarinnar (sjá V. mál hjer að framan).

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 13. ágúst kom frumv. (A162, 163) til 2. umr.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur nefndin breytt frumv. talsvert og gjört grein fyrir þeim breytingum í nefndarálitinu; það er því ekki þörf á miklum ræðum um frumv., því síður sem engar breyt.till. hafa komið fram við það, aðrar en þær, sem frá nefndinni eru.

Það, sem nefndin fann að frumv., var það, að það væri ekki nógu yfirgripsmikið; henni þótti sem ekki væri loku skotið fyrir það, að gjaldið yrði verndartollur. Hins vegar þótti henni frumv. nokkuð strangt, það er til vindlagjörðar kemur, því að með ákvæðum þess yrði þeim mönnum, sem byrjað hafa þá atvinnugrein, gjört nálega ókleift að halda henni áfram. En nefndin telur það ekki rjett að hnekkja þeirri atvinnu, sem á fót er komin, að óþörfu. Loks taldi nefndin, að ákvæðin um eptirlit með innlendri vindlagjörð væru nokkuð margbrotin, og óttaðist nefndin, að þau mundu verða óhagkvæm í framkvæmdinni; vill nefndin, að stjórninni sje falið að setja einfaldar reglur um það, reglur, sem jafnan mætti breyta, ef þörf væri og ekki mætti bíða næsta þings.

Um einstakar breyt.till. nefndarinnar þarf ekki mörg orð, jeg skal að eins fara örfám orðum um tvær þeirra, sem minnst er um talað í nefndarálitinu. Í frumv. er ætlazt til, að gjaldið sje greitt þegar er lögin hafa öðlazt gildi, og jafnt af þeim birgðum, sem fyrir liggja, sem þeim vörum, er síðar eru framleiddar; með öðrum orðum: lögunum er ætlað að ná aptur fyrir sig. Þetta þykir nefndinni ekki rjettlátt og telur, að það mundi koma hart niður, ekki sízt á þeim mönnum, sem keypt hafa vörurnar til sölu, enda hafa vindlakaupmenn mjög lítið getað selt, eptir að frjettist um, að frumv. þetta væri til meðferðar á þinginu, fyrir því að menn hafa óttast, að skatt yrði að greiða af vindlunum.

Breyt.till. við 4. gr. hnígur að því að gjöra eptirlit með sölunni hægara; í henni er vörugjörðarmönnum bannað,að selja fyrir minna en 25 kr. í senn. Það er augljóst, að eptirlitið yrði bæði erfiðara, fyrirhafnarmeira og vandameira, ef vörugjörðarmenn mættu selja mjög lítið í senn, eða svo lítið sem þeim sýndist. Það verður ekki sjeð, að þeim eða viðskiptamönnum þeirra sje nokkur bagi að þessu ákvæði.

Við hegningarákvæði síðustu greinar frumv. hefur nefndin gjört nokkrar breytingar eptir ráði formanns nefndarinnar, sem er lögfróður maður; skal jeg ekki fara um þær fleiri orðum, því að hann mun verða fyrir svörum, ef um þær breytingar verða umr.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. á þgskj. 163 við 1. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

1. gr. frumv. þar með fallin.

2. breyt.till. á þgskj. 163 við 2. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. þar með fallin.

3. breyt.till. á þgskj. 163 við 3. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. þar með fallin.

4. breyt.till. á þgskj. 163 við 4. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. þar með fallin.

5. breyt.till. á þgskj. 163 við 5. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

5. gr. frumv. þar með fallin.

6. breyt.till. á þgskj. 163 við 6. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. þar með fallin.

7. breyt.till. á þgskj. 163 við 7. gr., sem verður 5. gr., samþ. með 16 samhlj atkv.

7. gr. frumv. þar með fallin.

8. brtill. á þgskj. 163 við 8. gr., sem verður 6. gr. talin, samþ. án atkv.gr.

9. brtill. á þgskj. 163 við 8. gr. talin samþ. án atkvgr.

8. gr. frumv. þannig orðuð samþ. með 17 samhlj. atkv.

10. breyt.till. á þgskj. 163 við 9. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

9. gr. frumv. þar með fallin.

11. breyt.till. á þgskj. 163 við 10 gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.

11. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

12. breyt.till. á þgskj. 163 samþ. með 16 samhlj. atkv.

13. breyt.till. á þgskj. 163 við fyrirsögn frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 samhlj. atkv.

Á 25. fundi Nd., fimmtudaginn 15. ágúst kom frumv. til laga um gjald af tollskyldum vörum, sem unnar eru innanlands (A. 228) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 18 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. (A 265) til 1. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Eins og háttv. þingdm. ef til vill rekur minni til, þá hafði jeg þá æru á síðasta þingi að vera meðflutnm. að þessu frumv. og framsm., og þótt frv. mætti þá nokkrum hrakningum og andmælum, þá gleður það mig, að stjórnin hefur nú tekið það upp aptur, og látið það koma fram á þessu þingi, og að mönnum er farið að skiljast, að það er fullkomin þörf á sliku frumv.; hins vegar get jeg ekki neitað því, að mjer líkar alls ekki þær breytingar, sem háttv. Nd. hefur gjört á frumv. frá þeirri mynd, sem það birtist í á síðasta þingi, sjerstaklega það ákvæði þess, að toll skuli ekki greiða af þeim birgðum, er fyrir liggja af innlendum

vindlum, vindlum og bitterum, er lög þessi öðlast gildi. Mjer er kunnugt um, að bitterverksmiðjueigandinn á Austfjörðum hefur flutt upp »ingrediensa«, byggt hús og starfað að því í sumar að búa til þessa vöru, og að hann hefur birgt sig upp með bitter, sem getur ef til vill nægt fyrir landið um næstu 50 ár, og ef lögin ekki ná til þessa, þá eru þau verri en ónýt. Þessi maður hefur áður hækkað útsöluverðið á bitter um það, er tollinum nam, en stungið því fje í sinn eigin vasa öllu, sem landssjóður hefði átt að hafa. En slíkt er öldungis ótækt framvegis. Jeg vil þess vegna leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði kosin til að íhuga þetta mál, að lokinni þessari umr. um það.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr, í e. hlj.

Tillaga um 3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Eptir samkomulagi milli flokkanna voru kosnir:

Ágúst Flygenring,
Steingrímur Jónsson,
Jóh. Jóhannesson.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður og Ágúst Flygenring skrif. og framsm.

Á 40. fundi Ed., föstudaginn 30. ágúst kom frv. (A 265, 420) til 2. umr.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Eins og mönnum er kunnugt, var þetta frumv. borið fram í Nd. undir öðru nafni; tók það þar breytingum, eins og nafnbreytingin bendir til. Aðalbreytingin var sú, að það var ekki látið ná aptur fyrir sig, eins og komizt var að orði í nefndaráliti Nd. Það er að segja, til þeirra birgða, vindla og bitters, sem fyrir lægju, þegar lögin gengju í gildi, og var ætlunin, að lögin gætu þá gengið í gildi strax. Nd. vildi leggja gjald á allar vörur, sem unnar eru hjer í landi, og tollskyldar eru. Nefndinni hjer finnst ekki ástæða til, að taka aðrar en þessar 2, vindla og bitter, eins og stóð í frumv. stjórnarinnar; hjer er, — og verður — ekki mikið búið til af brjóstsykri; hjá svo fámennri þjóð; getur ekki verið stór eyðsla í þeirri vörutegund, og ýmsir örðugleikar eru þar á. að innheimta tollinn. Þrátt fyrir tollinn hefur þó talsvert verið flutt inn. Hin innlenda brjóstsykursgjörð hefur ekki haft sjerlegt álit á sjer, og efasamt er, hvort þeim herrum þykir borga sig að fullkomna hana. Um aðrar tollskyldar vörur getur hjer ekki verið að ræða. Það er vitaskuld ekki gott að segja, hvað kann að verða í framtíðinni; jeg get nefnt súkkulaði; það er þá eina vörutegundin, sem eptir er, en lítil líkindi eru til, að það verði framleitt hjer; brúkunin er svo lítil í landinu, og efnin, sem til þess þurfa, eru meðal annars sykur að miklu leyti, sem er þó tollskyldur. Af þessum ástæðum höfum vjer haldið oss að eins við þessar 2 vörutegundir — vindla og bittera.

Hvað það snertir, að vjer höfum ekki látið falla niður gjald af hinum tollskyldu birgðum, þá höfum vjer byggt þar á reynslu síðustu ára, og við vitum, að á þessu sumri hefur verið búið mikið til af bitter í landinu, hvað mikið vitum við ekki, en það er sjálfsagt nægilegt til 20—30 ára eða meira.

Eins og frumv. kom frá Nd., mundi það verða pappírsgagn, ónýtt, hreint og beint vindhögg.

Ákvæðin (Nd.) um, að stjórnin semji reglugjörð um vörugjörðina, innheimtu gjaldsins o. s. frv., höfum við haldið,

Breytingar vorar eru einkum við 3 fyrstu gr. frumv. Með tilliti til gjaldákvæðanna, þá höfum við vikið frá stjórnarfrumv., og fært gjaldið niður í 2/3 (á bitter), í stað 3/4 á þeim birgðum, er fyrir liggja, þegar lögin öðlast gildi, en annars látið helmingsgjaldið halda sjer.

Það kom til tals í nefndinni, hvort gjörlegt mundi, að taka gjald af hinni innlendu vindlagjörð, en það varð þó ofan á, að órjettlátt mundi þykja að sleppa því, og liti illa út með tilliti til bittermannsins, enda huggaði nefndin sig við, að þetta litla gjald kæmi ekki hart niður á vindlagjörðarmennina með tilliti til ríflegs arðs af vörugjörðinni, sem þeir hafa rekið í skjóli hins háa innflutningsgjalds nú um nokkur ár.

Hygg jeg svo, að jeg þurfi eigi að fara fleiri orðum um þetta frumv., en óska því að eins, að það fái að ganga greitt gegnum deildina.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (428) við 1. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.
2. brt. við 2. gr. sþ. í e. hlj.
3. — — 3. — — —
4. — — 4. — — —
4. gr. breytt sþ. í e. hlj.
5. gr. sþ. í e. hlj.
6. — — —
5. brt. við 7. gr. sþ. með 12 samhlj. atkv.
7. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
8. gr. sþ. í e. hlj.
6. brtill. við 9. gr. sþ. með 9 atkv. gegn 2.
7. brt. við fyrirsögnina sþ. í. e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 42. fundi Ed., mánudaginn 2. septbr. kom frumv. til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúning á bitter (A 485) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust sþ. með 12 samhlj. atkv. og endursent Nd.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7. septbr. kom frumv. (A. 519, 557) til einnar umr.

Frumsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þetta frv. kemur með öðru nafni úr háttv. efri deild, en það hafði, þegar það var sent þangað. Ed. hefur skýrt það sama nafni, og það hafði upphaflega fengið hjá stjórninni og yfir höfuð fært það í það horf, sem það upphaflega hafði. Nú telur nefndin að vísu sínar breytingar til bóta. En hins vegar er hún hrædd um, að það mundi daga uppi, ef því yrði breytt á ný, og vill því, að það sje samþykkt eins og það er.

Það sem háttv. Ed. hefur gengið til þess, að breyta til um það ákvæði, að láta lögin ná aptur fyrir sig, er það, að »bitter«-gjörðamenn hafa flutt mjög mikið inn af »bitter«-efnum, sem að ekkert gjald fæst af, nema lögin nái aptur fyrir sig.

Það má því vel vera, að sú breyting sje til bóta, en hitt áleit nefndin, að það kæmi hart niður, að láta ákvæðið líka ná til vindlagjörðar. — Niðurstaðan á þessu er því sú, að nefndin vill ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt, eins og það kom frá Ed.

Ráðherrann: Jeg vildi að eins lýsa því yfir, að eptir því, sem jeg frekast veit, breytti efri deild aptur frumv. á þennan veg, að eins af þeirri ástæðu, að hún áleit þetta fyrirkomulag hentugra eptir núverandi kringumstæðum. Og það blandast mjer heldur ekki hugur um.

Jeg skal taka það fram, að það hefði ef til vill verið rjettara, að nefna gjaldið sölutoll á innlendum »bitter«

og vindlum, því að gjaldið á að eins að vera greitt áður en varan er látin burt frá framleiðanda, seld eða send til umboðssölu. Lögin grípa þannig eðlilega jafnt yfir það af óseldri vöru, sem þegar er búið að búa til, áður þau öðlast gildi, eins og yfir það, sem síðar er tilbúið. Lögin binda greiðsluskylduna við afhending en ekki framleiðslu, og er því ekki í rauninni rjett að segja, að þau verki aptur fyrir sig.

Jeg vona því, að gjaldið af þeim kynstrum af bittervökva, sem einn útlendur kynjalyfjasali ljet búa til á Austurlandi í sumar í þeim tilgangi, að stinga tollinum í sinn eiginn vasa, eins og undanfarin ár, komi rjett niður, nefnilega á honum sjálfum, en ekki á innlendum kaupmönnum, sem hafa bitter hans til sölu,

Mjer þykir því ótrúlegt, að þeir hafi látið hann hafa sig til þess, að kaupa allar birgðirnar, einmitt nú, á meðan verið er að bræða þetta lagafrumvarp; hitt þykir mjer sennilegra, að þeir að eins hafi tekið af honum varninginn til geymslu eða umboðssölu, svo að gjaldið lendir á rjettum hlutaðeiganda að svo miklu leyti, sem honum heppnast ekki, að velta því yfir á auðtrúa almúgann.

Jeg vil því leyfa mjer, að mæla sem bezt fram með því, að frumv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

ATKV.GR.: Frumv. var samþ. með 18 atkv., og afgreitt til ráðherra, sem lög frá alþingi.

XX. Tollvörugeymsla og tollgreiðslufrestur.

Á 3. fundi Nd., fimmtudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. er mjög svipað frumv., sem kom fram í Ed. á síðasta þingi um sama efni; tilgangur þess er sá, að gjöra kaupmönnum ljettara fyrir með greiðslu á tolli, þannig, að þeir geti keypt svo miklar birgðir af tollskyldum vörum, sem vera vill, án þess að þurfa að leggja fram allan tollinn í einu; það verður þannig hægra fyrir þá að sæta tækifæriskaupum. Í frumv. er gjört ráð fyrir, að kaupmenn geti fengið greiðslufrest á öllum tollinum, þar sem þeir, samkvæmt núgildandi lögum, verða að borga að minnsta kosti helminginn strax; og eins er gjört ráð fyrir því, að þeir geti fengið allt að eins árs fresti í stað þriggja mánaða, sem nú er. Það skal játað, að núgildandi lögum hefur ekki verið beitt stranglega; það er opt og einatt ómögulegt, enda er það vitanlegt, að sýslumenn út um land veita oftast lengri frest, en tiltekinn er. En það er ekki að lögum, heldur knúð fram af nauðsyn. Þykir rjettara, að lögheimild sje gefin til þeirrar rýmkunar á tollgreiðslufresti, sem viðskiptaþörfin með nauðsyn krefur. Þetta ætti ekki að hafa neina fjárhagslega hættu fyrir landssjóð í för með sjer, þar sem vörurnar eiga að vera geymdar undir lás og innsigli; vörurnar verða þannig eptir sem áður að veði fyrir greiðslunni, og má ætla, að tekjur landssjóðs af toll-

inum verði engu minni fyrir þessa tilhliðrun. Jeg skal svo að eins leyfa mjer að mæla fram með frumvarpinu og vona, að hin háttv. deild taki því vel.

ATKV.GR.: Frumv. var vísað til 2. umr. í einu hljóði, og síðan vísað til skattamálanefndarinnar sömuleiðis í einu hljóði (V. mál hjer að framan).

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst kom frumv. (A 429, 446) til 2. umr.

Framsögumaður Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Nefndin hefur lokið starfi sinu og íhugað frumv. rækilega. Hún fellst á stefnu frumv., sem er að greiða fyrir þeim, sem toll eiga að greiða, svo að þeir geti sett vörur í tollgeymslu og þurfi ekki að greiða toll strax sem lög mæla fyrir. Í tollgreiðslulögunum 22. mai 1890 er stigið fyrsta byrjunarstigið til þess að gjöra kaupmönnum ofurlítið þægilegra að greiða tollinn. En þau fara allt of skammt, og svo að kaupmenn hafa aldrei notað þau. Það er ástæða til að taka fram, hversu mannúðlega tollögunum hefur verið beitt. Þau hefðu verið gjörsamlega óþolandi, ef þeim hefði verið ilia beitt, eins og þau gefa tilefni til.

Auðvitað er það á ábyrgð tollheimtumanns að gefa kaupmönnum frest á tollgreiðslu og sú ábyrgð getur opt orðið allmikil. En eptir því sem tollar hækka og fjölga, verður erfiðara fyrir kaupmenn að svara þeim strax og því meiri verður áhættan fyrir tollheimtumanninn, að veita gjaldfrest. Þess vegna er rjett, að stefna nú í þá átt, sem stjórnarfrumv. gjörði eins og það kom frá stjórninni, og að fara þetta lengra en stjórnarfrumv. fór. Nefndin hefur ekki sjeð ástæðu til að breyta frumv. verulega að neinu leyti. Breyt.til. 1. gr., um að lögreglustjóri fái borgun fyrir að innsigla tollgeymsluhúsin, er ekki stórvægileg, og í sjálfu sjer engin breyting. Öðru hefur nefndin ekki breytt í frumv., eins og það lá fyrir. Þar á móti hefur nefndin komið með dálitla viðaukatill. við frumv. Aðalviðaukatill. er við 1. gr. og heimilar hún stjórninni að leyfa kaupmönnum í Reykjavík, að flytja tollskyldar vörur úr tollgeymslu og senda til annara hafna án þess að svara tolli af því um leið, ef vörurnar eru lagðar í þar til ætlað hús. Að nefndinni þótti rjettara að fela stjórninni að veita þetta leyfi, var af því, að henni þótti nauðsynlegt að stjórnin sæi um, að húsið væri nægilega traust. Ef húsið er t. d. byggt úr steini eða steinsteypu, með járngrindum fyrir gluggum, og að öðru leyti þannig útbúið að vörum sje borgið í því fyrir innbroti og þvíliku, þá meinar nefndin, að stjórnin *eigi* að veita þetta leyfi. Jeg gjöri ráð fyrir, að teikning af slíkum húsum mundi verða lögð fyrir stjórnarráðið áður en þau yrðu byggð, til þess að fá samþykki stjórnarráðsins fyrir byggingunni fyrirfram. Þessa uppástungu hefur nefndin komið með til þess, að gjöra stórkaupmönnum mögulegt einnig að verzla með tollskyldar vörur í stórkaupum. Þegar tollurinn er 50% af verði vörunnar eða meir, þá er ómögulegt fyrir kaupmenn að verzla með tollskyldar vörur í stórkaupum, nema þeir geti komizt hjá að svara tollinum strax, heldur beðið þangað til viðtakendur borga tollinn, þegar vörurnar eru komnar á sinn síðasta sölustað. Þetta mundi hafa þýðingu bæði fyrir verzlunina með tollskyldar vörur og einnig fyrir tollgæzlu, eins og jeg skal síðar benda á.

Að nefndin hefur stungið upp á, að

gefa heimildina að eins á einum stað, í Reykjavík, kemur af því, að hún hugsaði sjer að gjöra tilraunina fyrst þar, en þótti ekki ólíklegt að einn eða fleiri kaupstaðir landsins gætu síðar fengið þennan rjett. Nefndin áleit Reykjavík heppilegasta, af því að hver stórkaupmaður, sem settist að á Íslandi, mundi að sjálfsögðu setjast þar að. Það liggja margar ástæður að því, að Reykjavík hefur bezt verzlunarskilyrði. Í fyrsta lagi er hjer fleira fólk og meiri verzlun en í nokkrum öðrum kaupstað landsins; í öðru lagi er hjer ísfrí höfn, svo ekki er hætta á að vörur geti orðið innilokaðar af ís og í þriðja lagi eru hjer aðalbankar landsins. Af þessum ástæðum áleit nefndin, að fyrst bæri að gjöra þessa tilraun í Reykjavík, og þar mundu einnig verða mest notin af þessu.

Jeg minntist á, að þetta fyrirkomulag gæti fengið þýðingu fyrir tollgæzluna. Ef maður hugsar sjer, að tollvörur sjeu yfirleitt ekki fluttar nema á einn eða tvo staði á landinu, og að þær væru að mestu leyti í höndum íslenzkra stórkaupmanna, þá mundi það gjöra tollgæzlu mögulega, þar sem hún nú verður að álítast ómöguleg. Þessi mögulegleiki liggur einmitt í þeirri stefnu, sem viðaukatillagan fer fram á. Raunar er hjer ekki farið eins langt og þyrfti, það má skoða þetta fyrirkomulag sem millistig milli þess, sem nú er, og fríhafnar, þar sem stórkaupmönnum er heimilt að leggja vörur á land, án þess að borga tollinn fyr en viðskiptamenn fá þær. Raunar ættu vörur að geta legið hjer tollfríar, en af því nefndin hjelt sjer innan þeirra takmarka, að skoða frumv. sem frv. um *frest á tollgreiðlu,* þá fór hún ekki lengra.

Þær breyt.till., sem síðar koma við þessa gr., eru eðlileg afleiðing af þessari breytingu, og eins breyt.till. við 6. gr.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessum breytingum vel, og samþykki þær; þær munu reynast vísir til greiðari stórkaupaviðskipta en hjer hafa þekkzt hingað til.

Það hefur komið fram breyt.till. á þingskj. 446, en nefndin hefur ekki haft tækifæri til að athuga hana, svo jeg get ekki sagt um, hvernig hún muni taka henni, og af viðtali við tillögumanninn hef jeg von um, að hann taki þessa breyt.till. aptur, til 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg ætla að engu leyti að mæla á móti frv. nefndarinnar um að stofna tollvörugeymsluhús, þar sem leggja megi upp tollskyldar vörur, til þess að innflytjendur þeirra geti fengið tollgreiðslufrest. En jeg vildi benda á, að þetta fyrirkomulag hlýtur að hafa töluverð áhrif á tolltekjur landssjóðs í svipinn, þar sem opnaður er möguleiki fyrir því, að tveggja ára gjaldfrestur fáist á tollinum, en nú er skylda að greiða tollana strax; þetta getur því haft fjárhagsleg áhrif á tekjur landssjóðsins eitt fjárhagstímabil; en þetta verður að eins í bráðina og hverfur með tímanum.

En hitt var aðalatriðið fyrir okkur, sem komum með brt. á þgskj. 446, að við getum ekki sjeð, að það sje nein ástæða til, að binda heimildina til að setja upp tollvörugeymsluhús við Reykjavík eina. Það mundi ekki fullnægja kaupmannastjett landsins, heldur yrði það að mestu leyti eingöngu fyrir kaupmannastjett Reykjavíkur; það yrði gagnslítið fyrir mikinn hluta af öðrum kaupst. og kauptúnum landsins. Það yrði alveg gagnslaust fyrir Norðurland og Austurland; fyrst og fremst af því, að farmgjald til Reykjavíkur frá útlöndum er dýrara heldur en til

Norður- og Austurlands. Í öðru lagi leggst hjer talsverður kostnaður á vegna erfiðrar uppskipunar og útskipunar, sem stafar af því ólagi, sem er á höfninni hjer, og þar við bætist, að flutningsgjald frá Reykjavík til þess staðar, sem varan ætti að komast á norðan- og austanlands, getur í sumum tilfellum orðið eins dýrt og jafnvel dýrari en frá útlöndum til þeirra sömu staða. Flutningsgjald frá Reykjavík til Akureyrar er t. d. dýrara nú sem stendur, en mögulegt er að fá frá Þrándheimi til Akureyrar, og það til muna. Auk þess eru samgöngur milli Reykjavíkur og Akureyrar nú verri — og lítur út fyrir að svo verði um næstu 8 ár — heldur en samgöngurnar jafnvel milli Kaupmannahafnar og Akureyrar, hvað þá milli hafna vestan á Noregi og Akureyrar, því þar er mestan hluta ársins vikulegt eða hálfsmánaðarlegt samband á milli.

Af þessum ástæðum er tollvörugeymsluhús í Reykjavík öldungis gagnslaust fyrir Norður- og Austurland, því engum dytti í hug þar, að sækja vörur sínar til Reykjavíkur, og borga meir fyrir flutninginn á þeim þaðan, en frá útlöndum. Jeg held nærri því, að Reykjavík sje óheppilegasti staðurinn á öllu Íslandi fyrir svona lagað upplagshús, ef hugsa ætti um Norður- eða Austurland. Vörur, sem eiga að fara til Seyðisfjarðar, yrðu þá að flytjast 70—90 mílur úr leið, og svo þangað aptur; sama er að segja um vörur til Akureyrar. Svo er það vel aðgætandi, að hvergi í kaupstöðunum hagar ver til með höfn, en einmitt í Reykjavík, og auk þess er ekki ráðlegt fyrir Reykjavík að byggja stórt og dýrt hús fyrir tollvöru-upplag, áður en útgjört er um, hvar aðalhöfn bæjarins verður byggð, því það er þó hugsanlegt, að höfn verði byggð annarsstaðar, en hún er nú.

Öðru máli er að gegna með Akureyri og Seyðisfjörð, þar er þegar búið að byggja bryggju og á Akureyri er þegar ákveðið stæði fyrir þannig lagað geymsluhús, og er í ráði að koma þar upp steinhúsi við bryggjuna, til þess að leggja vörur upp í, þegar henni er lokið, og jeg efast um, að Reykjavík yrði fyrri til að koma upp slíku húsi, þó þessi einokunarlög kæmust í gegn um þingið.

Þetta eru þau mótmæli, sem við flutningsmenn breyt.tillögunnar berum gegn því, að tollvörugeymsluhús verði reist hjer og hvergi annarsstaðar, og hef jeg nú skýrt þau rök, sem breyt.-till. styðst við.

Nefndin segist ekki hafa athugað þessa breyt.till. enn, og jeg skal því falla frá því, að hún þurfi að koma til atkvæða við þessa umræðu, en jeg tek hana upp við 3. umr., og fari svo, að hún verði felld hjer, þá mun hún verða tekin upp í Ed.

Jeg get ekki lagt neitt upp úr því, að þetta hafi áhrif á toltheimtuna t landinu; það er vafasamt, hvort tollgæzlan verður nokkuð fyrirhafnarminni í stærri stöðunum, en engu betri yrði hún í smærri stöðunum, meðan ekki er ákveðið, að allar tollskyldar vörur skuli fyrst lagðar upp í eitthvert víst tollgeymsluhús.

ATKV.GR.: Breyt.till. (446) við breyt.till. á þgskj. 429 tekin aptur.

Breyt.till. nefnd. við 1. gr. (429) samþ. með 21 atkv.

1. gr. þannig breytt samþykkt með 21 atkv.

2. gr. óbreytt samþykkt með 21 atkv.

Breyt.till. (429) við 3. gr. samþ. með 21 atkv.

3. gr. þannig breytt samþykkt með 21 atkv.

4. gr. óbreytt samþykkt með 22 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 5. gr. (429) samþ. með 19 atkv.

5. gr. þannig breytt samþykkt með 20 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 6. gr. (429) samþ. með 20 atkv.

6. gr. þannig breytt samþykkt með 22 atkv.

7. gr. óbreytt samþykkt með 22 atkv.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 21 atkv.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. septbr., kom frumv. (A. 466, 493, 494) til 3. umr.

Framsögumaður Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, viðvíkjandi breyt.till. frá háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), þess efnis, að veita öllum kaupstöðunum sömu heimildir, og hjer er farið fram á að veita Reykjavík, að nefndin hefði þá ekki getað komið saman, og tekið afstöðu gagnvart tillögunni. Nú hefur hún gjört það; og nú er komin ný breyt.till. frá sama háttv. þm. á þgskj. 494 og önnur frá nefndinni á þgskj. 493. — Nefndin hefur fallizt á tillögu hins háttv. þingm., en æskir þess, að tillagan á þgskj. 493 komi í staðinn fyrir 1. lið á hans tillögu; nefndin vill því mælast til þess, að hann taki þann lið aptur.

Nefndin álítur ekki, að tillögur háttv. þingm. geti komið í bága við tilætlun hennar, því hún hyggur, að þessar heimildir mundu ekki verða notaðar, að minnsta kosti ekki fyrst í stað.

Af því það er kannske dálítið óvanalegt, að greiða svona atkvæði, þá vildi jeg taka upp aptur það, sem jeg sagði áðan, að nefndin óskar, að 1. liður á þgskj. 494 sje tekinn aptur, og að hinar síðari tillögur á sama þgskj. verði samþykktar, því þær eru bein afleiðing af tillögu nefndarinnar á þgskj. 493.

Jeg vona, að háttv. deildarmenn átti sig á þessu.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hins hæstv. ráðherra og deildarinnar, hvort það kemur ekki í bága við anda þessara laga, að verzlunarstjórar og kaupmenn sjeu löggiltir umboðsmenn lögreglustjóra, sem nú mun víða viðgangast. Jeg sje ekki neitt ákvæði í lögunum, sem bannar þetta, en álít það hins vegar all athugavert. Hvað snertir önnur ákvæði laganna, þá sýnist mjer þau þannig löguð, að jeg vildi fyrir mitt leyti vel fremur styðja að því, að frumv. gengi fram; en þetta sýnist mjer nauðsynlegt að laga. Jeg hefði hugsað mjer, að ákvæði í þá átt gæti komizt að í 4. gr., sem tryggði það, að hvorki kaupmaður nje verzlunarstjóri hans sje umboðsmaður lögreglustjóra. Jeg verð að líta svo á, að lítil trygging sje í því fyrir landssjóðinn, að þessir menn hafi eptirlit með tollvörugeymslu hjá sjálfum sjer, og að lögin því verði mjög þýðingarlítil, þar sem þannig stendur á. Annars vil jeg geta þess, án þess þó að kasta nokkrum skugga á kaupmannastjett vora, að mjer virðist það all-óeðlilegt, að kaupmenn eða verzlunarstjórar þeirra sjeu tolleptirlitsmeun hjá sjálfum sjer, enda munu þess vart dæmi, nema hjer á landi.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Jeg skal, eptir bendingu háttv. frsm. uefndarinnar, taka aptur 1. lið tillögu minnar á þgskj. 494. Ef svo breyt.till.

á þskj. 493 verður samþ., þá eru seinni liðirnir á þgskj. 494 að eins sjálfsagðar orðabreytingar.

Viðvíkjandi því, er sagt var um það, að verzlunarstjórar ættu ekki að vera umboðsmenn sýslumanna, skal jeg taka það fram, að jeg hef aldrei þekkt neinn kaupmann eða verzlunarstjóra, sem ekki hefur reynzt fyllilega trúr í þeirri stöðu, og það jafnvel þótt freistingin sje engu minni nú, en hún verður samkvæmt þessum lögum. Jeg hygg líka, að það sje lögreglustjóranna, en ekki þingsins, að sjá um að hafa ekki þá menn, sem líklegir eru til þess, að stela undan tollum, og þurfi því engin ákvæði um þetta. Umboðsmennirnir eru allir settir á ábyrgð lögreglustjóranna sjálfra, eins og menn vita.

Ráðherrann: Jeg heyrði ekki glöggt, hvað háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) sagði, svo að jeg gat ekki vel áttað mig á spurningu hans.

Löggiltur umboðsmaður sýslumanns er aðallega til þess, að annast skipaafgreiðslur og þess konar, og eru engin lög, sem banna það, að hann geti verið verzlunarstjóri. Jeg sje heldur enga ástæðu til þess, að setja slíkt ákvæði inn í lögin.

Annars þykja mjer breyt.till. yfir höfuð varhugaverðar, og jeg hygg, að það hefði verið betur ráðið, að halda sjer við Reykjavík eina fyrst um sinn, meðan verið væri að fá reynslu í þessu efni.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Mjer finnst þetta mál ekki svo athugað sem skyldi, og vildi því helzt leggja það til, að það yrði tekið út af dagskrá. (**Forseti**: Nei!). Mjer finnst það vera dálítið óviðfelldið að gjöra þessa kaupmenn að sínum eigin eptirlitsmönnum, og það er líka óeðlilegt, svo að full ástæða væri til þess, að setja einhverja aðra menn til þessa starfa, sem menn fremur gætu borið traust til að *þessu* leyti. Jeg get því ekki verið þessu frv. fylgjandi, eins og það er nú, þótt jeg hins vegar sjái, að í því eru talsverðar rjettarbætur, eins og jeg hef áður tekið fram.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg vil að eins mótmæla því, að þetta frumv. sje nú tekið út af dagskrá.

Ráðherrann: Jeg skil ekki, hvers vegna háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) leggur svo mikla áherzlu á þetta atriði. Það er eins og hann gangi út frá því, að ekki sje nema einn kaupmaður til í hverjum kaupstað, sem vörur fái og það einmitt umboðsmaðurinn. Jeg hygg, að þeir sjeu víðast fleiri, og jeg ímynda mjer, að í kauptúnunum flestum sjeu naumast færari menn til slíks starfs, en einmitt einhver af verzlunarstjettinni, enda fullar líkur til þess, að þeir muni gæta vel hagsmuna landsins gagnvart keppinautum sínum.

Var þá gengið til atkv.

ATKV.GR.: Brt. á þgskj. 493 sþ.m. 19 atkv.

1. liður á þgskj. 494 tekinn aptur.
2. — - — — — —
3. — - — — sþ. án atkv.gr.
4. — - — — — — —

Frv. þannig breytt sþ. með 20 atkv. gegn 1 og afgreitt til forseta Ed.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. september, kom frumvarpið. (A 511) til 1. umr.

Frv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. sept. kom frumv. (A 511) til 2. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg vildi að eins láta þess getið, að þó jeg sje með frumv. þessu í heild sinni, þá er samt eitt ákvæði í því, nefnil. 5. gr., sem gjörir mjer illt að greiða atkv. með frumv. En af því að nú er orðið svo áliðið þingtímans og málið mætti telja fallið, ef við það væri gjörð brt., þá vil jeg þó heldur að það nái þannig fram að ganga, því að jeg álít það betra en ekki neitt.

En stóran galla álít jeg það á frv.. sem ákveðið er í 5. gr., hve nær tollur skuli vera greiddur, úr því farið er á annað borð að geyma tollskyldar vörur. Skil jeg ekkert í, hvernig háttv. Nd. hefur getað sleppt frumv. í gegn um sig með þessu hraparlega ákvæði. En jeg þori ekki að koma með breyt.-till. af því að jeg álít, að frumv. sje þá fallið og hvaða breyting, sem á því væri gjörð, mundi stofna því að minnsta kosti í hættu. En jeg vildi að eins geta þess, að jeg er þessu ákvæði mótfallinn.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 12 atkv.
2. — — — 12 —
3. — — — 12 —
4. — — — 12 —
5. — — — 12 —
6. — — — 12 —
7. — — — 12 —

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 atkv.

Á 50. fundi Ed., miðvikudaginn 11. septbr. kom frumv. (A 511) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XX. Breytingar á póstlögunum.

Á 5. fundi Ed., laugardaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um breyting á póstlögunum 13. september 1901 til 1. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Mjer finnst, að það gæti komið til mála, að gjöra fleiri breytingar á póstlögunum, en þær, sem hjer er um að ræða, og skal jeg þess vegna leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði skipuð til að íhuga málið, að loknum umr. um það.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2, umr. í. e. hlj.

Till. um 3ja manna nefnd samþ. með 9 samhlj. atkv.

Eptir samkomulagi milli flokkanna voru kosnir í nefndina:

Jón Jakobsson,
Björn M. Ólsen,
Þorgrímur Þórðarson.

Í nefndinni var Jón Jakobsson kosinn formaður og Björn M. Ólsen skrifari og framsm.

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 22. júlí kom frumv. (A113) til 2. umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það hefur verið gjörð grein fyrir því í nefndarálitinu, af hvaða ástæðum þessar breyt.till. stafa, sem hjer liggja fyrir, og eru þær allar fremur ómerkilegar í sjálfu sjer, en miða að eins til þess að laga ýmislegt, sem í ógáti hefur yfirsjezt við samning laganna.

T. d. hefur gleymzt, að taka það fram í frumv., að póststjórnin ákveði hvenær póstkröfu viðskipti geti byrjað innanlands, og hvernig þeim skuli hagað. Þessi ógátsvilla er lagfærð í 3. breyt.till. vorri, og höfum við gjört það eptir bendingu póstmeistara. Sömuleiðis höfum við vikið dálítið við greininni, og fellt úr, að póststjórnin ákveði, hvenær póstávísana-viðskipti byrji; okkur þótti það óþarfi, þar sem póstávísana-viðskipti eru þegar löngu byrjuð í landinu; aptur höfum vjer haldið ákvæðinu um það, að póststjórnin ákveði, hvernig póstávísana-viðskiptum skuli hagað, þar sem töluverðar breytingar geta orðið á póstmálum, t. d. fjölgað brjefhirðingarstöðum o. fl.

Enn fremur hefur gleymzt, að laga tímatakmarkið, að því er snertir burðargjald fyrir blöð og tímarit að vetrarlagi og á sumrum, í samræmi við samskonar ákvæði um mismunandi burðargjald eptir árstíðum fyrir böggla. Þetta er lagað í 4. breyt.till. Skoðum vjer sem þetta hafi orðið alveg í ógáti.

Svo höfum við líka álitið, að það stafi af ógáti, að frumv. lætur 29. gr. póstlaganna um að lögin öðlist gildi 1. júlí 1902, standa óhaggaða. Fannst okkur nauðsynlegt að laga þetta, þar sem til stendur, að póstlögin komi út staðfest af konungi í nýrri útgáfu. Þess er líka getið í nefndarálitinu, að margar af breyt.till. miða til þess, að greiða götu nýmælanna um metramæli og vog, með því að setja inn í lögin hinar nýju vogareiningar. En okkur þótti þó rjettast, að láta gömlu vogareiningarnar standa innan sviga við hliðina á hinum. Enn fremur fer 1. og 6. breyt.-till. fram á, að nema burtu úrelt ákvæði, þar sem þau störf eru eignuð landshöfðingja, sem nú eru ætluð stjórnarráðinu.

Þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, af því jeg held, að ekki sje getið um það í nefndarálitinu, um 3. breyt.-till. við 5. gr., að þar er farið fram á, að í staðinn fyrir 50 mílur komi: 50 vikur sjávar. Við vildum ekki breyta 50 mílum í metramál, af því að þá hefði komið fram brot úr tölu, sem orðið hefði óviðkunnanlegt. En hins vegar getur orðið »míla« verið tvírætt, þar sem míla á sjó er dálítið minni en hnattmíla. En hjer álitum við, að meint væri sama sem það, sem í metralögunum er nefnd vika sjávar, og vildum því setja það í staðinn, til þess að forðast tvímæli. En annars leggur nefndin ekki mikla áherzlu á þessa breytingu.

Eins og háttv. deildarmenn sjá, hefur verið dálítill ágreiningur í nefndinni út úr erindi, er komið hefur frá bóksalafjelaginu í Reykjavík, og fer það fram á, að þyngdar hámark krossbandssendinga sje fært upp í 4 pund.

Meiri hluti nefndarinnar hefur hjer farið eptir skýrslu póstmeistara og ekki sjeð sjer fært að verða við þessum tilmælum fjelagsins, og er það tekið fram í nefndarálitinu, að póstmeistari hafi álitið, að af slíkri breytingu mundi leiða mörg þúsund króna gjaldaauka fyrir póststjórnina. Mig minnir ekki betur, en að hann segði, að það mundi t. d. kosta 5 kr., að flytja eitt pund austur til Hornafjarðar. Sjá það allir, að þar sem gjaldið er ekki nema 30 aurar, þá mundi landssjóður verða hart úti og það geta valdið miklum auknum kostnaði. Auk þess tók póstmeistari fram, að það væri miklu ótryggilegra, að senda bækur í krossbandi heldur en í reglulegum umbúðum. Krossbandið verður, eins og menn vita, að vera þannig útbúið, að skoða megi það, sem í því er, og er því aldrei eins vel búið um krossbandssendingar eins og um böggul-

sendingar. Sagði póstmeistari, að mörg dæmi væru til þess, að bækur, sem sendar hefðu verið í krossbandi, hefðu eyðilagzt á að flytja þær í koffortum. Slíkt væri mjög óþægilegt fyrir viðtakendur. Ennfremur benti hann á, að ef senda þyrfti bækur á aðra staði en til hafna með skipum, þá mætti senda þær í bögglum auðvitað með hærri taxta, 1 kr. fyrir pundið. En ef bókin væri til dæmis 1 eða 2 pund, þá mætti koma því svo fyrir, að viðtakandi gæti fengið allt að því eins mikið upp úr frímerkjunum eins og burðargjaldið nemur; ef það t. d. væru 2 kr. frímerki, þá mundu þau seljast hjer um bil jöfnu verði, en ef það væri 1 kr. frímerki, þá fengist dálítið minna fyrir það.

Af þessum ástæðum höfum við ekki getað fallizt á breyt.till. minni hlutans.

Þorgrímur Þórðarson (þm. V.-Sk.): Eins og háttv. framsm. tók fram, höfum við ekki getað orðið ásáttir um eitt atriði í nefndinni, sem sje um þyngdarhámark krossbandssendinga. Eptir núgildandi póstlögum má ekki senda þyngra krossband en 50 kv., en það er sama sem að banna mönnum á þann hátt að ná í þyngri bækur, hvað sem á liggur. En þyngst kemur þetta niður á mönnum, sem búa langt frá viðkomustöðum strandbátanna og þessvegna hef jeg leyft mjer að koma fram með þá breyt.till., að á tímabilinu frá 15. apríl til 14. okt. megi senda krossband allt að 4 pundum á þyngd, og á tímabilinu frá 14. okt. til 15. apríl megi það vera 1½ pund. Ennfremur hef jeg leyft mjer að koma fram með breyt.till. við staflið 2 b, að í staðinn fyrir 125 grömm (25 kvint) komi 250 grömm (50 kvint). og á jeg þar við tímarit.

Það er einkanlega að vetrarlagi tilfinnanlegt fyrir menn, sem búa til sveita, að geta ekki fengið þær bækur, sem þá langar að fá, sendar með landpóstum, ef þær eru þyngri en 50 kv., nema gengið sje frá þeim í böggli og borguð 1. kr. undir hvert pund. Þetta ákvæði laganna gæti orðið til þess, að koma mikið í veg fyrir, að menn geti aflað sjer þarflegra bóka, og er það þó víst ekki meining laganna. Jeg álít, að lögin ættu að greiða sem bezt fyrir því, að menn gætu fengið nytsamar og góðar bækur með landpóstum, án þess að sæta afarkostum. En dagblöðunum, hversu ómerkileg sem þau eru, er gjört hærra undir höfði, því að þau eru flutt allan ársins hring. Og ætti þó miklu fremur að stuðla að útbreiðslu góðra bóka.

Háttv. framsm. tók það fram, að þetta yrði svo mikill byrðarauki fyrir póstsjóðinn, að þúsundum króna skipti, og bar þar fyrir sig orð póstmeistara. En ef það er byggt á sama grundvelli og það, að það kosti 5 kr. að flytja 1 punds böggul austur til Hornafjarðar, þá finnst mjer það fremur ljettvæg mótbára. Jeg get ekki skilið, að póststjórnin hjeldi áfram að flytja ár eptir ár böggulsendingar fyrir þetta lága burðargjald, 30 aura undir hvert pund, ef flutningur á hverju pundi kostaði póstsjóðinn 5 kr. eins og háttv. frms. skýrði frá. Mjer finnst slíkt ómögulega geta átt sjer stað.

Auk þess er mjer kunnugt, að póstmeistari sendir mestallan flutning með strandferðabátunum, en landpóstar flytja koffortin opt og tíðum nálega tóm.

Að minnsta kosti er mjer kunnugt um, að strandbátarnir flytja í hverri ferð til Hornafjarðar allan þann póstflutning, sem þangað á að fara. Jeg hef sjálfur verið þar póstafgreiðslumaður í 15 ár og hafa strandbátarnir í hverri ferð, frá því í apríl til hausts, haft

allan póstflutning þangað. En landpóstarnir hafa lítið annað haft að flytja í póstkoffortunum en póstpokana, og orðið að fylla þau með heyi til að stöðva pokana. Og verð jeg sannarlega að álíta, að miklu nauðsynlegra væri fyrir póststjórnina, að láta landpóstana flytja þarflegar bækur í koffortunum heldur en hálm og hey. Það er ekki von, að menn, sem búa í Reykjavík og ekki þurfa annað en að ganga í næsta hús til þess að kaupa þær bækur, er þeir þarfnast, eða fá þær að láni á bókasöfnum, geti gjört sjer glögga grein fyrir þeim örðugleikum, sem menn til sveita eiga við að stríða, þegar þeir vilja fá sjer bækur frá bóksölum í Reykjavík.

Jeg vona þess vegna, að háttv. deild samþ. þessar breyt.till. mínar. Jeg verð að álíta þær til stórbóta einkum fyrir menn til sveita.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vildi að eins bæta því við, að eptir því sem póstmeistari skýrði frá, þá er sama þyngdarhámark gildandi fyrir krossbandssendingar í Danmörku, eins og hjer er gjört ráð fyrir í frv., og er þó meiri ástæða til aðhækka það þar en hjer, þar sem allur flutningur með landpóstum hjer er svo dýr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg verð að taka í strenginn með minni hlutanum með breytingar þær, er hann hefur komið fram með við frumv. þetta; jafnframt gleður það mig að sjá, að háttv. meiri hluti nefndarinnar er ekki algjörlega mótfallinn till. háttv. þm. A.-Sk., þó hann hafi tekið meira tillit til þess, er póstmeistari hefur lag ttil um mál þetta; en jeg vona, að þetta lagist, þegar málið verður rætt, og að hann geti orðið með breytingunni.

Rjett er það, sem hefur verið tekið fram, hjer í deildinni, að hámarkið á þunga fyrir krossbönd er það sama í Danmörk og hjer, en þótt það sje ekki óheppilegt þar, þá er það mjög óheppilegt hjer, enda er þessu ekki saman að jafna hjer og þar, þar er allt öðruvísi ástatt en hjer. Danir geta sent sinn »pakkapóst« með járnbrautunum allt árið um í kring fyrir minna burðargjald, svo að þeim dettur ekki í hug að senda bækur sem krossband, svo að nokkru nemi. Hjer er aptur mikill hluti landsins, sem ekki getur aflað sjer bóka á annan hátt, en að fá þær sendar sem krossband með pósti, því að fá þær sendar sem böggla og borga 1 kr. undir pundið, nær engri átt. Þótt menn segi, að breyt.-till. minni hlutans hafi nokkurn aukinn kostnað í för með sjer, þá álít jeg að ekki sje horfandi í það; jeg skil ekki til hvers póststjórnin á að vera, ef hún á ekki að greiða fyrir viðskiptum manna, og póstkerfið á að vera eitt af helztu menningarmeðulum landsins, svo að þótt einhverjum peningum væri til þess varið, þá væri þeim ekki á glæ kastað. Þar að auki er svo mikið ósamræmi í því, að útlendingum skuli vera gjört hærra undir höfði en landsmönnum sjálfum. Þeir útlendu geta sent 4 pd. krossbönd allt árið hingað til landsins, og látið flytja þau hjer með landpósti. Jeg, sem gef út tímarit í Höfn, get sent 4 pd. krossbönd út um landið allt árið, bara með því að senda þau »via Leith«. Samkvæmt alþjóðapóstlögunum erum við skyldir til þess að taka við þeim krossböndum, og senda þau með póstum út um landið. Mjer þætti eðlilegast, að hámarkið væri sett 4 pd. allt árið um í kring, en breyt.till minni hlutans er hjer vægari, því að hún setur hámarkið ofan í $1^1/_2$ pd. yfir vetrarmánuðina, og er því síður ástæða fyrir meiri hlutann að hafa á móti

henni. Þegar nú líka á það er litið, að póstsjóðurinn hefur haft meiri tekjur en gjöld síðasta ár, þá verða ástæðurnar á móti enn þá minni. Að vísu hafa tekjurnar sjálfsagt mest verið auknar með nýrri frímerkjagjörð og breytingum á þeim, en sama er um það að segja, að þær tekjur eru líka pósttekjur, og þær á því líka að nota til þess að gjöra mönnum greiðari viðskipti og verða mönnum þannig að liði, en ekki renna í landssjóð sem gróði. Bókamarkaður hjá okkur er mjög erfiður, bæði að því er snertir bóksala eða þá, sem gefa bækurnar út, af því að þjóðin er svo fámenn, og einnig að því er kaupendurna snertir, þar sem þeir eiga svo erfitt með að ná í bækurnar mikinn hluta ársins. Vjer ættum að kappkosta að gjöra mönnum bókamarkaðinn sem hægastan, en varast að setja mönnum afarkosti, þótt menn vilji ná sjer í bók. Jeg vona, að háttv. deild sjái, að hjer er um nauðsynjamál að ræða; vjer þurfum að breyta hjer ákvæði, sem af einhverri vangá hefur komizt inn í póstlög vor úr dönskum lögum, gagnstætt því, sem áður var, er krossbandssendingar máttu vera 5 pund. Þetta 1/2 punds ákvæði á alls ekki við hjer á landi, og þótt breytingin hafi aukinn kostnað í för með sjer, þá er hjer allt öðru máli að gegna, en ef farið færi fram á launahækkun eða eitthvað þess háttar. Jeg gæti enn fremur betur skilið, að menn vildu sporna á móti þessu breyt.till., ef tekjuhalli hefði verið við póstsjóðinn undanfarið, en nú hefur það ekki verið, eins og tekið hefur verið fram, og þótt það ef til vill sje að þakka aukinni frímerkjasölu, þá álít jeg, að haginn af henni beri líka að skoða sem hreinar pósttekjur.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer virðist háttv. 2. þm. G.-K. ekki vera eins annt um landssjóð nú, eins og þegar rætt var hjer í deildinni um stjórn Landsbókasafnsins; (*Valtýr Guðmundsson:* Jeg tók það fram, að hjer væri ekki um launahækkun að ræða); þá tók hann fram, að það væri hinn bági hagur landsjóðs, sem gjörði það, að hann gæti ekki verið með því frv., jeg fæ ekki annað sjeð, en það sama ætti að gilda nú, og vildi jeg skjóta því til háttv. þm., hvort hann vildi ekki gjöra þá breyt.till., að þetta yrði geymt þar til fjárhagur landsins yrði betri. Sami háttv. þm. gat þess, að stjórn póstmálanna eða póstflutningar væru menningarmeðal fyrir þjóðina, og skal jeg ekki neita því, en er Landsbókasafnið það ekki líka? Mjer virðist landbókasafnið vera það beinlínis, þar sem póststjórnin er það óbeinlínis. Jeg hef tekið það fram áður, að jeg álít ekki sjerlega nauðsyn til þess fyrir menn út um landið, að fá sjer sendar bækur í krossbandi, þar sem þeir geta fengið þær sendar hjer um bil eins ódýrt sem böggulsendingar. Háttv. 2. þm. G.-K., tók það einnig fram, að öðru máli væri að skipta um Danmörku um þetta efni, þótt sama hámark væri þar sett um krossbönd og hjer, því að þar gætu menn sent með járnbrautunum, og er það að vísu satt, en á annað ber hjer einnig að líta, sem vjer höfum aðra afstöðu í en Danir, og það er það, hvað póstflutningar yfir land eru dýrir hjer.

Sami háttv. þm. gat þess, að ef maður vildi senda krossband frá Danmörku hingað, og það væri þyngra, en hámarkið er þar ákveðið, þá þyrfti ekki annað en senda það t. d. «via Leith«, og gilti þá hámarkið fyrir þunga þess eptir alþjóðapóstlögunum,

og er þetta satt, en þetta er eins eptir dönsku póstlögunum, og gildir því það sama í Danmörku. Ekki er það mín skoðun, að vjer eigum að »dependera í öllu af Danskinum«, en hjer álít jeg að sje sjerstök ástæða til, að vjer breytum ekki til, því að jeg álít, að það sje meira í það varið fyrir eigendurna, að fá bækur sínar óskemmdar, eins og þeir mundu fá þær úr bögglum, þótt þeir yrðu að borga dálítið hærra burðargjald, en að fá þær ataðar og skemmdar eins og opt vill verða með krossbönd hjá póstum að vetrardegi.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um ræðu háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) því að þar var ekki margt nýtt, en jeg fæ ekki skilið, að hann hafi athugað vel orð sín, þar sem hann segir, að menn geti fengið sjer sendar bækur nálega eins ódýrt í bögglum sem í krossböndum; en nú er burðargjaldið undir 4 pd. krossband þó ekki nema 2 kr., en undir 4 pd. böggul eru það 4 kr. að vetrarlaginu, og er óþarfi að rugla því saman sem jöfnu.

Jeg get ekki tekið kostnaðaráætlun póstmeistara sem næga ástæðu á móti þessu máli, enda getur hún ekki verið rjett, þar sem hann gjörir kostnaðaraukann fleiri þúsund kr. yfir árið, og skil jeg ekki, hvernig á því stendur, að póstmeistari hefur tekið svo öfugt í þetta. Gjörum ráð fyrir, að senda eigi með pósti tímarit; því er allt af hægt að skipta í 50 kvinta krossbönd og senda það þannig, svo að þar þarf ekki þessa ákvæðis með, og sama máli er að gegna um hvaða bækur sem eru, bara að þær sjeu hver um sig ljettari en 50 kvint; póstur verður því að flytja allar þessar bækur og tímarit, og þungi þeirra er alveg sá sami, þótt þeim sje skipt niður í 50 kvinta krossbönd, eins og þær væru í færri fjögurra punda bögglum. Hjer verður því að eins nauðsynlegt, að nota þetta hámark, þegar senda þarf bækur, sem eru þyngri en 50 kvint, sem er að vísu sjaldgæfara, en getur engu að síður verið mönnum bráðnauðsynlegt að fá, og það á einhverjum ákveðnum tíma. Jeg tek t. d. lækna, sem þurfa að fá sjer einhverja nýútkomna bók, með nýjum uppgötvunum, en bókin er þyngri en 50 kvint; sama máli er að gegna um embættismenn, sem þurfa að fá löggiltar embættisbækur og áríðandi er að fá þær á rjettum tíma, en ef bækurnar eru þyngri en 50 kvint, þá er mönnum gjört svo erfitt fyrir að fá bækurnar, og það að ástæðulitlu, því að kostnaðaraukinn gæti aldrei orðið mikill, og þótt hann væri nokkur, þá ættu menn ekki að setja hann fyrir sig í þessu efni.

Háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) gat þess, að jeg hefði talað um, að landssjóður væri svo illa staddur, er jeg greiddi atkvæði á móti launahækkun við Landsbókasafnið, en eins og jeg hef áður tekið fram, þá er hjer allt öðru máli að gegna og ólíku saman að jafna; hjer er verið að tala um, að styrkja eitt af okkar helztu menningarmeðulum; og hvað því viðvíkur. að Landsbókasafnið sje líka menningarmeðal, þá er það satt, en það er hjer um bil eingöngu fyrir Reykjavík, en póstgöngurnar eru aptur fyrir allt landið. Landsbókasafnið verður líka sama menningarmeðalið, hvort sem starfsmenn þess hafa nokkru meiri eða minni laun. Hjer lít jeg heldur ekki aðallega á fjárhag landssjóðs, heldur á fjárhag póstsjóðsins,

og þar sem hann er fremur góður, þá er ekki sparandi fje til þess, að gjöra mönnum viðskiptin greiðari og gjöra mönnum auðveldara að fá bækur þær, er þeir þarfnast; jafnvel þótt tekjur póstsjóðsins, — sem munu hafa aukizt nokkuð nú upp á síðkastið af frímerkjabreytingu og þar af leiðandi aukinni sölu þeirra, — hrykkju ekki fyrir kostnaðinum eða gjöldum hans með þessu fyrirkomulagi, þá álít jeg sjálfsagt, að landssjóður í þessu efni hlaupi undir bagga og borgi tekjuhallann.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Mjer sýnist gjört of mikið úr þessu máli, hvað snertir flutning á bókum; hjer er alls ekki verið að banna mönnum, að senda bækur; þeir geta sent þær sem böggla, og burðargjaldið er 30 a. undir pundið, eins og undir krossband mikinn hluta ársins. Ef böggullinn er á svæðinu frá ½ pd, til 1 pd., þá er það ögn dýrara; það er nú allt og sumt. Landferðir póstanna hjer að vetrinum eru svo dýrar, að það kostar ærið fje, að bæta við hverjum hestinum, en þeim, sem sendir bókina, stendur það sjaldnast á miklu, hvort hún kemst mánuðinum fyr eða síðar; móttakanda getur að vísu einstöku sinnum verið nauðsynlegt, að fá hana að vetrinum, þótt jeg hyggi, að það yrði sjaldan; ef nú líka þess er gætt, hvað skipaferðir eru orðnar tíðar, þá mundi þetta ekki opt reka sig á, enda þá ekki vandinn annar, en að fá bókina senda sem böggulsendingu.

Þótt tekjur póstsjóðsins væru svo miklar, að hann gæti borið þau auknu útgjöld, sem yrðu breytingum þessum samfara, þá álít jeg þó, að tekjunum væri ekki rjett varið á þennan veg; rjettara væri, að verja þeim til þess, að lækka burðargjald á brjefum. En nú hefur tekju-aukinn undanfarið — eins og háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) tók fram — mest stafað af frímerkjabreytingu og þar af leiðandi aukinni frímerkjasölu, svo að vart er hægt, að búast við, að tekjurnar eptirleiðis hrökkvi fyrir gjöldum, og því síður, að þær gjöri meira.

Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að hjer sje að ræða um stórkostleg útgjöld fyrir landssjóð á aðra hönd, en á hinn bóginn lítilfjörlegan almennan hagnað. Lögin yrðu auðvitað ekki sett fyrir þau einstöku hjeruð, sem kynnu að þurfa þessara ákvæða, heldur fyrir allt landið, og mundu allsstaðar verða notuð óspart af bóksölum og öðrum þeim, er þurfa að senda bækur, hvort sem þess væri nokkur þörf eða eigi, en af því mundi aptur leiða mikil og óþörf útgjöld fyrir landssjóð, því að, eins og menn þekkja, þá eru landflutningar hjer að vetrinum svo afar dýrir.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. meiri hlutans (113) (ný grein), samþ. í einu hlj.

1. breyt.till. minni hlutans (113), samþ. með nafnakalli með 7 atkv. gegn 6.

Já:	*Nei:*
Ág. Flygenring,	Björn M. Ólsen,
Guttormur Vigfúss.,	Sig. Jensson,
Jóh. Jóhannesson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Stefánss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
Þórarinn Jónsson,	Steingr. Jónsson.
Þorgr. Þórðarson.	

Þar með fallin 2. breyt.till. meiri hlutans, *a.* 1. liður.

2. breyt.till. meiri hlutans við 1. gr., staflið b., samþ. í einu hlj.

Breyt.till. meiri hlutans í staflið 2, b. við 1. gr., samþ. í einu hlj.

2. breyt.till. minni hlutans, samþ. með nafnakalli með 7 atkv. gegn 6.

Já:	*Nei:*
Ágúst Flygenring,	Björn M. Olsen,
Gutt. Vigfússon,	Sigurður Jensson,
Jóh. Jóhannesson,	Eirikur Briem,
Sigurður Stefánss.,	Guðj. Guðlaugss.,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
Þórarinn Jónss,	Steingr. Jónsson,
Þorgr. Þórðarson.	

Þar með fallin 2. breyt.till. meiri hlutans, stafliður b.

2. gr. frumv. breytt samþ. með 7 atkv. gegn 1.

3. breyt.till. (113):

ný 3. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.
ný 4. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
ný 5. gr. sþ. með 12 : 1 atkv.

4. breyt.till. (við 2. gr. frumv., er verður 6. gr.), samþ. í einu hlj.

3. gr. frumv., sem verður 7. grein, samþ. í einu hlj.

4. gr. frumv., sem verður 8. grein, samþ. með 12 samhlj. atkv.

6. breyt.till., sem verður ný 9. grein, samþ. í einu hlj.

7. breyt.till. við 5. gr. frumv., samþ. án atkv.gr.

5. gr. frv., sem verður 10. grein, samþ. í einu hlj.

8. breyt.till., sem verður ný 11. grein, samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 19. fundi Ed., miðvikudaginn 24. júlí, kom frumv. (A. 134, 136) til 3. umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg hef ekki annað að segja um þetta mál, en geta um lítilfjörlega breyt.till., sem nefndin hefur leyft sjer að koma með. — Breyt.till. er sú, að skipta um 10. og 11. gr. frumv., þannig, að 11. gr. verði 10. gr., en 10. gr. verði aptur 11. gr., og vona, að háttv. þingmenn þessarar deildar sjái, að breyting þessi er sjálfsögð og nauðsynleg.

Svo vildi jeg geta um, að jeg hef orðið var við 2 prentvillur í frumv.; á einum stað er »þyngri« fyrir »þyngra«, og á öðrum stað á: að falla úr.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (134) við 10. gr., samþ. í einu hlj.

2. breyt.till. (134) við 11. gr., samþ. í einu hlj.

Frumv. í heild sinni, þannig breytt, samþ. í einu hljóði, og afgreitt til forseta neðri deildar.

Á 25. fundi Nd., fimmtudaginn 15. ágúst kom frumv. (A 164) til 1. umr.

Enginn tók til máls, og var frumv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Á 30. fundi Nd., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. (A 164) til 2. umr.

Enginn tók til máls og var gengið til atkv.

ATKVGR.

1.	gr.	samþ.	með 17	atkv.
2.	-	—	— 17	—
3.	-	—	— 16	—
4.	-	—	— 16	—
5.	-	—	— 15	—
6.	-	—	— 16	—
7.	-	—	— 15	—
8.	-	—	— 15	—
9.	-	—	— 16	—
10.	-	—	— 16	—
11.	-	—	— 16	—

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Á 33. fundi Nd. mánudaginn 16. ágúst kom frumv. (A 164) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 19 atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXII. Fiskiveiðar í landhelgi.

Á 5. fundi Ed., laugardaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um breyting á lögum 27. septbr. 1901, um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland til 1. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Það er sannarlega tími til þess kominn, að sú breyting sje gjörð á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland, sem frumv. þetta fer fram á.

Jeg verð því að telja það mjög heppilegt, að frumv. þetta er komið hjer fram. En af því að hjer er um verulegt nauðsynjamál að ræða, sem þörf er að kippa sem allra fyrst í lag, þá tel jeg það galla á frumv. að ekki er gjört ráð fyrir í því, að lögin öðlist gildi fyr en 1. jan. 1908, og til að ráða bót á honum, hef jeg hugsað mjer að koma fram með brt. þess efnis, að lögin komist í framkvæmd svo fljótt sem unnt er.

Það má svo að orði kveða, að Norðmenn — að minnsta kosti við Norðurland — hafi lagt undir sig landhelgissvæðið, og telji það sína eign, auk þess sem ýmsir aðrir útlendir fiskimenn gjörast oss helzt til nærgöngulir. Það mætti að vísu segja, að varðskipið ætti að geta verndað oss fyrir ólöglegum yfirgangi fiskimanna, en það er hvorttveggja, að einu skipi, og jafnvel þótt tvö væru, er ofætlun að verja allar strendur landsins, og hinsvegar þykir því varla taka því að draga sökudólga langar leiðir inn á hafnir á meðan sektirnar eru jafnlágar og nú eru þær. Að sjálfsögðu gjöra og hinar lágu sektir lögbrotsmennina enn djarfari að fiska í landhelgi.

Að öðru leyti eru ákvæði frumv. svo óbrotin og skýr, að jeg tel óþarfa að setja nefnd í málið.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg vil skjóta því undir háttv. 4. kgk. þm. (Á. Fl.), sem gjört hefur ráð fyrir að koma fram með brt. við frumv. þetta, hvort eigi muni ástæða til að skjóta inn í 1. gr. frumv. á eptir orðunum »allur óverkaður afli skipsins« orðunum »með umbúðum hans«. Eins og frv. er orðað nú, gæti það verið mikið vafamál, hvort eigi yrði að taka afla úr tunnum þeim, sem hann kynni að vera geymdur í, og skila þeim aptur, en þá tel jeg frumv. ekki ná fyllilega tilgangi sínum, ef sú yrði raunin á. Að öðru leyti er jeg samdóma því, sem háttv. þm. (Á. Fl.) sagði um frumv.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg get ekki lofað háttv. þm. (Jóh. Jóh.) að taka til greina í breyt.till. minni það, sem hann fór fram á, því að jeg fæ ekki betur sjeð, en að breyt.till. hans haggi við grundvelli þeim, sem frv. þetta er byggt á. Það er auðsætt á frv., að stjórninni hefur fundizt það varúðarvert, að leggja það til, að allur afli skipa yrði gjörður upptækur, hvernig sem á stendur. Það má búast

við, ef þeirri reglu væri jafnan fylgt, að einatt hefði minnstur hluti hins upptæka afla verið veiddur í landhelgi, og sektarákvæðin yrðu í sjálfu sjer svo afar mishörð allt eptir því, hver veiðiaðferð er viðhöfð; botnvörpungar yrðu t. d. að jafnaði miklu betur úti, en þeir, sem salta afla sinn.

Að því er síldveiðaskip snerti, kæmi ákvæði það, sem háttv. þm. (Jóh. Jóh.) vill bæta við, sjaldan að notum, ef að eins á að gjöra upptækan afla þann, sem veiddur er í landhelgi, því að eins og vjer vitum, salta þeir sjaldnast afla sinn niður í tunnur út í sjó, heldur fara með hann inn á hafnir, og salta hann þar; það mundi því varla koma fyrir, að upptækur yrði gjörður fyrir þeim afli, sem í tunnur væri kominn. En ef ræða er um afla á frönskum skipum, þá þykir mjer ákvæðið nokkuð hart, að taka skuli umbúðirnar, sem venjulega eru dýrar tunnur, ásamt aflanum, sem venjulega er þorskur. Mjer finnst því stökkið nokkuð stórt, að því sem þá snertir, frá því, sem nú er.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl): Það lítur út fyrir, að hátt. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.). hafi ekki lesið nógu rækilega ákvæði frumv., og ekki gætt þess að í frumv. stendur, að sjeu sakir miklar, þá megi ákveða, að allur afli innanborðs skuli vera upptækur, og því misskilið tillögu mína. Einungis þegar svo stendur á, þá kemur ákvæðið um upptöku umbúðanna til greina, og þá á því að vera beitt. Eigi að fara að rífa t. a. m. síld, sem búið er að salta niður í tunnur, upp úr þeim, og skila þeim aptur, spillist veiðin og verður í engu verði. Hins vegar eru tunnurnar svo lítils virði, að það virðist alls eigi of hart, er eins stendur á og gjört er ráð fyrir í frumv., að ákveða að einnig þær skuli upptækar vera.

Ráðherrann: Ástæður þess, að frv. þetta kemur fram í þessu formi, eru aðallega tillit til franskra fiskiskipa, sem stunda veiði hjer við land. Hvort sem Frakkar stunda hjer veiði á seglskipum eða botnvörpungum, þá salta þeir jafnan veiði sína í tunnur jafnóðum, og gjöra þeir það af þeim ástæðum, að þeir fá verðlaun í Frakklandi fyrir hinn innflutta fisk, sem miðuð eru við tunnutalið.

Frakkar hafa orðið hjer öðrum fremur hart úti, þegar afli þeirra hefur verið gjörður upptækur sökum landhelgisbrota. Fyrir nokkrum árum síðan var af hálfu sendiherra Frakka í Danmörku gjörð tilraun til þess að fá rjetting á máli skips eins, er hjer hafði orðið brotlegt og misst aflann. Skipstjóri mat þann afla, er hann hafði, sem sjálfsagt hefur að mestu leyti verveiddur utan landhelgi, á 30,000 kr., ef hann hefði getað flutt hann ttl Frakklands. Hjer seldist þessi fiskur, sem rífa varð upp úr tunnunum, að eins á 3—4 þús. kr., og varð uppbótarkröfu ekki sinnt. Til þess að koma í veg fyrir, að Frakkar eða aðrir þeir, sem kynnu að fara líkt með veiði sína, verði harðara úti en t. d. Englendingar, eru ákvæðin sett um það, að að eins sá fiskur, er veiddur er í landhelgi, skuli upptækur, nema ef mjög miklar sakir eru, og er því ákvæði skotið inn til ljettis, að sá afli *megi* álitast ólöglega veiddur, sem óverkaður finnst í skipi, sem er tekið í landhelgisveiðum. Hjer er ekki sjerstakt tillit tekið til síldarveiða Norðmanna, enda munu þeir ekki salta síldina úti á rúmsjó, heldur fara til þess upp að landi eða inn á hafnir. Nú ímynda jeg mjer að vísu, að tunnur þær, er Frakkar brúka, sjeu dýrari en tunnur Norðmanna; en ganga má út frá því. að þær tunuur sjeu einnig nokkuð

sterkar og lagarheldar, svo að sjálfsögðu eru tunnurnar fyrir sig töluvert dýrar, og er hart fyrir þá að missa þær í viðbót við aflann, þar sem þær þó ekki geta talizt til ólöglegs afla eða veiðarfæra í þrengri merking.

Jeg talaði í gær við 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) um ákvæði þessi, og varð þá í fljótu bragði heiðruðum þm. samdóma, að taka mundi mega síldartunnurnar með, en við nánari athugun hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að tillaga hans sje talsvert varhugaverð. Aðalmarkmið hegningarákvæðanna fyrir landhelgisbrot er ekki það, að landið græði á þeim með því að fá sem hæstar sektir, heldur að hafa þau þannig úr garði gjörð, að þau hræði útlendinga frá því að brjóta lög vor, og það gjörum við einmitt með því að ákveða, að veiðarfæri skuli vera upptæk, því að það neyðir útlendinga til þess að fara heim til sín og afla sjer veiðarfæra á ný, og geta þeir þannig ekki byrjað á veiðum aptur fyr en að nokkrum tíma liðnum. Síðan Norðmenn byrjuðu að nota hjer snerpinætur, geta þeir fengið svo mikið í einum drætti, að miklu meira nemi en sektunum, þótt þeir hefðu verið staðnir að því, að taka dráttinn í landhelgi; þess vegna hefur verið sett ákvæði um það, að afli sá, er veiddur er í landhelgi, skuli upptæknr. Og sjeu veiðarfærin einnig gjörð upptæk, verður það svo tilfinnanlegt, að tilgangi laganna ætti að vera náð, þótt eigi væri upptektarákvæðin hert enn meira. Að öðru leyti er jeg samþykkur 4. kgk. þm. (Á. Fl.) í því. að rjett sje að br.-till. komi fram við frumv., er gangi í þá átt, að það öðlist fyr gildi en gjört er ráð fyrir; æskilegast væri, að þingið hraðaði svo frumv. þessu, að það gæti orðið að lögum um mánaðamótin júlí — ágúst, þegar konungur vor verður staddur hjer á landi.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 8. fundi Ed., þriðjudaginn 9. júli, kom frumv. (A. 57, 58) til 2. umr.

Ágúst Flygenring, (4. kgk. þm.). Jeg hef leyft mjer að koma fram með tvær breyt.till. við frumv. þetta, á þskj. 57 og 58 ásamt hv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.).

Fyrri breyt.till. á þskj. 58 fer fram á það, að aptan við fyrirsögnina bætist »og á tilskipun 12. febr. 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland«, og komi þá þessi orð í staðinn fyrir orðin »o. fl.«. Og er þá ekki fleira, sem þarf að vitna til með fyrirsögn laganna. Annars gjörir þessi breyt.till. hvorki til nje frá.

Næsta breyt.till. á sama þskj. ræðir um, hvernig skilja eigi orðin »ólögmætur og óverkaður afli«, og kveður hún skýrar á um það, að ólögmætan afla skuli telja allan óverkaðan afla innanborðs.

Eins og tekið er fram í aths. við frumv., er opt ómögulegt að ákveða, hversu miklu hinn ólögmæti afli nemur af því, sem í skipinu er. Annars legg jeg ekki sjerlega áherzlu á þessa breyt.till. heldur.

Nokkru öðru máli er að gegna um fyrri breyt.till. á þskj. 57 við sömu gr. Það er veruleg efnisbreyting, og ræðir um það, að einnig umbúðir sjeu upptækar, ef um síldarafla er að ræða, sem búið er að salta í tunnur. Hjer er tekið fram, að það sje að eins, ef um síld er að ræða, til þess að fyrirbyggja að um aðra veiði gæti verið að tala. Því er það tekið fram í aths. við frumv., að það gæti komið nokkuð hart niður á Frökkum, að missa allan sinn afla, ef til vill fleiri mán-

aða eptirtekju, þó ekki misstu þeir einnig dýrar umbúðir. Öðru máli er að gegna með síldarveiðina, sem er miklu fljótteknari afli. Jeg hef ekki valið orðið »ílát«, sem hefur að vísu viðtækari þýðingu, af því jeg þekki engar undantekningar frá því, að verka síldina þannig, að hún sje söltuð niður í tunnur. Í Norvegi er meira að segja ákvæði um það, að hafa skuli að eins sjerstaka tegund af tunnum til þessa, og að því, er jeg frekast veit, mun það einnig vera í Skotlandi.

Síðasta breyt.till. fer fram á það, að lögin komi í gildi þegar í stað. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg hef átt tal um þessa breyt.till. við hæstv. ráðh., og hefur hann sagt, að það hafi að eins verið af gleymsku, að það stóð ekki þannig í frumv.

Jeg fer svo ekki fleiri orðum um þessar breyt.till. en vona, að hin háttv. deild geti fallizt á þær.

Raðherrann: Jeg hef ekkert að athuga við fyrri breyt.til. á þgskj. 58. Það kemur í rauninni í sama stað niður, þótt í stað orðanna »o. fl.« komi það, sem átt er við með þeim, og er það ef til vill skýrara eins og það er orðað í breyt.till. Að eins vona jeg, að þegar þessi breyting verður innfærð á skrifstofunni, þá verði strykuð út orðin »o. fl.« aptan við fyrirsögnina, áður en hinu er bætt við.

Aptur á móti er jeg ekki viss um, að síðari breytingin á sama þgskj. við 1. gr. sje til bóta. Það er meining frv., að jafnan skuli upptækur allur ólögmætur afli, og auk þess, sem vitanlega er ólöglega veitt, einnig óverkaður afli, er í skipinu finnst. Væri að eins boðið að taka ólögmætan afla, þyrfti dómarinn ef til vill, að leita vitna meðal hásetanna um, hve mikið væri ólöglega veitt. En það gæti valdið miklum vafningum, og ef til vill ekki orðið sem sannast upplýst. Þegar frumv. þetta var samið, kom það fyrst til tals, að setja »óverkaðan og ólögmætan afla«. En það orðalag var ekki hægt að nota, því að þá gat það orðið svo skilið sem báðum þessum atriðum yrði að vera fullnægt, og að því ekki mætti taka ólögmætan afla, nema hann væri óverkaður. Þá kom einnig til tals, að haga orðunum eins og gjört er nú í breyt.till., nefnilega gjöra upptækan allan ólögmætan afla og ákveða, að ólögmætur afli skuli teljast allur óverkaður fiskur, sem fyndist í skipinu. En ef svo ber undir, að það er alveg víst, að óverkaður afli, sem í skipinu finnst, er ekki ólöglega veiddur, þá er óviðfelldið að lögboðið sje, að svo *skuli* álíta. En eptir orðalagi frumv. er allur ólögmætur afli, sem finnst í skipinu, upptækur, og þó sönnun bresti fyrir því, að hann sje ólögmætur, þá á samt að taka óverkaðan afla og gjöra hann upptækan.

Það er með öðrum orðum gefin heimild til þess, að það geti verið sjálfstæð ástæða til upptektar, að aflinn finnst óverkaður í skipinu, þegar það er tekið á ólöglegri veiði.

Jeg held þess vegna, að þó orðalag frumv. virðist í fljótu bragði dálítið óljóst, þá muni menn við nánari athugun sjá, að það er hentugt; — þótt það því ef til vill frá málfræðislegu sjónarmiði fari betur eins og það er orðað í breyt.till,, þá finnst mjer þó rjettara, að halda orðalagi frumv. óbreyttu. Enda er hjer líka um efnisbreytingu að ræða í breyt.till., því að í síðari parti hennar stendur, að til ólögmæts afla *megi* og telja allan óverkaðan afla; og mundi þá í einstaka tilfellum hægt, að fara mildari leiðina, þannig, að óverkaður fiskur væri ekki allur gjörður upptækur. Svo það er

ekki nákvæmlega sama efni í breyt.-till. sem í orðalagi frumv.

Viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 57 við 3. gr., þá er jeg alveg samdóma háttv. 4. kgk. þm. (Ág. F.), og mundi jeg sjálfur hafa komið fram með samskonar breyt.till., ef hann hefði ekki orðið fyrri til þess, því að svo heppilega stendur á, að lög þessi geta orðið undirskrifuð af H. H. konunginum, þegar hann kemur hingað í sumar, og þannig orðið mjög skjót bót, þar sem þau þá geta gripið yfir mest alla þessa árs síldveiði nyrðra.

Að því er snertir ákvæðið um síldarumbúðir, þá finn jeg ekki fulla ástæðu til þess, að setja mig á móti því; það er líklega nauðsynlegt til þess, að síldin ekki ónýtist. Reyndar væri hægt, að skila hlutaðeigendum aptur verðinu fyrir tunnurnar.

Að svo stöddu, skal jeg þó ekki hreyfa frekari mótmælum, en áskil mjer þó rjett til þess, að hugsa málið nánar.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg lýsi gleði minni yfir því, að hæstv. ráðherra hefur getað aðhyllzt fyrri breyt.till. á þingskj. 58. En jeg skal játa, að mjer finnst nú töluverður hængur á síðari breyt.till. á sama þgskj. frá mjer og háttv. 4. kgk. þm. (Ág. F.). — Jeg sannfærðist um það af ræðu hæstv. ráðherra. Að vísu má laga síðari hluta breyt.till. með því, að breyta orðinu »má» í »skal«, og bæta svo aptan við, t. d. »nema það sannist, að hinn óverkaði afli sje löglega fenginn«. Annars hef jeg ekkert á móti því fyrir mitt leyti, að taka þessa breyt.till. aptur, ef háttv. meðtillögumaður minn er því samþykkur. Og með því, að jeg nú heyri, að hann fellst á það, þá tökum við hjer með aptur síðari breyt.-till. á þgskj. 58.

ATKV.GR.:

Önnur breyt.till. á þingskj. 58 við 1. gr. tekin aptur.

1. breyt.till. á þgskj. 57 við 1. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. gr. breytt samþ. í einu hlj.

2. gr. frv. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. á þgskj. 57 við 3. gr. sþ. í einu hlj.

3. gr. breytt sþ. í einu hlj.

1. breyt.till. 58 við fyrirsögnina sþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin þannig breytt samþ. í einu hlj.

Frumv. vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Á 10. fundi Ed., fimmtudaginn 11. júlí, kom frumv. til laga um breyting á lögum 27. septbr. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland og á tilsk. 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland (A. 62) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til forseta Nd.

Á 11. fundi Nd., mánudaginn 15. júlí, kom frumv. til 1. umr.

Ráðherrann: Það hefur komið í ljós á síðari árum, að ákvæði laga vorra um fiskiveiðar útlendinga hjer við land, aðrar en botnvörpuveiðarnar, eru hvergi nærri fullnægjandi til þess að verja landhelgina. Sektarákvæðin hafa reynzt of væg og hinum öðrum ákvæðum, er lúta að upptöku afla og veiðarfæra, er einnig ábótavant. Að vísu er svo fyrir mælt, að ólöglegnr afli skuli vera upptækur, en úr því er opt ekki gott að skera, hvenær hann er ólöglegur.

Tilgangur frumv. þessa er sá, að lög-

leiða um almennar fiskiveiðar og síldveiðar svipuð ákvæði og þau, er nú gilda um botnvörpuveiðarnar, þó með þeim breytingum, að ákvæðin verði ekki að öllu leyti eins ströng. Eins og tekið er fram í athugasemdum við frumv., hafa hegningarákvæði botnvörpulaganna komið talsvert ójafnt niður, með því að þjóðirnar fara misjafnt að með aflann. Frakkar salta allt niður í tunnur og eru lengi í hverri ferð, en Englendingar ísverja að eins aflann og flýta sjer burt sem mest þeir mega. Af þessu leiðir það, að þá er afli er upptækur gjör, verða Frakkar miklu ver úti með vel verkaðan afla, en hinir, og er það mjög óviðfelldið.

Það þótti því ekki fært, að lögleiða hið sama upptökuákvæði einnig um aðrar fiskiveiðar. En hins vegar er það heimilað í frumv., að gjöra allan afla upptækan, ef mjög miklar sakir eru fyrir hendi; einkum þá, er grunur liggur á, að sama skipið hafi opt veitt í landhelgi áður. Til ljettis er þeirri skýringu skotið inn í, að ólögmætan megi telja þann afla, er finnst óverkaður í skipi, þá er það er staðið að ólöglegri veiði. Um orðalagið á þessu urðu umræður í Ed. Í frumv. stjórnarinnar var það orðað þannig: »— ólögmætur eða óverkaður —«. Sumum þótti orðið »eða« of óákveðið og vildu heldur skjóta inn í: »og ólöglegan skal telja o. s. frv.« Varð það þó ofan á, að halda orðalaginu óbreyttu, þá er menn höfðu gjört sjer það ljóst, að meiningin er þetta, að allan ólögmætan afla megi taka, en óverkaðan afla megi álíta ólöglega fenginn, ef ekki annað sannast, þegar skipið er tekið í landhelgisveiði. Bæði getur verkaður afli verið ólögmætur, og þá verður að mega taka hann; og eins getur verið til óverkaður afli í skipinu, sem eigi er ólöglega fenginn, og væri þá óviðfelldið, að hafa það lögákveðið, að hann skuli álítast ólögmætur, þó menn vissu, að hann væri það ekki.

Í Ed. var gjörð önnur breyting við 1. gr. Því var bætt við, að fyrir utan afla og veiðarfæri megi og gjöra upptækar umbúðir um síld. Ástæðan til þess er sú, að álitið er, að síld, sem búið er að salta niður í tunnur, sje ónýt, ef hún er rifin upp úr þeim. Hins vegar ekki tiltök, að gjöra allar umbúðir upptækar, því að tunnur, sem Frakkar nota til þess að salta fisk sinn í, eru stórar og dýrar, og þótt fiskurinn sje tekinn upp úr þeim, verður hann ekki einskis virði, eins og síldin. Svo eru og síldartunnurnar miklu ódýrari. Jeg get ekki sjeð neitt verulegt því til fyrirstöðu, að slíkt ákvæði sje sett inn í lögin, þótt ekki sje það venjulegt. En ekki er jeg viss um, að það sje rjett, að tiltaka að eins tunnur, eins og gjört er í breyt.till, Ed., því að salta má í fleira en tunnur, og mætti þannig fara í kring um þetta. Væri því ef til vill rjett, að fella burtu orðin »í tunnur«, og láta ákvæðið þannig ná yfir allt, »sem búið er að salta niður«. Leyfi jeg mjer, að skjóta þessu til þeirra af hinum háttv. þingmönnum, sem kunnugir eru síldveiðum. Má og vera, að eitthvað sje hjer fleira, er athuga þyrfti nánar.

Þá var enn gjörð sú breyting á frv. þessu í Ed. í samráði við mig, að lög þessi skuli öðlast gildi þegar í stað. Þetta er að mínu áliti heppilegt. Það er mjög æskilegt, að þessar umbætur á lögunum komi í gildi sem fyrst, þannig, að þær nái til fiskiveiðatíma Norðmanna fyrir norðan land í sumar. Og ef hin háttv. deild vill samþykkja frv., vildi jeg þá mælast til þess, að málinu yrði flýtt svo, að það gæti orðið

afgreitt, áður en Hans Hátign konungurinn kemur hingað, svo að jeg geti lagt það undir staðfesting hans í lok þessa mánaðar.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Því verður ekki neitað, að frumv. þetta er til bóta, það sem það nær, því að hækkun sektanna upp í 200—2000 kr. er næsta þýðingarmikil, einkum ef henni væri samfara aukin strandgæzla, sem nauðsynlegt er að verði. En þótt jeg játi, að þetta sje gott, þá er jeg þó ekki í alla staði ánægður með frumv., vegna þess að jeg hafði búizt við því, að stjórnin hefði sjeð sjer fært að taka alla fiskiveiðalöggjöfina til enn víðtækari endurskoðunar. Jeg lít sem sje svo á, að sú löggjöf hafi inni að halda mörg úrelt ákvæði. Og eins er hitt, að það er örðugt fyrir almenning, að átta sig á öllum þeim breytingum, sem gjörðar hafa verið á henni. Sjerstaklega vil jeg leyfa mjer að benda á breyting á lögum 12. febr. 1872 og 17. des. 1875. Jeg lít svo á, að afgjald utanríkisskipa sje allt of lágt; það mætti hækka að mun.

En þrátt fyrir þetta, sem nú er sagt, vil jeg þó ekki leggja það til, að hin háttv. deild fari að breyta ákvæðum frumv. í neinum verulegum atriðum. Til þess er tíminn of stuttur, því að ef það ákvæði, að lögin skuli þegar öðlast gildi, á að verða að notum, og það er það bezta við frumv., þá verður mál þetta að hafa framgang tafarlaust. Hin háttv. deild ætti því að greiða sem bezt fyrir frumv., þó í því trausti, að stjórnin taki fiskiveiðalöggjöfina sem allra fyrst til rækilegrar endurskoðunar.

Ráðherrann: Jeg fæ ekki sjeð, að það sje í sjálfu sjer mjög mikið verk, að safna saman í eitt núgildandi ákvæðum um fiskiveiðar hjer á landi og hjer við land. En hitt er öðru máli að gegna, að fiskiveiðalöggjöfinni er í fjölda mörgu ábótavant, og hefði á annað borð verið farið að hrófla við henni yfirleitt, þá þurfti að endurskoða hana rækilega og breyta henni á marga vegu, svo að til verulegs batnaðar yrði. En í því starfi verða að taka þátt þeir menn, er sjerþekkingu hafa í fiskiveiðum. Slíka sjerþekkingu hafði stjórnarráðið ekki, og því gat það ekki lagt fyrir þetta þing frumv. til nýrrar fiskiveiðalöggjafar.

Aptur á móti tel jeg það vel til fallið, að þetta þing taki til íhugunar, hvort ekki væri æskilegt, að stjórnin fengi heimild til, að kveðja menn í milliþinganefnd, til þess að vera henni til aðstoðar við undirbúning nýrra fullkominna fiskiveiðalaga, er gilt gætu fyrir allt landið.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 13. fundi Nd., miðvikudaginn 17. júlí, kom frumv. (A 72) til 2. umr.

Enginn tók til máls, og var þá gengið til atkv.

1. gr. sþ. með 23 atkv.
2. — — — 22 —
3. — — í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 15. fuudi Nd., föstudaginn 19. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust sþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XXIII. Gjafsóknir.

Á 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júlí, kom frv. til laga um gjafsóknir til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Stungið var upp á 3 manna nefnd í málinu, og var sú nppástunga samþ.

Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þingmönnum, og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Ólafur Thorlacíus, Magnús Andrjesson, Árni Jónsson.

Síðan voru með hlutfallskosningu kjörnir í nefndina: Björn Bjarnarson, þm. Dal., Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn. og Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.

Í nefndinni var Hannes Þorsteinsson kosinn formaður og Björn Bjarnarson skrifari og framsm.

Á 14. fundi Nd., fimmtudaginn 18. júlí, kom frumv. (A 86) til 2. umr.

Framsögumaður Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Um þetta mál þarf ekki að taka margt fram, annað en það, sem stendur í nefndarálitinu. Frumv. líks efnis hafa optar en einusinni áður legið fyrir hjer í deildinni og verið samþykkt með meiri hluta atkv.

Eitt er sjerstaklega að athuga við frumv., og það er það, að þegar numinn er burtu gjafsóknarrjetturinn, þá verður og að sjálfsögðu að nema burt rjett þann, sem yfirboðarar hafa til þess, að fyrirskipa málshöfðanir, samkvæmt tilsk. 27. sept. 1799. Þetta tvennt verður að fylgjast að, enda hefur hv. deild áður verið á því, og þeir, sem hafa verið flutningsm., hafa kannast við það með því að taka inn viðaukatill. um þetta atriði. Það þarf því ekki að fara frekari orðum um þetta; jeg veit, að það mun verða samþ. En í 6. gr. frumv. er nýmæli, sem er mjög aðgengilegt, sem sje það, að ef einhver þarfnast gjafsóknar og málstaður hans virðist góður, málefni hans er áríðandi og getur ekki haft framgang nema skipaður sje setudómari í málinu, þá skuli greiða af almannafje ferðakostnað og störf setudómarans.

Hingað til hefur átt sjer stað mikið misrjetti milli manna, að því leyti, að sumir hafa getað náð rjetti sínum hjá dómstólunum með litlum kostnaði, en sumum hefur orðið það ókleift; jeg kalla það ókleift, ef hann þarf að leggja fram háar upphæðir til setudómara fyrir ferðakostnað og störf þeirra, því að sjaldan er nokkur maður viss um að vinna mál svo gjörsamlega, að hann fái allan málskostnað endurgoldinn, en falli málskostnaðurinn niður, getur það opt orðið svo dýrt, að ná rjetti sínum, ef setudómara þarf við, að menn neyðast til að láta þess ófreistað. Þetta á sjer einkum stað, þá er dómari er á einhvern hátt þannig bendlaður við sök, að eigi er fært að hann dæmi, eða ef höfða þarf mál gegn hinum reglulega dómara, ættingjum hans eða vinnufólki hans, eða leiða þarf hinn reglulega dómara sem vitni í málinu; í öllum þessum tilfellum og fleirum þarf setudómara.

Jeg skal taka það fram, að nefndin er sammála um, að það, sem fyrir er mælt í 2. gr. frumv. um kirkjur og sjúkrahús, skuli eingöngu taka til þeirra kirkna og sjúkrahúsa, sem eru eign hins opinbera, en eigi einstakra manna, eða fjelaga. Það væri, sem sje, engin ástæða til þess, að veita þeim fremur

gjafsókn í þeim málum, er snerta kirkjur þeirra, eða sjúkrahús, en í öðrum málum þeirra.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg ætla ekki að svara háttv. þm. Dalm. (B. B.) miklu, því að jeg heyrði fátt af því, er hann sagði, og af því, sem jeg heyrði, skildi jeg enn minna, líklega meðfram af því, að það voru ekki nema sundurslitin orð og setningar.

Þetta mál er enginn nýr gestur. Það hefur verið japlað á því aptur og aptur hjer í deildinni. Aðalástæðurnar, sem færðar hafa verið fram, hafa verið þær, að eins og nú er, hafi embættismenn óþolandi sjerrjettindi í þessu efni, og að framkvæmd þessara laga hafi kostað landssjóð mikið fje.

Jeg fæ ekki sjeð, að hjer sje um nein veruleg sjerrjettindi embættismanna að ræða. Þeim, er stöðu sinnar vegna hættara við alls konar ofsóknum og aðkasti, en öðrum mönnum, og því er ekki nema eðlilegt, að þeim sje leitað einhverra varna öðrum fremur, á líkan hátt og sjómenn, sem standa á þiljum og verða fyrir ágjöf, þurfa að hafa betri hlífarföt en farþegar.

Hitt er líka rangt mál, að landssjóði hafi verið bakaður mikill kostnaður með þessu. Að minnsta kosti veit jeg ekki til þess, að einu dæmi undanteknu, fyr en þá í allra seinustu tíð. Nú fyrir skömmu er lokið máli, er hefur kostað landssjóð mikið. Það var einn sýslumaður, er hafði leyft sjer að lýsa einum hreppsnefndarmanni, eins og honum fannst rjett. En nú stóð svo á, að þessi hreppsnefndarmaður var jafnframt prestur, og biskup fann ástæðu til þess, að skipa honum að höfða mál. Þessi prestur fjekk gjafsókn, mót von, og það hefur hann fengið optar en einu sinni, og þetta mál hefur kostað landssjóð mikið og kann ef til vill að kosta meira, því að dæmi eru til þess, að dómar landsyfirrjettarins hafa eigi staðið lengi, sjerstaklega þegar vissir menn eiga hlut að máli.

Jeg lít svo á, að 2. gr. laga 12. júlí 1878 *heimili* að eins, að veita gjafsókn embættismönnum, sem skipað hefur verið að fara í mál, en skyldi engan veginn til þess. Þar stendur að eins: »Gjafsókn *má* veita« en ekki: »*skal* veita«. Og sje þetta rjettur skilningur, er ekki lögunum um að kenna, heldur framkvæmd laganna. En það tjáir ekki að sakast um orðna hluti. Jeg vildi að eins bera af þeim mönnum, sem hjer eiga hlut að máli, það sem þeim stöðugt er brígslað um, að hjer sje um sjerstök hlunnindi að ræða, er komi hart niður á landssjóði. Annars er mjer sama um, hvort gjafsókn er til eða ekki. Jeg hef ekki brúkað hana gegn öðrum, en hún hefur verið brúkuð af öðrum gegn mjer.

Frumv. stjórnarinnar er líkt og áður hefur verið. 6. gr. er einstaklega varlega orðuð; embættismenn eru ekki nefndir, en það skilst, að þeir muni mega vænta þessarar náðar undir vissum kringumstæðum. Jeg býst ekki við, að 6. gr. verði þeim mikill hlífiskjöldur. »Prófessionellir« mannorðsþjófar í landi hjer munu ganga upp í þeirri dulinni, að stjórnin muni heykjast við að beita henni. Þetta tala jeg ekki til þeirrar stjórnar, sem nú er, en maður á það, því miður, ekki víst, hve lengi hún situr á stóli.

Að öðru leyti álít jeg, að ef menn vildu bæta úr því, hvernig prentsverta er notuð hjer, þá sje annaðhvort, að afnema hegningu fyrir meiðyrði, eða þá að herða hana. Nú er hegningin fyrir prentaðar ærumeiðingar á pappírnum að vísu aðallega fangavist, en henni hefur ekki verið beitt, nema

eitthvað einu sinni. Fangelsishegning ætti að vera einka-hegning, og ætti þá um leið til leiðbeiningar, að telja upp, hvað það er, sem helzt segist á, því að það hefur sýnt sig, að dómarar hafa lagt mismunandi skilning í ákvæði um þau efni. Að öðrum kosti ætti að afnema alla slíka hegningu og ganga út frá reglunni gömlu, að ómæt sjeu ómagaorð. Með því móti mætti kannske ná sama tilgangi og meiri frið meðal manna. Og víst er um það, að þá fækkaði ásteitingarsteinum misjafnra dómara.

ATKV.GR.

1. gr.	frv.	samþ.	með	21	atkv.	shlj.
2.	—	—	—	21	—	—
3.	—	—	—	20	—	—
4.	—	—	—	20	—	—
5.	—	—	—	21	—	—
6.	—	—	—	22	—	—
7.	—	—	—	22	—	—

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. án atkvgr.

Á 16. fundi Nd., laugardaginn 20. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Framsögumaður Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg sje enga ástæðu til að segja meira um frumv., ímynda jeg mjer, að það verði samþ. orðalaust.

ATKVGR.: Frumv. sþ. í e. hlj., og því næst afgreitt til Ed.

Á 20. fundi Ed., fimmtudaginn 25. júlí, kom frumv. (A 118) til 1. umr.

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 10. ágúst, kom frumv. (A 118) til 2. umr.

Enginn tók til máls og var þá gengið til atkv.

1. gr.	frv.	sþ.	með	11	samhlj.	atkv.
2. gr.	—	-	—	11	—	—
3. gr.	—	-	—	11	—	—
4. gr.	—	-	—	11	—	—
5. gr.	—	-	—	11	—	—
6. gr.	—	-	—	11	—	—
7. gr.	—	-	—	11	—	—

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

1. þm. N.-Múl. var fjarverandi með leyfi deildarinnar og 2. þm. Húnv. hafði tjáð forseta forföll sín.

Á 25. fundi Ed., þriðjudaginn 13. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust sþ. með 9 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXIV. Ákvörðun tímans.

Á 5. fundi Ed., laugardaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um ákvörðun tímans til 1. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Þetta frumvarp er svo einfalt, að jeg sje ekki ástæðu til þess, að skipa nefnd í það, að eins skal jeg geta þess, að þar sem þess er getið í athugas. við frumv., að meðaltími þessi sje *rúmri* hálfri klukkustund á undan meðalsóltíma í Reykjavik, þá er það ekki rjett, heldur er það *tæpri* hálfri klukku-

stund eða 28 mínútum, eins og líka stendur í almanaki því handa Íslandi, sem nú er prentað í Kaupmannahöfn.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 8. fundi Ed., þriðjudaginn 9. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer, að koma fram með dálitla athugasemd við eitt orð í frv. þessu. Í 1. grein frumvarpsins álít jeg, að það væri viðkunnanlegra, að hafa *stundir* í stað *eyktir*; orðið *stund* er nú orðið mikið algengara í málinu, en nokkra breytingu á merkingu greinarinnar get jeg ekki sjeð að orðaskipti þessi gjöri, og vona jeg því, að hæstv. ráðherra hafi ekki á móti þessari breytingu.

Ráðherrann: Þær breyt.till., sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) kom fram með, get jeg ekki fellt mig við. Mjer þykir fallegra, að segja: »telja eyktir«, heldur en »telja stundir«, í þessu sambandi.

Hvað það snertir, að orðið *eyktir* sje fátítt orðið, þá nægir í því efni, að benda á, að »eyktamörk« er þó orð, sem almennt er notað enn þá, sem sýnir það, að eyktir eru langt frá því, að falla í gleymsku hjá almenningi. Skeð getur, að háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) geti fundið eitthvert betra orð en *eyktir*, og mundi jeg þá með ánægju taka það.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það, sem jeg hef helzt á móti orðinu *eyktir* í þessu sambandi, er það, að orðið er sjaldhaft í alþýðu-máli, nema í sambandinu *eyktamörk*. En frumv. þetta virðist mjer alls ekki fara fram á, að gjöra neina breytingu á þeim eyktamörkum, sem að fornu hafa verið og enn eru haldin á hverjum sveitabæ um allt land. Við eyktamörkin eru til sveita miðuð öll dagleg störf, þar sem stundaklukka er ekki til, og mun það naumast tilgangur hæstv. ráðherra, að raska neinu í því efni með lögunum. Heldur er það tilgangur laganna, að klukkan sje sett eptir þeim í kauptúnum og þorpum, á ritsímastöðvum o. s. frv., en í kauptúnum er aðallega farið eptir klukkunni, og eyktamörk og eyktir þekkjast varla. Mjer finnst því orðið *stundir* eiga miklu betur við tilgang laganna en *eyktir*, og að efninu til kemur sama út. Orðið *stundir* er skiljanlegra og þýðara í málinu á þessum stað, og að öðru leyti þykir mjer óþarfi, að gjöra tilraunir til þess, að fyrna málið.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. í einu hlj.

2. — — — - — —

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Á 10. fundi Ed., fimmtudaginn 11. júlí, kom frumv, (A. 64) til 3. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg gat þess við 2. umr. málsins, að jeg mundi koma með breyt.till. þá, sem hjer liggur fyrir, þar sem lagt er til, að komi »stundir« í staðinn fyrir »eyktir«; tel jeg það vera nákvæmara og samkvæmara alþýðumáli; hjá alþýðu manna er orðið »eykt« varla haft öðruvísi en þegar um eyktamörk er að ræða; í því sambandi helzt orðið enn, en jeg gjöri ráð fyrir, að frumv. þetta fari ekki fram á það, að bændur megi hjer eptir ekki miða vinnutíma sinn við eyktamörk eins og verið hefur, það mun að eins vera ætlazt til, að menn lagi klukkur

sínar eptir því, sem fyrir er mælt í frv., og þá sýnist mjer miklu rjettara, að hafa orðið stundir heldur en eyktir í lögunum.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skal ekki verða langorður um mál þetta; mjer sýnist hjer ekki um svo mikið að ræða. Þó verð jeg að segja það, að þegar jeg las frumv. þetta, þá fannst mjer stjórnin hafa verið heppin í vali, er hún tók upp orðið eykt í frumv.; mjer fjell það betur, en ef í því hefði staðið orðið stund.

Að vísu skal jeg játa það, að fullt svo nákvæmt kunni að vera að miða við stundir, en orðið eykt er bæði fegurra og þjóðlegra, og niðurstaðan hlýtur að verða hin sama, hvort heldur miðað er við þrjár stundir eða eina.

Ráðherrann: Jeg held, að háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) hefði getað fundið eitthvert annað heppilegra orð en stund, ef hann endilega vill rýma orðinu eykt burt úr frumv. Jeg hefði þá kunnað betur við, að sett væri í staðinn orðið tími. Að »telja tímann« kannast maður við. Eu að »telja stundir« finnst mjer vera harla leiðinlegt. Jeg skil varla annað en hættulaust sje, að loka frumv. að vera óbreyttu í þessu atriði.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Ekki get jeg sjeð, að óviðkunnanlegt sje að telja stundir eptir meðalsóltíma; stundir eru nú orðið sú eining tímatalsins, sem svarar til eykta til forna, en nú er liðinn afarlangur tími, líklega allt að 1000 árum, síðan eyktir voru almennt notaðar sem tímaeining. Jeg skil ekki vel háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), þar sem hann segist ekki fella sig eins vel við stundir sem eyktir, en játar þó jafnframt, að stundir sje nákvæmara en eyktir, en nú álít jeg — og efast ekki um að háttv. þm. sje mjer samdóma í því — að vjer eigum að kappkosta að vera einmitt svo nákvæmir, sem vjer getum, að því er málið snertir, í öllu lagasmíði. Það getur skeð, að þetta þyki smámunir hjá mjer, en jeg álít, að þeir hafi fullkominn rjett á sjer til þess að vera teknir til greina, því að brúka þarna *eyktir*, gefur skakka hugmynd af því að hjer er ekki ætlunin, að breyta neitt eyktamörkum, sem háttv. ráðh. hefur líka tekið fram.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 64 við 1. gr. felld með 7 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,	Ág. Flygenring,
Jón Jakobsson.	Gutt. Vigfússon,
Steingr. Jónsson.	Sigurður Stefánsson,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórarinn Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson.

Frumv. síðan, sem það lá fyrir, samþykkt með öllum atkv. og sent forseta neðri deildar.

Á 12. fundi Nd., þriðjudaginn 16. júlí, kom frv. (A 73) til 1. umr.

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 15. fundi Nd., föstudaginn 19. júlí, kom frumv. (A 73) til 2. umr.

Enginn tók til máls og var því gengið til atkv.

1. gr. sþ. með 24 atkv.
2. gr. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi Nd., mánudaginn 22. júlí, kom frv. (A 73) til 3. umr.

Frv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XXV. Skipun læknishjeraða.

Á 4. fundi Nd., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um skipun læknishjeraða o. fl. til 1. umr.

Ráðherrann: Á síðasta þingi var samþykkt af Nd. þingsályktunartillaga þess efnis, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um rækilega endurskoðun á læknishjeraðaskipuu landsins, og leggja fyrir alþingi í sumar frumv. til laga um breytingar á henni, með sjerstöku tilliti til þeirra óska, er bornar voru fram á þinginu 1905 í þessu efni.

Út úr þessu hefur stjórnarráðið leitað til landlæknis, og hefur hann látið í tje skoðun sína um þetta mál. Álitsskjal hans, prentað, fylgir frumv.

Það hefur orðið ofan á, að úr því farið var að hreyfa við þessu máli á annað borð, væri rjett, að binda sig ekki við það atriði eitt, er talað var um á síðasta þingi, sem sje nokkrar breytingar á læknishjeraðaskipuninni, heldur beri jafnframt að leitast við, að bæta úr öðrum göllum læknalöggjafarinnar, sem einkum valda því, að sum hjeruðin standa læknislaus, svo að hin mikla fjölgun læknishjeraða kemur ekki fyllilega að tilætluðum notum.

Því er í frumv. þessu ekki einungis stungið upp á nokkrum breytingum, er að hjeraðsskipuninni lúta, er sumpart leiða hver af annari, heldur er þar einnig farið fram á, að bætt verði kjör lækna yfirleitt, eptir því sem gjörlegt er, án þess að íþyngja landssjóði með aukinni launabyrði. Þótti það vænlegasta ráðið til þess, að trygging fengist fyrir, að hvergi yrði læknis vant í hjeruðum landsins.

Meðal þeirra ráða, er til eru fundin í frumv. í þeim tilgangi, má helzt telja það tvennt: 1) að allir læknar hafi jöfn laun og eptirlaunarjett, og 2) að læknar megi taka hærri starfsgjöld af mönnum en áður, samkvæmt taxta, er stjórnarráðið setur með ráði landlæknis, innan þeirra takmarka, er lögin ákveða.

Enn fremur fer frumv. fram á, að bættur verði upp ferðakostnaður lækna, einkum fyrir þrjár fyrstu stundirnar, er þeir eru frá heimili sínu.

Einstök atriði frumvarpsins skal jeg ekki fjölyrða um að sinni; jeg býst við, að hinni háttv. deild þyki málið svo umfangsmikið, að það beri að athuga í nefnd. Jeg skal geta þess, að meðal annara gagna, er málinu fylgdu frá hendi landlæknis, var uppdráttur Íslands, sem mörkuð eru á læknishjeruð með rauðum strykum; má þar fljótt átta sig á hjeraðaskipuninni, eins og hún nú er, og breytingum þeim, er hjer er farið fram á. Þessi uppdráttur er hjá stjórnarráðinu, og mun verða látinn væntanlegri nefnd í tje.

Jeg vona, að hin háttv. deild taki vel frumv.; leyfi jeg mjer að mæla sem bezt fram með því.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg tel þess enga þörf, að auka við athugasemdir hins hæstv. ráðherra, enda hef jeg gjört ljósa grein fyrir skoðun minni um þetta mál í erindi mínu til stjórnarráðsins.

Þess skal að eins getið, að jeg hafði mjög nauman tíma til undirbúnings málinu. Jeg hafði nýtekið við landlæknisembættinu, þá er stjórnarráðið leitaði til mín. Ef jeg hefði haft betri tíma til undirbúnings þessu mikilsverða máli, mundi jeg þá þegar hafa leitað upplýsinga hjá öllum hjeraðslæknum á landinu. Þetta hef

jeg og gjört síðar, og hef jeg fengið frá öllum læknum ýmsar upplýsingar, er málinu koma við, bæði um hjeraðaskipun og kjör lækna yfir höfuð. Læt jeg hinni tilvonandi nefnd í tje öll þau svör upp á spurningar mínar, er mjer hafa borizt. Má telja víst, að þessi skjöl feli í sjer mörg atriði, er mikilsvarðandi eru öllum þeim, sem um málið eiga að fjalla.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg legg það til, að skipuð verði 5 manna nefnd í málið, þá er þessari umræðu er lokið.

Ráðherrann: Jeg vildi að eins bæta því við, að þingmönnum Eyfirðinga hafa borizt bænarskrár frá kjósendum þeirra í Svarfaðardal og Ólafsfirði, og enn er ein á leiðinni úr Skriðuhreppi, með tilmælum um, að öðru vísi verði hagað læknaskipun þar, en gjört er ráð fyrir í frumv. Bænaskrárnar fara þess á leit, að Þóroddsstaðahreppur teljist eigi til Siglufjarðarhjeraðs, heldur falli hann undir Arnarneshjerað og og sje læknirinn búsettur í Dalvík, en Skriðuhreppur tilheyri Akureyrarhjeraði eins og nú. Þessar óskir raska ekki tilfinnanlega þeirri breytingu, sem frumv. fer fram á, og vona jeg, að þær geti orðið teknar til greina.

Þessa skal getið til athugunar fyrir nefnd þá, er væntanlega verður skipuð í málið, og mun hún fá í hendur þar að lútandi skjöl.

Stungið var upp á 5 manna nefnd, að umræðunni lokinni, og sú uppástunga samþykkt. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þingmönnum, og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Ólafur Thorlacíus, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Ólafur Ólafsson og Árni Jónsson.

Siðan voru með hlutfallskosningu kosnir í nefndina:

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.):
Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.),
Ólafur Thorlacíus (1. þm. S.-Múl.),
Jóh. Ólafsson (þm. V.-Ísf.) og
Guðl. Guðmundsson (þm. V.-Sk.).

Í nefndinni var Guðmundur Björnsson kosinn formaður og framsögum., og Ólafur Thorlacius skrifari.

Á 21. fundi Nd., föstudaginn 26. júlí, kom frumv. (A. 122, 123, 175, 177) til 2. umr.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk): Jeg skal ekki tefja tíma hinnar háttv. þingdeildar með því, að tala um þörfina á breytingu núgildandi laga um skipun læknahjeraða; læt jeg mjer í því efni nægja að vísa í ástæður stjórnarráðsins og erindi mitt, er prentað er með frumv., og ennfremur nefndarálitið. Skal jeg því aðallega snúa mjer að breyt.till. þeim, er fram hafa komið, sumpart frá nefndinni og sumpart frá öðrum hv. þingm.

Þessar breyt.till. fara í þá átt — að minnsta kosti ein þeirra — að fjölga læknahjeruðum.

Þegar núgildandi læknalöggjöf var sett 1899, vonuðu menn, að þar við gæti setið um langan tíma. En það kom brátt í ljós, að þjóðinni þótti ekki bætt að fullu úr læknaþörf sinni; allt af er verið að senda beiðni um fleiri lækna,

Hver sem verða afdrif frv. á þinginu — en jeg vona þau verði góð —, þá skal jeg taka það fram, að menn mega ekki vænta þess, að hægt sje að gefa út lög um læknaskipun, er geti staðizt óbreytt um langan tíma. Orsakirnar til þess, að slíkum lögum

þarf að breyta við og við, eru þær, að fólksfjöldinn breytist og færist til, fækkar á sumum stöðum, en eykst á öðrum, og sömuleiðis verða breytingar á samgöngufærum.

Þetta bið jeg þá háttv. þm. að athuga, er fjölga vilja læknahjeruðum fram yfir það, er frumv. fer fram á, og leggja á það mesta áherzlu.

Jeg tel það víst, að innan skamms hljóti að því að koma, að hjeruðum verði fjölgað frá því, sem er. En að gjöra það nú, á meðan sum þeirra læknahjeraða, sem til eru, standa auð, tel jeg miður ráðlegt; það er tilgangslaust, að vera að stofna ný hjeruð, þegar af því hlýzt fremur ógagn en gagn. Því minni sem hjeruðin eru, því óaðgengilegri eru þau fyrir unga lækna. Og ef mörg smáhjeruð standa auð, er þjóðin ver stödd með læknishjálp, en ef hjeruðin eru stærri og læknar fást í þau öll.

Það er brýn þörf á því, ekki að fjölga hjeruðum, heldur að fjölga læknum, til þess að læknar fáist þó í þau hjeruð, sem til eru, eða jafnmörg. Geti það tekizt að fjölga læknunum, þá fyrst getur það komið til mála að stofna ný hjeruð.

Það, sem nú er tilfinnanlegast, er læknaskortur, en ekki hjeraðaskortur. Sem dæmi þess má nefna, að á Norðurlandi standa nú 4 læknishjeruð auð, er liggja hvert upp að öðru. En eigi að bæta úr læknaskortinum, er til þess einn vegur, sem bæði er ljós og beinn, og hann er vitanlega sá, að gjöra læknisstarfið fýsilegra í augum ungra manna, og lífvænlegra, en það er nú. Þetta hefur stjórnarráðið haft fyrir augum, er það samdi frumv.; uppástungur þess miða margar til þess, að gjöra kjör lækna betri, en þau hafa verið hingað til,

En nú hefur komið fram að minnsta kosti ein breyt.till., er gengur í þá átt, að draga úr þeim umbótum á kjörum læknanna, er stjórnarráðið hefur lagt til.

Jeg vil engu um það spá, hvernig þessu atriði reiði af á þinginu. En svo kunnugur er jeg lífskjörum lækna, að jeg efast um það stórlega, að þær breytingar, er stjórnarráðið vill gjöra, mundu nægja til þess, að nógir læknar fengjust, enda þótt þær næðu fram að ganga, hvað þá heldur ef dregið væri úr þeim.

Jeg skal svo fara fám orðum fyrst og fremst um breyt.till. nefndarinnar í heild sinni; því næst um breyt.till. tveggja háttv. nefndarmanna, er meiri hluti nefndarinnar var ósamþykkur, og loks um breyt.till. annara háttv. þingmanna.

Nefndin í heild sinni hefur orðið samdóma um, að gjöra nokkrar breytingar á hjeraðaskipuninni. Vitanlega eru margir, sem ekki hafa nægan kunnugleika til að dæma um fjarlæg hjeruð, en þeim mun meir áríðandi er, að hver gæti vel að þeim hjeruðum, sem hann er kunnugastur.

1. breyt.till. nefndarinnar, við 21. lið 1. gr., snertir Eyjafjarðarsýslu, og fer fram á, að Ólafsfjörður verði lagður undir hið nýja læknishjerað, vestanmegin Eyjafjarðar, Arnarneshjerað. Í öðru lagi leggur nefndin til, að takmörkin milli þess og Akureyrarhjeraðs verði hin sömu og hingað til, eða með öðrum orðum, að Arnarnesshjerað nái inn að Hillum. Þessar breytingar eru til orðnar fyrir óskir hjeraðsbúa.

Þá er 3. breyt.till. við 27.—29. tölul. 1. gr., er heyra saman; hún snertir Axarfjarðarhjerað, Þistilfjarðarhjerað og Vopnafjarðarhjerað. Þistilfjarðarhjerað er eitt at þeim, er aldrei hefur fengizt læknir í undanfarin 8 ár, síðan það varð til. Eptir þeim kynnum,

sem jeg hef af því hjeraði, er sjálfsagt, að læknirinn hafi aðsetur í Þórshöfn; en þaðan er erfið og löng leið yzt út á Melrakkasljettu. Þess vegna hefur nefndin lagt það til, að yzti hluti Melrakkasljettu, þ. e. a. s. Presthólahreppur austan Skinnalónsheiðar verði látinn fylgja Axarfjarðarhjeraði. Þetta var gjört eptir upplýsingum frá hjeraðslækninum í Axarfirði. Eptir þessu verður Raufarhöfn í Axarfjarðarhjeraði. Þar er sildveiði mikil og allfólksmargt að sumrinu til; ber því brýna nauðsyn til, að þar sje læknir að minnsta kosti sumarmánuðina. Með þessum breytingum er það mögulegt. Ef við svo höldum austur á bóginn, liggur það í augum uppi, að læknir, sem aðsetur hefur í Þórshöfn, stendur betur að vígi til að þjóna Skeggjastaðahreppi, en læknirinn á Vopnafirði. Þess vegna hefur nefndin lagt það til, að Skeggjastaðahreppur fylgji Þistilfjarðarhjeraði. Með því móti verður það hjerað lífvænlegra en áður, og líkindi til að þangað fengist læknir.

Þá er breyt.till. við 34. og 35. lið um mörkin milli Fáskrúðsfjarðarhjeraðs og Berufjarðarhjeraðs; hún er gjörð eptir till. læknanna í þessum hjeruðum, og efast jeg ekki um, að allir, sem þar þekkja til, sjeu ásáttir um, að hún sje til bóta; jeg veit líka að háttv. skrifari nefndarinnar mun færa rök fyrir þessari breytingu, ef andmælum verður hreyft.

Í breyt.till. við 36.—37. stafl. er farið fram á, að Hofshreppur sje lagður undir Síðuhjerað, Mjer er óskiljanlegt, hvers vegna þessi litla sveit er í frv. látin heyra undir Hornafjarðarhjerað. Af Síðunni er ekki meira en ein dagleið austur í Öræfi, en úr þessum hreppi, Öræfunum, er tveggja daga leið austur í Hornafjörð. Enda hafa prestar á Síðu þráfaldlega verið látnir þjóna kirkju austur í Öræfum, en til hins rekur mig ekki minni, að prestur austan úr Hornafirði hafi þjónað í Öræfum. Það er því auðsætt, að þessi sveit nær betur til læknis á Síðu en í Hornafjörð.

Þá er breyt.till. við 38.—40. lið um Mýrdalshjerað. Jeg verð að játa, að nefndin var í nokkrum vafa um, hvort hún ætti að koma fram með þessa breyt.till. Hún er orðin til fyrir tilmæli hjeraðslæknisins í Rangárvallasýslu. Það hjerað er eitt af fólksflestu læknahjeruðum landsins, og má við því að minnka. Auk þess er yfir erfið vatnsföll að fara af Rangárvöllum austur undir Eyjafjöll. Aptur á móti er Mýrdalshjerað lítið, og má við því að aukast; enda á læknirinn þar hvort eð er, að fara yfir Jökulsá á Sólheimasandi. Er því eðlilegast, að öll »Eyjafjallabyggðin« teljist til hjeraðs hans.

Breyt.till. við 41. og 42. lið fer fram á, að Grafningshreppur fylgi Eyrarbakkahjeraði en ekki Grimsnesshjeraði, sökum þess, að Grafningsbúar eiga hægra með að vitja læknis til Eyrarbakka; þangað er um betri veg að fara, en yfir Sogið að sækja upp í Grímsnes; Sogsbrúin liggur svo neðarlega, að hún verður ekki notuð. Enda hefur læknirinn í Grimsnesi skýrt svo sjálfur frá, að Grafningsmenn hafi optar sótt á Eyrarbakka en til sín.

Loks leggur nefndin til, að aptan við 1. gr. bætist nýr liður þess efnis, að breyta megi takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, án þess að koma þurfi til kasta þingsins; geti stjórnin gjört það eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda. Þetta ákvæði er tekið óbreytt eptir lögunum frá 13. okt. 1899. Að vísu játar nefndin, að það ákvæði er orðið 8 ára gamalt, og

hefur aldrei verið notað. En ef til vill, getur það orðið til gagns, því að opt er örðugt að koma slíkum breytingum á, þegar tvö sýslufjelög togast á.

Jeg ætla að fara nokkrum orðum um breyt.till. minni hluta nefndarinnar, sjerstaklega við 1. gr. 13. tölul. aptan við nefndarálit meiri hlutans á þgskj. 122. Þar er farið fram á, að stofna nýtt læknishjerað, að núverandi Þingeyrarhjeraði sje skipt í tvennt: Þingeyrarhjerað og Flateyrarhjerað með læknissetri Flateyri. Er þetta gjört eptir beiðni úr hjeraðinu. Í erindi mínu til stjórnarráðsins hef jeg vikið að því, að þessa hafi lengi verið óskað, en að jeg áliti ekki brýna þörf á því. Ástæðurnar fyrir því eru þessar: Í fyrsta lagi: erfiðleikar þessara sveita minnka stórkostlega, þegar síminn kemur frá Þingeyri til Ísafjarðar; þá geta Flateyrarbúar talað við lækni sinn, og því náð í hann á helmingi styttri tíma, en ella. Yfir höfuð má segja, að talsíminn stytti leiðina til læknis um helming. Í öðru lagi er leiðin ekki mjög löng. Súgandafjörður er nyrzta og fjarlægasta sveitin, og jeg hef yfirlýsing læknisins sjálfs fyrir því, að frá Þingeyri til Súgandafjarðar er ekki nema 5½ klukkutíma ferð að sumarlagi, en á vetrum í þungu gangfæri 12 klst. Nú er vitanlega miklu styttra af Þingeyri í Önundarfjörð. Ef skygnzt er um í læknishjeruðunum, má heita, að varla sje það hjerað á landinu, að læknir eigi ekki 5—6 klst. út á hjeraðsmörk. Það er því ekki meiri þörf á skipting hjer, en víðast annarsstaðar, og þar að auki er von á talsíma innan skamms, er sama sem styttir leiðina um helming. Þess vegna getur meiri hluti nefndarinnar ekki fallizt á þessa breytingu að svo komnu. Hin breyt.till. frá sömu háttv. þm. miðar að því, að draga úr þeirri umbót á kjörum lækna, sem frumv. stjórnarinnar fer fram á; gjaldskráin á að verða jafnlág, jeg vil ekki segja lúsaleg, og eptir núgildandi lögum. Jeg ætla ekki að fjölyrða um þessa tillögu, en leyfa mjer að vísa háttv. þm. til þess, sem jeg hef sagt um þetta efni í erindi mínu til stjórnarráðsins. Vonandi nær till. ekki fram að ganga. Því að það er víst, að hollast er, að læknar fái meiri laun fyrir þau verk, sem þeir vinna; á föstu laununum geta þeir ekki lifað, en rjetta stefnan er ekki sú, að láta þau vera svo og svo há, hvort sem mennirnir gjöra nokkurt gagn eða ekki. Sanngirni mælir með því, að þeir eins og aðrir fái laun verka sinna.

Þá eru 2 breytingar frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á þingskj. 172 á hjeruðum í Þingeyjarsýslu; hin fyrri fer fram á, að framhluti Fnjóskadals heyri undir Akureyrarhjerað, en ekki Höfðahverfis. Nefndin gjörir þetta ekki að kappsmáli og jeg veit, að þetta er ósk manna í sveitinni. Ástæða nefndarinnar var sú, að Höfðahverfishjerað yrði of lítið. Ef þessi skiki er skorinn af, verður hjeraðið svo lítið, að búast má við, að enginn fáist læknir í það.

Um síðari breytinguna er ekkert að segja. Hún er leiðrjetting á skekkju; hvorki jeg nje stjórnin hafa gætt þess, að 2 hreppar eru í Hálshreppi. Það er orðabreyting, sem jeg er háttv. þm. þakklátur fyrir.

Loks kemur breyt.till. á þgskj. 173 frá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), er snertir borgun lækna fyrir ferðalög, og við hana önnur tillaga um sama efni frá sama háttv. þm. Jeg vil í raun og veru fyrir nefndarinnar hönd þakka honum fyrir breyt.till. að því leyti sem þær fullkomlega viðurkenna rjetta þá skoðun nefndarinnar og stjórnarinnar, að borgunin hafi verið of lítil

hingað til. En hins vegar fara þær fram á, að borgun sje jöfn fyrst og síðast, eins og verið hefur. Það er stefnubreyting í frumv., að ætla lækni meira kaup fyrir fyrstu stundirnar í ferðalögum, en hinar síðari, sem miðar að því, að jöfnuður verði meiri. Þeir, sem næstir búa lækni, hafa stórkostleg hlunnindi; þeim er læknishjálp miklu ódýrari en hinum, sem fjærst búa. Það er brýn þörf á, að jafna þetta og ljetta á þeim, sem fjærst eru. Læknarnir eru handa öllum jafnt. Þessi breyting hefur yfirleitt mælzt vel fyrir. Breyt.till. á þgskj. 173 og 177 afneita þessari sanngirniskröfu og vilja halda jafnri borgun fyrir allan tímann. Þetta get jeg fyrir nefndarinnar hönd ekki vel fellt mig við. Hins vegar fer breyt.till. á 177 að því leyti í rjetta átt, sem munur er gjörður á nóttu og degi, og er að því leyti rjett. Bæði í stjórnarfrumv. og erindi mínu er læknum ætlað meira kaup fyrir næturvinnu, eins og öðrum vinnandi mönnum. Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta, og vona, að jeg hafi ekki tafið háttv. deild of lengi.

Stefan Stefansson (2. þingm. Eyf.): Á síðasta þingi bar jeg fram þingsályktunartillögu og skoraði á ráðherrann og landsstjórnina, að leggja fyrir næsta þing frumv. til nýrra læknaskipunarlaga, og var hún samþykkt með miklum meiri hluta atkvæða. Þessari tillögu hefur stjórnin tekið svo vel, sem sjá má, og er jeg henni mjög þakklátur fyrir, og ekki síður háttv. landlækni fyrir þá fyrirhöfn og það erfiði, sem hann hefur framlagt til undirbúnings þessa máls, en það er hverjum manni ljóst, sem lesið hefur frumv. og fylgiskjölin. En þó að nú rækilega hafi verið unnið í þessa átt, þá höfum við tveir þeirra fimm manna, sem háttv. þingdeild kaus í nefnd til íhugunar málinu, ekki getað orðið samferða að öllu leyti, svo sem nefndarálitið sýnir. Ágreiningurinn er tekinn fram í nefndarálitinu, og er fyrst um það, hvort skipta skuli Þingeyrahjeraði í tvennt. Jeg skal játa það, að jeg er ekki svo vel kunnugur sem skyldi vestur þar, en eptir þeim ástæðum, sem fram hafa komið í nefndinni fyrir skiptingunni, þá verð jeg að telja hana fullkomlega sanngjarna. Í hjeraði þessu eru bæði fjallvegir afarörðugir og sjóleið mjög torsótt á vetrardag. Auk þess er á Flateyri mikil aðsókn útlendinga, og eykst með ári hverju, að því er mjer er sagt. Að öðru leyti mun háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) gjöra nánari grein fyrir þessari breyt.till. okkar, og mun jeg því ekki fara um hana frekari orðum.

Viðvíkjandi síðari breyt.till. okkar, þá vil jeg geta þess, að við getum ekki fellt okkur við það, að læknar hafi næstum ótakmarkað vald til þess, að setja upp taxtann eins hátt og þeim sýnist, að kalla má, eður þrefalda hann. Þetta er að vísu rússnesk regla, en jeg verð að telja það mjög viðsjárvert, að þingið taki upp á því, að leiða slíkt í lög hjer, og þótt þannig sniðinn læknataxti eigi þar vel við, þá er þar með alls ekki sagt, að hann reyndist hjer heppilegur, enda álít jeg, með allri virðingu fyrir læknunum, að slíkt gæti orðið mjög viðsjáll gripur í höndum þeirra.

Mjer þykir það ekki ósennilegt, að margir efnamenn muni greiða læknum talsvert meira fyrir læknisverk, en beint er ákveðið í taxtanum, en það verð jeg að telja mjög óviðurkvæmilegt, að ákveðið sje með lögum, að slíkt gjald megi allt að því þrefalda frá því, sem taxtinn kveður á um. Við viljum, að taxtinn sje sundur-

liðaður, sanngjarnlega þó, og teljum því sjálfsagt, að hærra sje tekið fyrir vandasöm störf, en þau störf, sem að minni háttar eru.

Þegar jeg á síðasta þingi flutti frv. um skiptingu Höfðahverfishjeraðs, var svo til ætlazt, að allur Arnarnesshreppur skyldi teljast til þess hjeraðs, — sem þá var nefnt Arnarnesshjerað —, aðallega vegna þess, að þá var talið sjálfsagt, að læknirinn yrði að sitja á Litla-Árskógssandi, sem er sjóþorp utarlega í hreppnum, svo að sem hægast væri að vitja hans úr Grýtubakkahreppi, er liggur strandlengis austan fjarðarins. Nú er þessu hagað svo, að hjeraðið liggi allt vestanfjarðar, og að læknissetur verði í Dalvík. Ólafsfirðingar hafa farið þess á leit, að teljast til þessa nýja hjeraðs, samkvæmt framlögðu brjefi hjer á lestrarsalnum, dagsett 17. júní þessa árs. Þessi ósk þeirra er mjög eðlileg og sjálfsögð breyting, því að þeim yrði það meira en hálfu ljettara, að sækja lækni til Dalvíkur en til Siglufjarðar. Og þótt að Siglufjarðar læknishjerað minnki allmikið með þessari breytingu í orðni kveðnu, þá blandast mjer ekki hugur um það, að leggja með henni mín beztu meðmæli, þar sem það líka er víst, að úr Ólafsfirði mundi læknis, er sæti í Dalvík, ætið vitjað, en alls ekki á Siglufirði, þótt sveitin teldist til þess hjeraðs.

Þegar þessa er gætt og enn fremur, að inn af Dalvík liggur fólksflesta sveit þessa fyrirhugaða hjeraðs, þá verð jeg að líta svo á, að enginn annar staður gæti komið til greina, sem læknissetur, en Dalvík, og vænti þess fastlega, að það ákvæði fái að standa óbreytt.

Viðvíkjandi þeim breyt.till., sem fram hafa komið við frumv., skal jeg geta þess, að því er snertir brtill. á þskj. 172, að jeg lýsti því yfir í nefndinni, að jeg teldi það óheppilegt, að læknir í Höfðahverfishjeraði sæti í Grenivík, og benti á, að læknissetur væri betur komið á Þverá í Dalsmynni, og að fjær mundu Illugastaðasóknarmenn í Fnjóskadal ekki geta fellt sig við að hafa lækni. En þetta áleit nefndin óframkvæmanlegt, þar sem að í Grenivík væri komið upp reisulegt læknissetur, og að varla væri til þess ætlandi, að læknirinn væri þaðan flæmdur. En nú hefur farið sem mig varði, að breyt.till. hefur fram komið, sem leggur til, að þessi hluti Fnjóskadals heyri undir Akureyrarhjerað.

Breyt.till. á þskj. 177 finnst mjer sanngjörn, hún hækkar ferðataxtann þannig, að 30 aurar verði um tímann fyrir ferð á degi, en 50 aurar á nóttu. Um stundagjaldið varð nokkurt umtal í nefndinni, og jafnvel þó öllum nefndarmönnum kæmi saman um, að sanngjarnt væri, að læknisferðir yrðu dýrari 1., 2. og 3. klukkustundina á ferðinni, heldur en þegar lengra ljeti, þá var jeg þó ekki fyllilega ánægður með þetta fyrirkomulag af því að þetta aukna stundagjald kemur einnig fram við þá, sem í meiri fjarlægð búa frá lækni. Jeg mun því greiða atkv. með þessari breyt.till., jafnvel þó að læknum verði eptir henni tiltölulega ver borgað fyrir styttri ferðir en lengri, heldur en frumv. fer fram á.

Lárus H. Bjarnason (þgm. Snæf.): Frumv. stjórnarinnar, sem í öllum verulegum atriðum styðst við frumv. landlæknisins, gjörir ekki litlar breytingar frá því, sem nú er í lögum. Í fyrsta lagi jafnar það laun allra lækna á landinu, í öðru lagi gefur það öllum læknum eptirlaunarjett, í þriðja lagi hækkar það borgun fyrir aukaverk, í fjórða lagi felur það stjórninni að setja gjaldskrá fyrir borgun aukaverka með

ákveðnu hámarki og lágmarki sem læknirinn svo velur á milli og í fimmta lagi hækkar það ferðapeninga læknanna. Jeg skal nú leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þessi atriði hvert fyrir sig.

Fyrstu tvær bæturnar eru rjettmætar, og það því fremur, sem þeim er komið á án verulegrar útgjaldahækkunar fyrir landssjóð. En um hinar þrjár breytingarnar er allt öðru máli að gegna. Háttv. minni hluti nefndarinnar hefur farið fram á, að borgunin fyrir aukaverk yrðu ekki hærri, en nú er, en hann er samdóma háttv. meiri hluta í, að ráðh. semji í samráði við landlækni taxta um borgun læknanna fyrir aukaverk. Jeg er þessu fyllilega sammála, því jeg tel ekki rjett að fela hjeraðslæknum sjálfum, þó að margir þeirra sjeu góðir drengir, að vera dómarar í sinni eigin sök, en það mundu þeir verða, ef þeir ættu að meta efni þeirra, sem við þá skipta, og taka háa eða lága borgun eptir því sjálfsmati. Það vald vil jeg ekki gefa læknunum, enda er það álitamál, hvort rjett er að gefa læknum, fremur en öðrum, leyfi til að selja verk sín miklu dýrara efnuðum mönnum en óefnuðum, því líf og heilsa er þó jafn dýrmætt fyrir alla. Enda eru öll önnur verk seld með sama verði, hver sem í hlut á.

Það er því aðgæzluverðara, meðal annars vegna afleiðinga frá öðrum embættisstjettum, að fara nú fram á allt í einu: launabætur og hækkun fyrir aukaverk og ferðalög, sem læknastjettin er nú orðin oss sæmilega dýr.

Fyrir 30 árum voru alls 20 læknishjeruð á landinu, og kostaði læknaskipunin þá hjer um bil 40,000 kr. á ári; þar af gengu um 38,000 til launa. En nú eru eptir fjárlagafrumv. stjórnarinnar árslaun föstu læknanna einna 73,150 kr., en útgjöldin við læknastjettina alls á ári 129,200 kr., fyrir utan allt það sem læknum greiðist frá almenningi fyrir unnin verk og ferðalög. Það er engin ástæða til að setja borgunina yfirleitt eins hátt og frumv. fer fram á. Hins vegar er rjett að borga vel vel unnin verk, eins og h. 2. þm. Rvk. hefur tekið fram, enda munu flestir svo kallaðir skárri menn gjöra það, en eptir frumv. er skussum, sje nokkur skussi annars til í þeirri stjett, ætluð jafn há borgun og afbragðslæknunum.

Jeg hef nú sýnt fram á, hve mikill munur var á útgjöldum landssjóðs til læknastjettarinnar fyrir 30 árum og nú. En það er líka munur á aukatekjum þeirra þá og nú. Þá var læknum ekki heimilað að taka meir en 35 aura fyrir sjúkravitjan innan 1/10 hluta úr mílu, og heimavitjan kostaði þá ekki nema 25 aura. Með læknaskipunarlögunum 13. okt. 1899 var þetta fært upp í 1 krónu og ákveðin 25 aura borgun fyrir hverja klukkustund ferðalags auk ferðakostnaðar. Nú, ekki nema 8 árum seinna, er farið fram á að þrefalda borgun fyrir aukaverk og hækka að miklum mun stundarborgina og sýnist mjer það ganga fram úr hófi.

Svo skal jeg víkja mjer að breyt.till. á þgskj. 173 eða aðallega að 177, því að hún er breyt.till. við hina. Breyt.till. á þgskj. 177 viðurkennir, að 25 aurar á klukkustund sje oflitil borgun, og að rjett sje að gjöra mun á nótt og degi. Breyt.till. fer því fram á, að læknum skuli borgaðir 30 aurar fyrir hverja stund ferðalags að degi til, en 50 aurar að nóttu til. Frumv. stjórnarinnar ætlar læknum 1 krónu fyrir fyrstu stund að degi til, en 2 krónur að nóttu, 75 aura fyrir aðra (1,50 á nóttu), 50 aura fyrir þriðju (1,00 á

nóttu) og 25 au. fyrir fjórðu stund úr því og 50 á nóttu. Og nú fer landlæknir fram á, að kaupgjaldið verði helmingi hærra(!), en stjórnin leggur til; hann vildi hafa 2 kr. fyrir fyrstu dagsstund og 4 kr. fyrir fyrstu næturstund o. s. frv.

Jeg get ekki játað, að það sje rjett »princip«, að þeir, sem búa næst læknum, borgi meira fyrir að fá hann til sín, en þeir, sem fjarri honum búa. Það er eðlileg afleiðing af eðlilegum, óviðráðanlegum atvikum, að sá borgi minna og þurfi yfir höfuð að hafa minna fyrir öllum aðdráttum, sem nær er, en hinn sem fjær er settur, alveg eins og sjómaðurinn, sem býr á sjávarbakkanum, þarf minna til að kosta að ná í fiskinn, en sá, sem lengra býr frá sjó. Og ójöfnuðurinn er tvöfaldur, því þó sjúklingar þeir, sem nálægt lækninum búa, borgi hærra, þá er fyrir það ekki lækkað á þeim, sem fjarri búa, heldur leiðir þetta »princip« einnig til hækkunar á þeim, þar eð þeir verða að borga meira fyrir fyrstu stundina, en verið hefur. Eptir núgildandi lögum er t. d. borgað 1,50 kr. fyrir 6 stunda ferð, en eptir frumv. verða það 3 kr. að degi, en 6 kr. að nóttu til. Og þar sem nú liggur við borð að hækka þrisvar sinnum borgunina fyrir aukaverk, þá finnst mjer hyggilegra að hugsa sig vel um, áður en samþykkt verður líka að hækka fæðiskaupið. Jeg verð að álíta, að 30 aurar fyrir klukkustund að degi og 50 aurar að nóttu til sje fullsæmileg borgun, því auk þess fá læknar auðvitað borgun fyrir læknisverk sín og ferðakostnað allan, ef þeir kosta nokkru til ferðalagsins, t. d. leggja til hesta, bát eða því um líkt.

Þetta blessað landlæknis»princip«gæti komið allhart niður og ómaklega. Hugsum oss t. d., að læknir sje sóttur hjeðan úr Reykjavík út á Seltjarnarnes, til þess að draga út tönn. Væri sú för farin eptir náttmál, liti reikningurinn þannig út:

Ferðin út á Seltjarnarnes .	2,00 kr.
Fyrir að draga út eina tönn	3,00 —
Ferðin heim aptur	1,50 —
Fyrir hest	2,00 —
Þetta kostar þá eptir þessu	8,50 kr.

að fá dregna út úr sjer eina tönn, og er það all mikið, þó allt fari vel, hvað þá heldur, ef tönnin skyldi brotna, eða heil tönn vera tekin í stað óheillar, eins og komið kvað hafa fyrir sumstaðar.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing): Brt. mín á þskj. 172 er að því leyti efnisbreyting, sem þar er farið fram á, að ein sókn, Hálshreppur, leggist til Akureyrarhjeraðs. Þessi ósk er sprottin af því, að fremri hluti Fnjóskadals er svo illa settur, að þar er 5—7 tíma reið að ná í lækni í Grenivík um hásumar; aptur á móti er þaðan tiltölulega stutt til Akureyrar, helmingi styttra og meira. Þetta er ástæðan til þess, að Fnjóskdælingar hafa sent áskorun til þingsins, um að mega teljast með Akureyrarhjeraði, þó þeir sjái, að þeir verði þar nokkuð út undan, því læknarnir á Akureyri hafi mikið að gjöra eins og kunnugt er. Breyt.till. mælir með sjer sjálf. Erfiðleikarnir við að ná í lækninn eru svo miklir, að þeir verða opt að frágangssök. Menn munu nú kannske koma með það sem mótbáru móti þessu, að Grenivíkurhjerað minnki, svo enginn læknir vilji þar vera. En jeg hef einmitt talað við lækninn í Grenivík um þetta efni, og var laust við að hann teldi sjer ávinning af því, að þessi sveit væri í hans hjeraði; hann sagði, að tekjurnar væru litlar í aðra hönd, en kvöðin erfið að þjóna þar, og gæti opt haft af lækni nærtækari tekjur. En það er

annað sem hægt væri að gjöra til þess, að þessi afskekkti hluti gæti náð í lækni, og það er flytja læknissetrið að Þverá í Dalsmynni. Ókunnugum mönnum, sem líta á kortið, hlýtur að sýnast, að það liggi beint við. En jeg talaði líka við lækninn um það, og sagðist hann viss um, að það væri miklum erfiðleikum bundið, að færa læknissetrið; læknirinn þarf helzt að búa, þar sem fjölbyggðast er; það er honum sjálfum og almenningi bezt. Í Dalsmynni er þar á móti strjálbyggt mjög. Þetta gjörir, að læknirinn er bezt settur í Grenivík.

Það getur verið, að þessi breyting gjöri það að verkum, að þetta hjerað tapi lækni sínum, og líklegt er, að lítið mundi verða um umsóknir. En jeg hef ekki viljað setja mig á móti breytingunum, því margt mælir með þeim að öðru leyti.

Það hefur komið til orða, að bæta Svalbarðsströnd við þetta hjerað, *og* að læknissetrið þá yrði fært í Laufás eða þá bæi, en það álít jeg ekki heldur til verulegra bóta, og núverandi læknir mælir ekki með því. Það getur varla komið til mála, að láta þá, sem búa beint á móti Akureyri hinu megin fjarðarins, leita læknis út í Höfðahverfi, eða yzt á Svalbarðsströnd, og á hinn bóginn yrði það til óbætanlegs tjóns fyrir útkjálka hjeraðsins, ef sækja þyrfti lækni inn fyrir Laufás.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísaf.): Jeg vildi leyfa mjer að segja nokkur orð út af fyrri breyt.till. minni hlutans. Jeg vil fyrst taka fram, að þetta mál, um að hafa læknissetur á Flateyri er gamalt mál. Á þinginu 1905 var því hreyft, og þá gaf hæstv. ráðh. von um, að tekið yrði tillit til framkominna óska við væntanlega breytingu læknaskiparlaganna. En þegar frv. stjórnarinnar kom, brást von manna í þessu efni. Jeg skal taka það fram, að það liggja fyrir óskir frá hjeraðsbúum um, að gjöra þetta að sjerstöku læknishjeraði; eins og það er nú, verður það viðlíka fólksmargt eða fólksfleira heldur en 17 af læknishjeruðunum. En það er þó annað, sem sjerstaklega mælir með þessu, og það er vegalengdin og vegurinn, sem þarf að fara til þess að ná í lækni; en umfram allt sú mikla sótthætta, sem er á Flateyri, þar sem svo margir útlendingar koma. Það getur vel staðið svo á, að þar sje fjöldi útlendra skipa um hávetur, og getur þá verið illfært að ná í lækni í Þingeyrarhjeraði, sjerstaklega ef hann væri staddur vestast í hjeraðinu, þá eru það 2 dagleiðir, ef ekki teppa ísalög, annars meira. Það getur lagt þannig vestur á fjörðunum, að bæði sje óskipgengt og ómanngengt; en að ganga í kring, vita þeir, sem til þekkja, að er hjer um bil óvinnandi vegur. Hinn háttv. framsm. meiri hlutans taldi það óráðlegt að fjölga hjeruðum, vegna þess að það gjörði hjeruðin svo ólífvænleg. Til þess er að svara, að það er ekki eingöngu stærð hjeraðanna, sem ákveður tekjur læknа; það getur opt verið, að læknis sje optar vitjað í litlu hjeraði en í stóru; slíkt kemur mjög mikið undir þeirri tiltrú, sem læknirinn hefur. Og jeg fyrir mitt leyti er viss um, að þó að þetta hjeraað væri klippt í sundur, þá mundi aðsóknin að lækninum, sem nú situr í Þingeyrarhjeraði, ekki minnka að miklum mun, því að þá yrði svo miklu hægra að ná í hann, en nú er. En svo er það annað, sem háttv. frsm. tók fram, og það var það, að ekki væri ástæða til þess, að fjölga læknahjeruðum, meðan ekki væru til fleiri læknar. Það er eins og hjer sje geng-

ið út frá því, að hjeruðin sjeu til vegna læknanna, en jeg held hinu fram, að læknarnir sjeu til fyrir hjeruðin. (*Guðmundur Björnsson:* Þið viljið hafa tómthúshjeruð). Það kemur ekki til þess á Vesturlandi.

Viðvíkjandi vegalengdinni, sem hv. framsm. meiri hlutans talaði um, og tók fram að væri 12 tíma ferð, er það að segja, að það má vera, að þetta sje meðaltal, en stundum má fara það að vetrarlagi á 6 tímum, það er að visu eigi opt, en getur þó komið fyrir. Ef 12 tímar væru meðaltal, þá má sjá, hver lengsti tíminn yrði.

Jeg sje ekki, að jeg þurfi hjer miklu við að bæta. Jeg vona, að hin háttv. deild sjái sjer fært, að samþ. breyt.till. Hitt er víst, að þótt það fáist eigi nú, þá verður aldrei þögn á þessu máli, fyrri en þarna fæst læknishjerað. Málið er nú einu sinni komið á þann rekspöl. Þar að auki hefur Flateyri ágæt skilyrði til þess að vera læknissetur. Þar og einkum í Súgandafirðinum eru stundaðar mótorbátaveiðar, og væntanlega síldveiðar og hvalveiðar, bæði frá kauptúninu sjálfu og rjett í grennd við það, og svo er í orði nú, að von sje á miklum útlendum útvegi. Þess vegna er enginn efi á því, að þótt þetta verði fellt nú, þá mun þó þingið innan fárra ára sjá sig neytt til að samþ. það.

Þótt jeg gjörði ekki ágreiningsatkvæði út af Ísafjarðar- og Nauteyrhr-hjeruðum, þá vil jeg þó taka það fram, að jeg í nefndinni var því algjörlega mótfallinn, að Nauteyrarhjerað sje lagt niður. Jeg vildi þvert á móti láta stækka það, bæði til þess, að það yrði lífvænlegra, er fólkinu fjölgaði, og líka til hins, að læknirinn á Ísafirði fengi meiri tíma afgangs til spítalans. Jeg heyrði háttv. þm. N.-Ísf. segja, að von væri á brtill. um þetta atriði, og get því hætt að þessu sinni.

Frsm. Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það er aðallega tvennt, sem hjer er um að ræða: stofnun þessara nýju hjeraða á Vesturlandi, og borgunina fyrir ferðir og störf lækna. Um þessi nýju hjeruð er ekki annað að segja, en það, sem jeg hef þegar tekið fram. Jeg vil gjarnan, að læknum fjölgi á landinu, því að reynslan sýnir, að þess er þörf, en hitt er óráð, að stofna eyðihjeruð. Það verður ekki til annars, en þess, að fáist læknir í eitt hjeraðið, þá vantar hann í hitt.

Það var auðheyrt, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gjörði sjer mikið ómak til þess, að sanna það, að frumv. þetta ætti ekki fram að ganga óbreytt. Hann tók í sama strenginn og háttv. 2. þm. Eyf., hvað borgunina snertir, að það væri ófært, að hafa borgunina fyrir hvert einstakt læknisverk færanlega. Jeg hef tekið það fram, að allsstaðar í öðrum löndum er það álitin skylda hvers læknis, að hjálpa hverjum manni, sem til hans leitar. Það er álitin sjálfsögð siðferðiskrafa, hvort sem maðurinn á nokkuð til, eða ekki, og sje hann fátækur, þá eigi læknirinn að gefa honum eptir kostnaðinn, að miklu eða öllu leyti. Þetta veit jeg líka að margir læknar gjöra hjer á landi. Að þessu leyti er þessi atvinnuvegur gagnólíkur öðrum atvinnuvegum. Enginn heimtar af kaupmanninum, að hann selji fátækum ódýrara en öðrum. Enginn fátæklingur gjörir þá kröfu til skósmiðsins, að hann eigi að fá skóna ókeypis hjá honum, af því að hann sje fátækur. Fyrir þessa kvöð þurfa læknarnir að fá einhverja ívilnun. Þeir hafa sín föstu laun, munu menn segja. En föstu launin hafa þeir, eins og hjer er ástatt, í fyrsta lagi fyrir það, að vera

embættismenn og í öðru lagi sem styrk til þess, að setjast þar, sem svo lítið er að gjöra, að þeir geta ekki lifað án þeirra. Nei, gagnvart þessari siðferðiskröfu, að vægja fátæklingunum, er það allstaðar siður, og viðurkenndur rjettur lækna, að þeir megi heimta meiri borgun af efnuðum mönnum. Ef menn hjer á landi vilja ekki viðurkenna þetta hvorttveggja, sem allstaðar gengst við, þá er ekkert við því að segja. Þeir um það.

En þetta er ekki eina ástæðan til þess, að hafa taxtann færanlegan. Önnur ástæða fyrir því, ástæða, sem ómögulegt er að hrekja, er sú, að þótt búinn væri til nákvæmur fastur taxti fyrir hvert einstakt læknisverk, þá getur sá taxti aldrei orðið rjetttátur vegna þess, hve fyrirhöfnin við sama læknisverkið er mismunandi eptir því, hvernig á stendur. Það getur verið erfitt fyrir aðra, en þá, sem til þekkja, að gjöra sjer grein fyrir því, hve sá mismunur getur orðið gífurlega mikill. Þótt ekki sje um annað að ræða, en að gjöra við kýli eða beinbrot, þá þarf það stundum ekki að vera nema 5 mínútna verk, en stundum getur staðið á því í nokkra klukkutíma. Þá er annað. Flestir munu kannast við það, hve afar misörðugt verk það getur verið, að hjálpa konu í barnsnauð. Þannig mætti tína til ótal dæmi.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) talaði um það, að taxtinn hefði verið ferfaldaður. Þetta er skakkt. Það er að eins fyrsti liður, sem hefur verið ferfaldaður, en annað ekki. Sýslumaðurinn ætti að vita svo lítið. Það sem mjer hefur virzt læknum vera verst við af öllu, er þessi 25 aura borgun á klukkustund, hvernig sem á stendur, jafnt þótt þeir verði að slíta sjer út á því, að ganga í ófærð yfir snarbrött fjöll. Þótt þessa gæti eigi svo mjög sumstaðar á landinu, þá gætir þess því meira á Vestfjörðum og Austfjörðum, og sjá allir, hve órjett það er, að borgunin skuli ekki vera hærri, þegar ganga þarf, því að það er sitt hvað, að ganga í ófærð á vetrum, eða að ferðast ríðandi á sumrum.

Annarsstaðar í nálægum löndum þar sem líkt er ástatt og hjer, t. d. í Sviþjóð, þar eru víða strjálbyggð hjeruð, og sumsstaðar stærri en hjer og víða ekki öðrum á að skipa, en hjeraðslæknum; þar hafa þeir 1,800—1,900 kr. í laun og þar að auk skrifstofufje og taxta, sem heimilar þeim 2 kr. á klukkustund, fyrstu 10 tímana, en svo 1 kr. úr því. Mjer vitanlega er þó alþýða manna lítið betur efnum búin þar, en hjer. (*Björn Kristjánsson*: Það er lengri leið, sem farin er á 10 tímum þar, en hjer).

Í Danmörku er það lögákveðinn taxti, að læknar fái kr. 2,50 fyrir hverja mílu. Ef til vill getur háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) reiknað út, hve lengi hver míla er farin í Danmörku. Það er sanngjarnt, að læknar fái hærri borgun fyrir fyrstu stundirnar. Fyrirhöfnin við það, að rífa sig upp, er hin sama, hvort sem farið er langt eða skammt. Ef menn vilja ganga inn á það á annað borð, að bæta kjör lækna, þá er þessi vegur sjálfsagður. Lengri ferðirnar verða hvort sem er ekki betur borgaðar með þessu fyrirkomulagi, en því sem nú er.

Þetta voru nú hin einstöku atriði málsins, og skal jeg nú að lokum snúa mjer að hinum almennu.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vitnaði í gömul fjárlög og reiknaði út kostnaðinn fyr og nú. Jeg vil benda á það, að allur þessi aukni kostnaður, er mönnum vex í augum, er til orðinn

fyrir sífeldar kröfur frá þjóðinni. Það er ekki þingið, sem tekur þetta upp hjá sjálfu sjer, að fjölga læknum, heldur er það þjóðin sjálf, sem heimtar þá, heimtar sjúkraskýli og geðveikrahæli o. s. frv. Svona er um öll heilbrigðismál; það eru þau mál, sem þjóðin lætur sjer einna annast um að sje sinnt.

Það kann að láta vel í eyrum við næstu kosningar, að hafa staðið á móti því, að taxtinn yrði hækkaður, því að sífellt vilja menn fá fleiri lækna, góða lækna, en helzt ekki borga þeim neitt, nema þá föstu launin. En mönnum hlýtur að fara að skiljast það, að með þessu fást aldrei nógu góðir og margir læknar. Eina ráðið til þess, að þeir fáist, er það, að gjöra þessa stöðu aðgengilega og æskilega fyrir efnilega uppvaxandi menn. Jeg skal lúka máli mínu með því að benda á orð, sem einn þingmaður sagði fyrir 20 árum síðan. Hann sagðist ekki kunna við það, að þegar væri að ræða um laun fyrir það, að bjarga lífi og heilsu manna, þá væru þau mæld í koparskildingum. En sá þingmaður var bóndi, en ekki sýslumaður, og hann var ekki úr Snæfellsnessýslu.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) skaut því að háttv. þm. V.-Ísfj., að við vildum búa til tómthúsahjeruð handa læknunum.

Jeg vildi gjarnan taka undir með háttv. þm. Vest.-Ísf. um það, að *sumir* læknar væru betur settir í »tómthúsum« en í þeim fullu húsum, sem þeir nú búa í.

Háttv. 2. þm. Rvk. gjörði mikið úr siðferðiskröfunum til lækna, það væri heimtað af þeim, að þeir ynnu fátæklingum fyrir lítið eða ekkert, og margir læknar gjörðu það. Hann bjóst við því, að læknar mundu fremur gefa fátæklingum eptir, ef þeir mættu heimta svo mikið sem þeir vildu af hinum. Það getur vel verið, og jeg þekki að minnsta kosti einn góðan dreng og góðan fagmann í þeirri stjett, sem gjörir það. En lögin eru fyrir alla lækna og það stendur hvergi í lagafrumv., að læknar sjeu öðrum fremur skyldir til að gefa fátæklingum. Aptur á móti er prestum ætlað að gjöra það. Og ætli að það fari ekki að verða lítið úr mannúðinni hjá sumum, þegar læknum yfirleitt, bæði góðu drengjunum og hinum, er ætlað sjálfum að dæma um það, hverjir sjeu færir um að borga og hverjir ekki.

Það hjálpar ekki, að bera oss saman við önnur lönd; bæði er fólk þar efnaðra og hjeruðin minni og fjölbyggðari, enda föstu launin miklu lægri, það sem hjer er stungið upp á, verður einusinni aldrei sanngjarnt gegn læknunum og því síður gagnvart almenningi. Ef mismunur er gjörður á annað borð, þá verður að taka tillit til margs annars en hjer er gjört, til dæmis til færðar og margs fleira í það óendanlega. Það er erfiðara, að fara langa leið en stutta, og þessvegna öfugt að borga hana ver.

Annars skal jeg ekki fara langt út í ræðu háttv. 2. þm. Rvk.; hann fann ekki mikil rök á móti því, sem jeg sagði. Hann endaði á því, að það þyrfti að gjöra læknastöðuna fýsilega, rjett eins og þjóðin væri bara til fyrir læknana?

Og viðvíkjandi því, að þjóðin hafi altaf beðið um meiri og meiri bætur á læknaskipuninni, leyfi jeg mjer að eins að spyrja, hvort þjóðin hafi beðið um taxtahækkun og um hækkun á dagpeningum. Jeg held ekki. Og úr því að svo er ekki, þá ættu háttv. þm.

ekki að vera að vitna í kröfur þjóðarinnar um þetta efni. *Það er* að tala svart, að gjöra það.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (þm. Rvk.): Það sem háttv. þm. (L. H. B.) mælti af munni fram, ætla jeg að láta liggja milli hluta. Að eins ætla jeg að taka til andmæla gegn háttv. þm., er hann ber okkur á brýn, að við lítum svo á málið, að þjóðin sje til fyrir læknana, en ekki læknarnir fyrir þjóðina. Það er engin minnsta átylla til að, þetta verði um okkur sagt. Þjóðin heimtar lækna og það góða lækna. Annað hefur ekki verið sagt, en að sama lögmál gildi um þessa vöru og aðrar, að því meiri sem þörfin er á vörunni, því meira verður til hennar að vinna.

Í öllum greinum hefur atvinnuvegunum fleygt fram, og miklu auðveldara að komast áfram en áður var, þessvegna fást ekki lengur hæfir menn til þessa erfiða starfs með sömu kjörum og áður og að undanförnu. Hvort heppilegt sje að fresta málinu eða ekki, verða háttv. þm. að hafa fyrir augum, þegar til atkv. kemur,

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 122 við 1. gr. 13. og 14. tölul. felldar með 13 atkv. gegn 5.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 21 lið samþ. með 18 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 22. lið sþ. með 19 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 23. lið sþ. með 19 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 172 við 1. gr. 23. lið sþ. með 21 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 172 við 1. gr. 24. lið talin sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 27. lið sþ. með 21 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 28. lið sþ. með 23 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 29. lið talin sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 34. lið sþ. með 21 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 35. lið talin sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 36. lið sþ. með 22 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 37. lið talin sþ. án atk.gr.

Breyt.till. á þingskj. 122 við 1. gr. 38. lið sþ. með 17 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 40. lið talin sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 41. lið sþ. með 18 atkv. shlj.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 42. lið talin sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þingskj. 123 við 1. gr. 43. lið sþ. með 21 atkv. shlj.

1. gr. þannig orðuð og 2. og 3. gr. samþ. með 19 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þingskj. 122. við 4. gr. samþ. með 17 atkv, gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Hermann Jónass.,	Ólafur Thorlacíus,
Jóhannes Ólafss.,	Pjetur Jónsson.
Jón Jónsson,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Sk. Thóroddsen,	
Sf. Stefánss., Eyf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

St. Stefánss., Skgf., var fjarverandi.

4. gr. frumv. þannig fallin,

Breyt.till. á þingskj, 177 við 5. gr. samþ. með 16 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Jóhannes Ólafss.,
Jón Jónsson,	Ólafur Thorlacius,
L. H. Bjarnason,	Pjetur Jónsson.
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánss. Eyf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. á þingskj. 177 við breyt.-till. á þingskj. 173 samþ, með 16 atkv. gegn 8.

Breyt.till. á þingskj 173 þar með fallin.

5. gr. frumv. þannig orðuð samþ. með 20 atkv. samhlj.

6. og 7. gr. frumv. samþ. með 22 atkv. samhlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Forseti: Þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefur beiðzt ferðaleyfis norður og býst við að koma aptur 18. eða 19. ágúst, og þarf því leyfis frá 13.—19. ágúst. Skal jeg bera það undir háttv. deild.

Samþykkt með 18 atkvæðum samhljóða.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 13. ágúst, kom frumv. (A178, 180, 182, 183,) til 3. umr.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Síðan mál þetta var til 2. umr., hafa komið fram fáeinar breyt.till.

Fyrst og fremst er breyt.till. á þgskj. 180, þess efnis, að bæta nýju hjeraði, sem sje hinu núverandi Nauteyrarhjeraði, við það, er til tekið er í frumv. Frumv. fór fram á, að leggja það hjerað niður, en breyt.till. tekur það upp aptur.

Það hefur verið tekið fram, bæði í aths. stjórnarinnar, í álitsskjali landlæknis og í nefndarálitinu, að ekki sje ráðlegt að svo komnu, að fjölga læknishjeruðum af þessari ástæðu, að þau nú þegar eru svo mörg, að ekki hafa fengizt læknar í þau öll. En á meðan ekki fást læknar í þau hjeruð, sem til eru, þá er tilgangslaust að fjölga þeim.

Þessar ástæður fengu aukinn krapt við það, að við 2. umr. málsins var dregið að mun úr þeim breytingum á lífskjörum lækna, er stjórnin vildi koma til leiðar í þá átt, að gjöra þau lífvænlegri; og fyrir það hið sama má búast við, að erfiðleikarnir á að skipa hjeruðin, verði töluvert meiri en orðið hefði, ef frumv. hefði náð fram að ganga, eins og það kom frá stjórninni.

Því er nú enn meiri ástæða til en fyr, að vera mótfallinn aukningu hjeraða. Að minni hyggju er það ekki unnt að gjöra skipun læknishjeraða svo úr garði, að hún megi gilda um langan aldur, heldur hlýtur hún að vera breytingum undirorpin eptir því, sem hagur þjóðarinnar, atvinnubrögð og fólksfjöldi breytist.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að þessi breyt.till. verði ekki samþ.

Frá sama þm. er önnur breyt.till. komin fram á þgskj. 178 þess efnis, að aðstoðarlæknar þeir, er ætlast er til að verði á Ísafirði og Akureyri, skuli valdir af hlutaðeigandi hjeraðs-

læknum sjálfum, í stað þess að ráðh. skipi þá, eins og mælt er um í frumv.

Jeg verð enn sem fyr, að telja það óheppilegt, að hjeraðlæknar skipi þessar stöður, er verða lögákveðnar stöður með launum úr landssjóði. Mjer finnst það næsta óviðfelldið, að lægri embættismenn hafi veitingarvald á stöðum með föstum launum úr landssjóði, auk þess sem aðstoðarlæknarnir yrðu sjálfstæðari, ef þeir væru skipaðir af stjórninni, og embættisfærsla þeirra stæði undir eptirliti hennar. Jeg hef líka orðið þess var um þá aðstoðarlækna, er hjeraðslæknar hafa ráðið sjálfir, að menn út í frá hafa ekki talið sig skylda til að hlíta aðstoðarlækninum, heldur hafa þeir eptir sem áður þózt eiga ráð á hjeraðslæknínum. En í því skyni eru einmitt þessir aðstoðarlæknar settir, að hjeraðslæknarnir þurfi að fara sem minnst út fyrir kauptúnin.

Nefndin í læknaskipunarmálinu er því einhuga um að leggja á móti þessari breyt.till.

Breyt.till. á þskj. 203 fer fram á, að Kjósarhreppur og Kjalarneshreppur sjeu lagðir undir Reykjavíkurlæknishjerað. Að því er snertir störf hjeraðslæknisins í Reykjavík, má þingið reka minni til, að honum var skipaður aðstoðarlæknir í því skyni, að hann þyrfti sem minnst út úr bænum að fara. Eins og kunnugt er, hefur hann kennslustörfum að gegna, er einatt bíða baga af sveitaferðum hans. Enn ber þess að gæta, að síðan hefur bærinn vaxið mjög, og um leið annríki læknisins. Þegar sóttnæmir sjúkdómar koma upp, verður hann að standa fyrir sóttvörnum, og getur þá komið sjer illa, að hann sje tepptur á læknisför upp í sveit, eða verði að hlaupa frá í miðjum kliðum. Það tekur sig heldur ekki vel út og er nokkuð klaufalegt, að Mosfellshreppur heyri undir Hafnaðarfjarðarhjerað, en Kjósarhreppur og Kjalaneshreppur undir Reykjavíkurhjerað.

Varatillaga á sama þingskj. fer fram á, að hjeraðslæknirinn í Reykjavík skuli »skyldugur til, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Kjósarhreppi og Kjalarneshreppi«. Og þýðir hún auðvitað það, að læknirinn í Reykjavík hafi meiri skyldu en ella, til að gegna mönnum úr þeim hreppum. Þessari varatill. vill nefndin ekki bægjast við; hún álítur, að það geti ekki orðið til mikils þunga fyrir lækninn, þótt þessi kvöð sje lögð á hann, því að hans muni eigi opt verða vitjað, en hins vegar geti það opt verið til ljettis fyrir hreppana.

Skúli Thoroddsen: Mjer þótti leitt, hvernig tekið var í breyt.till. minar af hálfu nefndarinnar.

Með breyt.till. á þskj. 178 er farið fram á, að aðstoðarlæknar þeir, er ætlazt er til að verði á Ísafirði og Akureyri, skuli valdir af hjeraðslæknunum sjálfum, en ráðherra gefi þeim skipunarbrjef. Er það miklu frjálslegra eptir því, sem ástandið er nú, enda hefur það átt sjer stað um þá aðstoðalækna, er verið hafa hjer í Reykjavík og á Akureyri.

Mjer þótti það kynlegt, að háttv. landlæknir, er sjálfur hefur haft aðstoðarlækni, kallaði það óviðfelldið, að hjeraðslæknarnir rjeðu sjálfir valinu. Jeg get ekki fundið annað, en að einmitt hitt sje óviðfelldið, að stjórnin fari að skipa hjeraðslæknum aðstoðarmenn. Samvinnan milli þeirra þarf að vera hin bezta, en það er hæpið, að hún verði góð, nema því að eins að hjeraðslæknarnir fái sjálfir að velja.

Sú ástæða háttv. framsögum., að aðstoðarlæknarnir verði sjálfstæðari ef

ráðherrann skipar þá, fellur burtu, ef hann athugar vel breyt.till. mina. Þar er gjört ráð fyrir, að hjeraðslæknirinn velji aðstoðarlækninn í fyrstu, en ráðherra gefi honum síðan skipunarbrjef, og er hann þá í rauninni skipaður af stjórninni.

Jeg vil leyfa mjer að skirskota til presta og annara embættismanna, hvort þeim þætti það viðfelldið, að biskup hefði vald til að skipa þeim kapelán, án þess að þeir fengju sjálfir að hafa hönd í bagga. Eða mundu sýslumenn kanna því, að þeim væri settur einhver og einhver aðstoðarmaður.

Jeg vona því, að hin háttv. deild fallist á breyt.till. mína um þetta efni.

Að því er snertir hina breyt.till. mina, er fer fram á, að Nauteyrarhjerað verði látið standa eins og í núgildandi læknalöggjöf, þá tel jeg það víst, að tillögur læknaskipunarnefndarinnar um það atriði hljóti að vera sprottnar af ókunnugleika. Ástæðan, sem tilfærð er í nefndarálitinu fyrir því, að þetta hjerað sje óþarft, er sú, að íbúar hlutaðeigandi hreppa geti notað mótorbáta til þess að sækja lækni á Ísafjörð. En nú er einmitt svo ástatt, að í þessu læknishjeraði er enginn mótorbátur til; þeir eru allir á Ísafirði og í útverunum. Auk þess mundu slíkar mótorbátaferðir kosta 60—80 kr., og sjá allir, hvílík frágangssök sa kostnaður er fyrir fátæklinga. Og litlu kostnaðarminna er að manna út til þess sexæringa; það mundi tæplega kosta minna en 50—60 kr. Er því auðsætt, að almenningi yrði gjörður stórkostlegur óhagur með því að leggja þetta læknishjerað niður. Þá er menn þar vestra höfðu heyrt í vor. hvað í ráði væri, ályktaði þingmálafundur N.-Ísfirðinga, að skora á alþingi að láta hjeraðið halda sjer.

Hattv. landlæknir sagði, að því síður væri ástæða til að fallast á þessa tillögu, sem dregið hefði verið við 2. umr. úr tekjum þeim, er áætlaðar væru læknunum. Þetta er rjett og ekki rjett. Það er rjett að því leyti, sem dregið var úr þeim aukatekjum, er landlæknir og stjórnin ætlaði þeim. En það dugar ekki, þegar um samning læknalöggjafar er að ræða, að líta eingöngu a hag stjettarbræðra sinna, heldur ber fremur að líta á almennings hag. Alþýða manna hjer á landi er ekki svo efnum búin, að hún geti varið stórfje til þess, að afla sjer læknishjálpar.

Háttv. framsm. nefndarinnar kvaðst ekki álíta rjett, að auka á tölu læknishjeraða. Jeg miða auðvitað við núverandl tölu læknishjeraða, og tel það enga aukningu, þótt hún sje látin standa í stað.

Að ætla mönnum að hlaupa í hinn væntanlega ritsíma, til þess að ná í aðstoðarlækninn á Ísafirði, það er nú svona og svona. Það er gjört ráð fyrir, að hann liggi vestan fram með Ísafjarðardjúpi. Og hvernig væri fyrir menn úti á Snæfjallaströnd að ná til hans? Á sumrin tæki það daginn, en að vetrinum til má telja það tveggja daga ferð í færu veðri; en nú vita allir, að opt gjörir þar slæma garða, er standa yfir dögum saman, jafnvel viku eða lengur, svo að ekki er unnt að takast svo langa ferð á hendur, eins og sjólag er á Ísafjarðardjúpi.

Ef háttv. deild samþ. ekki þessa breyt.till., þá er það í mörgum tilfellum sama sem að láta Snæfjallahrepp og Inndjúpsmenn alveg læknislausa. Óvíða á landinu eru jafnmiklir örðugleikar á að ná til læknis sem þar.

Það stoðar heldur ekki að líta á það, þó nú sjeu fá læknaefni. Þeim getur fjölgað, og það er sennilegt að þeim

fjölgi, þar sem ekki verður annað sagt, en að kjör lækna, í samanburði við kjör annara embættismanna, sjeu mjög góð; þeir hafa föst laun og aukaborgun fyrir hvert viðvik, aukaborgun, er þeir stöðugt leitast við að þoka upp, og tekst það furðanlega. Ef kjör þeirra er borin saman við kjör presta, þá er þar mikill munur á. Og þó að svo hafi viljað til, að sá læknir, er síðast var í Nauteyrarhjeraði, hafi ekki haft mikla »praxis«, þá á það ekki að bitna á hjeraðsbúum; það getur stafað af ýmsu, t. d. að hjeraðið er ekki sem fjölmennast, eða að ekki hafi gengið þar miklir sjúkdómar um þær mundir, eða að menn hafi ekki haft traust á lækninum, — jeg segi samt ekkert um það, því að mjer er það ókunnugt. En þar sem miklar líkur eru til, að læknaefnum fjölgi bráðlega, þá er það næsta ólíklegt, að enginn kandídat mundi vilja sækja um embætti með 1,500 kr. launum, þótt ekki fylgi því ýkja mikil »praxis«.

Jeg held jeg hafi þá sýnt full greinilega fram á, að illa muni fara, ef hin háttv. deild samþykkir ekki þessa brt. og tekur upp aptur í frumv. hið núverandi Nauteyrarhjerað. Mótbárur landlæknis ern sprottnar af ókunnugleika. Og jeg get bætt því við, að því hraparlegra væri það, ef breyt.til. næði eigi fram að ganga, sem annað frumv. er hjer á ferðinni, sem sje frumv. um skipun prestakalla, þar sem farið er fram á, að svipta íbúa Snæfjallasveitar og Langadalsstrandar, prestisínum. Þeir ættu þá að verða bæði prestslausir og læknislausir. Og má það sannarlega hart heita.

Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Jeg vildi leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. mína á þgskj. 203, er fer fram á, að Kjósarhreppur og Kjalarneshreppur teljist til Reykjavíkurlæknishjeraði, en eigi til Hafnarfjarðarhjeraðs, svo sem ráð er gjört fyrir í frumv.

Tillaga þessi er fram komin samkvæmt ósk hlutaðeigandi hreppsbúa í bænarskrá þeirra til alþingis. Hafa þeir sent hana öðrum þingmanni sínum (B. Kr.). Sakir veikinda sinna gat hann ekki sjálfur borið fram þessa beiðni þeirra, heldur fól hann mjer það erindi á hendur. Varð jeg við þeim tilmælum hans, því að jeg álít þessa ósk sanngjarna.

Með því að þessi bænarskrá er nýkomin og þingm. munu ekki hafa átt kost á að kynna sjer hana, skal jeg með leyfi forseta lesa hana upp.

Aðalástæðan er, að skemmra þykir, að sækja lækni til Reykjavíkur, en til Hafnarfjarðar, og í öðru lagi, að menn geta búizt við, er þeir vitja hans í Hafnarfjörð, að hann sje þá, ef til vill, annarsstaðar lengra í burtu, t. d. suður í Hraunum. Aptur á móti mætti optast fá lækni í Reykjavík, þótt hjeraðslæknirinn væri ekki við. Háttv. frsm. tók það fram á móti þessu fyrirkomulagi, að hjeraðslæknirinn í Reykjavík hefði svo mikið annríki hjer, væri kennari við læknaskólann o. s. frv. En þegar svo stendur á, og mikið liggur við, er þó, eins og fyr er sagt, líklegast hægt að fá einhvern annan til að fara. Svo er enn ein ástæða, sem mælir með þessu, að nú ganga opt mótorbátar milli Reykjavíkur og þessara hreppa, og ljettir það fyrir. En skyldi till. þessari ekki verða vel tekið hjá háttv. deild, þá kom jeg með varatill. þess efnis, að þótt þessir hreppar yrðu ekki taldir til Reykjavíkurhjeraðs, þá væri Reykjavíkurlæknirinn skyldugur til að vitja sjúklinga þangað, ef um er beðið. Sjálfur

kýs jeg heldur aðaltill. og vona, að hún verði samþ., og veit jeg, að það er einnig ósk þm. G.-K. (B. Kr.). En annars vil jeg mælast til, að hv. deild samþ. varatill. heldur en ekki neitt.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði mikið um Nauteyrarhjerað, og áleit ókunnugleika minn orsök til þess, að jeg vildi ekki halda þessu hjeraði. Jeg hef ekki komið þar, það er að vísu satt, en jeg hef gjört mjer far um að kynnast örðugleikunum þar, eins og annarsstaðar á landinu. Það er opt erfitt að komast til Ísafjarðar og þaðan aptur, en erfiðleikarnir eru ekki meiri en víða annarsstaðar. Jeg vil taka til dæmis næsta hjerað, Þingeyrarhjerað; ekki er betra fyrir Súgandfirðinga að sækja til Þingeyrar, en fyrir Nauteyringa til Ísafjarðar (*Skúli Thoroddsen:* það má þó komast það). Vitanlega, komast ma það, en opt getur verið ófært veður. Yfir höfuð að tala er í flestum hjeruðum um eins miklar vegalengdir að ræða; þetta sjest á skýrslum þeim, er jeg hef fengið um þetta efni, en hef ekki við hendina nú. Þær sýna, að í flestum læknishjeruðum er 5—6 klst. ferð frá læknissetri út á yztu hjeraðsmörk og sumstaðar auðvitað miklu meira. Það er því ekki rjett, að erfiðara sje, að ná til læknis úr Nauteyrarsveit, en allstaðar annarsstaðar.

Sama er að segja um Kjósarhjerað. Þangað er ekki nema 5—6 klukkust. ferð á sumrum úr Hafnarfirði og hjeðan, og alltaf fært. Lengdarmunur á vegunum er enginn, munar ekki fullum hálftíma. En að læknir sje sóttur sjóveg, hefur mjög sjaldan komið fyrir, og hitt, að fá lækna hjeðan, hefur að minnsta kosti ekki tekizt hingaðtil. Þeir eru bundnir hjer hver við sitt og fara ekki, nema þeir sje skyldir til þess.

Eitt var eptirtektarvert í ræðu hv. þm. N.-Ísf.; hann tók það fram, að læknishjálp væri svo afar dýr þessari sveit. Jeg hef opt áður bent á læknaskortinn, og get ekki skilið allt þetta tal um, hve kjör læknanna sje góð, þegar ekki fást nógir menn í læknisembættin. Mjer finnst undarlegt, að þessir menn, sem eru að tala um, hve dýrt sje að sækja lækni úr sumum sveitum, skuli ekki vilja gjöra stöðuna svo aðgengilega, að menn fáist í hana. Nú eru 5 hjeruð læknislaus.

Það er of lítið gjört úr þægindum talsimans; hann verður einmitt lagður um þessar sveitir þverar; að sönnu verður enginn á Snæfjallaströnd, en hún er aptur á móti næst lækni. Jeg verð því að halda því fram, að þessar sveitir innanvert við Ísafjörð sje ekki ver settar en margar aðrar. Í öðru lagi er óráð, að smækka eða rýra hjeruðin; það er til þess að þau verða læknislaus, eða verða að sætta sig við, að hafa lækna, sem annars mundu varla koma til greina.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 1. gr. 1. lið (203) felld með 13 atkv. gegn 4.

Breyt,till. við 1. gr. 2. lið (203) þar með fallin.

Varatill (203) samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 1. gr. 14. lið (180) felld Með 15 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Jóhannes Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Magnus Andrjess.,	Guðm. Björnsson,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Skúli Thóroddsen,	Hermann Jónasson,

Já:	*Nei:*
St. Stefánss., Skagf.,	Jón Jónsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Thorlacíus,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stefánsson, Eyf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Þar með 2. liður fallinn.

Breyt.till. við 2. gr. (178) felld með 11 atkv. gegn 9.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 18 samhlj, atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 33. fundi Ed., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A 226) til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að skipuð sje þriggja manna nefnd í málið, að loknum umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Áður en nefnd er skipuð í máli þessu, vil jeg taka það fram, að mjer virðist fara betur á að halda þeirri stefnu, sem fylgt er í frumv. stjórnarinnar, en því sem orðið hefur ofan á í háttv. Nd., að því er snertir borgun fyrir ferðir lækna. Það er sanngjarnt, að borgunin sje ákveðin tiltölulega hærri, þegar um stutta leið er að ræða, heldur en þegar sækja verður lækni langa leið. Þá fá þeir sem langt eiga til læknis nokkra ívilnun í samanburði við hina, og er það sanngjarnt; það er eins konar erfiðleikauppbót fyrir þá.

Í stjórnarfrumv. er ákveðið, að læknirinn skuli fá 1 kr. fyrir fyrsta tímann, sem hann er burtu frá heimili sínu, 75 aura fyrir annan tímann, 50 aura fyrir hinn þriðja, og síðan 25 aura fyrir hverja burtverustund. Nú hefur borgunin yfirleitt verið lækkuð og gjörð jöfn fyrir hverja stund, sem læknirinn er í burtu. Þótt borgunin væri nú ekki hækkuð frá því, sem frumv. háttv. Nd. gjörir ráð fyrir, þá ætti að halda sama »princípi« sem er í stjórnarfrumv.; það er engin sanngirni í því, að þeir, sem lengra búa frá lækni, verði svo miklu harðara úti með læknishjálp en hinir, sem nær búa. Það er og mjög efasamt, að það sje rjettara, að þessir tveir aðstoðarlæknar, sem getið er í frumv., sjeu skipaðir af ráðh., en af læknum þeim, sem þeir eiga að vera til aðstoðar; það sýnist öllu eðlilegra, að læknarnir ráði sjálfir mestu um aðstoðarlækna sína; að sínu leyti eins og prestar ráða sjer sjálfir aðstoðarpresta.

Á þann hátt eru mest líkindi fyrir, að læknirinn geti fengið þann aðstoðarlækni, sem honum er hagkvæmastur og geðfelldastur.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þriggja manna nefnd sþ. í e. hlj. og í hana kosnir eptir samkomulagi milli flokkanna.

Þórarinn Jónsson,
Guttormur Vigfússon,
Þorgrímur Þórðarson.

Í nefndinni var Þorgrímur Þórðarson kosinn formaður og Guttormur Vigfússon skrifari og framsögumaður.

Á 46. fundi Ed. föstudaginn 6. sept. kom frv. (A 226, 488, 542) til 2. umr.

Framsögumaður Guttormur Vigfússon (2. þm. (S.-M.): Það er ekki óvanalegt, að nefndir klofni, en það hygg jeg óvanalegt, að flestir nefndarmenn sjeu horfnir af fundi, þegar málið kemur fyrir. Í þessu máli vantar nú tvo af þremur nefndarmönnum. En væntanlega verður framsagan ekki erfið í málinu, og nefndin leggur til,

að háttv. deild samþ. frumv. óbreytt, eins og það er til hennar komið.

Þetta mál er fyrst rækilega undirbúið af stjórninni, er hefur notið aðstoðar þess manns, sem vitanlega er kunnugastur læknaskipun landsins í heild sinni.

Nefnd sú, er skipuð var í mál þetta í háttv. Nd., hefur gjört dálitlar breytingar við frumv. stjórnarinnar, þó að mestu leyti fremur óverulegar. Í einu atriði kveður þó nokkuð að þeim breytingum, sem Nd. hefur gjört, og vil jeg leyfa mjer, að fara um það nokkrum orðum seinna.

Það, sem felst í frumv., er aðallega tvennt; skipun læknahjeraða og laun lækna og aukatekjur, sem þó er dálitið sitt hvað. Hvað læknaskipunina snertir, þá er nefndin samhuga um, að þetta sje orð í tíma talað og mál komið að endurskoða þau lög, þótt ekki sjeu þau gömul. Reynslan hefur sýnt það, að til undanfarinna þinga hafa komið ýmsar bænir um breytingu á skipun læknahjeraða. En tíðar bænir um sama mál og breytingar að sama skapi hafa einmitt opt tekið upp fyrir þinginu mikinn tíma. eins og kunnugt er, og það sem verst er, opt til harla lítils gagns, og þótt ýmsum smábreytingum verði framgengt, þá er mjög undir hælinn lagt, hvort þær komi að verulegu gagni eða verði heppilegar, þar sem þær eru opt knúðar fram meira af kappi einstakra manna, en forsjá og rjettlætistilfinningu.

Með frumv. stjórnarinnar er nú bætt úr margvíslegum misfellum, og teknar til greina framkomnar óskir um það, sem reynslan það árabil síðan gildandi lög voru útgefin, hefur bent á, að bezt færi. Nefnd Nd. hefur vikið dálitið frá uppástungum stjórnarfrumv., mestmegnis er það fremur óverulegt; en er komið inn í frumv. eptir tillögum og í samráði við þá menn, sem kunnugastir eru staðháttum á hinum einstöku hjeruðum. Nefndin hjer fann ekki ástæðu til að gjöra neinar breytingar á þessu, því að yfirleitt er hún samþykk þeirri læknahjeraðaskipun, sem frumv. fer fram á, jafnvel þótt sumir nefndarmenn ljetu í ljósi, að sjer virtist skiptingin eigi allstaðar sem heppilegust, og þeir fyrir sitt leyti vildu ráða til, að á stöku stað yrði hreppum skipt öðruvísi milli hjeraða.

Skal jeg sjerstaklega tilnefna ákvörðunina um Hofshrepp í Öræfum, er nú á að fylgja Vestur-Skaptafellssýslu, en hefur áður fylgt Austur-Skaptafellssýslu. Um þetta og ýms önnur smáatriði var nokkuð talað í nefndinni. Sumir vildu stinga upp á föstum læknissetrum, þar sem þeir voru kunnugir og álitu rjett vera, en frá öllum breytingum í þessa átt hurfu nefndarmenn með sjerstöku tilliti til þeirrar málsgr. í frumv. Nd., er heimilar stjórninni að gjöra breyting á skipun hjeraða eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda og sveitastjórna. Þessi grein áleit nefndin að gæti komið að fullu haldi, til þess að losa menn við að vera að þrátta um smáatriði innan þings og utan; þá er það annað atriði, sem jeg get nefnt viðvíkjandi læknaskipuninni. sem nefndin var dálítið veikari fyrir hvort hún ætti að samþykkja, og athugaði því rækilega. Það er einmitt það atriði, sem nú hefur komið fram breyt.till. um á þskj. 542. Og er það viðvíkjandi því, að frumv. leggur til, að lagt sje niður Nauteyrarhjerað í Ísafjarðarsýslu. Það hefur verið læknishjerað síðan það var stofnað með lögum um skipun læknahjeraða o. fl. 1899. En eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið í því máli, þá virðist margt benda til þess, að það hafi ekki verið heppilega tilfundið

að stofna það hjerað. Vitanlega var enginn nefndarmanna nægilega kunnugur á þessu svæði til þess að geta haft ljóst yfirlit yfir alla staðhætti, nema eptir kortinu. Og eptir því að dæma skal jeg játa, að læknishjálp þá, er hjerað þetta getur fengið frá Ísafirði, er máske nokkuð erfitt að færa sjer í nyt. En á hinn bóginn hefur því verið haldið fram í Nd., að þó einum 200 kr. væri bætt við laun læknisins þar, þá væri Nauteyrarhjerað svo fámennt og erfitt, að þrátt fyrir það mundi reka að því sama, að þar yrði læknislaust um lengri tíma. Og yrði það þá að hafa sína læknishjálp frá Ísafirði hvort sem væri. Um þetta atriði skal jeg ekki mikið tala, því að jeg skal játa, að mig vantar fullkomna þekkingu til að geta sagt nokkuð með vissu. En eitt er víst, að í sambandi við þetta og breyt.till. hlýtur líka að standa önnur breyting, sem nefndin mun fara fram á, ef breyt. háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) verður samþ. og það er sú breyting, að afnumið verði aukalæknisembættið á Ísafirði til aðstoðar hjeraðslækni þar. Hjer verður því um það að gjöra fyrir háttv. flutningsm. breyt., að velja um, hvort honum finnst heppilegra að hafa 2 lækna á Ísafirði og engan í Nauteyrarhjerað, eða 2 lækna, annan á Ísafirði, en hinn í Nauteyrarhjerað. Og jeg efast ekki um, að ef að ákvæði frumv. hjeldist, þá ætti aukalæknirinn á Ísafirði að geta verið töluvert laus við, til þess að stunda lækningar í Nauteyrarhjerað. En jeg vil benda háttv. flutningsm. breyt. á, að ef aukalækni þessum væri kippt í burt, en Nauteyrarhjerað sett sem sjálfstætt læknishjerað, þá er hætt við, að það stæði læknislaust lengri eða skemmri tíma eða þá að einhver skussinn kæmi þangað, sem ekkert gæti fengið annað.

Mundi nú þetta verða happasælla, en vera viss um 2 lækna á Ísafirði? Jafnvel þó það kynni að vera dálítið erfiðara að ná til þeirra úr einhverjum örlitlum hluta Nauteyrarhjeraðsins. Fyrir landssjóð hefur þetta ekki verulega þýðingu. Ef aukalæknirinn á Ísafirði væri felldur, en annar settur í Nauteyrarhjerað, þá munaði það einum 700 kr., og hefur það ekki mikið að segja, og það því síður, sem jeg býst við því, að landssjóður sem optast mundi mega massa út með þær 700 kr. hvort sem er til læknisins á Ísafirði fyrir að þjóna Nauteyrarhjerað, þegar það stæði læknislaust.

Læt jeg svo úttalað um þetta atriði, og legg eigi sjerlega áherzlu á það. En á það legg jeg áherzlu, að ef þessi breyt.till. verður samþykkt, að þá verði líka samþykkt breyt.till. sú, er nefndin mun koma með til 3. umr.

Verður það því alveg á ábyrgð hv. þingm. Ísfjk., hvort hann álítur betra fyrir sýslufjelagið.

Viðvíkjandi breytingu þeirri á launakjörum lækna, sem frumv. fer fram á, þá er nefndin samþykk því fyrirkomulagi eins og það er frá háttv. neðri deild í öllum aðal-atriðunum. Nefndin játar, að þetta fyrirkomulag sje rjettlátt, og að hitt hafi verið mjög órjettlátt, að einmitt í þjett-býlustu og aukatekju-mestu hjeruðunum hafa launin verið lang-mest, en í hinum, sem eru strjálbyggð og erfið, hafa þau verið svo ljeleg, að engin furða er, þó læknar hafi viljað vera lausir við þau, og þau því staðið læknislaus tímunum saman.

Sama er að segja um ákvæðið um eptirlaun lækna. Nefndin játar, að hjer var um tvo vegi að ræða, annaðhvort að allir fengju eptirlaun eða þá enginn. En læknar eru þeir af embættismönnum, sem ekki hvað sízt

eiga rjettlætiskröfu til eptirlauna, því að venjulega slíta þeir sjer út öðrum embættismönnum fremur við embættisstarf sitt löngu fyrir tímann, ef að þeir eru samvizkusamir menn, og sjerstaklega í strjálbyggðum hjeruðum og launalitlum; því að þrátt fyrir föstu tekjurnar, þá hljóta aukatekjurnar allt af að verða þar miklu minni.

Aðal-breytingin, sem að háttv. neðri deild gjörði á frumv., var viðvíkjandi aukatekjum lækna. Samkvæmt frumv. stjórnarinnar væru læknar ekki fastbundnir við neinn taxta, heldur gátu að miklu leyti ráðið sjálfir, hvað þeir tækju fyrir verk sín í hverju einstöku tilfelli. En á þessu hefur neðri deild gjört þá breytingu, að gjaldskrá skuli sett, sem þeir eigi að fara eptir, og í henni sett takmörk, hve hátt þeir megi fara í hverju einstöku tilfelli.

Þá er það annað atriði, viðvíkjandi aukatekjum lækna, sem var í stjórnarfrumv., en sem Nd. hefur gjört gagngjörða breytingu á; en það var ákvæðið um það, að borgun fyrir aukaverk væri misjöfn eptir því, hve lengi læknarnir væru heiman að. Í sjálfu sjer getur verið, að sú stefna stjórnarinnar væri að sumu leyti rjett og sanngjörn, því að jeg verð að játa, að þeir, sem fjær búa, verða alltaf þyngra úti, ef þeir þurfa á lækni að halda, heldur en þeir, sem nærri búa lækninum. Enn þá er líka á annað að líta, sem vegur þar dálítið upp á móti. Og það er það, að þeir, sem búa rjett undir handarjaðrinum á lækninum, munu að jafnaði borga bróðurpartinn af aukatekjum hans af því, að þeir nota hann miklu meira, og það jafnvel fram yfir þörf, en hinir láta ekki vitja hans, nema þörf sje nokkuð brýn.

Þegar allt er tekið til athugunar, þá finnst mjer rjettara, að hallast að frumv. neðri deildar en stjórnarinnar, og vil jeg því ráða háttv. deild til, að samþykkja frumv. eins og það hjer liggur fyrir.

Jeg man svo ekki, að fleira sje að segja um þetta nefndarstarf, en vil að eins ráða háttv. deild til þess, að samþykkja frumv. óbreytt, sjerstaklega með tilliti til þess, að ef farið yrði að breyta því, þá kæmist málið á glundroða, og yrði að fara aptur til neðri deildar, en jeg tel það svo þarfa og góða rjettarbót, að það megi ekki fara í mola á þessu þingi.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg á tvær breyt.till. á þgskj. 542, er fara fram á, að Nauteyrarhjerað haldist eins og nú er, og jeg verð að minnast á fáum orðum.

Jeg skal játa, að þegar jeg sá frumv. stjórnarinnar og till. landlæknis, þá varð jeg hissa, að því er snertir læknahjeraðaskipunina í Norður-Ísafjarðarsýslu, vegna þess að eptir þeim kunnugleika, sem þessum mönnum er ætlandi að hafa um staðhætti hjer á landi, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að þar sje farið æði langt fram yfir það, sem telja má rjett og sanngjarnt, og það verð jeg að segja, að ef læknahjeraðaskipun landsins er víða jafn sanngjarnleg og rjettlátleg, eins og hún er í Ísafjarðarsýslu eptir þessu frumv., þá er hún byggð á minna viti, minni þekkingu og minni sanngirni, en ætla má af landlækni Íslands, því að þegar litið er á læknahjeraðaskipunina í Norður-Ísafjarðarsýslu, eins og hún er ákveðin í þessu frumv., eptir tillögum landlæknis, þá er hún öldungis fráleit, og má segja alveg það sama um röksemdir landlæknis fyrir þessari breytingu, eins og um þær röksemdir, sem háttv. framsm. og stjórnin hafa fram að bera fyrir henni, að þær eru svo staðlausar, sem mest má verða. Aðalalástæða landlæknis og stjórnarinnar

fyrir því að leggja þetta læknishjerað niður er sú, að það sje svo fámennt. Jeg hef leitað í skýrslu landlæknis til þess að bera saman mannfjölda þessa læknishjeraðs og ýmsra annara, sem ekki er lagt til að leggja niður, og við þá rannsókn hef jeg komizt að raun um, að hvort sem litið er á frumv. eða læknishjeruðin, eins og þau nú eru, þá eru 11 læknishjeruð, sem eru *fólksfærri* en þetta hjerað, sem hjer er farið fram á að leggja niður, og með leyfi hæstv. forseta skal jeg leyfa mjer að lesa upp nöfnin á þessum hjeruðum og fólksfjölda þeirra eptir síðustu manntalsskýrslum. Þau eru þessi:

Reykhólahjerað	með	600	íbúum
Flateyjarhjerað	—	640	—
Hesteyrarhjerað	—	830	—
Siglufjarðarhjerað	—	960	—
Axarfjarðarhjerað	—	792	—
Þistilfjarðarhjerað	—	850	—
Berufjarðarhjerað	um	920	—
Síðuhjerað	—	960	—
og eptir því, sem bætzt hefur við frá síðasta manntali má ætla að þar sjeu nú	um	1100	—
Bíldudalshjerað	með	750	—
Mýrahjerað	—	1040	—
Axarfjarðarhjerað	—	1000	—(sic)
en Nauteyrarhjerað	—	**1250**	—

og hefur þó fremur fjölgað en fækkað íbúum þar, síðan síðasta manntal var tekið, og sama má auðvitað segja um hin hjeruðin, sem jeg nú hef talið upp. Svona er þá sú fyrsta ástæða landlæknis fyrir að leggja niður þetta læknishjerað, og mætti þá eptir henni leggja niður að minnsta kosti 10—12 önnur læknishjeruð, ef tekið er tillit til fólksfjölda þeirra.

Önnur ástæðan fyrir því, að leggja þetta læknishjerað niður, er sú, að nú sjeu komnar á svo miklar samgöngubætur við Ísafjarðardjúp, þar sem mótorbátarnir eru. Ekki verður þessi ástæða þyngri á metunum en hin. Í mestum hluta þessa hjeraðs er sjávarútvegur lítill, og mjer er kunnugt um, að þegar jeg fór á þing nú í sumar, þá var þar að eins einn mótorbátur til, sem um allan annan ársins tíma en hásumartímann er úti í Bolungarvík. Hjer er því ekki um þessa hjálp að ræða, af þeirri einföldu ástæðu, að hjeraðsbúar eiga enga mótórbáta, og munu ekki eignast þá til muna, svo að ekki hjálpar þessi ástæða landlæknis betur en hin fyrri málstað hans og stjórnarinnar, að því er snertir niðurlagning þessa læknishjeraðs.

Þá er þriðja ástæðan sú, að þegar símasambandið sje komið á, þá verði hægra aðstöðu fyrir íbúana í þessu hjeraði, að því er læknishjálp snertir; en það hefur nú verið farið svo með það mál, að óvíst er, að fólk þar vestra geti fónað mikið fyrst um sinn, eða á næstu 2 árum; þó að telefón yrði lagður að vestanverðu við Djúpið, þá mundi fólk í þessu hjeraði hafa lítið gagn af því, að því er læknishjálp snertir, og líklega ætlast landlæknirinn ekki til, að meðul verði send með telefóninum, eins og kerlingin, sem vildi fá að senda skjóðu með símanum til Hafnarfj. Sú ástæða er því líka fremur veigalítil, þegar um það er að ræða, að leggja niður þetta læknishjerað.

Þá er fjórða ástæðan sú, að enginn mundi sækja um þetta hjerað. Á hverju byggir háttv. landlæknir og stjórnin þetta? Litlu eptir að læknisembætti þetta er stofnað, sótti læknir um það, og hefur hann setið í því þangað til í vor sem leið; það hefur því ekki staðið læknislaust, nema nú um þingtímann, og ef það ætti að leggja niður öll þau lækuishjeruð, sem læknir sækir burt úr, og annar kemur ekki jafnharðan í staðinn, þá fækk-

aði líklega að mun læknahjeruðum á Íslandi.

Þá hefur það verið sagt, að það mætti gjöra boð eptir lækninum á Ísafirði með símanum; en þó svo sje, þá er þó ekki hægt að flytja hann eptir símanum til sjúklinganna. Þeir, sem litið hafa á kortið og kynnt sjer vegalengdirnar betur, en háttv. nefnd virðist hafa gjört, hljóta að hafa sjeð, að hjer er um óraveg að ræða, 5—6 mílur sjóveg og miklu lengra, ef landveg er farið. Þótt hægt sje að koma boðum til læknisins með símanum, þá þarf að fá mótorbát til að flytja hann inn eptir; þá kostar sú ferð, að læknishjálpinni meðtaldri, ef allt gengur greiðlega, að minnsta kosti 30—40 kr. Eg skýt því til háttv. deildar, hvort henni fiunist ekki þetta dýr læknishjálp, og fyrir þorra manna í raun og veru sama sem engin læknishjálp. Jeg er viss um, að allur fjöldinn í þessum hjeruðum fær að deyja drottni sínum læknishjálparlaus, þrátt fyrir þessa blessaða síma- og mótorbátahjálp; mönnum er ofvaxið að nota hana.

En það á nú að bæta úr þessum læknisskorti í Nauteyrarhjeraði með því, að skipa tvo lækna á Ísafirði. Jeg skil ekki í, að nokkrum manni þyki nokkur bót í þessu, þar sem það er svo dýrt, langt og erfitt að ná í lækni á Ísafirði. Þó það væru 30 læknar settir á Ísafjörð, þá væri Nauteyrarhjerað jafn-illa sett eptir sem áður, hvað dýrleika læknishjálparinnar snertir. Þessi ástæða stjórnarinnar og landlæknis er því jafn-veigalítil eins og hinar.

Háttv. framsögum. (G. V.) játaði það, að hann og enginn háttv. nefndarmanna væri persónulega kunnugir á Vesturlandi; en eptir þeim upplýsingum, sem þeir hefðu aflað sjer, hefðu þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að vel væri gjörlegt, að þjóna Nauteyrarhjeraði frá Ísafirði.

Jeg verð nú að efast um, að háttv. nefndarmenn hafi leitað sjer mikilla eða áreiðanlegra upplýsinga um málið, fyrst þeir hafa komizt að þessari niðurstöðu. Að minnsta kosti hafa þeir ekki leitað þeirra hjá mjer, sem ætti þó að vera einna kunnugastur hjer í deildinni um þessar slóðir. En máske hafa þeir fengið þær hjá þingmanni Strandamanna (G. Guðl.) sem líka er þar kunnugur. (*Guttormur Vigfússon:* Vjer fengum þær hjá lækninum sem þar var.) Við skulum minnast sem minnst á þann heiðursmann í þessu sambandi. Það vildi nú svo heppilega til, að það var mjög lítið um kvilla í hjeraðinu á meðan hann þjónaði, og voru aukatekjur hans minni fyrir það. Og þótt það reyndist honum fremur tekjurýrt, þá skil jeg ekki í öðru, en að vel verði lifandi í því, ef læknalögin nýju komast á, og launin hækka um 200 kr. Ef þar verður ekki lífvænt, þá sje jeg ekki, hvernig fara muni um lækna í ýmsum öðrum læknishjeruðum, sem eru talsvert fólksfærri.

Jeg vil fullyrða það, á meðan mjer er ekki sýnt fram á annað, að nálega hvergi á landinu sje jafn-löng og erfið leið að ná í lækni, eins og úr Nauteyrarhjeraði á Ísafjörð (*Stgr. Jónsson*: Úr Grímsey). Það kann að mega nefna einstök dæmi, en mörg eru þau ekki, þótt leitað sje um land allt, sízt að mannmargt hjerað verði að sæta slíkum afarkostum.

Þá kemur það til greina, sem á að bæta úr þessu, að Ísafjörður gæti með einum lækni opt verið læknislaus, þegar hans ætti að vitja úr Nauteyr-

arhjeraði, en það mundi ekki koma fyrir, ef tveir læknar væru skipaðir á Ísafjörð. Það væri því hreinn og beinn ávinningur fyrir íbúana í Nauteyrarhjeraði, að þetta skipulag kæmist á. Það væri miklu betra fyrir þá, en að hjerað þeirra væri gjört að sjerstöku læknishjeraði, sem svo enginn sækti um, en þó yrði þess valdandi, að ekki yrði nema einn læknir framvegis á Ísafirði. En þess er að gæta, að fólki hefur fjölgað svo mjög á Ísafirði og í nágrenninu, að það kemur fyrir dag eptir dag, að læknirinn kemur varla heim í hús sitt, og hann er iðulega sóttur út í Bolungarvík, inn í Álptafjörð og víðar, og þau tilfelli hafa komið fyrir, að á meðan læknirinn hefur ekki verið heima, þá hafa komið fyrir tilfelli í kaupstaðnum sjálfum, er bráðrar hjálpar hefur þurft við, og það sem hefur skeð, getur aptur komið fyrir og kemur sjálfsagt ekki svo sjaldan fyrir, að þótt tveir læknar væru á Ísafirði, þá yrði í hvorugan þeirra náð úr Nauteyrarhjeraði; annar væri úti í umdæminu, en hinn bundinn heima í kaupstaðnum hjá sjúklingum.

Jeg vona, að háttv. deild hafi af þessum fáu orðum sannfærzt um, að þessi niðurlagning hjeraðsins er allt annað en sanngjörn eða ráðleg, og þótt háttv. frams. (V. G.) segi, að það sje á minni ábyrgð, ef frumv. fær eigi framgang, þá vona jeg, að sú ábyrgð verði mjer ekki mjög þung; en það er ábyrgð háttv. nefndar og háttv. deildar, ef þessi brt. mín verður felld, að mörg mannslíf eru í veði. Jeg hef ekki sömu skoðun á læknum eins og einn góður maður, sem mat þá eptir því, hve meira eða minna mannskæðir þeir væru, og hef það álit á þeim, að þeir lengi lif manna fremur en stytti, og þess vegna sje allsendis rangt að varna mönnum hjálpar þeirra með rangláfum lögum. Jeg er viss um, að það þarf ekki að verða frumv. að falli, þótt breyt.till. mín komist að. Það er enn nægur tími til að senda það háttv. Nd., og jeg vona, að hún fari ekki aptur eins óviturlega að ráði sínu, eins og við fyrri meðferð málsins. Þá mun hún hafa lagt ofmikinn trúnað á ástæður stjórnarinnar fyrir frumv., sem bæði eru veigalitlar, eins og jeg hef sýnt fram á, og ekki á rjettum rökum byggðar.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg vildi leyfa mjer að ráða háttv. deild til þess, að samþ. frumv. þetta óbreytt, eins og háttv. nefnd leggur til. Jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með frumv., en móti öllum breyt.till., sem fram kunna að koma, og þá líka brt. háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.). Ástæðan fyrir þessu er sú, að jeg vil ekki tefla málinu í tvísýnu með breytingum, þar sem svo lítið er eptir af þingtímanum. Það er rjett svo, að hægt yrði að koma því fram, þótt þessi eina breyting væri gjörð á því; en vjer þekkjum það, að ef að á annað borð er byrjað að gjöra breytingar, þá er hætt við, að hver breyt.till. komi fram á eptir annari, og ekki hægt að sjá þar fyrir endann. Jeg teldi það mikið tjón, ef frumv. þetta dagaði uppi, því að í því eru breytingar til stórbóta á núverandi ástandi. Fyrst og fremst er breytingin á læknaumdæmunum yfirleitt til bóta; auðvitað má að einhverju endurbæta skipun þeirra enn, en það er einmitt einn af kostum frumv. þessa, að stjórnarráðinu er innan vissra takmarka heimilað að breyta hjeraðaskipuninni.

Þá er það mikil rjettarbót fyrir læknana, að öll læknisembættin eru gjörð að konunglegum embættum með eptirlaunarjetti, og jöfnum launum. En

þetta er ekki einungis rjettarbót fyrir læknana heldur líka fyrir marga þá, sem læknana eiga að nota; þeir gátu alltaf átt það á hættu, að þau væru læknislaus, hin láglaunuðu og eptirlaunalausu embættin. Þá eru ákvæðin í 4. gr. þægilegri bæði fyrir lækna og almenning. Ákvæðin um dagpeninga lækna eru ljósari og ákveðnari í frumv. en í læknalögunum, en þeir þó yfirleitt ekki ákveðnir hærri en þeir eru nú.

Þetta allt er í mínum augum svo mikilsvert, að jeg vil ekki stofna frumv. í hættu.

Það er líka annað, sem vakir fyrir mjer að breyta ekki frumv., og það er sparnaðarástæða. Jeg hef að vísu hingað til ekki talið mig meðal sparnaðarmannanna, en hver dregur dám af sínum sessunaut, og vjer verðum að gæta að, hvert stefnir.

Eptir læknalögunum 1899 voru læknahjeruðin 42; nú er gjört ráð fyrir, að þau verði 43, og auk þess skipaðir tveir aðstoðarlæknar. Vjer verðum að hugsa oss, hvað langt er fært að fara í fjölgun lækna, því að ekki er gjörlegt, að fjölga þeim óendanlega, og ekki til neins að vera að stofna læknahjeruð, sem ekki eru nein líkindi fyrir að fá lækna í í bráð, þá er ver farið en heima setið. Það þekki jeg af reynslu að norðan. Vjer verðum einhversstaðar að setja oss takmörk, og jeg held við eigum að hugsa okkur tvisvar um, áður en vjer förum nú að fjölga læknunum fram úr þessum 45, sem gjört er ráð fyrir í stjórnarfrumv., en eptir breyt.till. háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) ættu þeir að verða 46; þetta get jeg ekki aðhyllzt, og í engu falli gæti jeg það, nema þá, að aukalækninum á Ísafirði yrði sleppt; þá yrði útgjaldaaukinn ekki nema 700 kr. á ári.

Jeg játa það, að það muni vera örðugt að vitja læknis úr Nauteyrarhjeraði til Ísafjarðar; en það er víða annarsstaðar eins örðugt að ná í lækni, einkum þegar á það er litið, að tiltölulega hægt er að sækja lækni sjóveg til Ísafjarðar, þó að læknirinn sitji í Nauteyrarhjeraðinu; þá þarf samt víðast hvar að sækja hann sjóveg úr því. Ef hann sæti á Arngerðareyri, mætti að vísu ná til hans landveg af Langadals- og Snæfjallaströndinni, en annarsstaðar frá mundi hans vitjað á sjó, en þegar á annað borð þarf að fara sjóveg, þá munar það ekki öllu, hvort farið er mílunni lengra eða skemmra. Þar er ekki um opið haf að fara eins og Grímseyingar verða að leggja út á, þegar þeir ætla að vitja læknis, eða Flateyingar yfir Skjálfanda. Íbúatala í Nauteyrarhjeraði og Ísafjarðar mun vera um 4,000. Það er að vísu nokkuð margt fyrir einn lækni, en alls ekki fyrir tvo. Þegar Nauteyrarhjerað er tekið undan Ísafjarðarhjeraði, þá eru þar eptir tæp 3,000 íbúa, og er þá ekki lengur ástæða til að hafa tvo lækna í því hjeraði.

Það er að vísu satt, að í Norður-Þingeyjarsýslu eru ekki nema 1,400 manns handa tveim læknum; en jeg er ekki svo glaður yfir því, að þar skuli vera tvö læknishjeruð, þar sem enginn læknir er í þeim, og óvíst, að nokkur fáist þangað að svo stöddu; og það má háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) vita, að ólíkt öðugra er að sækja lækni utan af Sljettu á Húsavík, en úr Nauteyrarhjeraðinu hans til Ísafjarðar; það er ekki vert fyrir háttv. þm. (Sig. St.) að koma með samanburð um það, sem hann þekkir ekki. Það er svo hætt við, að þau hjeruðin verði á hakanum með að fá lækni, á meðan hörgull er á læknum, þar sem læknirinn hefur ekkert þorp eða kauptún til að búa í; og það er ekki mikil bót fyrir

Nauteyrarhjerað, þótt það fái lækni á pappírnum, ef enginn sækir þangað; þá er betra fyrir það, að eiga lækni vísan á Ísafirði.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísafj.k.): Það er undarlegt, að vera að stagast á því, að enginn læknir muni fást í hjerað, sem ekki hefur verið laust nema fáar vikur. En ef enginn læknir fæst í hjeraðið, þá þarf landssjóður ekki heldur að launa lækni þar að fullu. (*Steingrímur Jónsson*: Jú, að hálfu). Það er að vísu satt; en fáist enginn læknir þangað, þá má eptir þessu frv. skylda nágrannalæknana til að þjóna þar. Það er talað út í hött hjá háttv. framsögum. (Gutt. V.) og háttv. 6. kgk. (Stgr. J.), að þau hjeruð sjeu óaðgengileg fyrir lækna, þar sem þeir hafa ekki þorp til að búa í. Jeg vil ekki gjöra læknastjettinni þær getsakir, að hún vilji ekki una við, að búa annarsstaðar en þar sem hún getur rakað saman peningum daglega.

Jeg verð að telja læknishjerað með 1,500 kr. föstum launum, og auk þess töluverðar tekjur af lækningum og meðulum full lífvænlegt að minnsta kosti fyrir ungan mann.

Hvað sem hver segir, þá verð jeg að halda því fram, og er viss um, að það er rjett, að það eru örfá hjeruð, sem eiga eins erfitt með að ná til læknis eins og Nauteyrarhjerað, ef það á að vitja hans a Ísafirði, og sjálfsagt er ekkert heilt læknishjerað á landinu eins illa sett eins og það.

Það er undarlegt, að þegar verið er að bæta læknaskipunina, þá skuli hjerað, sem áður hefur haft lækni og sem flestum eða öllum öðrum hjeruðum hefur meiri þörf á honum, vera svipt þeim rjettindum, sem það hefur áður haft.

Það er alveg eins mikil ástæða til að hafa aðstoðarlækni á Ísafirði eins og á Akureyri, þó að Ísafjarðarlæknirinn hafi eigi Nauteyrarhjerað með. Íbúatalan er að vísu ekki eins mikil á Ísafirði eins og á Akureyri, en það koma svo mörg skip úr öllum áttum þangað, að það gengur afarmikill tími fyrir lækni til að sinna þeim.

Framsögumaður Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Jeg skal ekki vera langorður. Flutningsm. breyt.till. (Sig. St.) er dauður, svo að hann getur ekki leiðrjett það, sem mjer kynni að missegjast. Hann sagði, að nefndin hefði ekki leitað upplýsinga hjá kunnugum mönnum. Nefndin leitaði nú einmitt upplýsinga hjá lækninum, sem til skamms tíma hefur þjónað þessu hjeraði. Nú er hann fluttur þaðan, og getur því ekki haft persónulegan hagnað af því, hvernig fer um hjeraðið. Hann ljet í ljósi, að Nauteyrarhjerað væri eitt af þeim hjeruðum, sem lítil líkindi væru til að hefði stöðugt lækni. Hann sagði, að ef læknirinn sæti í Vatnsfirði, þá væri nokkur hluti hjeraðsins, sem ætti ekkert óhægra að leita læknis til Ísafjarðar. Læknis væri vitjað sjóveg, hvort sem hann væri búsettur í Nauteyrarhjeraði eða á Ísafirði. Um »praxis« sína sagði þessi sami læknir, að hún hefði verið eins mikil á hálfu ári, þar sem hann er nú, eins og þau 3—4 ár, sem hann þjónaði Nauteyrarhjeraði.

Eitt, sem gjörði það, að nefndin leggur örugg á móti þessu hjeraði, er telefónsambandið, sem á að liggja yfir það. Sje telefónsamband til nokkurs gagns til sveita, þá er það sjerstaklega það, að það sparar ferðalög til læknis. Það má fá ráðleggingar hjá lækninum í gegnum telefón, og biðja hann að koma til sjúklinganna, og þannig sparar það mikla fyrirhöfn og kostnað.

Háttv. flutnm. till. (Sig. St.), talaði um mikla örðugleika í þessu hjeraði, svo að óvíða væru þeir eins miklir. Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) benti á ýms hjeruð, sem væru miklu örðugri. Jeg gæti líka bent á ýmsa örðuga staði, t. d. Norðfjörð í Suður-Múlasýslu, þar sem er þorp með 300—400 íbúa. Þar verður opt ekki komizt á landi að vetrinum, heldur verður að vitja læknis til Eskifjarðar yfir opið haf, út fyrir yztu annes. Svipað er á milli Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar. Jeg skal játa, að síðan telefónsambandið komst á milli þessara staða minnkar nauðsynin á breyting læknishjeraðanna. Að vísu verður sjúklingurinn ekki sendur með telefón, en læknirinn getur gefið ráðleggingu með honum, og það flýtir fyrir því, að læknirinn kemst á sama tíma til sjúklingsins, sem sendimaður væri kominn á læknissetrið. Hv. þm. sagði, að læknirinn væri opt ekki heima á Ísafirði, en svo er með alla lækna, og það væri torvelt að hafa svo marga lækna, að alltaf næðist í lækninn heima. Jeg verð að halda fram þessu fyrirkomulagi, að tveir læknar sjeu á Ísafirði, svo að líkindi sjeu til, að alltaf sje annar þeirra heima, og það er betra, en að hafa ljelegt hjerað, sem stendur autt tímunum saman. Jeg endurtek það, sem jeg sagði áðan, að ef deildin aðhyllist breyt.till, þá hljóti hún að gjöra það með það í huga, að samþ. breytingar, sem nefndin mun þá koma fram með við 3. umr., að afnema aukalækni á Ísafirði. Komist þessi breyting að, má búast við því, þegar málið fer að hrekjast milli deildanna, þá komist fleiri breytingar að, og það yrði til þess að stofna málinu í voða. Það tel jeg miður farið, því að málið er gott og rjettmætt, og mikil bót að frv., eins og það er.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það er lítið, sem jeg ætla að segja, í sambandi við till. háttv. þm. Ísfjk. Það er laust við það, að nefndin eða stjórnin eða landlæknirinn hafi leitað upplýsinga hjá mjer um þessa till. Jeg lýsi því yfir, að mjer hefur ekki dottið í hug að leggja niður Nauteyrarhjerað. Jeg álít það fjarstæðu, synd og vanvirðu fyrir þingið, að leggja hjeraðið niður. Allt mælir með því, að það haldist, en ekkert á móti. Þar sem framsm. (G. V.) gat þess, að í nefndinni hefðu komið fram upplýsingar um, að eigi væri hægra fyrir suma hjeraðsbúa, að sækja lækninn til Vatnsfjarðar en Ísafjarðar, þá vil jeg geta þess, að lækirinn sat í Vatnsfirði af því, að hann var tengdasonur prestsins þar, og hann vildi ekki annarsstaðar sitja; en það þarf ekki að taka það sem algilda reglu, heldur má búast við, að hann sitji þar, sem sýslunefndin ákveður að sje hentugast. Brtill. háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) er bæði sanngjörn og rjettlát, og er því rjettast að samþ. hana. Mig undrar, að landlæknirinn skuli hafa komið fram með þessa till. Hann hlýtur að hafa gjört það af ókunnugleik: hann hefur meiri »theoretiska« en »praktiska« þekkingu á staðháttum í hjeraðinu til að sjá, hvað rjett er. Verði hjeraðið lagt niður, þá er með því sköpuð stærri læknisleg auðn, þegar læknirinn situr þar, sem ómögulegt er að hafa hans not.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (542) við 1. gr. 14. tl. felld með 6 atkv. gegn 5.

1. brtill. (542) við 1. gr. (nýr 15. tl.) þar með fallin.

1. gr. frv. samþ. með 7 shlj. atkv.
2. — — — — 8 — —
3. — — — — 8 — —
4. — — — — 8 — —
5. — — — — 8 — —

6. gr. frv. samþ. með 8 shlj. atkv.
7. — — — — 8 — —
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 7 samhlj. atkv.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. septbr., kom frumv. (A. 226, 578) til 3. umr.

Sigurður Jensson (þingm. Barðstr.): Jeg hef leyft mjer ásamt öðrum þm., að koma með breyt.till. við þetta frv., á þgskj. 578, Það er ekki meining okkar með þessu, að reyna að spilla fyrir málinu, því að við erum alveg samþykkir aðal-ákvæðum frumv. um, að jafna laun læknanna. Okkur finnst það mjög sanngjarnt, að læknar í strjálbyggðum hjeruðum hafi ekki minni föst laun en hinir, er í þjettbýlum eru, þar sem miklu meiri aukatekjur eru. Sömuleiðis er það mjög sanngjarnt, að allir læknar fái eptirlaun, því að það væri ranglátt, ef að læknar, sem þjóna erfiðum og strjálbyggðum hjeruðum, með litlum aukatekjum, fengju engin eptirlaun.

En þessi breyt.till. okkar snertir tilbúninginn á gjaldskránni; í 4. grein, þar sem ákveðið er, að borgun fyrir störf lækna fari eptir gjaldskrá, er ráðherrann semur, með ráði landlæknis, stendur svo:

»Gjaldskrá þessi skal *yfirleitt* eigi mæla fyrir um hærri borgun en þá, sem« o. s. frv.

Það er þetta orð »yfirleitt«, sem við viljum fella burt.

Jeg álít gjaldskrána nógu háa, eins og hún er, og að borgunin eigi ekki að vera hærri, en þar er fyrirmælt.

Í gömlu lögunum (frá '99) 4. gr. 1. stendur:

»Þegar leitað er ráða til þeirra heima, eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en 1/10 úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, gjöri lítilsháttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt, *allt að 1 kr.*«

Mjer er það nú kunnugt, af því að jeg var í nefnd þeirri. sem að skipuð var hjer í þessi lög, þegar þau voru fyrir þinginu, að meiningin var, að borgun læknanna ætti að fara eptir því verki, sem þeir leystu af hendi, eptir fyrirhöfninni; en það lítur út fyrir, að sumir læknanna hafi skilið þetta »allt að 1 kr.«, svo sem það stæði: *allt af 1 kr.*, en það var ekki tilætlunin. Ef gjaldskráin nú þarf breytingar við, þá er það einungis betri sundurliðun á borguninni fyrir hvert einstakt verk. Jeg álít, að í þeirri nýju gjaldskrá, sem að samin verður, þá eigi að vera ákveðið fyrir hvert verk læknis. Ef maður t. d. talar við lækinnn, fer heim til hans, þó maður fái fyrirsögn hjá honum, þá eigi ekki að taka hæsta takmarkið með borgunina; eða þegar læknirinn gengur milli húsa, dag eptir dag og máske viku eptir viku á sama stað, þá finnst mjer óþarfi, að hann megi þá alltaf, í hvert sinn, taka 1 kr. Nei, meiningin er, að landlæknir, sem er kunnugri þessu, en þingið, búi til sundurliðaða gjaldskrá, sem eigi er hærri en sú gjaldskrá, er gilt hefur. Annars hefði verið heppilegast, að þessi nýja gjaldskrá hefði legið fyrir þinginu, og þá hefði þingið getað sagt álit sitt um hana.

Hin hreyt.till. okkar er við 5. gr. — Byrjunin þeirrar greinar er þannig:

»Verði læknir að takast ferð á hendur til þess, að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og svo beina leið

sem hægt er, og greiða honum enn fremur, auk borgunar fyrir læknisverkið 30 aur. fyrir hverja klukkustund að deginum til; milli miðs morguns og náttmála, en 50 aur. fyrir stundina á öðrum tíma sólarhringsins«.

Jeg ímynda mjer, að skilja eigi lögin ekki svo, að læknir eigi að fá þessa borgun frá því hann fer að heiman og þangað til hann kemur heim aptur. Það hagar víða svo til, að læknir verður að vera nætursakir og sofa þar, sem hann er sóttur til; það er þá hart, að hann fái 50 aur. borgun fyrir þann tíma, sem hann sefur — það mundi verða um 9 kr. yfir sólarhringinn. Ef það er ætlunin, þá er það voðaleg hækkun frá því, sem hingað til hefur gillt. Það stendur sem sje víða svo á, að ekki er hægt að flytja lækninn heim aptur sama dag og hann er sóttur, heldur verður hann að gjöra sjer það að góðu, að gista á bænum, þangað til daginn eptir. Þess vegna stingum við upp á, að bætt sje við orðunum: »sem hann er á ferð eða að læknisstarfi, og þó aldrei meira en 4 kr. fyrir sólarhring«; í gildandi lögum eru ákveðnar 3 kr.

Þessar breytingar virðast mjer mjög sanngjarnar, og vona jeg því, að þær verði teknar til greina, og háttv. deild samþykki þær, því að það getur ekki verið tilgangur þingsins, að gjöra læknishjálp dýrari en áður, jafnframt því, sem kjör læknanna eru bætt.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-M.): Jeg þarf ekki margt að tala um frv. Það liggur hjer fyrir, eins og hv. Nd. samþykkti það, og hefur verið samþ. hjer þannig við 2. umr.

Að vísu eru komnar fram hjer í deildinni 2 breyt.till., sem að áliti nefndarinnar eru ekki mikils virði, og þeirra vegna ætti frumv. ekki að þurfa að hrekjast milli deildanna.

Fyrri breyt.till. fer fram á, að stryka út orðið »yfirleitt«. Jeg sje ekki, að þetta geti verið svo mikill þyrnir í augum flutningsm., eitt út af fyrir sig, því að ef þeim þykir borgunin fyrir aukaverk læknanna ósanngjörn, þá hefði verið rjett af þeim, að taka greinina allt öðru vísi og rækilegar til endurskoðunar.

Hjer er farið fram á sömu borgun fyrir aukaverk, sem í læknalögunum frá 1899. Það er ætlazt til, að landlæknirinn í samráði við ráðherrann semji gjaldskrá, og til vara er það tekið fram í frumv., að þessi borgun skuli yfirleitt, eða að jafnaði, ekki vera hærri en ákveðið er með eldri lögum. Því sýnist mjer þessi litla breyt.till. ekki vera þess verð, að henni sje neinn gaumur gefinn. Allt annað mál hefði verið, ef komið hefði fram bein till. um taxta fyrir lækna, til þess að fara eptir.

Eins og frumv. kom frá stjórninni, vjek því dálítið öðru vísi við; þar gengu ákvæðin töluvert lengra, en hjer er gjört ráð fyrir, þannig, að læknar höfðu óbundnari hendur með það, hvað þeir settu upp á fyrir verkið, og var ætlazt til, að þeir mættu haga því nokkuð eptir efnahag og ástæðum hlutaðeiganda. En breyting á þessu kom inn í Nd., og taldi nefndin hjer hana til bóta.

2. breyt.till. er við 5. gr. Jeg held, að hún byggist á misskilningi, eða að minnsta kosti ef hún byggist ekki á misskilningi, þá hefur nefndin skilið gr. skakkt. En jeg hygg, að það komi ekki til mála, því að þar sem það er tekið fram, að lækni beri 30 au. fyrir stundina að deginum til, en 50 aur. á öðrum tímum sólarhringsins, þá er sú

meiningin ljós í lögunum, að hann fær ekki 50 aur. fyrir þá hluta sólarhringsins, sem hann sefur, heldur þann tíma, sem hann er á ferð eða starfar.

En að setja inn þessa breytingu, að læknar megi aldrei fá meira en 4 kr. fyrir sólarhring, þegar hann er á ferð eða að læknisstarfi, það álít jeg bæði ranglátt og ósanngjarnt, einmitt af því að það kemur svo ljóst fram í frv., að læknirinn hafi þá borgun, sem þar er tiltekin fyrir næturnar líka, það er að segja, ef hann þarf að ferðast að næturlagi. Ef hann þarf að ferðast 10 tíma á dag, þá fær hann ekki nema 3 kr., en í víðlendum hjeruðum getur það opt komið fyrir, að hann þurfi að leggja til 4—5 tíma af nóttunni til þess að komast heim til sín aptur eða sinna öðrum sjúklingum, og ef hann er á ferð í 16 tíma samfleytt, þá er gjaldið einar 6 kr. og hærra með meiri áreynslu og erfiðleikum.

Þeir sem þekkja til þess, hve afarerfið og þreytandi ferðalög lækna eru einkum út um land, í strjálbyggðum og torsóttum hjeruðum, þeir ættu sannarlega að geta látið sjer skiljast það, að sú borgun, sem farið er fram á í 4. gr. frumv., er ekki of rífleg, og ættu ekki að sjá eptir því, þó læknar fái meira en 4 kr. fyrir sólarhringinn. Sem sagt, er það fastur skilningur nefndarinnar, að borgunin sje miðuð við þann tíma, sem læknirinn er á ferð eða að læknisstarfi, en ekki við þann tíma sem hann sefur.

Steingrímur Jónsson, (6. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að jeg er mótfallinn breyt.till. á þskj. 578, og get ekki gefið þeim atkvæði mitt, í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, sem jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, nfl. af því að jeg vil ekki tefja fyrir málinu eða leggja neina hindrun í götu þess, og þar sem nú er orðið svo áliðið þingtímans, þá gætu jafnvel hversu litlar breytingar, sem á frv. væru gjörðar, orðið til þess, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi, og teldi jeg það mjög illa farið.

Í öðru lagi er jeg mótfallinn þessum breytingum sökum þess, að jeg álít þær ekki sanngjarnar, og heldur ekki nauðsynlegar.

Fyrri breytingin vtð 4. gr. fer fram á það, að fella burt orðið »yfirleitt«, þar sem talað er um lágmark gjaldskrárinnar, og sje jeg enga ástæðu til að stryka þetta orð út. Þetta eru þær einu menjar, sem eptir eru af þessari grein, eins og hún kom frá stjórninni og landlækninum, nfl. að gjaldskráin sje sett dálítið rýmri í vissum tilfellum, þannig, að læknar geti farið bil beggja í kröfum sínum eptir efnahag manna, og meiningin með greininni, eins og hún kom frá stjórninni, var sú, að læknunum væri, eins og víðast í öðrum löndum í sjálfsvald sett, hvað þeir heimta fyrir læknishjálp, eða látnir hafa frjálsar hendur, að því, er snertir að heimta hærra gjald eptir efnum og ástæðum. Þetta líkaði nefndinn ekki í háttv. Nd., en þótti rjett, að breyta þessu ákvæði í þá átt, sem stendur í frumv. eins og það kom frá Nd. En ókosturinn á gjaldaskránni þykir mjer vera sá, að læknar geta tekið hærra gjald en efni manna leyfa.

Jeg skal taka dæmi. Það var enskur auðmaður, sem meiddi sig í fingri í fyrra á Laxamýri. Hann fór til Húsavíkur og bjó þar á veitingahúsi. Læknirinn gekk til hans nokkrum sinnum og setti upp á fyrirhöfn sína eptir taxtanum 15 kr. Ef læknirinn hefði ekki verið bundinn við taxtann, þá hefði þessi maður ekki sloppið með minna en 8—9 kr. í hvert sinn, en

læknirinn ljet sjer nægja að fara eptir taxtanum, og er það rangt og ósanngjarnt, að læknar taki ekki meira fyrir læknisstörf sín, þegar auðmenn eiga í hlut, en þegar um fátæklinga er að ræða. Hins vegar er mjög efasamt, að það fáist þær umbætur, sem br.-till. miðar að í þessu efni, þótt hún yrði samþykkt og sett inn í lögin, eða að gjaldið yrði lægra en eptir lögunum 13. okt. 1899.

Þá er brt. við 5. gr., og verð jeg að vera samdóma háttv. framsm., að því er hana snertir um það, að mjer þykir það hart fyrir lækna, að geta aldrei fengið meira en 4 kr. fyrir sólarhring, meðan þeir eru á ferð eða að læknisstarfi, og er það talsverður munur frá því, sem nú er, því að eptir lögunum frá 13. okt. 1899 fær læknirinn 25 au. fyrir hverja klukkustund, frá því hann fer að heiman, og þangað til hann kemur heim aptur, líka fyrir þann tíma, sem hann sefur. En það var misskilningur hjá háttv. þm. Barð. (S. J.), að eptir frumv. sje ætlazt til, að læknirinn fái líka borgun fyrir þann tíma, sem hann sefur. Meining nefndarinnar var auðvitað sú, að takmarka borgunina að eins við þann tíma, sem læknirinn heldur áfram ferð sinni, eða er að læknisstarfi, og þá þótti nefndinni ekki heppilegt að færa borgunina niður úr því, sem farið er fram á í frnmv., sökum þess, að það gæti orðið til þess, að draga úr vilja læknisins til þess að halda áfram á nóttunni; jeg tek auðvitað ekki til greina þau tilfelli, þegar um lífs-nauðsyn er að ræða. Í öðru lagi mundi þessi till., ef hún kæmist inn í frumv., verða til þess, að valda mótsögn í frumv., því að það stendur í 5. gr., að læknirinn skuli fá 30 aura fyrir hverja klukkustund að deginum til, milli miðs morguns og náttmála, og mundi því þetta ákvæði valda mótsögn, ef því væri skotið inn í. Jeg álít þess vegna, að þessar breyt.till. sjeu ekki sanngjarnar, eða gangi í rjetta átt; því að jeg lít svo á, að ef læknirinn heldur áfram 24 tíma tafarlaust, þá eigi hann skilið að fá 9 krónur fyrir sólarhringinn.

Sigurður Jensson (þm. Barð.): Hv. framsm. sagði, að ef okkur flutnm. brt. hefði þótt fyrri borgun til lækna ósanngjörn, þá hefðum við átt að koma með beina till. um gjaldskrá.* Jeg hef aldrei sagt, að mjer fyndist gjaldskráin ósanngjörn, ef henni að eins væri fylgt eins og hún er hugsuð, þá væri ekkert að tala um. Jeg vil einmitt láta fara eptir henni. En jeg vil, að hún sje betur sundurliðuð, því að eins og landlæknir hefur tekið fram, eru allt of margskonar og ólík verk í 1. gr. gömlu laganna. Jeg er því alls ekki að tala um, að það gjald, sem er, sje of hátt, heldur vil að eins ekki láta fara þar yfir. Háttv. framsm. sagði, að síðari breyt.till. væri byggð á misskilningi. Þá leyfi jeg mjer að segja, að lögin eru ógreinilega orðuð, og geta orðið misskilin af fleirum. En það er ávallt kostur við hver lög, að þau sjeu sem skýrust, og geti ekki orðið misskilin. En ef þessi orð »sem hann er á ferð« o. s. frv. væri bætt inn í, þá er engin hætta á að lögin, verði misskilin. Mjer dettur því í hug, að fara millumveg hjer, og leyfi jeg mjer, að bera það undir hæstv. forseta, hvort hann ekki vildi skipta atkvgr. um síðari brt., þegar gengið verður til atkv., og bera fyrst upp »sem hann er á ferð eða við læknisstörf«. Þessi orðin eru þó að minnsta kosti nauðsynleg til þess, að skýra hvað við er átt.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) talaði

líka á móti þessum breytingum og skildist mjer aðalástæðan vera sú, að það mundi tefja fyrir lögunum og enginn tími verða til að fá þau í gegn um Nd. En það er nægur tími til að fá þau samþykkt í Nd., þó þeim sje breytt hjer, þegar breytingin er þannig, að allir geta verið samdóma um, að hún sje rjett. Jeg get ekki annað en haldið því fast fram, að mjer þykir 50 aurar um tímann nokkuð há borgun, ef á að borga fyrir annan tíma en þann, sem læknirinn er á ferð eða að læknisstörfum. En ákvæðið, sem háttv. 6. kgk. þm. talaði um, á aðeins við, þegar læknirinn er á ferð upp á landssjóðskostnað. Mjer finnst því fyrri orðin í síðari breyt.till. okkar skýra lögin og þurfa því endilega að komast inn í þau, og vil jeg því sem sagt mælast til; að hæstv. forseti skipti breyt.till. við atkv.gr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg vil aðeins taka það fram, að þó brt. háttv. þm. Barð. sje ef til vill á rökum byggð, þá álít jeg hana ekki þess virði, að tilvinnandi sje að drepa frv. fyrir hana. En jeg álít, að það gjöri hver einasta breyting, sem á því verður gjörð hjeðan af, þó jeg að öðru leyti máske gæti fallizt á breytinguna. Hitt finnst mjer að eins byggt á misskilningi með að vilja ekki lofa þessum 50 aurum um tímann frá náttmálum til miðsmorguns, að halda sjer, þar sem tekið er fram, að læknirinn eigi að vera á ferð. Það eina, sem mjer finnst að hafa getað vakað fyrir till.m., er þegar járnbrautir eru komnar um landið og læknirinn getur farið að »rússa« áfram í svefnvögnum mikið af nóttunni. En jeg býst við, að þessum lögum verði búið að breyta, kannske optar en einu sinni, áður en þau samgöngufæri verða komin á hjer á landi.

Þýðingarlítið álít jeg, að orðið: »yfirleitt« falli burt, þar sem ekki er gjört ráð fyrir, að farið verði fram úr núgildandi taxta.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. (578) við 4. gr. frumv., felld með 7 atkv, gegn 4.
2. Breyt.till. (578) við 5. gr. frumv., fyrri partur felldur með 7 atkv. gegn 3.

Síðari parturinn þar með fallinn.

Frumv. óbreytt samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XXVI. Skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Á 2. fundi Ed., miðvikudaginn 3. júlí, kom frumv. til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. og bæði hin frumv., sem standa á dagskránni í dag, eru komin frá nefnd þeirri, er skipuð var samkv. konungsúrskurði 2. marz 1904 til þess að íhuga og koma fram með till. um kirkjumál landsins og hafa þau verið lögð fyrir alþingi með litlum breytingum.

Frumv. þetta, sem hjer liggur fyrir, gjörir engar verulegar breytingar á gildandi ákvæðum um hjeraðsnefndir, aðrar en þær, að safnaðarfulltrúa skuli

kjósa til 6 ára í staðinn fyrir til 1 árs, og að þeir fái þóknun fyrir að sækja hjeraðsfundi. En á skipun sóknarnefnda og verksviði þeirra gjörir frv. aptur á móti talsverðar breytingar, og finn jeg eigi ástæðu til að telja þær upp hjer, þar sem þær eru taldar upp í athugasemdunum við frumv.

Þetta frumv. er nátengt öðrum frv., er kirkjumálanefndin hefur haft til meðferðar, og býst jeg við, að nefnd verði skipuð til að íhuga þau öll.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að nefnd verði kosin til að íhuga þetta mál. Frumv. þau, sem hjer liggja fyrir í dag, miða öll að því, að koma frjálslegra skipulagi á stjórn safnaðarmála; þau eru þannig nokkuð sjerstaklegs eðlis, svo að mjer finnst ekki beint þörf á að vísa þeim til sömu nefndar og öðrum kirkjumálafrumv., og í þau mætti nægja 3 manna nefnd. En ef ein nefnd er kosin í öll kirkjumálin, veitir ekki af 5 manna nefnd. Skal jeg því fyrst um sinn leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd í þessu máli, að loknum umræðum, en hef ekki á móti 5 manna nefnd, ef rjettara sýnist að vísa kirkjumálunum til einnar nefndar.

Ráðherrann: Það er mikið rjett, að frumv. það, sem hjer liggur fyrir, miðar að því, að koma frjálslegri skipun á sóknar- og hjeraðsnefndir og gefa fleirum kost á, að hafa hönd í bagga með stjórn safnaðarmála yfir höfuð. En hin önnur frumv., sem eru á dagskrá í dag, eru skyldari öðrum frumv., sem fram verða lögð síðar.

Næsta frumv. á dagskránni í dag er um endurbætur á veitingum brauða og miðar að því, að gefa söfnuðunum enn meiri áhrif, en þeir nú hafa, á það, hverjir prestaköllin fái. En það frumv. stendur í nánu sambandi við ýmsar till. í öðru frumv., um launakjör presta, er síðar verður framlagt. Í því frumv. er stungið upp á breytingum frá því, sem nú er, jöfnuði launa í sambandi við aldursviðbætur og verðleikauppbót, sem eiga að gjöra það mögulegt, að gefa söfnuðunum eins frjálsar hendur í valinu, eins og frv. um veiting prestakalla fer fram á, án þess að kirkjustjórninni sje gjört ómögulegt að láta eldri, og góðs maklega presta njóta verðleika sinna á einhvern hátt, hvort sem þeir eru svo heppnir að ná kosningu eða ekki. Jeg get ímyndað mjer, að í ýmsra augum sjeu ákvæði prestalaunalaganna skilyrði fyrir því, að prestkosningalagafrumv. geti fengið framgang. Þannig er og um önnur þessi frumvörp; þau gripa talsvert hvert inn í annað á einhvern hátt, og þess vegna getur það verið varhugavert, að skipta þeim upp milli fleiri nefnda til athugunar.

Það hefði ef til vill mátt sameina sum af frv. kirkjumálanefndarinnar í stærri bálka, svo sem t.d. frv. um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, umsjón og fjárhald kirkna og laun prófasta í einn bálk; frumv. um skipun prestakalla, laun presta og eptirlaun, svo og lán til íbúðarhúsa á prestsetrum í annan lagabálk o. s. frv., en vafasamt er, hvort við það væri nokkuð unnið, og verð jeg yfir höfuð að álíta, að tillögur milliþinganefndarinnar eins og þær liggja fyrir sjeu vel hugsaðar, í góðu samanhengi, svo að hætt sje við, að breyting á einu aðalatriði kunni að hafa áhrif á fleiri.

Jeg álít því lang-heppilegast, að frv. sje öll tekin til athugunar í einni stærri nefnd hjer í deildinni, en ekki sett sjerstök minni nefnd fyrir einstök þeirra.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg hafði hugsað mjer, að 3 manna nefnd væri nægilag eins og háttv. 3. kgk. þm.

(B.M.Ó.) stakk upp á. En bæði ræða hæstv. ráðh. og annað kemur mjer til að stinga upp á 5 manna nefnd, einkum það, að mannfæðin í þessari deild getur hæglega valdið árekstri í ýmsum nefndarstörfum.

Vjer höfum nú þegar sjeð lögð fram af hendi stjórnarinnar 50 frumv., og ef mörg þeirra eru samkynja eðlis, þá finnst mjer eiga vel við, að þeim sje vísað til fárra, en fjölskipaðra nefnda, enda er hjer um stórmikið verkefni að ræða.

Jeg vil þess vegna leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd, og að öllum þeim frumv., er snerta kirkjumál og önnur skyld mál, verði vísað til nefndar þessarar, því að það er sannast að segja, að vjer höfum nóg að gjöra, þótt vjer ekki skiptum málum sama eðlis á margar nefndir.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það er ekki svo að skilja, að jeg hefði nokkuð á móti því að skipa 5 manna nefnd, en jeg var hræddur um, að ef sama nefndin hefði svo mörg mál til meðferðar, þá kynni að verða dráttur á gangi málanna. Jeg tók það fram áður, að jeg gjöri 3 manna nefnd ekki að neinu kappsmáli, og get vel sætt mig við 5 manna nefnd. Get jeg því gjarna tekið aptur tillögu mína um 3 manna nefnd.

Var því næst samþ. með öllum atkv., að 5 manna nefnd skyldi kosin.

Frumv. var vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Eptir samkomulagi milli flokkanna voru þessir þingmenn kosnir í nefndina:

Eiríkur Briem,
Guttormur Vigfússon,
Þórarinn Jónsson,
Sigurður Stefánsson,
Sigurður Jensson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Sigurður Stefánsson skrifari og framsögumaður.

Á 26. fundi Ed., miðvikudaginn 14. ágúst, kom frumv. (A 127) til 2. umr.

Frmsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Eg get fyrir hönd nefndarinnar verið fáorður um mál þetta, því að hún hefur ekki gjört neinar verulegar breytingar á frumv. sjórnarinnar, sem aptur var því nær samhljóða frumv. milliþinganefndarinnar um þetta efni. Jeg get því að mestu látið mjer nægja að vísa í ástæður stjórnarinnar og milliþinganefndarinnar fyrir frumv. Það eru að eins fjórar smábreytingar sem nefndin leggur til að gjörðar sjeu á frumv. Fyrsta breytingin er sú, að aptan við fyrstu málsgrein í 4. gr. frv. sje bætt: »eða fyrri hluta júnímánaðar«. Nefndinni þótti það nokkuð þröngt tímatakmark, að lögskipa, að aðalsafnaðarfund skuli ætíð halda í maí mánuði; hún leit svo á, að í einstöku hjeruðum, og þegar sjerstaklega stæði á, gæti það verið erfiðleikum bundið, að halda safnaðarfundina jafnan í maímánuði, enda sá hún ekkert móti því að rýmkva nokkuð tímatakmarkið; það getur verið, að sumum þyki nefndin hafa farið heldur skammt í því, að lengja tímann; en þó munu tímatakmörk þau, sem nefndin ætlast til að sett sjeu, lang optast verða nægilega rúm, og þó svo kynni einhvern tíma að koma fyrir, að safnaðarfundur yrði af einhverjum sjerstökum ástæðum ekki haldinn á lögskipuðum tíma, þá gjöri jeg ráð fyrir, að hann mundi eigi verða talinn ógildur, ef tilgreindar eru gildar ástæður fyrir drætti hans.

Breytingin á 10. gr. er ekki annað en orðabreyting.

Þá leggur nefndin það til, að 13. gr. frumv. falli í burtu, og er það í samræmi við þá breytingu, sem nefndin ætlast til að verði á launum presta.

4. breyt.till. nefndarinnar er að eins orðabreyting.

Jeg gjöri ráð fyrir, að háttv. deild hafi kynnt sjer breytingar stjórnarinnar frá gildandi lögum. Hún gjörir ráð fyrir, að sóknarnefndarmenn sjeu kosnir til 6 ára í senn, en ekki til eins árs, eins og nú. Sú breyting er sjálfsagt rjettmæt. Það er óheppilegt, að iðulega sje verið að skipta um sóknarnefndarmenn; það er bezt að sömu mennirnir sjeu sem lengst í henni, ef hún á að vera annað en dautt pappírsgagn. Það þarf í þessu sambandi ekki annað en að minna á hreppsnefndirnar; það má nokkuð sjá það, hvernig sveitarstjórn fer fram á því, hve tíð skipti verða á hreppsnefndarmönnunum, og sama á við um sóknarnefndirnar; einkum mun þessa gæta, ef sóknarnefndir fá meira að starfa en nú, og þær verða meira starfandi.

Sömuleiðis er kosningarrjetturinn rýmkaður frá því, sem nú er, og er það í fullu samræmi við þá hreyfingu, sem nú er uppi um almenna rýmkun kosningarrjettar. Þá er og ekkert lágmark sett fyrir tölu fundarmanna til þess að safnaðarfundur sje lögmætur, en aptur á sóknarnefnd að auglýsa tillögur sínar um leið og fundur er boðaður. Með þessu er nokkur trygging fengin fyrir því, að ekki verði neitt verulegt afráðið á safnaðarfundi, sem sóknarmönnum komi mjög á óvart, og eigi geta þeir borið það fram sjer til málsbóta, að þeir hafi setið heima, af því að þeir hafi eigi vitað, hvað gjöra ætti á fundinum. Þegar þannig er um búið, sýnist ákvæði þetta ekki svo varúðarvert, en gæti orðið til þess, að sóknarmenn sæktu betur safnaðarfundi, þegar um þýðingarmikil mál fyrir söfnuðinn er að ræða, en stundum hefur viljað verða; þeir sæju, að þeir gætu ekki tafið fyrir framgangi þeirra með því að sitja heima, og gjöra þannig safnaðarfund ólögmætan.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.
2. gr. — — - — —
3. gr. — — - — —
1. brtill. (127) við 4. gr. samþ. í e. hlj.
4. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.
5. gr. frv. samþ. í e. hlj.
6. gr. — — - — —
7. gr. — — - — —
8. gr. — — - — —
9. gr. — — - — —
2. brtill. (127) við 10. gr. samþ. með 9 atkv.
10. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.
11. gr. frv. samþ. í e. hlj.
12. gr. — — - — —
3. brtill. (127) við 13. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 3.
14. gr. frv. samþ. í e. hlj.
15. gr. — — - — —
16. gr. — — - — —
17. gr. — — - — —
18. gr. — — - — —
4. brtill. (127) við 19. gr. samþ. með 10 atkv.
19. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.
20. gr. frv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi Ed., þriðjudaginn 20. ágúst kom frv. (A255) til 3. umr.

Frv. var umræðulaust samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til forsela Nd.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst, kom frv. (A 317) til 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að frv. sje vísað til nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta, þegar umr. er lokið.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

— — — nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta með 22 shlj. atkv.

Í þessari nefnd áttu sæti:

Lárus H. Bjarnason formaður,
Arni Jónsson,
Magnús Andrjesson,
Þórh. Bjarnarson, skrifari og frsm.
Jón Jónsson,
Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. september, kom frumv. (A 317, 477) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Kirkjumálanefndin hefur haft allt of stuttan tíma til að athuga og ræða þessi mikilvægu mál, og þó hefur hún varið til þess öllum stundum, sem hún hefur haft aflögum frá deildarfundum, og öðrum skyldustörfum, og hún hefur unnið með það markmið fyrir augum, að góð niðurstaða og árangur mætti nást í þessum málum, er hafa fengið svo mikinn og rækilegan undirbúning, nú á þessu þingi.

Þau af kirkjumálunum, sem til umr. koma í dag, þurfa ekki mikilla upplýsinga. Hin háttv. deild sjer, að nefndarálitin eru stutt, eðlilega vegna þess, hve rækilega málin hafa verið rædd og upplýst, bæði af milliþinganefndinni, biskupi, stjórnarráði og Ed.

Nefndin hefur í áliti sínu gjört stuttlega grein fyrir, hvernig hún lítur á þetta frumv., er hjer liggur fyrir, og þarf jeg þar litlu við að bæta. Hún lítur svo á, að nýjungar frumv. sjeu heldur til bóta, og stefni í áttina að því, sem á að vera aðalmarkmiðið, að auka sjálfstæði safnaðanna. Svo er t. d. um það nýmæli 2. greinar, að sóknarnefndin kjósi sjer oddvita úr sínum hóp í stað þess að presturinn var áður sjálfkjörinn oddviti nefndarinnar. Sömuleiðis er í 3. gr. rýmkað um það ákvæði, hvenær safnaðarfundur sje lögmætur, og þurfa nú ekki jafnmargir að mæta til þess sem áður.

Þá er það nýmæli 5. greinar, að gjaldhæð ræður ekki lengur atkvæðisrjetti á safnaðarfundum nje kosningarrjetti og kjörgengi til sóknarnefndar; heldur er það talið nægilegt, að vera fullveðja og hafa óflekkað mannorð; að eins um kjörgengi er þess krafizt, að hlutaðeigandi eigi með sig sjálfur. Sama er að segja um nýmæli 6. gr., er telja má til tryggingar á skipun nefndarinnar, að kosningin skuli gilda um 6 ár, þannig, að tvær deildir nefndarmanna fari frá 3. hvert ár á víxl. Með þeim hætti kemur meiri festa á skipun nefndarinnar. Enn er það nýmæli í 14. gr., að safnaðarfulltrúarnir skuli fá lítilfjörlega dagpeninga, og sýnist það ekki of mikil þóknun, þó þeir fái fyrir hesti.

Ýmislegt fleira mætti nefna, en jeg vil ekki tefja með því tíma hinnar háttv. deildar.

Niðurstaða nefndarinnar varð í stuttu máli sú, að leggja það til, að þetta frumv. verði samþykkt óbreytt, að því einu undanteknu, að taka upp aptur greinina um innheimtu sóknartekna, er efri deild felldi burt sakir þeirrar

stefnu, er hún tók í prestlaunamálinu. Hún vjek þar frá stjórnarfrumvarpinu. En nú mun kirkjumálanefndin hjer í deild nálgast aptur uppástungur stjórnarinnar í því frumvarpi, og áleit því samræmilegra, að taka þessa grein upp aptur.

Hjer er um samfellt kerfi að ræða í þessari kirkjumálalöggjöf, og menn verða að gæta þess við atkvæðagreiðsluna, að ekkert af þessum málum reki sig á annað, svo að samræmið truflist. Þingdeildin verður þar að treysta nefndinni til þess, að sjá fyrir því. Þetta mál fer eigi út úr deildinni áður en prestlaunamálið hefur verið til 2. umræðu, og áhættulaust er að samþykkja það í þeirri mynd, sem nefndin hefur skapað því nú.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 22 atkv.
2. — — — — 21 —
3. — — — — 21 —
4. — — — — 21 —
5. — — — — 21 —
6. — — — — 22 —
7. — — — — 22 —
8. — — — — 22 —
9. — — — — 22 —
10. — — — — 22 —
11. — — — — 22 —
12. — — — — 22 —

Viðaukatill. nefndarinnar við 13. gr. samþ. með 17 atkv. gegn 1.

13. gr. frv. samþ. með 21 atkv.
14. — — — — 21 —
15. — — — — 21 —
16. — — — — 21 —
17. — — — — 22 —
18. — — — — 22 —
19. — — — — 22 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 22 atkv.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. septbr., kom frumv. (A. 515, 524, 545, 556) til 3. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Á þingskj. 556 eru breyt.till. frá nefndinni; 1. og 2. eru til skýringar til þess, að menn geti betur áttað sig á lögunum.

3. breyt.till. er viðauki þess efnis, að sóknarnefnd haldi gjörðabók og sjóðbók, og vonar nefndin, að háttv. deild samþykki þær breyt.till., og telji þær frumv. til bóta.

Um breyt.till. háttv. þm. V.-Ísf. (J. Ól.) á þingskj. 524 ljet nefndin allt laust og bundið; taldi saklaust, þó að hún kæmist inn.

Ef til vill mun háttv. flutningsm. færa sjálfur ástæður fyrir henni.

Jóhannes Ólafsson: Breyt.till. á þingskj. 524 fer fram á, að aðal-safnaðarfund megi halda í septembermán. Svo stendur á henni, að í mínu hjeraði eru menn hingað og þangað á vorin, og því opt erfitt, að koma á fundi, en í september eru menn heima og geta sótt fundinn.

Annars er tillagan svo meinlaus, að jeg tel það víst, að hún nái fram að ganga.

Eggert Pálsson (2. þm. Rang.): Jeg á breyt.till. á þgskj. 545, sem háttv. framsm. minntist ekki á, og verð jeg að telja það sem ástæðu fyrir þögn hans, að nefndin hafi fallizt á hana. Breyt.till. er að vísu í 3 liðum, en er í rauninni ein, því efnið er sama undir öllum liðunum. Það, sem fyrir mjer vakti með þessari breytingartill., var, að koma samræmi á milli þessa frumv. og barnafræðslufrumv., sem fyrir þinginu liggur. Samkvæmt barnafræðslufrumvarpinu er umsjónin með menntun unglinga lögð í hendur allt annarar nefndar en sóknarnefndar. Það kæmi undarlega fyrir, að á sama

þingi væru búnar til 2 nefndir, til að sjá um öldungis hið sama, nefnilega uppfræðslu unglinga almennt. Afskipti prestanna verða samkvæmt harnafræðslufrumv. lítil sem engin af fræðslu barna og unglinga almennt, og þá virðist ekki sem sóknarnefndir ættu fremur að sjá um það. En kristindómsfræðsluna eiga þeir að sjálfsögðu að sjá um eptir sem áður og í þeim sökum er æskilegt og eðlilegt, að sóknarnefndirnar styðji þá.

Jeg þarf ekki að fara út í hvern lið breytingartillögunnar um sig, því að þeir eru allir sama eðlis, nefnilega að sóknarnefndir annist að eins kristindómsfræðslu ungmennanna ásamt prestunum, svo sem sjálfsagt er.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Nefndin hafði ekki athugað breyt.till. háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) og jeg ekki heldur fyr en nú; þær fara fram á, að setja »kristindómsfræðslu« fyrir uppfræðingu almennt, eins og í frumv. er, og stefna í alveg rjetta átt, að binda afskipti sóknarnefnda og hjeraðsnefnda við kristindómsfræðslu eina saman, en ekki uppfræðingu barna almennt.

Jeg tel mjer óhætt fyrir hönd nefndarinnar, að þakka háttv. 1. þm. Rangv. fyrir þessa lagfæring á frumv. Það er að minnsta kosti skýrara, eins og hann vill orða það, og mæli jeg með, að brt. verði samþykktar.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (524) við 4. gr. samþ. með 18 atkv.

1. breyt.till. (556) við 4. gr. samþ. með 17 atkv.

2. breyt.till. (556) við 6. gr. samþ. með 17 atkv.

1. breyt.till. (545) við 7. gr. samþ. með 15 atkv.

3. brtill. (556) við 14. gr. samþ. með 17. atkv.

2. brtill. (545) við 18. gr. samþ. án atkv.gr.

3. brtill. (545) við 19. gr. samþykkt án atkv.

Frumv. samþ. með 20 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. september, kom frumv. (A 569, 616) til einnar umræðu.

Frumv. var umræðulaust samþykkt með 11 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXVII. Veiting prestakalla.

Á 2. fundi Ed., miðvikudaginn 3. júlí, kom frumv. til laga um veiting prestakalla til 1. umr.

Björn M. Ólsen, (3. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til þeirrar nefndar, sem kosin var í næsta máli á undan (skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda).

ATKV.GR.:

Samþ. með 11. atkv. að vísa málinu til 2. umr., og í einu hlj. að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem kosin var í næsta mál á undan.

Á 27. fundi Ed., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. (A. 127) til 2. umr.

Framsögumaður (Sig. St.): Jeg get

verið fáorður um frumv. þetta, sem nefndin hefur fallizt á að ráða háttv. deild til að samþykkja. Nefndin hefur kynnt sjer frumv. milliþinganefndarinnar, og frumv. stjórnarinnar, og komizt að raun um, að stjórnin hefur að mestu leyti aðhyllzt tillögur milliþinganefndarinnar; að eins vill stjórnin auka dálítið afskipti biskups af veitingu brauða fram yfir það, sem milliþinganefndin lagði til, og hefur nefndin hjer í deild ekkert á móti því.

Eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumv., er hjer að ræða um fjórar aðalbreytingar á gildandi lögum um veitingar prestakalla, og eru þær þessar:

1. Að söfnuðirnir skuli jafnan velja um alla þá umsækendur, er fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir prestsembætti í þjóðkirkjunni. Eins og kunnugt er, mega söfnuðirnir nú að eins velja um 3, ef fleiri sækja en 3 um prestakall, og 2, ef 3 sækja, og það er veitingarvaldið, sem því ræður, um hverja er að velja af umsækendum. Vjer vitum, að í framkvæmdinni hefur þetta ákvæði ekki reynzt vel, og það opt valdið töluverðri óánægju, að söfnuðirnar hafa ekki fengið að velja um alla umsækendur, þeim stundum fundizt, að þeir væru teknir frá, er þeir mundu helzt hafa kosið. Jeg skal ekkert um það segja, á hverjum rökum þessi óánægja er byggð, en þegar allt kemur til alls, mun þó rjettast að lofa söfnuðum að velja um alla umsækendur.

2. Að ekki er sett neitt lágmark um tölu fundarmanna, nema óviðráðanleg atvik hamli ferðum manna, þannig, að kosning er gild að jafnaði, þótt eigi mæti á kjörfundi helmingur atkvæðisbærra sóknarmanna. Við þetta sýnist ekkert sjerlegt að athuga.

3. Að kosningarrjettur er eigi bundinn því skilyrði, að sóknarmaður gjaldi til prests og kirkju. Hjer kemur sama stefnan fram, sem farið er að brydda á, viðvíkjandi öðrum kosningum, stefna sem líklegt er að muni brátt ryðja sjer til rúms.

Loks er 4. og stórvægilegasta breytingin sú, að kosningin sje leynileg, og fari fram á líkan hátt sem kosningar til alþingis. Með þessari breytingu mælir hið sama og með leynilegum alþingiskosningum og bæjarstjórnarkosningum, og mælir hið sama með henni hjer eins og þar.

Í stuttu máli get jeg sagt, að nefndin telur allar breytingar vera til bóta.

ATKV.GR.:

	1. gr. frv.	samþ.	með	9	shlj.	atkv.
2.	-	—	—	9	—	—
3.	-	—	—	9	—	—
4.	-	—	—	9	—	—
5.	-	—	—	9	—	—
6.	-	—	—	9	—	—
7.	-	—	—	9	—	—
8.	-	—	—	9	—	—
9.	-	—	—	9	—	—
10.	-	—	—	9	—	—
11.	-	—	—	9	—	—
12.	-	—	—	9	—	—
13.	-	—	—	9	—	—
14.	-	—	—	9	—	—
15.	-	—	—	9	—	—
16.	-	—	—	9	—	—
17.	-	—	—	9	—	—
18.	-	—	—	9	—	—
19.	-	—	—	9	—	—
20.	-	—	—	9	—	—
21.	-	—	—	9	—	—
22.	-	—	—	9	—	—

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi Ed., þriðjudaginn 20. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Frv. var umræðulanst samþ. með 10 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta Nd.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst kom frumv. (A. 318) til 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer, að stinga upp á, að frumv. sje vísað til nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta, þegar umr. er lokið,

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 23 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta með 22 samhljóða atkv.

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. septbr., kom frumv. (A. 318, 495) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Rorgf.): Þetta frumv., sem nú er lagt fyrir háttv. deild, er komið breytingalitið frá milliþinganefndinni, og leggur þingnefndin hjer til, að það verði samþ. óbreytt.

Fyrir nærri 25 árum fór þingið fram á þetta sama, að söfnuðirnir mættu velja um alla umsækendur. en þá var því hafnað. Nú dregst það ekki lengur, að þetta verði að lögum. 1886 kom stjórnin með miðlunarfrumv. um hluttöku safnaða í prestskosningu, en þingið gjörði sig ekki ánægt með það, og 1893 og 1895 samþ. þingið frumv. um að veita söfnuðunum rjett til að kjósa um alla umsækendur, en herti jafnframt á þannig, að $^2/_3$ atkv. þyrfti til þess, að kosningin væri lögmæt. Frv. var í bæði skiptin synjað staðfestingar. Nú er svo komið, að frumv. um þetta er enn á ný lagt fyrir þingið, en nú er slakað til á atkvæðalágmarkinu.

Auðvitað verða kringumstæðurnar mjög ólíkar nú með hinum væntanlegu nýju prestslaunalögum. Áður var um miklar tekjur að ræða og miklar eignir í sumum prestaköllum, svo að kirkjustjórnin þurfti að hafa hönd í bagga með veitingunni; nú er jafnað yfir það allt saman, og verðleikarnir koma af sjálfu sjer með aldrinum, og kirkjustjórnin þarf eigi að bera þá fyrir brjósti í brauðaveitingum.

En eptir sem áður stendur það óhaggað, að kirkjustjórnarvaldið eitt getur leyst frá embættinu, þó að söfnuðirnir veiti það. Sú ósamkvæmni stendur enn um sinn.

Ein grein þessara laga, hin 18., varð að sjerstöku umræðuefni í nefndinni; þar segir fyrir, hvernig farið skuli að, er ekki er nema einn umsækjandi, og söfnuðurinn er spurður, hvort honum skuli veitt, eða þjónusta sje fengin til bráðabirgða. Nokkru er það fyllra en samskonar ákvæði í lögunum um hluttöku safnaða í veitingu brauða, og í þá átt, að óumflýjanlegt skilyrði fyrir veiting verði að vera kosning hlutaðeigandi safnaðar. Til tals kom að gjöra þetta enn þá skýrara, en það var einróma skoðun vor nefndarmanna, að það gæti aldrei komið til mála, að kirkjustjórnin veitti embættið undir slíkum kringumstæðum, er söfnuðurinn vildi ekki umsækjandann, svo nefndin sá ekki ástæðu til að breyta orðalaginu frá því, sem það er í frumv. Nefndin treystir því, að málið fái óhikað samþykki deildarinnar.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. sþ. í e. hlj.
2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
3. gr. — — - — —
4. gr. — — - — —
5. gr. — — - — —

6. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
7. gr. — — - — —
8. gr. — — - — —
9. gr. — — - — —
10. gr. — — - — —
11. gr. — — - — —
12. gr. — — - — —
13. gr. — — - — —
14. gr. — — - — —
15. gr. — — - — —
16. gr. — — - — —
17. gr. — — - — —
18. gr. — — - — —
19. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
20. gr. — — - — —
21. gr. — — - — —
22. gr. — — - — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. septbr., kom frumv. (A. 318) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 16 atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXVIII. Umsjón og fjárhald kirkna.

Á 2. fundi Ed., miðvikudaginn 3. júlí, kom frumv. til laga um umsjón og fjárhald kirkna til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer, að stinga upp á, að þessu frumv. verði einnig vísað til sömu nefndar (kirkjumálanefndarinnar).

ATKV.GR.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Vísað til sömu nefndar (kirkjumálanefndarinnar) með öllum atkv.

Á 27. fundi Ed., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. (A. 127) til 2. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það er líkt um þetta frumv. að segja og flest hin kirkjumálafrumv., að nefndin hefur ekki gjört neina verulega breytingu við það.

Nefndin er samdóma milliþinganefndinni og stjórninni um það, að æskilegt sje, að kirkjurnar komist sem allra fyrst í hendur safnaðanna; sömuleiðis um það, að ekki þurfi nema einfaldan meiri hluta atkv. á safnaðarfundi til þess að söfnuður taki við umsjón og fjárhaldi kirkju. Það hefur viljað reynast erfitt, að ná $^2/_3$ atkv.-bærra sóknarmanna á safnaðarfund, eins og hingað til hefur þurft til þess, að lögfullt samþykki fáist fyrir því, að söfnuður vilji taka að sjer kirkju sína. En nefndinni þótti vanta inn í frumv. ákvæði um það, hvernig að skyldi fara, þegar árstekjur kirkju hrökkva eigi fyrir ársútgjöldunum. Hún vill ráða bætur á þessu, með því að heimila sóknarnefnd, að jafna niður aukagjaldi til kirkjunnar á alla sóknarmenn, sem gjaldskyldir eru til kirkju, og leggur hún það til, að helmingur gjaldsins greiðist eptir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern tilskilinn mann. Það má vera, að aðrir vilji haga niðurjöfnun þessari öðru vísi, nefndin tók nú þennan veginn.

Einnig telur nefndin rjett, að sóknarnefndum sje veitt heimild til að jafna niður peningagjaldi í stað skyldu-

vinnu við kirkjubygging. Það vill opt reynast erfitt að fá menn til að koma á tilteknum tíma til vinnu þessarar, sumir koma og aðrir sitja heima, og verður vinnan bæði ódrýgri og seinlegri við það. Jeg vona því, að þetta ákvæði nefndarinnar verði að teljast til bóta.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Jeg hef fyrir hönd stjórnarinnar ekkert að athuga við breytingu nefndarinnar á frumv. stjórnarinnar, og álít, að hin nýja grein, sem nefndin vill að bætt sje í frumv., sje fremur til bóta. Það hafa ekki svo sjaldan komið fyrirspurnir til stjórnarinnar um það, hvort heimild sje fyrir því, að jafna niður á söfnuði gjöldum þeim, sem hjer ræðir um. Þetta sýnir það, að eigi muni ósjaldan þörf á niðurjöfnuninni, og er þá gott að lög sjeu til um hana.

Auðvitað má þrátta um það, hvort aðferð sú, sem nefndin stingur upp á, sje hin rjetta. Jeg get ætlað, að sumir muni álíta, að niðurjöfnun þessi ætti að koma jafnt niður á alla, sem hún nær til; en nefndin hefur nú kosið að fara nokkuð annan veg, og sje jeg ekki ástæðu til að hafa á móti tillögu hennar.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. — — — - — —
3. — — — - — —
4. — — — - — —

1. Breyt.till. (127), ný 5. gr., sþ. í e. hlj.

5. gr. frumv., sem verður 6. gr.; sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi Ed., þriðjudaginn 20. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A 319) til 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson(þm. V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að frv. sje vísað til nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta, þegar umr. er lokið.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 21 atkv. shlj.

Frumv. vísað til nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta með 21 atkv. shlj.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. septbr., kom frumv. (A 319) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Aðalatriði þessa máls er það, að fjárhald kirknanna komist sem fyrst í hendur safnaðanna. Um það er fyllsta samhljóðan.

Margir hefðu viljað fylgja milliþinganefndinni í því, að gjöra það söfnuðunum að skyldu við næstu prestaskipti, að taka allar ljenskirkjur í umsjón sína,en hjer varð þó niðurstaðan sem annarsstaðar, að fara ekki lengra í þetta skiptið, en að greiða fyrir því, og halda kirkjunum sem bezt að söfnuðunum.

Í Ed. hefur góður viðauki komið við frumv., þar sem sóknarnefndum er gefin lagaheimild til þess að leggja á aukagjald til kirkjunnar, þar sem lögboðin gjöld hrökkva eigi fyrir því, að halda henni sæmilegri.

Eptir að ljensfyrirkomulagið gamla er horfið — það kollvarpast nú gjörsamlega — og búið er að taka af prestunum kirkjusjóðina, þá fer alveg að sjálfsögðu umsjón og fjárhald kirknanna

til safnaðanna. Meiningarlaust að setja fjárhald ljenskirkju upp á prest með hinu nýja fyrirkomulagi.

Þetta er og í rjettu horfi. Merkur þáttur í sjálfstjórn safnaðanna, að hafa öll yfirráð yfir guðsþjónustuhúsunum.

Br.till. hafa engar komið fram við þetta frv., eins og það kom frá háttv. Ed., og ræður nefndin hinni háttv. deild til að samþ. það óbreytt. Einn háttv. nefndarmaður hefur skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, en háttv. formaður nefndarinnar upplýsir um það í þessu augnabliki að sá fyrirvari sje tekinn aptur.

ATKV.GR.

1. gr. sþ. með 19 atkv.
2. — — — 20 —
3. — — — 20 —
4. — — — 20 —
5. — — — 20 —
6. — — — 20 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. septbr., kom frumv. (A 319, 480) til 3. umr.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það er að vísu 3. og síðasta umr. um þetta mál, og þar sem engar breyt.till. hafa komið fram við það, þá virðist ekki ástæða til annars, en það verði samþ. og þá er það orðið að lögum. Það má nú vera, að það sje nokkuð seint sagt, en jeg verð þó að taka fram, að í frumv. þessu er eitt ákvæði, sem jeg hef aldrei fellt mig við. Í 3. gr. þess stendur:

»Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eptirleiðis«.

Þessum orðum hefði jeg gjarnan viljað fá breytt, en því miður hef jeg ekki fengið því framgengt, hvorki í milliþinganefndinni nje nú, enda hefur nefndin haft ærið að vinna, og hefur hún látið það sitja fyrir,. að frumv. gengju fram. Þetta ákvæði, sem mjer þykir óheppilegt, er komið inn í lögin um umsjón og fjárhald kirkna frá 12. maí 1882. En þá stóð allt öðruvísi á; þá höfðu prestarnir undir höndum sjóði kirknanna, og fengu allan arð af þeim, svo þá var ekki nema eðlilegt, að þeir svöruðu kirkjunum í góðu standi, og jafnvel álagi ef þörf gjörðist. En þetta breyttist alveg með lögunum, um innheimtu og meðferð á kirknafje, frá 22. maí 1890. Þá urðu prestar að láta af hendi sjóði kirknanna, og mega ekki hafa nema allt að 100 kr. af kirknafje undir sinni hendi; þess vegna væri eðlilegt, að þessu ákvæði í 3. gr. væri einnig breytt, því þegar hinn almenni kirkjusjóður myndaðist, þá hefur þar með fengizt sú stofnun, sem getur veitt og hefur veitt lán til kirkjubygginga. Þegar svona er komið, þá geta þessi ákvæði komið mjög hart niður, t. d. á þeim presti, sem hefur byggt upp kirkju og lánað henni af sínu fje, og á hjá henni mörg hundruð krónur; þá er það hart, segi jeg, ef hann á einnig að greiða álag á kirkjuna.

Um þetta efni hefur einn merkur prestur skrifað ítarlega í blaði einu í vetur, og hjer liggur einnig fyrir umsögn frá öðrum merkum klerki, prófastinum í Barðastrandarprófastsdæmi, að nauðsynlegt sje, að þessu ákvæði verði breytt. Jeg hygg, að það sje skoðun þingnefndarinnar, að þetta sje ekki sanngjarnt ákvæði, og það hefði þess vegna verið þýðingarmikið að fá

því breytt. Enda er engin ástæða til, að ætla prestunum að greiða álagið, fyrst þeir ekki hafa fje kirknanna lengur undir höndum. Því það mun ekki vera sem sanngjarnast, að þeir greiði það úr sínum vasa.

Jeg ætla að vona, að það komi aldrei fyrir, og að engin hætta geti stafað af þessu ákvæði fyrir presta, sem kirkju hafa í umsjón. Það er auðvitað æskilegt, að söfnuðirnir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna, eins og milliþinganefndin lagði til. En þótt jeg hreyfi þessu, þá álít jeg málið verði nú samt að komast sem greiðast í gegnum deildina, og þau ákvæði, sem háttv. Ed. setti inn í frv., eru til bóta.

Það er því ekki til að draga úr framgangi málsins, að jeg stóð upp, heldur til þess að benda á þetta atriði og láta uppi skoðun mína á því.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. N.-Þing. segir að vísu satt, að ákvæði það, sem hjer um ræðir, getur komið nokkuð hart niður á prestum, en sú er bót í máli, og hún ekki lítil, að þeir prestar, sem verða fyrir því, vissu, þegar þeir tóku við embættinu, að hverju þeir gengu. En þó að þessu væri nú kippt í lag, þá yrði það í engu til bóta fyrir þá presta, sem þegar eru í embætti, því að lög hafa ekki krapt til þess, að verka aptur fyrir sig. Komi þetta illa niður á einstöku prestum, þá verður það þó bærilegra hjer eptir, er kjör prestanna eru bætt. Enda líklegt, að þingið mundi hlaupa undir bagga með góðs maklegum presti, yrði hann óvanalega hart úti.

Jeg vona, að menn láti sjer lynda frumv., eins og það liggur fyrir. Það er ekki hægt að gjöra breytingar á því, nema það verði tekið út af dagskrá, og gæti þá farið svo, að það dagaði uppi. En það álít jeg illa farið, því nýmælin í frumv. eru góð.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Mjer þykir vænt um yfirlýsingu háttv. þm. Snæf. um, að hann ætlast til, að þingið bæti mönnum þennan halla í einstöku tilfellum, þar sem hann kemur hart niður. Annars hefði jeg þá skoðun, að ef þessu væri breytt, mundi það líka ná til þeirra presta, sem þegar eru komnir í embætti.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 21 atkv. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XXIX. Skipun prestakalla.

Á 3. fundi Ed., fimmtudaginn 4. júlí, kom frv. til laga um skipun prestakalla til 1. umr.

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umræðu í einu hljóði, og því næst með 10 atkvæðum vísað til nefndar þeirrar, er kosin hafði verið til þess, að íhuga frumv. til laga um skipun sóknar- og hjeraðsnefnda.

Á 25. fundi Ed., þriðjudaginn 13. ágúst, kom frumv. (A. 127) til 2. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Eins og nefndarálitið ber með sjer, þá sá nefndin eigi ástæðu til þess, að gjöra neina breyt.-till. við þetta frumv., og get jeg því fyrir nefndarinnar hönd látið nægja, að vísa til athugasemda milliþinga-

nefndarinnar og stjórnarinnar við frv. Frumv. er lítið breytt frá því, sem það kom frá milliþinganefndinni, og nefndin sá ekki ástæðu til þess, að gjöra aðrar breytingar en þær, sem gjörðar eru samkvæmt erindi frá prófastinum í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Í frumv. er ákveðið, að Glæsibæjarsókn skuli fylgja Möðruvallaklaustri, og af því það verður þá erfitt, er því brauði ætluð erfiðleika-uppbót. En í nefndu brjefi er þess getið, að í ráði sje, að leggja niður Glæsibæjar- og Lögmannshlíðarkirkjur, og reisa eina kirkju í stað þeirra, og sameina sóknirnar í eina, er svo yrði útsókn frá Akureyri. Nefndin fjellst á þessa breytingu og hefur því gjört breyt.till. því samkvæmar við XVIII, tölul. 99 og 101 í 1. gr. frumv. Þó er búizt við því, að yztu bæirnir í Glæsibæjarsókn sameinist Möðruvallaklaustri.

Hitt er annað mál, að hjer kann sumum að virðast of langt farið, en sumum of skammt af hendi milliþinganefndarinnar. En sameiningarnar eru gjörðar til þess, að fá sem mest laun handa prestunum, og þurfa sem minnst að ásælast landssjóðinn.

Jeg fyrir mitt leyti er víðast hvar samþykkur frumv., en mig grunar þó, að sumstaðar muni samsteypurnar þykja nokkuð djarfar, en á öðrum stöðum of skammt farið. Um það má auðvitað lengi deila. En nefndin sá enga ástæðu til þess, að breyta fleiru, og sje jeg því eigi þörf á því, að fjölyrða frekar um frumvarpið að sinni.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg mun hafa getið þess í gær við umr. í öðru máli, að rjettara mundi fyrir deildina, að athuga ýmislegt í þessu frumv., áður en það fer úr deildinni. Við samanburð á nokkrum prófastsdæmum, kom mjer til hugar, að sumstaðar mundi nokkuð skammt farið í samsteypunni, en annarsstaðar heldur freklega í lagt.

Jeg ætla þá að byrja á Norður-Múlaprófastsdæmi. Jeg tek það dæmi af því, að þar er jeg talsvert kunnugur, þar sem jeg er fæddur og uppalinn. Mun jeg bera þar saman við 2 eða 3 prófastsdæmi, sem jeg er einnig nokkuð kunnugur í. Í 1. gr. frv. I, 4. tölulið, er ákveðið, að Hjaltastaðar- og Eiðasóknir skuli sameinast Kirkjubæ í Hróarstúngu. En ýmsum mun kunnugt, að Hjaltastaðar- og Eiðaþinghár eru einhver mesta snjókista þessa lands, og illar yfirferðar bæði á vetrum og sumrum. Þar var faðir minn prestur í 19 ár, og man jeg það, að hann varð opt á vetrum að fara fótgangandi utan frá Hjaltastað fram að Eiðum, með því að hesti varð eigi við komið, og stundum varð hann, þegar ófærðin var sem mest, að fá fylgdarmann til að ganga á undan og fara í för hans. Held jeg þó ekki, að hann hafi verið öðrum mönnum ófriskari á þeim dögum. Í þessu nýja samsteypubrauði verður líka við tvö stór vatnsföll að eiga, þar sem eru Jökulsá og Lagarfljót. Jeg tek því undir með biskupi, í álitsskjali hans, og tel þessa sameining eigi ókleifa, en örðuga og varasama. Ef jeg nú ber þetta saman við önnur prófastsdæmi, þá tek jeg næst Skagafjarðarprófastsdæmi XVII og þá töluliðina 88 og 89. Það er Reynistaðarklaustur, sem á að verða Reynistaðar-, Sauðárkróks- og Rípursóknir. Jeg skal þá fyrst geta þess, að Rípursókn er hjer sett alveg á rangan stað. Hún á að rjettu lagi að sameinast brauði austan Hjeraðsvatna, t. d. Viðvíkurprestakalli, því að svo er ástatt, að á vesturarmi Hjeraðsvatna er engin brú, heldur að eins svifferja, sem ómögulegt er að nota opt bæði haust

og vor, vegna krapa eða jakaburðar. En á austurarmi vatnanna er brú, sem nota má allan ársins hring. Ef Ríp-ursókn er tekin frá, þá verða að eins eptir Sauðárkróks- og Reynistaðarsóknir. Er það þá mjög ljett brauð, og yfirleitt mjög hægt yfirferðar. Næsta prestakall er Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir. Hygg jeg mig þar kunnugan, þar sem jeg hef lengi verið þar í sveitinni. Frá Víðimýri, sem er nærri á sóknarenda að sunnanverðu, og til Glaumbæjar því nær á norðurenda hinnar sóknarinnar, er að eins klukkutíma reið, og er brauðið nokkuð jafnt á alla vegu. Hygg jeg það eins forsvaranlegt og forsvaranlegra, þótt steypt væri saman Reynistaðar- og Glaumbæjarprestakalli, eins og sameining þá í Norður-Múlaprófastsdæmi, sem jeg áðan nefndi.

Jeg get ennfremur nefnt XVI, tölul. 83 og 84. Það er þá fyrst Þingeyraklaustur: Þingeyra- Undirfells og Blöndu óssóknir, sem allir vita víst að eru all-sljettar og greiðfærar yfirferðar. Næsta brauð er Auðkúlu- og Svínavatnssóknir. Borið saman við tölul. 4 í Norður-Múlaprófastsdæmi, þá held jeg það ekkert ósanngjarnt að sameina þessi tvö brauð, ef presturinn t. d. sæti á Stóru-Giljá eða einhverjum öðrum hentugum stað. Þó jeg taki sjerstaklega þessi 4 dæmi, þá er það að eins af því, að jeg er þar nokkuð kunnugur. En annars skal jeg í þessu sambandi leyfa mjer að skírskota til háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.), sem er mjög vel kunnugur á þessum stöðum.

Jeg held ekki, að það væri neinum óyfirstíganlegum örðugleikum bundið, þó einn prestur þjónaði báðum þessum brauðum, enda mundi þá þeim presti vera vel borgið í launalegu tilliti, en þó verða þarna afgangur til að bæta upp með önnur erfiðari brauð.

Enn get jeg nefnt einn samanburð, en þar verð jeg að játa, að jeg er veilari á svellinu, því að jeg er þar ekki nógu vel kunnugur. Það er undir VIII, tölul. 43 og 45, Saurbær á Hvalfjarðarströnd og Garðar á Akranesi. Það mundi nú að vísu mörgum þykja stórt í ráðizt, að sameina þessi 2 brauð, sem eru svo mikil á lengdina, meðfram Hvalfirði. En þá er hins að gæta, að presturinn þarf ekki endilega að sitja á sóknarenda úti á Akranesi, heldur gæti hann t. d. setið lítið eitt fyrir utan Saurbæ. Svo er það eitt, sem jeg veit ekki hvort nefndinni hefur hugkvæmzt, að talsímarnir gjöra töluverðar breytingar á erfiðleikum sumra brauða. Þar sem þræðir verða lagðir til kauptúna, þá verður minni nauðsyn, að prestarnir sitji í þeim. Það var einmitt með tilliti til talsímanna, sem jeg stakk áðan upp á sameiningu Reynistaðar- og Glaumbæjar-prestakalla, því að jeg býst við, að símaspotti verði síðarmeir lagður frá Sauðárkrók fram Skagafjörðinn, og verður þá miklum mun ljettara í mörgum tilfellum, að gjöra presti aðvart, þegar t. d. um extra-verk er að ræða. Einnig er það kostur við sýslur þessar, að þær eru bæði snjóljettar og hestauðugar, og er það munur, hvort aldrei þarf af hestbaki, eða menn þurfa, ef jeg má svo að orði komast, að kljúfa skafla til mittis. Það voru að eins þessar athugasemdir til nefndarinnar, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra, ef hún kynni að vilja taka þær að einhverju leyti til greina.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) sagði, að það varð einmitt töluvert umtal í milliþinganefndinni um prestaköllin í Norður-Múla-pró-

fastsdæmi. En niðurstaðan varð sú, að nefndin áleit þetta fyrirkomulag kleift. En það er viðurkennt, að þau eru miklum mun erfiðari, en prestaköll þau í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, sem háttv. þm. nefndi. Enda er tveimur prestaköllum í Norður-Múla-prófastsdæmi ætluð erfiðleikauppbót. Viðvíkjandi Skagafirðinum skal jeg geta þess, að Hegranesið er svo örstutt frá Sauðárkrók, að eins fáeinar bæjarleiðir. Að vísu er engin brú á Vesturvötnunum, en þar er aptur á móti ágæt svifferja. Og þó brú sje yfir Eystri-vötnin, þá er þó engin brú yfir Trumku, sem orðið getur farartálmi. Svo er líka töluvert lengra austur yfir, því þótt komið sje yfir vötnin, þá er talsvert langt upp að Viðvík. Jeg álít því, að Rípursókn sje rjett sett undir Reynistaðarprestakall, en hitt má að vísu og gjöra, að leggja hana til Viðvíkur.

Viðvíkjandi Glaumbæjar- og Reynistaðar-prestakallasameiningu, þá er það satt að segja, að nefndinni óx í augum, að geta ekki sameinað þau. Að vísu hefði það mátt með aðra Glaumbæjarsóknina, en þá sá hún sjer enga leið með hina, þannig, að fækkun yrði á prestum, og þá enginn hagur að því. Það getur líka verið, að það hafi haft nokkuð að segja, hve sterk mótmæli komu úr Skagafirði gegn brauðasameiningu. Voru menn hvergi eins alvarlega og undantekningarlaust á móti sameiningunni. Sá nefndin eigi, að þar yrði fleira sameinað, þannig, að prestaköllum fækkaði.

Viðvíkjandi Húnavatnssýslu, þá getur verið, að yfirferðin sje eigi svo mjög mikil, þó Ásar, Þing, Svínadalur og Vatnsdalur heyrði undir einn prest, að það verði erfiðara en öll önnur prestaköll. En þess þarf líka að gæta, hve kirkjurnar eru margar. Þar eru 5 sóknir og flestar fjölmennar.

Í sambandi við sameiningu þá í Borgarfjarðarsýslu, sem háttv. þm. nefndi, skal jeg geta þess, að jeg álít hana mjög miklum erfiðleikum bundna, þar sem fjölmennið er svo mikið á Skaganum, svo að ef presturinn sæti í sveit, mundi hann þurfa mjög tíðar ferðir ofan á Skagann. En vegalengdin inn í Hvalfjarðarbotn afarmikil. Þar eru að vísu fáir bæir. En ómögulegt er hjá því að komast, að brauðin verði mismunandi. T. d. óx okkur í augum, hve Auðkúluprestakall var ljett, en milliþinganefndin sá sjer ekki fært að sameina það á neinn hátt, þannig að sparnaður yrði við það. Og annars var ekkert unnið við það.

En sem sagt, þá sameinaði milliþinganefndin, þar sem henni þótti tiltækilegt, og þykir sumum of langt farið, en jeg læt ósagt, hvernig henni hefur tekizt yfirleitt. Þess má geta, að þau prestaköll í Húnavatnssýslu, sem hv. 1. varaforseti (J. Jak.) vildi láta sameina í eitt, voru að fornu lagi 4 prestaköll. Held jeg því, að það mundi vekja töluverða óánægju. En það verður aldrei hægt að fyrirbyggja, að einstaklingarnir sumir verði óánægðir, og heldur ekki hægt að fara eptir því, sem menn segja í hverju hjeraði, því að þeir hafa ekkert yfirlit yfir allt landið, eins og þingið á að hafa; verður það því að sjá um, að hafa prestaköll landsins ekki fleiri en svo, að hægt sje að gjöra þau viðunanleg að tekjunum til.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.); Jeg býst ekki við miklum árangri af því, þótt jeg taki til máls, en eigi að síður get jeg ekki leitt það hjá mjer, að minnast dálítið á breytingar á

brauðaskipun á Vesturlandi, þar sem mjer er kunnugast.

Mjer finnst milliþinganefndin og stjórnin ekki hafa mátt fara skemmra í fækknn prestakalla þar, en hún hefur gjört; tel jafnvel fært, að fækka þeim 1—2 fleira, en gjört er ráð fyrir.

Í Dalaprófastsdæmi er jeg talsvert kunnugur, en jeg ætla að minnast á brauðaskipun í því í sambandi við annað prófastsdæmi, Barðastrandarprófastsdæmi. En strax skal jeg þó geta þess, að þegar litið er á erfiðleikauppbæturnar, þá er full ástæða til, að veita hærri erfiðleikauppbót í Suður-Dalaþingum, en gjört er ráð fyrir í frumv. um laun presta.

Að vísu er það frumv. ekki til umræðu nú, en það er svo náið samband milli þess, einkum 2. greinar þsss, og þessa frumv., að eðlilegast er, að þau sjeu bæði höfð fyrir í senn til samanburðar.

Þá skal jeg minnast á 59. lið frv., Staðarhóls prestakall; þar er ekki gjört ráð fyrir neinni erfiðleikauppbót, enda er það eðlilegt, því að því prestakalli er ekki ætlað að vera eins stórt, eins og það ætti að vera og eins og það gæti verið.

Bæði milliþinganefndin og stjórnin hafa komizt í vandræði með eina sókn, Gufudalssókn, og leiðzt til, að gjöra úr henni sjerstakt prestakall.

Til þess nú að losna við Gufudal sem sjerstakt prestakall, þá finnst mjer engin frágangssök, að sameina í eitt prestakall Staðarhól, Skarð og Garpsdal, og veita því prestakalli svo erfiðleikauppbót.

Að því er snertir Stað á Reykjanesi, þá er svo til ætlazt, að hann ásamt Reykhóla- og Garpsdalssóknum verði eitt prestakall, og að því sjeu veittar 200 kr. sem erfiðleikauppbót.

Jeg skil ekki ástæðuna fyrir því, að þessa þurfi, þótt Garpsdalur sje sameinaður Stað. Eptir sveitinni frá Stað að Garpsdal er hlemmivegur, sem ríða má á örstuttum tíma. Allt að Glóastaðahyllum er ágætis vegur af náttúrunnar hendi, og yfir Geiradalsháls er lagður greiðfær vegur. Sveitin er all-hestauðug og jafnan snjóa-ljett. Jeg held því, að ef Staður á Reykjanesi á að halda erfiðleika-uppbót, þá sje rjettast, að sameina Gufudalssókn við hann; þá verður Staður hjer um bil í miðju prestakallinu, í stað þess, sem hann yrði á öðrum enda þess, ef hann væri sameinaður Garpsdal.

Jeg skil ekki í því, hvernig stjórnin og milliþinganefndin hafa leiðzt út í að vilja gjöra Gufudal að sjerstöku prestakalli, þar sem engin brýn nauðsyn er á því. Jeg get vel trúað, að háttv. framsm. (S. St.) mótmæli þessu, en jeg legg ekki meira upp úr mótmælum hans, en meðmælum mínum, því að enginn úr milliþinganefndinni nje heldur hann er kunnugri um þetta svæði en jeg; og þegar um svo mikinn sparnað er að ræða, að losast við heilt prestakall, þá finnst mjer ekki áhorfsmál, að sameina Garpsdal við Staðarhól, og Gufudal við Stað, og láta svo hvort prestakallið um sig fá 200 kr. erfiðleikauppbót. Mjer finnst ekki rjett, að taka ofmikið tillit til andmæla sóknarmanna; vjer vitum, að því er almennt þannig varið, að menn vilja fækka prestunum í landinu, en þó vill hver halda sínu prestakalli óauknu, en þetta getur ekki samrýmzt.

Þá er að minnast á Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar er gjört ráð fyrir að sameina Hól í Bolungarvík og Stað í Súgandafirði. Þessi sameining mun

töluverðum erfiðleikum bundin, en jeg er ekki jafnkunnugur hjer og á hinum stöðunum, og á því erfiðara með að benda á veg, til að losna við sameiningu þessa. Jeg hygg, að það muni rjett vera, að leiðin milli Bolungarvíkur og Súgandafjarðar sje mjög torfær, og að heiði sú, sem þar er á milli, sje lítt fær yfirferðar, og þótt vegur kunni að vera greiðari milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar, þá þótti þó fyrir nokkrum árum óvinnandi fyrir prestinn í Holti að þjóna Súgandafirði.

Þá kem jeg að Vatnsfirði; hann hefur hingað til verið sjerstakt prestakall, og eitt af hinum álitlegustu prestaköllum á landinu. Nú á að sameina hann við Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir. Það er engin fjarstæða, að sameina Nauteyrarsókn við hann, þótt þar sje að vísu yfir fjörð að fara, en mjer finnst það oflangt farið, að ætla að leggja alla Snæfjallaströndina undir Vatnsfjörð.

Jeg trúi ekki öðru, en að betra væri að sameina Unaðsdalssóknina Ögurþingunum. Jeg skal þó ekki halda þessu fast fram, því að vera má, að mjer missjáist hjer; jeg er ekki svo gagnkunnugur öllum staðháttum um þetta svæði. En ekki skal mig furða á því, þótt brátt komi kvartanir yfir því, að þjóna Unaðsdalssókn frá Vatnsfirði, og þótt Vatnsfjörður eigi að fá 300 kr. erfiðleikauppbót, gjöri jeg ráð fyrir, að hann hætti að verða mikið keppikefli. Það má reyndar búast við, að sagt verði, að eptir honum muni verða keppt sökum bújarðarinnar, en jeg býst við, að hún verði svo hátt metin, að gæði hennar verði fullu verði keypt.

Jeg skal nefna til samanburðar eitt prestakall í mínu kjördæmi. Það er Tröllatunga, Fell og Óspakseyri. Jeg nefni það ekki af því, að jeg sje svo óánægður með þessa skipun, heldur af því, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að það verðskuldi fremur erfiðleikauppbót en t. d. Staður á Reykjanesi. Í Tröllatunguprestakalli eru snjóþyngsli einhver hin mestu hjer á landi, líklega svipað og í Fljótum norður; presturinn hefur yfir fjörð að sækja, og svo yfir erfiðan háls, sem sjálfsagt er, að ganga verður yfir á vetrum, og er þó full torsótt. Ef þetta brauð á ekki að fá erfiðleikauppbót, þá á Staður á Reykjanesi það ekki heldur; þó er jeg ekki með þessum samanburði að vinna að því, að Tröllatunguprestakalli sje veitt erfiðleikauppbót, heldur að reyna að fá því til vegar komið, að Gufudalur sje ekki settur sem sjerstakt prestakall, heldur að Gufudalssóknin sje lögð til Staðar, en Garpsdalur til Staðarhóls.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg verð að taka í sama strenginn sem háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), að mjer finnst milliþinganefndin og stjórnin hafa farið helzt til skammt í samsteypu brauða. Að vísu viðurkenni jeg, að þetta er allörðugt mál viðfangs, og ekki gott að segja hiklaust hvað langt skuli ganga, en þó álít jeg nauðsynlegt, að fækka brauðum nokkuð meira en gjört er ráð fyrir. Jeg tel það sjálfsagt, að eitthvað megi fækka prestaköllum í þeim prófastsdæmum sem jeg þekki miður til, en ætla ekki að fara út í það, heldur halda mjer að eins við prestakallaskipunina í Þingeyjarsýslu, þar sem jeg er kunnugastur. Við liðina 103—108 hef jeg ekki svo mikið að athuga, en bendi þó á, að hægt mundi vera að draga saman liðina 105—108 þannig að gjöra þar 3 prestaköll úr 4, sem frumv. gjörir ráð fyrir; hef jeg bugsað mjer það þannig, að Grenjaðarstaður, Einarsstaðir, Þóroddstaður og Ljósavatn væri

eitt prestakall og gjöri jeg þá ráð fyrir, að presturinn sitji á Helgastöðum. Þá mætti leggja Þverá undir Skútustaði; að vísu yrði það prestakall þá nokkuð erfitt, en þess er þó að gæta, að Þverársókn er mannfá.

Þá er Nessóknin eptir, og er engin frágangssök að þjóna henni frá Húsavík, þegar vegir verða settir þar og akbrautin frá Húsavík lögð; helzt mætti hafa það á móti því, að prestakallið yrði nokkuð fjölmennt. Þó mun jeg ekki koma með neina breyt.till. um sameiningar þessar, mest af því, að þessi 4 prestaköll eru nokkuð mannmörg hvert fyrir sig; til þess þarf að taka tillit, þegar um samsteypur er að ræða; en mjer finnst, að við undirbúning þessa máls hafi þess ekki verið nægilega gætt, að prestköllin yrðu hvorki of fjölmenn nje of fámenn. Það er hvorki hollt fyrir trúarlíf safnaðanna nje prestana sjálfa, að prestaköll sjeu mjög lítil og fámenn. Jeg skal geta þess, að þótt þær breytingar kæmust á, sem jeg hef nefnt, þá yrðu þessi brauð sízt erfiðari en Hálsprestakall, og jatnvel ekki erfiðari en Laufás. En í Norður-Þingeyjarsýslu álít jeg vel hægt að draga prestaköllin meir saman, en ráð hefur verið gjört fyrir, þar sem ætlazt er til, að þau verði framvegis 4 í staðinn fyrir 5, eins og nú er. Í Norðursýslunni eru alls um 1,300 manns og er því eigi gjört ráð fyrir fleiri en rúmum 300 í prestakalli.

Þar mundi mega skipa prestaköllum öðru vísi, en ætlazt er til í frumv. stjórnarinnar. Það mætti bæta Presthólasókn við Skinnastaðaprestakall. Að vísu yrði alllangur vegur á enda prestakallsins, að Oddstöðum, en vegur er góður bæði vetur og sumar og vegalengdin því engin frágangssök. Síðan brúin kom á Jökulsá, er ljett að þjóna Garði frá Skinnastöðum. Auðvitað verður prestsþjónusta á Fjöllunum nokkuð erfið frá Skinnastöðum, en fámenni er svo mikið í Víðirhólssókn, að þar verður um fremur litla prestsþjónustu að ræða. Ef þessar fjórar sóknir: Skinnastaðir, Garður, Presthólar og Víðirhóll verða sameinaðar í eitt prestakall, þá verða í því 5—700 manns, og má telja það hæfilega mannmargt prestakall. Að sjálfsögðu yrði að veita prestinum ríflega erfiðleikauppbót, ef til vill hærri, en frumv. gjörir ráð fyrir að veitt verði. Önnur breyting, sem stendur í sambandi við þetta, er sú, að leggja Ásmundarstaðarsókn undir Svalbarð. Það er að vísu nokkuð erfitt að eiga að þjóna Ásmundarstöðum frá Svalbarði, en eins og kunnugt er, þá er Ásmundarstaðasókn mjög fámenn, en Svalbarðssókn fremur lítil. Það er því eðlilegt, að sameina þessar tvær sóknir meðal annars af því, að það er ekki heppilegt, að skipa prest í jafnlitla og fámenna sókn eina, eins og Svalbarðssókn er; það eru neyðarúrræði, sem verður að grípa til á þeim stöðum einum, þar sem einskis annars er kostur, því að það má telja óhollt bæði fyrir prest og söfnuð, að starfssvið prestsins sje mjög þröngt.

Jeg hefði gjarnan viljað, að einhverju hefði orðið bætt við Sauðanessprestakallið, en jeg sje þess engan kost. Samkvæmt því, sem jeg hef tekið fram, mun jeg til 3. umr. koma með breyt.-till. um, að Presthólaprestakall sje lagt niður, og sóknirnar sameinaðar Svalbarði og Skinnastöðum.

Sigurður Jensson (þm. Barð.): Jeg ætlaði að eins að svara þm. Strand. (Guðj. G.) nokkrum orðum út af því, að hann lagði sjerstaklega á móti því, að Gufudalur væri látinn halda sjer sem sjerstakt prestakall. Hann sagðist

vera langkunnugastur á þessu svæði yfir höfuð af háttv. þingdm. En jeg held, að jeg sje ekki síður kunnugur þar. En sje háttv. þm. (Guðj. G.) kunnugur í Gufudalsprestakalli, þá vona jeg að hann verði að játa, að það er fjarska erfitt yfirferðar, bæði vegna hálsa og strjálbyggðar. Þess vegna hafa ávallt orðið vandræði, þegar þar hefur verið prestslaust, og illa gengið að útvega prestakallinu fullnægjandi prestsþjónustu. Jeg skal játa, að það er ekki ógjörlegt, að þjóna prestakallinu frá Stað fyrir prestinn, ef hann getur notað sjóleiðina, en það er fjarri því, að það megi ætíð, sízt á vetrum, því að þá eru ísar opt á firðinum. Það eru líka erfiðleikar á því, að hafa allt af bát þar til taks. En verði presturinn að fara landveg, þá er leiðin kring um Þorskafjörð ákaflega löng. En fyrir söfnuðinn má það heita alveg óviðunandi að eiga að sækja prest yfir að Stað; það mundi valda megnustu óánægju hjá söfnuðinum, enda væri sú þjónusta alveg ófullnægjandi. Enda hafa menn til þessa ekki sjeð önnur úrræði, en að láta Gufudalsprestakall halda sjer.

Annað mál er að sameina Garpsdalssókn við Stað á Reykjanesi. Það játa jeg, að sje stór munur, þó að 5 tíma reið sje þar á milli. Og það tel jeg miklu sjálfsagðara, heldur en að sameina Garpsdal við Staðarhólsþingin og Skarðsþingin, því að þá ætti prestur þar að hafa alla strandlengjuna báðum megin Gilsfjarðar. Sá vegur hefur nú verið valinn að sameina Stað og Garpsdal, og jeg tel það eina rjetta.

Að vísu hefur komið til tals að sameina Gufudal og Múlasókn, og getur vel verið, að það komist einhvern tíma á. En til þess þarf aðeins samþykki safnaðanna, og það getur orðið með tímanum, þó það sje ekki ákveðið nú með lögum, en hitt hefur ávallt þótt neyðarúrræði, að leggja Gufudalsprestakall undir önnur prestaköll.

Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Þm. Húnv. (J. Jak.) skaut því til mín sem kunnugs manns, hvort sameining þeirra 5 sókna: Þingeyra, Undirfells, Blönduóss, Auðkúlu og Svínavatnssókna væri gjörleg. Jeg hreyfði því í nefndinni, en rak mig þá jafnframt á örðugleikana. Frá Blönduósi er 5 stunda ferð fram á sóknarenda í báðum dölunum Vatnsdal og Svínadal, og Svínadalur er bæði snjóþungur og illur yfirferðar á vetrum. En aðalerfiðleikarnir eru þó fólgnir í því, að þar sem heppilegast væri að prestur sæti, þar er alveg ótiltækilegt að fá nokkra jörð fyrir hann, með því að þar eru að eins sjálfseignarbændur. Aptur á móti væri tiltækilegt, að fá prestsetur vestan Húnavatns eða Kvísla, en þá yrði þjónustan þar svo miklu erfiðari.

Öðru máli er að gegna með sameiningu þá í Skagafirði, sem háttv. þm. Húnv. nefndi, og finnst mjer hún að öllu leyti framkvæmanlegri, þótt erfið verði nokkuð, enda mundi það líka verða með allra fólksflestu prestaköllum á landinu.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg gleymdi, að taka það fram áðan til skýringar um sameining Glaumbæjar og Víðimýrarsókna við Reynistað, að frá Víðimýri út á Sauðárkrók er 6 tíma lestagangur. Brauðið yrði einnig mjög jafnt um sig, að Reykjaströnd undanskilinni. En hve langt er út á yztu bæi á ströndinni, veit jeg ekki, en það yrði sjaldan sem prestur þyrfti þangað að fara. Þar sem svona hagar til í snjóljettu og hestaauðugu plássi, þar álít jeg rjett að sameina.

Þessa sameiningu álít jeg ljetta í samanburði við sameining Kirkjubæjar-

og Hjaltastaðar-prestakalla, því frá Unaósi í Hjaltastaðaþinghá inn á innstu bæi í Eiðaþinghá er bæði lengri og miklu örðugri vegur.

Þegar ræða er um skipun prestakalla, þá vil jeg, að rjett hlutföll og staðhættir ráði sem mestu. Ef taka ætti tillit til allra óska, sem fram koma, þá væri engin sameining möguleg, eða þá að allt samræmi færi út um þúfur.

Það sem 2. kgk. þm. (E. Br.), sagði um sameinig hinna 5 sókna var á nokkrum rökum byggt, þótt víða sje kirkjur ýmist óþarflega margar eða óheppilega settar. Vil jeg í því sambandi benda honum á XVII, 90. Mælifell í Skagafirði; að á því svæði er alveg hlægilegur kirknafjöldi. Frá Reykjum að Mælifelli er að eins frek 1/4 tíma reið. Og frá Mælifelli að Víðimyri er að eins 1 stundar reið, svo að vel mætti sameina þá sókn við Mælifellsbrauðið og leggja niður Reykjakirkju. Þó að sízt beri að lasta guðrækni og kirkjugöngur, þá er það með öllu óþarft, að hafa kirkjurnar svo þjett settar sem hjer er.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísafj.k.): Jeg þarf nú fremur lítið að segja, því að meðnefndarmenn mínir hafa hjálpað mjer að taka svari nefndarinnar, þar sem þeir voru kunnugastir.

Þegar mann brestur kunnugleika, þá er erfitt að segja af eða á, hvað heppilegast er. Jeg skal almennt taka fram, að þeir þm. utan nefndarinnar, sem talað hafa, telja of skammt farið í sameiningu prestakallanna, og er það rjett fyrir þá, sem álíta þjóðinni hollast, að hafa prestana sem fæsta. En aðrir hafa einnig atkvæði í þessu máli, söfnuðirnir sjálfir, eða landsmenn yfir höfuð. Presturinn gjörir fleira, en að eins að messa og það er tillitið til safnaðanna, sem á að koma til greina, meðal annars það, hvort þeir eiga hægt að ná til prestsins eða ekki. Presturinn fer margar fleiri ferðir en messuferðir, og því víðlendari sem brauðin eru, því erfiðara er að ná til prestsins. Það dugar ekki að líta á það eitt að sameina sem mest, heldur jafnframt á hag safnaðanna.

Við höfum reynslu fyrir því, að sameining prestakalla er söfnuðunum eitthvert hið viðkvæmasta atriði, og það er mikill misskilningur, að þjóðin vilji fækka prestunum, sbr. prestakallalögin frá 1888. Alltaf koma nýjar umsóknir til þingsins um að stofna ný prestaköll, og þingið hefur alltaf orðið að fara að óskum safnaðanna.

Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) talaði um, að sameining Kirkjubæjar og Hjaltastaðar væri svo erfið. Prófasturinn þar hefur þó sjálfur álitið þá sameiningu gjörlega, og þar sem hann er gjörkunnugur, þá hefur verið farið eptir tillögum hans.

Sami háttv. þm. (J. Jak.) taldi sameiningu Reynisstaðar og Glaumbæjar ekki ógjörlega, og sagði, að prestakallið mjókkaði eptir því, sem utar dragi. En það var ekki rjett hjá honum. Jeg þykist nokkuð kunnugur þar, þar sem jeg er uppalinn á Gönguskörðum, sem er einhver mesta snjókista á landinu og allt annað en mjótt byggðarlag, en þetta byggðarlag lægi utarlega í hinu sameinaða prestakalli. Það er líka ærið langur vegur frá yztu bæjum á Reykjaströnd að vitja prests, ef hann sæti t. d. í Víkursveit. Í samanburði við það er hægðarleikur að þjóna Þingeyraprestakalli og Undirfelli, og þó hef jeg heyrt, að mesta óánægja væri í Vatnsdalnum yfir þeirri sameining.

Það var minnst á »telefóninn« í sambandi við sameining prestakalla. Mjer er eigi vel ljóst, hvaða gagn getur verið að honum fyrir presta og söfnuði. Það

er ekkert ljettara fyrir prestinn að ferðast langar leiðir, þótt kallað sje á hann í »telefón«.

Jeg get vel fallizt á það, sem háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, um erfiðleikauppbót fyrir Suðurdalaþing, og mun nefndin taka það til athugunar til næstu umr. Það, sem hann sagði um sameining Gufudals og Staðar, var ekki rjett. Stjórnin breytti frumv. milliþinganefndarinnar eptir tillögum biskups, eins og háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) tók fram.

Þá minntist háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) á sameining prestakalla í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. Af öllum sameiningum tel jeg sameiningar þær einna ótiltækilegastar, því þar er allstaðar yfir sjó og fjöll að sækja, og það er illviðrasamasti útkjálki landsins. Jeg efast ei um það, að sameining Kirkjubólsþinga og Vatnsfjarðar vekti mestu óánægju, eins og viðar.

Sami háttv. þm. (Guðj. G.) sagði, að sameining Vatnsfjarðar og Ögurþinga væri tiltækileg, þar sem þau prestaköll væru sama megin við Ísafjarðardjúp. En þar sem Ögurþing eru 15 mílur á lengd, þá held jeg, að sú sameining yrði ærið erfið. Milliþinganefndin ætlaðist til, að presturinn sæti á Langadalsströud. Og þá væri leiðin á annexíuna fyrir prestinn ekki svo löng, en það væri mjög erfitt fyrir söfnuðina að ná í prestinn.

Þá skal jeg minnast á sameining Hóls í Bolungarvík við Súgandafjörðinn, og tek jeg það fram, að þar er jeg vel kunnugur. Komi engin breyt.-till. fram við þá sameining, þá verð jeg til þess neyddur. Vegurinn þar á milli er svo, að þar verður að eins um hásumar teymdur laus hestur, en alls ekki hægt að ríða það.

Sama er að segja um sameining Súgandafjarðar við Holt, að hún er ómöguleg. Við höfum reynsluna fyrir okkur, að þingið varð að breyta þeirri sameining. Á milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar er snarbrött heiði, miklu brattari en Esjan, og er þar fært með hest að eins um hásumar. Jeg veit að það er mikil óánægja í Súgandafirði, ef aptur á að sameina brauðið við annað prestakall.

Þó að brauðið sje ekki stórt nje tekjumikið, þá hafa prestar allt af lifað þar nokkurn veginn. Að vísu hefur það kostað landssjóð 300 kr. á ári síðustu árin; það þykir auðvitað sumum stór upphæð, þótt landssjóð muni ekki svo mikið um hana.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) hjelt langa ræðu um prestaköllin í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, sem jeg satt að segja skildi ekki mikið í. Þar var þó lögmætur hjeraðsfundur, og prófasturinn sat í milliþinganefndinni, og verð jeg að leggja meiri áherzlu á þekkingu hjeraðsfundar og prófasts, en háttv. þm. Líkt var um prestaköllin í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi. Þar var að vísu enginn lögmætur hjeraðsfundur, en prófastur segir, að eina gjörlega breytingin þar, sje að leggja niður Möðrudalssókn. Ef á nokkuð annað er litið en að fækka prestum, þá er sameining prestakalla í Norður-Þingeyjarsýslu neyðarúrræði, en mig brestur auðvitað víða staðarlega þekkingu.

Jeg tek það fram, að það er ekki af því að jeg hafi verið ánægður með allar sameiningar, að jeg fylgdi nefndinni, heldur af hinu, að jeg sem nefndarmaður vildi ekki raska grundvellinum.

Jeg býst við, að ef þetta þing samþ. allar þessar sameiningar, muni á næstu þingum víðast hvar af landinu koma áskoranir um, að rifta þessum sameiningum.

Annars er það leitt að heyra, að ekk-

ert beri að taka tillit til hins málsaðilans, safnaðanna. Prestarnir eiga þó að vera fyrir söfnuðina, en söfnuðirnir ekki fyrir prestana.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Þegar um sameining brauða er að tala, þá er það tvennt, sem vakað hefur fyrir mjer, og gjört mig því fylgjandi, að prestaköllum væri sem mest fækkað. Fyrst það, að jeg sje ekki, hvernig við í jafn strjálbyggðu og fámennu landi getum haldið uppi jafn fjölmennri prestastjett eins og verið hefur, og jafnframt launað henni svo sómasamlega, að prestarnir geti nokkurn veginn lifað af launum sínum, og þaraf leiðandi varið óskertum kröptum sínum til prestlegra starfa. Með því að fækka prestunum er jafnframt hægt að borga hverjum presti miklu betur, og á hina hliðina getur hann losnað við öll þau aukaverk, sem hann hingað til hefur orðið að fást við, til þess að geta dregið fram lífið, og sem urðu til þess, að hann leiddist meir frá ætlunarverki sínu. Það hefur verið sagt, af andmælendum brauðasamsteypunnar, að safnaðarmönnum yrði svo erfitt að ná til prestanna, þegar prestaköllin væru orðin svo stór, en jeg tel það engan skaða, þó söfnuðurinn geti ekki fengið messu á hverjum helgum degi, og eigi heldur, þó eitthvað kunni að dragast með að ná til prestsins, því að fæst prestsverk eru þannig löguð, að bráðrar aðgjörðar þurfi við. *(Sigurður Stefánsson*: þjónusta). Já, það væri þá að eins þjónusta. En jeg man nú ekki eptir, að síðustu 20—30 ár hafi það komið fyrir í prestaköllum þeim, sem jeg er kunnugur í nema örsjaldan, að maður hafi verið þjónustaður.

Ef jeg hefði verið nógu kunnugur um land allt, þá mundi jeg hafa fylgt því fram í nefndinni, að prestaköllum væri fækkað enn meira en gjört var, en mig hefur brostið kunnáttu. Og held jeg, að í hjeraði því, sem jeg er kunnugastur í, þá hafi verið gengið lengra í þessu efni, en nokkursstaðar annarsstaðar. Enda mælti bæði hjeraðsfundur og prófastur með því. Og hygg jeg, að fyrir þeim hafi vakað það, að eina ráðið væri, að fækka prestaköllum, en borga prestunum svo sómasamlega, að þeir gætu lifað af embættislaunum sínum einum.

Jeg skal taka það fram, viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) sagði um sameining Kirkjubæjar-, Hjaltastaðar- og Eiðasókna, að það eru þrír hreppar, hver allt að 6 tíma ferð eptir endilöngu, og hið væntanlega prestakall litlu skemmri ferð þvers yfir, í misjafnri ferð að vetrinum.

Aðallega stóð jeg upp til þess, að lýsa því yfir, að komi hjer fram breyt.-till., sem eru á góðum rökum byggðar, til þess að sameina fleiri prestaköll, þá mun jeg greiða atkvæði með þeim.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal játa, að jeg er dálítið hikandi viðvíkjandi þessari fækkun prestakalla. Jeg er í efa um það, hvort það muni stuðla til þess, að auka kirkjulegt líf. Annars get jeg að miklu leyti undirskrifað það, sem háttv. framsögumaður sagði þessu viðvíkjandi. Og úr því, að farið er að ræða um hinar ýmsu sameiningar, þá skal jeg leyfa mjer, að gefa nokkrar bendingar í hjeraði því, sem jeg er kunnugastur, nefnilega í Húnavatnssýslu; hygg jeg, að úr því á annað borð er farið að fækka prestaköllum, þá mætti fækka þar um eitt prestakall enn. Það er undir XVI, töluliðir 81. og 82. Finnst mjer mega setja prestakallið Tjörn á Vatnsnesi undir Breiðabólsstað, þannig, að í því prestakalli yrðu þá Breiðabólstaðar-,

Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir, en Víðidalstungusókn legðist þá með Þingeyra- og Undirfellssóknum og Blönduós saman við Auðkúlu og Svínavatnssóknir. Finnst mjer engum tormerkjum bundið, að hafa saman þær Breiðabólsstaðar-, Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir, en erfiðara yrði að þjóna Víðidalstungu frá Þingeyrum, því jeg býst við því, að presturinn sæti þar um slóðir, t. d. í Steinnesi, eins og nú er. Þar er ein torfæra á leiðinni, nefnilega Gljúfrá, en þó álít jeg þetta vel gjörlegt. Enga sjerlega erfiðleika sje jeg heldur á því, að sameina Blönduós við Auðkúluprestakall.

Það voru að eins þessi atriði, sem jeg vildi benda nefndinni á, en held þeim sjálfur ekki fast fram.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þingm.): Jeg sje, að það er gjört ráð fyrir, að Kjalarnessprófastsdæmi skiptist í 7 prestaköll. Það er að eins örlítil breyting því viðvíkjandi, sem jeg ætla að leyfa mjer að stinga upp á, er jeg held, að ekki gangi lengra, en margt annað í frumv. Jeg held, að það hafi verið yfirsjón eða gleymska hjá háttv. milliþinganefnd, að halda Kálfatjörn sem sjerstöku prestakalli; jeg sje eigi betur eptir öllum staðháttum, en að þá geti öllum að bagalausu Njarðvíkursókn lagzt til Útskála, og Kálfatjarnarsókn til Garða á Álptanesi, án þess að íþyngja nokkuð þeim prestaköllum. Þegar vegurinn er fullgjör, verður hægt að fara frá Görðum suður í Voga á 3 klukkutímum. Auk þess má búast við því, að talsími verður lagður þangað suður, og geta þá sóknarbörnin staðið í síma-sambandi við prestinn. Eins finnst mjer, að Njarðvíkursókn geti hæglega lagzt undir Útskála. Það prestakall getur alls eigi talizt of vaxið neinum presti, að þjóna fyrir því. Um þessi prestaköll — eða frá Hafnarfirði suður í Garð — mun verða lögð talsímalína innan skamms, og hefur það talsverða þýðingu fyrir þetta mál; því enda þó fjarlægðirnar ekki verði minni við talsímann, þá styttast þær þó að því leyti, að sendiferðir sparast, og fljótlegra, að kalla prestinn. Jeg gjöri ráð fyrir, að þessu verði vel tekið af viðkomandi sóknarprestum. Hins vegar býst jeg ekki við, að sóknirnar sjálfar óski eptir þessu; því er vant að vera svo varið, að ef talað er við einstaka menn, án þess að minnast á eigin sókn þeirra, þá eru þeir mjög meðmæltir prestafækkun yfir höfuð, en gildi fækkunin þá sjálfa, ɔ: þeirra eigin sókn, þá vilja þeir síður, að presturinn sje langt í burtu.

Háttv. 6. kgk. þingm. (Stgr. J.) gat þess, að hann áliti hollt fyrir trúarlífið, að sóknirnar væru sem fjölmennastar. Það álít jeg líka, og þó miklu hollara fyrir sjálfan prestinn, til þess að hann dagi ekki uppi sem kennimann, og þurfi því að gjöra allt annað að lífsstarfi sínu en trúar- og kirkjumál. Það liggur, að mínu áliti, fyrir utan verkefni þessa fundar, að fækka til muna prestaköllum umfram það, er hjer liggur fyrir í þessu frumvarpi; hjer er nú að eins að ræða um, að gjöra jöfnuð á þeim grundvelli, sem háttv. milliþinganefnd lagði, en ef farið yrði að gjöra að umtalsefni enn meiri fækkun prestakalla, þá mundi jeg ef til vill spyrja, hvort að þörf væri á fleiri prestum en læknum á landinu. Þeir eru að vísu að eins líkamlegir læknar, en jeg held þó, að það hafi opt eins mikið að segja fyrir okkur, það sem þeir gjöra fyrir oss, eða, ef um vandamenn okkar er að ræða, eins og hinar andlegu leiðbein-

ingar, sem að prestarnir eiga að láta í tje. Og ef starf prestanna á að verða til blessunar, þá verður að gjöra það þannig vaxið, að þeir þurfi ekki við önnur störf að fást, til þess að lifa góðu lífi; þá fáum vjer prestastjett, sem gjörir sjer starfið að lífsstarfi, sem leggur þar í alla krapta sína. Eins og nú er ástatt, þá hafa prestar ekkert að gjöra; það er engin vinna, sem presturinu lætur í tje sem slíkur, og því er heldur ekki von, að launin sjeu há, en það er skaðlegt, og af því getur ekki leitt annað en algjör stöðvun (Stagnation).

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) tók það óstinnt upp fyrir mjer, sem jeg sagði um Gufudalsprestakall. Það er að vísu satt, að það eru meiri líkur til, að prófasturinn sje kunnugri í sínu eigin prófastsdæmi, heldur en jeg, utanhjeraðsmaður. Enda talaði jeg að eins um kunnugleika minn á Vesturlandi yfirleitt. En viðvíkjandi Gufudal, þá hef jeg að eins komið þar í sveit, en held mig þó nógu kunnugan staðháttum til þess að geta sagt með talsverðum rökum, að það sje ekki ókleift að sameina Gufudal við Stað á Reykjanesi. Enda hefur Gufudal opt verið þjónað þaðan. Þar hefur opt verið prestslaust, og þá alltaf verið farið til prestsins á Stað á Reykjanesi. Jeg get víst trúað því, að íbúar Gufudalssóknar óski eptir sjerstökum presti. Mun það vera víða. En hitt er annað mál, hvort það er gjörlegt, að láta einn lítinn hrepp vera prestakall út af fyrir sig. Og get jeg eigi sjeð samræmi í því, að hrúga sumstaðar saman en halda á öðrum stöðum litlum sóknum sem prestakalli, þegar annars er kostur. Viðvíkjandi því, að láta strandlengjuna meðfram Gilsfirði vera eitt prestakall, og sameina Garpsdal við Saurbæjarþing, þá er ekki hægt að segja, að kringum Gilsfjörð sje góður vegur. Beztur er hann á vetrum, þegar ís er kominn á fjörðinn. Jeg get þó eigi sjeð, að þetta sje ókleift, og ef brauðið fengi þá erfiðleika uppbót, þá býst jeg við, að nógir umsækendur mundu fást.

Það er vitanlegt, að Gufudalur hefur verið sjerstakt prestakall, og hafa þar verið margir prestar, en aldrei held jeg ósvangir, að minnsta kosti ekki þeir, sem verið hafa þar í minni tíð, og skil jeg ekki í, að þeir hafi verið svo síður öðrum, en sveitin er fátæk og mögur. Vitanlega á nú að bæta úr þessu með launum úr landssjóði, og á að gjalda eins mikið til þessarar einu sóknar og 5 annara, og ef þannig á að launa jöfnu presta í hverjum krók og kima, eins og í stærri brauðum, þá er jeg hræddur um, þegar allt er komið upp á landssjóðinn, að ekki verði minni líkur til, að óskað verði eptir þessu og þessu sjerstaka prestakalli, af þeim sem nú eru sameinuð, og yrðu þá tekin til samanburðar þau litlu prestaköll, sem nú eru látin halda sjer. Held jeg því, að bezt verði, að haga sameiningunni þannig, að hlutfallið verði sem líkast allstaðar, og hafa fyrir augum hag landssjóðs. Finnst mjer það skylda þingmanna, að hugsa um, hvað hann er fær fyrir, en ekki hvað bezt sje fyrir einstaka sókn eða hrepp. Álít jeg, að ræða háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) hefði einhvern tíma verið kölluð fyrirtaks hreppapólitík.

ATKV.GR. 1. Breyt.till. (127) við 1. gr. tölul. 99 samþ. með 10 samhljóða atkv.

2. Breyt.till. (127) við 1. gr. tölul. 101 samþ. með 10 samhlj. atkv.

1. gr, þannig breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.
2. gr. frv. samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. — — — 10 — —
4. gr. — — — 10 — —
5. gr. — — — 10 — —
6. gr. — — — 10 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 30. fundi Ed., mánudaginn 19. ágúst, kom frumv. (A 237, 239, 257, 278, 287, 289) til 3. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Eins og minnzt var á við 2. umr. þessa máls af ýmsum háttv. þm. hjer í deildinni, að þeir mundu koma með breyt.till. við frv. þetta, þá liggja hjer nú fyrir nokkrar, bæði frá einstökum þingmönnum og sömuleiðis tvær frá nefndinni sjálfri, og skal jeg fyrir hönd nefndarinnar lýsa afstöðu okkar gagnvart þeim.

Nefndin getur fallizt á breyt.till. á þgskj. 287 um það, að Kálfatjarnarprestakall skiptist á milli Útskála og og Garða á Álptanesi, þó þannig, að Kirkjuvogur leggist til Staðar í Grindavík. Ástæða fyrir því, að nefndin getur fallizt á þessa br.till. er einkum sú, að ekki mun líða á löngu, þar til greiður vegur hefur verið lagður alla leið frá Hafnfirði suður að Kálfatjörn, svo að ekki verður sjerlega erfitt fyrir prestinn að sækja þangað. Að vísu verður Garðabrauð mjög fjölmennt, þar sem Hafnarfjörður er nú orðinn svo mannmargur, og Kálfatjarnarsókn sömuleiðis nokkuð mannmörg, en nefndin hefur þó ekki sjeð ástæðu til annars en vera með þessum breytingum.

Þá skal jeg minnast á breyt,till. á þgskj. 278 frá háttv. þm. Strand. (Guðj. Gnðl.). Um hana er það sama að segja, að nefndin getur fallizt á hana, þótt okkur aptur á móti dyljist ekki, að töluverðir annmarkar eru á því, að sameina Gufudal við Stað á Reykjanesi, þar sem leiðin milli þessara staða er ákaflega löng, einkum, ef ekki verður farið sjóveg yfir Þorskafjörð, sem opt kemur fyrir. Nefndin hefur samt ekki viljað setja sig á móti þessari sameiningu, einkum af tilliti til þess, hvað Gufudalur er ljelegt prestakall, ef hann ætti að vera einn sjer. Hvað því viðvíkur, að sameina Garpsdalssókn og Staðarhólsþingin, þá vill nefndin heldur ekki hafa á móti því, þar sem líka þessum tveimur sóknum hefur lengi verið þjónað af sama presti; en þegar nú Skarðssókn bætist líka við, þá verður prestakall þetta allerfitt og opt illt yfirferðar, og vonar því nefndin, að háttv. þm. Strand. greiði atkvæði sitt með því, að þetta prestakall fái erfiðleikauppbót.

Þá kem jeg að breyt.till. nefndarinnar. Sú fyrri er það, að við leggjum til, að Rípursókn í Hegranesi sameinist Viðvíkurprestakalli, en ekki Reynistaðar. Ástæða þessarar breytingar er sú, að nefndinni bárust þær upplýsingar frá háttv. 1. þm. Skgf., að Hegranesbúar óskuðu fremur að sameinast Viðvík en Reynistað. Hvað vegalengd hjer snertir, þá er hún dálítið meiri austur yfir, á milli Viðvíkur og Rípur, en á milli Sauðárkróks og Rípur, en aptur er brú á Austurvötnunum, en dragferja á Vesturvötnunum, svo að greiðfærara verður austur yfir.

Þá skal jeg geta um breyt.till. á þgskj. 237 frá háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.). Þessa breyt.till. getur nefndin ekki fallizt á. Jeg skal reyndar játa, að nefndin hefur hjer ekki eins mikla staðlega þekkingu og hv. 6. kgk. þm., en hún hefur borið sig saman við

annan kunnugan mann, þm. S.-Þing., og taldi hann töluverð tormerki á þessari sameiningu. Hjer er um afarmikla vegalengd að ræða, á þriðju þingmannaleið; þetta er útkjálkahjerað og því vont yfirferðar. Mig sjálfan brestur staðlega kunnáttu til þess að færa rökstuddar ástæður með eða móti þessari breyt.till., en að svo stöddu er nefndin á móti.

Þá er önnur tillaga nefndarinnar, hvenær lög þessi skuli öðlast gildi, og er óþarfi að ræða um hana.

Að svo stöddu hef jeg ekki fleira að segja, en vona, að frumv. geti gengið frá þessari deild til Nd., svo að henni gefist kostur á að athuga þetta mál.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg á hjer breyt.till. á þgskj. 237, sem hafa ekki fundið náð hjá háttv. nefnd, og hygg jeg það stafa af ókunnugleika nefndarinnar á þessu svæði. Jeg er þar aptur á móti vel kunnugur, og hef opt farið þar um. Vil jeg því skýra frá ástæðunum vegna hvers jeg tel þessar brt. algjörlega rjettmætar og nauðsynlegar.

Þegar litið er á uppdráttinn, þá sjest, að Skinnastaðaprestakall samkvæmt tillögunni og þegar Víðirhólssókn ekki er talin með, liggur að mestu leyti á svæðinu frá Snartastaðanúp út á Tjörnes, og liggur þannig í kringum Axarfjörð. Skinnastaðir verða nálægt því í miðju prestakallinu. Frá Skinnastað að Snartastöðum, sem er yzti bær á þessu svæði, er hörð 3 tíma reið; en það er góður vegur, bæði sumar og vetur, sljettur og snjóljettur. Skal jeg t. d. benda á það, að frá Snartastöðum er mjög sjaldan akfæri fram eptir að Buðlungahöfn vegna þess, hve þar er snjóbert; en suður þaðan eru opt allmikil ísalög.

Þá er hinn kjálkinn, frá Jökulsárbrú; er það (að Lóni) hröð 2—2½ tíma ferð á sumrum, góður vegur og sljettur, en getur verið lakari stundum á vetrum. En Jökulsá leggur líka stundum á vetrum og má þá stytta sjer leið, með því að ríða hana. Á annexíuna að Garði er c. 1¼ tíma ferð, og til Presthóla nálægt 3 tíma ferð.

Þetta yrði mjög þægilegt prestakall. Fólksfjöldinn veit jeg ekki nákvæmlega hve mikill er, jeg hef ekki haft tækifæri til að athuga það nú, en láta mun nærri, að hann sje nálægt 500. Þessu prestakalli yrði mjög vel í sveit komið, og alveg hæfilegt fyrir einn prest.

Hverjar eru nú hinar knýjandi ástæður til þess, að hafa fleiri en einn prest á þessu svæði? Það eru einir 5 eða 6 bæir fyrir norðan Snartastaðanúp, sem nokkuð eiga erfitt með að ná í prest. Frá Snartastöðum á sóknarenda mun vera 2 til 3 tíma reið, og ef þessir bæir ættu að sækja prest að Skinnastað, yrði þangað lengst 6 tíma reið. Örðugleikarnir kæmu að eins fram í þeim einstöku tilfellum, er sækja þyrfti prest. Það væri má ske heppilegra eða æskilegra, að presturinn sæti nær, en jeg hygg, að bændurnir sjálfir óski þess ekki sjerstaklega. Þeir leggja víst ekki meiri áherzlu á að hafa prestinn nærri sjer heldur en lækninn; hann situr í Axarfirði. Jeg get því eigi talið nein vandkvæði á þessari sameiningu, einkum þar sem flestir bæirnir í sókninni liggja innan við Presthóla.

Þá hefur það verið talin ástæða á móti þessari sameiningu, að Víðirhólssókn væri lögð til Skinnastaða. Það er sjálfsagt, að það er nokkuð örðugt, að þjóna Víðirhóli; þangað mun vera þingmannaleið eða nálægt því. En gæta verður að því, að hvar sem Víð-

irhóll fylgir með, þar hlýtur allt af að verða erfitt. Jeg veit heldur ekki betur, en að þar sem líkt stendur á og hjer í öðrum löndum, að sóknir sjeu mjög afskekktar, þá sje meiningin sú, að prestar fari þangað við og við, til þess að gegna þeim embættisverkum, sem fyrir koma. Á sumrin eru engin vandkvæði á þjónustunni fyrir Skinnastaðaprest, en á vetrum verður það auðvitað talsvert erfitt.

Án Víðirhóls er Skinnastaður gott og hægt prestakall, vel í sveit komið, en með Víðirhóli verður það nokkuð erfitt.

Þá kem jeg að hinni hlið málsins Jeg álít alls óviðeigandi, að Svalbarðssókn verði sjerstakt prestakall. Þar eru að eins rúm 20 býli, og mörg þeirra smá; fólksfjöldi mun vera c. 200. Það er ætlazt til, að presturinn, sem situr á kirkjustaðnum, hafi ekkert annað að hugsa um, en þessa litlu sókn. Að vísu er eitt kot nokkuð langt frammi á heiðum, en að öðru leyti er sóknin ekki viðlend. Og fyrir þetta á presturinn að hafa 1,450 kr. laun. Verða launin mest fyrir það, að annast búskapinn, annaðhvort til þess að búa þar vel, eða til þess að níða jörðina, eptir því, hvort presturinn er lagaður fyrir búskap eða ekki. En það er víst, að hann hefur lítið annað að gjöra en að stunda búið. Prestum hættir við að verða móðlausum, ef þeir eiga við ljeleg kjör að búa, en þeir verða það ekki síður, ef þeir hafa lítið að gjöra og embættisstörfin sama sem engin. Jeg álít einmitt gott fyrir prestinn á Svalbarði, að fá meira að gjöra.

Það er satt, að nokkuð örðugt er að þjóna Ásmundarstaðasókn frá Svalbarði; það yrði líkt og þjónusta Víðirhólssóknar fyrir Skinnastaðaprest. En aðgætandi er, að það eru að eins 6—8 bæir. Reyndar getur fólki fjölgað í sókninni, en það yrði þá á Raufarhöfn, og mundi kirkjan þá verða flutt þangað, en það mnudi stytta annexíuleiðina.

Jeg vona nú, að þessar brt. mínar gangi í gegn og verði samþ. af háttv. deild.

Aðrar brt., sem fram hafa komið, hefur nefndin tekið vel undir, og vona jeg, að þær verði allar til bóta. En jeg hafði búizt við, að nefndin mundi taka meira tillit til ýmissa annara bendinga um breytingar, sem komið hafa fram við 2. umr., meðal annars það, sem jeg benti á í Suður-Þingeyjarsýslu. Jeg ætlaði mjer aldrei að koma fram með brt., heldur gaf jeg nefndinni ýmsar upplýsingar, sem jeg ætlaðist til að hún íhugaði, og tæki til greina. Væri þar breytt til eptir bendingum mínum, mundi koma fram misræmi, nema tilsvarandi breytingar væru gjörðar annarsstaðar, t. d. í Skagafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu og Borgarfjarðarsýslu, eins og háttv. varaforseti (J. Jak.) benti á. Líklega hefur nefndin athugað þessar bendingar, þó jeg viti það ekki. Jeg álít vel megi fækka prestaköllum í Suður-Þingeyjarsýslu og Skagafjarðarsýslu, og eins segja kunnugir, að fækka megi um eitt prestakall í Borgarfjarðarsýslu, og þykir mjer það sennilegt.

Jeg er hneigður til þess, að greiða atkvæði á móti frv. En jeg er settur í nokkurn vanda, þar sem þetta frv. er sett á dagskrá á undan prestalaunamálinu. Jeg álít nefnilega ekki rjett, að fella þetta frv., ef hitt gengur fram. Mjer þykir illt að greiða atkv. á móti frv., og mun því heldur sitja við atkvgr.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Við 2. umr. þessa máls, gaf jeg nefndinni 4 bendingar, og gjörði jeg það eptir

beztu vitund. Þær bendingar náðu til 3 prófastsdæma. En jeg er ekki á hinni grænu grein hjá hinni háttv. nefnd; hún hefur ekki tekið neinar af mínum 4 bendingum til greina. Á jeg það líklega að þakka eða kenna kurteisi minni, að jeg kom ekki sjálfur fram með neina breyt.till.

Eina breyt.till. hefur nefndin komið með við prestaköllin í Skagafjarðarprófastsdæmi: að leggja Ríp til Viðvíkur, en ekki til Reynistaðar, en þá breyt.till. segir framsm. ekki mjer að þakka, heldur hjeraðsfundi prófastsdæmisins, svo að jeg hef ekki heldur nefndinni þar neitt tillit til minna orða að þakka.

En áður en búið er að reka endahnútinn á þetta frumv., ætla jeg að koma fram með enn eina bendingu. Sú bending er um eina hugsanlega breytingu enn, sem gjöra mætti í Skagafjarðarprófastsd., á þá leið að presturinn í Viðvík þjóni Hofi á Höfðaströnd, en Fellssókn verði svo aptur lögð til Fljótanna. Þeir, sem ferðast hafa þar um, munu kannast við, að það er enginn hindrun á sameining Hofs og Viðvíkur, en Fellssókn stendur í mjög auðveldu og náttúrlegu sambandi við Fljótin. Jeg verð að skoða þetta sem sterkan þátt í því, að gjöra stöðu Fljótaprestsins lífvænlegri, og tek jeg enn Norður-Múlaprófastsdæmi til samanburðar.

Jeg fjekk því nær snuprur hjá háttv. framsm. (Sig. St.) fyrir það, að jeg kærði mig ekkert um sóknarbörnin. Það var nú reyndar ekki rjett, því jeg hafði einungis tekið samræmið *fram yfir* sóknarbörnin. En yfir okkur, sem sitjum hjer, stendur annað, sem þarf að taka tillit til, þegar við erum að semja lög. Það er það, að í lögunum sje samræmi. En þetta frumv. er svo sauðflekkótt, að mjer er alls ómögulegt að greiða því atkv. mitt.

Þegar milliþinganefndin var að komast á laggirnar, átti jeg tal við einn mann úr henni, mjer nákunnugan, og sagði honum, að jeg væri fús og reiðubúinn til að gefa nefndinni upplýsingar um þau hjeruð, þar sem jeg væri kunnugur. En hvorki hann nje nefndin ljet svo lítið að þiggja boð mitt, og má vera, að nefndinni sje þar ekki um að kenna. Má þó nærri geta, að maður, sem er kunnugur í 2 landsfjórðungum, muni hafa getað gefið einhverjar upplýsingar, sem að gagni máttu verða. Og þetta er þá 6. upplýsingin, sem jeg gef í þessu máli, en sem því miður kemur of seint.

Jeg hafði ætlazt til. að prestum yrði fækkað úr 140 niður í 100. Hefði það verið gjört, var það stór vinningur. Þá hefði kröptum þeirra ekki verið tvískipt, þá hefðu þeir ekki þurft að búa við þessi sultarlaun, Það verður, eins og nú er, nauðsynleg afleiðing af stöðu þeirra, að þeir verða að vera bændur fremur en prestar, ef þeir eiga að geta lifað.

Jeg hygg líka, að í Suður-Múlasýslu hefði mátt færa prestaköllin meir saman en gjört er, og vil jeg skjóta því til þm. S.-Múl. (Gtt. Vigf.), hvor það sje rjett skoðun. Þegar jeg legg Norður-Múlasýslu til grundvallar, þá kemur misræmið svo skarpt fram og sýnir, hve flekkótt frumv. er.

Framsögum. (Sig. St.) minntist um daginn á, að Gönguskörð væri snjóakista. Jeg veit það vel, en jeg tek það líka fram, að þar eru ekki margir bæir. Frá innsta hluta syðra brauðsins er 3 tíma ferð út á Sauðárkrók, og sje jeg ekki, að neitt geti verið þessari sameiningu til hindrunar.

Það sem frv. þessu er áfátt, held

jeg að mest stafi af því, að um það hafa menn fjallað, sem höfðu ekki nándarnærri jafn nákvæma þekkingu á öllum prófastsdæmum landsins, sem nauðsynlegt var. Jeg veit, að það stafar alls ekki af illvilja nefndarmanna, heldur af ofmiklum ókunnugleik, en þá hefðu þeir líka átt að nota sjer það, er kunnugir menn buðust til að gefa upplýsingar. Það hefur nefndin ekki gjört. Þess vegna er frv. líka svona úr garði gjört.

Um breyt.till. á þskj. 237 vil jeg taka fram, að jeg álít þær fullkomlega rjettmætar, og því rjett að greiða atkv. með þeim, en þó voru þær bendingar um breytingar, sem jeg gaf hjer um daginn, enn þá rjettmætari.

Áður en jeg enda mál mitt, vil jeg að eins geta þess, að það er álitamál, ef Mælifell og Goðdalir hefðu ekki áður verið sameinaðir, hvort ekki hefði verið rjett að sameina Ábæjarsókn við Miklabæ og bæta Víðimýrarsókn við Mælifell. Jeg sje ekki, að neitt hefði getað verið móti þeirri sameiningu, enda veit jeg til, að Ábæ hefur verið þjónað frá Miklabæ heilt missiri eða jafnvel lengur, og ekkert þótt athugavert við það.

Ágúst Flygenring, (4. kgk. þm.): Jeg hef fátt um frumv. að segja nú, en á hjer tvær breyt.till. Hin fyrri á þskj. 257 er tekin aptur með br.till. á þskj. 287, en hún var í samræmi við það, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls. En við nánari íhugun fannst mjer hún hvorki einhlít nje rjettlát. Breytti jeg henni því þannig, að Kirkjuvogssókn leggist undir Stað í Grindavík, en hún lá áður undir Útskála.

Jeg er þakklátur hv. framsm. (Sig. St.) fyrir hans góðu undirtektir undir þessa breyt.till., og vona, að úr því hin hv. nefnd tekur henni svo vel, þá geti hv. deild einnig fallizt á hana.

Í viðbót við það, sem hv. framsm. (Sig. St.) tók fram um, að hægt sje að láta sjer lynda, að leggja niður Kálfatjarnarprestakall og skipta því milli Útskála og Garða, þá skal jeg geta þess, að auk þess sem að vegur kemur þar suður eptir, þá kemur sjálfsagt einnig talsími meðfram veginum innan skamms. Byggðin er einmitt mjög þjett meðfram aðalveginum. Bæði Vatnsleysuströnd og Vogar eru mjög þjettbýlar sveitir. Mun það ekki verða nema 2 til 3 klukkutíma reið á sóknarenda, þegar vegurinn er fullgjör.

Þar sem prestaköllin eru mannmörg, þar eiga prestarnir að fá nóg að vinna í þarfir kirkju og kristindóms, og eiga ekki að þurfa að vera neyddir til, að sinna öðru en því, sem þeir hafa gjört að lífsstarfi sínu. En því eru aptur samfara auknar tekjur. Þetta álít jeg ekki að eins mjög hollt og hentugt fyrir prestinn sjálfan, heldur einnig fyrir söfnuðinn. Jeg er alls ekki að ætlast til, að prestunum sje ofþyngt með störfum, látnir hafa meira að gjöra, en þeir eru færir um eða komast vel yfir, heldur að eins láta þá hafa svo stórt verkefni, að þeir launanna vegna ekki þurfi að hafa önnur störf, og sjá svo, hver ávöxturinn verður. Jeg skal líka geta þess, að í prestaköllum þeim, er hjer er um að ræða, eru víðast stofnaðir skólar, og gjörir það ekki lítið hægra fyrir prestinn að hafa eptirlit með menntun sóknarbarna sinna.

Það er þá ekki fleira, sem jeg þarf hjer við að bæta, en vona, sem sagt, að þessar breyt.till. gangi í gegn í hinni háttv. deild.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg hef mjög lítið að

segja viðvíkjandi ræðum hinna háttv. þm. Það er að eins í sambandi við sameining Svalbarðs- og Ásmundarstaðasókna, sem jeg skal geta þess, að eptir áreiðanlegum upplýsingum, þá mun þetta verða einhver erfiðasta annexiuleið á landinu.

Hef jeg svo ekki fleira að segja viðvíkjandi breyt.till. háttv. 6. kgk. þm.

Þá var það háttv. 1. varaforseti, 2. þm. Húnv. (J. Jak.), sem hjelt alllanga ræðu, og taldi það illa farið, að bendingar sínar við 2. umr. hefðu ekki verið teknar til greina af nefndinni, og mundi frumv. því fara mjög mislitt og flekkótt út úr deildinni. Jeg verð að segja það, að jeg bjóst við, að háttv. þm. (J. Jak.) hefði minnzt á þær breytingar af svo mikilli alvöru, að hann sjálfur teldi sjer skylt að koma fram með breyt.till. um það efni. Þá hefði hann getað sjeð, hve mikinn byr þær fengju hjá háttv. deildarmönnum, og um leið velt allri ábyrgð á deildina og ljett á samvizku sinni. En nefndin skuldbatt sig aldrei til, að bera þær fram, svo við því gat hann ekki búizt. En að nefndin ekki bar fram þessar breyt.till., hygg jeg hafa komið af því, að hún hafði einmitt 2 menn, sem voru eins kunnugir á þessu svæði, eins og háttv. 2. þm. Húnv., nefnilega mig sjálfan og háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.). Af þessu held jeg það hafi einnig verið sprottið, að nefndin var ekki fús á sjálf, að koma með þessar breyt.till. En hitt er annað mál, hvernig byr þær hefðu fengið í deildinni. En nú hefur háttv. þm. spilað því tækifæri úr hendi sjer. Mjer finnst það, satt að segja, hálf óviðkunnanlegt, að heyra menn halda langar ræður um, að svona og svona ætti þetta að vera, en hreyfa svo hvorki hönd nje fót, til þess að koma með breyt.till. í þá átt. Það gjörðu aðrir háttv. þm., að koma með breyt.till., og kann nefndin þeim þakkir fyrir. Þeir ljetu sjer ekki nægja, að setja út á frumv., heldur lögðu þeir til og störfuðu að því, að það fengi það útlit, sem þeim líkaði. Er það nú því þýðingarminna, að koma fram á þessum stað með bollaleggingar um breytingar, þar sem frumv. verður nú annaðhvort að falla eða fara út úr deildinni eins og það er.

Það átti fremur við starf háttv. milliþinganefndar, en þessarar nefndar, sem háttv. 2. þm. Húnv. sagði, að aðaltillitið ætti ekki að taka til vilja sóknarmanna heldur þingsins. Hjeraðsfundur Skagfirðinga lagði þó á móti ýmsum þeim sameiningum, sem háttv. milliþinganefnd hefur stungið upp á í því hjeraði, og álit jeg það samt varhugavert, að fara á móti eindregnum vilja sóknarmanna og hjeraðsfundar.

Jeg held því alls eigi fram, að mjer finnist að nokkru leyti ókleift, að sameina þau brauð, sem háttv. þm. (J. Jak.) nefndi, en úr því að hann áleit þá sameining hagkvæmari, en fyrirkomulag frumv., þá var það bæði þingmannsleg og siðferðisleg skylda hans, að koma fram með breyt.till. þar að lútandi. Viðvíkjandi því, sem háttv. sami þm. sagði, að um þetta frumv. hefðu ei aðrir átt að fjalla en menn, sem nákunnugir voru í hverju prófastsdæmi, skal jeg benda á, að þá hefði milliþinganefndin helzt þurft að vera skipuð einum manni úr hverju prófastsdæmi landsins. Býst jeg þá við, að hún hefði þótt verða nokkuð dýr, ekki sízt, ef jafn lítið á að verða úr störfum hennar, eins og hjer er útlit fyrir. Þessu og öðru eins er auðvelt að kasta fram, en erfiðara að fylgja því í framkvæmdinni. Veit jeg, að milliþinganefndin var skipuð svo samvizkusömum mönnum, að þeir

hafa sjálfsagt útvegað sjer allar þær leiðbeiningar kunnugra manna, þar sem staðarþekking þeirra náði ekki til, sem þeir hafa þurft til að undirbúa þetta mál. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar, að sinni, og vona jeg, að háttv. 2. þm. Húnv. verði nefndinni ekki reiður, þó hún eigi fylgdi bendingum hans, ekki sízt þar sem honum sjálfum þótti þær eigi svo mikils virði, að hann þess vegna kæmi fram með breyt.till.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg ætlaði að leyfa mjer að gjöra viðvíkjandi, því sem háttv. framsm. (Sig. St.) sagði um breyt.till. mína. Mjer skildist svo sem aðal-ástæðan til þess, að hann gæti ekki fallizt á breyt.till., væri sú, að Ásmundarstaðir væri of örðuga nnexía frá Svalbarði. Mjer kom þetta að vísu nokkuð á óvart, en það getur verið, að hann hafi nokkuð til síns máls um, að hún sje erfið. En jeg álít, að presturinn í Svalbarðsprestakalli hafi bezta næði til að þjóna henni samt sem áður, og jeg get hugsað mjer, eptir því sem jeg hef heyrt í ræðum annara háttv. þm., að það sje ekki verra en víða annarsstaðar. En því datt nefndinni þá eigi í hug, að sameina Svalbarðs- og Sauðanessóknir? Þá hefði mátt flytja prestinn. Mjer finnst annars háttv. nefnd ekki hafa gjört sjer nógu mikið far um að kynna sjer alla mögulegleika fyrir sameiningu prestakallanna. En fari svo, að frumv. þetta komi aptur til baka til deildarinnar og mín breyt.till. verði felld nú, þá mun jeg koma með breyt.till. um, að Svalbarð og Sauðanes verði sameinað og reyna á þann hátt að ná tilgangi mínum.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það var að eins örlítil athugasemd, sem gildir sjálfan mig persónulega, er jeg vildi leyfa mjer að gjöra gagnvart síðustu ræðu háttv. framsm. (Sig. Sí.). Hann fann mjer það til foráttu, að jeg hefði haldið langa ræðu um breytingar, sem þyrfti að gjöra á þessu frv., en svo eigi hreyft hönd nje fót til að koma þeim í framkvæmd og þannig ei uppfyllt siðferðislega skyldu mína. Mjer finnst þetta dálítið hörð orð. Get jeg því skýrt ofurlitið, hvernig stóð á, að jeg ekki kom með breyt.till., *ef* háttv. framsm. man það ekki. Jeg veit, að hinir háttv. þingdeildarm. muna það, þó hann ekki muni það, að þegar jeg stóð upp, þá tók jeg það fram, að jeg gjörði það að eins til að gefa hinni háttv. nefnd ýmsar leiðbeiningar, því jeg bar ótta fyrir því, þar sem frumv. var þannig úr garði gjört, að svo margar breyt.till. mundu koma fram, og því mundi nefndinni gjörður meiri greiði með því að láta hana vita, hvaða skoðun hver einstakur maður hefði í þessu máli, heldur en að láta þyrpast að henni breyt.till. úr öllum áttum. Gat þá háttv. nefnd sýnt vilja sinn á að gjöra frumv. vel úr garði. Býst jeg við, að þó hún eigi taki þessar bendingar, þá muni háttv. Nd. gjöra það. Þetta var fyrir mjer að eins »taktiskt« atriði, en jeg mundi þó hafa komið með breyt.till., ef nefndin hefði skorazt undan því. En háttv. framsm. minnist þó líklega, að þegar við gengum hjeðan út úr deildinni, þá spyr hann mig, hvort jeg ætli að gjöra breyt.till. um þetta efni, en þá svaraði jeg nei, og að jeg afhenti nefndinni það algjörlega, til þess að frumv. gæti orðið sem bezt úr garði gjört og sjálfu sjer samkvæmt. Svo er háttv. framsm. að skáka í kunnugleika sínum og háttv. 2. kgk. þm., en jeg held, að hann muni nú farinn að fyrnast, og þó að þeir sjeu kunnugir, þá er jeg svo kunnugur á

þessu umtalaða svæði eins og nokkur núverandi Þingíslendingur getur verið.

ATKV.GR.:

1., 2.og 3. breyt.till. (257) við 38., 37. og 39. lið teknar aptur.
1. breyt.till. (287) við 36. lið samþ. með 9 samhlj. atkvæðum.
2. breyt.till. (287) við 37. lið samþ. með 9 samhlj. atkv.
3. breyt.till. (287) við 38. lið samþ. með 9 samhlj. atkv.
4. breyt.till. (287) við 39. lið samþ. með 9 samhlj. atkv.
1. breyt.till. (278) við 1. gr. XI. 59 sþ. með 9. samhlj. atkv.
2. breyt.till. (278) við 1. gr. XII. 61 lið samþ. með 9 samhlj. atkv.
3. breyt.till. (278) við 1. gr. XII. 62 lið. samþ. án atkv.gr.
1. breyt.till. (295) við 1. gr. XVII. 88. lið samþ. í einu hlj.
2. breyt.till. (295) við 1. gr. XVII 92. lið samþ. í einu hlj.
1. breyt.till. (237) við 1. gr. 109. lið samþ. með 6 atkv. gegn 3.
2. breyt.till. (237) við 1. gr. 110. lið samþ. án atkv.gr.
3. breyt.lill. (237) við 1. gr. 111. lið (sem verður 110. liður) samþ. með 7. atkv. gegn 2.

Breyt.till. (289) við 6. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. svo breytt samþ. með 8 atkv. gegn 1, og afgreitt til forseta Nd.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A 308) til 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. A.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að frumv. sje vísað til nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta, þegar umræðum er lokið.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Frv. vísað til nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta með 22 shlj. atkv.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. sept., kom frv. (A 308, 406, 426, 521, 526, 547, 548, 554) til 2. umr.

Framsögumaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Fyrir 4 árum var samþykkt hjer á þinginu þingsályktunartill. þess efnis, að skora á stjórnina, að skipa milliþinganefnd, til þess að íhuga kirkjumál landsins, og eitt af þeim atriðum, sem sú nefnd átti að athuga og koma fram með ákveðnar tillögur um, var hagfelld skipun prestakalla«. Nefndin áleit, að þetta yrði að setja í samband við aðra liði, sem teknir voru fram í þingsályktunartill., og er skoðun nefndarinnar rjettilega skilin og skýrð af háttv. stjórn í ástæðunum fyrir frumv., þar svo er að orði kveðið: »Það var sjerstaklega haft fyrir augum, að með hagfelldari skipun prestakallanna mætti fækka þeim, og hafa tekjur hinna niðurlögðu prestakalla, til þess að bæta að einhverju leyti launakjör prestanna, sem yfirleitt eigi geta talizt viðunandi«.

Milliþinganefndin var skipuð í marzmánuði 1904, en skömmu seinna, í aprílm. skrifaði hinn þáverandi formaður nefndarinnar stjórnarráðinu og óskaði þess, að álit hjeraðsfunda væri leitað um tiltækilega fækkun prestakalla og sameiningar m. m. Þetta hafði þann árangur, að málið var almennt tekið til íhugunar það ár, og næsta sumar komu umsagnir flestra hjeraðsfunda og prófasta. Þessar skýrslur voru þær heimildir, sem nefndin hafði með höndum, studdist við og lagði síðan til grundvallar að miklu leyti, því hún vildi reyna að koma tillögum sínum og stefnu í málinu sem bezt heim við óskir álitsgjörðanna; auðvit-

að varð að víkja nokkuð frá, því álitsgjörðirnar voru misjafnar, að því er snerti sameiningu eða fækkun prestakallanna, enda fór nefndin opt og einatt lengra í sameiningu fámennra prestakalla, en hinna fjölmennari. Nefndin hafði þá skoðun, að í fjölmennum hjeruðum eigi söfnuðirnir rjett á meiri og betri prestsþjónustu, en í þeim minni; yrðu þeir því miður í þessu sem mörgu öðru að gjalda fámennisins. Það mundi ekki þykja rjett og verða óánægjuefni, að taka af stærri brauðunum mjög mikið fje, sem þau höfðu undir höndum og sem gat gefið þeim von um að fá góða presta, til þess að leggja við hin smærri, sem þá ef til vill væru langt í burtu. Þetta styðst við þá eðlilegu skoðun, að hver söfnuður eigi í framtíðinni að launa sinn prest. Við sameining prestakallanna mun óánægja safnaðanna einkum koma fram í því tvennu, að þeir fái minni prestsþjónustu en áður, og að þeir þurfi samt að greiða hin sömu gjöld.

Niðurstaðan af starfi nefndarinnar varð svo sú, að eptir að hafa átt 2—3 langar og ítarlegar umræður um þetta mikla mál, þá lagði hún álit sitt í frumvarpsformi fyrir stjórnina. Nefndin lagði til að fækka prestaköllunum um 30, úr 142 niður í 112; við þetta er svo ætlazt til að sparist fje, sem verja skal til þess að gjöra laun prestanna jafnari og viðunanlegri.

Í till. nefndarinnar er einnig beint að því, að ætla ekki hverjum presti mjög margar kirkjur, nema þar sem svo hagar til, að hægt væri að sameina kirkjurnar. Jeg skal í þessu sambandi leyfa mjer fyrir hönd milliþinganefndarinnar, að lýsa því yfir, að hún er þakklát stjórninni fyrir þau ummæli, sem stjórnin hefur um gjörðir hennar í athugasemdunum við stjórnarfrumv., því þau nmmæli lýsa góðum skilningi á starfi og ástæðum nefndarinnar. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp lítinn kafla úr athugasemdum stjórnarinnar:

»Það ræður að líkindum, að misjafnir verða dómar um það, hvort nefndin hafi allstaðar ratað meðalhófið í niðurlagningu og niðurskipun prestakallanna, hvort hún hafi tekið hæfilegt tillit til þarfa safnaðar ins og hinsvegar til nauðsynja þess, að bæta kjör prestanna. Til þess að geta um þetta dæmt til fullnustu, þarf nákvæma þekkingu á því, hvernig til hagar á hverjum stað. Að áliti stjórnarráðsins eru tillögur nefndarinnar yfirleitt á góðum rökum byggðar og hefur það því fallizt á frumv. nefndarinnar í heild sinni«.

Það er gleðilegt, að stjórnarráðið hefur skilið nefndina svo vel, og þessi ummæli ákveða og afmarka starfsvið hennar. Síðan voru gjörðir og tillögur nefndarinnar lagðar fyrir biskupinn til athugunar og umsagnar.

Stjórnarráðið hefur svo lagt frumv. mjög lítið breytt fyrir þingið; það er haldið sömu tölu prestakallanna, en lítilsháttar fært til og eitt prestakall lagt niður en öðru bætt við. Málið var fyrst lagt fyrir háttv. Ed.; þar var það rækilega athugað í nefnd, og voru ekki stórvægilegar breytingar gjörðar á því; þó var prestaköllunum fækkað um 3, og var eitt af þeim hið sama, sem milliþinganefndin lagði til að væri lagt niður, en biskup vildi ekki samþykkja, nefnilega Gufudalur.

Annað prestakallið, sem háttv. Ed. leggur til að lagt sje niður, mun vera vegna þess, að nýr vegur er á leiðinni þar á milli, nefnilega vegurinn frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Þriðja prestakallið, sem háttv, Ed. hefur samþ. að leggja niður, verður örðugt viðfangs,

því að með því móti verður það prestakall, sem þar er stofnað, hið erfiðasta og yfirferðarmesta á öllu landinu; það er í Norður-Þingeyjaprófastsdæmi og er ekki einungis milur, heldur þingmannaleiðir á lengd, frá Hólsfjöllum og norður að Rauðanúp. Þingnefndin hefur samt ekki komið með breyt.till. við þetta, en telur sjálfsagt að auka erfiðleikauppbótina.

Frv. er þá komið hingað í deildina þannig útlítandi, að gjört er ráð fyrir 109 prestaköllum. Þetta er mikil fækkun frá því, sem var fyrir tæpum mannsaldri síðan, því þá voru prestaköllin 171, áður en þeim var fækkað með prestakallalögunum frá 27. febr. 1880. Hvað sem nú kristindómi og skoðun manna á presti og kirkju líður, þá má búast við, að sumum þeirra manna, sem nú lifa frá þeim árum, þyki þessi breyting allmikil, og renni í hug þeir tímar, þegar samvinna milli prests og safnaðar var meiri og innilegri, en útlit er fyrir að hún geti orðið nú eptir alla þessa fækkun, því það er í rauninni stórt skarð fyrir skildi, þar sem prestaköllunum var fyrir 27 árum fækkað um 30 og nú aptur um 33.

Þetta var sú almenna hlið málsins og mun jeg nú víkja að hinum einstöku liðum og breyt.till.

Nefndin gat ekki allsendis orðið sammála um þetta frumv., þó hún annars hafi unnið með góðu samkomulagi að þessum kirkjumálum, sem hún hefur haft til meðferðar, því tveir nefndarmenn vildu fækka prestaköllunum enn meir; þeir hafa því komið með breyt.till. um að fækka þeim um 12 enn þá. En við það að taka málið til nýrrar meðferðar og athugunar, samdist svo, að nefndin sjálf tók upp tvær breyt.till. um sameining prestakalla. Fyrri breyt.till. kom til orða út af 3. breyt.till. á þgskj. 526, þar sem farið er fram á að Mosfell í Mosfellssveit nái yfir: Lágafells, Brautarholts, Viðeyjar, Saurbæjar og Reynivallasóknir. Þessu hefur nefndin breytt þannig, að leggja Brautarholtssókn til Reynivalla, en Lágafell og Viðey til Reykjavíkur. Þetta þótti nefndinni að vísu athugavert, þar sem ærið fólksmargt er fyrir hjer í bænum; en á hinn bóginn leit hún á það, að hjer eiga að vera tveir fullkomnir prestar og auk þess er hjer fremur en annarsstaðar völ á prestvígðum mönnum og fleirum, sem vænta mætti að yrðu fúsir til þess, að sýna kristilega hjálpsemi gagnvart söfnuðinum. Niðurstaða nefndinnar varð því þessi, að leggja Lágafell sem annexíu við Reykjavík. En jeg vil taka það fram, að það liggur ekki nein móðgun við Reykjavík í þessu, og þó Viðey kæmi í viðbót, þá þyrfti það alls ekki að verða til sjerlegra erfiðsmuna fyrir Reykjavíkurprestakall.

Hin breyt.till., að sameina Kvíabekk og Barð í Fljótum byggist á því, að erfitt er að fá prest að Kvíabekk, og einnig hefur biskup talið það gjörlegt; hann segir svo í áliti sínu:

»Nefndin lætur Kvíabekk haldast sem sjerstakt prestakall, eins og nú er, og er það sennilega affarasælast. Jeg vil þó láta þess getið, að núverandi prestur í Barðsprestakalli í Fljótum hefur í fullri alvöru farið þess á leit við mig, að Kvíabekkur verði lagður undir Barð, og telur þá sameiningu gjörlega, og verkefnið sjer ekki ofvaxið . . . . . .

Nú sem stendur, er kirkjulaust í Stórholti, og mun ekki fullráðið, hvort kirkjan, sem fauk fyrir rúmu ári, verður aptur reist, því að efni til þess vantar, eða sóknin verður sameinuð

Barðssókn. Ef kirkjurnar í Barðsprestakalli yrðu að eins 2, þá yrði auðveldara, að bæta Ólafsfirðinum við til þjónustu«. Þessi ummæli herra biskupsins virðast benda til þess, að hann sje þessari sameiningu ekki mótfallinn. Þess vegna hefur nefndin komið fram með þessa sameiningu. Allar tillögur kirkjumálanefndarinnar voru lagðar undir álit biskups, og hann gjörði við þær sínar athugasemdir eins og jeg hef áður minnzt á.

Af br.till. á þingskj. 526 hefur nefndin fallizt á þá 5., sem stendur í sambandi við að sameina Gilsbakka- og Reykholtsprestaköll, en leggja Hvamm í Norðurárdal ásamt Norðtungu til Stafholts í Stafholtstungum. Það stendur einmitt svo heppilega á, að þm. fyrir það kjördæmi, sem þessi prestaköll liggja í, á sæti í þingnefndinni, og hefur hann því öllum fremur kunnugleik á þeim. Hann telur sameining þessa ekki ógjörlega, þó hann sje þess ekki sjerstaklega fýsandi. Svo er 6. br.till. á sama þingskj., sem nefndin eptir nákvæma athugun, og vegna sjerstakra atvika fellst á; það hefur nfl. verið gjörður nýr vegur, og ein stórá brúuð á svæði þeirra prestakalla, sem þar um ræðir, síðan að milliþinganefndin hafði málið til meðferðar. Enda er það tekið fram í áliti hennar um prestalaunamálið, að ef vegir batni, eða ár verði brúaðar, þá falli erfiðleikauppbót niður, og er þannig óbeinlínis bent til frekari sameiningar.

Tillöguna undir 11. tölul. á sama þingskj. hefur líka meiri hluti nefndarinnar viljað fallast á. Þar er farið fram á, að allur Svarfaðardalur og Stærri-Árskógssókn sje gjörður að einu prestakalli, þetta yrði að vísu mjög stórt prestakall, þar sem í Svarfaðardalnum eru 4 kirkjur, og hjer um bil 1,000 manns og Stærri Árskógssókn er einnig fjölmenn. En í Svarfaðardalnum mætti máske fækka kirkjum, og mjög langar annexíuleiðir munu þar ekki vera, enda er Stærri-Árskógur nú um sameiginlegan prest við Velli. Jeg verð nú samt fyrir mitt leyti að álíta sameining þessa lítt gjörlega, og er henni ekki samþykkur. Hitt er þá enn meira, að sameina Möðruvelli og Bægisá, þó aptur teldist dálítil ástæða til þess. Milliþinganefndin hafði lagt til að leggja Glæsibæ við Möðruvelli, en nú hefur Glæsibær, samkv. hjeraðsfundarályktun verið lagður til Lögmannshlíðar, og við það hefur Möðruvallaprestakall minnkað. Það er því ástæða til að halda, að ef presturinn sæti á góðum stað, t. d. á Möðruvöllum, þá gæti hann þjónað báðum brauðunum Möðruvöllum og Bægisá. Jeg er samt ekki heldur meðmæltur þeirri sameiningu.

Að öðru leyti hefur nefndin ekki getað fallizt á fleiri br.till., og vona jeg, að háttv. flutningsm. gjöri þær sjer ekki að kappsmáli, þar sem nefndin, eða meiri hluti hennar, hefur þó til samkomulags aðhyllzt þessa, sem jeg nú hefi nefnt.

Þá koma 2 breyt.till. á þingskj. 547, og er önnur þeirra sú eina, sem fer í öfuga átt við allar hinar breyt.till., nfl. að taka app nýtt prestakall, Gaulverjabæjarprestakall. En jeg skal taka það fram, að sú tillaga, að leggja það niður, hún var tekin upp af milliþinganefndinni samkvæmt ályktun hjeraðsfundar, því það var einmitt samþykkt á hjeraðsfundi eystra, að leggja niður Ólafsvalla- Gaulverjabæjar- og Selvogsprestaköll. Þessum prestaköllum er svo í sveit komið, að það ætti ekki að vera neinum sjerlegum erfiðleikum bundið, að sameina þau við önnur. En hitt þykist jeg

vita, að þessi br.till. sje ekki komin fram eptir ósk viðkomandi safnaða, sem gjarnan vill halda sínu prestakalli og sínum presti, og þykir mjer það ekki nema eðlilegt. Það má þá búast við, að óskir komi frá fleiri söfnuðum í líka átt, eða kvartanir um, að ekki sje farið eptir þeim. En það verða menn að sætta sig við, að ekki er allstaðar jafnhægt, að haga skipun prestakallanna eptir óskum viðkomandi safnaða.

Við þessu er ekki hægt að gjöra, og mun verða að vænta þess, að þetta batni, og menn jafni það með sjer, þegar frá líður.

Þá er breyt.till. 548 frá háttv. þm. V.-Ísf. (J. Ól.), þar sem farið er fram á, að sameina þau 3 prestaköll, sem í frumv. er gjört ráð fyrir, að verði í Vestur-Ísafjarðarsýslu, og gjöra úr þeim 2 prestaköll. Nefndin játar það, að hún er eigi eins kunnug á þessum slóðum eins og háttv. flutningsmaður þessarar breyt.till., en hún verður hins vegar að álíta, að hjer sje farið lengra, en stefna frumv. gjörir annars. Hjer er farið fram á það, að sameina Mýraþingin við Holt í Önundarfirði, og verður það í meira lagi örðugt prestakall, þar sem yfir heiði er að sækja og fleiri torfærur. Nefndinni finnst og eðlilegast, að sami fjörðurinn sje eitt prestakall, og að ekki sje farið að taka nokkurn hluta hans eða sveitarinnar, og steypa saman við prestaköll, sem liggja við aðra firði, hinumegin við stóra fjallgarða. Það hefur verið og er svo, og jeg vona, að það verði svo framvegis, að prestakallið hefur verið dálítil heild út af fyrir sig í þjóðfjelagsskipuninni með samkynningu og fjelagsskap innbyrðis. Það hefur löngum verið lítið um mannfundi í sveitum, og jeg veit það frá afa mínum og öðru gömlu fólki, að það var þó ekki svo lítið, sem það gat rætt og talað við kirkjugöngur, lengi fram eptir næstliðinni öld. Það er því rjett, sem nefndin hefur haft fyrir augum, að sundra ekki þeim sveitum, sem í eðli sínu eiga saman, því að samkomur innan prestakallanna, hvort sem það eru gleði- eða sorgar-samkomur, styðja mjög að fjelagsskap og góðri viðkynningu manna á milli. Það má ganga að því vísu, að söfnuðunum muni vera það óljúfara, að þeim sje kastað í samband við menn, sem þeir þekkja ekki, en að vera með þeim, er áður hafa þekkt þá og haft sömu byrðar að bera. Þetta vakti nú fyrir nefndinni, þegar hún áleit, að Dýrafjörður — þessi blómlega sveit, þar sem ekki skilur annað milli hluta hennar, en þessi fagurblái fjörður, sem ekki er nema gaman að fara yfir á mótorbát í góðu veðri, — ætti að vera eitt prestakall sjer, en ekki að slíta hann í sundur milli sveita, sem liggja á bak við fjöll og firnindi. Þetta vona jeg nú, að háttv. deildarmenn skilji. Þá hefur þess verið getið, að tvær breyt.till. frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) eru teknar aptur.

Jeg vil taka það fram, að þótt sagt sje, að ekki megi róta við málinu, þá er það einungis af því, að það er einn liður í þessu stóra kerfi, og þar með er ekki verið að hafa á móti því, þótt eitthvað sje fundið að málinu, heldur er að eins lögð áherzla á það, hvernig það er gjört.

Jeg skal ekki segja það, að öll ákvæði í frumv. sjeu heppileg, en það stendur í svo nánu sambandi við hin frumv., að þau standa eða falla með því, öll nema kannske eitt.

Jeg vona því, að menn styðji það til endilegrar úrslita á þessu þingi.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Eins og háttv. þingdeildarmenn sjá, hef jeg

og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) komið fram með breyt.till., sem eru nokkuð stórfelldar, og verð jeg því, að fara um það nokkrum orðum, hverjar ástæður vöktu fyrir okkur, til þess að bera þær fram.

Það er langt síðan, að jeg fjekk þá skoðun, — og jeg hef fyrir nokkrum árum haft tækifæri til, að lýsa yfir henni hjer í deildinni —, að launakjör presta og ástæður kirkjunnar hjer á landi væri óviðunanleg. Jeg leit svo á og lít svo á enn, að meðan prestarnir eru þjónar þjóðfjelagsins, þá sje það skaði fyrir þjóðfjelagið, að þeim sje ekki launað nógu vel, og jeg álít þjóðinni það jafnvel ekki vansalaust.

Þetta hefur nú ágjörzt á síðari árum við rás viðburðanna, þar sem að flestar lífs-nauðsynjar hafa hækkað í verði, en kröfurnar vaxið hjá prestunum eins og öðrum til þess, að njóta þæginda lífsins.

Jeg hjelt þess vegna fram þeirri skoðun fyrir mörgum árum eins og jeg gjöri nú, að þetta þyrfti að laga, og til þess væri eitt undirstöðu-skilyrði nauðsynlegt, og það er, að haga svo tekju-stofnunum, sem hingað til hafa verið látnir nægja til þess, að gjalda til prests og kirkju, að þeir gætu einnig orðið nægilegir framvegis, og að landssjóður þyrfti því ekki, að taka sjer þessa byrði á herðar.

Og þá verður það bezta ráðið, að fækka prestaköllunum, því að það verður hvorki skaðlegt fyrir kirkjuna nje aðra, heldur ætti það þvert á móti að geta orðið til góðs fyrir kirkjulífið, því að ef prestunum er launað svo vel, að þeir geti hætt við önnur störf, og gefið sig alla við prestsstöðunni, þá ætti safnaðarlífið að græða svo mikið við það, að ekki gjörði svo mikið til, þó þeim fækkaði.

Það er gleðilegt fyrir mig og háttv. meðflm. minn og aðra, sem hafa haldið þessu fram, að þessi stefna hefur nú rutt sjer svo til rúms, að farið er fram á það í þessu frumv. er hjer liggur fyrir, að fækka prestaköllunum til mikilla muna. En við lítum svo á, að þau launakjör, sem prestunum eru boðin með þessu frumv., sjeu ekki betri en svo, að ekki sje líklegt, að þau verði viðunanleg til lengdar. Annars er sú grundvallarregla, sem milliþinganefndin fylgdi, nefnilega að láta tekjustofnana nægja, alveg sú sama sem við höldum fram. En það, sem skilur, er þetta, að okkur þykir milliþinganefndin ekki hafa farið nógu langt í fækkuninni, ekki nógu langt til þess, að með henni sparaðist svo mikið fje, sem hrykki til þess að gjöra prestalaunin viðunanleg til lengdar. Þess vegna höfum við leyft okkur, að koma fram með þessar breyt.till., og það hefur vakað fyrir okkur, að við skyldum hvergi leggja til, að gjöra svo mikla stækkun, að þau brauð yrðu erfiðari en sum af þeim, sem þegar hefur verið gjört ráð fyrir. Jeg vona það, að þegar háttv. þm. athuga breyt.till. okkar, þá sjái þeir, að ekkert af þeim brauðum, sem við leggjum til að stofnuð skuli verða með samsteypu, er eins erfitt eins og sum af þeim, sem nefndinni og öðrum nú virðist hafa komið saman um að skapa. Við vildum hjálpa þessu máli svo við, að hjer sje ekki verið að tjalda til einnar nætur, heldur til frambúðar, og eins og allir sjá, stendur þetta mál í svo nánu sambandi við prestalaunamálið, og menn verða að gæta þess að athuga vel brt., áður en gengið er til atkv. Ef þær breyt.till. sem jeg hef gjört við prestalaunafrumv., verða samþ., þá verða laun presta, þegar erfiðleika uppbótin bætist við, sem jeg ætlazt til að fylgi nærri þriðjung prestakallanna, 1300—2000

kr. fyrir utan aukaverk. Við þetta má búa, en það er heldur ekki meira, en það, sem nauðsynlegt er.

Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál almennt, en snúa mjer að breyt.-till., hverri fyrir sig, og ganga til skripta um það, sem þeim kann helzt að vera áfátt.

Fyrsta breyt.till. er í þrem liðum a, b og c. Jeg skal geta þess, að við erum ekki nógu kunnugir á þessum slóðum til þess að geta fært góð rök fyrir máli okkar. En það vakti fyrir okkur, að í prófastsdæmi, sem ekki er stærra en Rangárvallaprófastsdæmi, sýnist það ekki vera rjett í hlutfalli við önnur, að hafa þar 6 prestaköll. Síðan höfum við fengið bendingu um það, að heppilegra mundi vera að breyta þessu á annan hátt, og er því fyrsti liður á þgskj. 526 tekinn aptur. En ef til vill komum við með aðra breytingu í staðinn til þriðju umr. Um annan tölul. má segja, að sje likt ástatt. Við höfum þar ekki heldur fulla staðarþekkingu, en eitt er víst, og það er það, að þessi tvö prestaköll, sem við leggjum til að komi í stað þriggja, eru ekki bæði til samans stærri að ummáli en mörg önnur, og höfum við því ekki fundið ástæðu til að taka þennan lið aptur, þótt við ekki höfum getað fengið meiri hluta nefndarinnar til þess að fallast á hana. Jeg býst við, að menn muni segja, að það sje of mikið, að hafa 6 kirkjur í Arnarbælisprestakalli. En við segjum, að í till. milliþinganefndarinnar og frumv. eins og það kom frá Ed., er jafnvel gjört ráð fyrir prestakalli með 7 kirkjum. Og það vill nú svo vel til, að jeg er kunnugur á þeim slóðum, og veit að engin skynsamleg ástæða mælir á móti því, að hafa þetta þannig. Þess vegna væri ætlandi, að ekki væri nein frágangssök, að hafa 6 kirkjur þarna, þar sem er mjög gott um samgöngur. Jeg veit líka, að það mætti að skaðlausu leggja einhverja af þessum kirkjum niður, og það fer svo, að þeim fækkar víða, einkum þegar söfnuðirnir sjálfir eiga að taka að sjer fjárráð þeirra; þeir sjá þá, að ekki er hægt, að halda þeim við, svo þær fullnægi kröfum tímans, og á hinn bóginn kosti ekki allt of mikið, nema með því að fækka þeim. Jeg skal t. d. geta þess, að í þessu 7 kirknabrauði í Eyjafirði mætti að mínu áliti komast af með eina kirkju og svo er líklega víðar í hinum þjettbyggðari hjeruðum landsins.

3. tölul. skal jeg ekki tala mikið um; nefndin hefur gjört þar aðra breyt.till. og niðurstaðan er hin sama hjá báðum, að fækka um eitt prestakall; liðurinn er því tekinn aptur. Við 4. lið er það að athuga, að nefndin hefur ekki getað fallizt á þá till. okkar flutningsm., að leggja niður Saurbæjarprestakall á Hvalfjarðarströnd og gjöra það að annexíu frá Akranesprestakalli. Jeg veit, að mörgum af háttv. þm. er svo kunnugt um vegalengdina þar á milli, að þeir viti, að þessi sameining er engin frágangssök hennar vegna, en það mun hafa vakað fyrir mönnum, að í Akranesprestakalli er mjög margt fólk fyrir. Það gætu nú verið skiptar skoðanir um það, hvort það sje nokkur ástæða á móti sameiningu prestakalla, þótt sálirnar verði nokkuð margar. Jeg fyrir mitt leyti álít, að hvergi geti verið að tala um svo stóra samsteypu, að mannfjöldinn geti orðið til fyrirstöðu, því að hver prestur ætti að geta framkvæmt öll venjuleg prestsverk í 4—5000 manna söfnuði. Sá prestur, sem hefði svo stóran söfnuð, yrði líka eptir okkar mælikvarða svo vel launaðir, sökum þess hve miklar aukatekjur hann hefði, að honum væri vorkunnarlaust, að verja öllum tíma

sínum og kröptum til prestsskaparins eins.

Jeg get ekki skilið anuað en að presti ætti að vera það í sannleika ný hvöt til starfsemi, ef hann hefur mikið verk að vinna. (*Ól. Ólafsson:* Ekki of mikið). Ekki of mikið, segir háttv. 2. þm. Árn. Jeg skil ekki, að hjer á landi geti nokkurntíma orðið um það að tala, að starfsvið presta geti orðið of stórt, að því er mannfjölda snertir. En jeg hef ef til vill aðra grundvallarskoðun á hlutverki presta, en háttv. 2. þm. Árn. En mjer finnst það undarlegt, ef prestar vilja ekki heldur hafa marga menn í söfnuði en fáa, og skil varla, að sá sem í sannleika er prestur, geti litið svo á.

Um 5. og 6. breyt.till. okkar þarf jeg ekki að tala; nefndin fellst á þær og er jeg henni þakklátur fyrir. Þær ganga í sömu átt sem tillögur milliþinganefndarinnar og frumv. stjórnarinnar að auka starfssvið presta og gjöra kjör þeirra að sama skapi lífvænlegri.

Um 7. breyt.till. get jeg haft sömu orð, sem um hina fyrstu. Jeg hef fengið bendingu um, að hafa mætti þar hagfelldari skipun, og gjöri ef til vill brt.tillögu um það síðar, en að þessu sinni tek jeg tillöguna aptur.

Um 8. breyt.till. er það að segja, að jeg tel hana einna djarfasta af öllum breyt.till. En að þessu sinni tek jeg hana aptur, alla liðina með varatill.

Um 9. og 10. breyt.till. þarf jeg ekkert að tala. Nefndin hefur fallizt á þær, þó nokkuð á annan hátt. Þær tek jeg því aptur.

Um 11. breyt.till. er ekkert að segja, því að nefndin hefur aðhyllzt hana, en þær tillögur, sem nefndin hefur tekið undir sinn verndarvæng, fá væntanlega góðan byr í deildinni.

Um 12. breyt.till. skal það fúslega játað, að þar er farið fram á stærri sameiningu en annarsstaðar; þar erum við flutningsmenn vel kunnugir, og sýnir það, að við viljum ekki hlífa okkar hjeruðum. Þar hefur áður verið mikið sameinað, en okkur þykir þetta enn vel gjörlegt.

Eptir mínu áliti hefði verið æskilegast, að fækka prestum niður í t. d. 80, þá hefðu tekjurnar nægt til þess að launa þá vel. Það hefði að minni hyggju verið »praktiskt« fyrirkomulag. Það mun sannast, að allt, sem skemmra fer, verður ekki til langvinnrar frambúðar. Jeg heyri marga tala um það, að þjóðkirkjan muni ekki eiga sjer langan aldur. Jeg skal ekkert um það segja og ekki heldur, hvert fyrirkomulag jeg tel æskilegast. En svo að jeg fari að spá, eins og aðrir, þá er það mín skoðun, að skilnaður ríkis og kirkju eigi nokkuð langt í land. Jafnvel þó jeg játi það, sem formaður milliþinganefndarinnar og framsm. þingnefndarinnar (L. H. B.) hefur bent á, að þetta fyrirkomulag aptri því ekki í eðli sínu, þá er eitt atriði, ein höfuðbreyting, sem gjörð er með því, en hún er sú, að kjör prestanna verða miklu þolanlegri en áður, og er þá tekin burt frá þeim hvöt til þess að breyta til. Þetta verður til þess að tefja fyrir skilnaðinum, án þess að jeg fari nokkuð út í það, hvort það sje æskilegt eða ekki.

Að endingu vil jeg leggja áherzlu á það og taka það enn fram, að við flutningsmenn viljum engan veginn víkja frá þeirri góðu og skynsamlegu reglu, sem milliþinganefndin hefur tekið upp, að láta prestaköllin bera sig sjálf, en okkur þykir að eins, sem nefndin hafi ekki farið nógu langt, og miða tillögur okkar alls ekki til þess, að spilla fyrir málinu, heldur til þess að bæta, eins og tillögurnar bera með

sjer, og væntum við, að sanngjarnir menn kannist við, að svo sje.

Jóhannes Ólafsson (þm. V. Ísf.): Jeg á breyt.till. á þgskj. 548. Jeg skal taka það fram, að mjer er breytingartillaga þessi ekkert kappsmál, af því jeg hef ekkert umboð kjósenda minna til þess að bera hana fram. En jeg veit, að hún er samkvæm þeim vilja, sem ríkt hefur í þessum efnum þar í hjeraði. Ef kjósendur mínir hefðu vitað, að þessu máli mundi verða til lykta ráðið á þessu þingi, mundu þeir vafalaust hafa farið fram á það, sem hjer er farið fram á.

Háttv. framsögumaður áleit, að þessi breyting mundi sundra kröptum í hreppnum, en það er þvert á móti kirkjumálanefndin, sem sundrar kröptunum, með því að taka Sæbólssókn út úr Mýrahreppi, og sameina hana við Holt, sem liggur í Mosvallahreppi.

Hann sagði líka, að ekki væri rjett að kljúfa Dýrafjörðinn. En Sandaprestakall hefur að sönnu ekki fyrir mjög mörgum árum notið prestsþjónustu frá Mýraþingum, en það hefur það líka gjört frá Rafnseyri og Álptamýri, þótt lengra sje síðan, og þori jeg að fullyrða, að sú prestsþjónusta var engu lakari.

Hann sagði, að Dýrafjörður væri svo fallegur og skemmtilegur yfir að fara; þau orð sýna, að hann þekkir hann ekki, þegar hann er í essinu sínu; og eins opt mun hann verða ófær, eins og Rafnseyrarheiði.

Jeg skal játa, að heiðin getur orðið ill yfirferðar stöku sinnum á vetrum, Það er mjer kunnugt. Sá prestur, sem nú er á Rafnseyri, telur sjalfsagða þessa sameining, því að annars mundu þessar sóknir verða út undan; og þess ber að gæta, að þó að Rafnseyrarprestakall sje stórt um sig, þá eru að eins um 400 manns í því. Örðugra verður læknishjeraðið, sem nær yfir $2^1/_2$ prestakall, og þurfa menn þó optar að vitja læknis en prests. En það virðist svo sem hjer eigi við orðin: »Það sem við biðjum um, fáum við ekki, en það, sem við biðjum ekki um, fáum við«.

Jeg er samdóma háttv. þm. Sfjk. (J. J.) um það, að skipun prestakallanna eigi að haga svo, að prestar fái lífvænleg laun. Við viljum láta prestinn hafa nóg að gjöra, en líka launa hann svo, að hann geti lifað. Jeg kannast við það, að Rafnseyri með þessari sameining hefði átt að ætla erfiðleikauppbót, og mun jeg gjöra breyt.till. um það við 3. umr., ef þessi nær fram að ganga.

Frá Holti til Kirkjubóls liggur vegurinn um ströndina með sjó fram, þar er engin torfæra, nema smá árspræna. Leiðin er um $^3/_4$—1 klukkust. gangur. Aptur er Gemlufallsheiðin milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar ein með beztu heiðum vestanlands, eiginlega dalur á milli fjarða.

Jeg er alveg viss um það, að af öllum sameiningum þar vestra, er sú örðugust, að hafa Bolungarvík með Súgandafirði. En af því að jeg er yfirleitt með sameiningu prestakalla, mun jeg greiða atkv. með þeirri sameiningu.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta, en vona, að háttv. þingdm. hugsi sig vel um, áður en þeir felli breyt.till. mína.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Það kannast víst allir við það, að þegar ráðgjört var að setja milliþinganefnd í kirkjumálin, var það af þeirri ástæðu, að mál kirkjunnar voru komin í óvænt efni. Það var ekki einföld nauðsyn, heldur tvöföld, sem til þess rak. Í fyrsta lagi hinn langvinni illi hagur prestastjettarinnar, og í öðru lagi það, að kristindóms- og kirkjulíf var ekki eins blómlegt og æskilegt var og vera

átti. Þetta hvorttveggja, sem nú greindi jeg, dró til þess, að milliþinganefnd var sett.

Nefndin hefur skipað svo málunum, að það er sjerstaklega hið ytra fyrirkomulag kirkjunnar, sem hún hefur gjört tillögur um, en ekki hið innra. Jeg skal fúslega játa, að þetta hvorttveggja er í sambandi hvort við annað og opt illt að greina það að. Það er eðlilegt, að hinu innra hnigni, þegar öllu er svo fyrir komið, að til þess að boða kristindóminn fást ekki nýtir menn.

Jeg mundi hafa talið það æskilegt, að milliþinganefndin hefði tekið til rækilegri íhugunar aðskilnað ríkis og kirkju. Styrkist jeg ekki lítið í því, þegar jeg heyri raddir í þingsalnum um það, að það fyrirkomulag muni komast á bráðlega. Þessu hefur verið hreyft á mörgum þingmálafundum; hafa sumir verið hlynntir aðskilnaði, en aðrir hafa viljað, að ekkert yrði útkljáð um þetta mál á þessu þingi. Þetta bendir til þess, að vakandi áhugi sje á þessu máli og muni lifna enn betur.

Því hefur verið hreyft, að ekki væri kominn hentugur tími til þessa, en það er allt af viðkvæðið hjá þeim mönnum, sem ekkert hafa fram að færa. Það er eins hentugur tími nú og seinna.

Því hefur og verið hreyft, að þjóðin væri ekki nógu þroskuð til þessa. Það er ekki rjett. Að vísu mundi, ef til vill, fyrst verða eitthvert ólag að minnsta kosti sumstaðar á skipun kirkjumálanna, en jeg hef þá trú, að allt muni fara vel, þjóðin skipi þessu niður eins og mörgu öðru, svo að vel mætti við una.

Það fer ekki í handaskolum nú orðið hjá þjóðinni, að skipa sjer í afmarkaðan fjelagsskap, setja honum lög og láta hann lifa og dafna, og jeg álít, að þjóðin geti alveg eins hæglega gjört það í kirkjumálum og öðrum málum.

En meðan ekki er hugsað meir um aðskilnaðinn en enn er, þá er ekki um annað að gjöra, en lappa upp á gamla fyrirkomulagið, og þetta frv. gengur einmitt í þá átt, með því að gjöra tilraun til að bæta kjör prestanna.

Jeg skal nú að svo stöddu ekki fara lengra út í þessa hlið málsins. Það hafa komið fram ýmsar tillögur um að stækka prestaköllin og ýmislegt fleira viðvíkjandi skipun þeirra. Jeg fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti, að auka verkahring prestanna að miklum mun, og einnig hefði jeg ekki á móti, að stækka prestaköllin með því að steypa mörgum saman, þar sem það er samkvæmt vilja safnaðanna, en sje það ekki vilji safnaðanna, þá finnst mjer það viðsjárvert. Hingað til hefur það verið föst regla, að leggja ekki niður eina einustu smákirkju, nema söfnuðurinn samþykki það, hvað þá ef um stórar kirkjur er að ræða.

Jeg hef borið fram tillögu um, að hið forna Gaulverjabæjarprestakall fái að halda sjer, en að jeg hef borið þá tillögu fram, kemur til af því, að jeg fjekk brjef frá flestöllum bændum í því prestakalli þess efnis, að þeir fengju þó að halda sínum presti. Hjer kemur fram sannleikur, sem gildir eflaust allsstaðar á Íslandi, og hann er sá, að ekkert prestakall vill missa sinn prest; fyrir þessu er fengin margföld reynsla. Það er eins með íbúa Gaulverjabæjarprestakalls; þeir vilja ekki missa sinn prest. En þess utan vilja þeir ekki heldur steypa Gaulverjabæjarprestakalli saman við Eyrarbakka- og Hraungerðisprestaköll. Og mjer finnst það harla óheppilegt, að þröngva þessari samsteypu fram móti vilja sóknarbarna, því jeg verð að álíta, að

presturinn sje til sóknarinnar vegna, en ekki sóknin prestsins vegna.

Þá hafa 2 háttv. þm. komið með margar br.tillögur á þgskj. 526, sem ganga lengra, en nefndin vill fallast á, enda eru margar af þeim teknar aptur, svo ef jeg hef tekið rjett eptir, standa ekki aðrar af þeim en 2., 5., 6., 11. og 12. Jeg skal ekki fara út í, hvað hentugt muni vera og hvað ekki, þar sem jeg ekki þekki til, en þar sem jeg er kunnugur af margra ára dvöl, þar þykist jeg geta dæmt um, hvað heppilegt er, eins og aðrir. Að setja saman Stokkseyri, Eyrarbakka og Gaulverjabæ, álít jeg þannig vaxið, að það sje í mörgum tilfellum lítt yfirkomanlegt fyrir einn mann. Þá er farið fram á að leggja niður Hraungerði og sameina Arnarbæli, Selvog og Hraungerði; það prestakall ætti þá að ná utan frá Krísuvík og allar leiðir austur að Bitru og Hjálmholti. Það ímynda jeg mjer að yrði lítt mögulegt, ef ekki alómögulegt fyrir einn prest að komast yfir. Raunar væri það munur, ef hægt væri að sameina eitthvað af kirkjunum; sem stendur eru 6 kirkjur á þessu svæði, og mætti ef til vill steypa saman tveim í Arnarbælisprestakalli og yrðu þar þá 2 kirkjur, þar sem nú eru 3. En jeg gjöri mjer enga von um, að bændur í því prestakalli vildu ganga inn á það; það hefur verið reynt áður, en mætti þá mótspyrnu. Mjer lýst ekki á þessa breytingu, því mjer finnst hún of stórtæk.

Háttv. formælandi breyt.till. sagði, að söfnuðirnir mundu verða fúsir til að leggja niður kirkjurnar, þegar þeir tækju við þeim sjálfir. Það getur verið, að svo sje sumstaðar, en jeg veit, að sumstaðar er það ekki. Þess eru mörg dæmi, að partar úr söfnuði fær-

ast í fang að byggja sjer nýjar kirkjur og taka þær að sjer að öllu leyti, og fer það þó í hina gagnstæðu átt. Þannig var kirkja reist á Eyrarbakka og mun verða í Keflavík og víðar. Í Keflavík var það lengi á prjónunum og komst það svo langt, að kirkjan komst undir þak; síðar fauk hún, en jeg veit, að sú hugmynd vakir enn hjá Keflvíkingum, og að kirkjan rísi innan skamms. Jeg veit þess fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi, að bændur sem eiga kirkju, vilja leggja mikið fje í sölurnar til þess hún ekki leggist niður. Háttv. flutningsm. hafa tekið aptur 1. og 3. liðinn á þgskj. 526. Jeg get nú ekki sjeð mikinn mun á, að láta þá liði standa og 2. lið. Jeg veit það, að það eru vatnsföll í því prestakalli, sem fyrirhugað er eptir 2. lið, en þau eru þannig löguð, að það má optast nær komast yfir þau, bæði sumar og vetur; jeg sje engu meiri erfiðleika á því, að steypa saman Mosfelli og Reynivöllum, heldur en að steypa saman Arnarbæli og Hraungerði. En þetta er á deildarinnar valdi og hún sker auðvitað úr því.

Háttv. flutnm. sagði, að einn prestur gæti þjónað 5—6,000 manns. Jeg get fyllilega skrifað undir það, en með þeim fyrirvara, að það skiptir miklu, á hve stóru svæði þessar 5—6000 manns eru dreifðar. Það er annað, að þjóna þeim mannfjölda í Reykjavík, heldur en ef hann er dreyfður yfir margar sveitir.

Jeg álít, að það sje rjett regla, sem kemur fram hjá mörgum háttv. þm., að auka störf prestanna, svo að þeir hafi nóg að gjöra, og um leið að sjá þeim fyrir sæmilegum launum. En að öllu má of mikið gjöra, það má færa svo út starfssvið eins manns, að það verði honum ofvaxið. Það er satt, að

það er starfshvöt fyrir hvern mann að hafa mikið að gjöra, en það getur eins dregið úr mönnum, ef svo mikið er á þá lagt, að þeir sjá sjer ómögulegt, að komast yfir það nema að kasta til þess höndunum. Jeg fyrir mitt leyti býst ekki við að geta greitt atkv. með 2. lið á þgskj. 526, því jeg álít, að þar sje settur of stór verkahringur.

Þá er brt. frá nefndinni á þgskj. 547, þar sem stungið er upp á að sameina Reykjavík, Lágafell og Viðey. Jeg skal játa það, að jeg heyrði einn háttv. nefndarmann kasta þessu fram í gær, en jeg hjelt, að hann gjörði það í spaugi og bjóst ekki við neinni brt. í þessa átt, Jeg stend í þeirri meiningu, að þó dómkirkjupresturinn ef til vill gæti annað þessu í ár, þá vex þó Reykjavík að líkindum bæði að ummáli og mannfjölda, og jeg álít alls ekki gjörlegt að leggja annexíu í sveit við Reykjavík. (*Lárus Bjarnason:* Það eru margir vígðir í Reykjavík). Það stendur ekkert um það hjer, að allir vígðir menn í Reykjavík eigi að þjóna þessu prestakalli, og jeg held mjer við þau skjöl, sem jeg hef fyrir mjer, en ekki við hugsjónir einstakra manna og sízt ef þær eru byggðar á skýjunum. (*Þórhallur Bjarnarson:* Er ekki hreppstjórinn í Mosfellssveit í fríkirkjunni?) Þó svo vilji til, að hreppstjórinn í Mosfellssveit sje í fríkirkjunni, þá mundi hann ekki þjóna fyrir dómkirkjuprestinn í Reykjavík, þó hann væri í þjóðkirkjunni. Annars veit jeg ekki, hvað þetta bull þm. á að þýða.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Það hefur þegar verið rætt mikið um þetta mál, og önnur þau mál, sem standa í sambandi við það, en mjer finnst, að því meir, sem mál þetta hefur verið rætt, og því meir sem upp á það hefur verið kostað að öllu leyti, því leiðinlegra sje, ef engin niðurstaða gæti fengizt.

Það hefur verið haft á móti þessu máli og þeim málum yfir höfuð, sem standa í sambandi við það, að það gæti orðið til þess að spilla fyrir fríkirkjunni hjer á landi. Ef svo væri, þá þætti mjer það leitt, því jeg er í mínu innsta eðli fríkirkjulega sinnaður maður, og álít að frjáls kirkjufjelagsskipun byggð á innri sannfæringu sje hið eina rjetta fyrirkomulag, og það eitt hygg jeg vera í fullu samræmi við anda kristindómsins, og að höfundur kirkjunnar muni aldrei hafa ætlazt til, að kirkjunni væri stjórnað af ríkinu, enda er það vitanlegt, að þar sem Luther kom því fyrirkomulagi á í protestantisku löndunum, þá var það fyrirkomulag knúð fram af ytri nauðsyn og engu öðru. En þar sem þetta band milli ríkis og kirkju samt sem áður hefur átt sjer stað um margar aldir, þá hygg jeg athugavert muni vera að slíta það allt í einu; það gæti orðið til ómetanlegs tjóns. Það gæti farið svo, að það kostaði þjóðina um óákveðinn tíma fullkominn heiðindóm, sem óvíst er nær eða hvernig hún risi úr. Jeg hygg líka, að það væri nauðsynlegt, að jarðvegurinn væri vel undir búinn, ef þetta band ætti á annað borð að leysast, og því hugsa jeg, að það hafi verið óheppilegt, að frumv. um kirkjuþing, sem milliþinganefndin undirbjó, ekki fann náð í augum stjórnarinnar, því það hefði að líkindum undirbúið jarðveginn, og orðið til að glæða áhuga manna á kirkjumálum. En til þess að glæða þann áhuga eru að visu prestarnir sjerstaklega kjörnir.

En til þess að prestunum sje mögulegt að leysa það starf sitt og önnur vel af hendi, mega þeir til að hafa svo

góð launakjör, að þeir ekki sjeu nauðbeygðir til að gefa sig jafnmikið eða meira við öðrum störfum. En til þess að bæta kjör þeirra, sýnist enginn vegur annar fær, en að auka starf þeirra eða með öðrum orðum stækka prestaköllin. Því veldur fátækt og fámenni þjóðarinnar. En þó verður í því sem öðru að gæta allrar varúðar. Í þeim sökum verður að taka nákvæmt tillit til allra staðhátta. Jeg skal nú að vísu ekki halda því fram, að í frumv. því, sem hjer liggur fyrir, sje of langt farið í sameiningu og stækkun prestakallanna. En hitt er víst, að breyt.till. háttv. þm. Sfjk. (J. J.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), eru nokkuð geystar. Jeg er að vísu ekki kunnugur fyrir norðan, en nokkuð þykir mjer það djarft, að vilja slengja saman prestaköllum eins og þeir vilja gjöra í Þingeyjarsýslu. En ef þeir og aðrir kunnugir menn álíta það fært, þá skal jeg ekki hafa á móti því. En jeg vildi sjerstaklega tala um tvær af breyt.till. þeirra, sem snerta Rangárvallasýslu, sem er mitt kjördæmi, og Árnessýslu, þar sem jeg er líka kunnugur. Mjer þykir sú seinni af þessum till. æði djörf, það er ýkjalangur vegur vestast úr Selvogi og að austasta bæ í Hraungerðissókn, hátt á aðra dagleið, og óskiljanlegt, að hægt sje fyrir einn mann að þjóna öllu því flæmi sæmilega. Hvað fyrri breyt.till. snertir, þá þarf jeg ekki að vera margorður um hana, þótt hún snerti mitt kjördæmi, því að hún er nú tekin aptur, enda var hún alveg ómöguleg. Þótt menn sjeu ekki vel kunnngir, þá geta þeir þó getið því nærri, hvílík vegalengd það er, sem Landprestinum var samkvæmt till. ætluð til yfirferðar, þar sem kall hans átti að ná frá Þjórsá austur að Þríhyrningshálsum. Á þessari leið eru líka víðáttumiklir og villigjarnir sandar og sumstaðar 2—3 tíma ferð milli bæja, en öll yrði vegalengdin 8—9 tíma ferð og er það, eins og jeg sagði, ógjörningur að slík samsteypa geti átt sjer stað. Sama er að segja um hinn lið tillögunnar. Vegalengdin, sem þeim presti er ætluð að fara, frá innsta bæ í Breiðabólsstaðarprestakalli og að yzta bæ í Oddaprestakalli, sem er út í Ásahreppi, er eins löng og hjeðan úr Reykjavík og austur í Ölfus. Og sjer hver maður, hve fjarstætt það er. Auk þess eru erfiðir og vondir vegir á þeirri leið. Um Fljótshlíð er eiginlega ekki nema um troðninga að ræða, sem Þverá brýtur árlega, og niður hlíðina renna margar smáár, sem bólgna mjög upp á vetrum. Jeg þarf nú að vísu ekki að fjölyrða um þessa breyt.till., sem þegar er tekin aptur. En flutningsmaður hennar gat þess, að von mundi vera á annari breyt.till. í hennar stað, og þykist jeg vita, hvert hún muni stefna, og álít því rjett að minnast þegar á hana.

Hún mun ganga út á það, að skipta Landeyjaprestakalli upp milli Breiðabólsstaðar og Odda, og það byggist á því, að þegar prestlaust var í Landeyjum, þá varð að hafa þá aðferð. En þetta tel jeg mjög varhugavert; fyrst og fremst vegna þess, að sóknaskipunin á þessu svæði er því mjög til fyrirstöðu. Hún hefur lengi þótt nokkuð afkáraleg, og enda þótt það hafi verið reynt að laga hana, þá hefur það ekki tekizt. Ætti sú sameining að eiga sjer stað, þá yrði að hafa eina kirkju í Austur-Landeyjum og aðra í Vestur-Landeyjum.

Auk þess ætti þá Stórólfshvolssókn, að leggjast undir Breiðabólsstað, því að þangað má heita stutt leið frá öllum bæjum í þeirri sókn.

En með þessum erfiðleikum fylgja aðrir fleiri og verri. Sjerstaklega eru

það hin vondu vatnsföll, sem eru á leiðinni. Mjer er kunnugt um þetta, þar eð jeg bæði bý þar nærri, og hef um tíma þjónað austurhtuta Landeyjaþinga. Kom það þá fyrir æði opt, sjerstaklega um vortímann, að jeg varð að ríða Þverá svo djúpa, að hún fór yfir hestinn bæði fyrir framan mig og aptan. Og þegar þar bætist svo við Affallið, sem er mjög vont vatnsfall, þá sjá allir, hversu erfitt það muni vera yfirferðar. Sama er að segja um Oddaprestakall; þar mundu erfiðleikarnir verða hinir sömu, svo að þessi sameining yrði með öllu ógjörleg, nema með mikilli erfiðleikauppbót, þar sem prestarnir yrðu ætíð að hafa til taks valda vatnahesta, og vatnamenn sjer til fylgdar, ef þeir væru ekki því duglegri sjálfir, því að þar má opt ekki miklu muna, þar sem brotin eru einatt harla tæp og auk þess mjög hætt við sandbleytu, sem gjörir alla umferð enn þá hættulegri. Jeg hef svo ekki meira að segja um þetta mál að sinni. En bíð þess, að breyt.till. birtist.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætti víst ekki að segja margt við þessa umr., því að jeg gjöri ráð fyrir því, að hjer sjeu aðrir, sem þyki hafa meiri ástæðu til þess. En jeg vil þó benda á nokkur atriði til styrktar þeim brt., sem jeg hafði leyft mjer að vera meðflutningsmaður að. Jeg get lýst yfir því, að jeg hef álitið alla þessa samsteypu, sem átt hefur sjer stað frá því 1880 og til þessa dags, viðsjárverða í ýmsum greinum. En nú er einu sinni búið að ganga inn á þessa stefnu; það hefur verið skýrt, á hverju hún er byggð, og þá er ekki um annað að gjöra en að halda henni áfram, svo hún nái hinu setta marki, og jeg þykist nú geta bent á það, að allvíða megi fækka enn þá meira en gjört er ráð fyrir í frumv.

Það hefur verið talað um það, að þessi nýju prestaköll verði æði viðáttumikil, og vil jeg því byrja á því að taka þetta atriði til íhugunar. Þýðing prestanna fyrir þessi víðáttumiklu prestaköll verður vitanlega nokkuð önnur en verið hefur til þessa, þegar umdæmi þeirra eru víðast ekki nema einn hreppur eða partur af hrepp. Hingað til hafa margir þeirra verið hinir mestu búhöldar, og verður því ekki hægt að segja annað, en að töluverðu sje tapað í hverri þeirri sveit, sem missir góðan búhöld og fjelagsmann. En nú eru menn komnir að þeirri niðurstöðu, og hún er nú aðalrót til þessarar hækkunar á prestalaununum, sem fyrir er barizt, að prestarnir yfirleitt geti eigi búið, nema annaðhvort smábúi sökum fólksleysis eða þá sjer í skaða sökum dýrleika vinnunnar. En ef presturinn getur ekki rekið eitthvert stærsta búið í sveitinni, þá tapar hann um leið gildi sínu sem bóndi og bústólpi þar, svo að þessi ástæða á móti prestafækkun fellur. Jeg gjöri nú ráð fyrir því, að þegar launin verða viðunanleg, eins og gjört er ráð fyrir í frumv., svo að prestarnir þurfa ekki að stunda búskap, þá muni þeir stunda sína prestlegu köllun meira, en hverfa að mestu frá búskapnum.

Þetta er nú hið væntanlega ástand, sem byggja verður ofan á, og þá sje jeg ekki annað, en að prestar standi líkt gagnvart byggðarmönnunum, og læknar gjöra nú. Ekki af því, að þeir verði alveg jafn-fáir, því að þótt jeg vildi helzt hafa lækni í hverju prestakalli, þá fást þeir ekki, heldur hitt, að þegar á að meta það, hvað presti er kleift, þá má miða það við læknana í þeim hjeruðum, sem talin eru sæmi-

lega ljett. Flestar ferðir prestanna yrðu til barnaskírna, en þær eru því miður hvergi nærri jafn-tíðar og sjúkravitjanir lækna. Húsvitjanir presta hygg jeg að nú sjeu fyrirbyggðar, ef þetta fyrirkomulag kemst á, þótt ekki sje fækkað meira en nú er samkvæmt frumvarpinu, enda er þeirra nú eigi lengur þörf með hinu forna sniði, því að nú er öðru vísi ástatt um fræðslumál, en áður, þá er þær voru nauðsynlegar og þýðingarmiklar. Á það er og að líta í samanburði á læknum og prestum, að ferðir lækna koma fyrir án fyrirvara, og nærri því jafnt á nóttu sem degi, og hvernig sem veður er og færi. En ferðir prestanna geta nærri ætíð haft talsverðan fyrirvara, og opt frest eptir atvikum og kringumstæðum. Þetta er verulegur munur. Og þó má fullyrða, að eptir prestalauna lögunum, sem væntanlega verða samþykkt nú, þá verða launakjör presta eins góð og lækna í sveitum. Það er mesti óþarfi, að láta endilega verða messufall, þótt prestur nái eigi til einhverrar kirkju á sunnudegi. Það hefur opt áður verið messað á rúmhelgum dögum.

Allt þetta hef jeg tekið fram til þess, að skýra það, að okkur vaxa þessar ferðir ekki í augum, og vona jeg, að háttv. deild fallist á ástæður okkar.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Jafnvel þótt sje jeg fylgjandi sameiningu prestakallanna að svo miklu leyti er jeg sje mjer fært, þá get jeg þó ekki fylgt öllum þeim sókna- og prestakallasamsteypum, sem hjer er farið fram á, sjerstaklega af minni hluta nefndarinnar. Jeg er frumv. algjörlega samþykkur eins og það kemur frá háttv. efri deild og álít, að ekki kæmi til þess, að nefndin hjer í neðri deild færi að gjöra sumar þær breyt.till., sem hún hefur gjört, enda hafði jeg heyrt, að hún ætlaði að halda frumv. fram óbreyttu, eins og það kom frá háttv. efri deild.

Það hefur nú samt farið svo, að nefndin hefur öll lagl með því, að leggja Kvíabekk í Ólafsfirði til Barðsprestakalls í Fljótum. Þetta skoða jeg svo ómögulega samsteypu, að jeg get ekki leitt hana algjörlega hjá mjer. Það er ekki svo að skilja, að vegalengdin sje svo mikil, að þetta væri frágangssök hennar vegna, heldur er hitt, að mikinn hluta árs, — jeg þykist mega fullyrða 7—8 mánuði — er ómögulegt, að komast þessa leið öðru vísi en fótgangandi, og þó verður allopt ekki heldur farin stytzta leiðin, sem er yfir Ólafsfjarðarskarð, heldur verður að fara inn Fljót og Stíflu, og yfir Lágheiði, sem þá tekur venjulegast 2 daga, sje gangfæri ekki því betra. Jeg hjelt satt að segja, að prestar þeir, sem eru í nefndinni, mundu ekki verða þessu fylgjandi, en það er nærri, að menn leiðist til, að álíta, að þeir gætu betur liðið, að læknar sitji á hverri þúfu, en það, að prestar hafi skaplegu embætti að þjóna, því þótt að læknir sæti í Fljótum, þá dytti engum í hug, að sækja hann til Ólafsfjarðar, en nú vilja menn láta prestinn fara þetta annan eða þriðja hvern sunnudag að sjálfsögðu, og þess utan til þeirra aukaverka, sem koma fyrir á öðrum tímum.

Háttv. framsögumaður þessarar nefndar bar fyrir sig álit biskups um þetta, og skal jeg með leyfi forseta lesa að eins tvær línur af áliti hans um þetta atriði, og eru þær þannig hvað þessa sameiningu snertir: »Vísast væri þetta þó fremur djörf sameining, og jeg þori ekki að segja um það, hvort hún væri tiltækileg. Einungis vil jeg láta þess getið, að hún hafi komið til tals«. Á þessu áliti ætlar svo nefndin að byggja sameining

brauðanna, einmitt þegar biskupinn segist ekki vita, hvort þetta sje tiltækilegt. Það eina, sem biskupinn styðst við að þessu leyti, mun annars vera það, að presturinn að Barði, sjera Jónmundur, þjónaði Kvíabekkjarprestakalli eitt eða tvö ár, er síra Emil lá rúmfastur, og sú prestsþjónusta var liðin af söfnuðinum, einasta af ást og tryggð til síra Emils, en alls ekki af því, að slíkt fyrirkomulag gæti álitizt viðunanlegt til frambúðar. Annars hef jeg hjer fyrir framan mig álit hjeraðsfundarins í Eyjafjarðarsýslu, þar sem tekið er skýrt fram, að fundurinn með öllum atkvæðum sje þessari sameiningu — Barðs og Kvíabekkjar — »algjörlega mótfallinn«.

Ólafsfirðingar hafa einnig á fundi og þar með presturinn að Barði, sem var á fundinum, sömuleiðis samþykkt mótmæli gegn þessari sameiningu. Þetta get jeg sýnt með brjefi, sem jeg hef í höndum frá merkum og mætum manni í Ólafsfirði.

Jeg er líka sannfærður um, að ef háttv. nefnd hefði verið kunnugt um staðháttu og hve afarerfitt er að ferðast um þessar sveitir á vetrum, þá hefði henni ekki dottið þessi samsteypa í hug, enda er erfitt að sjá, á hverju nefndin eiginlega byggir það álit sitt, að þetta sje tiltækilegt, þegar þar að lútandi fundir og staðhættir benda einmitt á það gagnstæða.

Jeg verð að skoða svo, að þetta sje að kenna eptirlátssemi presta þeirra, sem í nefndinni hafa setið, þeir hafa verið svo viðkvæmir og góðlátir, að þeir hafa látið leiðast lengra en góðu hófi gegnir.

Jeg vona, að þegar menn hafa athugað það, er jeg hef hjer fært fram, þá láti þeir ekki leiðast af kappi ókunnugra manna.

Viðvíkjandi þeirri breyt.till. minni hlutans, að leggja Stærri-Árskógsströnd til Tjarnarprestakalls í Svarfaðardal, álít jeg ekki þurfi mörgum orðum að eyða, því að meiri hlutinn er því að líkindum ekki fylgjandi (*Jón Jónsson:* Jú). Eptir því, sem hjer liggur fyrir, er ekki hægt að sjá, að hann hafi tekið upp þá breyt.till.

Möðruvallaprestakall — Möðruvallasókn og stærri Árskógssókn — er svo stórt, að prestur þar hefur nóg starf. Stærri Árskógssókn er ill yfirferðar og snjóasamt þar á vetrum. Sömuleiðis fylgir Hrísey þeirri sókn, og gjörir það prestsþjónustuna að mun örðugri.

Jeg verð því eindregið að leggja á móti þessum tillögum nefndarinnar, að Stærra-Árskógssókn heyri til Tjarnarprestakalli, þegar það tekur yfir allan Svarfaðardal; sú sameining er í mínum augum ómöguleg, og verður að líkindum algjörlega mótmælt bæði af presti og sóknarfólki.

Aptur á móti felli jeg mig betur við sameininguna inni í Eyjafirðinum, þó að þar sjeu 7 sóknir sameinaðar, því að þar er alloptast greitt yfirferðar. Jeg mun því ekki að svo komnu setja mig beint á móti þeirri sameiningu, enda er mjer ekki heldur svo kunnugt um afstöðu manna þar að þessu leyti.

Framsögumaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það hafa orðið miklar umræður um þetta mál. sem eðlilegt er; hafa því einkum valdið breyt.till., auk þess sem nokkrir þm. hafa og meðfram talað almennt um málið. Það var háttv. þm. Sfjk. (J. J.), sem umr. hóf. Lýsti hann því yfir, að hann væri samþykkur því, að hækka laun presta, og þeim till., sem í þá átt hníga, og er jeg honum þakklátur fyrir það. Jeg skal ekki fara neitt sjerstaklega út

í það almenna. En þar sem sami háttv. þm. sagði, að milliþinganefndin hefði ekki farið nógu langt í sameiningum, þá getur það verið rjett frá hans sjónarmiði. En taka vil jeg það fram, að hún fór sumstaðar lengra en hún sá sjer beint fært, þegar örfáir menn voru í sóknunum, svo sem t. d. í Þönglabakkaprestakalli; þar er mjög örðug yfirferð og yfir illfærar heiðar að sækja til næstu sveita, svo að slík sameining er að áliti nefndarinnar sjálfrar neyðarúrræði. Þetta hefur hinn háttv. framsm. ekki athugað, heldur virðist hafa sett fram till. sínar með samanburði við þessar allra erfiðustu, er finnast kunna hjá nefndinni. Það er rjett, að milliþinganefndin hefur lagt til, að á einum stað yrðu 7 sóknir sameinaðar í eitt prestakall, en það var af því, að hjeraðsfundur hafði lagt það til. Auðvitað var gjört ráð fyrir því, að kirkjunum yrði fækkað, en nefndinni þótti rjett, að söfnuðurnir rjeðu því, enda óvíst, að hægt sje að leggja niður bændakirkjur nema með samþykki eiganda. En það mun sannast, að þegar prestaköllin eru stækkuð, mun mjög örðugt að fá presta í þau, og enn örðugra að fá fullnægjandi þjónustu úr næstu prestaköllum í hin, sem standa óveitt.

Viðvíkjandi sameiningu prestakallanna í Suður-Þingeyjarsýslu, þá er það mikil röskun og farið lengra en annarsstaðar, þar sem ætlazt er til, að sama prestakallið nái yfir eða grípi inní 3 hreppa. Enda kannaðist háttv. þm. Sfjk. (J. J.) við það, að hjer væri nokkuð langt farið. En úr því að sú till. er fram komin, og flutt af gagnkunnugum mönnum, þá mætti ætla, að hún væri sennileg, en það tel jeg ekki, og er henni algjörlega móttallinn.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) sagði um sínar brt., skal jeg játa það, að jeg er ekki eins kunnugur í hjeraði hans og hann. En þar sem hann lýsti yfir því, að það færi þvert ofan í þingmálafundina, að ráða nú kirkjumálunum til lykta, þá er það ekki rjett; á þeim var allvíðast óskað, að ekkert yrði gjört til hindrunar aðskilnaði ríkis og kirkju. Og í þingmálafundargjörð í Vestur-Ísafjarðarsýslu stendur, að þm. hafi staðið upp og sagt, að till. milliþinganefndarinnar miðuðu að því að herða á bandinu milli ríkis og kirkju, og að það hafi verið álit fundarinns, en það sýnist þó miklu fremur hafa verið ráðið af vegna ummæla þm., en af vilja kjósandanna.

Jeg vil ekki lengja mikið umr. um þetta mál. En þar sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði um málið almennt, þá get jeg ekki kannazt við, að breytingin á stöðu prestanna og starfsemi sje eða verði svo mikil, sem hann segir. Það er ekki komið svo langt, að prestar hafi full laun; þeir þurfa með fram að styðjast við búskap. Það er sá stóri munur, ekki að eins á ferðalögum heldur og á ferðaborgun presta og lækna, að læknar hafa fulla borgun eptir taxta, en prestar, sem t. d. eru sóttir langar leiðir, fá að eins 3 álnir fyrir að skíra barn. Það er ekki hægt að jafna saman ferðalögum lækna og presta; það má háttv. þm. sjá sjálfur, og skal jeg koma með dæmi upp á það. Jeg hefi þjónað Barðardalnum um nokkur ár, og farið þangað margar ferðir á ári, en læknirinn stundum ekki nema eina, eða örfáar. Þó hef jeg ekki getað komið þar og messað eius opt og óskað hefur verið og jeg hef viljað sökum annríkis.

Jeg sje fram á það, að ef prestaköllin verða stækkuð enn meira, þá verða

ekki margir, sem fást í þá stöðu, og því færri sem þau eru stærri. Verkahringur presta, bæði húsvitjanir og annað, sem háttv. þm. minnist á, mun víða haldast, sem betur fer. Mjer finnst ekki fræðslumálunum byrja svo vel á þinginu nú, að víst sje, að samkomulag fáist milli deildanna um þau.

Háttv. þm. tók það fram, að læknar væru sóttir hvenær sem er, en það eru prestar líka. Hann vildi og, að ef messufall yrði, væri boðað til messu á öðrum tíma, en því er ekki hægt að koma við, því að hvernig á að kalla fólkið saman á virkum dögum. Það hefði ef til vill verið hægt að halda messum áfram eins og áður á föstunni.

Jeg get ekki verið samdóma háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) þar sem hann minntist á sameiningu Kvíabekks. Jeg lýsti því greinilega yfir, að nefndin hefði þar farið eptir till. biskups, en var ókunnugt um þetta brjef. En það er þó eptirtektavert, að þegar ummæli biskups verða kunn þar, þá skilja sóknarmenn þau svo sem þessi sameining kunni fram að koma. Þess vegna finnst mjer nefndin ekki svo mjög ámælisverð, þó að hún hafi tekið upp þessa till. En hitt skal jeg fúslega kannast við, að afarmiklir örðugleikar eru á þeirri sameiningu.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Það var eitt orð háttv. framsm., sem kom mjer til að standa upp. Honum fórust svo orð, að till. okkar væru gjörðar af handahófi (*Árni Jónsson:* Jeg sagði það ekki),en þær eru ekki gjörðar fremur af handahófi en ýmsar aðrar till. í þessu máli. Þær eru víðast byggðar á staðlegum kunnugleika.

Fyrst jeg stóð upp, skal jeg gjöra stutta aths. við orð háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) og 1. þgm. Rangv. (E. P.). Þeir mæltu báðir í móti till. okkar að því, er snertir það svæði, sem þeir eru kunnugir. Þeir höfðu báðir sama orðið og lögðu áherzlu á það, »að þeir væru kunnugir«. En hvar eru þeir kunnugir? það er eptir að vita? Þeir geta ekki fært rök fyrir skoðun sinni, nema þeir geti sannað, að þeim hjeruðum, sem þeir þekkja, sje gjört örðugra fyrir en öðrum.

Það var ýmislegt hjá háttv. 2. þgm. Eyf. (St. St.) sem jeg kunni ekki við. Hann vitnaði í brjef safnaðarins. Jeg hef sjeð brjefið, og kom það ekki á óvart. Slík brjef munu líklega geta komið víðar frá, þar sem breytingar eru gjörðar á prestaköllum. En um ummæli prestsins er það að segja, að hann virðist hafa það á móti sameiningunni, að hann fái ekki öll launin, en ekki það, að kallið verði svo erfitt. Það er auðvitað sjálfsagt, að hann fái hæstu erfiðleikauppbót, og má gjöra um það breyt.till. við 3. umr. Hinn háttv. þm. sagði, að prestakallið yrði mjög erfitt á vetrum, og að undarlegt væri af deildinni, að vilja fá lækni á hverja þúfu, en fækka prestum aptur í mótí svo afskaplega. Þetta er því kynlegra að heyra, sem jeg veit ekki betur, en að hinn háttv. þm. hafi allra manna öruggast gengið fram í því, að fá lækni á hverja þúfu, sem hann svo segir, eða að minnsta kosti á *sína* þúfu. En honum má vera það kunnugt, að víða hjer á landi verða læknar að vera viðbúnir að fara hvenær sem er yfir fjallgarða, sem ómögulegt er að fara ríðandi yfir, t. d. verður læknirinn á Seyðisfirði að fara yfir 3,000 feta háan fjallgarð, þegar hann er sóttur til Mjóafjarðar. Hinn háttv. þm. má þó vita, að opt er líf manna undir því komið, að náðst geti í lækni fljótt, tafarlaust. Það er mikill munur með prestana; þeirra geta menn heldur beðið nokkra daga, optast að skaðlausu. —

Hinn háttv. þm. var að tala um, hve erfitt Möðruvallaprestakall væri. Mjer er kunnugt um, að þm. er alinn upp á Hálsi í Fnjóskadal; hann ætti að bera það prestakall saman við Möðruvallaprestakall. Jeg skal nú ekki eyða tímanum mikið lengur; en jeg get ekki stillt mig um að benda á það, að það er svo að sjá, sem enginn þeirra, sem talað hafa hjer í dag, hafi gefið nokkurn gaum að því, að í tillögum okkar eru gjörðar verulegar bætur á launakjörum prestanna. Mjer finnst sjálfsagt að vekja athygli á þessu. Það er verið að segja, að söfnuðirnir og prófastarnir sjeu á móti þessu og þessu, vegna þess hvað brauðið verði miklu erfiðara en áður; en menn gá ekki að því, að nú eiga prestar fyrst og fremst að fá meiri laun en áður, og svo fá þeir fulla tryggingu frá landssjóðnum sjálfum fyrir því, að þeir fái það, sem þeir eiga að fá. En þá er líka eðlilegt, að löggjafarvaldið skipi málunum eins og því sýnist bezt fara; því skoðanir almennings eru misjafnar, og ekki hægt að taka allsstaðar tillit til þeirra. Sumir vilja t. d. hafa prest á hverri þúfu, þó að það kannske ekki komi beint af umhyggju fyrir velferð kirkjunnar.

Það er að vísu ekki meining mín, að fara að hleypa neinum spenningi í þetta mál, en mjer er það þó engan veginn kapplaust; því mjer þætti mjög illa farið, ef tillögur okkar yrðu ekki samþykktar.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Hinn háttv. þm. Sfjk. (J. J.) gat þess, að eina ráðið til þess að launa prestunum viðunanlega væri það, að fækka prestaköllunum; þetta er satt að nokkru leyti; en hann vill að eins hækka launin um 50 kr. (*Jón Jónsson:* Og erfiðleikauppbót). Já, en erfiðleikauppbótina má ekki telja með launahækkuninni, því hún fer til ferðakostnaðar, hestahalds o. s. frv., enda var hún fyrir í frumv. Eins og jeg sagði, hann vill hækka launin um 50 kr. Ef prestaköllin hefðu verið 112, og launin eins og ákveðið var í frumv. stjórnar og milliþinganefndar, þá hefði landssjóðurinn þurft að kosta 1,224 kr. til. En nú fækkaði Ed. um 3 prestaköll, og tekjurnar af þeim mundu hjer um bil hafa nægt til þess að auka launin um 50 kr. Það var því óþarfi að fækka þeim að nokkrum mun frekar til þess.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ó.) á þgskj. 548 um sameiningu Rafnseyrar og Sandaprestakalla skal jeg sem nokkuð staðkunnugur maður að eins geta þess, að Rafnseyrarprestakall er alls ekki lítið; það er mannfátt að vísu, en stórt um sig, nær alla leið frá Lokinhömrum og út á Langanes. Milli Sanda og Rafnseyrar liggur auk þess 1,7—1,800 feta há heiði, sem er ærið erfið yfirferðar. Til þess að vera vel settur til beggja handa, norður á við og suður á við, þyrfti presturinn eiginlega að sitja uppi á miðri Rafnseyrarheiði.

Jeg vil ekki segja, að háttv. þm. Sfjk. (J. J.) og S.-Þing. (P. J.) hafi kastað höndunum til breytinga sinna; en þeir hafa haft of nauman tíma, ekki nema 2 — segi og skrifa tvo — daga til þess að bræða þær. Það er því ekki vel trúlegt, að þeir hafi getað breytt mikið til bóta frá því, sem milliþinganefndin gjörði, því að hún hafði þó nokkrum tíma úr að spila, og hafði prestaskipunarmálið nálega allt af á döfinni, enda er hjer á margt að líta, á fleira en vegalengdir og mannfjölda. Hjer verður og að fara að miklu leyti eptir vilja safnaðanna, því þeir borga

prestsþjónustuna nálega að öllu leyti sjálfir. Jeg held því, að heppilegast sje, að fylgja sem næst tillögum milliþinganefndarinnar. Nefndin í Ed. hefur fækkað prestaköllunum um þrjú frá því, sem milliþinganefndin gjörði, og lengra er líklega ekki vel farandi að svo stöddu.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Vegna þess að mjer virtist háttv. framsm. (Á. J.) bera brigður á það, þar sem jeg vísaði til brjefsins úr Ólafsfirði, skal jeg lýsa yfir því, að þar stendur fullum stöfum, að presturinn hafi greitt atkv. með eindregnum mótmælum gegn sameiningunni; nú hefur háttv. framsm. nefndarinnar hjer í Nd. leyft sjer að segja, að presturinn sje þessarar skoðunar af því að hann hafi ekki þótzt fá nógu há laun. Jeg álít, að skoðun hans sje þessi af því, að hann álíti sameiningu prestakallanna ómögulega, eða með öðrum orðum hreina fjarstæðu.

Hinn háttv. þm. Sfjk. (J. J.) beindi því að mjer, að jeg hefði gengið manna ötulast fram í því, að fá lækni »á mína þúfu«, og á hann þar að líkindum við læknishjeraðið vestan Eyjafjarðar, sem honum hefur verið svo stakur ami að, frá því fyrst var á það minnzt, en þrátt fyrir það er nú orðið að lögum frá þinginu. Skoða jeg því þessi ummæli þm. fremur sem lof til mín en last, vegna þess að því máli hef eg fylgt fram samkvæmt einróma kröfum úr hjeraðinu, og með það fyrir augum, að þær kröfur væru byggðar á fyllstu sanngirni. En jeg skaut þessu fram áðan af því mjer fannst ekki vera nægilegt samræmi í framkomu nefndarmanna í þessu máli, samanborið við þeirra góðu aðstoð í læknaskipunarmálinu. Hann vildi að jeg bæri saman Möðruvallaprestakall og Hálsprestakall; jeg veit að Hálsprestakall er erfitt. En er það endilega skylda þingsins að gjöra prestaköllin sem allra erfiðust? Það skil jeg ekki.

Jeg hygg, að því ákafari sem menn nú verða í því að bræða saman prestaköllin, því fljótar komi áskoranir og bænaskrár til þingsins um að skipta þeim sundur aptur, eða gjöra þau dálítið hóflegri en hjer á sjer stað. Jeg hefði annars ekki búizt við því, þar sem prestar eru hjer í nefndinni, að hún mundi vilja verða til þess, að vekja almenna óánægju og gjöra bæði einstökum prestum og söfnuðum óþolandi erfiðleika.

Jeg hef minnzt á þessi prestaköll sjerstaklegaaf því, að jeg er þar gagnkunnugur, en þekki lítið til á ýmsum öðrum stöðum, er breytingarnar ná til, og skal því ekkert um þær segja, en að endingu, þá vænti jeg þess, að tillagan um að leggja Kvíabekk til Barðs verði ekki samþykkt. Jeg er sannfærður um, að væri mönnum kunnugt um staðhætti og snjókyngi á vetrum þar nyrðra, mundu allir hinir háttv. þm. hiklaust greiða atkv. á móti henni.

Framsögumaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það var eitt af því, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) sagði, að menn gæfu ekki nægilega gaum að því, hve mikið launakjör prestanna væru bætt. En jeg tók þetta einmitt fyrst fram í ræðu minni, að jeg vissi, að með till. hans væru mikið bætt kjör prestanna, og ljet í ljós þakklæti mitt um leið. Það var að eins þetta, sem jeg vildi leiðrjetta hjá honum.

Viðvíkjandi tillögunni um, að leggja Kvíabekk til Barðs, skal jeg leyfa mjer að láta þá skoðun í ljósi, að jeg fæ ekki betur sjeð á álitsskjalinu, en að launakjörin hafi átt mestan þátt í því, að presturinn virðist nú hafa aðra skoð-

un á þessari sameiningu en áður, þegar hann hefir rætt hana við biskupinn.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Það eru að eins fá orð, sem jeg ætla að segja að þessu sinni. Háttv. framsm. (Á. J.) hefur misskilið orð mín áðan og vildi jeg leiðrjetta þann miskilning hans. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að þingmálafundur Vestur-Ísfirðinga hefði samþykkt sameiningu þá, er breyt.till. mín á þgskj. 548 fer fram á, og vitnaði hann í þingmálafundargjörðina máli sínu til stuðnings, en það var alveg óþarft, því jeg sagði þetta ekki; jeg sagði, að ef fundurinn hefði getað búizt við því, að þingið mundi þrátt fyrir gagnstæðar óskir hans og flestra þeirra þingmálafunda, sem þá var frjett af, samþykkja eða halda fram öllum frumv. kirkjumálanefndarinnar, þá efaðist jeg ekki um, að komið hefði fram fundarályktun um sameiningu þá, sem breyt.till. mín flytur.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) talaði mikið um það, hve viðáttumikið Rafnseyrarprestakall væri, og minntist um leið á stærð Sandaprestakalls og færði það sem ástæðu á móti þessari sameiningu, en til þess er því að svara, að það eru ekki strandlengjurnar, sem presturinn á að þjóna, heldur fólkið, sem á þeim býr, því það eru úti þeir tímar, þegar prestar gengu um og vígðu stokka og steina; en þó að menn komi langt að til kirkju, þá munu fáir prestar vera svo einurðarlitlir, að þeir finni nokkuð að því. Jeg finn svo ekki ástæðu til þess, að svara fleiru af því, sem haft hefur verið á móti breyt.till. þessari.

ATKV.GR.

Brtill. (526) við 1. gr. 1. a. tekin aptur.
Brtill. (526) við 1. gr. 1. b. tekin aptur.
Brtill. (526) við 1. gr. 1. c. tekin aptur.
Brtill. (547) 1. gr. 33. felld með 16 atkv. móti 1.
Brtill. 547 við 1. gr. »Á eptir 34. lið komi« þar með fallin.
Brtill. (554) við 1. gr. 1. a. samþ. með 16 atkv. móti 2.
Brtill. (554) við 1. gr. 1. b. samþ. með 16 atkv. móti 2.
Brtill. (554) við 1. gr. 1. c. samþ. með 16. atkv. móti 2.
Brtill. (526) við 1. gr. 2. a. felld með 14. atkv. móti 6.
Brtill. (526) við 1. gr. 2. b. felld með 14 atkv. móti 6.
Brtill. (526) við 1. gr. 2. c. felld með 14. atkv. móti 6.
Brtill. (526) við 1. gr. 3. a. tekin aptur.
Breyt.till. (526) við 1. gr. 3. b. tekin aptur.
Breyt.till. (526) við 1. gr. 4. a. tekin aptur.
Breyt.till. (526) við 1. gr. 4. b. tekin aptur.
Breyt.till. (526) við 1. gr. 5. a. samþ. með 16 atkv.
Breyt.till. (526) við 1. gr. 5. b. samþ. með 16 atkv.
Brevt.till. (526) við 1. gr. 5. c. samþ. með 16. atkv.
Breyt.till. (526) við 1. gr. 6. a. samþ. með 15. atkv.
Breyt.till. (526) við 1. gr. 6. b. samþ. með 15 atkv.
Breyt.till. (526) við 1. gr. 6. c. samþ. með 15 atkv.
Breyttil. (548) við 1. gr. XIII. 65, 66, felld með 14 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Guðl. Guðmundss.,	Hannes Þorsteinss.,
Guðm. Björnsson,	L. H. Bjarnason,
Herm. Jónasson,	Magnús Andrjess.,

Já:	*Nei:*
Jóhannes Ólafss.,	Magnús Kristjánss.,
Jón Jónsson,	Ólafur Briem,
Ólafur Thorlacius,	Ólafur Ólafsson,
St. Stefánss., Eyf.	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánss., Skagf.,
	Þórh. Bjarnarson.

Pjetur Jónsson og Tryggvi Gunnarsson greiddu eigi atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Brt. 406 tekin aptur.
— 426 — —
— 526 7 a. — —
— 526 7 b. — —
— 526 7 c. — —
— 526 8 a, — —
— 526 8 b. — —
— 526 8 c. — —
— »Til vara« — —
— 526 9 a. — —
— 526 9 b. — —
— 526 9 c. — —
— 554 2 a. } felldar með 12 atkv.
— 554 2 b. } móti 12 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Guðm. Björnsson,
Jón Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
Lárus H. Bjarnas.,	Hermann Jónasson,
Magnus Andrjess.,	Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Briem,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Thorlacius,	Ólafur Ólafsson,
Pjetur Jónsson,	Skúli Thóroddsen,
Tr. Gunnarsson,	St. Stefánsson, Eyf.,
Þórh. Bjarnarson,	St. Stefánss., Skagf.,

Björn Bjarnason greiddi eigi atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Brt. 526 10 a. } teknar aptur.
— 526 10 b. }
— 526 11 a. }
— 526 11 b. } sþ. með 14 atkv. gegn 5.
— 526 11 c. }
— 526 12 a. }
— 526 12 b. } teknar aptur.
— 526 12 c. }
— 526 12 d. }

1. gr. breytt sþ. með 22 atkv.
2. — — — 20 —
3. — — — 20 —
4. — — — 20 —
5. — — — 21 —
6. — — — 21 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Á 44. fundi Nd., mánudaginn 7. sept., kom frv. (A 561, 572, 577, 591) til 3. umr.

Framsögumaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg ætla ekki að þreyta háttv. deild með því að taka þetta mál upp aptur í heild sinni, heldur mun jeg að eins víkja að þeim breyt.till., er fyrir liggja. Málið var rætt svo rækilega við 2. umr. og jeg veit líka, að háttv. þm. hafa kynnt sjer það svo, að ekki er ástæða til að ræða frekar efni þess yfirleitt.

Breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 577 er að eins orðabreyting í samræmi við atkv.gr. við 2. umr. málsins, þá er sþ. var að leggja að nokkru leyti niður Möðruvallaklaustur þannig, að Stærri-Árskógssókn leggðist undir Tjarnarsóknir, en Möðruvallasókn undir Bægisá. Breyt.till. miðar að eins til að gjöra þessa niðurskipun rjettmætari, þannig, að Möðruvallaklaustur haldist sem prestakallsnafn, því að nefndin lítur svo á, að Möðruvellir verði aðalkirkja, en Bægisá og Myrká með Bakka annexíur.

Þar sem nefndin nú kom fram með þessa breyt till., þá getur hún vitanlega ekki fallizt á breyt.till. á þgskj. 501, viðvíkjandi þessum sömu prestaköllum, þar sem farið er fram á að færa allt í sama horf aptur og það var áð-

ur en atkv.gr. fór fram við 2. umr., nefnilega að Möðruvalla- og Stærra-Árskógssóknir verði sjerstakt prestakall. Það er skoðun meiri hluta nefndarinnar, að hjer sje ekki um svo umfangsmikla nje erfiða sameiningu að ræða, að hún sje ekki fyllilega rjettmæt í samanburði við aðrar, er gjörðar hafa verið. Öll stefna málsins gengur í þá átt, að fækka prestaköllum með því að sameina sóknir, og verður nefndin að halda fast við hana jafnt í þessu tilfelli sem öðrum. Einnig leggur nefndin til, að prestakallið í Svarfaðardalnum sje kallað Vellir, en ekki Tjörn.

Fyrsta breyt.till. háttv. þm. N.-Ísf. (S. Th.) á þgskj. 561 fer fram á þá breytingu um Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, að Hóll í Bolungarvík sje eigi sameinaður við Stað í Súgandafirði, heldur látinn fylgja Ísafjarðarprestakalli eins og hingað til. Hjer er ekki um neina fækkun að ræða, heldur að eins breytta sóknaskipun. Nefndinni fannst verkahringur prestanna verða jafnari með því, að annar hefði Ísafjarðarsókn eina, sem er mjög fjölmenn, en hinn hvorttveggja, Hólssókn og Staðarsókn. Í Staðarprestakalli eru að eins 200 manns, svo að þar mætti vel við bæta. En með því að sýnt hefur verið fram á, að erfitt sje um samgöngur milli Bolungarvíkur og Súgandafjarðar, torsóttur fjallvegur eða löng og ill sjóleið, þá vill nefndin eigi vera mótfallin þessari breyt.till.

Öðru máli er að gegna um breyt.till. við 67. og 68. tölulið 1. gr., að þau tvö prestaköll, sem þar er gjört ráð fyrir, verði gjörð að þremur. Jeg skal játa, að sú sameining, sem hjer er um að ræða, var einhver hin stórvægilegasta í tillögum kirkjumálanefndarinnar, en engu að síður er hún á góðum rökum byggð, miðuð við stefnu frumv., enda hefur hún gengið óbreytt í gegnum Ed. Þingnefndin hjer vill því halda þessu óbreyttu, og getur þar af leiðandi hvorki fallizt á aðaltill. nje varatill. hins háttv. þm. Eptir þeim kunnleikum, sem nefndin hefur, álítur hún, að sameining Vatnsfjarðar við Ögur- og Eyrarsóknir sje ekki heppilegri en sameining hans við Kirkjubólsþing, ef presturinn hefur aðsetu á Melgraseyri. Og jeg get bætt því við, að presturinn til Ögurþinga hefur lýst yfir þeirri skoðun sinni við nefndina, að hann sje henni sammála, og studdist hún við álit hans í þessu efni.

Þá held jeg, að jeg hafi gjört nægja grein fyrir afstöðu nefndarinnar gagnvart þeim breyt.till., sem fram eru komnar, og skal jeg því ekki tefja lengur tíma hinnar háttv. deildar, heldur ljúka tölu minni með þeim óskum, að þetta mál verði leitt til lykta á sem heppilegastan hátt, og enda þótt margir kunni að líta misjafnlega á þessa nýju prestakallaskipun í einstökum atriðum, þá vona jeg, að hún megi verða til heilla og farsældar fyrir söfnuðina og fyrir kirkjulegar framkvæmdir og kirkjulegt og kristilegt líf í landinu.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg get verið þakklátur nefndinni fyrir það, að hún hefur aðhyllzt 1. og 2. breyt.till. mína, að Hóll í Bolungarvík sje látinn fylgja Ísafirði, eins og nú er, en Súgandafjörður sje sjerstakt prestakall. Þessar till. byggjast á því, að sameining Hólssóknar við Staðarsókn má heita gjörsamlega ómöguleg. Þar skilur hrikalegur fjallgjarður á milli, og hefur mjer vitanlega aldrei verið neinn vegur þar yfir, eða þá að minnsta kosti mjög sjaldfarinn. Má vera að menn geti klöngrast það einhvernveginn um hásumarið, en á vetrardag er þar tæplega öðrum fært en fuglinum

fljúgandi, nema þá mönnum, sem þaulvanir eru að vaða snjó upp fyrir hnje. Til kirkjuferða er sá fjallvegur allsendis ótækur. Sama er að segja um sjóleiðina. Hún er bæði löng og illfær, út fyrir alla núpa. Úr Bolungarvík er fyrst að sækja út með allri Stigahlíð til Skálavíkur; þá tekur aptur við fjallgarður, þá Keflavík, þá annar fjallgarður (Göltur) og loks Súgandafjörður. Slík sjóleið er mjög hættuleg, nema góðviðri vilji til. En um þetta gjörist engin þörf að fjölyrða. Úr því nefndin hefur fallizt á breyt.-till., þá vona jeg líka, að hin háttv. deild samþ. hana.

Að öðru leyti er með breyt.till. mínum farið fram á, að prestakallaskipunin við Ísafjarðardjúp sje látin halda sjer, eins og hún er nú, og eru þær sprottnar af tilliti til þess, hve samgöngur eru þar örðugar, einkum á vetrum. Háttv. framsm. ljet þess getið, að ef presturinn sæti á Melgraseyri, þá væri hann vel settur, til þess að þjóna bæði Vatnsfjarðarsókn og Kirkjubólsþingum. En hver segir, að presturinn muni búa á Melgraseyri, ef þessi sameining kemst á? Það eru miklu meiri líkur til, að hann mundi heldur kjósa, að búa í Vatnsfirði, sem er afbragðs bújörð; henni fylgir hin nafnkunna Borgarey, með eggvarpi og heyskap miklum að sumrinu, og fjárgeymslu að vetrinum.

Jeg get heldur ekki sjeð neitt á móti því, að prestaköllin við Djúp sjeu látin halda sjer; það skakkar að eins einu frá því, sem ráð er fyrir gjört í frumv. Enda finnst mjer sjálfsagt, að láta ekki Vatnsfjörð, þennan gamla og nafnkunna kirkjustað, leggjast niður. Og þó það prestakall yrði hægara, en flest önnur, þá er ekki nema gott, að til sjeu nokkur svo kölluð karlabrauð, handa gömlum prestum, er þungir eru orðnir til þjónustu. En eigi endilega að steypa Vatnsfirði saman við aðrar sóknir, þá er þó skást, að gjöra það á þá leið, er farið er fram á í varatillögu minni, að sameina Vatnsfjarðarsókn, Ögursókn og Eyrarsókn. Ef sá prestur, er því kalli þjónaði, sæti í Vatnsfirði, þá ætti hann sama sem yfir land að fara til Ögurkirkju, því að sjaldan er svo veðri farið, að eigi sje fært yfir aðra eins fjarðarræmu og Mjóifjörður er. En bezt mundi hann settur, ef hann byggi í Ögursveitinni.

Annars finn jeg ekki ástæðu til, að fara frekar út í þetta efni; hver sem líta vill á kortið, getur sjálfur sannfært sig um, hversu afar-viðáttumikið það prestakall yrði, ef öll Snæfjallaströnd og Langadalsströnd væri sameinuð Vatnsfjarðarsókn. Vjer verðum og að gæta þess, að prestaköllin eru ekki einungis til vegna prestanna, heldur verða menn, þegar um skipun þeirra er að ræða, að taka tillit til almennings, er nálgast þarf prestinn, bæði til að skíra börn, þjónusta sjúka, jarðsetja o. s. frv.; sameiningin mundi einstaklingunum til afar-mikils kostnaðarauka. Hjer dugar ekki að skírskota til mótorbáta, eins og gjört var þegar ræða var um læknaskipunina í þessum hjeruðum. Á Langadalsströnd og Snæfjallaströnd hafa menn ekki slíka báta. Landferðirnar, þar sem menn þurfa ekki annað, en stíga á bak hesti sínum, eru ólíkt kostnaðarminni, en sjóferðir; þær eru vitanlega margfalt dýrari en landferðir, sjerstaklega á vetrum, er manna þarf út fjögraeða sexmannaför. Það má nærri geta, hversu kostnaðarsamar slíkar ferðir eru.

Áður en þetta mál fer hjeðan úr

deitdinni, vil jeg ekki láta hjá líða, að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að jeg tel það heppilegast, að það næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Hvað er það, sem hjer er verið að gjöra? Það er verið að steypa saman, að fornspurðum söfnuðunum, ýmsum prestaköllum, er eðlilega hlýtur víða að vekja mikla óánægju. Og afleiðingin verður að líkindum sú, að hvert þingið á fætur öðru fær að fjalla um óskir frá hinum og þessum söfnuðum, er vilja fá sjerstakan prest, því að enda þótt margir kveði við þann tóninn, að vel megi komast af án presta, þá er því samt sem áður þannig varið, að flestir vilja þó halda prestinum sínum. Eins og eðlilegt er, þykir alþýðu manna miklu skipta, að hafa einhvern menntaðan mann í sveitinni. Presturinn er í augum sóknarmanna ekki að eins sá, er gegnir kirkjulegu embætti, heldur leiðbeinir hann alloptast almenningi í ýmsum sveitamálum o. fl., og er því einhver þarfasti maðurinn í byggðarlaginu.

Enda mun sú raunin á verða, er þessi lög koma til framkvæmda, að margri sveitinni mun bregða við það, að hafa ekki sjerstakan prest, sem búsettur er innan sveitar.

Stefán Stefánsson (þingm. Eyf.): Breyt.till. mín fer fram á, að skipun prestakalla í Eyjafirði verði samkvæm því, sem samþykkt var í efri deild. Þessu hefur verið breytt þannig hjer í deildinni, að Möðruvallasókn leggist til Bægisár, en Stærra-Árskógssókn til Tjarnar í Svarfaðardal. En þar eru allopt mikinn hluta vetrarins snjóþyngsli svo mikil, að ekki verður komizt eina bæjarleið ríðandi. Presturinn verður því optast, að fara fótgangandi að vetrinum. Sliku prestakalli get jeg þess vegna ekki sjeð að nokkur prestur sje fær um að þjóna lengur, en 10—20 ár, bezta kafla ævi sinnar. Ef meiningin er sú með þessu frumv., að koma prestum sem fyrst á eptirlaun, þá er þetta gott fyrirkomulag. En sje það tilætlunin, að söfnuðirnir geti sem lengst notið sinna presta, sem þeir hafa fengið virðingu og velvild til, og prestunum sje gjört það mögulegt, að vinna sem lengst að kristindómsfræðslu, og sem andlegir leiðtogar sinna safnaða, þá eiga tillögur mínar að verða samþykktar.

Það vildi svo vel til, að háttv. frsm. minni hlutans í nefndinni minntist á, að öll samsteypa brauða væri viðsjárverð, og er það öldungis rjettilega fram tekið. Þegar presturinn hefur verið nokkur ár í embætti, og er búinn að vinna sjer ást og virðingu safnaðarins, verður hann í þessum afar erfiðu brauðum svo fljótt þrotinn að heilsu, að hann treystist ekki til að þjóna prestakallinu, og afleiðingin verður svo sú, að hann segir af sjer, og lifir svo á eptirlaunum um langa tíð.

Þetta er í mínum augum mjög athugavert. Þjóðin hefur kvartað undan þessum gjöldum, og ætið unað þeim illa, en ekki svo mjög launahæð embættismanna. Samkvæmt því, er jeg þegar hef bent á, vona jeg, að menn sjái, hve óviðurkvæmilegt það er fyrir söfnuð, sem fengið hefur góðan prest, er hann vill fá að njóta sem allra lengst, að verða þá að missa hann eptir skamman tíma, að eins fyrir það, að prestakallið er óhæfilega erfitt. Þessi breyt.till. mín er að öllu leyti samkvæm óskum hjeraðsbúa, og þeim breytingum, er bæði safnaðar- og hjeraðsfundir hafa ályktað gjörlegar og samþykkt; ætti nú þingið að ganga enn lengra, en viðkomandi hjeraðastjórnir hafa lagt til, að gæti álitizt heppilegt, þá

mun sú löggjöf verða mjög óvinsæl,og að líkindum bráðabirgðatildur. Og jeg get enda skýrt frá því hjer, að af samtali í gegnum símann við menn bæði í minni sveit (ɔ: Möðruvallasókn) og eins við prestinn að Völlum, þá er mjer kunnugt um, að menn álíta þessa breytingu alls ekki í mál takandi.

Jeg tók það fram við 2. umr., að ókleift væri mikinn hluta vetrar, að fara um þessi prestaköll öðruvísi en fótgangandi, og því ekki fært fyrir eldri presta að þjóna þeim; en eins og jeg hef áður tekið fram, kemur einmitt þetta atriði mjög í bága við vilja safnaðanna, því þeir vilja sem allra lengst njóta síns góða kennimanns.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta; en að endingu vil jeg enn taka það fram, að verði till. mín ekki samþ., þá þykist jeg þess fullviss, að breytingin verður að eins um skamma stund. Á næsta þing munu koma áskoranir um að breyta aptur í sama horf og safnaðar- og hjeraðsfundir hafa lagt til. Mjer er því óskiljanlegra, hvers vegna nefndin hefur lagt inn á þessa braut, sem mjer var kunnugt um það, að í fyrstu aðhylltist meiri hluti hennar frumv., eins og það kom frá Ed., en nú hefur minni hlutinn leitt hina aðra nefndarmenn með sjer út í þessar ógöngur, sem ekki er sjeð fyrir endann á.

Framsögumaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.) Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) taldi sameiningu Hólssóknar í Bolungarvík og Staðarsóknar í Súgandafirði ómögulega; hún hefur þó verið samþ. í Ed, og við 2. umr. í Nd., og getur því ekki talizt ómöguleg, einkum þegar til þess er litið, að þm. Ísfjk. (Sig. St.), sem þarna er gagnkunnugur og var framsögum. málsins í Ed., var þessari sameiningu samþykkur.

Viðvíkjandi Vatnsfjarðarprestakalli, þá er það með fólksfæstu prestaköllum; eru í því að eins rúmlega 230 manns. Nefndinni þótti liggja beinast við, að sameina þau prestaköll, sem fólksfæst eru, og það var nú svo með Kirkjubólsþing einnig. Í Ögurprestakalli eru 900 manns og það er álit þm. Ísfjk. (Sig. St.), að það mundi ekki verða betra að sameina Vatnsfjörð við Ögurþing.

Þar sem háttv. sami þm. segir, að þingið hugsi eða skeyti ekkert um, að leita óska safnaðanna, þá lítur svo út, sem háttv. þm. hafi ekki lesið álit milliþinganefndarinnar, og ekki heldur tekið eptir því, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls, þar sem jeg skýrði frá því, að leitað hafi verið álits allra hjeraðsnefnda um þessi mál, svo sem sjá má á till. kirkjumálanefndarinnar. Eptir því hefur kirkjumálanefndin farið, en þó jafnað og athugað eptir föngum afstöðu þeirra sameininga. Vjer gömlu mennirnir sjáum eptir mörgu fornu og frægu; en því treystum vjer, að þó að skipt sje um staði, þá megi þar upp spretta fagur gróði.

Út af orðum háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) skal jeg taka það fram, að jeg get ekki sjeð, að Tjarnar- eða Vallaprestakall verði erfiðara en önnur prestaköll. Þau verða mörg erfiðari. Ekki eru þar fjöll nje heiðar, og ekki þarf að fara sjóveg nema út í Hrísey.

Sama er að segja um Bægisá eða Möðruvallaklaustur, þegar Glæsibær er skilinn frá. Í þessu prófastsdæmi lagði hjeraðsfundur á sínum tíma til að sameina 7 sóknir í eitt prestakall; það er því í anda hans, að þessar sameiningar eru gjörðar. Enda hygg jeg, að þó mönnum verði þetta nokkuð óvænt fyrst, sætti menn sig við það, þegar frá líður, og þeir sjá, að aðrir sætta sig við það. Að vera með ógnanir, og tala um, að skamma stund

verði hönd höggi fegin, og þess háttar, álít jeg ekki þingmannlegt, þegar till. þessar eru gjörðar eptir beztu samvizku og vitanlegt er, að ekki verða ráðnar bætur á kirkjumálunum, nema með því að fækka prestaköllunum og hækka laun prestanna.

ATKV.GR.:

1. brt. á þgskj. 561 við 1. gr. XIV. sþ. með 16 atkv.
2. brt. á þgskj. 561 við 1. gr. XIV sþ. með 16 atkv.
3. brt. á þgskj. 561 við 1. gr. XIV felld með 15 atkv. gegn 2.
4. brt. á þgskj. 561 við 1. gr. XVI felld með 15 atkv. gegn 2.
1. varatill. á þgskj. 561 við 1. gr. XIV felld með 14 atkv. gegn 7.
2. varatill. á þgskj. 561 við 1. gr. XIV felld með 14 atkv. gegn 7.
1. brt. á þgskj. 591 við 1. gr. XVIII felld með 12 atkv. gegn 7.
2. brt. á þgskj. 591 við 1. gr. XVIII felld með 12 atkv. gegn 7.
1. brt. á þgskj. 577 við 1. gr. XVIII sþ. með 16 atkv.
2. brt. á þgskj. 577 við 1. gr. XVIII sþ. með 18 atkv.

Frv. þannig breytt sþ. með 18 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. septbr., kom frv. (A 601, 616) til einnar umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það eru að eins örfá orð fyrir nefndarinnar hönd, sem jeg ætla að segja. Háttv. Nd. hefur gengið enn lengra í sameiningu prestakallanna, en gjört var hjer í deildinni, og hefur nú prestaköllunum á ný verið fækkað um 4, úr 109 niður í 105. Um þessar sameiningar er það að segja, að nefndin telur þær ekki öllu djarfari eða ótiltækilegri en sumar sameiningar, er áður voru gjörðar, en það er eins með þetta frv. og það, sem var næst á undan, að þótt nefndin áliti, að sameiningar þessar verði óvinsælar og erfitt verði að þjóna þessum samsteypubrauðum, þá vill hún þó ekki gjöra breytingar við frv., því að nefndinni er ljóst, að það í þessu tilfelli, eins og hinu, getur orðið til þess að eyðileggja málið. Þessi mikla sameining verður til þess, að það verður mjög erfitt að fá prest til þess að þjóna, ef prestakall er laust, og yrði þá prestaskorturinn fyrst tilfinnanlegur, og svo veitti ekki af, að jafnan væru til ungir og friskir kandídatar, sem biskup gæti skipað til bráðabirgða, þegar svo stendur á, eins og á sjer stað í Noregi með hina svo nefndu stiptskapellána.

Að endingu skal jeg taka fram, að prentvilla hefur slæðzt inn í frv., eins og það nú liggur fyrir, að Staður í Súgandafirði er talinn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, en á að vera í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, en hægt mun vera að lagfæra það á skrifstofunni.

Jeg hef svo ekki fleira að segja fyrir nefndarinnar hönd, en vona, að háttv. deild samþ. frv. óbreytt.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXX. Laun sóknarpresta.

Á 3. fundi Ed., fimmtudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um laun sóknarpresta til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og því næst vísað til nefndarinnar í málinu um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda með 10 atkv.

A 24. fundi Ed., mánudaginn 12. ágúst, kom frumv. (A 127) til 2. úmr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það hefur fallið í minn hlut, að hafa framsögu í þessum kirkjumálum, sem háttv. stjórn hefur lagt fyrir þetta þing eptir till. milliþinganefndar. Jeg skal játa það, að framsögu þessari fylgir meiri vandi en svo, að jeg telji mig færan til að leysa hana af hendi eins og málum þessum sæmir.

Jeg held, að jeg mæli eigi um of, þó jeg segi að þetta sje bæði vanda- og vandræðamál nú orðið. Allir, undanfarandi þing, þjóð og stjórn, hafa orðið ásátt um, að bráðrar breytingar þyrfti á núverandi ástandi, en jafnframt játað, að vandinn væri svo mikill og skoðanir manna svo skiptar, að erfitt yrði að bæta úr þessum vandkvæðum.

Frá því alþ. fekk fyrst löggjafarvald hefur það látið sjer annt um embættismenn þjóðarinnar. Fyrsta löggjafarþingið samþ. lög um laun íslenzkra embættismanna; þóttu þau laun all há og mæltist misjafnt fyrir, en ekki voru prestarnir teknir með í þeim lögum. En þingið sá, að til þess að uppfylla skyldu þá, sem 45. gr. stjórnarskrárinnar leggur ríkinu á herðar, þurfti að ganga lengra í umbótaáttina. Og að þessi fjölmennasta embættismannastjett landsins átti eins mikla heimtingu á að fá kjör sín bætt, eins og hinar embættismannastjettirnar. Þá varð það, að 5. nóv. 1877 skipaði stjórnin milliþinganefnd til að athuga þetta mál, og verk þeirrar nefndar eru lögin 2. febr. 1880 um skipun prestakalla; voru þau hvað launakjör presta snerti allmikil umbót frá því, sem áður var, enda kom brátt í ljós, að prestsstaðan þótti fýsilegri en áður. Prestaskólinn var betur sóttur en um langan tíma að undanförnu. Um leiðina, sem farin var í þessum lögum, ætla jeg ekki að fjölyrða, en álít þetta nóg til að benda á, að þing og þjóð áleit skyldu sína að bæta kjör þessara embættismanna sinna. Nú er orðið svo langt um liðið, og þó að árin sjeu ekki ýkjamörg, þá hefur breyting á hag þjóðarinnar og lifnaðarháttum orðið svo mikil, að það, sem þá gat talizt lífvænlegt og forsvaranlegt til þess að ríkið innti af hendi skyldur sínar, getur fyrir prestastjettina nú ekki lengur talizt lífvænlegt nje forsvaranlegt. Bæði á síðustu þingum og út um land allt hafa því komið fram margar raddir um, að brýna nauðsyn beri til þess, að löggjafarvaldið taki í taumana, og sjái betur borgið hag presta. Slíkar raddir hafa einnig komið frá stjórninni optar en einu sinni hjer á þingi; hún hefur lagt frumv. fyrir þingið í þá átt, þó ekki hafi þau náð fram að ganga. En allar þessar ítrekuðu tilraunir enduðu þannig, að alþ. 1903 fór fram á við stjórnina, að skipuð yrði milliþinganefnd til að íhuga presta- og kirkjumál landsins, og var sú nefnd skipuð með konungsúrskurði 2. marz 1904, og eru frumv. þau, sem stjórnin að þessu sinni hefur lagt fyrir þingið í þessum málum, verk þessarar nefndar.

Því er svo háttað með þessi frumv., að þau eru ekki einungis kunn þingmönnum nú síðan í þingbyrjun, heldur hafa þau legið fyrir til athugunar bæði þingmönnum og þjóðinni í heild sinni nærri því árlangt, svo að þau ættu að vera orðin alkunn þjóðinni í heild sinni. Jeg skal taka það fram, að það er svo náið samband milli frv. um kirkjumálin, að falli eitt þeirra, þá má telja flest hin úr sögunni, einkum á þetta þó við, ef frv. það, sem nú er til umr., skyldi verða fellt; þetta vona jeg að allir sjái. sem athugað hafa frumv.

Eitt af störfum milliþinganefndarinnar var það, að semja frv. þetta. Það var á þinginu 1903 skýrt tekið fram, að kjör prestanna væru orðin svo bágborin, að þau þyrftu bráðra bóta við, ef prestastjettin ætti ekki að verða svo fámenn, að skortur yrði á nauðsynlegustu prestsþjónustu; prestunum væri svo illa launað, að hætt væri við, að þeim mundu óðum fækka.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) fórust þannig orð:

»Það er t. d. alveg fyrirsjáanlegt, að innan fárra ára verður hin mesta prestaekla í landinu. Athugi maður skýrslur prestaskólans, þá ber mjög á því, hversu fáir kandidatar hafa útskrifazt þaðan síðasta áratug í samanburði við það, sem áður hefur verið.

Hingað til höfum vjer búið að því, að svo margir kandidatar komu frá skólanum á árunum 1880—1890. En nú getum vjer ekki lengur búið að því, það er svo margt, er stuðlar til þess, að fæla stúdenta frá að sækjast eptir prestsstöðunni. Hún þykir nú ófýsilegri, en flestar aðrar stöður í landinu«.

2. þm. Árn. (Ól. Ól.) tók í sama strenginn. Hann segir svo: »Ef ekki verður bráðum breytt til um kjör prestanna, þá verður eptir stuttan tima mikil fæð á prestum í þessu landi; því launin eru afar-lítil, en þó er það enn lakara, hvað illa þeim er komið fyrir«.

Móti þessu komu ekki fram andmæli á þinginu 1903, enda veit jeg með vissu, að það var tilgangur þingsins þá, að koma á gagngjörðri breytingu á þetta mál, og betra skipulagi en nú er. Annars hefði þingið ekki lagt út í hinn mikla kostnað, sem fyrirsjáanlegt var að hlyti að vera samfara nefndarskipun þessari. Það hefði ekki gjört það, ef það hefði talið það líklegt, að þingið ljeti málið falla niður, þegar nefndin hefði lokið starfi sínu, Þegar því að litið er á sögu þessa máls, þá sýnist hún þannig vaxin, að þinginu beri að hugsa sig vel um, hvort það telji það samboðið sæmd sinni, að ónýta allan undirbúning fyrri þinga, og starf milliþinganefndarinnar, sem eptir atvikum hefur leyst verk sitt allvel af hendi, og auðsjáanlega unnið að því með alúð og samvizkusemi. Stjórnin hefur, sem kunnugt er, að mestu leyti fallizt á frumv. milliþinganefndarinnar, og telur það verulega bót á kjörum presta frá því sem nú er. Jeg skal geta þess, að þótt jeg áliti milliþinganefndina hafa leyst starf sitt samvizkusamlega af hendi, þá hafa ýmsar þær raddir heyrzt, sem telja hana hafa farið ofskammt í breytingunum; á þetta einkum við um það, að hún hefur ekkert hreyft við sóknartekjum presta. Þegar litið er á hag prestanna í samanburði við aðrar stjettir, þá er jeg viss um, að langflestir muni játa, að hann sje allsendis óviðunandi. Laun, sem áður gátu verið allviðunanleg, eru nú orðin óviðunanleg; sú breyting hefur á orðið nú síðustu árin. Hart nær fjórði hluti prestanna hefur fyrir neðan þúsund krónur í laun, og eru það lægri laun, en óbreyttir verkamenn geta fengið,

Búskapurinn, sem prestar hafa til skamms tíma mest megnis lifað af, er nú orðinn þung byrði á þeim prestum; þeir geta ekki notað bújarðirnar sökum vaxandi fólkseklu og sihækkandi kaupgjalds. Afleiðingin af þessu er auðsæ: prestaköllin standa óveitt og prestaskólinn mun bráðum verða fjölskipaðri af kennurum en nemendum. Mjer er sagt, að í ár hafi enginn nýr nemandi sótt um prestaskólann. Enginn getur þó kennt prestaskólakenurunum um þetta, vjer þekkjum þá of vel til þess, að hægt sje að skella skuldinni með rökum á þá. Það er því að kenna, að ungir menn telja sjer flestar stöður á Íslandi lífvænlegri en prestsstöðuna, að vísu getur svo verið, að einstöku maður haldi áfram að slæðast inn í prestsstöðuna, en flestir þeirra munu verða menn, sem eru til lítillar uppbyggingar fyrir þjóð og kirkju.

Nú er það arðvænlegra að gjörast trjesmiður, múrari, símari og margt og margt fleira en prestur. Og þó þurfa þessir menn að eins örstuttan tíma til að búa sig undir stöðu sína, en prestarnir 10—12 beztu ár ævi sinnar. Þetta er ekki glæsilegt útlit, ef vjer viljum á annað borð halda prestastjett í landinu. Spurningin er ekki einungis sú, hvort vjer viljum bæta hag prestanna, heldur miklu fremur um hitt, hvort oss sje annt um, að til sje nokkur prestastjett í landi þessu eptir 30—40 ár, því að sje allt látið hjakka í sama farinu, má búast við, að þá verði að eins eptir sagan um horfna prestastjett. Allir, sem vilja inna af hendi skyldu þjóðfjelagsins við kirkjuna verða því að játa það, að brýn nauðsyn og skylda reki eptir því, að hagur prestastjettarinnar sje bættur hið bráðasta, og að ekkert geti rjettlætt það, að láta hana framvegis lafa við þau neyðarkjör, sem hún á við að búa. Það er sjón sögu ríkari um hag prestanna, að þeir hafa orðið að ganga slippir og snauðir frá kalli sínu sumir hverjir með litla von um að geta haft ofan af fyrir sjer í annari stöðu, en þó meiri en í prestsstöðunni.

Það getur verið, að þeir menn finnist hjer á landi, sem vilja murka lífið úr þessari stjett, en hjer í deild finnast þeir að líkindum ekki margir; um það er jeg viss, og jeg er líka viss um, að þeir fá ekki áheyrn hjá meiri hluta þjóðarinnar, því að saga þessa máls sýnir, að alþýða manna óskar þess, að þessi stjett haldi áfram tilveru sinni; meira að segja þegar farið hefur verið fram að steypa saman prestaköllum og fækka þannig prestum eitthvað, þá hefur það að jafnaði vakið óánægju safnaðanna.

Jeg skal svo ekki koma með fleiri almennar athugasemdir um málið að sinni, en snúa mjer að frumvörpunum og gjöra grein fyrir breytingum þeim, sem nefndin hefur gjört á þeim. Þær eru yfir höfuð fremur óverulegar, þegar þessu frumv. sem nú er sjerstaklega til umr., er sleppt; á því hefur hún gjört stórbreytingar.

Frumv. stjórnarinnar um laun presta er nær því samhljóða frumv. milliþinganefndarinnar. Stærstu nýmæli þess eru, að prestarnir eru settir á föst laun, prestaköllin gjörð jöfn að föstum launum, launin látin hækka eptir embættisaldrí, persónuleg launaviðbót ákveðin 20 prestum eptir verðleikum, og innheimta sóknargjalda lögð í hendur sóknarnefndum.

Nefndinni virðast launaákvæði frv. nokkurn veginn viðunandi, og að svo stöddu muni ekki fært að fara öllu lengra; sama er að segja um erfiðleikauppbæturnar; þær eru eðlileg afleiðing af því, að milliþinganefndin tók

það ráð, að fækka prestaköllum að miklum mun. Á þann hátt tókst henni að koma með till. um hækkun á launum presta án tilfinnanlegs gjaldaauka fyrir landssjóð.

Í 2. gr. frumv. er gjört ráð fyrir, að 2 prestar sjeu í Reykjavík. Nefndin hefur ekkert á móti því, en henni þykir ofmikill munur gjörður á launum þeirra, þar sem annar þeirra, dómkirkjupresturinn, á að fá 1,600 kr. launaviðbót. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að störf þeirra muni verða svipuð, og vill því, að viðbótin sje færð niður um 400 kr.

Þá vilja 4 af nefndarmönnum láta falla niður hina persónulegu launaviðbót eptir verðleikum, sem frumv. milliþinganefndarinnar og frumv. stjórnarinnar ákveður, en skipta upphæð þeirri, er við það sparast jafnt niður á öll prestaköll, þannig að hver prestur fái 50 kr. Reyndar verður þá ofurlítill afgangur, og gjörum vjer ráð fyrir, að hann komi landssjóði til góða. Meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að það væri ærið vandaverk að ákveða rjettlátlega þessa verðleika uppbót, og hún var ekki ugglaus um, að þessi bitlingur — ef jeg mætti svo að orði kveða — gæti haft óheillavænleg áhrif á prestastjettina. Það væri henni hollast, að hver hefði sinn deildan verð, en eigi þar ekkert undir geðþótta þeirrar stjórnar, sem í það og það sinn kann að sitja að völdum.

Bæði milliþinganefndin og stjórnin ætlast til þess, að innheimtu sóknarteknanna sje ljett af prestunum, og hún fengin í hendur sóknarnefndunum. Nefndin telur það mikla bót, að prestarnir sjeu losaðir við innheimtu þessa; en hún býst við, að sóknarnefndum verði þessi starfi svo óljúfur, að menn muni á allan hátt reyna að skjóta sjer undan kosningu í sóknarnefnd, til þess að losast við að innheimta þessi gjöld, sem bæði eru óvinsæl og koma svo afar-ójafnt og ranglátlega niður á mönnum. Nefndin leit svo á, að ef þessum ákvæðum væri haldið, þá mundu menn naumast fást í sóknarnefnd, sízt þeir sem til þess væru hæfastir, og að það mundi hafa óheppileg áhrif á safnaðarlífið.

Mjer er það kunnugt, að bæði leikmenn og prestar hafa einkum fundið það að aðgjörðum milliþinganefndarinnar, að hún sá sjer ekki fært, að gjörbreyta gjöldum til presta. Þau hafa lengi verið álitin ranglát, enda er það eigi að kynja, þegar þess er gætt, hve gömul þau eru, og hvað margt hefur breytzt síðan þau voru lögð á. Það er ekki við því að búast, að gjöld, sem eru frá 11., 12., 13. og 14. öld eigi lengur við. Það, sem þá var rjett gjald og sanngjarnt, getur nú verið mesta ójafnaðargjald. Margur hefur legið nefndinni á hálsi fyrir það, að hún skyldi ekki hreyfa við þessum fornu gjöldum.

Það er líka eitt með öðru, sem gjörir prestunum hið núverandi launafyrirkomulag enn óviðfelldnara, nefnil. það, að þeir hafa sjálfir innheimtu á gjöldum sínum, og það vita allir, að prestar hafa árlega misst mörg þúsund krónur fyrir þessa óvinsælu innheimtu. Það er sízt skemmtilegt fyrir prestana, að ganga að sóknarbörnum sínum með oddi og egg til þess, að ná inn gjöldunum frá þeim. Það má að vísu segja, að prestarnir geti allt af náð inn gjöldum sínum með lögtaki, en það er nú hægra sagt en gjört, og jeg hygg, að fæstir prestar muni hafa viljað nota þennan lögtaksrjett, og að þeir hafi heldur viljað missa tekjur sínar, en að ganga að sóknarbörnum sínum á þann hátt.

Nefndin hefur því lagt það til, að

frumv. stjórnarinnar og milliþinganefndarinnar verði breytt í þá átt, að hin gömlu og úreltu sóknargjöld, er þjóðin hefur lengi viljað losast við, verði afnumin, en að landssjóður svari prestunum aptur því, sem þessari upphæð nemur.

Jeg býst nú reyndar við því, að sumum kunni að vaxa í augum þessi útgjöld landssjóðs, eins og önnur útgjöld, þar sem prestastjettin á hlut að máli.

Samkvæmt skýrslu milliþinganefndarinnar er upphæð þessara gjalda um 67,000 krónur, eða dálitið meira, en upphæð sú, sem ætluð er á fjárlögunum til skóggræðslu og sandgræðslu.

Samt hefur nefndin ekki viljað afnema þessi gjöld án þess jafnframt að benda á leið til þess, að bæta landssjóði upp þann tekjuhalla, sem að af þessu fyrirkomulagi mundi leiða.

Jeg er alveg viss um það, að þegar til þjóðarinnar kemur, þá er þessi breyting einhver hin allra vinsælasta breyting, sem að gjörð hefur verið á kirkju- og prestamálum landsins.

Þá er annað aðal-atriði í frumv. stjórnarinnar, sem nefndin hefur gjört breytingu á, nefnilega, að losa prestana algjörlega við öll umráð og afskipti af kirkjujörðunum.

Bæði eptir tillögum milliþinganefndarinnar og frumv. stjórnarinnar er ætlazt til, að þessar jarðir sjeu undir umsjón og yfirráðum prestanna. En nefndin var á öðru máli í þessu efni. Hún var ásátt um, að láta sömu reglu gilda um kirkjujarðir og um þjóðjarðir, nefnilega að landssjóður taki þær að sjer. Því hefur oft verið varpað fram, að kirkjujörðunum væri ekki svo vel borgið sem skyldi, undir umsjón og yfirráðum prestanna, og skal jeg ekkert um það segja; en hvað sem um það er, þú mun prestunum almennt ekki vera fast í hendi með þessi umráð; þess vegna hefur nefndin orðið ásátt um, að taka þessar jarðir undan umsjón prestanna, og setja þær undir umsjón og yfirráð landssjóðs, þó með því skilyrði, að prestarnir verði ekki húsviltir, er þeir koma að prestaköllum sínum, og þess vegna leggur nefndin til, að þeir haldi prestssetrunum.

Jeg tók það fram fyr, að ábúðarjarðir prestanna, prestssetrin, hefðu til skamms tíma verið aðalhlunnindi prestsembættanna; margir prestar á Íslandi hafa lifað meira á bújörðunum en tekjunum. En þessi hlunnindi eru orðin miklu minni nú en áður. Búskapurinn á jörðum þessum, sem flestar eru stórar og fólksfrekar, er orðinn svo erfiður og dýr sökum sihækkandi kaupgjalds og verkafólkseklu, að hann svarar ekki kostnaði fyrir þá, sem ekki geta gefið sig óskipta við honum; jeg gæti því fyrir mitt leyti vel unað við það, að þessar jarðir verði teknar af prestunum, þar sem þær nú eru miklu fremur orðnar þeim til byrði. Svo er líka á það að líta, að eptir því, sem verkahringur prestanna stækkar, eptir því verður erfiðara fyrir þá að gefa sig við búskap; en nefndin áleit, að ekki væri tiltækilegt, að ganga lengra að sinni, en að öðru leyti tala jeg því hjer fyrir mína hönd, en ekki nefndarinnar, að því er þetta atriði snertir.

Af þessum aðalbreytingum, sem nefndin hefur gjört á frv. stjórnarinnar, leiðir það, að all-margar gr. frv. falla burt; greinar þær, sem hljóða um afskipti sóknarnefnda og prófasta af innheimtu sóknargjaldanna, falla einnig burt, sem afleiðing af þessari aðalbreytingu nefndarinnar. Nefndin ætl-

ast til að afgjald eptir prestssetrið og prestsmata haldist eins og hingað til, og að prestar taki þau upp í laun sín; enn fremur að ákvæðisverð þessara gjalda um næstu 2 ár, eptir að lög þessi öðlast gildi, fari eptir mati því, er fram fór 1899. Að því er umsjón á kirkjujörðunum snertir, þá hefur nefndin lagt það til, að hver hreppstjóri hafi umsjón með þessum jörðum í sínum hrepp. Það er auðvitað töluverður ábætir á störf hreppstjóranna, en nefndin lítur svo á, að þessi umsjón geti ekki verið neinum sjerlegum vandkvæðum bundin; umboðin verða auðvitað mörg, en því hægri, þar sem hver hreppstjóri hefur að eins umboð yfir þeim kirkjujörðum, er liggja í hreppi hans, og eru þessi umboð því ekki berandi saman við þjóðjarðaumboðin, sem hafa opt og tíðum löng og erfið ferðalög í för með sjer.

Breytingarnar við 10., 11., 12. og 13. gr. leiða allar af þessu ákvæði, að kirkjujarðirnar ganga undan umsjón og yfirráðum prestanna.

16. breyt.till. við 14. gr. fer fram á, að ef ákvæðisverð á eptirgjaldi prestssetursins, með lóðargjöldum, ítökum og prestsmötu, hrekkur ekki fyrir launum prestsins, þá fær hann það, sem til vantar, úr landssjóði. Fari ákvæðisverðið hins vegar fram úr launununum, borgar prestur afganginn í landssjóð.

Breyt.till. við 15.—24. gr. standa allar í sambandi við þessa aðalbreytingu. 27. breyt.till. við 25. gr. er að eins orðabreyting; 28. breyt.till. við 25. gr. um, að þriðja málsgr. þeirrar greinar falli burt, er einnig bein afleiðing af þessari aðalbreytingu nefndarinnar; sama er að segja um 29. breyt.till. við 25. gr., þar sem farið er fram á það í fjórðu málsgr., að þar sem prestur heldur áfram að taka laun eptir eldri ákvæðum, þá skuli hann fá úr landssjóði uppbót fyrir tekjur af kirkjueignum og sóknum, eptir meðaltali á tekjum þessum frá 1903—1908.

Loks fer 30. breyt.till. fram á, að nema úr gildi sóknargjöldin, eða að tíund og lausamannagjöld til prests, offur, lambsfóður og dagsverk falli burt frá fardögum 1908, og að jafnframt skuli úr gildi numin öll lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Þetta eru þá þær aðalbreytingar, sem nefndin hefur gjört á frumv., og eins og sjá má eru þær mjög stórkostlegar, einkum breyt.till. um að sóknartekjurnar falli niður, og kann sumum ef til vill að þykja þær varhugaverðar.

Jeg skal ekki bera á móti því, að jeg hef heyrt á þessu þingi ýmsar raddir í þá átt, að ekki væri annað að gjöra en láta öll þessi kirkjumálafrv. fara í sömu gröfina, og skal jeg ekki segja neitt um það nú; en svo mikið er víst, að þeir, sem því halda fram, hafa ekki hugsað svo ítarlega sem skyldi um þessi mál.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara ítarlegar út í hin einstöku atriði þessa máls að svo stöddu, meðan engin andmæli koma fram; en að því, er snertir eitt atriði þessa máls, nefnilega afstöðu þessa frumv. við fríkirkjuhreyfinguna, þá finnst mjer eiga betur við, að ræða það við 3. umr. málsins, nema jeg verði neyddur til þess við þessa umr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Það er ein af breytingum nefndarinnar, sem jeg ekki get orðið samdóma háttv. nefndarmönnum mínum um, nefnilega tillöguna um að fella burt 3. gr., viðvíkjandi persónulegri launabót handa 20 prestum. Það er ekki að eins í nefndinni heldur einnig víða annars-

staðar, að jeg hef orðið var við, að mönnum hefur ekki líkað sú till.; jeg fyrir mitt leyti er alveg hissa á og skil ekkert í, hvernig á því stendur, að þessi till. hefur mætt svo miklum mótmælum.

Eins og kunnugt er, gjörir milliþinganefndin þá stóru breytingu á prestaköllunum að gjöra þau öll jöfn að föstum launum, og á enginn prestur eptir því kost á að fá tekjumeira embætti, hversu miklir sem verðleikar hans kynnu að vera, en það sem þeir fyrst fengu, nema að því leyti sem launin eiga að hækka nokkuð eptir embættisaldri; en úr þessu átti þetta að bæta, nefnilega í staðinn fyrir að presturinn gæti gjört sjer vonir um tekjumeira embætti síðar, þá átti þessi persónulega launaviðbót að koma. Þetta sama á sjer líka allsstaðar stað í öllum stjettum, t. d. við hinn almenna menntaskóla; þar hefur yfirkennarinn öll sömu störf og adjunktarnir, en meiri tekjur. Þessa sömu leið vildi einnig millaþinganefndin einnig fara að því, er laun prestanna snertir, með því að veita þeim þessa uppbót í notum þess, að misjöfnu launin væru afnumin. Það hefur verið haft á móti þessu ákvæði, að þessi uppbót mundi koma ranglátlega og ójafnt niður; en það yrði þá ekki fremur en við allar embættaveitingar. Auðvitað yrði það nokkur vandi fyrir stjórnina að veita þessa uppbót, en það yrði þó ekki meiri vandi fyrir hana en að veita embætti yfirleitt. Mig hefur því furðað á þeirri mótspyrnu, sem þetta ákvæði hefur mætt í nefndinni, og get jeg hugsað mjer, að ýmsir af háttv. deildarmönnum og einnig ýmsir aðrir hjer og hvar út um land mundu síðar sjá eptir því, að þetta ákvæði væri fellt burt, því að í sambandi við aðrar embættismannastjettir, þá er það mjög svo eðlilegt.

Út af orðum háttv. framsm., þar sem hann var hálft í hverju að ámæla milliþinganefndinni fyrir það, að hún hefði ekki hreyft neitt við sóknartekjunum, þá skal jeg láta þess getið, að það var alls ekki af því, að henni væri ekki fyllilega ljóst, að þær væru úreltar, heldur af því, að það var ekki beint tekið fram í erindisbrjefi hennar, en tíminn hins vegar svo naumur, að nefndin sá sjer ekki fært að taka það atriði til íhugunar, en varð fyrst og fremst að athuga það, sem beint var tekið fram í erindisbrjefi hennar. Auk þess vakti það fyrir nefndinni, að hjer væri um atriði að ræða, sem stæði í mjög svo nánu sambandi við skattalöggjöf landsins, og þar sem bráðlega mundu verða gjörðar verulegar breytingar á henni, þá ætti bezt við, að það yrði samferða.

Í nefndinni hjer í deildinni var minna hik, en í milliþinganefndinni að því, er þetta atriði snertir. Nefndin hikaði ekki við að leggja það til, að afnema allar sóknartekjur, og að landssjóður svari prestunum aptur því, sem þessari upphæð nemur, þessi útgjöld landssjóðs vill nefndin svo bæta honum upp með 10% í viðbót við bráðabirgðartollhækkun þá, sem nú liggur fyrir Nd., og mundi sú hækkun nema svipaðri upphæð og þessi útgjöld.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg er samdóma háttv. framsm. um það, að málaflokkur sá, sem hjer liggur fyrir, sje stórmál, eitt af því stærsta, sem liggur fyrir þessu þingi. Jeg get einnig fallizt á, að þetta mál sje vandræðamál, en jeg er ekki viss um, að jeg verði háttv. framsm. alveg samdóma um, að hverju leyti þetta er vandræðamál, nje um það, hver ráð

verði til þess að bæta úr því. Þar verð jeg líklega ósamdóma nefndinni og háttv. framsm., og álít jeg skyldu mína, að skýra skoðun mína. Jeg skal þá fyrst skjóta því hjer að, að jeg álít illa farið, að stórmáli þessu skyldi undir eins vísað til 2. umr. í stað þess, að 1. umr. hefði átt að vera framlengd.

Óhætt er um það, að hjer finnur þjóðin að skórinn kreppir, og að hjer er umbóta þörf, enda hefur mál þetta verið mikið athugað og rætt, og það, sem hægt er að draga út úr þeim fundarályktunum, sem fram hafa komið, er, að þjóðin hallist eindregið að aðskilnaði ríkis og kirkju. Það er skoðun mín, að þinginu sje skylt að taka mikið tillit til þessa þjóðarvilja, og megi því ekki gjöra neitt, sem tengi nánar saman ríki og kirkju, eða tefji fyrir væntanlegum aðskilnaði. Það er líka mín skoðun, að einmitt með þeirri stefnu, sem þjóðarviljinn bendir á, geti fengizt bætur við þeim vandræðum, sem hjer er um að ræða. En nú álít jeg eigi laust við, að frumv. það, er hjer liggur fyrir — og ekki sízt eins og það kæmi til að líta út, ef breyt.till. hinnar háttv. nefndar hjer í deildinni, næðu fram að ganga — mundu fremur tefja fyrir, að þessar breytingar kæmust á, og ganga þannig í öfuga átt við það, sem æskilegt er. Jeg álít ekki, að aðskilnaður ríkis og kirkju geti orðið á annan hátt, en að lúterska kirkjan geti »organiserað« sig sem fjelagsheild, óháða ríkinu, en til þess að hún geti gjört það og til þess að hún geti orðið að því gagni og geti orðið þjóðinni sá menningarbrunnur, sem hún á að vera, dugar ekki að gjöra kirkjufjelagið veikara og kirkjuna háðari ríkinu, en hún þegar er. Frumv. það, er hjer liggur fyrir, álít jeg að gangi í þessa óheppilegu átt, með því í fyrsta lagi að setja presta á föst laun; í öðru lagi með því, að afnema sóknartekjurnar, sem frá ómunatíð hafa verið stoð og stytta kirkjufjelagsins, og í þriðja lagi með því, að prestar skuli sleppa yfirráðum yfir eignum þeim, sem kirkjan á í þjóðfjelaginu. Það hefur gengið svo hingað til um prestana, sem höfðu sína gömlu föstu skatta, bæði af eignum kirkjunnar og sömuleiðis sóknartekjurnar, að þeir, ef mikið var í þá varið, voru því nær einvaldir hver í sínu prestakalli, og gátu þannig haft mikil áhrif til góðs. Þetta hefur raskast nokkuð nú á síðustu árum, og hygg jeg, að aðalástæða þess sje sú, að prestar vorir hafi gefið sig við pólitík, og því ekki eins getað varðveitt sjálfstæði sitt.

Þessar framantöldu ástæður gjöra það, sem sagt, að verkum, að mjer getur ekki huggnazt að þessu frv., eins og það liggur fyrir, en þó viðurkenni jeg fúslega, að full þörf sje á, að launakjör prestanna verði bætt að mun, því að eins og þau nú eru, álít jeg þau mjög slæm, en jeg fæ ekki sjeð, að frumv. fari fram á svo verulegar bætur í því efni, að mikið sje v nnandi fyrir það. Það er farið fram á í tillögum milliþinganefndarinnar, að prestastjettin fái sömu upphæð í laun og áður, um 170,000 kr. á ári, og hygg jeg, að það sje sameiginleg skoðun flestra, að ekki sje ástæða til að breyta þessu að svo komnu. Þá er spurningin um, hvernig eigi að bæta kjör prestanna, en láta samt sömu upphæð ganga til þess. að launa alla stjettina, og hyggst milliþinganefndin gjöra það með því að fækka prestunum um 29. Þegar nú þess er gætt, hvernig prestaköll eru skipuð nú, þá mun niður-

staðan verða sú, að ekki eru nú á landinu nema 110—113 prestar; hin prestaköllin standa óveitt, ýmist vegna breytinga þeirra, sem búizt er við að á þeim verði, og einnig sum hin rýrari brauð, sem enginn hefur orðið til að sækja um. Þessi umgetna launaupphæð skiptist því milli hjer um bil jafnmargra presta nú, og frumv, gjörir ráð fyrir. Umbæturnar, sem í frv. eru fólgnar, eru því að eins þær, að launin skiptast jafnara á milli prestanna en áður, og að þeir eru losaðir við innheimtuna: það er að vísu nokkur hlunnindi í garð prestastjettarinnar, en ókostirnir á frumv. álít jeg að gjöri meira, en vega upp á móti þeim kostum, svo að jeg hygg, að jeg greiði atkvæði á móti því. Þess ber einnig að gæta, að nú mun vera um helmingur presta á landinu, sem hefur hærri laun, en frumv. gjörir ráð fyrir.

Það er gjört ráð fyrir í frumv., að prestar framvegs hafi ekki umsjón með kirkjujörðunum, og getur það kannske verið rjett, að þannig sje ákveðið; en því þá ekki að taka skrefið alveg út, og taka líka af þeim prestssetrin? Framsögum. (Sig. St.) gat þess, að svo væri eigi gjört af því, að það þyrfti að sjá prestunum fyrir samastað. Ef þannig er á það litið, getur það kannske skoðast sem hlunnindi fyrir prestana, en mundi ekki þetta vera hálfgjörð hefndargjöf eptir skoðun framsögumannsins sjálfs, þar sem hann álítur prestssetrin víða svo erfið og fólksfrek, að prestum ekki geti búnast á þeim.

Önnur aðal-breytingartillaga nefndarinnar fer fram á það, að afnema sóknartekjurnar, tíund, offur, lambsfóður, dagsverk og lausamannagjald. Ekki get jeg fellt mig við, að afnema þessi elztu gjöld, og þótt því hafi verið fleygt fram, að gjöld þessi sjeu ósanngjörn, þá þarf að gjöra meira áður en rokið er í, að afnema þau; það þarf að rökstyðja reikningslega, að þau í raun og veru sjeu ranglát, og það þarf að reikna nákvæmlega út, hve miklu þessi gjöld nema, og hvað eigi að koma í staðinn fyrir þau.

Þessi gjöld hafa það þó til síns ágætis, að vera gömul, og jeg fæ ekki sjeð, að tíund, offur eða lausamannagjald komi ranglátlega niður; aptur skal jeg viðurkenna, að dagsverk og lambsfóður geta verið mjög ósanngjörn gjöld, og komið hart niður, en athuga verður samt, áður en þeim grundvelli, sem tekjur þessar eru byggðar á, er raskað, eða tekjurnar afnumdar, að hafa einhvern annan tekjugrundvöll í aðra hönd, sem að bæti tekjumissinn. Tillögur þær, sem nefndin gjörir í þessa átt, álít jeg ekki — einmitt nú sízt — við eiga, þar sem milliþinganefnd er skipuð til þess, að íhuga skattamál landsins. Bæði milliþinganefndin, stjórnin og nefnd þessarar deildar hafa verið sammála um það, að ekki beri að auka útgjöld landssjóðs til prestastjettarinnar, þótt breytingar þessar komist á. En leið sú, sem nefndin hjer hyggst að fara til þess, að bæta upp sóknartekjurnar, álít jeg mjög varhugaverða, og þar að auki mjög óviðeigandi, að ætla nú að fara að sletta þessum tollaukalögum ofan á tollaukalög, sem þegar hafa verið afgreidd frá þinginu og staðfest. Þar að auki koma gjöld þessi til að leggjast á nokkrar fáar vörutegundir, mest á kaffi og sykur, og svo á vínföng og tóbak, og er það mjög ósanngjarnt. Ef eitthvað hefði átt að koma í stað þessara gjalda, þá hefði átt að taka breiðari grundvöll til þess, að láta þau leggjast á, t. d. einnig, að hækka ábúðar- og lausafjárskatt.

Annað er þó hjer meir athugavert, og það er það, að verja óbeinum sköttum, tolli af vínföngum o. s. frv., til þess að styðja kirkjuna, sem á að vera studd og borin af beinum fjárframlögum, gefnum af frjálsum vilja, en ekki af því, sem tekið er úr vösum manna, að þeim óvörum, og sem sagt er að mönnum sje ekki eins tilfinnanlegt, af því að það sjeu óbein gjöld; eins og Danir segja: »Sauðskepnan finnur ekki, þótt hún sje rúin«. Jeg fyrir mitt leyti álít beina skatta rjettlátari, þar sem þeim verður við komið, þótt mjer á hinn bóginn ekki detti í hug, að berjast á móti óbeinum sköttum eða tollum, þar sem ástæður heimta.

En jeg álít rjett, að taka til greina, að ekki ætti að verja öðru en beinum fjárframlögum til þessarar stofnunar. Jeg álít, að kirkjufjelag vort eigi að eflast og kirkjulíf vort að glæðast með styrk frá þjóðfjelaginu, en þó einkum með tekjum af eignum kirkjunnar og ríflegum fjárframlögum frá söfnuðunum sjálfum, sem njóta prestanna. Jeg get minnzt hjer á eitt tákn í þjóðfjelaginu. Fyrir fám árum voru gefin út lög um fjárforráð kirkna, og söfnuðunum heimilað, að taka við fjárforráðum þeirra.

Á því svæði, sem jeg þekki til, hefur sú breyting á orðið síðan, — einmitt á þessum tímum, þegar mikið er talað um deyfð í kirkjulífi —, að 2/3 hlutar kirkna eru nú komnir í hendur safnaðanna, og get jeg dæmt um, að þar sem því er svo varið, hugsa söfnuðirnir meira og betur um fje kirkjunnar en áður var gjört, því að þeir finna hjá sjer hvöt til þess, um leið og ábyrgðin er lögð þeim á herðar.

Jeg skal bæta því við að lokum, að jeg býst ekki við, að geta gefið frumv. atkvæði mitt.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það er sjerstaklega eitt atriði í till. nefndarinnar, sem jeg get ekki fellt mig við, það er afnám sóknarteknanna. Mjer finnst það líkt og hinum háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) vera að taka frá einstaklingnum alla tilfinningu fyrir því, að hann eigi að borga presti sínum, og í staðinn er ekkert sett, annað en þessi tollhækkun 10%, sem nefndin bendir á, eða gefur ávísun upp á.

Nefndin segir í áliti sínu, að hún sje ekki andstæð fríkirkjuhreyfingu, og að heldur beri að styrkja hana en hitt. Heldur nefndin, að hún greiði fyrir fríkirkjuhreyfingunni með þessu, að leggja allt á landssjóðinn? Jeg held, að það verði ekki til þess. Svo er líka eptir að vita, hvort þessi ávísun nefndarinnar verður »honoreruð«. Jeg sje engan veg til að koma því fram á þessu þingi, að þessi ávísun verði »honoreruð« því að frumv. um þetta er ólögmætt og ólöglega upp borið á þingi nú. (**Forseti**: Þetta liggur ekki fyrir til umr. nú).

Jeg verð að fara út í þetta mál, því að það er náskylt því, sem um er að ræða. Það er min skoðun, að nefndin geti með engu móti komið fram tollhækkuninni á þessu þingi, og þá fer svo, að gjöldin lenda eingöngu á landssjóði, og landssjóður fær ekkert í aðra hönd fyrir afnám sóknarteknanna, og vil jeg ekki geta þess til, að það sje meining háttv. nefndar. Frv. fer fram á að hækka tollinn um 10% fram yfir það, sem nú er með tollhækkuninni. (**Forseti**: Þetta er fyrir utan málið og má því ekki ræðast). Jeg verð að sýna fram á, hvort þetta er rjett eða ekki, sem nefndin er að fara. Við höfum áður samþ. á þessu

þingi. að tollhækkunin skuli haldast eins og hún var, 30%, og getum því ekki á sama þingi samþ., að hún skuli vera 40%. Það er beint á móti þingsköpunum. Jeg vildi heyra, hvernig nefndin vill koma þessu fram; jeg álít, að það geti ekki komizt þann veg, sem hún hyggur. (**Forseti:** Jeg get ekki sjeð, að frumv. um þetta liggi fyrir nú). Jeg vil benda á, að þessi ávísun ekki getur komið til greina fyr en á næsta þingi; það álít jeg komi fullkomlega málinu við.

Jeg er á móti því að afnema þessar gömlu söknartekjur prestanna. Það verður aldrei til bóta, styrkir hvorki trúarlífið nje styður fríkirkjuhreyfinguna. Vegurinn til þess er ekki sá, að gefa ávísun á landssjóðinn.

Annað var það ekki, sem jeg vildi segja.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það fór sem mig grunaði, að ýmsir af háttv. deildarmönnum mundu gjöra aths. við álit nefndarinnar, en á óvart komu mjer röksemdir þær, sem fram hafa verið færðar. Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) komst svo að orði, að ekki yrði fyr lagi komið á kirkjumál landsins, en fríkirkja væri á komin. En þeir menn, sem áhugann hafa á því, ættu þá að gjöra gangskör að því, að skilnaður geti orðið, Og hafa þeir nokkuð við að styðjast, er þeir segja þjóðina hafa áhuga á þessu. Jeg skal játa það, að raddir hafa heyrzt um þetta meðal þjóðarinnar, en jeg efast um, að hugmyndin um fríkirkjuna sje ljós. Það er hægt að slá fríkirkju fram – í orði — hafa hana til þess að tefja fyrir öllum umbótunum á kirkjumálalöggjöfinni.

Mín skoðun er það, að fríkirkja hjer á landi eigi ekki fyrst og fremst að komast á fót fyrir aðgjörðir löggjafarvaldsins, Hreyfingin á að koma neðan að og sýna sig ávaxtasama hjá þjóðinni; þá kemur hitt af sjálfu sjer. Það þarf að skýra hugmyndina fyrir þjóðinni, hvaða áhrif breytingin hljóti að hafa í för með sjer, fjárhagslega og kirkjulega.

Jeg er í engum vafa um það, að fríkirkja mundi glæða trúarlífið í landinu og hrinda hinni kirkjulegu deyfð. En það verður þá að vera hreyfing meira en nafnið; verður að vera byggð á ljósri vitund um, hvað í hugmyndinni felst. Sje fríkirkjuhreyfingin sprottin af innri löngun, innri þörf, er sýnir sig í trú og breytni, þá er það víst, að kirkjan verður aldrei svo bundin ríkinu, að sú hreyfing geti eigi sprengt af sjer öll bönd, hvað sem hið almenna löggjafarvald segir. En þetta á ekkert skylt við þá fríkirkjuhreyfingu, sem nú er uppi; hún er að vísu að nokkru komin frá þeim mönnum, sem oftýður deyfðin, en einkanlega mun hún runnin frá þeim, sem enga kirkju vilja hafa. Slíkt er eigi til að andmæla hjer, en eigi vegna þessara manna að fresta öllum umbótum í þessu efni, þá er það alls ekki rjett leið hjá löggjafarvaldinu.

Það hefur enn þá ekki borið á þeirri fríkirkjuhreyfingu í landinu, sem sje sprottin af þessum öflugu hvötum; sú hreyfing, sem nú er uppi, er beinlínis framkomin af peningalegum ástæðum, óánægju í svip út af aðgjörðum veitingarvaldsins o. fl. þ. h. En fyrir þá hreyfingu ber ekki að slá á frest umbótum á kjörum þeirra manna, sem borið hafa og haldið uppi andlegri og kirkjulegri menningu, síðan land þetta tók kristna trú. Þeir menn, sem fróðir eru í sögu landsins, eins og háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.), ættu að vita, að engri stjett landsins eigum við meira að þakka í menningarlegu tilliti, en prestastjettinni íslenzku, þótt þeir ætt-

jarðarvinir sjeu nú uppi, sem telja þjóðinni hollast að losast við þessa stjett.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) telur, að tillögur nefndarinnar miði að því, að reyra saman ríkið og kirkjuna, meira en nú á sjer stað. Þetta er alveg óskiljanlegt. Þetta frumv. og hin önnur frumv. milliþinganefndarinnar miða þó eptir minni meiningu eindregið til þess, að losa um böndin, auka frelsi kirkjunnar og safnaðanna. Það liggur í augum uppi, að þó sóknargjöldin sjeu afnumin, þá er ekki síður hægt fyrir ríkið að sleppa kirkjunni — það er einmitt miklu hægra; þá er miklu meiri hvöt fyrir ríkið til að losa sig við kirkjuna, og láta hana sigla sinn eigin sjó. Með þessum bráðabirgðarráðstöfunum hefur nefndin ekki hugsað sjer að »reyra« neitt, heldur hefur hún viljað halda í áttina, þá rjettu átt, að styrkja þá hreyfingu, sem kemur fram fyrir trúarþörf, og byggð er á evangel. lúterskum grundvelli. Nú gjörir ríkið ekkert til að styrkja fríkirkju, en nefndin ætlast til, að það gjöri það. Og mjög svo furðar mig á, að heyra annað eins og það, að afnám sóknargjaldanna verði til þess að drepa niður kristilegu safnaðarlífi. Í öðru orðinu játa þó háttv. ræðumenn, að þetta sjeu ójafnaðargjöld; en er það þá til að drepa niður kristilega trúarlífið, að afnema slík gjöld? Að halda þeim, getur aldrei orðið til þess að efla kristilegt safnaðarlíf.

Það er dálitið einkennilegt hjá síðasta ræðumanni, að hann telur gjöldunum það til gildis að þau sjeu gömul; eptir því ættu öll illa þokkuð gömul gjöld að vera fullgóð. En nokkuð fáránleg kenning er það, að gjöld, sem allir játa að eru óvinsæl, sjeu til þess að efla trúarlíf safnaðanna! Það er ómögulegt að sjá, að það sje til þess að reyra saman, þótt kirkjujarðir sjeu teknar og seldar, og andvirðið látið renna í sjerstakan sjóð, sem kirkjan á. Ekki er það óhægra fyrir ríkið að fá kirkjunni sjóðinn í hendur, heldur en að afhenda henni jarðirnar. Umráð safnaðanna eru aukin, og kjörfrelsið svo mikið, að enginn munur verður á því og í fríkirkju, því að söfnuðirnir eiga að fá að velja um alla umsækendur. Það er ekki vel skiljanlegt, að þetta sje til að rígbinda, því það er einmitt til mikillar rýmkunar.

Það er aðgætandi, að það eru ekki gjöldin, peningarnir, sem hrinda áfram hinni rjettu fríkirkjuhreyfingu; nei, það hefur ávallt verið innri þörf, innri vakning, en ekki peningar — það sjá menn af veraldarsögunni. Ef sú þörf er nógu rík, nógu öflug, þá er ekki spurt að því, hvað það kosti. Jeg vil ekki leggja stein í veg fyrir þann áhuga, sem þannig er undir kominn.

Hitt er ljóst. hvort sem fríkirkja er hjer höfð að yfirvarpi eða ekki, að ástæðurnar eru allt annað en veigamiklar fyrir myndun fríkirkju, eins og nú til hagar í landinu. Það er enginn stuðningur fríkirkju, að gjöra kjör prestanna óhafandi og ómöguleg. Meðan ríki og kirkja eru sameinuð, er hægt að búa í haginn, svo að kirkjunni verði skilað með góðum kennimönnum og viðunanlegu fjármagni. Þá fríkirkjuhreyfingu ber ekki að styðja, sem vill enga presta, heldur hina, sem vill efla guðsótta og góða siðu í landinu; það er því ekki ráð til blómlegrar fríkirkju, að kvelja lífið úr prestastjett landsins til undirbúnings þessarar miklu breytingar.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) komst svo að orði, að prestarnir hefðu löngum verið einvaldir í landinu. Það getur verið að nokkuð sje hæft í því, en jeg álít, að það hafi verið

til góðs, fyrir þessa þjóð bæði fyr og síðar, þegar litið er á það í sambandi við annað einveldi, eða rjettara sagt hið útlenda ofríki, sem prestastjettin hefur fyr og síðar barizt á móti.

Háttv. kgk. þm. virtist tala um það í háði, að prestarnir gæfu sig mikið við pólitík. Þetta snertir nú reyndar lítið efnið, en hingað til hefur það verið svo, að prestarnir hafa heima í sveitum verið með beztu bændunum, og á þingi hafa þeir ekki komið fram til vanvirðu, heldur miklu fremur til sóma sjer og landinu; ávallt staðið með þeim fremstu í frelsisbaráttu þjóðarinnar. Það væri því ekki maklegt, að þjóðfjelagið endaði samvistirnar þannig, að það fleygði prestunum út á gaddinn, ekki maklegt fyrir það, að þeir hafa þolað súrt og sætt með alþýðu landsins og verið nýtir embættismenn.

Háttv. 6. kgk. talaði um það, að menn hættu að vilja ganga í prestlega stöðu. Það er eðlilegt að svo sje, þegar prestsstaðan er orðin þannig, að enginn af stúderandi mönnum getur álitið hana viðunandi lífsstarf. Hann getur ekki fallizt á afnám sóknargjaldanna. En þjóðin er fyrir löngu búin að athuga þetta og komin að þeirri niðurstöðu, að þessum gjöldum beri ekki að halda við.

Þjóðin telur ekki eptir sjer rjettmæt og sanngjörn gjöld, hvorki til presta eða annara embættismanna, sem eiga við lífnaðarhætti eða atvinnuvegi þjóðarinnar, en hún telur eptir úrelt gjöld og ójafnaðargjöld.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði, að óbeinn skattur væri gjöld, sem löggjafarvaldið hefði rænt úr vasa þjóðarinnar, og gengur það yfir mig, að hann skuli fyrstur hafa orðið til þess, að gjöra þessa athugasemd nú. Jeg get ómögulega sjeð, að það sje rán, þó lagðir sjeu óbeinir skattar á þjóðina; hún veit, á hvað tollurinn er lagður og hvað hún geldur í landssjóð af tollskyldum vörum. Auk þess þýðir lítið að tala um beina skatta, úr því að það eru einmitt þeir, sem þjóðin vill losna við.

Jeg þekki svo mikið til út um land, að jeg veit, að þjóðin yrði engu fegnari, en að lausafjárskattinum og ábúðarskattinum yrði breytt í óbeina skatta, og þykir henni þeir ekki meira rán en svo á eignum sínum. Og þótt nefndin hafi lagt þetta til nú til bráðabirgða, þá er ekki meiningin, að þetta fyrirkomulag eigi að standa um aldur og æfi, heldur að það sje að eins bráðabirgðaruppbót fyrir þau gjöld, sem landssjóður greiðir í bráð.

Að því, er snertir ummæli háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) um tollfrumv., þá álít jeg ekki að það liggi fyrir að ræða það nú; og er nógur tími að gjöra það síðar, þegar það verðar tekið á dagskrá, og mun nefndin síðar lýsa skoðun sinni á því máli, og getur h. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) þess vegna vel sparað sjer það ómak að boða það nú, að því máli verði vísað frá; nægur tími til að tala um það, þegar málið kemur til umræðu hjer í deildinni.

Jón Jakobsson (þm. Húnv.): Það er hvorttveggja, að búið er að tala margt og mikið um þetta mál, enda vildi jeg ógjarna lengja mjög mikið umræðurnar um frumv. fram yfir það, sem jeg er nauðbeygður til. Það er ekki að ástæðulausu, að þetta mál hefur verið rætt svo ítarlega, því að það er bæði vandamál og vandræðamál.

Jeg skal fúslega játa, að kjör presta eru yfirleitt bæði slæm og þeim ósamboðin. Jeg kalla það slæm kjör fyrir

menn, sem búnir eru að eyða 12—14 árum æfi sinnar, til þess að gjöra sig hæfa til þess að ganga í þjónustu ríkisins, að fá lægri laun en t. d. skipstjórar hafa hjer í Reykjavík; en hjer er ekki ein bára stök, því að ofan á þessar rýru tekjur prestanna, bætist svo sú óvirðing, að þeir verða að vera tollheimtumenn fyrir sjálfa sig.

Hjer er því sannarlega úr vöndu að ráða.

En er hjer með þessu frv. verið að gjöra nokkuð, sem reyrir enn þá meira saman ríki og kirkju, eða er hjer verið að gjöra nokkuð til þess að losa um þau bönd? Þetta er í mínum augum mjög þýðingarmikið atriði. Jeg er fyrir mitt leyti þeirrar skoðunar, að fríkirkjan sje hið fegursta kirkjufyrirkomulag, og að kirkjan hafi að jafnaði verið himninum næst, þegar hún var sem fjærst ríkinu, og að hún hafi verið fegurst, meðan hún var »ecclesia militans« og verksvið hennar þá heilladrjúgast.

Jeg hafði búizt við, að kirkjumálanefndin hefði getað lagað verstu gallana á launakjörum prestanna, með því að fækka prestaköllunum um 40, en þetta hefur nú ekki getað látið sig gjöra; jeg held nú samt, að hjer hefði mátt fara nokkuð lengra, en gjört hefur verið, og er þessi fækkun prestakallanna því ekki mikil bót, en nokkur þó. Hvað það atriði snertir, að nefndin hjer í deildinni hefur lagt það til, að 3. gr. stjórnarfrumv. viðvíkjandi persónulegri launabót handa 20 prestum, falli burt, þá verð jeg að taka undir með háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) um það, að jeg fæ með engu móti skilið, hvernig nefndin hefur getað komið fram með þessa till., þar sem hún annars hefur unnið með alúð að því, að leitast við að gjöra nokkrar umbætur á hag presta; því að það er kunnugt, að prestar hafa áður verið mjög illa og ranglega settir gagnvart öðrum embættismönnum. Prestar geta verið sómi og prýði sinnar stjettar, en orðið þó að hýrast á rýrum brauðum til dauðadags, en það bætti að vísu dálítið úr skák, að ef þeir sköruðu fram úr öðrum, þá gátu þeir gjört sjer von um betra brauð seinna.

Nú er sú von alveg upphafin með því að brauðin hafa verið »nivelleruð« svo, að þau eru öll gjörð jöfn að tekjum. Þess vegna á jeg ómögulegt með að skilja, hvernig nefndin gat fengið af sjer að leggja það til, að þessi persónulega launabót væri felld burt. Mjer finnst nefndin með þessu hafa gjört sitt til þess, að bægja hæfilegleikamönnum frá að ganga í embættisþjónustu í kirkjunnar þarfir. Þess vegna tek jeg undir með háttv. 2. kgk. þm. um það, að jeg er algjörlega móti meiri hluta nefndarinnar, að því er þetta atriði snertir.

Að því, er snertir ummæli annara háttv. þingdm., þá skal jeg láta þess getið, að jeg er ekki samdóma háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) um það, að kalla kirkjujarðirnar eignir evangelisk-lutherska kirkjunnar.

Jeg veit ekki til, að hún hafi neinn löglegan rjett til þeirra; hún fekk þær ekki sem rjettur arftaki, heldur fyrir bylting og ofbeldi; sá rjetti arftaki þessara eigna væri kaþólska kirkjan. Annað mál er það, að meðan lútherska kirkjan er þjóðkirkja, þá er sjálfsagt fyrir hana að halda þessum eignum.

Þá hefur þess verið getið, að preststíund sje ekki viðfelldið gjald; aptur finnst öðrum það rjettlátt, en mjer fyrir mitt leyti finnst það mjög ranglátt gjald. Ef nokkuð er persónulegt mál, þá eru það trúmálin, og það eru

sannarlega ekki jarðir, sauðir, kýr eða hestar, heldur menn, sem guðsþjónustunnar njóta, og því er það eðlilegast, að öll gjöld til kirkjunnar sjeu persónuleg gjöld.

Þessi skoðun er ekki ný, hún hefur áður verið borin fram hjer á þingi af Þórarni sál. Böðvarssyni prófasti í Görðum.

Að því er offrið snertir, þá er það í mesta máta ranglátt gjald, þannig eiga t. d. assistentar, sem hafa, ef til vill, ekki nema 600 kr. í laun, að gjalda offur, en skipstjórar ekki, þótt þeir hafi meir en helmingi hærri laun.

Jeg stóð upp af því, að jeg vildi gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg mun greiða atkvæði eptir beztu vitund um breyt.till. nefndarinnar, til þess að frumv. fari sem bezt úr garði gjört til 3. umræðu. en hins vegar er óvíst að jeg fylgi því út úr deildinni, því að mjer finnst, að með því að setja kirkjunnar þjóna upp á laun úr landssjóði, þá sje farið bæði í þveröfuga átt við það, sem almenningur óskar, að kirkjan eigi að vera frí og frjáls, og einnig í öfuga átt við skoðanir margra merkra klerka hjer á landi.

Jeg held, að margir klerkar sjeu nú komnir á þá skoðun, að fríkirkja sje það, sem nauðsynlegt er til eflingar andlegu lífi, og að það sje heppilegast, að klerkastjettin beitist sjálf fyrir því. Jeg hygg, að sú skoðun fari dagvaxandi, að það ástand, sem nú er, geti ekki staðið til lengdar, svo að kirkja og kristindómur ekki líði óbætanlegt tjón.

Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strand.): Jeg þarf ekki að láta það í ljósi nú, því að jeg hef gjört það áður, að jeg álít kjör flestra presta svo slæm og óverðug, að full ástæða sje til að bæta þau. Jeg hef jafnan talað á móti því, þegar þingið hefur ætlað að ganga inn á þá glapstigu, að fara að koma upp fleiri svelti-prestaköllum, en fyrir eru. Jeg er samkvæmt þessu því mjög hlynntur, að kjör presta sjeu bætt svo fljótt sem auðið er. En þess verð jeg að láta getið, að jeg tel það talsverða bót á hag þeirra, þótt eigi sje eins langt farið sem hjer er gjört. Þó er hjer ekki um neitt kappsmál að ræða fyrir mjer. Það er rjett, sem fram hefur verið tekið, að ekki mun vera hægt að telja laun flestra presta öllu hærri en 1,000 kr., sje miðað við hreinar peningatekjur. Það er því stór bót, sem þeim er ætluð hjer, þar sem ákveðið er, að byrjunarlaun þeirra skuli vera 1,250 kr., og hækka síðan upp í 1,450 kr., og loks upp í 1,650 kr., og þar sem erfiðleikauppbót bætist við, geta þau komizt upp í 2,000 kr., og þessi laun eiga þeir að fá í peningum, en losast við innheimtuna, sem bakað hefur þeim erfiðleika og tjón. Auk þess eiga þeir að fá aukatekjur fyrir barnaskírn, fermingu, greptrun o. s. frv.; geta þær í sumum prestaköllum numið allmiklu. Jeg bendi á þetta til þess að sýna fram á, að eptir ákvæðum frumv. þessa muni hagur prestastjettarinnar geta orðið allviðunanlegur, en eigi til þess að rísa gegn ákvæðum þessum. Aptur álít jeg það engan veginn sjálfsagt að ljetta sóknartekjunum af þjóðinni, þótt innheimtunni sje ljett af prestunum, þau gjöld mættu standa eigi að síður. Þó það nú geti verið rjett, að margar af þessum sóknartekjum kunni að vera óviðfelldnar, og byggðar á eigi sem rjettustum grundvelli, þá er hægt að kippa þeim misferlum í lag, án þess að afnema þær með öllu. Jeg verð að vera á þeirri skoðun, að t. d. tíundin sje alls eigi ósanngjarnt gjald. Það er vitanlega rjett, að kristilegt trúarlíf byggist ekki á eign sauða og nauta, en sauðir og

naut eru eign manna, sem óska að vera í kristilegu kirkjufjelagi, og því ekki nema eðlilegt, að gjöld til kirkju og presta sjeu byggð á einhverjum arðberandi eignastofni þessara manna.

Mjer getur þó ekki dulizt, að einna eðlilegast væri, að sóknartekjurnar væru lagðar mest á sem nefskattur; slíkt væri sem heppilegast að svo miklu leyti, sem það gæti gengið; auðvitað eru jafnan nokkrir öreigar, sem ekkert geta greitt, en það er ekki meira að sleppa þeim við þessi gjöld en önnur opinber gjöld. Jeg teldi það rjettast, að sóknarnefnd jafnaði niður sóknartekjunum eptir föstum reglum, en hitt rangt, að því starfi sje ljett af þeim.

Það var rjett tekið fram hjá háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), að það mundi verða til að deyfa trúarlíf og sværa alla fríkirkjuhreyfing, ef öllum beinum gjöldum til presta yrði ljett af söfnuðunum, því þegar búið væri að koma þeim upp á það, að þurfa ekki að gjalda prestum sínum neitt, þá er jeg hræddur um, að það dragist, að svo fjörugt trúarlíf vakni, að menn vilji leggja á sig stór gjöld og þungar byrðar, sem þeir eru orðnir óvanir við, til þess að koma upp fríkirkju. Jeg held, að það sje ekki hægt að reyra kirkjuna öllu fastar við ríkið með öðru en þessu, nje sværa allar kirkjulegar hreyfingar.

Háttv. framsm, (Sig. St.) þótti það ósanngjarnt, að leggja það á sóknarnefndirnar, að innheimta sóknartekjur prestanna. Jeg fæ þó ekki sjeð, að með því sje þyngri innheimtukvöð lögð á þær, en ýmsar aðrar; ekki verður starfi þeirra erfiðari nje umfangsmeiri en starfi hreppsnefndanna. Það liggur við, að það geti verið til góðs fyrir sóknarnefndirnar, að fá innheimtu þessa. Hingað til hefur starfssvið þeirra verið sama sem ekkert, og því hefur lítt verið vandað til kosninga í þær. Jeg veit dæmi til þess að menn hafa gjört leik til þess að kjósa óhæfa menn í sóknarnefnd, til þess, eins að geta gjört gys að öllu á eptir. Þetta mundu menn ekki hafa leyft sjer, ef nefndirnar hefðu átt að jafna allháum gjöldum á kjósendur. Hingað til hafa sóknarnefndir verið lítið meira en nafnið tómt, það er því æskilegt, að þær fái eitthvað meira að starfa, svo að hið sama verði ekki sagt um þær framvegis.

Það er ekki svo þungt á metunum, þótt vitnað sje í vilja almennings um að hann æski eptir að verða laus við sóknargjöldin. Það er sjálfsagt satt, að hann vill það því er nú einu sinni svo varið, að flestir vilja sem mest vera lausir við gjöld þau, sem þeir eiga að inna af hendi til almennra þarfa. En hitt er annað mál, hvort það er rjett af þinginu, að hlaupa eptir óskum manna í þessu, þar sem það þó veit, að þeim verður að ná á annan hátt, og þá miklu hærri. Mjer finnst það vera að »spekúlera« í hugsunarleysi almennings og fákænsku, að vera að breyta sem mest hinum beinu gjöldum í óbein, það sje að gefa honum steina fyrir brauð, láta hann gjalda óafvitandi tvær krónur fyrir hverja eina, Jeg get ekki komizt hjá að minnast lítið eitt á hugmynd háttv. nefndar um það, hvernig hún vill ná upp fje í stað sóknargjaldanna. Þótt jeg sje ekki á móti öllum óbeinum sköttum, þá finnst mjer þó sannarlega vera farið of langt hjer, að byggja prestsgjöldin að mestu á óbeinum sköttum. Mjer þykir oflangt farið að láta kaffimanninn, tóbaksmanninn og þann, sem neytir víns, verða aðalstoðirnar prestsstjettarinnar. Mjer virðist það ekki rjettlátt og ekki viðeigandi, að Bakkus sje að-

aðstoð kirkjunnar, og að hann styðji prestinn fyrir altarinu. Þegar aðflutningsgjaldið var hækkað um 30%, þá þótti fulllangt farið, enda þótt fjenu ætti að verja til óumflýjanlegra almennra landsþarfa. Og það er aðeins af brýnni nauðsyn, að þingið hefur hallazt að því, að halda tollhækkun þessari nú í bráð. En það er vafalaust of langt farið, ef hækka skyldi aðflutningsgjaldið enn um 10%, og það einungis til þess að geta kippt á burt afargömlum gjöldum, sem menn hafa frá ómunatíð verið vanir við að greiða. Jeg get að vísu búizt við, að ýmsir mundu láta sjer þetta vel líka; en það kemur af röngum hugsunarhætti, af því að þeir gefa því eigi gaum, að óbeinu skattarnir leggjast í raun og veru þyngra á þá, en beinu skattarnir. Það er eins og mönnum finnist því fje rigna af himnum ofan í landssjóð, sem tollarnir færa honum. Þennan hugsunarhátt ætti miklu fremur að bæla niður, en að glæða hann.

Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkvæði á móti öllu því í frumv. þessu, sem stendur í sambandi við það, að sóknartekjurnar sjeu afnumdar, en mun greiða atkvæði með því, að öðru leyti.

Jeg mundi og vera fús á, ef tími leyfði, að vinna að því, að breytt væri gjaldstofnum þeim, sem sóknartekjurnar hvíla á, svo framarlega sem byggt væri á þeim grundvelli, að þær væru greiddar sem beinn skattur af þeim, sem prestana nota.

Jeg er því og samþykkur, að innheimtunni sje ljett af prestunum; sjer í lagi vil jeg, að þeir sjeu lausir við umsjón kirkjujarðanna; það er ótilhlýðilegt, að þeir þurfi að vasast í þeim málum, og getur einatt spillt vinsældum þeirra. Sumstaðar liggja kirkjujarðir, sem heyra til sama prestakalli, í tveim hreppum, og hefur það eigi ósjaldan valdið misklíð, hvernig prestur hefur ráðstafað ábúð jarðanna í þeim hreppnum, sem hann hefur ekki verið búsettur í; hann þótt sjá lítt fyrir hag hreppsins við það.

Fyrst á annað borð er farið að selja þjóðjarðir á þann hátt sem nú, er jeg og með, að kirkjujarðirnar sjeu einnig seldar, og jafnvel prestssetrin líka. Jeg hef ekki heldur á móti því, að innheimta jarðar-afgjalda af kirkjujörðum sje falin hreppstjórum, en jeg tel það ekki rjett, að ætla þeim ekki meira en 6% af afgjöldunum fyrir fyrirhöfn sína; það er ekki rjett, að kalla þessa 6% innheimtulaun, því það þarf meira að gjöra, en heimta jarðar-afgjöldin inn; þau eru venjulega greidd í landaurum, sauðum og smjöri, og þessu þarf að koma í peninga, og getur verið töluvert umstang við það. Það munu því flestir viðurkenna, að 6% sje allt of lítið fyrir að innheimta jarðar-afgjöldin og koma þeim í peninga; það mætti ekki minna vera en 10%.

Jeg fellst á það, sem háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði, að það hafi verið fljótræði af háttv. nefnd, að stryka út sóknartekjurnar, og bæta þær upp á þann hátt, sem hún gjörir ráð fyrir; þar sem einmitt nú á þingi hefur verið skipuð skattamálanefnd, sem jafnframt því, sem bún á að taka önnur skattamál landsins til yfirvegunar, á einnig að koma fram með tillögur um preststekjurnar.

Jeg finn enga ástæðu til, að vera að gjöra bráðabirgðaráðstöfun um tekjur presta, heldur tel jeg rjett, að bíða og sjá, að hvaða niðurstöðu skattamálanefndin kemst.

Háttv. framsm. (S. St.) sagði, að það væri ekki rjett, að verið væri að binda

kirkjuna með frumv. fastara við ríkið en áður, og tók það fram máli sínu til sönnunar, að nefndin legði það til, að fríkirkjusöfnuðir væru styrktir með fjárframlagi úr landssjóði. Það er rjett, að í svipinn sýnist þessi tillaga borin fram til þess, að hlynna að fríkirkju, en þegar nefndarálitið er lesið vandlega, þá kemur það í ljós, að hjer er ekki verið að gjöra annað, en að skila fríkirkjumönnum aptur ofurlitlum hluta af því, sem þeir hafa borgað til kirkjuþarfa með hækkuðum aðflutningsgjöldum.

Jeg sje ekki annað, en að fjötrarnir sjeu eins sterkir eptir sem áður, er binda kirkjuna við ríkið, þótt fríkirkjumönnum sje skilað að eins litlum hluta af fje því, sem ranglega er frá þeim tekið til kirkjuþarfa.

Jeg fæ eigi sjeð, að rýmkun kosningarrjettarins, sem háttv. framsm. (S. St.) var að tala um, losi kirkjuna við ríkið. Um rýmkun kosningarrjettarins verð jeg annars að segja það, að mjer þykir gengið lengra en góðu hófi gegnir, ef það á að ljetta öllum skyldunum af söfnuðunum en jafnframt auka rjettindi þeirra.

Jeg játa það, að jeg hef verið því fylgjandi hjer á þingi, að kosningarrjettur safnaðanna væri aukinn, en þá hef jeg og gjört ráð fyrir því, að söfnuðirnir launuðu prestum sínum. En eigi prestarnir, að fá laun sín úr landssjóði, þá finnst mjer það og rjett, að stjórnin veiti prestsembættin; því að þegar svo er komið, þá hefur almenningur í raun rjettri engu meiri rjett til, að skipta sjer af embættaveitingu presta, en t. a. m. lækna og sýslumanna.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg mun greiða atkvæði með frumv. í heild sinni til 3. umr., en um atkvæðagreiðslu mína um hinar einstöku greinar frumv. mun fara eptir því, sem orð mín hafa fallið hjer að framan.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Jeg hef haft lítið tækifæri til þess að vera við umræðurnar í háttv. d. í dag og hafði eiginlega ekki búizt við að taka þátt í þeim, en við nánari yfirvegun tel jeg þó rjettara að segja fáein orð um einstök atriði málsins.

Jeg heyri sagt, að töluvert hafi verið rætt um þjóðkirkju, og fríkirkju og skal jeg leiða þær umr. hjá mjer að þessu sinni. Aptur á móti skal jeg taka það fram, að jeg er fyllilega sammála háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) um það, að það hafi verið misráðið af háttv. nefnd að ráða til þess, að felld væri niður verðleika uppbót sú, sem gjört er ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar að nokkrum prestum sje veitt. Jeg tel það ákvæði eitt hið bezta í frumv. og eitt af því, sem sízt ætti burtu að falla. Áður hefur að nokkru leyti verið hægt að launa prestum góða og dygga þjónustu með því að veita þeim betri brauðin, en hjer eptir yrði slíkt lítt mögulegt, ef laun prestakallanna verða jöfnuð eins og gjört er ráð fyrir, og kosningarrjettur safnaðanna rýmkaður enn frá því, sem nú er. Það sýnist því afar sanngjarnt, að verðleikauppbótin komi í stað forgöngu til betri brauðanna, sem nú hlýtur næstum að hverfa. En hjer er ekki um peningana eina að ræða. Þetta hlyti að vekja metnað hjá prestunum og kapp að ná í uppbótina vegna sæmdar þeirrar, sem því er samfara að fá hana. Jeg sje, að í nefndarálitinu stendur, að það muni vera mikil vandhæfni á því, að ákveða verðleika prestanna til þessara uppbóta, og oflítil trygging fyrir því, að þær komi rjettlátlega niður. Þetta má segja um svo margt annað mat líka, og jeg get ekki trúað því, að það verði vandameira, að

meta verðleika prestanna til þessara uppbóta en svo marga aðra verðleika, einkum þegar þess er gætt, að stjórnin á að úthluta uppbótum þessum eptir ráði biskups, og honum ætti þó að vera nokkurn veginn kunnugt um framferði presta og verðleika. Jeg verð af þessum ástæðum, að mæla eindregið á móti þessari till. háttv. nefndar. Þá skal jeg minnast á þá breyt.till. háttv. nefndar, að hún vill afnema sóknartekjur prestanna, og láta launa þeim úr landssjóði, en bæta svo landssjóði upp með 10% í viðbót við bráðabirgðartollhækkun þá, sem nú er búið að samþykkja af þinginu. Jeg skal ekki að þessu sinni fara út í það, hvort það muni í sjálfu sjer heppilegt, að afnema sóknartekjurnar og launa prestum úr landssjóði, en jeg vil leyfa mjer að spyrja háttv. nefnd, hvernig hún hugsi sjer gang þessa máls nú á þingi. Eins og henni er kunnugt, þá er tollaukafrumv. þegar afgreitt sem lög frá þinginu, og verður háttv. nefnd því að koma fram með nýtt tollaukafrumv., ef hún ætlar að fá till. sinni framgengt. Nú gæti svo farið, að tollaukafrumv. hennar yrði ekki samþ., þótt frumv. um laun prestanna kæmist gegn um þingið. Þá yrði varpað þungri byrði á landssjóð, byrði, sem háttv. nefnd ætlast ekki til að hann taki upp á sig endurgjaldslaust. Til þess að þetta komi ekki fyrir, sje jeg ekki betur en að frumv. um laun presta verði að bíða úrslita þingsins, þangað til að sjeð er fyrir um forlög tollaukafrumv. háttv. nefndar, en vel mætti það verða til þess, að málið dagaði uppi á þessu þingi.

Jeg er samdóma um það, að engin meiri trygging sje fyrir því, að hreppstjórar hafi góða umsjón með kirkjujörðum en prestar. Sumir prestar hafa sýnt mestu alúð í því og þeim farnast hún vel, öðrum miður. Líkt mundi verða með hreppstjórana, og eiginlega er ekki mikið af þeim heimtandi, þegar litið er á hvaða lúsaborgun þeim er ætluð fyrir starf sitt, einir 6% af afgjaldi jarðanna, og fyrir þetta eiga þeir að sjá um, að jarðirnar sjeu vel setnar, heimta inn eptirgjöldin eptir þær, og koma þeim í peninga, þegar þau eru greidd í landaurum, eins og optast er.

Enn meira stingur þetta í stúf, þegar það er borið saman við laun umboðsmanna þjóðjarðanna; þeir fá ekki 6%, heldur 1/6 part af afgjöldunum fyrir starfa sinn; það liggur við, að manni detti í hug, að háttv. nefnd hafi misritað 6% en ætlað að rita 1/6. Minna en 10% mega umboðslaunin fyrir kirkjujarðirnar alls eigi vera; annars er varla við því að búast, að þeir fáist til að taka að sjer umsjón jarðanna, sem vel sje fyrir því trúandi.

Jeg álít þessi lágu innheimtulaun ekki sjerlega heppileg. Alþýðumenn eru ekki ofsælir fyrir því, þó þau laun sjeu sett hærri.

Síðast í frv. eru ákvæði um, að lögin öðlist gildi fyrsta fardag 1908, en nefndin kemur með till. um, að lögin öðlist gildi í fardögum 1908, án þess þó að hún ætlist til, að fyrri ákvæðin sjeu felld burt. Þetta getur ekki staðizt, og bendi jeg á þetta til athugunar fyrir nefndina.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg ætla að svara háttv. framsm. örfáum orðum. Hann svaraði ræðu minni, eins og jeg hefði talað um öll kirkjumálafrumv. í einu. Þetta er misskilningur. Jeg talaði að eins um þetta eina frumv., sem hjer liggur fyrir til umr. Jeg viðurkenni starf nefndarinnar sem mjög þýðingarmikið, og að hún hafi talsvert í ýmsum greinum aukið frelsi safnaðanna.

En þetta frumv. ætlast til, að prestar verði settir á föst laun úr landssjóði. Jeg tel það rangt að fleygja burt sköttum, sem eru eign prestanna, og hef jeg í því efni ekki breytt skoðun minni eptir ræðu háttv. framsm.

Háttv. framsm. gat þess, að jeg talaði mikið um fríkirkjuhreyfing. Jeg ímynda mjer, að hann hafi ekki meint, að það væri af neinu yfirskyni. Og sagði hann enn fremur, að þá ættum við að hefjast handa og styðja þessa hreyfingu. Jeg játa, að það sje rjett, enda hef jeg bent á ýmislegt í þá átt. Síðustu 20 árin hefur talsvert viða bólað á fríkirkjuhreyfingu. En það er ekki rjett, að hún sje eingöngu eða mestmegnis byggð á sparnaðarhugsun, þ. e. að komast hjá kostnaði, heldur af þrá til þess að hafa sem fyllst safnaðarfrelsi. Ef prestarnir styddu þessa hreyfingu, þá mundi hún vaxa sig sterka og skilningur á fríkirkju verða rjettari hjá þjóðinni. Það er rjett, að fríkirkjuhreyfingin á að koma neðan að, og að hún á að verða svo sterk, að hún brjóti böndin, sem til hindrunar eru. En vjer eigum ekki að skapa nein bönd handa henni að brjóta. En það er spursmál, hvort við erum ekki einmitt að gjöra það.

Jeg lagði áherzlu á, að umbætur þessar væru eigi svo miklar, að tilvinnandi væri að samþykkja þær, þegar litið væri á málið í heild. Og það er hjartanleg sannfæring mín. Brauðin, sem nú eru óveitt, verða ekki veitt. Og það eru ekki svo fáir prestar, sem hafa nú hærri laun, en ætlazt er til, að þeir fái eptir þessu frv.

Jeg álít ekki hægt, að komast af með nefskatt einungis, en tel hægt að breyta sóknartekjunum, svo þær verði rjettlátar.

Háttv. framsm. gat þess, að jeg hefði talað um pólitík presta með þjósti. Það gjörði jeg eigi. En hitt álít jeg, að pólitísk störf presta hafi gjört það að verkum, að þeir hugsuðu ekki eins mikið um sjálfstæði prestastjettarinnar gagnvart ríkinu, og þeir hefðu átt að gjöra.

Það má ekki taka sóknargjöldin alveg athugalaust af prestunum, og setja þá á föst laun úr landssjóði í þess stað. En mjer hefur ekki komið til hugar, að áfellast nefndina neitt fyrir það. Jeg hef ekki sjeð neina útreikninga um, hvernig þessi gjöld koma niður. En jeg vil ekki láta fleygja þessum gömlu gjöldum burt, fyr en sjest, hve mikið er hjer um að gjöra.

Það var engin von til þess, að jeg við afgreiðslu tollaukalaganna gæti tekið þetta til greina, enda var jeg ekki á þingi 1905. Tollaukalögin voru samþykkt, af því óhjákvæmilegt var að auka tekjur landssjóðs. En jeg fæ ekki sjeð, að það sje óhjákvæmilegt, að leggja þessar 67,—68,000 þúsund krónur beint á landssjóð.

Jeg hef tekið fram, að jeg geti ekki greitt atkv. með frumv. til 3. umr., en get þó auðvitað ekki haft hugmynd um allar brt., sem fram kunna að koma við það. En eins og nú stendur lítur frv. í mínum augum alleinkennilega út.

Eiríkur Briem: Það var rjett hjá háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), að það var upphaflega tilætlun nefndarinnar að 10% viðbót kæmi fram sem br.-till. við tollaukalögin. En það frumv. gekk svo harðri ferð í gegnum þingið, að ekki var hægt að koma fram með þessar breyt.till. við það. En nefndin kom þá fram með tillögu sína sem sjerstakt frumv. og síðan hefur nefndin ekki átt fund með sjer, og því ekki getað borið sig saman frekar um þetta atriði.

Jeg þakka umboðsmanni ráðherra

fyrir athugasemd hans um ákvæðin »fyrsta fardag« og »í fardögum«, og er það alveg rjett, að þau geta ekki bæði staðizt.

Viðvíkjandi sóknartekjunum hefur komið fram talsverður skoðanamunur á eðli þeirra. Nefndin skoðaði þetta sem almenna þegnskyldu, við hliðina á ábúðarskatti, lausafjárskatti, þó að sóknartekjurnar væru sjerstaklega notaðar til að launa prestunum. Hvort prestarnir taka embættislaun sín eptir gömlu lögunum eða á annan hátt, á að vera alveg sama í sjálfu sjer; það er að eins munur á, hvar þeim er vísað á að taka laun sín. Jeg held, að enginn vafi sje á því, að sóknartekjurnar sjeu almennt skoðaðar sem alveg úreltar. Og þegar litið er á þær út af fyrir sig, þá eru þær ójafnaðargjald, eins og t. d. lambsfóður og dagsverk, sem koma mjög misjafnt niður á ríka og fátæka. Milliþinganefndin skoðaði þessi gjöld sem part af almennri þegnskyldu, en áleit rjett að eiga ekki við þau að sinni, eins og jeg áður hef getið um. En jeg álít persónulega heppilegast að afnema þau sem fyrst, og gat því í nefndinni verið því fylgjandi, að afnema þau nú þegar.

Viðvíkjandi því, að því var hreyft, að ekki ætti við að nota brennivínstoll til að styrkja kirkjuna, þá tek jeg það fram, að sá tollur verður að skoðast sem ein grein af almennum gjöldum; og má þá á sama hátt skoða hann sem styrk bæði til skóla og hvers annars er vera skal.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal ekki tala mörg orð í þetta sinn, því fremur sem mótbárurnar gegn frumv. eru margar þær sömu, sem áður hafa komið fram. Einkennilegt er, að allir háttv. ræðumenn standa upp með þær yfirlýsingar, að laun prestanna sjeu óviðunandi og þurfi að bæta þau. Maður skyldi ætla, að þessar yfirlýsingar ættu sjer einhverjar rætur í hugum þeirra, og hefðu áhrif á atkv. þeirra, og þeir vildu allt til vinna fyrir þær. En það er alveg gagnsætt.

Þm. Húnv. (J. Jak.) og þm. Strand, (Guðj. Guðl.) ljetu í ljósi, að þeir teldu persónuleg gjöld eðlilegust, og þm. Strandm. (Guðj. G.) fór svo langt, að hann áleit nefskatt eðlilegastan. En þetta verð jeg að segja er sama sem að fara frá Skyllu til Charybdis. Nefskattur verður aldrei vinsælt gjald, enda hlýtur það að koma mjög ranglátlega niður í mörgum tilfellum; líkt er að segja um niðurjöfnunargjöld. Ef fara ætti að leggja nefskatt á, þá mundi rekast á nýja örðugleika, og seinni villan yrði argari hinni fyrri.

Sami þm. sagði, að eptir frv. væri launin sæmilega há með aukatekjum fyrir ferming og önnur aukaverk. Og sagði hann, að lítið væri haft fyrir fermingunni. En þetta er þveröfugt, því að jeg álít undirbúning undir ferming mikið starf og vandasamt, ef það er leyst vel af hendi,

Nefndin gekk út frá því, að þetta væri ráðstöfun til bráðabirgða, er ekkert kæmi í bága við nefndarskipunina í skattamálunum. Þetta mál þolir enga bið frá hálfu prestanna. Prestsefnum hlýtur óðum að fækka, ef ekkert er að gjört, og prestsþjónusta því mjög torfengin eptir nokkur ár.

Háttv. þm. taldi, að þetta frumv. mundi deyfa hinn kirkjulega áhuga í landinu og hindra fríkirkjuhreyfinguna. Það er mjer alveg óskiljanlegt, nema ef fríkirkjuhreyfingin er byggð á krónum. En fyrir þá fríkirkjuhreyfingu tel jeg ekki mikið gefandi, og þá á sú hreyfing engan stuðning skilið, ef hún er að eins krónukrist-

indómur. Mjer er fríkirkjumálið miklu háleitara en svo, að jeg telji, að afnám ranglátra gjalda geti á nokkurn hátt tafið fyrir því. Mjer er því lítt skiljanlegt, að þessi óvinsælu sóknargjöld verði til þess, að hrinda málinu áfram í rjetta átt. Á fríkirkjuhreyfingunni í heild sinni er þá ekki sjerlega mikill áhugi; en hitt er víst, að á því er nú miklu meiri áhugi í landinu, að losna við þessi gjöld, breyta þeim í óbeina skatta.

Háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) þóttist ákaflega fyndinn er hann sagði, að eptir tilgangi frumv. ætti Bakkus að styðja prestinn fyrir altarinu. Þetta má segja um svo margt. Bakkus styður þá t. d. þm. Strand. í þingsætinu, Bakkus styður stjórnina og meira að segja sjálfan ráðherrann, og til sanns vegar má færa, að hann styðji okkur alla, að því leyti sem vintollurinn rennur í landssjóð.

Hjer er að líta á það, að prestsembættin á þjóðfjelagið að sjá um, að prestarnir eigi við viðunanleg kjör að búa, meðan ríki og kirkja eru sameinuð. Þjóðfjelagið hefur sömu skyldur gagnvart þeim sem öðrum embættismönnum. Umbótunum má því eigi skjóta á frest þangað til einhverntíma í framtíðinni, óákveðið. Það væri beint óheiðarleg aðferð af ríkinu gagnvart þjóðkirkjunni.

Jeg endurtek það, að nefndin hefur ekki gjört neitt það í þessu máli, sem reyri kirkjuna fastar við ríkið, því að þótt prestarnir sem embættismenn þjóðarinnar taki þau laun úr landssjóði, sem þeir nú verða að krefja sjálfir úr vösum alþýðu, þá get jeg með engu móti sjeð, að sú breyting hindri þjóðina í að koma fríkirkjuhreyfingunni í verk. Verði fríkirkjuhreyfingin annað en tómt skvaldur — og það mest hjá þeim, sem ekkert vilja — þá stendur það ekki þessari hreyfingu fyrir þrifum, þótt laun presta sjeu greidd úr landssjóði, og að það sje til þess að halda við kirkjulegu lífi og áhuga á kirkjunnar málum, að halda þessum gömlu og úreltu sóknartekjum, það er sama sem að segja, að það sjeu viss peningagiöid, sem eiga að viðhalda kristilegu trúarlífi hjá þjóðinni.

Þetta hygg jeg vera alveg gagnstætt öllum þeim fríkirkjuhreyfingum, sem leitt hafa til mestrar blessunar fyrir kirkjulegt líf. Það kannast víst allir við, að það sje mikill vandi, að koma fríkirkjuhugmyndinni í verk, og að það sje umfangsmeira en svo, að hægt sje að leysa það af hendi á fáum árum, og meira en svo, að það verði gjört með einu lagaboði. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki búa svo í haginn fyrir fríkirkjuna, að hún sje reist á rústum þjóðkirkjunnar, þegar búið er að svelta lífið úr prestastjett landsins, og ef hið núverandi ástand helzt í 30—40 ár, þá verður ekki einu sinni helmingurinn af þeim prestafjölda, sem nú er hjer á landi; fyrir því hef jeg og háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) þegar fært fullgild rök. Það getur þó ekki verið meining þingsins að kvelja lífið úr prestsstjettinni. Til hvers er þá verið að hafa prestaskóla í landinu, og til hvers er þá að hafa biskup yfir þeirri kirkju, sem gengur niður í jörðina?

Ef það er viðurkennt, að prestsstjettin sje til gagns, þá verða menn líka að viðurkenna, að það sje rangt að fara svo með hana, að enginn fáist til að ganga í hana. Nefndin var á einu máli um það, að fríkirkjuhugmyndin væri rjett og góð, en hins vegar duldist henni ekki, að hagur

prestsstjettarinnar sje þannig á sig kominn, að það þoli enga bið, að umbætur komist á hann.

Háttv. þm. Strand. (Guðl. G.) tók það fram, að það væri skrítið í sambandi við kosningafrelsið, að afnema sóknartekjurnar, og um leið og þeim væri veitt aukin rjettindi,að ljetta skyldum af þeim. Jeg veit ekki til, að neinum skyldum sje ljett af mönnum með þessu ákvæði; þeir hafa alveg sömu skyldur eptir sem áður. Breytingin að eins sú, að þau gjöld, sem þeir nú greiða beint til prestanna, greiða þeir eptir frumv. í landssjóðinn, er síðan borgar prestunum.

Það var misskilningur hjá háttv. fulltrúa stjórnarinnar, þar sem hann var að tala um, að háttv. þm. Strand. (Guðl. G.) væri á móti því, að hreppstjórunum væru falin umboð yfir kirkjujörðunum, og að umboðin yrðu of mörg, en umboðslaunin of lítil, sjerstaklega þar sem þau væru goldin í landaurum; en jeg býst nú við, að þeirra dagar, landauranna, sjeu bráðum taldir. Annars held jeg, að það sjeu einmitt hlunnindi tyrir hreppstjórana, að þessi gjöld sjeu borguð í landaurum, og að það sje langt frá, að það geti fælt menn frá, að hafa þessi umboð á hendi; hitt kann vel að vera, að umboðslaunin sjeu of lítil, og er nefndinni það ekkert kappsmál.

Þá sagði háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), að sjálfstæði prestanna væri skert, ef þeir ekki þyrftu að hafa innheimtu þessara gjalda á hendi, en jeg verð að líta svo á, að það miði fremur til þess að auka sjálfstæði prestanna, að þessari innheimtu sje ljett af þeim. — Þá talaði sami háttv. þm. um, að það yrði að hefjast handa með fríkirkjuhreyfingum. En til þess er það að segja, að það verður að hefjast handa meira en í orði. Þeir sem halda, að það sje hægt að koma þessari hreyfingu fljótt í verk, þeir ættu að gjöra það sem fyrst, og sýna það í verkinu að þeim sje nokkur alvara með þetta fríkirkjuskvaldur.

Háttv. sami þm. tók það einnig fram, að prestarnir ættu að styrkja þessa hreyfingu, en þeir styrkja hana lítið þegar þeir hætta að vera til, sökum þess að þeim er gjört ómögulegt, að vera til með ómannúðlegri og ranglátri meðferð af hálfu löggjafarvaldsins.

Sami háttv. þm. sagði ennfremur, að þessar umbætur, sem hjer er farið fram á, væru ekki svo miklar, að vert væri að samþ. frumv. þeirra vegna, þar sem margir prestar hefðu með núverandi launakjörum þeirra hærri laun en farið væri fram á í frumv. En hve lengi verður það, þegar prestaskólinn stendur nálega auður ár eptir ár, og enginn fæst til að ganga á hann, og hlýtur þá að reka að því, að prestsembættin standa hópum saman auð og óskipuð, og að heil svæði landsins verða alveg prestsþjónustulaus. *(Jón Jakobsson:* Þá myndast fríkirkjusöfnuðir).

Já, það á að neyða söfnuðina til að mynda fríkirkju með því að murka lífið úr prestunum og gjöra mönnum með því ómögulegt, að fá prestsþjónustu.

Þá tók háttv. þm. Húnv. (J. Jak.) það fram, að kirkjan hefði aldrei verið himninum nær, en er hún hefði átt örðugast uppdráttar; eptir því ætti hann að vera himninum nær með 1,700 en með 3,000 kr. launum við landsbókasafnið.

Það er aðgætandi, að prestarnir þurfa að lifa eins og aðrir embættismenn, en þeir hafa jafnan verið og eru enn olbogabörn í þessu tilliti, og haldist hið núverandi launaástand til

lengdar, hlýtur að reka að því, að engir fáist til að ganga í þessa stjett.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) og h. þm. Strand. (Guðl. G.) sögðu, að það væri rjett, að styðja þá frikirkjuhreyfingu, sem væri byggð á kristilegum grundvelli. Jeg er alveg á sama máli. Þar sem frikirkjuhreyfingin er sprottin af hreinum og góðum hvötum, þá er það að mínu áliti rjett, að styðja þá hreyfingu. Þá sagði háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), að það væri ekki vel við eigandi, að prestarnir fengju laun sín úr landssjóði með því að leggja toll á áfengi og tóbak; en það er ætlazt til, að þetta sje að eins bráðabirgðafyrirkomulag til þess að fá meiri tekjur í landssjóðinn, og get jeg ekki sjeð, að það sje neitt ódæði, þótt nefndin vildi fara þessa leið í bráðina, eða þangað til nefnd sú, sem skipuð verður til að íhuga tollmál landsins, hefur komið fram með till. sínar.

Jeg skal að lokum taka það fram í þessu máli, hvað mig sjálfan persónulega snertir, að jeg tala hjer meira fyrir prestsstjettina í heild sinni en fyrir sjálfan mig. Jeg býst ekki við að hafa sjálfur nein persónuleg hlunnindi af því, þótt þetta frumv. nái fram að ganga; en jeg tel mjer skylt að tala máli þessara manna, sem er gjörsamlega ranglega farið með í samanburði við aðra embættismenn þjóðarinnar.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Mjer fannst á ræðu háttv. þm. Ísfjk., að hann kæmi þar fram með þær getsakir til mín og háttv. 6. kgk., að við mæltum ei af heilum hug þau orð, er við töluðum um hag prestsstjettarinnar, (*Sigurður Stefánsson:* Nei.), og verð jeg skjótlega að beina þeim getsökum frá mjer. Það er eitt að finna til vandkvæðanna og annað að geta bætt úr þeim. Jeg tók það fram, að á þessu frumv. væru svo miklir agnúar fyrir þá, sem aðhyllast frikirkjuhugmyndina, þar sem frumv. fer fram á að binda ríki og kirkju saman með fastari böndum, en nokkru sinni áður, en í annan stað hefur launum presta að undanförnu verið svo varið, að þeir hafa haft sjerstaka afstöðu gagnvart ríkinu. Þessi laun presta hafa að vísu verið að undanförnu og eru smánarlaun, og öll líkindi eru til, að prestum frikirkjunnar verði betur launað; þarf í þessu efni ekki annað en benda á frikirkjuprestinn hjer í Reykjavík. Frikirkjusöfnuðurinn hjer hefur að vísu góðan prest, þar sem hann er, enda mun honum nú orðið nokkurn veginn sómasamlega launað. Háttv. framsm. gat um það, að útlit væri á, að lífið yrði svelt úr prestastjett landsins og kirkjulíf mundi deyja, en jeg get ei verið honum hjer samdóma, því að guðstrúna álít jeg ódauðlega og kirkjulíf í landinu ekki aðallega undir því komið, hvort þing eða stjórn sjer um að launa prestum þjóðarinnar sómasamlega.

Þar sem háttv. þm. Ísfjk. sagði, að jeg væri að fjarlægjast himininn, ef laun mín yrðu hækkuð frá 1,700 kr. upp í 3,000 kr., þá get jeg sagt háttv. þm. það, að jeg hef nú 3,000 kr. laun, svo að jeg mundi hvorki fjarlægjast nje nálgast hann; annars rangfærði hann orð mín.

Þetta mál er mikið vandræðamál, og álít jeg, að rjett leið hafi verið farin í því að stækka prestaköllin, til þess að bæta laun prestanna, en jeg álít, að eptir þeirri brauðaskipun, sem frv. gjörir ráð fyrir, þá verði brauðin mjög misjöfn. Sum brauðin í snjóljettum hjeruðum og greiðum yfirferðar, verða ekki stærri en það, að ríða má á 1—2 tímum frá einum enda

til annars; önnur brauð aptur, í snjóþungum hjeruðum og slæmum yfirferðar, verða svo stór, að 3—6 tíma reið er eptir þeim endilöngum.

Það frv. liggur ei hjer fyrir, en málið þarf rækilegrar athugunar, því að lítil bót er prestunum í, að hafa brauðin svo stór, að enginn geti þjónað þeim, og hins vegar fráleitt að stækka þau ekki, þar sem engir meinbugir eru á.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer þykir skrítið, að háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) álítur, að við sjeum á móti því, að bæta kjör prestanna, þótt við viljum ekki greiða atkvæði með afnámi sóknarteknanna; þessu verð jeg að vísa frá mjer og sömuleiðis því, að jeg hafi gjört lítið úr prestsstjettinni. Jeg vil játa það, að prestsstjettin hefur átt og á gott skilið; hún hefur jafnaðarlega verið frjálslynd og átt góðan þátt í íslenzkum bókmenntum, þótt kannske of mikið hafi verið gjört úr því. Hins vegar er háttv. framsm. (S. St.) það víst eins kunnugt og mjer, að um eitt skeið var prestsstjettin sá versti harðstjóri, sem gengið hefur yfir þetta land.

Jeg er með þessu frumv. að öðru leyti en því, er nefndin fer fram á, að afnema sóknartekjurnar, þar get jeg ekki verið nefndinni samdóma. Háttv. framsm. svaraði ekki fyrirspurn minni um, hvernig þessi tollhækkun ætti að komast fram á þessu þingi, og mun það ekki vera af því, sem hann gaf í skyn, að það mál lægi hjer ekki fyrir, heldur af hinu, að háttv. framsm. mun ekki hafa getað svarað því, enda fæ jeg eigi betur sjeð, en að það væri þingsafglöpun, að bera hjer upp frumv. um tollhækkun, eptir að lög um það efni hafa verið samþykkt af þinginu og staðfest. Þetta segi jeg alls ekki af því, að jeg berjist á móti prestsstjettinni eða launabótum henni til handa. Prestarnir fá alveg sömu laun eptir stjórnarfrumv., þó að það afnemi ekki sóknartekjurnar. Það er eitthvað undarlegt, að afnema þessi gömlu gjöld og kasta 67,000 kr. upp á landssjóð, án þess að benda á nokkuð annað, sem gæti komið í staðinn, því að eins og háttv. umboðsmaður ráðherra tók fram, mun mál þetta verða svo lengi á leiðinni gegn um þingið, að of seint yrði, að koma með frumv. um tollhækkun, þegar útsjeð væri um, að þetta frumv. kæmist í gegn, þótt því frumv. væri ekki vísað frá eins og jeg þó álít sjálfsagt.

Háttv. þingm. Ísfjk. (S. St.) tók það fram, að það væru ekki einungis prestarnir, sem lifðu af Bakkusi og tóbaki, heldur einnig biskup og fleiri, og er það kannske rjett að vissu leyti, en það, sem mjer þykir undarlegast, er það, að þeir háttv. guðsmenn, sem í nefndinni eru, skuli vilja bæta upp sóknartekjurnar með tekjum af brennivíni og tóbaki.

Að því, er snertir hina embættismennina, er nefndir væru, þá má eins halda því fram, að þeim sje launað af öðrum tekjugreinum en tolltekjunum.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er að eins stutt aths., sem jeg ætla að gjöra. Jeg er einn af þeim mörgu, sem játa, að launakjör prestanna sjeu óviðunanleg, og menn hafa ekki getað fundið aðra leið til þess að bæta þau, en að launa þeim úr landssjóði. En ef þessu verður nú breytt þannig, þá vil jeg taka undir með háttv. þm. Strand. um það, að þá sje um leið rjett, að stjórnin veiti prestaköllin; og virðist mjer það öfugt, að vera að rýmka um kosningarrjett í sóknunum um leið og launum prestanna er dembt á landssjóð, því að bein afleiðing af því ætti að vera sú, að stjórnin veitti

embættin, eða gæti haft eptirlit með, hvernig embættin eru skipuð. Jeg get heldur ekki ímyndað mjer, að það fyrirkomulag yrði til þess, að hindra frikirkjuhreyfinguna, heldur mundi það flýta fyrir henni, því að menn mundu opt og einatt verða óánægðir með prestsveitinguna, og vilja þá eitthvað í sölurnar leggja til þess að ráða sjálfir sínum presti. Mjer sýnist ótækt, að stjórnin missi þetta litla eptirlit, sem hún hafði með skipun prestakalla, að hún megi ekki að minnsta kosti tilnefna 3 menn, sem söfnuðurinn kjósi um. Ef jeg greiði atkvæði með því, að prestar fái laun sín úr landssjóði, þá vil jeg líka fá fram þetta eptirlit frá stjórnarinnar hálfu.

Þing og stjórn á heimting á, að geta haft eptirlit með því, hvernig fje því er varið, sem veitt er úr landssjóði á fjárlögunum. En úr slíku eptirliti verður lítið, ef söfnuðirnir geta hindrunarlaust dembt hvaða ómyndarpresti sem vera skal á landssjóðinn.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg skal leyfa mjer að svara þessum aths. Hjer verður að líta á fleira en hinar rökrjettu afleiðingar; það verður líka að taka tillit til þjóðarviljans, því að eins kært og þjóðinni er að losast við sóknartekjurnar, eins er henni óljúft, að kosningarrjettur hennar sje skertur. Hvernig sem þjóðin kann að hafa notað þennan rjett sinn, þá verðum vjer að taka svo mikið tillit til vilja hennar, að kosningarrjetturinn sje ekki skertur. Þótt að prestar fái ekki laun sín beina leið frá söfnuðinum, þá koma þó launin óbeinlínis frá honum. Þess ber einnig að gæta, að presturinn stendur í nánara sambandi við sóknarbörn sín, en nokkur annar embættismaður til þeirra, er hann er skipaður yfir; að því leyti er ástæða til að haga veitingu á prestsembættum dálítið öðruvísi en á öðrum embættum. Að minnsta kosti vildi jeg ekki leggja til á þessu þingi, að þessi rjettur yrði tekinn af söfnuðunum, og hvort tekjur presta koma beina eða óbeina leið frá söfnuðinum, álít jeg ekki mikla ástæðu.

Jeg álít heldur ekki prestskosningarlögin hafa verið nje vera rökstudd með því, að það sje ekki af landssjóði, heldur af sóknartekjunum, sem prestar fá laun sín; til þeirra álít jeg allt aðrar ástæður.

Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) nefndi frikirkjusöfnuðinn hjer í Reykjavík sem dæmi upp á blómlegan frikirkjusöfnuð. en allt öðru máli er að gegna með frikirkju hjer í Reykjavík en víðast hvar annarsstaðar á landinu, þar sem strjálbyggt er og fátækt; það er þó ekki svo að skilja, að jeg efist um, að jafnvel fátækustu söfnuðir gætu komið á fót hjá sjer frikirkju, ef áhuginn væri nógu mikill á því, en miklu dýrara yrði þeim það, en þjóðkirkjufyrirkomulagið.

Háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) sagði, að tillaga nefndarinnar um tollhækkunina væri þingsafglöp. Þetta eru stór orð, en ekki gat nefndin komið þessu að sem breytingartillögu við tollaukalögin, þar sem þeim var flýtt svo í gegnum þingið, sem raun er á orðin. Úr þessu tel jeg víst að megi bæta.

Háttv. umboðsmaður ráðherra spurði, hvernig færi, ef frumv. um tollaukann yrði fellt. Meining nefndarinnar var sú. að frumvörp þessi gengju jafnhliða gegnum þingið. Frumvörp þessi álít jeg heldur ekki að þurfi að standa í beinu sambandi hvort við annað; þó nú aldrei nema svo færi, að tollhækkunarfrumv. yrði fellt, en frumv. að öðru leyti samþykkt; þá

mundu menn ekki láta sig muna um, að borga þetta til bráðabirgða úr landssjóði, eins ljúft og þing og stjórn virðist nú vera til stór-fjárútláta úr landssjóði, meðal annars hundruðum þúsunda kr. til veizluhalda og mannfagnaðar.

Auk þess eru líkur til, að tekjur landssjóðs verði mun hærri, en gjört var ráð fyrir í þingbyrjun, þar sem útflutningsgjald af síld hefur verið hækkað svo mikið. Þetta yrði heldur ekki nema í bráðina, þar til skattamál landsins komast í betra horf. Ekki fæ jeg skilið hina næmu sómatilfinningu þeirra háttv. þingmanna, sem eru að klifa á því, að hneykslanlegt sje að prestsstjettin fái tekjur sínar af þessari umræddu tollhækkun. Jeg fæ eigi skilið, að hjer sje um annað en almenna tekjugrein að ræða, — tekjur, sem renna í landssjóð og úr landssjóði aptur til landsins þarfa.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. I við 1. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 4.

1. breyt.till. II við sömu gr. samþ. að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr. með 7 atkv. gegn 5. og sögðu

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Olsen,
Eirikur Briem,	Ágúst Flygenring,
Gutt. Vigfússon,	Guðj. Guðlaugss.,
Sigurður Stefánss.,	Jón Jakobsson,
Valtýr Guðmundss.,	Steingr. Jónsson,
Þórarinn Jónss.,	
Þorgr. Þórðarson.	

Jóh. Jóhannesson var fjarverandi með leyfi.

1. gr. frumv. svo breytt samþ. með 7 atkv. gegn 1.

2. breyt.till. I við 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

2. breyt.till. II við sömu gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. breyt.till. við 3. gr. felld með 6 atkv. gegn 6.

3. gr. felld með 6 atkv. gegn 6.

4. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. breyt.till. við 5. gr. samþ. án atkv.gr.

5. breyt.till. við 6. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 4.

6. breyt.till. við 7. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 5.

7. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 4.

7. breyt.till. við 8. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 1.

8. breyt.till við 9. gr. samþ, með 7 atkv. gegn 1.

9. breyt.till. við 9. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 1.

9. gr. þannig breytt samþ, með 8 atkv. gegn 1.

10. breyt.till. við 10. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 1.

10. gr. þannig breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

11. breyt.till. við 11. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

12. breyt.till. við 12. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

13. breyt.till. við 12. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

14. breyt.till. við 12. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

12. gr. þannig breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

15. breyt.till. við 13. gr. samþ. án atkv.gr.

13. gr. svo breytt sþ. með 10 shlj. atkv.

16. breyt.till. við 14. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 4.

17. breyt.till. við 15. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 3.

18. breyt.till. við 16. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 3.

19. breyt.till. við 17. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 4.
20. breyt.till. við 18. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 3.
21. breyt.till. við 19. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 4.
22. breyt.till. við 20. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 3.
23. breyt.till. við 21. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 1.
24. breyt.till. við 22. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 1.
25. breyt.till. við 23. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 4.
26. breyt.till. við 24. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 1.
27. breyt.till. við 25. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
28. breyt.till. við 25. gr. samþ. án atkv.gr.
29. breyt.till. við 25. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.
30. breyt.till. við 25. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 3.
25. gr. þannig breytt samþ. með 7 samhlj. atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkv-gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 30. fundi Ed., mánudaginn 19. ágúst, kom frumv. (A 207, 279, 290) til 3. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Nefndin hefur leyft sjer á þgskj. 290 að gjöra ofurlitlar breyt.-till. við þetta frv., Stendur það að nokkru leyti í sambandi við þá breyt.-till. við síðasta frv. sem nú er búið að samþ. hjer í deildinni. 1. brt. við 2. gr. tl. 6 fer fram á, að í stað »Suðurdalaþing« komi »Staðarhólsþing«. Við nánari athugun fannst oss ei þörf að veita Suðurdalaþingum erfiðleikauppbót, þó Hjarðarholt væri sameinað þeim. Álitur nefndin þá sameining eigi erfiðari, en margar aðrar. Og á hinn bóginn er Hjarðarholtssókn svo fjölmenn, að við það vaxa tekjurnar að mun og vegalengdirnar eru allt annað en miklar. 2. brt. við 12. gr. er gjörð eptir bendingu stjórnarinnar og fer fram á, að í stað »1sta fardag« komi: »6. júní« og í sambandi við það er síðasta brt. á þgskj. 290, er fer fram á, að í stað: »Lög þessi öðlist gildi í fardögum 1908 og frá sama tíma«, komi: »Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi«. Aðrar brt. hefur nefndin ei sjeð ástæðu til að gjöra, en auk þess hafa komið fram brt. frá háttv. þm. Strand. (G. G.) á þgskj. 279, en jeg býst ekki við, að hann muni halda þeim fast fram, og gjöri jafnvel ráð fyrir, að hann muni taka þær aptur; finn jeg því eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um þær.

Það mun sumum finnast ástæða til þess fyrir framsm. að fara nokkrum orðum um þetta frv. í heild sinni, áður en forlög þess verða ákveðin hjer í deildinni. Jeg bjóst við því eptir ræðum h. þm. við 2. umr., að hjer mundu koma fram miklu fleiri brt. en raun hefur á orðið. Mættu till. nefndarinnar þá svo megnum andmælum, að jeg bjóst við að h . þm. mundu telja það skyldu sína að bera fram brt. sínar, til þess að laga það, sem þeim þótti aflaga fara. Það getur verið, að þessi þögn eigi að skoðast sem dauðadómur yfir frv. og að það eigi ekki annað skilið, en að fara í gröfina. Og þó væri mjer varla skiljanleg sú aðferð. Tek jeg það fram, nú sem fyr, að það er mjer hulin ráðgáta, hvað andmælendurnir þá vilja. Þeir ljúka allir upp einum munni um það, að kjör presta sjeu neyðarkjör, og það svo mikil neyðarkjör, að engin von sje á að nokkur ungur maður vilji ganga inn í

þá stjett. Þeir játa það líka, að ríkið hafi skyldum að gegna gagnvart þessari stjett, eins og öðrum embættismannastjettum landsins. Eins og líka er tekið fram í stjórnarskránni, að ríkið er skyldugt að styðja lúthersku kirkjuna meðan hún er þjóðkirkja. Þegar menn nú bera þessa játningu þeirra saman við andmælin og þögnina nú, þá verður öll aðferð þeirra lítt skiljanleg.

Mörgum andmælendum hefur þótt verst afnám sóknarteknanna; sumir hafa stungið upp á nefskatti, sumir upp á niðurjöfnunargjaldi og Guð má vita, hvað sumir hafa viljað, en engir hafa komið með breyt.till. út af þessu. Það er líka annað, sem barið hefur verið í vænginn, þegar rætt er um, að bæta kjör presta, að nú sje fríkirkjuhugmyndin búin að ná svo miklum þroska, að þess verði eigi langt að bíða, að hún komizt til framkvæmda. Mundi það gleðja mig mikið, ef þetta væri meira en hljómandi málmur og hvellandi bjalla, og það mest frá þeim mönnum, sem enga presta og enga kirkju vilja hafa á Íslandi. Þessu er sem sagt líka barið í vænginn, og þá á að bíða eptir framkvæmdum á fríkirkju-hugmyndinni með að ráða bót á kjörum presta, og þeir, sem eru svo óhamingjusamir, að vera nú í prestsembættum, eiga að veslast upp án þess, að ríkið sýni nokkuru lit að gjöra skyldu sína gagnvart þeim. — En það sem er undarlegast af öllu þessu er það, að sumir andmælenda frumv. álíta einmitt, að sóknartekjurnar muni verða sterkasta lyptiaflið fyrir fríkirkju-hreyfinguna. Þetta er mjer alveg óskiljanlegur leyndardómur. Hinar núverandi tekjur, tíund af nautum og sauðum, dagsverk hjá öreigum, lambsfóður hjá kotbændum eiga að verða máttarstólpar hinnar nýju Jerúsalem, fríkirkjunnar á Íslandi. Sumir þeirra játa að vísu, að gjöld þessi sjeu úrelt og ranglát, en standa þó ráðþrota fyrir þeim. Sumir telja þau rjettlát, en geta engar ástæður fært fyrir þeirri staðhæfing. En þessi úreltu gjöld eiga samt að verða hyrningarsteinn fríkirkjunnar. En þar að auki á hún að þurfa píslarvotta, og þessir píslarvottar eiga þá að vera síðustu leifar presta þjóðkirkjunnar. Fríkirkjuhreyfingin á að dafna á því, að þjóðkirkjan sje gjörð að sveltikvi fyrir þessa síðustu presta sína.

Ytri einkenni síðustu daga þjóðkirkjunnar eiga að vera »svangir prestar«. Held jeg að fari þá að verða óhætt að skrifa yfir dyr þjóðkirkjunnar á Íslandi sömu orð eins og Dante skrifaði yfir dyrnar á ónefndum stað, að þeir sem þar inn ganga eiga enga von í þessu lífi að fá umbót á eymdarkjörum sínum, en fulla vissu fyrir örbirgð, vesaldómi og rangindum.

Jeg skil mjög vel ræður þeirra manna, sem segja: Burt með kirkjur, klerka og kristindóm á Íslandi; þeir koma til dyranna eins og þeir eru klæddir og segja afdráttarlaust það, sem þeim býr í brjósti; þeir færa sig ekki í neinn hræsnis- eða óhreinskilnishjúp. En slíkum mönnum ætla jeg ekki að andmæla hjer.

En jeg á bágt með að skilja hugsun þeirra manna, sem að vísu fara mörgum og átakanlegum orðum um það, hve hinn **núver**andi hagur prestanna sje þröngur og óviðunandi, en vilja þó ekkert gjöra til að bæta hann. Þeir eru svo ofboðs hræddir um. að umbætur á hag prestsstjettarinnar verði til að hindra alla fríkirkjuhreyfingu. Þetta virðist nú ekki bera vott um mjög sterkan fríkirkjuáhuga hjer á

landi, enda mun það sannast, að hann sje ekki meiri en svo, að engin líkindi sjeu til nú, að fríkirkja muni komast í nokkurt viðunandi horf hjer á næstu áratugum, og allan þennan tíma vilja þeir halda prestsstjettinni íslenzku í svelti, ekkert má fyrir hana gjöra, hún á að vera píslarvottur vegna fríkirkjunnar, þeir vilja, að allt verk milliþingnefndarinnar í þessu máli, verk stjórnarinnar og starf þingnefndarinnar verði að engu; og allt á þetta að vera vegna fríkirkjunnar gjört. En jeg fæ ekki sjeð, að nefndin hafi gjört nokkuð til að hindra fríkirkjuhreyfinguna; þvert á móti, hún vill styðja hana með að leggja það til, að fríkirkjusöfnuðunum sje veittur fjárstyrkur af landsfje. Það er því undarlegt, að vera að bregða nefndinni um, að hún vilji hindra eðlilegan þroska og framfarir fríkirkju hjer á landi; hún þykist einmitt vilja styðja hann með tillögum sínum. Mjer liggur við að beina hinum alkunnu orðum: »Guð varðveiti mig fyrir vinum mínum, fyrir óvinum mínum mun jeg gæta mín sjálfur«, til þessara manna, sem í orði eru kirkju og kristindómi svo einstaklega velviljaðir, en vilja ekki sýna það í neinu í verkinu, heldur horfa á það með köldu blóði, að prestsstjett Íslands gjörist svöng stjett, sem svo kreppi að, að meðlimir hennar verði að ganga slippir og snauðir með fjölskyldu frá kalli sínu, og leita sjer og sínum farborða í annari stöðu. Þetta eru ekki draumórar eða spádómar, sem jeg er hjer að fara með, jeg er að skýra frá því, sem skeð hefur, og sem liggur við borð að ske muni; og til þess að finna orðum mínum stað, skal jeg skýra frá einu dæmi.

Það er skammt á að minnast, að presturinn í Gufudal, sem jeg veit, að ýmsir háttv. þingdm. vita að er dugnaðarmaður, sem á sjerlega sparsama og duglega konu, sá sjer ekki annað fært en sleppa jörð og kalli og flytja sig — ja, máske úr öskunni í eldinn — til Ísafjarðar. Þar verður hann að ganga í vinnu sem óbreyttur daglaunamaður, ganga á eyrina og róa á sjó; og börnin hefur hann orðið að láta fara í erfiðisvinnu. Prestur þessi er mágur háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), og mun hann kannast við. að jeg fer hjer ekki með neinar ýkjur eða öfgar. Jeg vona líka hálfvegis, að hann og skoðanabræður hans muni kannast við, að eitthvað sje þó öfugt við, að svona sje komið fyrir jafnnýtri stjett, eins og íslenzka prestastjettin hefur reynzt yfirleitt, fyrir þessari stjett, sem stjórnarskráin heitir þó sjerstakri vernd.

Þess er getið í annálum vorum, að prestar hafi í harðindum orðið fyr á öldum að ganga frá brauðum fyrir skorts sakir. Jeg vona, að þjóðin vilji ekki, að hið sama þurfi að skrifa í annála 20. aldarinnar með þeirri viðbót þó, að skorturinn hafi stafað af því, að þing þjóðarinnar hafi eigi getað komið sjer saman um að bæta hag prestanna, eins og kröfur tímans heimtuðu.

En fleira er að gæta við það, ef málinu verður frestað nú, en þess, að prestunum er haldið í þröng og óvissu. Það er alveg víst, að þótt nú takist að svæfa það á þessu þingi, þá verður það skammgóður vermir fyrir þá, sem vilja koma því fyrir kattarnef. Það verður óefað stöðugt umræðuefni og þráttana í ritum heima í hjeruðum og hjer á þingi, þangað til því verður kippt í lag; og jeg held það þurfi ekki mikinn reikningsmeistara til að sjá það, að allt það þref og sá óhugur, sem

sliku hlýtur að vera samfara, muni kosta þjóðina beinlínis og óbeinlínis ekki minna en því nemur, sem vjer ætlumst til að greitt sje úr landssjóði til að bæta hag prestanna.

Jeg fel svo háttv. deild mál þetta; það er á hennar valdi, hver úrslit það fær hjer; en þó mun það sannast, að hún vinnur sjálfri sjer og þjóðinni allri allt annað en þarft verk, ef hún fellir frumv.

Steingrímur Jónsson (6. kgk.): Jeg stend fremur upp til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, en til að svara ræðu háttv. framsm. (Sig. St.); þó get jeg eigi með öllu gengið fram hjá henni, fyrst hann beindi orðum beint til mín. Mjer er allkunnugt um hag hins síðasta prests í Gufudal og búskaparsögu hans; líklega fullt svo kunnugt sem háttv. framsm. (Sig. St.); jeg hafði enn meir knýjandi ástæðu til að hugsa um hag prests þessa, og hver úrræði mundu vænlegust fyrir hann, en háttv. framsm. (Sig. St.), og jeg get ekki ásakað mig um, að jeg hafi ekki gjört það. En það get jeg sagt háttv. framsm. (Sig. St.), að jeg komst þá að þeirri niðurstöðu, að mig furðar stórlega á, að sjá það í stjórnarfrv., að gjört er ráð fyrir, að Gufudalur ætti að halda áfram að vera sjerstakt brauð. Þótt tekjur brauðsins sjeu hækkaðar úr rúmum 1000 kr. upp í 1250 kr., þá er það ekki nægilegt til þess, að brauðið geti heitið lífvænlegt, eða þar sje hægt að lifa lífi, sem sje sæmilegt og viðunandi menntuðum manni.

Líkt þessu er að segja um allar umbæturnar, sem hjer er verið að gjöra ráð fyrir; þær eru hálfverk og annað ekki, þær nægja ekki til að gjöra kjör prestanna viðunandi eða sambærileg við kjör ýmissa annara stjetta, og því ekki til þess að halda prestunum föstum í preststöðunni; þeir sjá aðrar stöður lífvænlegri við hliðina á sjer og í þær leita þeir. Háttv. framsm. (Sig. St.), veit það fullvel, að ekki hafa allir prestar látið af prestskap fyrir fjárskort nú síðustu árin. Margir leiðast nú út á verzlunarbrautina, bæði prestar og aðrir; þeir ætla, að hún muni arðvænleg fyrir sig, sjá, að hún reynist ýmsum svo. Og verzlunarstjettin er nú orðin svo fjölmenn, þar sem bætzt hafa við um 200 verzlanir á landi hjer á síðustu 20 árum, að hún getur árlega tekið á móti mörgum nýjum mönnum. Jeg skal enn taka það fram, að sú launaviðbót, sem prestunum er ætluð í frumv. þessu, nægi ekki, ef þeir hætta að hafa stuðning af bújörðum sínum; þeir prestar, sem hingað til hafa komizt sæmilega af, hafa flestir átt það að þakka búskap sínum, hann hefur dropið þeim drýgra en föst peningalaun án bújarðar mun gjöra. Jeg sje ekki ástæðu til að rökstyðja þessa skoðun mína frekara, það hefur áður verið gjört; en hverf að því, í sambandi við síðasta mál á dagskránni, að full ástæða hefði verið til að hækka erfiðleikauppbótina á Skinnastöðum um 100 kr., og að veita Svalbarði erfiðleikauppbót jafnframt því, sem breytingin á skipun prestakalla þessara var samþ.

Háttv. framsm. (Sig. St.), sagðist hafa búizt við, að jeg mundi koma fram með breyt.till. við frumv. þetta. Þegar málið var hjer til 2. umr., kom jeg fram með ýmsar athugasemdir við það; jeg tók það fram, að jeg gæti ekki fallizt á það, að sóknartekjurnar væru afnumdar, og jeg gat þess, að mjer þætti of stutt farið í fækkun prestakalla, þau mættu ekki vera fleiri en 100, og fleira nefndi jeg. En hv. nefnd tók þessar bendingar mínar óstinnt upp, svo að jeg sá mjer, satt

að segja, ekki til mikils að koma með breyt.till.

Ef háttv. nefnd hefði viljað aðhyllast einhverja af bendingum mínum, þá var innan handar fyrir hana að koma sjálf með brtill. en það hefur hún ekki gjört. Jeg hef komið með mín sættaboð, sagt, hverjar breytingar á frumv. jeg teldi nauðsynlegar, til þess að jeg gæti greitt atkv. með því, en fyrst háttv. nefnd hefur ekki getað tekið neitt tillit til þessa, þá getur hún ekki heldur vænzt eptir atkvæði mínu.

Jeg býst við, að háttv. framsm. muni telja mig einn af vinnm sínum, og biðji því guð að varðveita sig fyrir mjer. Jeg gjöri varla ráð fyrir, að mjer takist að sannfæra hann um, að mótbárur mínar sjeu á góðum rökum byggðar, svo mikið djúp sýnist staðfest milli skoðana okkar á því, hvað sje kirkju vorri og prestastjett fyrir beztu.

Jeg held því enn fram, að fríkirkjuhreyfingu vorri sje þannig háttað, að hjer muni geta tiltölulega fljótt komizt á fríkirkja, ef engar hindranir verða lagðar í veginn fyrir hana. Jeg hef hingað til haft sterka von um, að svo muni verða, en ekki er laust við, að umræðurnar um þetta mál hafi heldur veikt þessa von; allur undirstraumurinn í málsvörn háttv. framsm. (Sig. St.) og allar gjörðir háttv. nefndar sýna að minni hyggju, að hjá þeim er engin sterk trú á fríkirkju hjer á landi nú í bráð, og þessi vantrú þeirra og tillögur þær, sem af henni spretta, getur tafið fyrir fríkirkju hjer svo og svo lengi. En hvað, sem þeim líður og þeirra skoðunum, þá vil jeg ekki verða til þess, að leggja neinar slíkar hindranir fyrir fríkirkjuna; eg vil ekki stuðla að því, að gjöra prestastjettina fráhverfa fríkirkju, með því að gjöra hana launaða af landssjóði.

Framkoma mín í þessu máli byggist ekki einungis á sannfæringu minni, heldur er hún og í fullu samræmi við vilja meginhlula íslenzkra kjósenda.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls við þessa umr., jeg þóttist vera búinn að gjöra fullljós og greinileg skil fyrir atkvæði mínu í þessu máli við 2. umr. þess, en orð háttv. framsögum. (S. St.) neyða mig enn til að tala nokkur orð. Hann segir, að þeir menn sjeu margir, sem þykjast vilja kirkjunni vel, en gjöra þó ekkert til þess að styðja hana, og hann árjettaði orð sín með því, að biðja guð að varðveita sig og kirkjuna, skildist mjer, fyrir vinum sínum; fyrir óvinum sínum mundi hann gæta sín sjálfur. Jeg tel sjálfsagt, að jeg muni vera einn í tölu þessara vina, sem honum finnst ástæða fyrir sig og kirkjuna að óttast, því að jeg var einn af þeim fimm þingdm., sem greiddu atkvæði gegn frv. þessu við síðustu umr. En þótt jeg gjörði það, þá get jeg fullvissað háttv. þingm. um, að jeg vil kirkjunni allt eins vel eins og hann sjálfur, og jeg get sagt vini mínum og skólabróður, að jeg mun hafa hugsað eins alvarlega eins og hann og flestir aðrir hjer í deild um það, sem á grísku máli er kallað »τὰ ἄσχατα«. Mjer er það, að jeg vona, full-ljóst, að það, að varpa burt kirkju og kristindómi, það er að kasta á glæ hinu háleitasta, dýpsta og innilegasta, sem mannssálin enn þá á, það er að varpa frá sjer máttarstoðinni, sem á að halda hryggsúlunni uppi, þegar á reynir.

Jeg hef ekki á móti frumv. þessu af nokkurum ímigust á *kirkjunni*, það er fjarri því, en jeg er því mótsnúinn af því, að það er hvorki fugl nje fiskur. Jeg skyldi hiklaust veita 10,000 til 20,000 kr., til undirbúnings þessu máli, eða þó meira væri, ef jeg sæi, að það gæti flýtt fyrir því, að **fríkirkja** kæmist

hjer á. Spurningu um þetta var beint að mjer af mjög merkum klerki og einhverjum vitrasta manni vors lands, í háttv. Nd., og svaraði jeg honum hiklaust, að jeg mundi ekki horfa í fjárútlát úr landssjóði, ef hnúturinn yrði leystur með *fje*; svo mikils virði tel jeg fríkirkjuna fyrir trúarlíf þjóðarinnar, að vel sje nokkru, jafnvel miklu, til kostandi, að hún komist á.

Háttv. framsögum. (Sig. St.) sagði, að bezt væri og eðlilegast, að fríkirkjuhreyfingin kæmi að neðan. En jeg vil spyrja: mun það ekki allra bezt að hún komi bæði að neðan og ofan, bæði frá fólkinu og forráðamönnum kirkjunnar.

Fríkirkjuhreyfingin er að magnast, og hvað getur verið á móti því, að prestarnir taki höndum saman við almenning um það, að koma skipulagi á hina nýju kirkju. Jeg tel það sjálfsagt, að alþingi leggi eitthvað af mörkum við fríkirkjuna. Það er fjarri mjer að ætlast til þess, að kirkjan sæti nokkrum afarkostum, þegar hún skilur við ríkið. En sú skoðun hefur æ meir og meir rótfeszt hjá mjer, síðan jeg fór fyrir alvöru að hugsa um mál þetta skömmu eptir 1890, að kirkjan ætti ekki að eiga jarðagóz; jeg vil eigi, að hun eigi meira land, en blettinn, sem hún stendur á, og ekki meira af íslenzkri mold, en þarf til að kasta rekunum á hina látnu, og til að geyma bein þeirra, það sem þar er framyfir, vil jeg að hún afsali sjer.

Það er ekki ólíklegt, að sú tíð komi, og það máske innan skamms, að evangelisk lútherska kirkjan verði fámenn hjer á landi, eðli *hennar* er að greinast sundur í sjerflokka. Jeg get vel hugsað mjer, að eins fari hjer og í Bandaríkjunum og sumpart í því enska ríki, að þjóðkirkja vor leysist upp í ótal sjertrúarflokka, og svo getur farið, að loks verði eptir að eins örlítill hópur, sem sje í fullu samræmi við Ágsborgarjátninguna. Ættu þá þessir fáu menn að sitja uppi með allar eignir kirkjunnar? Væri nokkur sanngirni í því, að þeir, örlitill minni hluti, hefðu umráð yfir allt að 1/7 hlut fasteigna alls landsins?

Af þessari ástæðu er það, að jeg er því mótfallinn, að kirkjan eigi meira jarðagóz, en jeg nefndi áðan, að hún eigi meira en sjálft kirkju- og kirkjugarðsstæðið.

Orð mín um það, hvernig jeg líti á hag prestanna, hafa verið rangfærð. Jeg játa, að kjör íslenzku prestsstjettarinnar sjeu ekki góð, og jeg *vil*, að þau sjeu bætt; en jeg efast um, að það verði á þann hátt, sem nefndin leggur til.

Þegar háttv. framsm. (Sig. St.) er að tala um laun *prestanna*, þá ber hann prestana fyrir brjóstinu, en *þegar* hann er að tala um skipun *prestakallanna*, þá ber hann hag sóknarbarnanna fyrir brjósti. En mín skoðun er sú, að jafnt þurfi að líta á hag hvorutveggja, að það þurfi að finna eitthvert form þannig, að prestsstaðan sje gjörð lífvænleg, án þess þó að söfnuðunum sje íþyngt um of eða gjört of erfitt að nota prestinn; en það hefur háttv. nefnd naumast fundið. Að því er skipun prestakallanna snertir, þá virðist hún byggð annaðhvort á engri grundvallarreglu eða þá á mörgum ósamkynja grundvallarreglum, og því skortir hana allt samræmi. Hvað sem háttv. framsm. (Sig. St.) segir, þá er hjer verið að *reyra* en ekki að *leysu;* en jeg hef fullt umboð frá kjósendum mínum að gjöra ekki neitt það, eða aðhyllast nokkuð, sem reyrir fastara saman ríki og kirkju en nú er; það á að vera aðskilið, en ekki saman reyrt. Jeg mun því hik-

laust greiða atkv. móti frumv., og fylgi jeg þar sannfæringu minni og vilja kjósenda minna.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg stend upp til að segja nokkur orð, viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 279, sem komnar eru frá mjer; breyt.till. ganga út á, að 6. og 7. liður frumv. falli burtu, erfiðleikauppbætur til Suðurdalaþings og til Staðar á Reykjanesi.

Um fyrri liðinn hefur nú háttv. nefnd sjálf gjört sömu uppástungu, og er það mjög sanngjarnt, og í fullu samræmi við breytingar þær, sem gjörðar voru á frumv. um skipun prestakalla; sama upphæðin, sem Suðurdalaþingi var ætluð, kemur nú á Staðarhólsþing. Af þessu leiðir, að jeg tek aptur breyt.till. mína um að 6. liður falli burt.

Sama verður að segja, að því er snertir þann hluta breyt.till., er fer fram á, að erfiðleikauppbót við Stað á Reykjanesi falli burt. Sú uppbót var óþörf með sameiningu við Garpsdal, en nú, er sú breyting hefur komizt að á frv. um skipun prestakalla, að Gufudalur skuli vera í sameiningunni, þá er uppbótin allskostar rjettmæt. Af þessum ástæðum er breyt.till. á þskj. 279 tekin aptur að öllu leyti af minni hálfu.

Ræða háttv. framsm. var ekki eins góðgjörn og sanngjörn í okkar garð, sem athugasemdir höfum gjört við starf nefndarinnar, eins og rjett hefði verið. Einna helzt voru ummæli hans á rökum byggð gagnvart 2. þm. Húnv. (J. Jak.). En ósanngjarnt álít jeg, að heimta af einstökum þingmönnum, að þeir kæmu með breyt.till. um söknartekjurnar nú. Það eina mögulega fyrir einstaka þm. var að gjöra það, sem og stjórnin hefur gjört, að láta söknartekjurnar haldast óbreyttar. Í skattamálin verður skipuð milliþinganefnd, sem kunnugt er; enginn gat farið að koma með breyt.till., sem færi í bága við það, sem áður var búið að gjöra; það færi ekki vel á því, að fella það einn daginn, sem daginn áður var sþ., án þess að nokkrar breytingar hefðu átt sjer stað. En það var allt of mikið verk fyrir einstakan þm., og til allt of mikils ætlazt, að hann gæti komið með fastan grundvöll fyrir gjöldunum, sem samsvari upphæðum söknartekjanna á öllu landinu, — frá 2. til 3. umr. Sök sjer hefði verið, að nefndin sjálf hefði getað það, en ef hún hefur ekki treyst sjer til þess, er ekki hægt að vonast eptir því af einstökum þm.

Það er ekki sanngjarnt af framsm., að drótta því að okkur, sem andmælt höfum afnámi söknarteknanna, að það sje sprottið af miður góðum vilja í garð kirkjunnar. En skoðun okkar er það, að alveg nauðsynlegt sje einhvert gjald frá söknarmönnum beint til prestsins, sem geti verið band, er saman tengi. Og það er ekki rjett nú, þegar frikirkjan liggur í lopti, að slíta þetta band; það er ekki rjett aðferð, að venja söknarmenn fyrst af skyldunum, til þess svo að demba á þá enn þá þyngri skyldum, er þá hljóta að koma.

Háttv. framsm. ætti að skilja, að það er einmitt velvilji til málsins, sem kemur fram hjá okkur í því, að vilja halda þessu sambandi milli söknarbarna og presta; og hann mun komast að raun um, að það er alls ekki til bóta, að leggja kapp á, að slíta þetta samband, alls ekki til þess, að hrinda áfram endurbótum á kjörum prestsstjettarinnar.

Það er rjett, að smærri breyt.till. hafa getað komið fram um skipun prestakalla, frá þeim, sem kunnugir eru á hinum ýmsu svæðum, en það er gjörsamlega ómögulegt einstöknm mönnum, að koma með breyt.till.,

byggðar á áreiðanlegum grundvelli, um svo þungskilið og torvelt efni, eins og það er, að breyta heilum gjaldstofni í annan gjaldstofn.

Þarf jeg svo ekki að fara fleirum orðum um þetta, því að jeg stóð aðallega upp til þess, að lýsa því yfir, að jeg tek aptur breyt.till. mína á þgskj. 279 af greindum ástæðum.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg vildi fara fáeinum orðum um þetta mál, áður en umræðunum er lokið. Tillögur okkar nefndarmanna hafa mætt all-mikilli mótspyrnu hjer í deildinni, og þeir sem hafa andmælt þeim, hafa talað af miklum hita; jeg ætla mjer þó ekki, að fara í neinn hita út af þessu máli. Jeg vil fyrst lýsa því yfir, að jeg fór nauðugur í þessa nefnd, og er það orðið fyrir þann nýja sið, sem nú er farinn að tíðkast hjer á þinginu, að tilnefna nefndarmenn eptir flokkum, og rjett af handa hófi, stundum eptir uppástungu eins einstaks þingmanns. En jeg álít þennan sið óheppilegan, því að með honum fæst engin trygging fyrir því, að þeir menn komist í nefnd, er bezt má treysta. Og jeg skal hreinskilnislega játa, að þegar jeg kom í nefndina, vissi jeg fyrst ekki, hvað jeg átti að gjöra í þessari nefnd. Jeg áleit uppástungur milliþinganefndarinnar um, að halda preststekjunum óbreyttum, óheppilegar. Það lágu því þrír vegir fyrir nefndinni: að láta gjöldin til presta standa eins og þau hafa áður verið, eða að samþykkja til bráðabirgða þetta frumv. stjórnarinnar, þó að byggt væri á þessum úreltu prestsgjöldum, eða í þriðja lagi finna eitthvað betra.

Okkur þótti í nefndinni óhæfilegt, að gjöra að engu allan þann undirbúning, sem milliþinganefndin hafði gjört í þessu máli, en nefndin tók þá það ráð, að gjöra þessa tilraun, til að breyta til: að láta borga þessar preststekjur úr landssjóði. Hitt er öll þjóðin orðin óánægð með, og á þingmálafundum þjóðarinnar hafa komið fram óánægju-yfirlýsingar með þessar gömlu preststekjur. — Það er óhætt að segja, að það urðu mikil vonbrigði bæði hjá prestum og öðrum yfir því, að milliþinganefndin hafði ekki fundið önnur ráð en halda þessum gömlu, úreltu, ranglátu tekjum, því hvað sem menn segja, þá er sannleikurinn sá, að þessi gömlu prestsgjöld eru bæði úrelt og ranglát. Mjer hefur heyrzt, að sumir hinna háttv. andmælanda álíti þau ekki ranglát, þar á meðal háttv. 6. kgk. þingm. (Stgr. J.), og þeim þykir sjálfsagt, að halda þeim af því, að þau sjeu eins og helguð af gamalli venju. En jeg vil benda honum sem sýslumanni á, að sýslumenn voru um einn tíma launaðir á líkan hátt. Jeg man svo langt, að jeg reiknaði einu sinni út fyrir sýslumann þessi gömlu gjöld. Og sje eitthvert æruverðugt við þessi prestsgjöld vegna aldurs, þá var það ekki síður við sýslumannsgjöldin, sem voru ekki síður gamaldags og fornfáleg. En þó tóku sýslumennirnir því fegins hendi, að komast á landssjóðinn, og losast við þessar gömlu tekjur sínar. Nú þegar sýslumenn ferðast um sýslur sínar og innheimta manntalsgjöldin, ábúðar- og lausafjárskatt o. s. frv., þá innheimta þeir þessi gjöld að nafninu til fyrir landssjóðinn, en í rauninni samsvara þessi gjöld í flestum sýslum þeim launum, sem að sýslumenn svo aptur fá útborguð úr landssjóði. Jeg er viss um, að þessu vildu þeir eigi fá breytt, og jeg lái þeim það ekki. Geta þeir þá ekki eins skilið það, að prestarnir muni vilja losna við það, að verða að taka laun sín með þessum úreltu gjöldum, og þótt til þess

sje ætlazt, að prestarnir innheimti ekki sjálfir, þá gjöri jeg svo sem engan mun á því, ef að sóknarnefndirnar eiga að gjöra það fyrir prestanna hönd.

Sessunautur minn, háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.), er og einn af þeim, sem ekki þykir þetta ranglátur gjaldstofn. Jeg veit ekki, hvort hann hefur haft ástæðu og tækifæri til þess, að setja sig inn í þetta, sem skyldi, því að þeir eru víst fáir, að undanteknum prestum, sem eru því kunnugir, hvernig þessum gjöldum er varið. Jeg veit heldur ekki, hvort rjettlætis-tilfinning hans er svo næm, að hann geti dæmt um það, hvort þessi gjöld eru rjettlát eða ekki. Jeg þykist þar á móti, sem prestur og prófastur hafa haft miklu betra tækifæri til að setja mig inn í þetta mál, og get því betur um það borið.

Flest gjöld til presta eru frá þeim tíma, þegar landbúnaður var svo að segja einasti atvinnuvegur landsbúa. Þá var eðlilegt, að gjöldin hvíldu á jarðarábúð og lausafje, eða væru bundin við tíund. Þá var sá maður öreigi, er ekkert tíundaði. Háttv. þm. Húnv. talaði um það um daginn, að það væri undarlegt, að þessi gjöld væru bundin við hvað menn ættu af skepnum, kúm, kindum og hestum. En þetta kemur til af því, að lausafje manna var helzt innifalið í skepnum, og þær eru taldar fram til tíundar. Eptir því sem tímar liðu fram, eptir því voru færri hlutir tíundaðir; en það er enn svo, að það eru aðallega þeir, sem búa og eiga skepnur, sem bera gjöldin til prestanna. Nú er þó allt öðru vísi ástatt en áður. Nú er ekki bændastjettin eina stjett landsins. Nú eru komnar upp aðrar stjettir, sem hafa miklu meira gjaldþol en bændastjettin. Þessar stjettir eru að vísu líka gjaldskyldar til prests og eiga að borga offur eða dagsverk. En hvað offrið snertir, þá er það ekki fastákveðið gjald, heldur er að eins tiltekið, hvað það skuli vera minnst. Efnaðri stjettunum hefur þannig verið í sjálfsvald sett að bæta nokkuð úr þeim misjöfnuði, sem er á gjöldum þeirra til prestsstjettarinnar og gjöldum bændastjettarinnar (sem opt verður líka að greiða offur auk allra annara gjalda), og sjálfsagt gjöra margir efnaðri menn það og borga hærra offur en lögin tiltaka minnst.

En hvernig ætli nú fari, ef sóknarnefndirnar tækju að sjer innheimtuna, eins og milliþinganefndin ætlaðist til; það kemur víst engum til hugar, að þá verði innheimt eða borguð hærri offur en það, sem minnst er ákveðið. Gjaldið mundi því lækka á efnaðri stjettunum, en það verður aðallega bændastjettin, eða sú stjettin, sem tíundar, sem ber gjöldin til prestsstjettarinnar. Þegar nú til stendur að fækka brauðum og sameina prestaköll, er það þá ekki misrjetti, að láta þá, sem missa sinn prest og verða að fara langar leiðir til þess að ná í prestinn, borga það sama og áður, meðan þeir höfðu prestinn hjá sjer? Það er ósanngjarnt, að landsveit, sem svipt hefur verið presti og verður að leita til næstu sóknar, greiði sama gjaldið. Tökum t. d. Reykjavík; þar eiga að vera 2 prestar með 3,600—4,400 kr. að launum, eptir því, hve þeir hafa verið lengi. Þessi gjöld munu tæpast gjaldast af sóknarmönnum hjer, þar sem fríkirkjan fer sívaxandi; þau munu naumast nást upp með offrinu og dagsverkum, eða að minnsta kosti tel jeg það vafasamt. Prestar Reykjavíkur verða því, eins og millaþinganefndin hefur til stofnað, að launast af því, sem sparast við fækkun presta annarsstaðar á

landinu. Bregður Reykvíkingum reyndar ekki við, þeir eru ekki óvanir því, að landið leggi þeim, því að kirkju og kirkjugarð hafa þeir eins og nú er á kostnað landssjóðs. En hart er það, að prestar Reykjavíkur launist af þeim landsmönnum, sem missa sinn prest.

Jeg var því nauðugur til þess að ganga inn á það í nefndinni, að halda þessum ranglátu prestsgjöldum; og einungis til þess að fella ekki allt málið, sem búið var að leggja svo mikinn kostnað í og hafa svo mikið fyrir, var jeg með í, að gjöra tilraunina í að leggja á þennan toll, en afnema prestsgjöldin. Ef reiknað er út, hvernig þessi tollauki kemur niður á ýmsar vörur, þá sjest, að hann er ekki gífurlegur; það verður 1 eyr. af kaffipundinu, 1/2 e. af sykurpundinu, 1/2 e. af ölpott, 5 au. af tóbakspundi o. s. frv. Hann verður þá lítt tilfinnanlegur, einnig af þeirri ástæðu, að kaupmenn leggja ekki á vörurnar fyrir tollinum eins og áður sökum samkeppninnar; það getur verið, að þeir gjöri það ekki sumstaðar á atskekktum stöðum, en þar sem jeg þekki til, leggja þeir ekki meira á en tollinum nemur. Jeg held þessi breyting hljóti að verða mjög heppileg og vinsæl, menn losast við skatt, er þeir finna mjög mikið til, en gjaldið kemur jafnara niður og verður ekki tilfinnanlegt. Þar að auki þarf þetta ekki að haldast nema þangað til skattanefndin hefur lokið störfum sínum, 2—3 ár, eða hvað það nú verður. Ef hún kemst að annari betri niðurstöðu, þá er það auðvitað gott. En að vera að bíða eptir skattanefndinni, væri sama sem að ónýta starf kirkjumálanefndarinnar, og þessi tollnefnd væri þá að skoða sem ný kirkjumálanefnd eða framhald af henni.

Ef menn fella þessar till. okkar, þá stuðla þeir að því, að ekkert komi út af hinu kostnaðarsama starfi kirkjumálanefndarinnar, en það getur ekki talizt heppilegt.

Mjer hefur heyrzt, að allir væru hjer sammála um það, að kjör presta landsins þyrftu bráðra endurbóta; þetta hefur líka stjórnin viðurkennt með því að leggja frumv. fyrir þingið. Nú hefur verið gjörð tilraun til að gjöra umbætur á ýmsu hjer að lútandi, og vil jeg ekki trúa því, að háttv. deild eða þing ætli sjer að gjöra það allt ónýtt. Jeg hef fylgt þessu fram, af því jeg álít það vera hið rjettlátasta og heppilegasta.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Háttv. þm. Barð. (Sig. Jens.) gat þess, að sumir hefðu talað með hita um þetta mál, og beindi þeim orðum sjerstaklega til mín. Ef hann hefur meint, að jeg hafi talað allt of hvatlega eða af reiði, þá mótmæli jeg því; en hafi hann átt við, að jeg hafi talað af alvöru, þá er það rjett, því að mjer er ekki sama, hvernig þetta mál skröltir gegn um þingið.

Jeg verð að bæta því við, að mjer virðist nefndinni vera helzt til mikið sama um málið, þar sem hún vill láta það stranda á þessu skeri: sóknartekjunum. Eg skil það, að þm. Barð. hefur gengið nauðugur í þessa nefnd, en það var þá óleyfilegt, að hann og nefndin skyldu grípa til þessara óyndisúrræða. Hann hjelt því fram, að jeg hefði talið sóknartekjurnar ekki ósanngjarnar, en jeg sagði: *sumar*, og jeg fullyrði, að þessar tekjur í heild sinni, borið saman við tollana, eru ekki neitt sjerlega ósanngjarnar. Tollarnir eru líka ósanngjarnir, og það mun háttv. þm. finna, ef hann athugar.

Jeg hygg, að nefndin gjöri allt of mikið úr óánægju þeirri, sem á að vera hjá þjóðinni með þessar sóknartekjur. Það lítur út fyrir, að háttv. uefndarmenn vilji láta það sitja fyrir öllu, að láta að vilja kjósenda sinna, sem kunna að vera óánægðir; en það er ekki allskostar rjett. Jeg veit um menn norður í Þingeyjarsýslu, sem geta að vissu leyti talizt kjósendur mínir, að þeir vilja að eins breyta þessum gjöldum svo sem samrýmanlegt er þeim tíma, er við lifum á; lengra vilja þeir ekki fara fyrir norðan. Um vilja kjósenda hjer sunnan og vestan er mjer ekki kunnugt, en háværar munu raddirnar ekki vera í þessu efni. Málið er að mestu nýtt á þingi, þótt því að vísu hafi verið hreyft einu sinni áður.

Hátiv. þm. Barð. bar saman þessi gjöld og sýslumannatekjurnar áður; en þessi samanburður sannar ekki mikið, allra sízt honum í hag. Sýslumannstekjurnar voru nú fyrst alls ekki afnumdar, heldur var þeim breytt að nokkru leyti, þannig, að þær innheimtust undir öðru nafni; grundvöllurinn er samt sá sami, að eins dálítið fært til, til þess að gjöra þær rjettlátari. Jeg skal ekki fullyrða, hvort nokkur af tekjugreinunum hefur fallið burt, en megingrundvöllurinn er eins.

Háttv. þm. taldi það víst, að sýslumenn vildu ekki skipta um, en það hygg jeg að hann hafi þar gengið fullangt í því að fullyrða. Sýslumaður Húnvetninga tapaði 1200 kr., þegar breytt var til (1877) og sýslumenn voru settir á föst laun; efast jeg því um, að þeir væru sjerlega hræddir við það, því þegar sýslumenn voru settir á föst laun, hvarf að mestu leyti þanþol teknanna sýslumönnum mjög í óhag.

Háttv. þm. kvað tollaukann mundi verða lítið tilfinnanlegan, og 1/2 eyrir af sykurpundi og 1 eyrir af kaffipundi væri lítill fjárskaði. Það þykir ekki mikið, að eyða 100 pd. af kaffi og 500 pd. af sykri, hvorki í kaupstöðum nje til sveita, en á það fjelli tollurinn með 3 kr. og 50 aur.; það er þó allt af nokkuð. Það er að eins 50 aurum minna en offrið, og ef við bætist t. d. 30 pd. af rullu, þá verður það meira. Og það mælir því lítið bót, þó menn ekki finni til þess, auk þess sem flestir skynbærir menn vita af því og þar af leiðandi finna það.

Algjörlega er það rangt, að kaupmenn taki ekki meira en tollinn; sumir taka hann ekki beint eða af þeirri vöru, sem um er að ræða, en þeir taka hann þá af öðrum vörum, sumir meira að segja með 100% álagi. Hver króna verður þannig talsvert dýrari, þegar í landssjóðinn skal borga.

Loks taldi háttv. þingmaður það frágangssök að fella þetta frumv., því að þá væri að engu gjört starf millilinganefndarinnar. En það er ekki rjett; þó að frumv. sje fellt, stendur þó hennar *aðalstarf* fyrir því; það, að hún hefur með tillögum sínum vakið *hreyfingu* úti um landið og meðal okkar þingmanna, svo að tekið er alvarlega að *hugsa* málið. Það skiptir því minnstu, hvort þetta frumvarp verður fellt eða ekki, málið er stærra og mikilsverðara en svo, að slíkt geti haft nokkur áhrif til skaða.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal játa það, að ef nokkuð hefði komið mjer til að greiða atkv. móti þessu frumv., þá var það ræða hv. framsm. Frumv. er nú miklu ver úr garði gjört, en þegar það kom frá stjórninni, vegna þeirrar óheppilegu breytingar, sem nefndin hjer í deildinni

hefur leyft sjer að gjöra á því að því, er snertir afnám sóknarteknanna; og get jeg fullkomlega skrifað undir það, sem hv. fyrri varaforseti (J. Jak.) tók fram að því, er þetta atriði snertir; það var bæði vel og viturlega mælt. En þar sem háttv. framsm. hjelt áfram að fljetta afnámi sóknarteknanna saman við þetta mál, og að tönglast á því, að þeir, sem ekki gætu fallizt á þessa breytingu, vildu drepa málið, þá verð jeg eindregið að mótmæta slíkri aðdróttun.

Þá tók framsm. það einnig fram, að það, að halda sóknartekjunum, væri sama sem að gjöra prestana að píslarvottum, og að halda í þessa svöngu presta, eins og hann komst að orði, eða svo skildi jeg og fleiri orð hans, en jeg held, að *hann* hljóti að vera svo skilningsgóður, að skilja það, að prestarnir fá ekki einum eyri minni laun eptir frumv. stjórnarinnar, án afnáms sóknarteknanna, en eptir þessu frumv. með afnámi sömu tekna, þegar frá er skilin sú litla upphæð, sem bætist við í notum þess, að verðleikauppbótin er afnumin.

Þá hjelt háttv. þm. Barð. (S. J.) langa ræðu um það, hve sóknartekjurnar væru ranglátar, og finnst mjer það ekki eiga vel við að sakast þar um orðinn hlut, og halda langar hrókaræður um það, og skildi jeg satt að segja ekki í því, að forseti skyldi ekki taka fram í fyrir hv. þm., er hann var að fjölyrða svo mjög um þetta nú á þessu stigi málsins; og þar sem háttv. sami þm. var að gefa það í skyn, að rjettlætistilfinning mín væri ekki svo næm sem skyldi í þessu atriði, þá verð jeg að álíta, að hann hafi þar gengið helzt til nærri persónu minni og gjört sig brotlegan gegn þingsköpunum, og hefði jeg búizt við að hæstv. forseti hefði einnig þar gripið fram í fyrir honum. Jeg verð að halda því fram, að mín rjettlætistilfinning sje fullt eins næm og hv. þm. Barð.

Þá við hafði hv. framsm. (S. St.) þetta gamla orðtak: »Guð varðveiti mig fyrir vinum mínum; fyrir óvinum mínum mun jeg gæta mín sjálfur«. Jeg er hræddur um, að prestarnir muni ef til vill einhvern tíma í framtíðinni við hafa þessi sömu orð um háttv. framsm.; því að hver hefur fljettað þetta sóknartekna-ákvæði saman við þetta prestamál, aðrir en hann og hv. meðnefndarmenn hans.

Háttv. nefnd hefur hjer varpað miklu vafa-atriði inn í frv., sem jeg er viss um að spillir stórlega fyrir þessu máli í hv. Nd., og jeg er sannfærður um, að þetta frv. hefði fengið miklu betri viðtökur hjer í deildinni og miklu fleiri atkv. út úr henni, ef þetta ákvæði um afnám sóknarteknanna hefði ekki verið sett inn í það, því að það getur beinlínis orðið frv. til falls í Nd., og mun þess vegna prestsstjett landsins ekki kunna nefndinni miklar þakkir fyrir þessa breytingu. En af því að mjer er annt um þetta mál, þá mun jeg samt greiða því atkvæði mitt út úr deildinni.

Forseti Júlíus Havsteen (1. kgk. þm.): Út af aths. háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) viðvíkjandi því, að jeg ekki hafi tekið fram í fyrir hv. þm. Barð. (S. J.), þá skal jeg að eins láta mjer nægja að lesa upp 22. gr. þingskapanna; hún hljóðar svo:

»*Þriðja* umræða má eigi fram fara fyr en tveim nóttum eptir aðra umræðu. *Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið allt í heild.* Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið«.

Þetta læt jeg mjer nægja, til þess að sanna það, að aths. háttv. 3. kgk. þm. um ræðu háttv. þm. Barð. (S. J.) voru ekki á rökum byggðar.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson, (þm. Ísafj.k.): Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi mæla út af fáeinum atriðum, sem komið hafa fram í umræðunum um þetta frumv.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) lýsti því yfir, að hann yrði að greiða atkvæði á móti þessu frumv. sökum þess, að 200 kr. launabætur þær, sem gjört er ráð fyrir, væru ekki nægilegar til þess að tryggja prestunum lífvænlega stöðu, til þess væru þær allt of litlar. En þetta er ekki rjett; launin verða í flestum tilfellum miklu hærri að ótöldum aukatekjunum, sem ekki eru taldar með. Auk þess er það líka eitt aðalatriði í þessu frumv., sem háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) hefur ef til vill ekki athugað, að prestarnir losna alveg við innheimtuna á gjöldum sínum, og jeg get fullvissað háttv. 6. kgk. þm. um, að það er ekki alllítið, sem prestarnir hafa misst af gjöldum sínum, einmitt fyrir það, að þeir hafa sjálfir orðið að innheimta þau. Það stoðar ekki, að bygg ja tekjur prestanna á tölunum í prestakallamatinu; því að það eru meira og minna að eins krónur á pappírnum, sem aldrei koma í vasa prestanna. Þetta þekkjum við prestarnir miklu betur en þeir, sem allt af geta sótt tekjur sínar í landssjóðinn. Þetta hafa prestarnir aldrei getað gjört, og mundi öðrum embættismönnum vissulega þykja hart, ef þeir ættu við það að búa. Jeg held ekki, að það geti talizt heppilegt fyrir neina embættismannastjett landsins, að launakjörum hennar sje þannig háttað, að flestar aðrar stöður í þjóðfjelaginu sjeu girnilegri að því, er launin snertir, og dæmi þau, er bæði meðmælendur og andmælendur þessa máls hafa komið fram með, hafa fyllilega sannað það, að kjör prestanna eru alls ekki viðunanleg, og hafa þau þess vegna stutt málstað nefndarinnar miklu fremur en háttv. andmælendur þessa máls hafa æltazt til.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Húnv. (J. Jak.) tók fram í sinni síðustu ræðu, þá átti það við gjörðir milliþinganefndarinnar og stjórnarinnar, þar sem hann var að álasa þeim fyrir, að hafa samið svo hringlandi vitlaust frumv., en hvort þetta eru þingmannleg orð, um það skal jeg ekki fjölyrða; er það fyrir mig nóg til þess, að jeg álít gagnslaust, að eiga orðastað við þm. um þetta mál. Að því, er snertir aths. þm. Strand. (Guðj. G.), þá voru þær sanngjarnlegar og á góðum rökum byggðar yfirleitt. Það var að eins eitt atriði, sem jeg með engu móti get verið honum samdóma um, nfl. þar sem hann sagði, að sóknartekjurnar væru nauðsynlegt band milli prestanna og safnaðanna; þetta er mjer hreinn og beinn leyndardómur. En það band hefur stjórnin og milliþinganefndin leyst, þar sem prestarnir eptir tillögum þeirra frumv. hafa ekkert saman við söfnuðina að sælda að því, er innheimtuna snertir. Hitt skil jeg vel, að hver sem forlög þessa frv. annars kunna að verða, þá munu þessar umræður andmælenda þess verða til þess að herða enn meira á því, að einróma áskoranir komi frá öllum söfnuðum landsins um að losna við þessi gjöld.

Háttv. 3. kgk. þm. gat þess, að ræða mín hefði getað orðið til þess, að hann greiddi atkvæði móti frumv., og þætti mjer það leiðinlegt, ef ræða hans hefði ekki sannfært mig um algjörðan misskilning hans á orðum mínum; jeg

heyri nú líka, að rjettlætistilfinning hans er þrátt fyrir skilningsleysið svo næm, að hann ætlar samt að greiða atkvæði með frumv., enda er rjettlætistilfinning háttv. 3. kgk. þm. viðbrugðið um allt land, og gat hann þess vegna naumlega staðið sig við annað en að greiða atkvæði móti frumv. út úr þessari deild.

Jón Jakobsson, (2. þm. Húnv.): Jeg ætlaði mjer ekki að standa upp til þess að tala aptur í þessu máli, en úr því að háttv. framsm. tók eitt orð upp úr minni alllöngu ræðu, og sleit það út úr rjettu sambandi, þá neyðist jeg til að svara honum örfáum orðum. Viðvíkjandi þeim ummælum mínum, að frumv. væri hringlandi vitlaust, þá endurtek jeg það, og jeg held ekki, að þessi háttv. deild hafi skilið það misræmi, sem liggur í þessu frumv., og svo jeg ekki endurtaki sama orðið optar, þá vil jeg geta þess, að frumv. þetta minnir mig á hið þýzka kýmnisorð um sigurgyðjuna í Berlín er kölluð var, »das Mädchen ohne Verhältnisse«, og þótt það ef til vill verði sigursælt, þá vantar það rjett hlutföll, og mun sýna það síðar í reyndinni, þegar á að fara að nota það.

Jeg tek það fram enn þá, að jeg vildi gjarnan gefa nefndinni munnlegar leiðbeiningar í þessu máli; jeg er orðheldinn maður, og sá enga ástæðu til að láta neyða mig til að koma fram með breyt.till. við frv., eptir að jeg hafði sagt framsm., að það mundi jeg ekki gjöra, heldur leggja það undir vit og vilja nefndarinnar, hvernig hún vildi fara með till. mínar. Jeg endurtek það nú, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls, að hvernig sem fer um þetta frumv., þá hefði átt að fría prestana við að vera tollheimtumenn fyrir sjálfa sig, og vil jeg skjóta því til háttv. Nd., hvort hún vill ekki taka í þann strenginn, því að jeg álít það mjög óeðlilegt og illa viðeigandi, að prestarnir sjeu að reita saman allar þessar smátekjur sjálfir. Það á hvergi ver heima en hjá prestunum, að vera að vafsast í slíku; og viðvíkjandi þeim móímælum, sem fram hafa komið um það, að 6% væru of lítil innheimtulaun, þá verð jeg að segja, að mjer finnast þau nokkurn veginn viðunanleg, hvort sem hreppstjórar eða sóknarnefndir hafa þessa innheimtu á hendi.

ATKV.GR.

1. brt. (290) við 2. gr. 6. tl. sþ. með 9 shlj. atkv.

Brt. (279) tekin aptur.

2. brt. (290) við 12. gr. sþ. í e. hlj.

3. brt. (290) við 12. gr. sþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni sþ. með 8 atkv. gegn 3 að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 3 deildarmanna, þeirra Steingríms Jónssonar, Guttorms Vigfússonar og Björns M. Ólsens, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Ág. Flygenring,
Sig. Jensson,	Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,	Steingr. Jónsson.
Guðj. Guðlaugsson,	
Guttormur Vigfúss.,	
Sigurður Stefánss.,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórarinn Jónsson,	

Jóhannes Jóhannesson og Þorgrímur Þórðarson voru fjarverandi með leyfi.

Frumv. var síðan afgreitt til forseta Nd.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A 309) til 1. umr.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Eins og menn mun reka minni til, var það samþ. á þingi 1903 í Ed. með öllum atkv. í e. hlj. og með 16 samhlj.

atkv. í Nd., að skora á stjórnina að skipa 5 manna nefnd milli þinga, til þess að athuga kirkjumál landsins. Samkvæmt þessu úrskurðaði konungur 2. marz 1904, að skipa skyldi slíka nefnd, enda var nefndin skipuð af ráðh. 22. apríl samæris, og í hana valdir 3 prestar og 2 lögfræðingar.

Nefndin tók til starfa 23. ágúst 1904 og sat á rökstólum til 23. september. Þá varð einn nefndarmanna að hverfa heim, en meiri hluti nefndarinnar hætti þó ekki fundum fyr en 8. október sama ár. Í apríl 1905 sagði þáverandi formaður nefndariunar af sjer, en 28. september samæris var skipaður nýr formaður, og manni jafnframt bætt í nefndina. Það var bóndi, en það atvikaðist svo, að hann gat ekki sótt fundi nefndarinnar, og það var því óheppilegra sem maðurinn er hæfileika maður og var einasti fulltrúi almennings í nefndinni. Hinn nýji formaður boðaði nefndina með brjefi 30. okt. 1905 til fundar í Reykjavík 9. febr. 1906, enda tók nefndin þá til starfa á ný, og vann óslitið til 7. apríl þá um vorið. Nefndin hafði bæði nauman tíma og naumt fje, því að alþingi 1905 hafði mót allri von neitað að leggja nefndinni meira fje en hinar upprunalegu veittu 3,000 kr. Tímaskorturinn kom sjerstaklega niður á þeim liðnum, sem hefði þurft mestrar umhugsunar við, spurningunni um það, hvort nauðsynlegt væri, að kirkjustjórn eg landsstjórn væri sameinuð, enda fór nefndin mjög fljótt yfir það atriði, ræddi það að eins lítilsháttar í byrjun fundanna 1904. Svo varð nefndin af sömu ástæðu að sleppa öllum hugleiðingum um breytingu á gjöldum til presta og kirkna. Nefndin skilaði samt 12 frumv. Stjórnin tók upp 10 af frumv. nefndarinnar, en ljet 2 liggja, frumv. um kirkjuþing, og frumv. um sameining forstöðumannsembættis prestaskólans við biskupsembættið. Og þessi 10 frumv. eru nú öll á leiðinni til háttv. Nd. Frumv. hafa öll gengið gegnum 3 hreinsunarelda, biskup, stjórn og háttv. Ed., og mjer er það sjerstakt ánægjuefni, að sjá þau öll koma hingað nálega í sömu mynd og þau fóru frá oss milliþinganefndarmönnum, sum alveg óbreytt. Hæstvirt stjórn og biskup breyttu þeim sáralítið og háttv. Ed. hefur í rauninni ekki gjört markverða breytingu á neinu þeirra, nema prestlaunafrumv. Hún ætlast til, að landssjóður launi prestum að mestu leyti.

Hjer liggur nú fyrir frumv. um laun presta. Það er viðkvæmt spursmál og viðbúið, að talsverður ágreiningur geti orðið um það. Fyrir milliþinganefndinni vakti aðallega að bæta laun presta svo, að þeim væri tryggt að geta lifað sæmilegu lífi og annað hitt, að íþyngja almenningi ekki um of. Þetta hefur nefndinni tekizt svo vel, að aukin útgjöld landssjóðs vegna launafrumv. hefðu að eins numið 1224 kr., en þessi gjaldaauki meir en hverfur nú, er fækkað hefur verið fleiri prestaköllum og persónulega viðbótin felld burtu.

Annars eru aðaldrættir frumv. þessir: *Jöfnun allra launa.* Prestum er skipt í 3 flokka eptir embættisaldri. Yngsti flokkurinn átti að fá 1,200 kr. árslaun, miðflokkurinn 1,400 kr. og elzti flokkurinn 1,600 kr. Þetta hefur Ed. hækkað upp í 1,250, 1,450 og 1,650 kr., en hins vegar fellt niður persónulegu viðbótina eða verðleika uppbótina. *Lægri launin eru þannig hækkuð.* Auk þessa er prestum í erfiðum brauðum ætluð *erfiðleikauppbót.* Milliþinganefndin ætlaði sóknartekjunum að haldast óbreyttum að öðru leyti en því, að sóknarnefndir ættu að innheimta þær,

en Ed. hefur fellt þær burt og gjört landssjóði að borga prestum ígildi þeirra. Svo hefur hún og látið afgjöld eptir aðrar kirkjujarðir en prestssetrin renna í landssjóð og gjört landssjóði að greiða prestum jafnmikla upphæð. Í notum þessara auknu útgjalda leggur hún svo til, að bætt sje 10% við tollaukann frá 1905.

Það geta nú verið skiptar skoðanir um það, hvort þetta er heppileg leið, sem háttv. Ed. hefur valið. Eins og vjer vitum, hafa nýlega verið samþykkt lög um setning skattanefndar og hún á meðal annars að athuga, hvort haganlegt sje að breyta gjöldum til prests og kirkju. Það virðist því vera helzt til snemmt og ekki varlegt að breyta þeim þegar í stað íhugunarlítið. Og enn má minna á, að tollaukinn frá 1905 þótti að minnsta kosti sumum um eitt skeið fullhár, svo að varlega ætti að fara í að hækka hann enn meir.

Jeg held að rjettast væri, að færa frumv. í sama búning og það kom í frá stjórninni og kirkjumálanefndinni. Jeg býst við, að prestar leggi meiri áherzlu á það, að þeir fái launin heldur en hitt, hvaðan þeir fái þau.

Nú, en kynni það ekki að fá fylgi hjer í deildinni, mætti ef til vill leggja til bráðabirgða fram á fjárlögunum jafna upphæð sóknartekjunum, eða þá fela sýslumönnum að innheimta þær eins og önnur manntalsbókargjöld, ef menn óttast, að sóknarnefndirnar nái þeim ekki inn.

Menn hafa fundið þessum frumv. það til foráttu, að þau bindi frekar, en nú er, saman kirkjustjórn og landsstjórn og muni það verða því til fyrirstöðu, að fríkirkja komist á. Þessu get jeg ekki verið samdóma. Jeg er mjög fylgjandi fríkirkju, en hef þó sumpart samið þessi frumv. og sumpart tekið þátt í samningu þeirra. Jeg hygg þetta borið fram, annaðhvort af misskilningi, af því að menn hafa ekki athugað þetta nógu rækilega, eða það er borið fram til þess að spilla fyrir því, að frumv. gangi fram. Frumv. Ed. um laun presta, sem leggur launabyrðina að mestu á landssjóð, er að vísu spor í þá átt, en það fór ekki svo frá millilþinganefndinni og því verður væntanlega breytt. Nokkuð líkt mætti segja um prófastslaunafrumv., en það stendur og fellur með innheimtuaðferð prestslaunanna. Og eptirlaunafrumv. gjörir ekki neina »princip«breytingu á gildandi lögum. Eptirlaun presta greiðast nú að miklu leyti úr landssjóði, og skrefið því að eins tekið fullt, er þau eru lögð á landssjóð að öllu leyti, enda mætti leggja þessi gjöld á prestslaunasjóðinn.

Hin frumv. öll greiða annaðhvort beinlínis fyrir fríkirkju eða snerta alls ekki þá spurningu; frumv. um kosningu presta fær almenningi meira vald í hendur en áður, leyfir mönnum að kjósa frjálst á milli allra umsækenda, og er þannig stórt spor í fríkirkjuáttina. Sama máli gegnir um frumv. um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, því nýmæli þess öll auka vald almennings.

Ekki er hægt að segja, að frumv. um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins spilli fyrir fríkirkju. Sömu hlunnindi hafa þegar verið veitt veraldlegum embættismönnum, hæði læknum og sýslumönnum.

Ekki gjörir það heldur frumv., um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri. Nú fá prestsekkjur að mestu leyti eptirlaun sín úr landssjóði, en eptir þessu frumv. eiga prestar sjálfir að eptirlauna ekkjur sínar, svo að það leysir fremur en bindur.

Ekki spillir heldur frumv. um skip-

un prestakalla fyrir fríkirkjunni, því að jafn-óháðar eru kirkjustjórn og landsstjórn hvor annari fyrir það, hvort prestaköllin eru fleiri eða færri.

Frumv. um sölu kirkjujarða er stórt spor í fríkirkju-áttina.

Og sömuleiðis frumv. um umsjón og fjárhald kirkna, er fær söfnuðunum aukin fjárráð í hendur.

Jeg vona því að enginn geti með sanni sagt, að nokkurt af frumv. millilþinganefndarinnar sje því til fyrirstöðu, að fríkirkja komist á, þegar framlíða stundir. Það getur enginn búizt við, að hún komi eins og sól úr dimmu lopti. Svo mikilvæg og umfangsmikil breyting þarf langvinns undirbúnings við.

Loks vil jeg ljúka máli mínu með þeirri von, að allir vinni að þessum málum með hreinskilni, drengskap og og áhuga. Það má auðvitað drepa þau eins og hvert annað mál með vífilengjum, fleygum og drætti, en jeg vona, að hjer verði engu sliku til að dreyfa, enda eru hjer slegnar 2 flugur með einu höggi, kjör presta bætt og almenningi þó ekki íþyngt.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að skipuð verði 7 manna nefnd í þetta mál, að lokinni umr.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg hjóst við meiri umr. um þetta nú, en ekki því, að jeg lenti í þeim, enda ætla jeg ekki að lengja þær að miklum mun. En mjer þykir óviðkunnanlegt, að svo mikilsvarðandi mál skuli látið órætt, einmitt nú, þegar hefði átt að ræða um það í eðli þess og »princípum«. Jeg er enn ekki vel til slíks fallinn, en vildi þó leyfa mjer að benda á nokkur atriði. Háttv. frmsm. sagði, að uppástungur kirkjumálanefndarinnar og það, sem fram hefur komið af kirkjumálafrumv., miðaði ekki til þess, að festa það fyrirkomulag, er hingað til hefur verið, þjóðkirkjuna, heldur til að losa um það. Þetta atriði held jeg að þyrfti að ræða dálitið betur, áður en það verður vel ljóst. Fyrir mjer er það ekki ljóst af ræðu hans, að hjer sje svo um hnútana búið, að þá sje jafn laust eptir sem áður, eða lausara. Kirkjumálum vorum er komið í það horf, að þau þurfa bráðrar aðgjörðar við, en hitt er eins víst, að það hefur enn ekki verið hugsað nógu rækilega um það af almenningi, hvernig þær aðgjörðir ættu að vera. Skoðanir þær, sem bólar á til nýbreytni, hafa rjett á sjer, og þarf því vel að rækja þær, en þær virðast í þessu máli eigi vera svo rökstuddar og þroskaðar sem skyldi. Lang víðast hefur það verið látið í ljósi, að menn óska eptir fríkirkju, annaðhvort á þann hátt, að þeir vilja, að ríkið og kirkjan sjeu þegar skilin eða frikirkja stofnuð, eða þá óbeinlínis, með því að mælast til þess, að ekkert yrði gjört það, er gjört gæti fríkirkjunni örðugra fyrir eða tafið fyrir henni, er til kæmi. En hitt er óljóst, hvernig á að fara að því, að losa um böndin, og það er jafnvel mjög misjafnt, sem meint er með orðinu fríkirkja.

Við fyrri óskinni er nú eigi unnt að verða á þessu þingi, en ef þingið vill taka tillit til þessarar stefnu, sem þjóðin virðist hafa tekið, þá er að gæta að því, að gjöra ekkert það, er staðið gæti í vegi fyrir fríkirkjunni seinna meir. Jeg held, að það hefði verið heppilegt, að þessi umræða hefði getað orðið til þess, að greiða úr því, og gjöra mönnum það ljóst, í hvaða átt hvert þessara frumv. stefnir, hvort það gjörir heldur að binda eða leysa.

Jeg lít nú svo á, að 6 eða 7 af þessum frumv. sjeu heldur til þess að binda, en leysa, heldur til þess, að

þoka úr vegi frá fríkirkjunni, en greiða veginn til hennar. Þetta byggi jeg nú ekki svo mjög á þeim breytingum, sem frumv. vilja gjöra á hinu ytra fyrirkomulagi kirkjunnar. En því er nú svo varið á þessu tímabili, að allir sjá, að umbóta þarf við, og ef þetta tækifæri nú er haft einungis til þess, að basla svo upp á gamla fyrirkomulagið, að mönnum finnst það kannske viðunanlegt nokkra hríð, þá hlýtur það að tefja fyrir öllum verulegum breytingum. Þetta, að fara að gjöra við þessa gömlu byggingu, hlýtur að tefja fyrir því, að önnur ný bygging verði reist á sama stað.

Jeg hef ekki búizt við því, að breytingin yrði svo snögg, að við fengjum fríkirkju í einum rykk, en mjer hefur dottið í hug, að spakir menn og gætnir mundu geta fundið einhvern milliveg, eitthvert millibilsástand, sem svo innan skamms greiddi veginn til fríkirkjunnar. Og það vildi jeg, að nefnd sú, sem væntanlega verður kosin til þess að fjalla um þetta mál, legði höfuð sín í bleyti, til þess að finna ráð í þessa átt, betri ráð, en hingað til hafa komið fram. Allstaðar hefur verið fyrst og efst á blaði, að bæta kjör presta. Það er aldrei nema satt, að þau eru misjöfn, og full ástæða til þess að bæta þau, en jeg er varla einn um þá skoðun, að hjer sje annað og meira, sem þarf lagfæringar við, að þetta atriði sje þó ekki númer eitt, heldur í hæsta lægi númer tvö í þessu máli.

Það er innra ástand kirkjunnar, deyfð og áhugaleysi í trúmálum, sem er aðalmeinið, og það hefði átt að setja efst á blað, og hitt þá að eins þar næst.

Í stuttu máli sagt, finnst mjer allt þetta frumvarpsbákn vera okkur ofjarl og snerta of mikið hið ytra, en alls ekki hið innra, sem aðaláherzlan átti að liggja á.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fannst, að mörg af frumv. kirkjumálanefndarinnar, eptir því sem honum taldist til, 6—7, miðuðu fremur til þess að binda saman landsstjórn og kirkjustjórn, en til að leysa. Hann kastaði þessu fram alveg röksemdalaust. Og því undarlegra má það heita, sem orð mín áðan voru ekki töluð út í loptið. Jeg færði rök fyrir því, að eins og frumv. fóru frá kirkjumálanefndinni, miðuðu þau flest miklu fremur til að leysa en binda, og að Ed. hefði að eins raskað þessari reglu að því, er eitt frumv., prestslaunafrumvarpið, snerti.

Háttv. þm. játaði, að launakjör prestanna þyrftu bráðra bóta við, en fann þó tillögum kirkjumálanefndarinnar það til foráttu, að þær lytu mest að því, að bæta hag presta. Þessa hugsanafestu þm. skil jeg ekki. Það er allt annað en undarlegt, þótt tillögurnar snúist að því, að stofna til bóta þar, sem skórinn kreppir mest.

Jeg játa. að þetta mál hefur tvær hliðar, aðra sem veit að prestunum, og hina sem veit að almenningi. En við höfum líka þótzt taka tillit til hvorutveggja, þar sem við, auk launabótanna, höfum fengið almenningi meira vald í hendur en hann áður hafði, og hvergi þröngvað kosti gjaldenda.

Háttv. þm. hjelt því fram, að væri nú farið að bæta úr ástandinu, sem hann játaði að væri illt, þá mundi það verða til þess, að seinka fyrir fríkirkju. Mjer fannst yfir höfuð sú hugsun vaka fyrir honum, að því lengur sem við kveldum prestana, því fyr mundi fríkirkjan ganga fram. Það var eins og fyrir honum vekti, að fara líkt með prestana, og farið hefur verið

með refina. Refirnir hafa hingað til verið svældir *inni*, hann vildi láta svæla prestana *út*. Það má vera, að sú aðferð flýtti fyrir fríkirkjunni, en bæði finnst mjer það áferðarill aðferð, og svo býst jeg við, að það verði fremur almenningur en prestastjettin, sem hleypir fríkirkjunni af stokkunum.

Annars fann háttv. þm. það yfirleitt að tillögum nefndarinnar, að þær lytu fremur að því, að gjöra umbætur á hinu ytra fyrirkomulagi kirkjunnar, en á hinu innra ástandi hennar. Það er satt. En það liggur í hlutarins eðli. Sje kirkjunni áfátt hið innra, og því skal jeg sízt neita, þá verður ekki ráðin bót á því með lögum. Það er ómögulegt með lagasetningu, að búa til betri presta eða betri sóknarbörn. Okkur milliþinganefndarmönnum kom því ekki til hugar, að setja lög um það efni. En við lítum svo á, að ef hin ytri umgjörð yrði bætt, þá mundi það óheinlínis verða til endurbóta einnig fyrir hið innra ástand kirkjunnar.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Stungið var upp á 7 manna nefnd í málinu, og var sú uppástunga samþykkt með 23 atkv.

Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þingm., og voru þá kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Lárus H. Bjarnason,
Árni Jónsson,
Magnús Andrjesson,
Þórhallur Bjarnarson,
Jón Jónsson,
Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson.

Í nefndinni var Lárus H. Bjarnason kosinn formaður og Þórhallur Bjarnarson skrifari og framsögumaður með aðstoð Árna Jónssonar og Pjeturs Jónssonar.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. septbr. kom frumv. (A. 309, 531, 532, 540. 550) til 2. umr.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Með því að mjög er áliðið dags, koma langar ræður sjer ekki vel, og skal jeg því vera sem stuttorðastur, enda þótt að þetta mál sje í rauninni eitthvert umfangsmesta málið, sem fyrir þessu þingi hefur legið. Sumum kann að koma það kynlega fyrir, að jeg kallast framsögumaður þessa máls. En fyrir atvik, þá var jeg einna mest allra nefndarmanna viðriðinn þær breyt.till., er nefndin kemur fram með, og því kunnugur þeim. Jeg skal taka það fram strax, að framsaga mín verður aðallega snertandi breyt.till., en ekki málið í heild sinni, enda býst jeg við, að skrifari og aðal-framsögumaður nefndarinnar muni taka til máls í þá átt. Það eru því aðgjörðir nefndarinnar, sem jeg aðallega mun hafa að umræðuefni.

Jeg skal þá geta þess, að breytingar háttv. Ed. á frv. voru fólgnar í 3 meginatriðum, eins og flestum mun kunnugt. Í fyrsta lagi nam hún á burt hina persónulegu launaviðbót, er gjört var ráð fyrir í stjórnarfrv. samkvæmt uppástungu milliþinganefndarinnar og veita skyldi eptir verðleikum, en í stað þess voru laun hvers prests færð upp um 50 kr. Í öðru lagi gjörði hún þá breytingu, að taka umsjón kirkjujarða undan prestum og leggja umsjón með þeim og innheimtu jarða-afgjaldanna undir umboðsstjórnina, og skuli hreppstjórar hafa það starf á hendi. Í þriðja lagi og það var stærsta breytingin, nam Ed. af sóknartekjurnar og ákvað, að

lögð skyldu fram laun presta úr landssjóði; en þar með voru numin burtu þau ákvæði, er snertu prestlaunasjóðinn.

Þingnefnd Nd. hefur nú aðhyllzt tvær fyrstu breytingarnar, að nema burt launaviðbótina og leggja kirkjujarðirnirnar undir umsjón umboðsvaldsins. Fyrir því þarf ekki að færa ástæður hjer. Það hefur verið gjört í Ed., og hefur nefndin fallizt á þær ástæður, sjerstaklega að því er snertir umsjón með jörðunum, bygging þeirra og hæfilega meðferð; þar er sjálfsagt að fylgja sömu reglum og um þjóðjarðir; en til þess er ekki hægt að ætlast, ef prestum væri falin umsjónin sakir þess, að mælikvarðinn er allt annar; og í öðru lagi, þegar prestar eiga að taka laun sín af kirkjujarðaafurðunum, verður síður þokað til leiguliðum í hag, eða laun veitt fyrir umbætur jarðanna í ívilnun leigumála.

Um afnám sóknarteknanna hefur nefndin aptur á móti ekki viljað aðhyllast till. t. d., heldur hefur hún þar hallast að till. milliþinganefndarinnar, að láta við svo búið sitja sem nú er um till. þessara tekna að þessu sinni. Milliþinganefndin fann ekki ástæðu til að fara út í breytingu á æfagömlum gjöldum til prests og kirkju, því að hún gjörði ráð fyrir, að það mál yrði tekið upp til sjerstakrar meðferðar hvort sem væri af öðrum í sambandi við skattamál landsins. Nefndin í Nd. fjellst á, að við svo búið mætti standa að sinni, og að ekki þyrfti að afnema sóknartekjurnar á þessu þingi, heldur væri betra að bíða, þar til hin fyrirhugaða skattamálanefnd hefði athugað þetta efni, og lagt fram till. um það.

Þetta kaus nefndin að aðhyllast miklu fremur en að afnema þessi gjöld, og greiða prestum laun af landssjóði. Með öðrum orðum, hún vildi ekki ljetta af söfnuðunum öllum beinum gjöldum til prests og kirkju, er menn nú greiða, því að þegar svo er komið, að landssjóður stendur straum af öllum þessum gjöldum, þá finnur enginn til þeirra sjerstaklega, og er þá ekki hægt að segja, að einn borgi fremur til prests en annar, þar sem landssjóðurinn er sameiginlegur allri þjóðinni. Það er svo gagnstætt því, að þetta miði til þess að auka andlegt frelsi safnaða og kirkju, eða miði að aðskilnaði ríkis og kirkju, að miklu fremur mætti segja, að það miðaði til aðskilnaðar kirkju og safnaðar. Nefndin hefur því hallast að því, að setja inn aptur ákvæði stjórnarfrumv., viðvíkjandi sóknartekjunum, en þó ekki að öllu leyti, því að á þeim ákvæðum hljóta að verða allmiklar breytingar sakir þess, að haldið er föstum fyrirmælum Ed. um meðferð kirkjujarða.

Jeg ætla þá að leyfa mjer í því skyni að glöggva hina háttv. deild á breyt.till., að leitast við að sýna, hvernig frumv. verður, ef þær verða samþ. Jeg hugsa mjer frumv. skipt í kafla eptir efni.

Fyrsti kaflinn (1.—3. gr.) um launarjett presta er óbreyttur af nefndarinnar hálfu frá því, er Ed. hafði samþ., nema að því leyti, sem fellt er burt ákvæði í 1. gr. um að laun presta skuli greidd úr landssjóði.

Annar kaflinn (4.—7. gr.), um rjett presta, til að halda ábúð á þeim jörðum, er þeir hafa áður haft, og að taka afgjaldið undir sjálfum sjer eptir mati, helzt sömuleiðis óbreyttur.

Þriðji kaflinn (8.—11. gr.), um umsjón og meðferð kirkjujarða, er einnig óbreyttur af hálfu nefndarinnar að mestu leyti. Að eins örfáar breytingar hafa verið gjörðar á þeim greinum, og skal jeg leyfa mjer, að geta þeirra stuttlega. Í 8. gr. er gjörð nokkur

orðabreyting, sem jafnframt er efnisbreyting, að því leyti sem mælt er svo fyrir, að hreppstjóri skili sýslumanni eptirgjöldum jarðanna, ekki innan loka júnímánaðar, heldur innan loka septembermánaðar, og greiði sýslumaður þau í prestlaunasjóð, en ekki beint í landssjóð, eins og Ed. ætlast til. Í. 9. gr. er það ákvæði sett inn, að stjórnarráðið setji reglur um umsjón og meðferð kirkjujarða jafnt sem þjóðjarða. Þá er enn gjörð sú breyting á niðurlagi þessa kafla, að 11. gr. falli burt, en ný grein komi í staðinn, þess efnis, að stjórnarráðið setji reglur um skoðun og afhendingu kirkjueigna, því að nefndin áleit nauðsynlegt, að afhendingin færi fram eptir fyrirskipuðum reglum.

Fjórði kafli frv. (12.—18. gr. í brtill. nefndarinnar) hljóðar um sóknartekjurnar. Þau ákvæði hefur nefndin tekið upp aptur eptir frumv. stjórnarinnar. En hún hefur leyft sjer að skjóta inn einu ákvæði (14. gr.), sem er algjört nýmæli, og í því fólgið, að safnaðarmönnum er heimilað, að niðurjöfnunargjald komi í stað sóknargjaldanna, og sje því jafnað niður á söfnuðinn eptir reglum, er samþ. eru á lögmætum safnaðarfundi og staðfestar af prófasti. Þetta nýmæli er hagkvæmt og engri hættu bundið.

Eins og áður er tekið fram, áleit nefndin afnám sóknargjaldanna ganga t þá átt, að slíta bandið milli safnaðar og kirkju og deyfa safnaðarlíf og trúarlíf. En það hefur hinsvegar verið fundið að sóknargjöldunum, að þau væru óeðlileg og óvinsæl. Þetta er á nokkrum rökum byggt, sjerstaklega hvað snertir dagsverkið og lambsfóðrið, sem hvílir jafnt á öllum, en fer ekki eptir efnum og ástæðum. Þar sem nú gömlu sóknargjöldin þrátt fyrir þetta verða að skoðast sem brú milli prests og safnaðar, þá má segja, að hjer sje lagður nýr planki í þá brú með þessu frumv.

Þetta er ekkert nýmæli á þingi. 1899 komu tveir þm. fram með frv. um afnám tíunda o. fl. Þar er gjört ráð fyrir að, sóknartekjurnar sjeu greiddar þannig, að þeim sje jafnað niður á meðlimi safnaðarins eptir líkum reglum og þeim, sem nú gilda um sönggjaldið. Það er ekki ólíklegt, að menn mundu aðhyllast að greiða gjöldin eins og sönggjaldið, þannig að helmingur væri nefskattur, en hinn helmingurinn eptir efnum og ástæðum. Nefndin vildi láta söfnuðina sjálfa ráða, hvernig þeir höguðu þessu. Tillaga þessi bendir í áttina til safnaðarfrelsis, en er þó ekki nema byrjun eða bending í þá átt, að söfnuðirnir fjalli sjálfir um þessi mál; það er ekki umbrotamikið, en gjörir þó væntanlega nokkurt gagn.

5. kafli laganna er um greiðslu á preststekjum, þ. e. 19.—23. gr. eptir tillögum nefndarinnar. Í þessum kafla varð nefndin að setja inn nýjar greinar, sem ekki voru í stjórnarfrumv. Greiðsla prestslaunanna verður þannig hagað, að eptirleiðis hafa prestar fullan aðgang að prófföstum með tekjur sínar, með öðrum orðum, að tekjurnar ganga til prests eptir ávísun prófasts. Ef afgjaldið af prestssetrum, ítök o. fl. hrökkva ekki fyrir launum, þá ávísar prófastur því, sem ávantar frá sóknarnefnd. En ef afgjald og ítök fara fram úr því, sem presturinn á að hafa í laun, og það mun vera til í 2 prestaköllum, greiðir prestur afganginn til prófasts. Ef nú sóknartekjurnar eru meiri en þarf að ávísa prestinum, gengur afgangurinn til prófasts. Verði þær of litlar, fær prest-

ur afganginn greiddan úr prestslaunasjóði eptir ávísun prófasts. Þetta gjörir launaheimtuna miklu óbrotnari fyrir prestana og einnig fyrir prófastana líka, heldur en eptir stjórnarfrumv. Prófastarnir hafa ekki beinlínis meðgjörð með afgjöldin af kirkjujörðunum og þurfa því ekki að halda neina reikninga yfir þau, jafnvel þótt stjórnin vísi honum á þær tekjur prestslaunasjóðs hjá sýslumanni. Það er eins og um hverjar aðrar ávísanir. Að því leyti er þetta fyrirkomulag til bóta bæði fyrir prófast og prest.

Þá kemur að síðasta kafla frumv., sem er um prestslaunasjóð. Þar hefur nefndin tekið upp till. stjórnarinnar nálega óbreyttar nema sem flýtur af breytingum nefndarinnar á öðrum atriðum frumv. Tekjur prestlaunasjóðsins eru þær sömu og í stjórnarfrumv.

Þá er síðasta grein frumv. Þar er engin veruleg efnisbreyting, nema það sem er bein afleiðing af breytingum nefndarinnar. Jeg vonast eptir, að jeg hafi nokkurn veginn greinilega skýrt frá breyt.till. og að menn skilji nú nokkurn veginn í ganginn í þessu máli. Það er nokkuð flókið, en nefndin hefur viljað greiða úr því eptir föngum. Jeg vona, að menn af þessu skilji, að lögin fara ekki að eins fram á launaviðbót handa prestum, heldur er þeim líka gjört auðveldara fyrir að ná launanum inn. Jeg ætla svo ekki að tala meira um þetta mál, en ef eitthvað virðist óljóst í till. nefndarinnar, þá kemur það fram í umræðunum, og þá mun jeg reyna að skýra það betur.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Samkvæmt atkv.gr., sem fram fór áðan, um skipun prestakalla, er mikið af breyt.till. mínum á þgskj. 540 tekið aptur. Væri gott ef menn vildu hafa þgskj. fyrir sjer og fylgjast með. Við 1. gr. eru 3. breyt.till., sem jeg tek ekki aptur. Við 1. gr. er a og b eptir 4. tölul. tekið aptur. Eptir 5. lið er a, b, c. og d tekið aptur Eptir 9. lið er a til g tekið aptur. Svo er breyt.till. við 12. tölulið og allt þar fyrir aptan tekið aptur.

Eggert Pálsson (þm. Rangv.): Jeg á breyt.till. á þgskj. 550. Hún hefur komið seint, og er það vegna þess, að hún varð fyrir slysi í prentsmiðjunni. Nefndin hefur því ekki getað haft hana til athugunar. Samt vil jeg tala nokkur orð fyrir henni. Hún fer fram á það, að breyta til um launahækkun þá, sem prestum er ætluð. Í frumv. eru launin hækkuð um 200 kr., þegar prestur er eldri en þriðjungur af stjettarbræðrum hans, og þegar hann er eldri en tveir þriðjungar, þá hækka launin aptur um 200 kr. Þessu hef jeg breytt þannig, að 1. launahækkun verði eptir 10 ár, en sú næsta eptir 20 ár (embættisár). Þetta er til þess, að prestar eigi hækkunina vísa, og þurfi ekki að vera að vonast eptir því, að einhver eldri stjettarbræðra sinna hrökkvi upp af, eða segi af sjer. Þegar jeg bjó til till. mína, hafði jeg við prestatalið 1901. Þá voru prestar alls milli 130 og 140, þar af hefðu 30 til 40 verið með byrjunarlaunum eptir minni till., 40—50 með einfaldri launahækkun, en hinir með tvöfaldri hækkun. En nú er það skiljanlegt, að þegar prestaköllin verða stærri, og erfiðara verður að þjóna þeim, verða þeir færri, sem fá tvöfalda launahækkun, því þá endast þeir ver og segja fyr af sjer en ella, svo að líklegt er, að reynslan komi til að sýna það, að þeir verða næsta fáir, sem njóti hinnar tvöföldu launahækkunar. Jeg játa, að eptir stjórnarfrumv. er meiri trygging fyrir því, að fje verði ávallt til í prestslaunasjóðnum, í rjettu hlutfalli við það, sem með þarf, og að mín tillaga gjörir það að verkum, að heldur ó-

vissara kunni að vera, hvort fje prestslaunasjóðsins mundi ávalt og undir öllum kringumstæðum nægja, svo landssjóður þyrfti eigi að hlaupa undir bagga. En þótt meira kynni máske að þurfa til launahækkunar á einu tímabili en öðru, þá yrði sjóðurinn aptur á móti stundum ekki brúkaður upp. Fari það eptir atvikum og ætti þannig að jafna sig nokkurn vegin upp. Það er óneitanlega miklu viðkunnanlegra fyrir prestana, að þeir eigi vissa von um að fá launahækkun eptir víst árabil, heldur en láta handahófið eða tilviljunina eina ráða, hvort þeir fái hana fyr eða síðar, eða máske aldrei, þótt þeir hafi unnið að embætti sínu svo eða svo lengi. En af því að nefndin hefur ekki getað athugað till., þá vil jeg samt nú taka hana aptur að þessu sinni, en bera hana upp á ný við 3. umr. Það er hugsanlegt, að nefndinni þyki máske hentugra, og fyrir prestslaunasjóðinn tryggara, að miða við aðra áratölu, en hjer er gjört t. d. 12 og 24 ár.

Magnús Andrjesson (þm. Mýram): Jeg vil þá leyfa mjer að taka þessa breyt.till. upp aptur.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Á þingskj. 540 eru breyt.till. frá utannefndarmanni og einum úr nefndinni. Háttv. þm. Seyðfj.k. (J. J.) hefur gjört grein fyrir þeim og tekið sumar þeirra aptur, svo jeg þarf ekki að orðlengja um þær. En viðvíkjandi till. á þgskj. 550, sem var tekin aptur og nú er upp tekin aptur af öðrum þm., háttv. þm. Mýr. (M. A.), skal jeg geta þess, að nefndin hefur ekki beinlínis haft hana til athugunar; en það kom til mála í nefndinni, að haga launahækkuninni eptir embættisáratölu, en það varð þó ekki niðurstaðan, og jeg býst því við, að sömu mennirnir sjeu þessu enn mótfallnir. En hitt er hugsanlegt, að þeir breyti skoðun sinni við nánari íhugun. Eptir frumv. er gefin vissa fyrir því, að þriðjungur presta er á hverju launastigi. Ef embættisáratala ræður, þá er fjárhagslega skoðað meiri óvissa.

Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Eptir framsögu háttv. þm. tek jeg till. mína aptur.

ATKV.GR.: Brt. (532) við 1. gr. sþ. með 17 atkv.

Brt. (540) við 1. gr. 1. lið sþ. með 17 atkv.

Brt. (540) við 1. gr. 2. lið sþ. með 17 atkv.

Brt. (540) við 1. gr. 3. lið sþ. með 17 atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 16 atkv.

Brt. (532) við 2. gr. sþ. með 17 atkv.

Brt. (540) við 2. gr. 4 a og b tekin aptur.

Brt. (540) við 2. gr. 5 a—d tekin aptur.

Brt. (540) við 2. gr. 5 e—h sþ. með 16 atkv.

Brt. (540) við 2. gr. 9 a—g tekin aptur.

Brt. (540) við 2. gr. 12 tekin aptur.

Brt. (540) við 2. gr. 12 (2 nýjir liðir a og b) tekin aptur.

Brt. (540) við 2. gr. 13 tekin aptur.

2. gr. breytt sþ. með 18 atkv.

Brt. (532) við 3. gr. sþ. með 21 atkv.

3. gr. sþ, með 17 atkv.

4. — — — 17 —

Brt. (532) við 5. gr. sþ. án atkv.gr.

5. gr. breytt sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) við 6. gr. 1. lið sþ.án atkv.gr.

Brt. (532) við 6. gr. 2. lið sþ. með 19 atkv.

6. gr. breytt sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) við 7. gr. sþ. án atkv.gr.

Brt. (532) við 8. gr. (ný gr.) sþ. m. 19 atkv.

Brt. (532) við 9. gr. 1. og 2. málslið sþ. með 19 atkv.

9. gr. sþ. með 19 atkv.

10. gr. sþ. með 19 atkv.

Breyt.til (532) við 11. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (532) 12. gr. (ný gr.) sþ. með 20 atkv.

Breyt.till. (532) 13. gr. (ný gr.) sþ. með 18 atkv.

Brt. (532) 14. gr. (ný gr.) sþ. með 18 atkv.

Brt. (532) 15. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 16. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 17. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 18. gr. (ný gr). sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 19. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 20. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 21. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 22. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (523) 23. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 24. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) 25. gr. (ný gr.) sþ. með 19 atkv.

Brt. (532) við 12. gr. (sem verður 26. gr.) samþ. með 17 atkv.

12. gr. frumv. samþ. með 20. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7. septbr., kom frumv. (A. 583, 584, 590) til 3. umr.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson): Það er ekki ástæða til þess að hafa miklar umræður um þetta mál að þessu sinni. Jeg ætla að eins að tala um þær breyt.till., sem komnar eru fram; jeg tek fyrst breyt.till. á þgskj. 583 frá háttv. þm. Rangv. Hún fer fram á það, að laun prestanna sjeu ekki hækkuð eptir þriðjungaskiptum, heldur eptir embættisaldri, þannig, að þegar prestur hefur verið 10 ár í embætti hækki laun hans, og svo aptur þegar hann hefur verið í embætti 20 ár. Eptir þessari reglu mundi landssjóður verða að borga eitthvað meira til prestslaunasjóðs, að minnsta kosti fyrst um sinn, og það er strax ástæða á móti tillögunni. Það sem mælir með ákvæði frumv., eins og það er, og milliþinganefndin samdi það, er, að hægt væri að sjá fyrir víst, hve mikið gengi til þess að launa prestana. Eptir þeirri tillögu er alveg »mathematisk« vissa fyrir því, hve mikið þeir fá samtals. Einn þriðjungurinn fær 1,200 kr., annar þriðjungurinn 1,400 kr. og þriðji þriðjungurinn 1,600 kr., nú hefur þetta hækkað um 100 kr. á hverju stigi. Nefndin í E. d. mun vera á móti breytingu á þessu, og það er líka ástæða, því það gæti tafið fyrir málinu, ef hún gengi fram. Þess vegna var nefndin hjer á móti þessari tillögu.

Þá kem jeg að breytingum nefndarinnar. Sú fyrsta gengur út á að hækka erfiðleikauppbótina á tveimur prestaköllum. Þessi tillaga er byggð á því, að breytingar þær, sem urðu á prestakallaskipuninni við 2. umr. þessa máls gjöra erfiðleikauppbótina nauðsynlega á þessum stöðum.

Þá koma breyt.till. við 21. og 22. gr., sem eru að eins orðabreytingar til þess að gjöra efnið ljósara, og álít jeg óþarft að tala frekar um þær. Þá er breyt.till. við 24. gr.; það er líka málbreyting; nefndinni virðist eðlilegt að taka svo til orða, sem gjört er í breyt.till., því annars mætti skilja svo sem átt væri við það, að einstök

prestaköll ættu einstakar jarðir, en ekki prestaköllin eigi sameiginlega allar jarðirnar. Þá er önnur breyt.till. við sömu grein, 4. lið. Hún er gjörð í samræmi við breytinguna, sem gjörð var á frumv. um eptirlaun presta. Enn er á sama þgskj. breyt.till. við 26. gr., þess efnis, að prestar, sem nú eru í embættum, en ekki treysta sjer til að taka á sig þau störf, sem af þeim breytingum leiða, sem gjörðar hafa verið á prestakallaskipuninni, geti þó komizt undir hin nýju launaákvæði, ef þeir eru 60 ára að aldri. Nefndinni þótti ósanngjarnt að láta prest, sem fyrir aldurssakir ekki gæti þjónað mjög stóru brauði, hafa minni laun en yngri stjettarbræður hans.

Loks er breyt.till. á þgskj. 590, að aptan við 26. gr. — á þgskj. er misprentað 12. gr. fyrir 26. gr., jeg bið menn að athuga það — að aptan við 26. gr. bætist ákvæði um laun tll presta, sem í embætti eru, þegar þeir bæta á sig bráðabirgðaþjónustu í öðru prestakalli.

Það virðist vera ástæða til þess, þegar launakjör presta eru svo mikið bætt, og prestarnir eiga aðgang að landssjóði, að prestur, sem er í embætti, og þjónar nágrannaprestakalli, hafi allar tekjur þess á meðan, eins og hingað til hefur verið. Þetta er gjört í samræmi við hæstv. ráðherra. Jeg vil svo að lokum óska, að þetta mál fái góðan framgang, og treysti því, að umræður verði ekki um of langar.

Eggert Pálsson: Mjer þykir það leitt, að nefndin ekki hefur getað aðhyllzt breyt.till. minar. Að vísu get jeg látið mjer það persónulega á sama standa, því jeg býst ekki við, að þetta frumv. snerti nokkurn tíma mig eða minn hag, hvorki til bóta eða skaða. En leitt þykir mjer það samt sem áður, og það af því, að tillagan er svo sanngjörn og rjettlát í eðli sínu. Því hefur ávallt verið fylgt, að láta laun embættismanna vaxa eptir þjónustutímanum, ef þau á annað borð fara hækkandi, en ekki teningskastið eitt látið ráða í því efni. Og nefndin sjálf byggir líka á þeirri sanngirnis- og rjettlætisreglu í eptirlaunafrumv., þar sem hún lætur þau fara hækkandi eptir þjónustuárunum. Það getur hver og einn sjeð, að það væri óviðfeldin aðferð, ef húsbóndi segði við eitthvert hjú sinna: þú skalt fá kaup þitt hækkað þegar þetta eður hitt hjú mitt deyr eða fer í burtu, en að öðrum kosti ekki. Slík aðferð mundi vart verða til þess, að efla samkomulag og bróðurlegan kærleika eða hugunarhátt innbyrðis meðal hjúanna. En einmitt slík aðferð er þó viðhöfð með ákvæðum 1. gr. þessa frumv. Hjer er verið að vekja upp hin illaþokkuðu vonarbrjefin gömlu. Með þessu ákvæði 1. gr., er prestum gefið undir fótinn með að óska þess, að eldri prestar fari burt eða deyi, og það er ekki rjett og naumast fyllilega »móralskt«, að setja slíkt ákvæði inn í lög, er slíkar óskir eða hugsanir geta vakið.

Hinn háttv. framsm. sagði, að það mundi skerða meira prestlaunasjóðinn en ella, ef þeirri reglu, sem mín breyt.till. fer fram á, væri fylgt. En það er jeg alls ekki viss um. Því eins og prestakallaskipunin nú verður, er mjög hætt við því, að margir prestar segi af sjer, áður en þeir hafa verið 20 ár í embætti, og þá yrðu þeir útilokaðir frá launauppbót, svo að alls eigi er óliklegt, að það fje, sem ætlað er til launaviðbóta mundi fyllilega koma til að nægja, þótt breyt.till. mín yrði samþykkt.

Jeg vænti því þess, af því þessi tillaga er byggð á svo mikilli sanngirni og rjettlæti, að hún finni náð fyrir

augum hinnar háttv. deildar, enda þótt hún hafi ekki fundið hana hjá hinni háttv. nefnd eða meiri hluta hennar.

Árni Jónsson, (þm. Suð.-Þ.): Tillagan á þgskj. 590 kom ekki til tals í nefndinni, jeg er henni fyrir mitt leyti ekki hlynntur. Það mál er svo vaxið, að það þarf að ræðast betur. Þar sem presturinn er launaður að nokkru leyti af söfnuðinum og að nokkru leyti úr landssjóði, er það þá söfnuðurinn, sem á að fá þann helming, sem honum bæri eða er það prestslaunasjóður?

Jeg er sem sagt ekki meðmæltur þessari breyt.till., þó kallað sje, að hún komi frá nefndinni.

ATKV.GR.:

Br.till. (594) við 2. gr. tekin aptur.

1. breyt.till. (583) við 1. gr. felld með 16 atkv. móti 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Hermann Jónasson,
Guðl. Guðmundss.,	Jóhannes Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Lárus H. Bjarnas.,
Magnús Kristjánss.,	Magnus Andrjess.,
Ólafur Ólafsson,	Ólafur Briem,
Ólafur Thorlacius,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thóroddsen,	St. Stefánsson, Eyf.,
	St. Stefánss., Skagf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson,

2. Breyt.till. (583) við 1. gr. fallin þar með.

Breyt.till. (584) við 2. gr. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. (584) við 2. gr. 2 sþ. án atkv.

Breyt.till. (584) við 2. gr. 3 sþ. með 17 atkv.

Breyt.till. (584) við 21. gr. 1. og 3. lið sþ. án atkv.

Breyt.till. (584) við 22. gr. samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. (584) við 24. gr. 1. lið sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. (584) við 24. gr. 3. lið sþ. án askv.gr.

Breyt.till. (584) við 24, gr. 4. lið sþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (584) við 26. gr. sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. (590) við 12 gr. sþ. með 14 atkv.

Frumv. samþ. með 16 atkv., og endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. septbr., kom framv. (A. 602, 616) til einnar umr.

Framsögumaður Sigurður Stefansson (þingm. Ísfjk.): Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er komið aptur til þessarar deildar í ærið breyttu formi frá því, sem það fór hjeðan til háttv. neðri deildar. Aðal-breytingin, sem Nd. hefur gjört á frumv., og sem allar hinar aðrar breytingar standa í sambandi við, er sú, að neðri deild hefur tekið upp aptur það meginákvæði stjórnarfrumv., að sóknartekjuruar skuli haldast, og að innheimtu þeirra skuli hagað eins og lagt var til í frumv. stjórnarinnar. Þetta er aðalbreytingin og í sambandi við hana standa flestar aðrar breytingar, sem Nd. hefur gjört á frumv., og hefur hún að mestu leyti sett inn ákvæði stjórnarfrumv., nema að því leyti, sem hún hefur látið ákvæði efri deildar standa, um að losa prestana við umsjón kirkjujarðanna.

Það var svo um afskipti nefndarinnar af þessu máli hjer í deildinni og deildarinnar í heild sinni, að þau voru ekki miðuð eingöngu við hag

prestanna; heldur stefndu þau mest að því marki, að gjöra frumv, sem aðgengilegast fyrir söfnuðina og landsbúa í heild sinni, með því að ljetta af þeim þessum gömlu, úreltu og óvinsælu gjöldum, sóknargjöldunum.

Þessi breyting efri deildar var því ekki gjörð aðallega fyrir prestana, því að þeim má í rauninni að nokkru leyti standa á sama, hvernig þeir fá tekjur sínar, en breytingin var einkum gjörð vegna gjaldendanna, safnaðanna. Efri deild fór fram á, að ljetta þessum gjöldum af söfnuðunum og leggja þau á landssjóð gegn því, að hann fengi uppbót annarsstaðar frá fyrir þau auknu útgjöld sín, og var deildin þeirrar skoðunar, að það fyrirkomulag mundi vera þjóðinni geðfelldara og hagkvæmara, en það ástand, sem hingað til hefur verið, að því er þetta atriði snertir.

Jeg er eins sannfærður um það nú eins og jeg var þegar þetta frumv. var afgreitt hjeðan úr deildinni til háttv. Nd., að þessu frv. mundi hafa verið tekið betur af þjóðinni, ef það hefði verið samþykkt óbreytt af háttv. Nd. í því formi, sem það fór hjeðan úr deildinni; og hins vegar dylst nefndinni hjer í deildinni það ekki, að eptir þeirri hreyfingu, sem þegar er komin á þetta mál, þá muni landsmenn ekki til lengdar una við þessi gömlu og úreltu gjöld, sem nú hafa verið tekin aptur upp í frumv. neðri deildar.

Að vísu hefur Nd. gjört tilraun til, að bæta úr þessu með því, að koma fram með tillögu um, að sóknarnefndir gætu jafnað sóknargjöldunum niður á söfnuðina. Það má ef til vill segja, að þetta ákvæði sje til nokkurra bóta, en jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að það sje fremur meinlaust og gagnslaust, en hvort það verður notað eða ekki, því verður reynslan að skera úr.

Jeg finn ekki ástæðu til, að lengja umræðurnar með því, að fara út í einstakar breytingar, en fyrir nefndarinnar hönd, þá skal jeg leyfa mjer, að taka það fram, að það var æði-mikill vandi fyrir nefndina, að ráða úr, hvað hún ætti að gjöra í þessu máli, þar sem hún annars vegar hjelt fast við það álit sitt, að sú leið, sem hún vildi fara í þessu máli, væri sú heppilegasta og vænlegasta til góðs gengis, en varð hins vegar líka, að líta til þess, að þar sem þetta launamál prestanna stendur í svo nánu sambandi við öll hin kirkjumálin, þá gæti það orðið til þess, að öll þau mál ekki næðu fram að ganga á þessu þingi, ef hún hefði haldið fast við tillögu sína um afnám sóknarteknanna, og var það sameiginlegt álit okkar allra í nefndinni, að það væri ekki vel farið, ef að þingið ekki bindi neinn enda á þessi mál, að þessu sinni, eiukum með tilliti til þess, hve miklu fje, tima og fyrirhöfn hefur verið varið til rannsókna og undirbúnings þess frv., sem öll hin frumv. standa í sambandi við.

Nefndin sá þess vegna fram á það, að ef þetta frumv. um laun sóknarpresta yrði fellt, þá væri allt hið erfiða undirbúningsstarf milliþinganefndarinnar og stjórnarinnar ónýtt, en ef svo hefði farið, þá mundi reka að því, að við á næsta þingi fengjum allan þennan frumvarpa-bálk aptur til meðferðar, og mundi það leiða til stórra útgjalda og mjög mikilla vandræða.

Þegar nefndin athugaði þetta, þá vildi hún leggja það til, að frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það nú kom frá háttv. Nd., því að ef þessi deild fer nú að gjöra nokkrar breytingar á

því, þá mundi það eitt út af fyrir sig geta orðið til þess, að ekki að eins þetta frumv., heldur og líka öll hin kirkjumálafrumv. hefðu dagað uppi, og það því fremur, sem háttv. Nd. var æði-mikið kappsmál með þetta ákvæði um sóknartekjurnar.

Jeg tók það fram í hinum fyrri umræðum um þetta mál hjer í deildinni, hvernig nefndin liti á þetta frumv. frá frikirkjulegu sjónarmiði, og sje jeg því ekki ástæðu til, að fara út í það atriði nú.

Þegar nefndin lítur á þessi aðalatriði, þá viðurkennir hún fúslega, að í öllum þessum kirkjumála-bálki felist mjög miklar rjettarbætur, og finnst henni það vega meira en svo, að vinnandi sje til vegna þessa ágreinings að kasta þessum málum frá sjer á þessu þingi, og að þau ekki kæmust út úr þinginu í þetta sinn.

Jeg hef heyrt dálitlar aths. gjörðar um það, að eptir þessu frv. eigi að taka allar kirkjujarðir skilyrðislaust og fá þær hreppstjórunum til umráða, en jeg skal taka það fram, að það var ekki meining milliþinganefndarinnar eða stjórnarinnar, að þessi lög næðu til þeirra kirkjujarða, sem beinlínis eru eign kirknanna og teljast til »portiona« þeirra, eins og t. d. Bjarnarneskirkju; því síður var það meining þeirrar nefndar, sem fjallaði um þessi mál hjer í deildinni.

Jeg sje svo ekki ástæðu til fyrir hönd nefndarinnar að fjölyrða frekar um þetta mál, en nefndin felur það sanngirni og rjettlæti deildarinnar, hvað hún vill gjöra við þetta mál; og við flest hin málin mun jeg ekki finna ástæðu til að standa upp og taka til máls, vegna þess að flestar þær breytingar, sem á þeim hafa verið gjörðar, eru að eins orðabreytingar, sem standa í sambandi við þessa einu aðalbreytingu á þessu máli, og gjöra því hvorki til nje frá.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Eins og hv. þingdm. geta sjeð, hef jeg skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og skal jeg leyfa mjer að gjöra grein fyrir því í stuttu máli, í hverju sá fyrirvari er fólginn. Að vísu hefur hv. framsm. þegar tekið fram flest af því, sem jeg vildi sagt hafa, en þó ekki fyllilega að því leyti, sem jeg vildi lýsa því yfir, að mjer virðist málið hafa, í meðferð þess í hv. Nd. tekið svo illum stakkaskiptum, að það lægi næst fyrir mjer, að greiða atkv. á móti frv. þessu, þó afleiðingin gæti orðið sú, að flest hinna kirkjumálanna fjellu líka.

Fyrir mjer vakti það í prestslaunamálinu, að jafnframt því, sem kjör prestanna væru bætt, að koma í veg fyrir að jafnframt væri dembt á sóknarnefndirnar störfum, sem eru ekki að eins óþakklát og fyrirhafnarmikil, en sem líka taka talsverðan tíma frá mönnum, sem engan tíma mega missa frá þeim skyldustörfum, sem á þeim hvíla, til þess að hafa ofan af fyrir sjer og fjölskyldum sínum.

Þá er annað atriði, sem jeg vildi benda á í þessu sambandi, og sem jeg tel mjög ranglátt, sem sje það, að úr því að ákvæði laganna í flestum greinum ekki eiga að koma til framkvæmda fyr en við prestaskipti, þá tel jeg einnig ranglátt, að skylda söfnuði í þeim prestaköllum, þar sem prestar sitja óhreyfðir og við sama tekjumáta, til þess að taka við innheimtu sóknarteknanna, því frekara sem sömu prestum er heimilað að hafa sjálfum innheimtuna á þeim gjöldum, sem jeg álít að þeir ættu sízt að hafa; jeg á hjer við innheimtu á tekjum kirkjujarðanna; því að mjer er kunnugt um, að söfnuðunum er það hið mesta áhugamál,

að prestarnir sjeu ekki lengur látnir vera að vasast með þessar eignir, en meðan þeir vilja það, þá væri líka jafn gott, að þeir væru skyldir til að hafa sjálfir á hendi innheimtuna á sóknartekjunum. Jeg skal játa, að það hefur enga þýðingu að vera að deila um þetta; en því vildi jeg lýsa yfir, að hið einasta, sem knýr mig til þess að greiða atkv. með þessu máli nú, er það, að ef frv. væri fellt á þessu þingi, þá mundi þar með vera eyðilagt mjög mikið undirbúningsstarf, sem varið hefur verið bæði til þessa máls og allra hinna kirkjumálanna, sem telja má að sjeu sum til mikilla bóta, svo sem frv. um sölu kirkjujarða, kosningu presta o. fl.

Ef þetta frv. væri fellt nú, og þar með fjöldinn allur af hinum öðrum málum, sem standa í sambandi við það, þá má búast við, að þau komi fram undir eins á næsta þingi, og mundi það þá taka eins mikinn tíma og peninga og nú á þessu þingi að ráða þeim til lykta, og þá er óvíst, að öll hin málin kæmust eins vel úr garði og nú á þessu þingi. Svo er líka annað, sem helzt vakir fyrir mjer í því, að vera ekki algjört á móti því, að frv. þessi komist út úr þinginu nú, og það er það, að jeg er sannfærður um, að jafnvel á næsta þingi muni koma krafa frá þjóðinni, um að breyta þessu máli aptur í sama horf, sem Ed. vildi hafa á því, og í því trausti mun jeg greiða atkv. með þessu máli út úr deildinni; þó því að eins að jeg sjái, að það ekki komist *án* míns atkv. út úr deildinni, annars mun jeg sitja og greiða alls ekkert atkv., og eins og jeg áður tók fram þá er það aðeins gjört af því, að jeg óttaðist fyrir, að bæði þetta og öll hin málin, sem standa í nánu sambandi við það, mundu annars daga uppi.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 9 atkv. gegn 1 og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XXXI. Laun prófasta.

Á 3. fundi Ed., fimtudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um laun prófasta til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og síðan til nefndarinnar í málinu um skipun sóknar- og hjeraðsnefnda með 10 atkv.

Á 25. fundi Ed., þriðjudaginn 13. ágúst, kom frumv. til 2. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Um þetta frumv. er það að segja, að það er samhljóða frumv. milliþinganefndarinnar, og nefndin hjer á þingi hefur ekki fundið ástæðu til að gjöra breytingu við frumv. stjórnarinnar; hún verður að fallast á, að þörf sje á að auka laun prófastanna. Það hefur opt verið talað um það, að ósanngjarnt væri, að prófastar hefðu eigi önnur laun en fyrir kirkjuskoðanir, þar sem embætti þeirra fylgdu þó töluvert meiri störf.

Á þessu hefur uú milliþinganefndin viljað ráða nokkrar bætur, með því að stinga upp á, að auk borgunar fyrir kirkjuskoðanir skyldu sumir þeirra fá 200 kr. í föst laun, en sumir 100 kr. Hjer er til svo lítils mælzt, að varla er hægt að fara fram á minna, enda getur stjórnin þess í athugasemdum sínum við frumv., að upphæð launanna sje í allra lægsta lagi, þótt hun hafi eigi sjeð sjer fært að stinga upp á þeim hærri. Það er kunnugt, að fyrir utan sjálfar »visitatíurnar« hafa prófastar töluverð prófastsstörf á hendi, þar á meðal allmikil skrifstofustörf. Það er enn meiri ástæða til, að hækka laun prófasta nú, eptir að prestskosningalögin eru komin í gildi, því að með þeim eru þeir að miklu leyti útilokaðir frá þeim hlunnindum, sem þeir höfðu áður, að þeir höfðu forgöngurjett að beztu brauðunum í prófastsdæminu.

Jeg vona, að háttv. deild fallist á frumv. þetta, og sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. í einu hljóði.
2. gr. samþ. í einu hljóði,
3. gr. samþ. í einu hljóði.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði

Á 30. fundi Ed., mánudaginn 19. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg ætla að eins að gjöra litla athugasemd. Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli hinnar háttv. deildar og sjerstaklega hinnar háttv. nefndar á því, að eptir að prestslaunafrumv. er samþykkt, eins og það nú lítur út, þá er nokkur breyting orðin á þeim ástæðum, er stjórnin hefur gengið út frá, er hún hækkaði laun prófasta. Í stjfrumv. eru próföstunum ætluð allvandasöm og fyrirhafnarmikil umsjón og eptirlit með innheimtum, en þegar nú þessari innheimtu er ljett af þeim, þá virðist mjer aðalástæðan fyrir launahækkun þeirra vera horfin. Raunar getur verið, að prófastar eigi skilið að fá einhverja launauppbót, en ef þessi launauppbót er sanngjörn nú, þá hefur hún verið ákveðin allt of lág í frumv. stjórnarinnar. Eptir að prestslaunafrumv. er samþykkt með áorðnum breytingum, þá átti jeg von á, að fá skýringar á þessu frumv. frá nefndinni á þessum breytta grundvelli.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það er alveg rjett, sem háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) tók fram um það, að ástæður fyrir launahækkun prófasta eru orðnar töluvert breyttar frá því áður var, en jeg held að mjer sje óhætt að taka það fram frá nefndarinnar hálfu um þetta frv. eins og hin kirkjufrumvörpin, að falli frumv. um laun presta, þá sje henni ekki sárt um, þótt hin fari í sömu gröfina. Nefndin sá ekki ástæðu til að lækka laun prófasta, þar sem þau eru ákveðin svo lág. En jeg vil taka það enn fram, að frumvörp þessi eru svo nátengd, að bezt er að þau fylgist öll að, annaðhvort sjeu öll samþykkt, eða fari öll í sömu gröf. Ef prestar eiga enn þá að bíða um óákveðinn tíma eptir launabótum, þá geta prófastar líka beðið. Þeim er ekki vandara um en prestunum.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 3 og afgreitt til forseta Nd.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A. 311) til 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að frumv. sje vísað til nefndarinnar í málinu: laun sókuarpresta, þegar umræðum er lokið.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til nefndarinnar í málinu: laun sóknarpresta með 21 samhljóða atkv.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. sept., kom frumv. (A. 311, 520) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Eptir að stórmálin eru búin í þetta sinn, prestakalla- og prestslaunamálin, þá get jeg verið stuttorður um laun prófasta. Milliþinganefndin lagði mikil störf á prófastana með því að leggja undir þeirra stjórn prestslaunasjóð, og með tilliti til þess væru þeim veitt þessi litlu laun. Háttv. Ed. breytti þessu þannig, að hún ljetti störfum af próföstunum, en ljet launaákvæðin halda sjer. Nú hefur nefndin hjer í deild lagt til, að á prófastana yrðu sett sömu störfin og milliþinganefndin ætlaðist til, og er þá sjálfgefið, að þeir fái þessa þóknun, því að annað en þóknun getur það ekki kallast, því ef það er miðað við laun prófasta annarsstaðar á Norðurlöndum, þá er það ekki mikið. Í Danmörku t. d. hafa prófastar 5—800 króna laun.

Annars hefur hvorki þessi háttv. deild nje háttv. Ed. í meðferð þessara launamála gengið á landssjóðinn. Prestakallafækkunin hjer í deild mun nema um 5,000 kr. til tekna fyrir prestlaunasjóð; í Ed, spöruðust fullar 3,000 kr. við samsteypu. En þar fjell niður persónulega launaviðbótin 6,800 kr., og var hún ekki öll uppjetin með 50 kr. viðbótinni. Nokkrar erfiðleikauppbætur koma svo auðvitað til aukinna útgjalda.

Nefndin hefur leyft sjer að koma með breyt.till. við 1. gr. frumv., nefnilega þá, að í staðinn fyrir »landssjóð« komi »prestslaunasjóð«, í samræmi við breytinguna, sem hjer í deild var gjörð á launum sóknarpresta. Að öðru leyti leggur nefndin til, að frumv. sje samþ. óbreytt.

ATKV.GR.: Breyt.till við 1. gr, sþ. með 18 atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. með 17 atkv.

2. gr. samþ. með 17 atkv.

3. gr. samþ. með 17 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7. septbr., kom frumv. (A. 573) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 17 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. septbr., kom frumv. (A. 610, 616) til einnar umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XXXII. Ellistyrkur og eptirlaun presta.

Á 3. fundi Ed., fimmtudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um ellistyrk presta og eptirlaun til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. var vísað til 2. umr. í e. hlj. og síðan vísað til nefndarinnar í málinu um skipun sóknar- og hjeraðsnefnda með 10 atkv.

Á 28. fundi Ed., föstudaginn 16. ágúst, kom frumv. (A 127) til 2. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Frumv. stjórnarinnar, sem nefndin hefur haft til meðferðar, en samhlj. frumv. milliþinganefndarinnar um sama efni. Nefndin hefur ekki fundið ástæðu til, að koma fram með neinar breytingar á frumv. stjórnarinnar, og álítur, að það hafi í sjer fólgna mjög mikilsvarðandi rjettarbót. Samkvæmt lögum 27. febrúar 1880 eru eptirlaun presta 10 kr. fyrir hvert þjónustuár, og greiðast af hlutaðeigandi prestakalli, sjeu tekjur þess yfir 1,200 kr. Þegar litið er á eptirlaun presta í sambandi við aðra embættismenn landsins, þá eru þau óhæfilega lág, og þess vegna hefur bæði milliþinganefndin og stjórnin fallizt á, að hækka þau upp í 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, og að þau greiðist öll af landssjóði, og virðist það sannarlega ekki of hart farið í sakirnar, en það er þó nokkur bót frá því ástandi sem nú er. En auk þess fer frumv. stjórnarinnar og milliþinganefndarinnar fram á, að prestum sje gjört að skyldu, að safna sjer ellistyrk eða kaupa geymdan lífeyri, líkt og á sjer stað með aðra embættismenn, og að þeir verji til þess árlega 2% af byrjunarlaunum sínum. Að vísu eru byrjunarlaun þeirra ekki há, en þessi upphæð getur heldur ekki álitist tilfinnanleg fyrir prestana, en tryggir þeim hins vegar töluverða fjárupphæð á gamalsaldri. Þar sem milliþinganefndin hefur gjört ítarlega grein fyrir þessum breytingum í aths. sínum, finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þær. Þar sem milliþinganefndin og stjórnin hafa lagt það til, að eptirlaun presta greiðist að öllu leyti úr landssjóði, þá ljettir það af prestaköllunum óeðlilegri og ósanngjarnri byrði, sem á prestastjettinni hvílir fram yfir aðra embættismenn, og bætir það töluvert eptirlaunakjör prestanna. Auðvitað hefur þetta í för með sjer töluverðan útgjaldaauka fyrir landssjóð, en hins vegar er þess að gæta, að í frumv. sem næst er á dagskránni, eru ákvæði um, að eptirlaun prestsekkna hverfi smámsaman af landssjóði, en þau nema töluvert meiru nú, en hugsanleg íþyngíng á landssjóði af áðurnefndum ákvæðum um eptirlaun presta, og ætti þessi útgjaldaauki því ekki að þurfa að verða sjerstaklega tilfinnanlegur fyrir landssjóð.

Auk þessa hefur þetta frumv. einnig inni að halda það nýmæli, að ef prestur slasast eða tekur vanheilsu, þegar hann er að gegna embættisverki sínu, svo að hann verður að sleppa prestsskap, þá fær hann 360 kr. að eptirlaunum að minnsta kosti, í staðinn fyrir 250 kr. eptir núgildandi lögum, og er þetta einnig töluverð bót frá því, sem nú er. Jeg skal enn fremur geta þess, að samkvæmt útreikningi milliþinganefndarinnar, þá fær eptir núgildandi lögum 65 ára gamall prestur, sem þjónað hefur embætti í 40 ár, einar 400 kr. á ári í eptirlaun; en eptir þessu frumv. fær hann 600 kr. eptirlaun, og hefði hann keypt lífeyri 232 kr. 39 a. að auki á ári, þá fengi hann

samtals 832 kr. 39 a. á ári, eða rúmlega helmingi meira en hann fær eptir núgildandi lögum, og er þetta þess vegna töluverð bót frá þeim eptirlaunakjörum, sem prestar eiga nú við að búa.

En jeg skal einnig hjer taka það fram, — sem einnig á við flest af þeim kirkjumálafrumv., er nú liggja fyrir þinginu, — að þessi skylda, sem með þessu frumv. er lögð á prestana til að afla sjer ellistyrks, er því að eins sanngjörn, að breytingar þær, sem farið er fram á, til að bæta launakjör þeirra að öðru leyti, verði samþykktar; því að demba á þá þessari ellistyrksskyldu með hinum núverandi launakjörum þeirra, hefur hvorki milliþinganefndinni eða stjórninni komið til hugar; þess vegna er þetta ákvæði um skyldur presta til að safna ellistyrk bundið við það, að laun þeirra verði bætt á þann hátt, sem till. milliþinganefndarinnar og stjórnarinnar fara fram á.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að ganga inn á einstakar greinar þessa frumv. eða ástæður stjórnarinnar og milliþinganefndarinnar fyrir þeim, því að það yrði að eins til að lengja umræðurnar að óþörfu.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. — — — —
3. — — — —
4. — — — —
5. — — — —
6. — — — —
7. — — — —
8. — — — —
9. — — — —
10. — — — —
11. — — — —

Fyrirsögn sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 33. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. (A 127) til 3. umr.

Frv. var umræðulaust sþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv. (A 355) til 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson(þm.V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer, að leggja það til, að þessu máli verði, að lokinni umr., vísað til nefndarinnar, er skipuð var í prestslaunamálið.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frv. vísað til prestakallanefndarinnar með 18 atkv.

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. septbr., kom frumv. (A 353) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Þetta frumv. er vel í garðinn búið, er óbreytt frá milliþinganefndinni, og hefur fengið meðmæli allra, sem um það hafa fjallað. Í því er fólgin veruleg umbót fyrir prestastjett landsins, og hefur það þó ekki mikil fjárútlát í för með sjer. Eptirlaunin eru hækkuð upp í 15 kr. fyrir hvert þjónustuár og ákveðinn dálítill eptirlaunastyrkur, þegar prestur slasast í embættisstarfi sínu. Loks ákveður frumv., að eptirlaun presta greiðist að öllu úr landssjóði eptirleiðis, og er það sjálfgefið eptir þeirri breytingu, sem samtímis er gjörð á greiðslu preststeknanna. En um leið er prestum ætlað að sjá sjer fyrir ellistyrk, í líkingu við aðra embættismenn, með því að verja í því skyni árlega 2% af byrjunarlaunum sínum, þ. e. 24—26 kr. eptir því hvað byrjunarlaunin verða nú frá þinginu.

Þessi ellistyrkur er kvöð fyrir alla þá presta, sem bætast við eptirleiðis,

og þá, sem flytja sig og fá nýtt prestakall.

Við frumv. hefur nefndin ekki haft neitt að athuga, nema hvað hún hefur viljað bæta við innskotssetning í 11. gr. Er þetta gjört til vonar og vara til þess að vissa sje fyrir, að enginn verði sviptur rjetti sínum. Eptir frv, var það þrengra, að eptirlaun uppgjafapresta, sem fengið hafa lausn áður, en lög þessi komast í gildi, og taka þau af brauðinu, skyldu þá fyrst greiðast úr landssjóði, er viðkomandi prestakall losnaði. Nefndin vonar, að háttv. deild samþ. viðaukann ásamt frumv. sjálfu.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. — — — - — —
3. — — — - — —
4. — — — - — —
5. — — — - — —
6. — — — - — -
7. — — — - — —
8. — — — - — —
9. — — — - — —
10. — — - - — —

Viðaukatill. (496) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

11. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. septbr., kom frumv. (A 551, 564) til 3. umr.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf,): Jeg á breytingu við frumv. á þgskj. 564. Jeg hafði ekki tíma til að minnast á hana við nefndina, en nú er það gjört, og eru allir nefndarmenn henni samþykkir. Breytingin er í samræmi við aðrar breytingar, sem gjörðar hafa verið á kirkjumálafrumv. hjer í deildinni. Hún fer fram á, að eptirlaun presta greiðist úr prestslaunasjóði, en ekki landssjóði, og færir frumv. þannig nær frikirkjuhugsjóninni, enda vona jeg, að háttv. deild samþ. hana.

ATKV.GR.:

1. Brt. á þgskj. 564 við 6. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.
2. Brt. á þgskj. 564 við 11. gr., talin samþ. án atkv.gr.
3. Brt. á þgskj. 564 við 11. gr. sömuleiðis.

Frumv. þannig breytt samþ. með 15 samhlj. atkv. og endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. septbr., kom frumv. (A 586, 616) til einnar umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXXIII. Ekkjuframfærsla presta.

Á 3. fundi Ed., fimmtudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. var vísað til 2. umr. í e. hlj. og síðan vísað til nefndarinnar í málinu um skipun sóknar- og hjeraðsnefnda með 10 atkv.

Á 28. fundi Ed., föstudaginn 16. ágúst, kom frumv. (A 127) til 2. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það er eins með þetta frumv. og næsta frumv. á undan, að nefndin hefur ekki komið fram með neinar brt. við það, og get jeg þess vegna verið stuttorður um það.

Þetta frumv. hefur líka nýmæli inni að halda, nefnilega það, að prestum er gjört að skyldu, að tryggja ekkjum sínum tiltölulega ríflegan lífeyri, 300 kr. á ári, og hefur milliþinganefndin í athugasemdum sínum við frumv. sitt gjört grein fyrir, hvað þessi lífeyrir kostar; jeg sje því ekki ástæðu til að telja upp þær tölur hjer. Ef umbætur þær og breytingar á launakjörum presta, sem farið er fram á, ná fram að ganga, þá losast landssjóður smámsaman við öll eptirlaun til prestsekkna, og geta það talizt töluverð hlunnindi fyrir landssjóð. Eptir núgildandi lögum fær prestsekkja í eptirlaun árlega $^1/_{10}$ af matsupphæð viðkomandi prestakalls, þó ekki minna en 100 kr., og greiðast eptirlaun þessi af prestakallinu, ef það er metið yfir 1200 kr., en að öðru leyti greiðast eptirlaunin úr landssjóði. Auðvitað hefði það ekki átt illa við, og það kom líka til tals í nefndinni, að auka líka lítið þessi litlu eptirlaun með eptirlaunum úr landssjóði, og hefði jeg vel getað fallizt á það, þótt jeg ekki kæmi fram með brtill. um það. Þess ber einnig að gæta, að landssjóður á að greiða það af árgjaldi prestsins, er fara kynni fram úr 65 kr., en það er sú upphæð, er prestur á að gjalda, ef hann kvænist ekki eldri en 30 ára, kona ekki eldri en 25 ára.

En eptir því, sem giptingum hagar til nú hjer á landi, þá munu færri giptast eptir þann aldur. Byrði sú, sem frumv. hefur í för með sjer fyrir landssjóð, verður þess vegna ekki svo ýkjamikil. Aðalrjettarbótin er fólgin í því, að með þessu er ljett óeðlilegri og ósanngjarnri byrði af prestaköllunum, og eins og nú hagar til, þá eru eptirlaun prestsekkna ekki allt af goldin svo skilvíslega sem skyldi, eins og líka eðlilegt er, þegar tekið er tillit til hinna bágbornu launakjara prestanna.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. gr. — — - — —
3. gr. — — - — —
4. gr. — — - — —
5. gr. — — - — —
6. gr. — — - — —
7. gr. — — - — —
8. gr. — — - — —

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frv. (A 127, 311) til 3. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Samkvæmt þeirri breytingu, er þegar hefur verið samþ. á prestlaunafrv., er engin prestlaunasjóður til; þessvegna hefur nefndin komið með þessa brt. við þetta frv., að sektirnar, sem um er rætt í 4. gr. gangi í landssjóð í stað prestlaunasjóðs.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þó það sje nokkuð seint fram borið, þá vildi jeg samt leyfa mjer að gjöra eina aths. við þetta frv.; en það er ef til vill ekki hægt að taka hana til greina nema því að eins, að málið sje tekið út af dagskrá. Mjer finnst það sem sje dálítið undarlegt, að þegar prestarinir eru alveg settir á landssjóð og eiga líka að fá eptirlaun sín úr landssjóði. eins og frv. það fer fram á,

sem nýbúið er að samþ., að ekkjur þeirra sjeu þær einu af öllum embættismannaekkjum landsins, sem ekki fá nein eptirlaun úr landssjóði. Mjer hefur hreint og beint blöskrað, hvernig farið er með prestsekkjurnar, þegar menn þeirra hafa dáið frá fjölda barna, og þær fá kannske einar 100 kr. í eptirlaun. Auðvitað hefur nokkuð verið bætt úr þessu með því frv., sem hjer liggur fyrir um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, en 300 kr. er þó ekki mikið til að lifa af fyrir ekkju með fjölda barna, eins og opt getur átt sjer stað. Jeg sje enga ástæðu til, að láta prestsekkjur ekki sæta sömu kjörum og ekkjur annara embættismanna í þessu efni, og úr því að prestum er ætlað að fá að öllu leyti laun sín úr landssjóði, þá finnst mjer, að ekkjur þeirra ættu líka að fá eptirlaun þaðan, og vil jeg skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vill ekki kippa þessu í liðinn.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Frv. þetta er óbreytt, eins og það kom frá stjórninni, og frá stjórninni kom það, eins og milliþinganefndin hafði skilið við það.

Það er að vísu rjett, sem hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) tók fram, að það er dálítið hjáleitt í fljótu bragði þetta atriði í frv. um lífeyri prestsekknanna, í samanburði við það, að prestarnir verða að öllu leyti launaðir úr landssjóði; en milliþinganefndin leit svo á, að það mætti vel fara saman; hún hafði sem sje það fyrir augum, að búa frv. svo út í heild sinni, að ekki gengi meira af almannafje til prestsstjettarinnar, en eptir núgildandi lögum, og er gjörð glögg grein fyrir þessu í nefndaráliti milliþinganefndarinnar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að það mætti vel vera eins og hjer er gjört ráð fyrir. Það er búizt við, að lífeyririnn kosti prestana 60—65 kr. á ári, og er það betra fyrir prestinn, þegar tekið er tillit til þess, að þeim eru, eptir frv. því, sem nú hefur verið sþ. hjer í deildinni, ætluð hærri eptirlaun en eptir núgildandi lögum, og þegar enn fremur er litið á það, að lífeyririnn er 300 krónur, þá áleit nefndin, að hjer mætti vel við una fyrir prestsekkjurnar. Ef þeim hefði verið ætlað að fá t. d. 100 kr. laun úr landssjóði, þá hefði orðið að klípa af annarsstaðar til þess að útkoman yrði sú sama, og varð það því að niðurstöðu í nefndinni, að heppilegast væri að láta sitja við það fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, og þar sem þetta mál er svo langt komið hjer í deildinni, þá sje jeg ekki ástæðu til að fara nú að hrófla við því. Jeg vissi ekki, hvort hv. 2. þm. G.-K. vildi láta bæta við prestsekkjurnar nokkurri upphæð úr landssjóði eða minnka lífeyrinn, sem prestum er gjört að skyldu að kaupa ekkjum sínum að sama skapi.

Ef hann hefur meint að minnka lífeyrinn, þá mundi það vera dálitill tekjuauki fyrir prestana. Ef lífeyririnn væri færður niður í 200 kr. og 100 kr. greiddar úr landssjóði, þá yrði það sem svarar rúmlega 20 kr. launaviðbót fyrir prestana, en þá hefði þurft að taka þetta til greina í sambandi við launafrv. prestanna. En ef litið er á 300 kr. styrkinn til prestsekknanna, þá verða þær miklu betur staddar eptirleiðis með þessum 300 kr. lífeyri, en þær eru eptir núgildandi fyrirkomulagi.

En hvað sem þessu líður, þá stendur þetta mál í svo nánu sambandi við önnur frv., sem búið er að afgreiða hjeðan úr deildinni, að það væri ekki svo gott, að hrófla við því nú, enda sennilegt, að þessi deild muni sjá þetta frv. aptur frá hv. Nd.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það, sem vakti fyrir mjer, var ekki það, að minnka lífeyrinn, en að hann skyldi standa; mjer finnst hann ekki mega minni vera; en jeg lít svo á, að hann samsvari því, sem öðrum embættismannaekkjum er tryggt úr ekknasjóði, sem á að vera 1/5 af embættislaunum mannsinss. Ef laun presta eru talin til jafnaðar 1,500 kr., verða 300 kr., einmitt 1/5. En auk þess fá aðrar embættismannaekkjur svo sem svarar 1/8 af launum mannsins sem eptirlaun úr landssjóði, og það ættu prestsekkjurnar líka að fá í viðbót við þessar 300 kr. Jeg skil vel, að háttv. milliþinganefnd hefur ekki lagt neitt slíkt til, af því prestar áttu eptir frv. hennar ekki að vera launaðir úr landssjóði, en nú hefur þessi háttv. deild gjört þá breytingu á frumv. um laun presta, að setja þá að öllu leyti á landssjóð, með því að afnema sóknartekjurnar, og er þá eðlilegast, að prestsekkjurnar fái líka eptirlaun úr landssjóði, að sama hlutfalli og ekkjur annara embættismanna, og vil jeg skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún sjái sjer ekki fært, að koma fram með nýtt frumvarp um það, að prestsekkjur fái eptirlaun úr landssjóði, í sambandi við þær breytingar, sem þessi deild hefur samþykkt á launakjörum prestanna.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vildi að eins taka það fram, að jeg var hálfhissa á þessari síðustu ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.). Hann hefur áður optsinnis lýst því yfir, að hann hafi fengið beina skipun frá kjósendum sínum um það, að auka ekki embættisgjöldin; og hann hefur þó greitt atkv. með því við allar umræður, að slengja prestunum alveg upp á landssjóð, og nú vill hann líka kasta prestsekkjunum upp á landssjóð, það getur að vísu verið, að nokkur sanngirni mæli með því, en mjer er ómögulegt að skilja, hvernig háttv. þm. getur forsvarað þetta gagnvart kjósendum sínum.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg er þakklátur háttv. 2. þm. G.-K. (V.G.) fyrir þær bendingar, sem þann gaf nefndinni, að því er snertir laun prestsekknanna, en þótt þessar athugasemdir hans hafi við mikil rök að styðjast, koma þær svo seint, að nefndin getur vart tekið þær til greina.

Það er fyllilega rjett og sanngjarnt, að þessar ekkjur ættu að sæta sömu kjörum og ekkjur annara embættismanna, að því er eptirlaun snertir, og um leið og jeg þakka háttv. 2. þm. G.-K. fyrir atkvæðagreiðslu hans í prestamálinu, þá vil jeg geta þess gagnvart því, sem háttv. 3. kgk. þm. bar honum á brýn, að jeg finn alls ekkert ósamræmi í því, að hann greiddi atkvæði með frumv. um laun presta úr landssjóði, þar sem hann jafnframt hefur greitt atkvæði með öðru frumv. um það, að landssjóður fái tilsvarandi upphæð annarsstaðar frá.

Það var að eins þessi stutta athugasemd, sem jeg vildi gjöra gagnvart athugasemd 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) vegna þess, að 2. þm. G.-K. (V. G.) hefur talað tvisvar í þessu máli, og átti þess vegna ekki kost á að svara hnútum 3. kgk. þm.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vildi að eins bæta því við það, sem jeg tók fram áður, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hefur greitt atkv. með frumv. um launahækkun presta, og yfir höfuð er það vafasamt, hvort frv. um tollaukann verður samþykkt af þinginu, eða gefur nokkrar tekjur í landssjóð; háttv. þm. K.-G. (V. G.) hefur þess vegna farið mjög óvarlega

í þessari atkv.gr. sinni hjer í deildinni.

ATKVGR.:
Breyt.till. á þgskj. 313 við 4. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.
Frumv. í heild sinni samþ. með 8 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta Nd.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst kom frumv. (A 356) til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Samþ. með 20 atkv. að láta málið ganga til 2. umr.

Samkv. uppástungu þm. V.-Sk. var samþ. með 20 atkv. að vísa því til sömu nefndar og hinu fyrra (kirkjumálanefndarinnar).

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. september, kom frumv. (A 356, 497) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það má óhætt búast við, að þessu frumv. ríði ekki ver af en hinu um ellistyrk presta, þar sem það hefur fengið sama undirbúning og mælzt jafn vel fyrir. Frumv. hefur og þann kost í augum margra, að það, er stundir líða, ljettir gjöldum af landssjóði og prestaköllunum, en þyngir á prestunum, þar sem lagt er á þá að kaupa ekkjum sínum lífeyri. Á hinn bóginn er prestunum vonandi ekki ofþyngt með þessu, þar sem kjör þeirra verða betri framvegis. Nú er miðað við, að lífeyrir prestsekkju nemi 300 kr. á ári, en hingað til hefur löggjafarvaldið ekki treyst sjer til að fara lengra, en ákveða 100 kr. á ári sem hæfilegan prestsekkjustyrk eða eptirlaun.

Í 1. gr. laganna er það heppilega ákveðið, að prestar, sem nú eru í embætti, geti keypt ekkjum sínum lífeyri og þeim ljett fyrir að nokkru, sem harðast verða úti. Fyrir roskna menn gæti árgjaldið orðið tilfinnanlega hátt. Því er það ákvæði, að kosti lífeyrir meira en 65 kr. á ári, greiðist það, sem er umfram 65 kr., úr landssjóði. Eins og menn sjá, er þetta að eins í bili kostnaður fyrir landssjóð, en það stendur stutt og nemur litlu.

Breyt.till. frá nefndinni er við 8. gr., samkyns og við 11. gr. frumv. um ellistyrk presta og af sömu ástæðum. Í 4. gr. þarf að setja inn »prestlaunasjóð« í staðinn fyrir »landssjóð«.

Jeg þarf ekki að tala frekar fyrir frumv., en vænti þess fyrir nefndarinnar hönd, að háttv. deild samþykki það og breyt.till.

ATKV.GR.:
1. gr. samþ. í einu hljóði.
2. — — - — —
3. — — - — —
Breyt.till. (497) við 4. gr. samþ. í einu hljóði.
4. gr., þannig breytt, sþ. í einu hlj.
5. gr. samþ. í einu hlj.
6. — — - — —
7. — — - — —
Breyt.till. (497) við 8. gr. samþ. með 14 atkv.
8. gr., þannig breytt, samþ. með 14 atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. september, kom frumv. (A. 552) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 17 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. septbr., kom frumv. (A. 587, 616) til einnar umr.

Frumv. var umræðulaust samþykkt með 11 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XXXIV. Sala kirkjujarða.

Á 3. fundi Ed., fimmtudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um sölu kirkjujarða til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og síðan vísað til nefndarinnar í málinu um skipun sóknar- og hjeraðsnefnda í e. hlj.

Á 27. fundi Ed., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. (A 127) til 2. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg hef ekki mikið um þetta frumv. að segja; við höfum gjört mjög litlar breytingar við það, eins og það kom frá stjórninni og milliþinganefndinni. Stjórnarfrv. hafði gjört breyting (2. gr.), á frumv. milliþinganefndarinnar í 2 atriðum, að samþykki prests þyrfti til sölu kirkjujarða, og að þær jarðir skuli undanteknar, er hentugar þykja til ábúðar fyrir uppgjafapresta og prestsekkjur, og getur nefndin fallizt á þessar breytingar.

Frumv. er, eins og sjá má, sniðið eptir þjóðjarðasölu lögunum frá 20. okt. 1905.

Nefndin, sem hjer hefur fjallað um þetta frumv. og breytt hefur prestlaunafrumv., leggur nú til, að þessu frumv. sje breytt í líka stefnu, þannig, að sóknar- eður hjeraðsnefndir hafi ekki neitt um þetta að segja, en að öllu sje farið eins og við sölu þjóðjarða. Þetta eru aðalbreytingarnar, og af þeim stafa hinar aðrar breytingar, sem breyt.till. hljóða um, svo sem 1., 2., 3., 4. og 5. breyt.till. nefndarinnar; sýslunefnd er sett í staðinn fyrir hjeraðsnefnd o. s. frv. 9. gr. er að mestu leyti samhljóða þjóðjarðasölulögunum. Við 12. gr. (með 9. breyt.till.) vill nefndin gjöra breytingar, sem ekki beinlínis standa í sambandi við hitt, sem áður er talið, en er efnisbreyting í raun og veru. Vill nefndin þar með einnig breyta út af því, sem þjóðjarðasölulögin fara fram á; samkvæmt þeim getur stjórnin eptir að hún hefur fengið virðingar jarðanna og önnur skjöl úr hjeraði, kvatt kunnuga menn sjer til ráðaneytis, þykist hún þess við þurfa. Nefndin hefur orðið þess vör, að menn munu ekki allskostar ánægðir með, hvernig þjóðjarðasölulögunum er framfylgt í þessu efni, en veit þó ekki fyllilega, hvort aðfinnslurnar eru á rökum byggðar. En þar sem gjöra má ráð fyrir, að sumar aðferðir stjórnarinnar, þessu viðvíkjandi, sem kaupendum þjóðjarðanna ekki líkar, eigi að einhverju rót sína hjá þessum kunnugu mönnum, er hún getur kvatt sjer til ráðaneytis, þá hefur okkur þótt ástæða til að haga þessu öðruvísi í þessum lögum.

Í stað þess að taka sjer til ráðaneytis menn, á landsstjórnin að geta fyrirskipað yfirmat, líki henni ekki að einhverju leyti undirmatið; þetta fyrir-

komulag á að vera betra fyrir stjórnina, og fullt eins mikið til tryggingar fyrir því, að verðið sje ákveðið sanngjarnt og skaðlaust landinu. Yfirmatsmenn skulu vera 3 og fer um kvaðning þeirra, sem segir í 7. gr. stjórnarfrumv. Ef það skyldi nú koma fyrir, að stjórnin, einhverra hluta vegna, ekki vilji hlíta yfirmatinu, verður málið að koma fyrir þingið, til þess að sjerstök lagaheimild fáist fyrir sölunni.

Hingað til hefur ekki þurft neina sjerstaka lagaheimild til sölu kirkjujarða, en fyrir því virðist engin ástæða til, að láta aðrar reglur gilda um sölu þeirra, en um sölu þjóðjarðanna, og skal jeg fyrir mitt leyti taka það fram, að jeg er og hef verið andstæður sölu þjóðjarða, en því máli er nú ráðið til lykta með þjóðjarðasölu-lögunum, og kirkjujörðunum, að því leyti, því ekki vandara um en þeim.

Nefndin hefur í 10. breyt.till. lagt til, með viðaukatill., að kaupandi skuli með hverri afborgun senda vottorð hlutaðeigandi hreppsstjóra um það, að jörðin sje í sjálfsábúð. Það er hugsanlegt, að fyrir gæti komið, að jörðin gengi úr sjálfsábúð, áður en afborgað er; þótti því rjett, að slá varnagla og heimta vottorð um, að það væri eigandinn, sem jörðina sæti.

Enn fremur þótti okkur það vel til fallið, að peningaeign prestakallanna færi í kirkjujarðasjóðinn.

12. breyt.till. fer að eins fram á orðabreytingar.

Finn jeg svo ekki ástæðu til þess, að fara fleiri orðum um þetta mál, að svo stöddu, og læt því úttalað um það.

Umboðsmaður ráðherrans (Kl. Jónsson): Eins og háttv. framsm. (S. St.) hefur tekið fram, er meiri hluti breyt.till. nefndarinnar eðlilegar afleiðingar af orðabreytingum, en efnisbreytingar eru fáar. Aðal-breytingin er innifalin í breyt.till. 9 við 12. gr. Ástæðan til þessarar breytingar er sú, að ýmsir út um land — aðallega kaupendur — hafa ekki verið ánægðir með framkvæmdir stjórnarinnar í þjóðjarðasölunni.

Þar sem háttv. framsm. (S. St.) ekki fór neitt frekar út í það, á hverju þessi óánægja væri byggð, þá sje jeg heldur ekki ástæðu til, að tala um það hjer, með því líka, að jeg hef nýlega gjört nákvæma grein fyrir þessu máli í hv. neðri deild, og orð mín þar staðið óhrakin.

Jeg skal geta þess, að með þessum breytingum nefndarinnar eru brotin 2 atriði, sem að jafnaði eru talin sjálfsögð við yfirmat. Fyrst það, að vani er, að yfirmatsmenn sjeu helmingi fleiri en undirmatsmenn, annars er ekki talið full-tryggilega um hnútana búið; þetta má kallast almenn regla, sem allstaðar gildir. Hjer er ekki farið fram á, að hafa þá fleiri en 3, en jeg álít það mjög óheppilegt, að hafa þá ekki fleiri. Jeg vil leyfa mjer, að skjóta því til nefndarinnar, hvort henni þyki það ekki ráðlegt, að koma því inn í frumv. við 3. umr., að yfirmatsmennirnir verði 4 en ekki 3.

Í annan stað er það vanalegt, að aðilar sjeu skyldir, að hlíta yfirmatinu að öllu, en nefndin leggur það samt til, að stjórninni sje ekki skylt, að hlíta yfirmati. Þó þetta sje alveg óvanalegt, þá tel jeg það samt til mikilla bóta, að stjórninni er ekki gjört þetta að skyldu, og meira að segja, jeg mundi hafa mótmælt því eindregið, að stjórnin væri *skyld*, að hlíta yfirmati, hvernig sem það svo yrði, því að það kemur iðulega fyrir, að matsmenn hjer fara óhæfilega lágt, og væri því óhæfilegt, að stjórnin væri skyld til, að hlíta því mati. Þeir, sem þá

eru óánægðir með neitun stjórnarinnar, geta leitað til löggjafarvaldsins.

Breyt.till. nefndarinnar um það, að kaupandi skuli senda vottorð frá hlutaðeigandi hreppsstjóra um, að jörðin sje í sjálfsábúð, er til bóta. Að vísu er jeg ekkert smeykur við það, að jarðirnar fari úr sjálfsábúð, en allur er varinn góður, og rjett og gott, að setja slíkt aðhald að þeim, sem kaupa.

Við hinar aðrar breyt.till. hef jeg ekkert að athuga, þær eru að ýmsu leyti til bóta.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Nefndin mun að sjálfsögðu taka til athugunar bendingar h. fulltrúa stjórnarinnar, að því er snertir tölu yfirmatsmannanna.

Jeg hygg, að það hafi vakað fyrir nefndinni, er hún ákvað þessa tölu yfirmatsmannanna, að kostnaðurinn yrði sem minnstur, og jeg fyrir mitt leyti get ekki skilið, að það sje öllu meiri trygging í yfirmatsgjörðinni, þótt hún sje framkvæmd af 4 mönnum, í staðinn fyrir af þremur. Jeg man, að það kom til greina í nefndinni, hvort yfirmatsmenn ættu að vera 3 eða 4, en sem sagt var það að eins kostnaðarástæðan, sem vakti fyrir nefndinni í þessu atriði. Annars þykir mjer fyrir hönd nefndarinnar vænt um, að stjórnin getur fallizt á allar aðrar breytingar nefndarinnar á frumv. Nefndin gat búizt við því, að yfirmatsmenn mundu höggva í sama farið; en hún vildi hafa sem mesta tryggingu fyrir því, að þessar jarðir yrðu seldar fullu og sanngjörnu verði, og því vildi hún, að löggjafarvaldinu verði gefinn kostur á að segja síðasta orðið um söluna, er ágreiningur yrði milli stjórnarinnar og virðingarmannanna.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strandm.): Jeg ímynda mjer, að þeir sjeu fáir hjer í deildinni, sem hafi neitt á móti þessu frumv. í heild sinni, og jeg fyrir mitt leyti er því alls ekki mótfallinn, og þótt jeg áður hafi verið andstæður þjóðjarðasölunni, þá er jeg það ekki nú, og sama er að segja um sölu kirkjujarðanna frá mínu sjónarmiði.

Jeg álít, að tíminn heimti það, að þær sjeu seldar, og sjer í lagi hefur yfirskoðun landsreikninganna styrkt mig í þeirri skoðun, að vera þjóðjarðasölunni meðmæltur; en þó eru einstök atriði í þessu frumv. sem jeg sje að nefndin hefur gengið fram hjá, og sem jeg get með engu móti fallizt á að sjeu rjett, sjerstaklega það ákvæði í 2. gr. frumv., að undanskilja þær kirkjujarðir, sem geti verið hentugar til ábúðar fyrir uppgjafapresta eða prestsekkjur. Þegar prestarnir frá því sjerstaklega hörmulega ástandi í efnalegu tilliti, sem þeir nú eiga við að búa, eru komnir svo langt, að þeir eru teknir fram yfir alla embættismenn landsins, þá finnst mjer það vera bending um, að menn fái lítið fyrir hið stóra stökk, og að hugsa sjer að festa jörð um óákveðinn tíma, eða ef til vill um aldur og æfi, af því að sýslunefnd álítur hana hentuga fyrir uppgjafaprest eða prestsekkju. Það álít jeg vera svo fráleitt, að það nái engri átt. Því þá ekki líka setja inn í lögin ákvæði um, að undanskilja jarðir handa börnum þeirra og barnabörnum?

Ef Árni sækir um að fá keypta slíka jörð, og sýslunefnd kemst að þeirri niðurstöðu, að hún sje góð og hentug fyrir uppgjafaprest að melta á henni laun sín úr landssjóði, þá verður hún ekki seld. Þegar svo Bjarni kemur og sækir um að fá jörðina keypta, þá segir önnur sýslunefnd, að *þetta* sje sjerstaklega hentug jörð fyrir uppgjafaprest eða þá fyrir prestsekkju, og fæst hún þannig ekki keypt. Mjer er þess

vegna ómögulegt að skilja, hvernig h. stjórn hefur getað sett þannig lagað ákvæði inn í frumv., þar sem það er að mestu leyti sniðið eptir frumv. um sölu þjóðjarða. En mjer er líka jafn ómögulegt að skilja, að þar sem milliþinganefndin ekki hafði þetta ákvæði í sínu frumv., að nefndin hjer í deildinni skyldi þá láta þetta atriði standa óbreytt í stjórnarfrumv., þar sem hún þó hefði átt að finna sjerstakt tilefni til þess, þegar um svo athugavert á kvæði sem þetta var að ræða. Sama er að segja um önnur atriði, að nefndin hefur látið þau flest óbreytt, sem miður skyldi.

Jeg hef að vísu ekki komið fram með breyt.till. um þetta atriði, enda þótt það hefði ef til vill mátt segja að jeg hefði átt að gjöra það; en orsökin til þess er sú, að jeg hef ekki haft nægan tíma til að athuga það; en jeg mun gjöra það við 3. umr., því að mjer finnst þetta ákvæði ótilhlýðilegt í alla staði. Þetta snertir ekki milliþinganefndina, því að hún á enga sök á þessu. En mjer þykir undarlegt, að nefndin hjer í deildinni skuli ekki hafa athugað þetta atriði betur; og þótt það aldrei nema stæði í frv. stjórnarinnar, þá held jeg ekki, að allir nefndarmenn sjeu svo miklir stjórnarelskendur, að þeir hefðu ekki átt að hafa uppburði í sjer til að koma fram með breyt.till. um það.

Svo kem jeg að öðru atriði, sem nefndin hjer í deildinni hefur leyft sjer að gjöra breytingu á, sem sje því, að hún hefur breytt orðinu »hjeraðsnefndir« allstaðar í »sýslunefndir«. og mun það byggjast á sama »principi«. sem alstaðar liggur til grundvallar fyrir öllum gjörðum hennar í þessum kirkjumálum, sem sje því, að veita prestastjettinni sem minnstar skyldur, en sem mestan rjett.

Hvað á þá að þýða að hafa sóknarnefndir, þegar öll störf eru af þeim tekin? Hvað á þá að þýða að hafa hjeraðsnefndir, þegar kirkjujarðasölunni er kippt burt frá þeim? Þetta finnst mjer mjög ótilhlýðilegt, en það mun eiga að vera í samræmi við það fyrirkomulag, að slengja prestunum alveg upp á landssjóð, en láta sóknarnefndirnar ekki hafa neinn veg eða vanda af þeim, en þó hafa rjett til að kjósa þá. Mjer finnst prestsstjettin ekki eiga að komast lengra en svo, að hún sæti sömu kjörum sem aðrir embættismenn landsins, og mjer finnst ekki rjett að losa sóknarnefndir við allar skyldur og ábyrgð til þess að greiða gjöld sín. Þess ber líka að gæta, að með því að leggja þessi störf undir sýslunefndir, þá koma mörg mál niður á eina nefnd í staðinn fyrir tvær.

Jeg veit dæmi til þess, að nú á þessu ári hafa verið kosnir í sýslunefnd menn, sem eru miður vel til þess fallnir, og að það hefur verið lagt kapp á að fá menn upp á há daglaun til þess að koma þeim að, og er það mesta óhæfa. Þegar nú svo óheppilega tekst til með sýslunefndarkosningu, er þá ekki jafnlíklegt, að eins geti farið með hjeraðsnefndir? og er sannarlega nægilega mörgum málum hlaðið upp á sýslunefndirnar, þótt kirkjumálunum sje ekki líka slengt inn á þær.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg finn eiginlega enga ástæðu til að svara þessari mikið prestlegu ræðu hv. þm. Strand. (G. G.). það lítur helzt út fyrir, að hann skoði sig sem nokkurs konar sálusorgara deildarinnar, er hafi skyldur til að halda langar ræður henni til siðbótar, en það er lakast, að ræður eins og þessi eiga jafn skylt við málefnið eins

og kötturinn við sjöstjörnuna. Það er ekki hægt að skilja það öðru vísi en svo, að hv. þm. þyki mjög gaman, að heyra sjálfan sig tala. Annars veit jeg ekki hvað þetta ætti að þýða, nema ef það er til þess að sýna kjósendum sínum, hvað hann er mælskur og hnittinn í orðum. En hnittnin fer þá alveg fyrir ofan garð og neðan. Hv. þm. talaði um, að óheppilegt væri, að undantaka jarðir frá sölu, er heppilegar þættu til ábúðar fyrir uppgjafapresta eða prestsekkjur. En nú eru fleiri undantekningar gjörðar í lögum þessum, t. d. um að eigi megi selja kirkjujörð, ef hún er vel fallin til sundurskiptingar o. fl. Það gæti þá alveg eins komið fyrir, að engin jörð yrði seld af þessari ástæðu. Allur þessi bænabókarlestur um að kippa burtu rjettindum frá hjeraðsnefndum, var alveg út í loptið. Það er ekki hægt að kippa neinum rjetti burt, þar sem enginn rjettur er til. Og hjeraðsnefndir hafa engan rjett í þessu efni, þar sem engin lög eru til um sölu kirkjujarða. Nema þá ef til vill í Strandasýslu. Hjer er að eins um frv. að ræða en ekki lög, og meðan lögin ekki eru til, þá geta þau engan veginn kippt burtu rjetti þeim, sem þau kunna að veita.

Hann var að koma með dæmi úr þessari mjög lærdómsríku sýslu sinni, þar sem hann segir, að menn leggi mest kapp á að koma þeim í sýslunefnd, sem ónýtastir eru. Þetta sýnir ekkert annað, en hvað voða miklir græningjar kjósendur hv. þm. hljóta að vera. Því gæti þeim þá ekki eins dottið í hug, að kjósa í hjeraðsnefnd *bráð*ónýta menn? Það er leiðinlegt, að heyra hjer í þingsins sölum aðra eins voðalega lokleysu fram borna. Það væri líklegra, að sá maður, sem það gjörir, væri uppalinn norður í Skjaldbjarnarvík á Ströndum, og hefði aldrei verið með mönnum, heldur en hann væri þaulæfður og velmetinn þm. Jeg hefði ekkert tekið til þess, þó hv. þm. hefði komið með brt., þessu viðvíkjandi. En þessi voða vaðall, sem að eins var til þess að vekja aðhláíur. Enda hlógu margir meðan hann var að tala, og skrifa jeg honum það hiklaust til útgjalda, en ei til inntekta.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg ætla ekki að eyða tímanum, með því að svara háttv. framsm. (S. St.) mörgu, því að jeg sá, að í hann fauk, og því ekki svo mjög mikið gjörandi með margt af því, sem hann sagði. Að eins skal jeg láta undrun mína í ljósi yfir því, að svo fáfróður prestur skuli hafa verið kosinn á þing og átt þar setu alllangan tíma, að hann veit ekki, að það er ætlunarverk hjeraðsnefnda að segja álit sitt um það, ef selja á einhverja kirkjujörð, og jeg veit eigi til, að kirkjujörð hafi verið seld án þess að það hafi fyrst verið borið undir hjeraðsnefnd. Jeg held annars, að hv. þm. (S. St.) hafi sagt dálítið meira, en hann getur staðið við, og meira en vafasamt er það, að ræða hans verði til að viðfrægja vísdóm hans. Það getur verið allt eins rjett aðferð, að benda nefnd á galla á meðferð hennar á máli, ef það á annað borð er nefnd sem má treysta, eins og að koma fram með brt. við gjörðir hennar. Það má nefnlega ganga út frá því sem vísu, að ef við skynsama og sanngjarna nefnd er að fást, þá muni hún alveg eins taka bendingarnar til greina, og koma þá með breytingar sjálf, þótt þær sjeu ekki bornar fram í brt. formi. Á þessu vona jeg að hv. framsm. (S. St.) átti sig þegar hann kemst í betra skap, og sjái þá,

að hann hefði vel getað sparað sjer ræðu sína.

ATKV,GR.:

1. gr. sþ. með 10 atkv. móti 2.
1. brt. (127) við 2. gr. sþ. með 7 atkv. móti 4.
2. brt. við 2. gr. samþ. með 11 atkv. móti 1.
2. gr. breytt samþ. með 11 atkv. móti 1.
3. gr. samþ. með 11 atkv. móti 1.
4. gr. samþ. með 11 atkv. móti 1.
5. gr. samþ. með 11 atkv. gegn 1.
3. brt. við 6. gr. samþ. án atkvgr.
6. gr. breytt samþ. með 7 atkv. móti 2.
4. brt. við 7. gr. sþ. án atkv.gr.
5. — — 7. — — — —
7. gr. breytt samþ. með 7 atkv. móti 1.
8. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.
6. brt. við 9. gr. (komi ný gr. í stað hinnar) sþ. með 11 atkv. móti 1.
7. brt. við 10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
8. brt. við 10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. breytt samþ. með 11 atkv. móti 1.
11. gr. samþ. með 11 atkv. móti 1.
9. brt. við 12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
12. gr. breytt samþ. með 10 atkv. móti 1.
10. brt. við 13. gr. sþ. í e. hlj.
13. gr. breytt samþ. með 11 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
11. brt. við 15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
15. gr. breytt samþ. með 11 shlj. atkv.
12. brt. við 16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr. breytt samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 11 atkv. móti 1.
18. gr. samþ. með 11 atkv. móti 1.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 9 atkv. móti 2.

Á 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. (A. 274, 277) til 3. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfj.k.): Fyrir nefndarinnar hönd skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að hún fellst á þessa breytingartillögu, sem hjer liggur fyrir.

ATKV.GR.: Brt. á þgskj. 277 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frv. (A 358) til 1. umr.

ATKV.GR., Frv. vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Sþ. með 19 atkv. samkv. uppástungu þm. V.-Sk. (Guðl. G.) að vísa málinu til sömu nefndar og hinum fyrri(kirkjumálanefndarinnar).

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. sept., kom frv. (A 358, 478) til 2. umr.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Þetta mál hefur jafnt og hitt, er hjer var til umræðu næst á undan, verið rækilega skýrt í hendur deildarinnar, svo að þar fram yfir er lítið að segja. Í meginatriðunum er nefndin sammála E. d., stjórnarráði og biskupi, að um sölu kirkjujarða fari á líkan hátt og orðið er að lögum um heimild til að selja þjóðjarðir. Á sínum tíma var þetta hvorttveggja flutt inn á þingið af þeirri milliþinganefnd, er skipuð hafði verið

í landbúnaðarmálum. En þá fann stjórnin þann agnúa á, að ekki væri hægt að selja neina kirkjujörð, nema með leyfi og samþykki þess prests, sem nýtur afgjaldsins, á meðan hann er í embætti. Hitt var ekki í rauninni, að stjórnin hefði á móti sölu kirkjujarða í sjálfu sjer. Enda hefur það líka verið viðurkennt af þinginu, að ekki væri síður ástæða til að selja kirkjujarðir en þjóðjarðir. Og þegar sú skipun um laun presta, sem nú er farið fram á, það er að segja, að þeir hafi föst laun, er komin á og sala jarðanna getur hvorki orðið til ábata eða skaða fyrir einstaka presta, þá er ekkert því til fyrirstöðu frá landssjóðs hálfu, að ganga inn á almenn heimildarlög um sölu kirkjujarða.

Í nefndarálitinu er vikið að því, að prestssetrin sjálf verði að vera enn sem komið er undanþegin söluheimildinni. Að vísu kom það til tals að heimila sölu þeirra, en nefndinni þótti það of langt gengið að sinni. En hitt var henni ljóst, að að því hlyti að draga, að sjálfir staðirnir verði líka seldir. Bæði er það, að opt heyrast raddir um það úr hóp presta, að þeir geti ekki annað búskapnum á prestssetrunum; sömuleiðis er eðlilegt, að eptir því sem prestarnir öðlast stærri verkahring, stærri sóknir — eins og nú er til ætlazt — hafa þeir minni tíma til að starfa fyrir stórbúum. Í annan stað eru vonir til, að smátt og smátt fari vaxandi dugnaður og sjerþekking bænda, og þá er æskilegt og vel til fallið, að þessar jarðir, sem að jöfnuði eru beztu bújarðir sveitanna, komi í sjálfsábúð bænda, sem geta gefið sig alla við búskapnum.

Annað er það, sem eðlilega kemur upp í huga hvers manns, sem hugleiðir þetta stóra nýmæli — sölu kirkjujarða — og það er það, hvort það geti ekki orðið spor í áttina, til þess að ríkið á sínum tíma svipti kirkjurnar þessum eignum eða notum þessara eigna. Um það atriði skal jeg ekkert segja fyrir nefndarinnar hönd. En það get jeg sagt sem mína eigin hugsun, að ef svo kæmi — sem jeg vona, að aldrei verði — að ríkið beitti kirkjuna ofríki, þá getur það alveg eins vel tekið jarðirnar sjálfar eins og kirkjujarðasjóðinn. þeim er ekkert betur borgið en honum. Frá því sjónarmiði er salan því eigi hættuleg.

Um einstök atriði frumv. sje jeg ekki ástæðu til þess að tala. Þessi lög eru alveg sniðin eptir þjóðjarðasölulögunum. Sá viðauki er til bóta í 13. gr., að með hverri afborgun sje sent árlega vottorð um það, að jörðin sje áfram í sjálfsábúð. Það ákvæði er eigi í 13. gr. þjóðjarðasölulaganna.

Nefndin hefur að eins komið fram með 1 breyt.till., að fyrir »landssjóð« í 16. gr. komi: »prestlaunasjóð«, og er hún af sömu rótum runnin og br.till. eða viðaukatill. nefndarinnar við frv. til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. (*Stefán Stefánsson* 2. þm. Skgf.: Hvað er prestlaunasjóður?). Nokkuð langt mál að skýra það til hlýtar. Jeg skal hugga háttv. spyrjanda á því, að skammt er að bíða nefndarálitsins og umræðu um laun presta, og þar mun hann væntanlega geta fengið nægа skýringu á því, hvað prestlaunasjóður er. (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf. Nefndin hefði átt að koma fram með álit sitt um hin stærri málin fyrst!). Jeg skal játa, að það hefði að ýmsu leyti komið sjer betur. En nú er orðið svo áliðið þingtíma, að hafa verður hraðan við, ef málin eiga að lúkast, og vitanlega taka stærstu frv. lengstan tíma upp fyrir nefndinni. Háttv. þm. Skgf.

(St. St.) verður að láta sjer nægja þá skýringu að sinni, svo að hann geti greitt atkv. um þessa breyt.till., að prestlaunasjóðurinn er nokkurs konar jöfnunarsjóður fyrir prestalaunin; hann verður eins og starfandi sjergrein af landssjóði.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það er hverju orði sannara, að ekki ætti að þurfa að skýra fyrir neinum þm., hvað »prestlaunasjóður« er. Það er meira en ár frá því er till. milliþinganefndarinnar birtust, og nú hafa þær legið fyrir þingm. í frumv. stjórnarinnar síðan í júlíbyrjun. Prestlaunasjóður er sjerstakur sjóður, sem tekjur presta renna í, að svo miklu leyti sem tekjurnar í hverju prófastsdæmi fara fram úr samanlagðri upphæð prestalauna í prófastsdæminu. Nefndin hugsaði sjer, að þetta gengi svo til, að fyrst tæki presturinn við öllum gjöldum; skilaði síðan því, sem hann kynni að hafa tekið við umfram laun sín, til prófasts, og prófastur legði það síðan í prestlaunasjóð, ef ekki þyrfti þess við í sjálfu prófastsdæminu til að launa aðra presta eptir því, sem laun þeirra standa til. Þessi prestlaunasjóður yrði þannig »ballance«sjóður til þess að gjöra jöfnuð á launum presta, er nokkurskonar jafnaðarsjóður.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Það gladdi mig, að þetta frumv. kom fram, því að ekki er síður ástæða til að selja kirkjujarðir, en þjóðjarðir. En það er eitt ákvæði, sem jeg get ekki fellt mig við. Það er í 7. gr. sem hjer segir: »Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigumáli, að dómi matsmanna, hefur verið *nægilega hár*«. Með þessu er sagt, að leigumáli verði aldrei of hár, þó að jarðir hafi gengið úr sjer, og að þeir hafi ekki leyfi til að setja hann lægra. Þetta er því verra sem matsmenn eiga, ef til vill, að vinna eið að matinu. Annars vildi jeg gjöra þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort matið eigi að staðfestast með eiði? Jeg hafði álitið, að ekki þyrfti eiðfestingu, heldur nægði undirskript í viðurvist lögreglustjóra. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að menn í Eyjafjarðarsýslu munu ekki verða fíknir í að takast þetta starf á hendur. Þeir hafa fengið þær ákúrur fyrir matsgjörðir á þjóðjörðum, og það úr ráðherrasætinu, er jeg verð að álíta í fyllsta mæli ástæðulausar.

Einnig vil jeg taka það fram, að almennt hefur verið litið svo á, að stjórnin mundi að öllum jafnaði selja ábúendum jarðirnar með því verði, er hinir dómkvöddu matsmenn settu á þær, en þetta hefur reynzt á allt annan veg í það minnsta í Eyjafjarðarsýslu; að eins ein jörð er gjörð föl með matsverði hinna eiðfestu manna, og þó það sje jörð, sem jeg hef verið svo heppinn að meta, þá er mjer óhætt að segja, að engin ástæða hafi verið til þess, að hækka söluverðið fremur fram úr matsverði á hinum öðrum jörðum í minni sveit, en þessari jörð. Nei, þessi aðferð stjórnarinnar, hefur einasta orðið til þess, að gjöra verulegt ósamræmi á söluverði jarðanna og vekja óánægju, auk þess sem það er að minni hyggju talsvert athugavert fyrir hina háttv. stjórn, að fara þvert ofan í mat eiðfestra manna með söluverðið og telja það þannig markleysu eina, sem nákunnugir og kjörnir menn af lögreglustjóra vinna samkvæmt ákvæðum laganna.

Því var hreyft af háttv. umboðsmanni ráðh., að matið hefði verið rjettara út með Eyjafirði en inn í firðinum. Út-

af þessum ummælum hef jeg nú gengið allnákvæmlega i gegnum lýsingn og mat matsmanna á jörðum í Eyjafjarðarsýslu og við þá athugun hef jeg ekki getað sjeð, að slík ummæli hafi við rök að styðjast; jafnvel virðist mat á jörðum í Skriðuhreppi máske einna lægst, en sem sagt, hjer er á svo margt að líta, sem hinum kjörnu og kunnugu mönnum er bezt treystandi til að meta, svo sanngjarnt sje, að ekki er neinar brygður að bera á matið, enda get jeg fullyrt, að matsmennirnir í Eyjafirði hafa að öllu leyti farið eptir beztu vitund og án allrar hlutdrægni.

Loks vil jeg beina því til nefndarinnar, að hún felli þetta óeðlilega ákvæði burt úr 7. gr. frumvarpsins, en sjái hún ekki ástæðu til þess, mun jeg koma fram með breyt.till. til 3, umr.

Ráðherrann: Mjer er ekki ljóst, hvað háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) meinar með því, að matsmenn hafi sætt ákúrum úr ráðherrastólnum. Jeg hef aldrei talað neitt í þá átt. *(Stefán Stefánsson*, 2. þm. Eyf.: Umboðsmaður ráðherra). Ef hann hefur sagt eitthvað, sem háttv. þm. getur nefnt svo, þá hefur hann vafalaust fært orðum sínum stað. Það er víst, að ýmsir matsmenn hafa opt metið jarðirnar of lágt eptir afgjaldshæð, án þess að gjöra grein fyrir því, hvað þeir teldu hæfilegt afgjald, eða við hvað þeir yfir höfuð miði. Stundum hafa þeir sleppt að taka tillit til kvaða, er á hvíla, svo sem t. d. greiðslu þá, sem hvílir á jörðum á Staðarbyggð í Eyjafirði fyrir Staðarbyggðarmýralánið.

Viðvíkjandi fyrirspurn hins háttv. þm., er því að svara, að það er misskilningur, að matsmenn vinni eið að því, að matið sje rjett. Þeir sverja, að matið sje gjört eptir beztu vitund þeirra og samvizku. Það þarf ekki að iggja nein ásökun til matsmanna í því, þó að sagt sje að þeir meti of lágt. Það getur komið að eins af skoðanamun á því, á hverju eigi að byggja matið.

Það er meining laganna, að matsmennirnir mæti fyrir rjettinum til þess að staðfesta gjörð sína með eiði. Ef þeir lýsa því yfir, að þeir sjeu reiðubúnir til þess að vinna eið að því, að þeir hafi framkvæmt gjörðina eptir beztu vitund, og hvorki umboðsmaður landssjóðs nje kaupbeiðandi heimtar eiðfestingu, þá er venjulega látið þar við sitja, og yfirlýsingin tekin gild sem eiðfesting.

Jeg vona, að háttv. þm. láti sjer nægja þessar skýringar.

Jeg er sannfærður um, að þeir matsmenn munu vera fáir, sem skoða það sem persónulega móðgun við sig, þótt stjórnarráðið ákveði hærra söluverð, en þeir hafa metið, og vona jeg, að engin vandkvæði verði á því, að fá menn til þess að gjöra matsgjörðir, ekki fremur í Eyjafjarðarsýslu en annarsstaðar.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Jeg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir skýringuna, hvað staðfesting matsgjörðarinnar snertir, að það sje ekki meining laganna, að matsmenn leggi fram eið, því það er algjörlega samkvæmt mínu áliti og fleiri þm. á þessu ákvæði; en þar sem hann var að tala um, að eiðfestinguna mætti ekki skoða sem fulla sönnun fyrir því, að matið væri rjett, þá veit jeg það vel, að hún er að eins sönnun fyrir því, að matsmenn hafi gjört eptir beztu vitund og þekkingu. Um þetta atriði þurfti jeg því engrar skýringar með. En að hinu leytinu, þá finnst mjer, að með því sje trygging fengin fyrir því, að matið sje svo rjettlátt, sem kostur er á, og að óvarlegt sje og matsmönnum jafnvel misboðið mjög með því, að fara ekki eptir mati þeirra, ef ekki eru

til þess einhverjar alveg sjerstakar ástæður. Viðvíkjandi matinu í Öngulstaðahreppi, er hæstv. ráðh. minntist á, þá get jeg ekki annað álitið, en matsmenn fari algjörlega rjett að, þar sem þeir meta hvað er hæfilegt eptirgjald jarðanna og reikna söluverð samkvæmt því.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta; jeg vona, að breyting verði gjörð á frumvarpinu í þá átt, sem jeg hef bent á.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil taka það fram, að staðfestingu þá fyrir rjetti, sem til er tekin í 10. gr., verður að skilja sem staðfesting *með eiði*. Það er hinn eini rjetti skilningur; orðin geta ekki annað þýtt eptir almennu lagamáli. Það hefur annars litla »praktiska« þýðingu, hvort matsmenn, úr því að þeir eiga annars að koma fyrir rjett, gefi yfirlýsing eða vinna eið. Það gæti haft þýðingu, ef þeir væru neyddir til að mæta fyrir rjetti. En að taka af þeim yfirlýsingu um það, að þeir sjeu viðbúnir að vinna eið, og svo kalla þá í annað sinn fyrir, til þess að vinna eið, er óþarfur tviverknaður og óþarfa kostnaður.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg þykist vita, að menn hafa ekki borið 7. gr. frumv. saman við samskonar ákvæði í þjóðjarðarsölulögunum; þar stendur um leigumálann, að hann að dómi matsmanna hafi verið »hæfilegur«, en hjer í þessu frumv. stendur »nægilega hár«. Frá sjónarmiði seljanda er »hæfilegur« og »nægilega hár« eitt og hið sama. Jeg sje ekki, að breyting sú, sem háttv. 2. Eyf. (St. St.) vill láta gjöra, sje nokkur efnisbreyting.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) veit vel, að í einkamálum hefur dómarinn *ekki leyfi* til að heimta eið, og þarf jeg ekki að segja honum það. Matsmenn þurfa því ekki að vinna eið að matsgjörðum sínum, þó að einhver dómari kunni að heimta eið af þeim, nema því að eins að umboðsmaður eða kaupandi hafi krafizt þess áður. Annars vil jeg minna á, að vjer erum hjer ekki til þess að skýra lög, heldur til þess að semja lög.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 16 atkv.
2. gr. — — — 18 —
3. gr. — — — 18 —
4. gr. — — — 18 —
5. gr. — — — 18 —
6. gr. — — — 17 —
7. gr. — — — 17 —
8. gr. — — — 17 —
9. gr. — — — 17 —
10. gr. — — — 17 —
11. gr. — — — 17 —
12. gr. — — — 17 —
13. gr. — — — 17 —
14. gr. — — — 17 —
15. gr. — — — 17 —

Brt. við 16. gr. samþ. með 16 atkv.

16. gr. frv. breytt samþ. með 16 atkv.
17. gr. — — — — 16 —
18. gr. — — — — 16 —

Frv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. september, kom frv. (A. 516, 543) til 3. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Þessi breyt., sem fyrir liggur við frumv. þetta frá 2. þm. Eyf., er samkvæm því, sem hann gat um við 2. umr., og miðar að því, að koma á samræmi milli frumv. og þjóðjarðasölulaganna. Eptir þeirri skoðun, að þetta sje engin efnisbreyting, getur nefndin ekki haft neitt á móti breytt., og vill ekki amast við henni, þótt hún telji breytinguna ekki nauðsynlega.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Háttvirtri kirkjumálanefnd hefur ekki þóknazt að taka upp breytingartillögu mína á þgskj. 543, en lætur þess þó getið nú við framsögu málsins, að hún fyrir sitt leyti amist ekki við henni, því hún gjöri enga efnisbreytingu. Jeg þarf nú ekki að mæla langt fyrir till., heldur læt mjer nægja, að vísa til þess, sem jeg tók fram við 2. umr. málsins. En þess vil jeg þó láta getið, að jafnvel þótt háttv. nefnd skoði tillöguna ekki sem efnisbreytingu. sem jeg ætla alls ekki að fara að deila um, þá álít jeg hana eigi að síður svo sjálfsagða, að jeg vænti þess, að háttv. deild samþ. hana. Að fara að fyrirskipa dómkvöddum matsmönnum, að þeim sje ekki leyfilegt að meta nokkra kirkjujörð lægra en eptirgjaldið 25 faldað, hve órjettlátt sem eptirgjald jarðarinnar er, getur að ætlun minni ekki komið til mála. Þetta ákvæði frumv. er breyting frá því, er þjóðjarðasölulögin mæla fyrir, og nái breyt.till. mín ekki samþ. háttv. deildar, get jeg ekki greitt atkv. með frv.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 543 við 7. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 2.

Frumv. þannig breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. septbr, kom frumv. (A. 568, 616) til einnar umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 12 atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXXV. Byggingarlán presta.

Á 3. fundi Ed., fimmtudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins til 1. umr.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og síðan vísað til nefndarinnar í málinu um skipun sóknar- og hjeraðsnefnda í e. hlj.

Á 28. fundi Ed., föstudaginn 16. ágúst, kom frumv. (A. 127) til 2. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þgm. Ísfjk.): Það er sama að segja um þetta og hin frv., að nefndin hefur engar breytingar gjört á því, og get jeg því verið mjög stuttorður um það.

Það er öllum kunnugt, að lán til presta, til byggingar íbúðarhúsa hafa farið mjög vaxandi. En eins og þeim hefur verið hagað og eins og þau hafa verið brúkuð, þá hafa þau all-víða orðið ónota kvöð fyrir prestana, með því að vantað hefur alveg fast skipulag, sem byggingarnar væru gjörðar eptir. Auk þess hefur nú á seinni árum verið erfitt, að fá slík lán með jafn-góðum kjörum og áður.

Aðal-rjettarbótin, sem felst í þessu frumv., er sú, að öll húsin skuli byggð með sama móti. Auðvitað getur þetta verið dálítið athugavert af því, að jarðirnar eru misstórar og mismunandi fólksfrekar. En nefndin hefur samt ekki álitið þetta svo þýðingarmikla athugasemd, að ástæða væri til þess, að víkja frá þeirri reglu milliþinga-

nefndarinnar, sem ákveður, hvað hvert einstakt lán skuli fara hátt og jafnframt, að öll upphæðin skuli ekki fara fram úr 15,000 kr. á ári. En það, sem gjörir lán þessi viðunanlegri, en þau nú eru, er það, að afborgun og vextir af þeim eru svo miklum mun bærilegri, en af slíkum lánum nú. Hlunnindin eru þessi, að húsin eru öll með sama móti, og hlunnindin fyrir prestana þau, að geta nú fengið lánið úr landssjóði, sem að þeir áður gátu ekki. Og í þriðja lagi er afborgun og vextir svo lágt; afborgunin er 1/2 %, en vextir 3 1/2 %. Þingið hefur líka að undanförnu gefið stjórninni heimild til líkra lánveitinga. Lánin til mjólkurbúa og fleira eru veitt með sömu skilyrðum, nema hvað tíminn er styttri. Með þessu frumv. verða prestakallalánin afborguð á 60 árum. Mega það teljast vildarkjör frá því, sem nú er.

Það er enn eitt atriði, sem öll nefndin hefur verið samdóma um að væri mikil rjettarbót, það er ákvæði frumv. um fyrningargjaldið. Það hefur opt verið tilfinnanleg byrði fyrir fráfarandi prest, að þurfa að svara háu álagi öllu í einu. Eru meira að segja dæmi til, að bú þeirra hafa ekki hrokkið fyrir því. Þetta ákvæði frumv. leggur nú til aptur á móti, að presturinn borgi árlega 1/2 % af virðingarverði hússins í »Fyrningarsjóð«. Svo er gjört ráð fyrir, að þessi »Fyrningarsjóður« vaxi jafnvel svo, að hann geti byggt húsið alveg upp að nýju.— Háttv. milliþinganefnd ætlast á það, að eptir 56 ár megi alveg byggja húsið upp úr »Fyrningarsjóðnum.

Viðvíkjandi því, að húsin skuli öll vera með sama móti, þá hefur milliþinganefndin fengið áætlun þar að lútandi hjá einum timburmeistara hjer í Reykjavík. Að vísu finnst mjer hún nokkuð lág; sjerstaklega ekki tekið nægilegt tillit til, hve mikið aðflutningar kosta, þar sem prestssetrin liggja langt frá kauptúnum, en þó má talsvert á henni byggja. En aðal annmarkanum er nú burt rutt, nefnilega þeim, að hver byggði áður eptir sínu höfði og sínum þörfum, en það hefur opt farið alveg í bága við þarfir og smekk næsta prests á eptir, og hefur honum þá þótt lánsbyrðin á prestakallinu allt of þung. Til þessa eru mörg dæmi á síðari árum.

Að öllu athuguðu, þá áleit nefndin, sem sagt, frumv. mikla rjettarbót, og vil jeg því leyfa mjer, að ráða háttv. deild til, að samþykkja það.

ATKV.GR.:

	1. gr. frv. sþ. með	10	shlj. atkv.
2.	— — — —	10	— —
3.	— — — —	10	— —
4.	— — — —	10	— —
5.	— — — —	10	— —
6.	— — — —	10	— —
7.	— — — —	10	— —
8.	— — — —	10	— —
9.	— — — —	10	— —
10.	— — — —	10	— —
11.	— — — —	10	— —
12.	— — — —	10	— —
13.	— — — —	10	— —
14.	— — — —	10	— —
15.	— — — —	10	— —
16.	— — — —	10	— —
17.	— — — —	10	— —
18.	— — — —	10	— —
19.	— — — —	10	— —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Á 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frv. (A. 127) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþykkt

með 9 samhljóða atkv., og afgreitt til forseta Nd.

A 34. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv, (A 357) til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Samþ. með 19 atkv. að láta málið ganga til 2. umr.

Samþ. með 19 atkv., samkv. uppástungu þms. V.-Sk., að vísa málinu til sömu nefndar og hinum fyrri (kirkjumálanefndarinnar).

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2.septbr. kom frumv. (A 357,479) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Þetta er eitt af þeim frumv., sem kom frá milliþinganefndinni í kirkjumálum og sem farið hefur margra á milli og margir skoðað, en enginn haggað við, og nú að síðustu hefur nefndin í þessari deild gefið því fyllstu meðmæli sín, óbreyttu. Það er nauðsynlegt að lesa þær ástæður, sem milliþinganefndin færir fyrir þessu frumv., til þess að sjá, á hvaða rökum lánsákvæðin eru byggð, og hvernig fyrningarsjóðnum er ætlað að sjá fyrir endurbyggingu hússins.

Það eru óefað fólgnar miklar rjettarbætur í þessu frumv. Það er vikið að því í nefndarálitinu, að nefndinni hafi hálft í hvoru þótt þessi lán of lítil á stórum prestssetrum, en hún hefur þó ekki viljað hrófla við því, sem milliþinganefndin lagði til um þetta atriði; hægt að auka við upphæðina síðar, ef nauðsyn ber til.

Nefndin býst við, að landsstjórnin taki til íhugunar, þegar farið verður að veita þessi lán, að nú á að byggja hús, sem ætla má að standi töluvert lengi, og að því ber að setja þau á þann stað, sem bezt hentar, eptir væntanlegum breytingum á prestaköllunum. Að hve miklu leyti það verður samferða húsabyggingunum, að á komist sjerstök grasbýli, með 20—50 dagslátta ræktuðu landi, þar sem prestar gætu setið, án þess að vera um of uppteknir af stóru búi, það verður reynslan að sýna. Á slíku landi nær hyggingarlánið nokkuð, en harla skammt, þurfi að byggja yfir fjölda vinnufólks á stórri jörð.

Engar brtill. eru við frv., og nefndin leggur til, að það verði samþykkt eins og það er hingað komið.

ATKV.GR.:

1.	grein	frumv.	samþ.	með	19 atkv.
2.	—	—	—	—	19 —
3.	—	—	—	—	19 —
4.	—	—	—	—	19 —
5.	—	—	—	—	19 —
6.	—	—	—	—	19 —
7.	—	—	—	—	19 —
8.	—	—	—	—	19 —
9.	—	—	—	—	19 —
10.	—	—	—	—	19 —
11.	—	—	—	—	20 —
12.	—	—	—	—	20 —
13.	—	—	—	—	20 —
14.	—	—	—	—	20 —
15.	—	—	—	—	20 —
16.	—	—	—	—	20 —
17.	—	—	—	—	20 —
18.	—	—	—	—	20 —
19.	—	—	—	—	20 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. visað til 3. umr. með 19 atkv.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. septbr., kom frumv. (A. 357, 510) til 3. umr.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk): Jeg hef gjört nokkrar breyt.till. við

þetta frumv., og jeg hef heyrt — jeg var ekki inni í deildinni —, að háttv. frsm. hafi lýst þær allar saman alveg fráleitar. Jeg veit ekki hvort þetta er rjett (*Margir þingmenn:* Jú, alveg fráleitar). Vel er það.

Ástæðan fyrir því, að jeg ber fram þessar breyt.till., er sú, að mjer finnst þetta frumv. fara mjög í öfuga átt við stefnu og vilja þjóðarinnar í þessu máli; það er enginn vafi á því, að vilji þjóðarinnar beinist nú í þá átt, að skilja kirkjuna við ríkið. En þetta frumv. er byggt á þeim grundvelli, að kirkja og ríki loði enn saman í marga mannsaldra, þar sem þó jeg og aðrir vona, að ekki líði einu sinni einn mannsaldur, þangað til þau verða skilin.

Þessi lánveiting er líka öðruvísi en allar slíkar, sem veittar hafa verið úr landssjóði, að minnsta kosti upp á síðkastið. Afborgunartíminn á að vera 60 ár, en öll önnur lán eiga að borgast á miklu skemmri tíma, 15. 20, 30, í mesta lagi 40 árum, og það þó um miklu þarfari fyrirtæki sje að ræða, en að byggja íbúðarhús á prestssetrum. Jeg fer þess vegna fram á það í tillögum mínum, að afborgunartíminn sje hafður skemmri. Svo er einn kafli í frumv. sem mjer sýnist vera sjerstaklega vanhugsaður. Það er kaflinn um fyrningarsjóðinn. Þar er öllum prestum gjört að skyldu, að borga $^1/_2$% af virðingarverði húsanna í fyrningarsjóð. Nú er ekkert talað um í frumv., hve lengi þetta gjald skuli greiða. En hús geta vel staðið í 80—100 ár, eða jafnvel lengur; á þá alltaf að borga fyrningargjald? Með því móti væri borgað meira en sexfalt virðingarverð hússins eptir 100 ár. Svo stendur, að ef hús »fellur«, þá eigi andvirði þess að greiðast úr sjóðnum. Nú veit jeg það ekki, hvort það er efni málsins, að þessi hús eigi að standa þangað til þau falla af sjálfu sjer, eða á að fara með þau eins og önnur hús, að rífa þau, þegar þau eru orðin lítt hæf til íbúðar. En sje svo, þá verður að orða þetta öðruvísi. Og nú kem jeg að því, sem líklegt er, að innan skamms beri að höndum, að kirkjan verði skilin frá ríkinu; hvað verður þá um fyrningarsjóð? Á hann þá að renna í landssjóðinn? Einn velunnari þessa frumv. sagði við mig, að þetta atriði væri ef til vill ekki sem greinilegast, en það væri svo langt fram í tímanum, að nóg tómstund væri til að breyta því síðar. Það getur nú að vísu verið bót í máli; en þó álít jeg það ekki rjett af þinginu, að vera vísvitandi að gjöra vitleysu; þær eru víst nógu margar, sem það gjörir óvitandi. Og það skil jeg ekki, hvernig hinn háttv. frsm. getur verið meðmæltur slíku frumv., þar sem *hann* einmitt vildi, að prestssetrin væru seld.

En allar þessar breyt.till. mínar eru að eins varatill., því aðaltill. mín er sú, að þetta frumv. verði felld. Það fer fram á, að lánaðar verði úr landssjóði 30,000 kr. á hverju fjárhagstímabili, til þess að reisa íbúðarhús á prestssetrunum. Og milliþinganefndin hefur sýnt fram á það, að þessi lán mundu svo sem verða þegin. Þessir peningar mundu rjúka burtu, þangað til lánað væri öllum prestum landsins. Þessu gæti jeg nú greitt atkv. með, ef landssjóður væri í vandræðum með að koma út fje sínu á rentu. En eins og nú stendur, gjöri jeg það ekki. Og ástæður þær, sem jeg vil bera fyrir mig standa prentaðar í 21. gr. fjárlagafrumv., eins og það yrði samkvæmt nefndaráliti Ed. Hin háttv. Ed. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að landssjóður sje fjelaus og því stryk-

að út flestar lánveitingar. Það má nú vel vera, að þar sje of djúpt tekið í árinni, og jeg er fyrir mitt leyti á því, að óhætt mundi vera að veita fleiri lán úr landssjóði en háttv. Ed. vill. En hitt hygg jeg að mönnum sje ljóst, að mörg þarfleg fyrirtæki verða að mæta afgangi, auk þess sem nálega allsstaðar verður að skera utan af lánveitingunum og nema þær sem mest við neglur sjer. En þegar landssjóður hefur ekki nóg fje til þess að styrkja þau fyrirtæki með lánum, sem eru nauðsynleg og gagnleg, er þá ekki skylda þingsins að yfirvega vandlega, hvað helzt eigi að mæta afgangi? Hin háttv. Ed. hefur samþykkt *þetta;* en hún hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unnt að veita 30,000 kr. lán til þess að stofna mjólkurbú; þá upphæð hefur hún fært niður í 10,000 kr. Prestum vill sú háttv. deild lána fje, stórfje, til húsagjörðar, en þurrabúðarmönnum utan kaupstaða — þeim vill hún ekki lána, ekki einn eyri, til húsabóta og jarðræktar. Enn er eitt. *(Forseti:* Þetta kemur ekki málinu við). Jú, víst kemur það málinu við; hjer er það einmitt aðalatriðið, hvort þarfara sje að lána 30,000 kr. til þess að byggja upp þessa prestakofa, eða til annara fyrirtækja, sem nú er verið að setja á hakann.

En það kann satt að vera, að ekki sje til neins að tala um þetta mál, þm. hafi þegar fest atkv. sín. Jeg verð þó að víkja að því, að háttv. Ed. hefur fellt 50,000 kr. lán með 25 ára afborgunartíma til þess að reisa barnaskóla. Og nú skal það verða mín síðasta spurning: Hvort álítur hv. deild þarflegra að reisa prestabýli eða barnaskóla? Jeg vil biðja þá háttv. presta, sem sitja hjer á þingi, að hugleiða þetta, og einnig að hugsa til þess, hvað bíður þeirra, þegar þeir koma heim, og fara að segja kjósendunum frá afrekum sínum á þinginu. Þá mun margur kjósandinn spyrja: voru ekki veitt lán til barnaskóla? Og þá hlýtur svarið að verða, ef satt skal segja: »Ónei, skólarnir gátu ekki fengið neitt, við prestarnir þurftum að fá lán til að byggja yfir okkur«. *(Ólafur Ólafsson:* Hefur ekki landlæknirinn fengið eitthvað handa læknunum?) Engin lán. Jeg hef ekki einu sinni farið fram á slíkt.

En til hvers er að tala?

Jeg býst við, að það fari hjer eins og opt vill verða. Fyrst fara menn af stað í flaustri hugsunarlaust, og svo geta menn ekki snúið við aptur af röngum vegi vegna kappgirni og metnaðar.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), byrjaði á því, að sjer gengi það til að bera fram till. sínar, að sjer fyndist þetta frumv. ganga í öfuga stefnu við vilja þjóðarinnar í þessu máli, og átti hann þar við aðskilnað ríkis og kirkju. En jeg heyrði hann satt að segja ekki færa neinar ástæður fyrir þessu; og mjer ekki ljóst, hvernig hann getur sett þetta tvennt í samband. Jeg fullvissa háttv. þm. og þingdeildina í heild sinni, að kirkjumálanefndin hjer í Nd. hefur ekki viljað gjöra neitt það, sem komið gæti í bága við aðskilnað ríkis og kirkju eða tafið gæti fyrir því máli. Eða því skyldi ríkið ekki geta lánað fje til stofnunar, sem er sjálfstæð, eða verður sjálfstæð? Hann spurði, hvað yrði af lánunum, ef ríki og kirkja skildu. Það er einfalt mál. Lánin hvíla á húsunum, og húsin verða lögð til kirkjufjelagsins sjálfstæða. Landið getur eins átt tryggða peninga hjá því fjelagi og hverju öðru fjelagi. Jeg vona að minnsta kosti, að hinn háttv.

þm. ætlist ekki til þess, að kirkjan verði svo rúin, að íbúðarhús prestanna fái ekki að fylgja henni.

Þar sem hann sagði, að jeg hefði viljað, að prestsetrin væru seld, þá er það rjett, að jeg lýsti mig hlynntan sölu jarðanna, en eptir verða þá húsin með sínum landskika, hin nýju prestsetur, á hentugum stöðum í prestaköllunum.

Svo spurði hann, hvort það ætti að borga áfram í fyrningarsjóð, þegar komið væri verð hússins; þar til liggur það svar að eptir 50—60 ár verða allt aðrar kröfur gjörðar til híbýla en nú eru gjörðar *(Guðm. Björnsson:* Jeg skil ekki). Jú, jeg meina að fyrningarsjóðirnir verði vart of miklir, megi gjarnan verða og þurfi að verða meiri en upphaflegi byggingarkostnaðurinn var.

Annars beint slíku að svara, að þá, — eptir 50 ár — komi dagar og komi ráð. Geti maður samið lög af einhverju viti fyrir næsta mannsaldurinn, þakkar maður fyrir, og hugsar eigi lengra fram í tímann.

Frá sjónarmiði nefndarinnar í Nd. er einmitt þessi fyrningarsjóður það bezta við frumv. Það væri sannarlega það æskilegasta, ef hægt væri að koma á fyrningarsjóði húsa fyrir hverja jörð um allt land. Nú er þess kostur að gjöra verklega tilraun með nokkrar jarðir. Þingin að undanförnu hafa stundum verið að brjótast með leiguliðabót árlega í stað álags. Nú verða þessi hús reist eptir fyrirsögn verkfróðra manna með sjerþekkingu, reist með sem mestum sparnaði, en þó þannig, að heilbrigðiskröfunum og fegurðarútlitinu sje fullnægt, að því er kostur er. Það eiga að vera hentug, holl og snotur hús, sem jafnframt geti orðið fyrirmyndarbyggingar, í sem flestum sveitum landsins með tíð og tíma. Þessi byggingarlán geta orðið verkleg kennsla fyrir þjóðina í mjög svo þýðingarmiklu efni,

Og lögin vilja afstýra því fjelagstjóni, sem eigi er ótítt, að dánarbú fátækra presta mega eigi við því álagi, sem þeim er gjört eða þeim bæri að gjöra. Hjer er svo sem eigi verið að gefa prestunum, verið að tryggja sjer skil af þeirra hendi.

Jeg kviði því alls ekki, að þessi lög verði vanþökkuð, heldur þykist jeg þess fullviss, að þau verði vel þökkuð af öllum almenningi.

Háttv. þm. lagði sjerstaklega áherzlu á það, að ekki væri fje fyrir hendi, og bar hann Ed. fyrir því. Jeg held nú satt að segja, að fullmikið hafi verið gjört úr fjárskortinum síðustu dagana, og vart skil jeg, að þessi lán út af fyrir sig verði til þess að steypa landssjóði, sjerstaklega þar sem mörgum lánum hefur verið kippt á burtu.

Síðasta rúsínan í ræðu háttv. þm. var sú, að hann leiddi deildarmenn fram fyrir höggstokk kjósenda fyrir það, að þeir hefðu fellt lán til byggingar barnaskólahúsa. En Nd. hefur aldrei neitað um það lán. Og þó svo hefði verið, þá mundi jeg fyrir mitt leyti óhikað svara kjósendum því, að víst þurfi að anna þessu hvorutveggja, og það geti þingið líka og vilji, en vegna hugsanlegra lána til skóla megi ekki, og þurfi ekki, að fella burt þennan lið í kirkjulöggjöfinni á þessu þingi.

Jeg veit, að því fer fjarri, að þjóðin muni vanþakka það, að eitthvað sje gjört til þess, að bæta kjör presta. Það er búið að dragast nógu lengi. Og sízt skil jeg í því, að háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) skuli snúast þannig gegn málinu. Enginn hefur þó sótt svo harðlega og kappsamlega hag sinnar stjettar sem hann — og segi jeg það ekki honum til lasts. En óhug og kulda fannst mjer það anda, er hann

barðist á móti því, að hlynnt væri dálítið að beztu stjett landsins — því bezta stjett landsins hefur óneitanlega prestastjettin verið frá því í fyrstu kristni; fyrir því höfum við orð jafnkunnugra og rjettsýnna manna og þeirra Jóns Sigurðssonar og Þorvaldar Thoroddsens.

Jeg mun því óhræddur koma fram fyrir kjósendur mína fyrir sakir aðgjörða minna í þessu máli, enda vona jeg, að hin háttv. deild láti það ná farsællega fá fram að ganga, óhaggað af breyt.till. hins háttv. 2. þm. Rvk.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka þátt í þessari umræðu. En ræða hins háttvirta sessunautar míns (G. B) rak mig á fætur. Enda þótt háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) sje þegar búinn að segja margt af því, sem jeg hafði ætlað mjer að segja, þá get jeg ekki orða bundizt.

Hún kom mjer mjög á óvart þessi skrugga sessunautar míns. En ekki verður um hana sagt, að hún kæmi úr heiðskíru lopti, því að heiðskírt lopt hefur aldrei verið hans megin í kirkjumálum, eða þar, er til prestanna horfir. Það er síður en svo, að þar hafi verið bjart uppi yfir. En því bjóst jeg ekki við, að úr því skýjalopti kæmi annar eins fellibylur, eins og raun er á orðin.

Jeg ætla mjer ekki að fara að svara ræðu hins háttv. þm. orði til orðs. Þess tel jeg enga þörf. Það sem mjer hugnaði verst, var þessi einkennilegi kuldi, sem öll ræða hans andaði í garð prestastjettarinnar, kuldi, sem jeg held að prestastjettin hafi alls ekki til unnið. Mjer er það óskiljanlegt, hvernig á þeim mikla kulda stendur, sem knýr jafn kurteisan mann, sem hinn háttv. þm. annars er, til þess að fara jafn óvirðulegum orðum um þessa stjett og allt, sem henni við kemur. Það var eins og hann gæti ekki einu sinni nefnt hlutina þeirra rjetta nafni; það varð að sveipa þá einhverri vansæmdarhulu. Íbúðarhús presta mátti ekki nefna annað en »*preslakofa*« o. s. frv. Jeg álít það tæplega hæfa nokkrum manni, og sízt hámenntuðum embættismanni, að geta ekki talað um eina stjett, án þess að óvirða hana beinlínis og óbeinlínis.

Hinn háttv. þm. skaut því til vor prestanna, hvernig oss mundi falla það, að þurfa að koma fram fyrir kjósendur vora og segja þeim, að vjer hefðum samþ. þessi framlög til endurbyggingar prestssetra, en ekki greitt atkv. með láni til byggingar barnaskólahúsa.

Til þess svara jeg fyrir mitt leyti — og svo munu einnig aðrir gjöra — að jeg þarf ekkert í því efni til mín að taka, og að jeg kvíði því engu, að sjá framan í kjósendur mína, og þarf hvorki að blikna nje blána fyrir þeim, enda munu þeir heldur ekki ætlast til, að tekið sje í sama strenginn gagnvart prestunum, eins og háttv. sessunautur minn hefur látið sjer sæma. Öllu heldur gæti jeg búizt við annari spurningu í sambandi við þetta, þegar til kjósenda kæmi. Jeg gæti búizt við, að þeir mundu spyrjast fyrir um aukatekjur læknanna, er hinn háttv. þm. leitaðist við að auka með ýmsum nýmælum. (*Nokkrir þingmenn:* »Þau voru drepin!«). Sum voru drepin, en sum lifðu, og þau, sem lifðu, munu ekki verða hugþekkari þjóðinni en þetta nýmæli.

Það lá í orðum hins háttv. þm., að prestarnir hefðu ekki neytt vel stöðu sinnar hjer á þinginu. Því fer fjarri, að þeir nokkru sinni hafi misbeitt þeirri stöðu sinni. Þingsaga prestanna íslenzku er þeim yfir höfuð og stjett þeirra til hins mesta sóma. Þeir hafa

optast verið þeim megin, er betur gegndi í þjóðmálum. Fjölmennir hafa þeir löngum verið á þingi, en þingsaga þeirra vottar, að þeir hafa aldrei neytt fjölmennisins til að skara eld að sinni köku, þó þeir hefðu getað. Betur, að allir gætu sagt hið sama. Jeg vildi óska, að engin stjett þjóðarinnar hefði staðið ver í þeirri stöðu en prestarnir. Það hefur ekki farið betur síðan þeim fækkaði á þingi. Sporgöngumenn þeirra hafa enn ekki tekið þeim fram, hvað sem síðar mun verða. Úr því menn vilja hafa þennan samanburð, þá skulu þeir fá hann afdráttarlaust. En jeg hafði ekki ætlað mjer að fyrra bragði að fara út í það efni. Prestar voru einu sinni svo mannmargir á þingi, að þeim var í lófa lagið, að koma í gegn stórum umbótum á launakjörum sínum, en þeir hafa aldrei notað stöðu sína til hagsmuna sjer og stjettarbræðrum sínum. Það mætti fremur segja um aðra stjett. Og sízt sýnist mjer, að landlæknirinn hefði átt að bregða prestastjettinni um sjálfdrægni, þar sem vitanlegt er, að hann hefur komið fram með hverja fjárbeiðnina á fætur annari, til handa stjettarbræðrum sínum. Svo skal lofa einn konung, að lasta eigi annan. Svo bar honum að styðja sína stjett, að kasta eigi hnútum að annari, og gjöra eigi tilraunir til að troða hana undir fótum. Hann eykur hvorki sinn veg nje læknisstjettarinnar með því. Jeg veit það vel, að ýmsa bletti má á prestunum finna eins og öðrum mönnum, og að misjafnlega er kostum skipt í svo fjölmennum hóp. En yfirleitt má segja um þá stjett, að hún hafi verið góð og gagnleg sinni þjóð. Enda hefur það jafnan verið viðurkennt af vitrustu og beztu mönnum þjóðarinnar. Þjóðin játar þetta líka sjálf, því hvar sem prestum á að fækka, þá verður allstaðar sú raunin á, að enginn söfnuður vill missa *prestinn sinn*. Læknastjettin er líka gagnleg stjett — því ber sízt að neita — en hún er enn ekki búin að vinna jafn-mikið til gagns og sæmdar fyrir þjóðina, sem prestastjettin og því síður meira. En af því það andar nú á dögum svo köldum gusti úr ýmsum áttum í garð prestastjettarinnar, þá álíta margir það skyldu sína, að taka í sama strenginn, og lítilsvirða þessa stjett og kasta að henni vansæmandi orðum.

Seinast minntist háttv. þm. á fjárskortinn, og það var eins og það væri einhver ánægjuhreimur í röddinni, þegar hann var að tala um, að ekki væri til fje til þess að byggja upp þessa »*prestakofa*«. Það mun fleirum en mjer hafa þótt þetta tal hans næsta óviðfelldið. En bjallan kvað ekki við í þessum tón, og hann hefur aldrei kvartað um fjárskort, þegar hann hefur verið að fara fram á það, að auka tekjur og laun læknanna; *þá* var nóg gjaldþol þinnar íslenzku alþýðu og nóg í buddunni, þegar læknarnir þurftu að fá eitthvað í viðbót fyrir verk sín og snúninga.

Mjer væri innan handar, að gjalda líku líkt, en jeg álít það ekki eiga við, sízt á löggjafarþingi þjóðarinnar, að ein stjettin sje að óvirða aðra, og stiga á háls hver annari. Allar stjettir landsins eru gagnlegar hver með annari, þær vinna nauðsynjaverk, hver með sínum hætti, og þær vinna sjer með því mesta sæmd og mesta heill landi og lýð, að styðja hver aðra til vegs og þrifa, og styrkja hver aðra til gagnlegra framkvæmda.

Lárus H. Bjarnarson: Af því, að háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) ljet á sjer skilja, að menn mundu vera hræddir! við hann, og því helzt bíða með það, að tala, þar til hann væri dauður, þá

leyfi jeg mjer, að standa upp strax, enda þó að háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.), eptir eigin orðum, sje ekki árennilegur.

Jeg ætla mjer ekki, að fara að gjöra þetta að neinu hitamáli, jeg ræði það alveg rólega.

Háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) sagði, að frumvörp kirkjumálanefndarinnar gengju flest í öfuga átt við aðskilnað ríkis og kirkju, og þar á meðal sjerstaklega þetta frumv.

Jeg skil ekki, hvernig nokkur maður getur látið sjer annað eins um munn fara, eptir að búið er að sýna og sanna, að þau af þeim, sem greiða ekki beinlínis fyrir fríkirkju, láta hana að minnsta kosti ósnerta. Jeg þóttist sýna þetta glöggt við 1. umræðu, en af því að háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) og kannske fleiri hafa annað hvort aldrei skilið þetta eða þá gleymt því, þá mætti jeg kannske með leyfi hæstv. forseta fara stuttlega yfir það aptur.

Frumv. til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda fær söfnuðunum aukið vald, og afnemur gjaldskyldu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi, og er þannig miklu fremur spor í fríkirkjuátt en í gagnstæða.

Í sömu átt gengur frumv. um sölu kirkjujarða, er gefur öllum ábúendum á kirkjujörðum kost á því, að kaupa ábýli sín, og stofnar um leið sjerstakan kirkjujarðasjóð.

Sama er að segja um frumv. til laga um umsjón og fjárhald kirkna. Það gefur söfnuðunum rýmri kost en áður til þess, að taka við kirkjunum, og dregur sjerstaklega umráðin yfir ljenskirkjunum úr höndum prestanna. Þá verður væntanlega ekki haft móti frumv. um veitingu prestakalla af þeirri ástæðu, að það hnekki fríkirkjunni. Það heimilar söfnuðunum, að kjósa *al*-frjálst um *alla* umsækendur, og er þannig hið lengsta fríkirkju-spor, sem stigið hefur verið.

Frumv. um laun sóknarpresta lætur kirkjuna jafn-óbundna eptir sem áður, því að milliþinganefndin og stjórnarfrumv. gjörir ráð fyrir því, að prestum sje launað á sama hátt hjer eptir, sem hingað til.

Það mætti ef til vill segja, að efri deild hafi breytt þessu í þá átt, að binda saman landsstjórn og kirkjustjórn, þar sem hún vill launa presta úr landssjóði. En þá breytingu hefur nefndin í þessari deild fellt burt, og tekið upp aptur fyrirmæli stjórnarfrumv,

Frumv. um laun prófasta höfum við líka bætt; þeir eiga nú að fá laun sín úr sjerstökum sjóði, prestlaunasjóði, en ekki landssjóði.

Frumv. til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, ætlar prestunum sjálfum að sjá ekkjum sínum fyrir lífeyri, í stað þess, að þeim hafa hingað til verið greidd eptirlaun þeirra úr landssjóði, og það frv. leysir þannig fremur en bindur.

Svipað má segja um frumv. um ellistyrk presta og eptirlaun, sjerstaklega nú er eptirlaunin eiga að greiðast úr prestlaunasjóði en ekki úr landssjóði.

Frumv. um skipun prestakalla snertir eðlilega alls ekki þá spurningu. Kirkjan er jafn laus eða bundin, hvort sem prestaköllin eru nokkru fleiri eða færri.

Og alveg sama máli gegnir um fyrirliggjandi frumv. Landssjóður lánar prestunum nokkur þúsund krónur á sama hátt og hann hefur lánað öðrum embættismönnum til bygginga.

Háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) kallaði þá lánveitingu, er hjer um ræðir, fremur gjöf en lán, en það er ekki rjett. Lán er það, þótt með vægum kjörum

sje. En vægari lán eru þó heimiluð í núgildandi fjárlögum, t. d. 30 þús. kr. lán til mjólkurhúa gegn 3% og afborgunarlaust 5 fyrstu árin.

Sömuleiðis eru leyfð 15 þúsund kr. lán hvort árið til þurrabúðarmanna með svipuðum kjörum. Það er þannig ekkert eins dæmi, að veitt sje lán úr viðlagasjóði með vægum kjörum. Og hinu neitar víst enginn, að þörf sje á, að bæta íbúðarhús presta, þau eru sumstaðar líkari fjárhúsum en mannahúsum.

Hvernig hv. þm. gat amast svo mjög við fyrningarsjóðnum, er mjer með öllu óskiljanlegt. Einhver mesti agnúinn á launakjörum presta, sem bæta þurfti úr með hinum nýju launalögum, er sá, að þeir eru opt í standandi vandræðum út af álaginu. Annaðhvort verða þeir í lifanda lífi eða dánarbú þeirra, að þeim látnum, að borga svo og svo mikið álag á húsin, því að þau eru sumpart illa byggð, og sumpart er þeim illa viðhaldið. Og hvað er það nú, sem hjer er farið fram á? Ekki annað en það, að heimila prestum fyrir *sjálfs sín peninga* og fyrir lítið gjald að tryggja sig fyrir álaginu í eitt skipti fyrir öll. Þá dregur árgjaldið lítið, en það er þó nóg til þess, að byggja húsið upp að nýju eptir 60 ár.

Hv, þm. spurði, hve lengi þetta gjald ætti að greiðast. Það lítur þannig út fyrir, að hann hafi ekki lesið 14. gr. frv.! Þar er það skýrt tekið fram, að gjaldið skuli greiðast meðan húsið stendur. Spurningu hans um það, hvað verða eigi af fyrningarsjóði þegar frikirkjan kemst á, þarf jeg ekki að svara. Hv. framsm. hefur tekið af mjer það ómak.

Jeg hef lengi grunað hv. þm. um, að hann vildi stúta þessum frv., enda brá hann í niðurlagi ræðu sinnar hnífnum úr barminum. Hann sagði, að brt. sínar væru í rauninni ekki annað en varatill., það eina rjetta væri, að drepa frv. strax, enda væri ekki nægilegt fje fyrir höndum til lánveitinganna. En þar skjátlast hv. þm., því að jeg get hermt honum þau orð hv. ráðherra, að í viðlagasjóði voru við síðastliðin áramót 885,000 kr. í reiðufje. Svo enda þótt allar lánveitingarnar stæðu, sem teknar hafa verið upp í fjárlögin, og þessum væri bætt við, þá væri nóg fje fyrir höndum samt.

Það er gjörsamlega ástæðulaust, að vera að ógna þm. með reiði kjósenda út af frv. þessu, og sletta því, að hjer sje að raunalausu verið að bæta í búi fyrir prestunum. Jeg fyrir mitt leyti hræðist hana ekki. Jeg hef ekki haft ástæðu til að halda sjerstaklega með prestastjettinni, og legg þó áherzlu á, að einmitt þetta frv. gangi fram Það er *alveg útlátalaust* fyrir almenning, en til *mikils hagnaðar* fyrir prestastjettina. Þinginu er miklu fremur sómi en skömm að því, að styðja frv.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Margt flaug mjer í hug, er ræða hv. 2. þm. Rvk. (G. B.) dundi yfir. Það var eins og hann væri að eggja deildina lögeggjan. Opt hef jeg heyrt stinnar ræður hjer á þingi, en enga slíka á þessu þingi, og jeg vona, að jeg eigi það ekki eptir, að heyra aðra eins. Og er það því ver af stað farið, sem allt hefur til þessa gengið með friði og spekt á þessu þingi. Menn hafa verið að spyrja mig út í frá, hvernig á því stæði, að ekkert rifrildi væri á þinginu, og hvort ekki mætti við því búast, að einhver slík »skemmtun« kæmi bráðum á daginn. Nei, jeg hef ætíð svarað, að þess ætti jeg engar vonir, sem betur færi. En

nú er það komið. Og það er þessi hv. þm., er hefur leitt þann ófögnuð inn. Hvern sóma hann kann af því að hafa, og hvert gaman það kann að verða mönnum, skal jeg ekkert um segja.

Þessi kuldi, og þessi óvirðing, er hvervetna lýsti sjer í ræðu hans í garð prestanna, má ef til vill virða honum til vorkunnar, en hitt getur enginn virt honum til vorkunnar, er á bak við liggur, vanþekkingin og misskilningurinn á málefninu. Menn verða að gá að því, að þetta er í rauninni ekki lán til prestanna, heldur til prestsembættanna. Lánin borgast af prestsembættinu sjálfu, og húsin verða eptir á eign *embættisins*, en ekki prestsins, svo þetta er í raun og veru þannig, að presturinn endurborgar lánin úr sínum eigin vasa, af sínum eigin tekjum, en fær *ekkert* í staðinn. Þessu víkur allt öðru vísi við, en þeim lánum, er læknar hafa fengið til að byggja sjer íbúðarhús. Þegar prestar hafa fengið slík lán, þá hafa þeir ekki einungis orðið að borga þau skilvíslega, heldur hafa þeir einnig orðið að standa skil á byggingunni. Öðru máli er að gegna um læknana. Þeir hafa margir fengið lán til húsabygginga, en þannig vaxin, að þegar endurgreiðslunni er lokið, eru húsin þeirra eign. Þess veit jeg að minnsta kosti dæmi til í minni sýslu.

Hinn háttv. þm. kvað það mega nægja, að Ed. hefði hækkað laun prestanna um 50 kr., þó ekki sje farið að veita þeim hlunnindi að auki. Það er von, að honum vaxi sú hækkun í augum! Hann er ekki vanur að vera svona sýtinn, hinn háttv. þm., um aðrar launaupphæðir, t. d. til handa læknum, eða um fjárveitingar til sjúkraskýla. Þá er ekki hikað við að láta hlaupa á hundruðum! Það var ekki ætlun mín, að fara út í neinn samanburð; en úr því hinn háttv. þm. endilega hefur viljað það, þá tek eg þetta fram til þess að sýna, hve rjettlætistilfinningin er næm, eða hitt þó heldur.

Það er svo sem engin óhæfa, þó prestunum væri veitt þessi lán, enda hefur bæði stjórnin og háttv. Ed. mælt með því. Og sízt er ástæða til, eins og þessi mál eru orðin vel undirbúin, að fara að rugla þeim og róta á síðustu forvöðum, enda skil jeg þær aðfarir svo, sem þær sjeu eigi sprottnar af velvildarhug til málsins heldur af óvildarhug til hlutaðeigandi stjettar. Háttv. þm. ljet sjer jafnvel sæma að mana okkur prestana. Við skyldum nú sýna, hversu hreinhjartaðir við værum, og láta ekki kapp og sjerdrægni halla rjettu máli. Hafi hjer verið beitt kappi af nokkurs manns hálfu, þá er það hinn háttv. þm. sjálfur, sem á upptökin að því.

Háttv. þm. mun geta sjeð, að hann veður reyk; það er auðheyrt, að hann þekkir ekki vel til húsa á prestssetrum, og að segja, að þetta sje óhugsað, nær ekki nokkurri átt, þar sem formaður kirkjumálanefndarinnar og kennari prestaskólans, háttv. 2. kgk. þm., hefur haft það með höndum og aðallega hugsað málið, og er hann líklega eins fær í reikningi og háttv. þm. sjálfur. Samanburðinn við smjörbúin hefði verið óhætt að láta vera. Þótt háttv. Ed. hafi fært niður styrkinn til þeirra, þá er það af sennilegum ástæðum.

Jeg verð að biðja að afsaka, að jeg hef orðið helzt til harðorður í garð hins háttv. þm., en hann má sjálfum sjer um kenna, því það er hann, sem hefur komið okkur í þetta skap.

Háttv. þm. ætti að hafa þá sanngirni, þar sem hann sjálfur situr í hálaun-

uðu embætti, að sjá, að aðrar stjettir hafa rjett til að lifa við þolanleg kjör, og sízt situr það á háttv. þm., þar sem hann nú á þinginu hefur fengið fram lög um, að bæta kjör sinna eigin stjettarbræðra. En svona umbót, og hjer er um að ræða, er hann á móti, þegar prestsstjettin á í hlut; hefðu það verið læknarnir, hefði orðið annað hljóð í strokknum.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Út af þesaum fellibyl, sem farið hefur gegnum deildina verða fyrst fyrir mjer tveir málshættir; jeg veit ekki, hvort jeg á heldur að segja: mikils þótti nú við þurfa, eða hitt, sem líklega er rjettara: af sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það voru sjerstaklega tvö atriði, sem jeg byggði á andmæli mín gegn frumv. Fyrst það, að þessi ákvæði um byggingarlán úr viðlagasjóði eru óhagkvæm, og það er því síður rjett, að veita þau, sem ríki og kirkja verða bráðum aðskilin, og komast byggingarnar undir yfirráð ríkisins. Í annan stað sýndi jeg fram á, að þetta mál væri svo vaxið, að frumv. ætti að hverfa af þinginu vegna þess, að ástæður leyfa ekki að veita þetta lán úr viðlagasjóði, þar sem þá verður að neita lánum til miklu þarfari fyrirtækja. Þetta var allt og sumt. Annað var ekki innihald ræðu minnar. Jeg verð að segja það, að jeg er jafn sannfærður um þetta nú og áður en þessir 4 háttv. þm. tóku til máls.

En það bólaði á *öðru* í þessum ræðum, sem ekki kemur beint málinu við, en jeg vona þó, að hæstv. forseti leyfi mjer að svara því engu að síður af því orðunum var snúið að mjer. Mjer var borið á brýn, að jeg bæri kalt þel eða jafnvel hatur til prestsstjettarinnar og drægi um of taum minnar eigin stjettar. Það er satt, að jeg hef verið fylgjandi nýjum lögum, sem stefna í þá átt, að bæta kjör stjettarbræðra minna, en þar sem háttv. sessunautur minn sagði, að þau færu fram á að hækka laun þeirra úr landssjóði, þá er það ekki rjett, því að launin eru ákveðin lægri en nú allt í allt, og hvað taxtann snertir, þá kemur það út í þingtíðindum, það sem jeg hef sagt og skrifað um það atriði og það álít jeg nægilegt svar gagnvart þjóðinni. Þessir prestar, sem láta sjer svo annt um sína stjett hefðu getað sparað sjer þau orð um mig, að jeg bæri óhug og illvilja til prestsstjettarinnar. Jeg á þau ekki skilin, og það er eptirtektarvert, að í fyrsta sinni, sem andmælum er hreyft í kirkjumálinu, þá þykir það goðgá og það er eins og þingið komist allt í uppnám. (*Ólafur Ólafsson:* Nei, það var af því, hvernig það var úti látið). Það er eins og mönnum vaxi í augum þessi breyting, sem hefur orðið á kjörum læknanna. En þó eru nú í dag tvö önnur mál á dagskrá í þá átt, að bæta launakjör prestanna. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Hvernig var það hvorttveggja áður?) Áður var það svo, að prestar fengust í prestaköllin allopt-ast, en þau táu, sem standa auð, sakna þess ekki almennt, að prestinn vantar, svo að það gjörir ekkert til; en hvað læknahjeruðin snertir, þá fengust engir læknar í mörg þeirra, en það er stórtjón bæði fyrir þessi hjeruð og þjóðina alla.

Jeg get skilið, að þm., sem eru prestar, hafi sárnað samanburðurinn á þörfinni á barnaskólum og þörfinni á prestssetrum og jeg hef haft ánægju af því, að heyra þessa presta halda lofræður um sína stjett og þvo sjálfa sig, en mest gaman hafði jeg af einu, sem háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) sagði, og sagði það satt, að það væri óþarft að tala um þetta mál. Það er rjett,

það er óþarft, því að forlög þessa máls eru fyrir löngu ákveðin hjer í deildinni. Við því er ekkert að gjöra. Í öðru lagi er það óþarft af því, að hvað sem þingið gjörir nú við þessi mál, þá er það sannfæring mín, að þjóðin kemur innan skamms og gjörir annað við þau.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg ætla ekki að vera langorður. Hjer hefur aðallega verið hreyft tveim mótbárum. Önnur sú, að lánskjörin sjeu of væg, en hin, að ekki sje fje til að lána. Þetta hvorttveggja er brakið, því að þingið hefur veitt lán með vægari kjörum. en hjer er farið fram á,og viðlagasjóður á handbærar um 885,-000 kr. eptir skýrslu hæstv. ráðh. Og úr því að stjórnin álítur gjörlegt, að lána fjeð, finnst mjer ekki nein ástæða fyririr þingmenn til að setja ímyndaða fjárvöntun fyrir sig.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvík): Á frumv. þessu eru gallar, skoðað frá landssjóðs hlið. Lánstíminn er of langur og vextirnir of lágir. Hingað til hefur verið lánað gegn 5% og til mikið skemmri tíma, en hjer er farið fram á. Það er ekki sanngjarnt að borga jafnt af láninu allan þennan langa tíma, frá 1. ári til þess síðasta, gagnvart prestunum sjálfum. Það er stór munur að nota hús fyrstu árin meðan það er nýtt eða síðustu árin, þegar það er hrörlegt og þarf viðgjörða. Því miður er engin breyt.till. um, að stytta lánstímann, jeg tók ekki eptir þessu í tíma. 25 ár væri hæfilegur tími. Að sönnu er hjer breyt.till., um að hækka vextina og með henni greiði jeg atkv. (*Forseti:* Misskilningur, vextirnir eru eins, en afborganir hækkaðar). Þess vegna er jeg með henni. Þegar það er athugað, að þessi prestakallalán geta hlaupið upp í 300,000 kr., þá er það aðgæzluvert, að ætla landssjóði svo mikið fjarframlag, þar sem svo margt annað þarf til hans að sækja.

Þórhallur Bjarnarson, (þm. Borgf.): Jeg ætla að gjöra örstutta athugasemd við ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.). Aðalmótbára hans var, að lánstíminn væri of langur. Jeg er viss um, að h. þm. hefur ekki íhugað málið nógu vel. Hann er svo sanngjarn maður, að það getur ekki verið hans meining, að presturinn eigi að kosta dýra byggingu og borga allt úr sínum vasa, en það er afleiðingin af því, að færa lánstímann niður í 20—25 ár.

Í Danmörku og Norvegi er ekki hærri afborgun en $^1/_2$%; þar byggja menn prestssetrin upp með löngum lánum , minnst 60 ára; það er ekki hægt öðruvísi; og þegar Danir veita húsmönnum lán, þá er það til 103 ára og enn mildari kjör.

Rjett er það hjá háttv. sessunaut minum (Tr. G.), að það er sitt hvað að búa í nýju húsi eða gömlu, og frá því sjónarmiði ætti afborgun að vera hærri fyrstu árin en þau síðustu. En á hinn bóginn hefur sá, sem byggir, svo mikinn kostnað af byggingunni og fyrirhöfn; hann borgar alltaf meira og minna úr sínum eigin vasa. Það er þá ekki of mikið, að hann fái þessi þægindi í staðinn.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg ætla ekki að tala langt, en það var eitt atriði hjá háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), sem jeg finn ástæðu til að mótmæla, en jeg skal enda það, sem jeg lofaði og vera stuttorður, því að háttv. þm. er dauður. Hann svaraði ræðum okkar prestanna með þessum málshætti. Sannleikanum verður hver sárreiðastur. Jeg skil ekki hvernig hv. þm. fór að finnast sá málsháttur eiga við. Hvernig í dauðanum áttum við

að verða reiðir sannleikanum í ræðu hans, þar sem að hún hafði ekki neinn sannleik að geyma. Háttv. þm. fór ekki með neinn sannleik, þegar hann sagði, að til væru mörg prestlaus köll á landinu, og enginn mundi sakna prestanna. Jeg er hræddur um, að ef vel væri leitað, þá mundu finnast þau læknishjeruð, sem væri ekki mikil eptirsjón að lækni sínum, og mundu vilja vinna til að vera læknislaus, ef þau gætu sloppið við hann. Jeg er ekki hneigður fyrir að fara út í neinar stjettadeilur, en úr því farið er að nota þingsalinn til að óvirða prestsstjettina, þá væri líka mátulegt, að litið væri niður í pokann hjá læknastjettinni. Ennfremur sagði hinn háttv. þm., að sjer hefði verið skemmt, að heyra okkur hvern á fætur öðrum halda lofræðnr um prestsstjettina. Það vantaði nú ekkert annað, en að við værum þeir ræflar, að þora ekki að segja sannleikann, og láta prestsstjettina njóta sannmælis, þegar hún er óvirt og á hana er ráðizt. Hann sagði, að við gætum engin andmæli þolað. Það er ekki rjett. Við þolum andmælin vel. En hitt líkaði oss illa hvernig hann bar andmælin fram. Það má gjöra hlutina á misjafan máta, og svo er líka um andmælin. Það má bera andmæli þannig fram, að enginn hafi óvirðing af andmælunum, en það má líka haga þeim þannig, að aðrir sjeu með þeim meiddir. Svo var hjer, og því urðum við að svara.

ATKV.GR.:

1. br.till. (510) við 1. gr. felld með 16 atkv. gegn 4.
2. br. (510) við 2. gr. felld með 16 atkv. gegn 3.
3. br.t. (510) við 2. gr. þar með fallin.
4. br.till. (510) við 13. gr. tekin aptur.
5. br.till. (510) við 14. gr. tekin aptur.
6. — (510) — 15. — — —
7. — (510) — 16. — — —
8. — (510) — 17. — — —
9. — (510) — 18. — — —

Frv. sþ. með 20 atkv. gegn 1 og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXXVI. Vitagjald af skipum.

Á 3. fundi Nd., fimmtudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um vitagjald af skipum til 1. umr.

Ráðherrann: Eins og kunnugt er, er það ríkt nauðsyn fyrir samgöngur og verzlun á þessu landi, að bráður bugur sje undinn að því, að lýsa strendurnar betur með vitum heldur en nú er. En til þess að geta staðizt kostnað við vitabyggingar og vitahald, er nauðsynlegt, að innheimta vitagjald af skipum, sem til landsins koma. Hingað til hefur orðið að takmarka vitagjaldsgreiðsluna við þau skip, sem fara fram hjá Reykjanesi, af því að vitinn þar er sá eini landtökuviti, sem landið hefur átt, og meðan enginn slíkur viti er til á leið þeirra skipa, sem koma að Austurlandinu, eða koma norðan um land, hefur hingað til ekki þótt fært að heimta gjald af þeim skipum, sem þá leið fara. Nú er lagt fyrir þingið frumv. um bygging landtökuvita á Dalatanga eystra, og komizt hann á, sem jeg vona, þá þykir forsvaranlegt, að leggja vitagjald á öll

skip, sem til landsins koma, því flest munu þau geta haft not af öðrum hvorum vitanum, Reykjaness- eða Dalatanga-vitanum. Eins og auðsætt er af því sambandi, sem þannig er milli þessa frumv. og frumv. um bygging nýrra vita, er ætlazt til, að greiðsla samkvæmt þessu frumv. komi ekki til framkvæmda, fyr en Dalatangavitinn eða annar viti á Austurlandi er kominn upp. Það getur í fyrsta lagi orðið síðari hluta ársins 1908, og er það því prentvilla, er í þessu frumv. stendur, að lögin skuli öðlast gildi 1. janúar 1908. Meiningin var, að þau öðluðust gildi 1. jan. 1909, og get jeg þessa nefnd þeirri til athugunar, sem væntanlega fær frumv. til meðferðar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Sömuleiðis var því vísað til skattanefndarinnav í einu hlj.

Á 15. fundi Nd., föstudaginn 19. júlí, kom frumv. (A 84) til 2. umr.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Frumv. þessu var vísað til skattamálanefndarinnar, og eins og þskj. 84 ber með sjer, hefur nefndin ekki haft neitt verulegt að athuga við frumv., nema hvað henni virðist sektarákvæðin vera heldur lág. Hámarkið ætti að vera hærra, en farið er fram á í frumv. Hjer er um talsverð gjöld að ræða, ef skipin eru stór, og er þá 100 kr. allt of lítil sekt. Þess vegna hefur nefndin stungið upp á 10—200 kr. sekt.

Um hina breyt.till. þarf ekki að eyða mörgum orðum. Það er óeðlilegt, að þessi lög öðlist gildi fyr en 1909, þar sem vitarnir, er rjettlæta þetta gjald til fulls, verða ekki komnir á fyr en seint á árinu 1908, enda skýrði hæstv. ráðh. frá því um leið og hann lagði frumv. fram í deildinni, að ártalið 1908 í 4. gr. væri prentvilla, ætti að vera 1909.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg hafði búizt við, að háttv. nefnd mundi athuga frumv. betur, en raun hefur á orðið. Málið liggur öðruvísi við hjer en 1879; þá voru ekki önnur skip hjer, en franskar fiskiskútur, og það ekki nema um hásumarið, en nú er komin upp ný tegund fiskiskipa, sem eru hjer allt árið um kring. Fyrri lögin hafa verið framkvæmd þannig, að einungis þau skip, sem leita hafnar og hafa samgöngur við landsmenn, þurfa að greiða vitagjaldið, önnur ekki. »Trawlarar«, sem liggja hjer allan veturinn, og eru í hópum dögum saman í höfnum inni, sleppa hjá vitagjaldi. En ef skip ættu að greiða vitagjald, enda þótt þau ekki skiptu við landsmenn, er óhugsandi, að sýslumenn eða aðrir tækju að sjer innheimtu þess endurgjaldslaust, því að innheimtumennirnir þyrftu stöðugt að vera á ferðinni milli skipanna. En ef landganga er gjörð að skilyrði, þá má fullyrða, að mikið af vitagjaldinu tapaðaðist. Að minnsta kosti er það algengt á Vesturlandi, að »trawlarar« komi þar á hafnir dag eptir dag og viku eptir viku, og liggi lengri eða skemmri tíma, frá nóv. til apríl, en koma ekki í land, nema einstöku sinnum, á 3. mánaða fresti eða svo, þegar þá vantar tóbak og whisky. Öll fara þessi skip fram hjá vita, t. d. Reykjarnessvita. Það er ekki rjett, að láta slík skip sleppa við vitagjald. Það þarf að breyta þeim skilningi, sem verið hefur á lögunum hingað til, gjaldið verður að heimta, enda þótt skipin hafi engar samgöngur haft við landsmenn, og sýslumenn þurfa að fá innheimtulaun.

Jeg vil spyrja háttv. framsm. hvort ekki sje ástæða til að nefndin taki málið til frekari íhugunar.

Guðmundur Björnsson (2.þm.Rvik): Nefndin hefur alls ekki gengið fram hjá þessu atriði, sem háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) drap á, en henni hefur þótt sanngjarnlega kveðið á um þetta í síðustu málsgrein 1. gr. frumv., sem veitir ráðh. heimild til að semja um þetta. Virðist nálega sem háttv. þm. muni ekki hafa athugað greinina. Það væri ranglátt, að fiskiskip gyldu vitagjald í hvert skipti, sem þau fara í milli landa, enda tíðkast það víða í útlöndum að veita fiskiskipum ýmsar ívilnanir.

Jeg fæ ekki annað sjeð, en að tekið hafi verið fyllilega tillit til þessa í frv., og býst ekki við, að það verði betur gjört á annan hátt.

Jóhannes Ólafsson (V.-Ísaf.): Jeg gleymdi að minnast á ákvæðið í síðustu málsgrein 1. gr. um heimild ráðh. Íslands til að gjöra samninga við stjórnir annara ríkja um vitagjald af skipum þeirra, er reka fiskiveiðar hjer við land, og er jeg þakklátur háttv. frsm. fyrir að hann minnti mig á það.

En jeg get alls ekki sjeð, að það ákvæði gjöri nokkura breytiugu á því fyrirkomulagi, sem nú er og útlit er fyrir að haldast muni, þó að þessi breyting á upphæð vitagjaldsins verði samþykkt, nefnilega, að þau skip sjeu að eins skyld að greiða gjaldið, sem skipshöfnin af hefur samgöngur við landsmenn, og mjer finnst það ekki rjett, að greiðsluskylda þessa háa gjalds sje komin undir því, hvort skipsmenn vantar einhverjar nauðsynjar eða ekki nauðsynjar, t. d. ölföng eða tóbak.

Jeg gæti hugsað mjer, að samningur sá, er ráðh. gjörði, yrði um lægra vitagjald af þeim fiskiskipum, sem stunduðu veiðar hjer að jafnaði allt árið og gjörðu margar ferðir heim og að heiman á árinu, en ættu svo þessi skip að eins að greiða gjaldið, þegar þau eða skipverjar hefðu samgöngur við landsmenn, yrði slíkur samningur að eins tap fyrir landssjóðinn. Yrði slíkur samningur aptur þannig, að ákveðið gjald yrði greitt fyrir hvert fiskiskip fyrir veiðitima þess á árinu hjer við land og þá þannig, að gjaldið greiddist frá því landi, sem skipið væri frá, beint í landssjóð, þá auðvitað tapaði landssjóður engu á þeim skipum, en aptur yrði þá ómögulegt fyrir innheimtumenn að vita, hvort þetta eða hitt skip, sem á höfn legðist, væri frá því eða þeim ríkjum, er slíkur samningur hefði verið gjörður við, og mundi því fyrirhöfn þeirra opt geta orðið að engu. Þess utan litlar líkur til þess, að þeir legði mikið á sig til þess að innheimta gjald þetta, þegar þeir — eins og frv. nú er — ekkert hafa fyrir ómak sitt.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg skildi háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) svo, að hann teldi það rangt, að sleppa íslenzkum skipum, sem nota ísl. hafnir, en ekki hafa samgöngu við land, undan greiðslu vitagjalds. Hingað til hefur vitagjald að eins verið heimt af skipum, sem haft hafa samgöngu við land. Óg jeg tel mjög vafasamt, að lengra verði farið, en hugsa má um það til 3. umræðu.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi segja. Mjer datt í hug, að það væri rjettara, að frumvarpið um byggingu vita væri afgreitt áður en þetta mál væri útkljáð; mjer sýnist þess vegna bezt að flýta sem mest fyrir því frumv. og fresta 3. umr. um þetta.

Þar sem hjer er ekki um annað að ræða, en endurbygging vitanna, sem nú eru, þá hef jeg talið það vafasamt, hvort það sje sanngjarnt að leggja

vitagjaldið á þau skip, sem fara beint til Norður- eða Vesturlandsins. Jeg ætlaði mjer þess vegna að koma með breyt.till. við 1. gr., en jeg hætti við það aptur, vegna þess, að ef leidd eru rök að því, að þetta gjald ekki sje ósanngjarnt, vil jeg ekki svipta landssjóð þeim tekjum, sem hann af því mundi hafa; því jeg er þeirrar skoðunar, að honum veiti ekki af öllum sínum roðum og uggum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta; jeg vona, að mönnum skiljist, að þau skip, sem koma frá útlöndum beint til Norður- eða Vesturlandsins, geta naumast haft nokkurt gagn af þessum tveimur vitum; stefna þessa frumv. er því nokkuð önnur en í núgildandi lögum, þar sem ekki er í ráði að byggja neina nýja vita.

Ráðherrann: Jeg er alveg á sama máli og hv. þm. Ak. (M. K.), að rjettast sje, að þetta frv. sje ekki afgreitt frá deildinni, fyr en frv. um bygging vita er samþ., eða víst verður um örlög þess. Það er tekið fram í aths. aptan við þetta frv. að till. um að gjöra vitagjaldið almennt, byggist á því, að reistur verði vitu á Austurlandi. Að því er snertir atriði það, sem hv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ó.) gat sjerstaklega um, þá skal jeg játa, að það hef jeg ekki gjört mjer vel ljóst. Jeg veit ekki, hvort jeg hef skilið hv. þm. rjett, jeg var ekki í deildinni, þegar hann byrjaði ræðu sína. En ef það er meining hans, að tryggja það, að vitagjald verði innheimt af öllum skipum, sem inn á firði koma, hvort sem þau hafa nokkurn samgang við land eða ekki, þá er jeg hræddur um, að einhverjum nýjum ákvæðum þurfi við að bæta, sem enn eru ókomin. Eptir orðalagi núgildandi laga um þetta efni, er ekki hægt að sjá annað, en öll skip, sem á hafnir koma á því svæði, er lögin ná yfir, og koma sunnan um land, sjeu vitagjaldsskyld. En að þau skip, sem engan samgang hafa haft við land, ekki hafa greitt gjaldið, kemur einungis til af því, að það hefur ekki verið hægt að ná því hjá þeim. Sömu ástæðurnar, sömu framkvæmdarerfiðleikarnir eru fyrir hendi, þótt gjaldið sje nú útvíkkað, að það skuli innheimt um land allt. Jeg vildi því biðja hv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ó.) um að skýra nánara frá því, hvert fyrirkomulag hann hefur hugsað sjer til þess að þessu gjaldi verði náð af þeim skipum, sem alls ekki hafa neinar samgöngur við land. (*Jóhannes Ólafsson:* Jeg er dauður við þessa umr.) Það er nógur tími til þess við 3. umr málsins.

Jeg vil leyfa mjer að styðja till. um, að þetta frv. verði ekki afgreitt hjer frá deildinni, fyr en sjeð er hversu frv. um bygging vita reiðir af. (*Forseti:* Á það að skoðast sem till. um að málið verði tekið út af dagskrá?) Frv. getur fyrir því gengið til 3. um., ef hún verður ekki höfð fyr, en hitt málið er útkljáð.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. í e. hlj.

2. — — - - -.

Brt. við 3. gr. sþ. í e. hlj.

3. gr. með áorðnum breytingum sþ. í e. hlj.

Brt. við 4. gr. sþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 37. fundi Nd., föstudagiun 30. ágúst, kom frumv. (A 110, 112) til 3. umr.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg á breyt.till. á þgskj. 112, sem komin er fram út af umr., sem jeg vakti um mál þetta við 2. umr. Hún fer frem á að innheimtumenn fái 20% af

vitagjaldi á fiskiskipum. Jeg reyndi að sýna fram á við 2. umr., að ef innheimtumönnum væri ekkert goldið fyrir innheimtuna, væri hætt við, að mörg skip mundu sleppa undan. Jeg skal taka það fram, að það er ekki af neinni löngun til þess að auðga sýslumenn eða hreppstjóra, að jeg flyt till. þessa heldur eingöngu til þess að tryggja innheimtuna. Jeg sýndi fram á það við 1. umr., að fjöldi skipa mundi sleppa hjá vitagjaldi, þótt þau leituðu til hafna, en eptir 1. gr. frumv. eiga öll skip, sem til hafna leita, að greiða vitagjald. Sú heimild, sem ráðherra er veitt í 1. gr. til þess að semja um vitagjald af skipum við önnur riki mundi verða alveg gagnslaus, af þeirri einföldu ástæðu, að ekkert riki mundi geta gengið inn á að borga af skipum þannig, að gjaldið væri greitt frá hlutaðeigandi löndum til Íslands, því fjöldi af útlendum fiskiskipum halda ekki dagbækur, svo ómögulegt yrði að vita eptir á, hvort skipin hefðu komið hingað til landsins, eða ekki, og þess eru dæmi, að fiskiskip frá Englandi eða Bandaríkjunum hafa ætlað annað til fiskiveiða, en snúið við og leitað hingað. Um slík skip er ríkjunum ómögulegt að vita.

Annað mál væri það, að ráðherra mætti gjöra samninga, sem tryggðu það, að útgjörðarmenn skipanna greiddu vitagjaldið, ef skipstjórar hefðu þrjózkazt við, að gjöra það. Það er allur fjöldi skipa, eins og jeg hef áður sagt, sem til hafna leita og hafa ekki samgöngur við landsmenn, en liggja að eins á höfnum í vondum veðrum á vetrum, og mundi verða töluverð fyrirhöfn, að komast út í þau, og jafnvel háski, svo að þá mundi fara að saxast á þessi 20%, sem innheimtumenn fengju.

Í þessu sambandi vil jeg skjóta því til hæstv. ráðherra, hvort ekki mundi tiltækilegt, að breyta lögunum frá 1875 um afgreiðslugjald af fiskiskipum. Þau eru langt frá því sanngjörn nú eptir því, sem peningar hafa fallið í verði síðan. Auk þess er það aðgætandi, að sum ríki munu hafa breytt lestarrúmi í skipum, eða það hef jeg heyrt þá menn seeja, sem kunnugir eru, svo að þau skip, sem áður voru um 200 tons, munu nú vera um 100 tons. Jafnframt kæmi þá til álita, hvort ekki ætti að breyta gjaldinu þannig, að landssjóður fengi nokkuð af því.

Jeg hygg, að það væri ekki ósanngjarnt nú, að það væri hækkað upp úr 5 og 10 aurum upp í 10 og 15 aura. og fengi þá landssjóður helming af því, sem sýslumenn innheimtu, en þriðjung af því, sem umboðsmenn þeirra innheimtu.

Jeg vil ennfremur geta þess, að þetta er ekki fram borið af eigingirni frá minni hálfu, þar sem jeg hvorki hef verið nje er afgreiðslumaður þessara skipa, þó að svo hafi verið sagt hjer í deildinni, að jeg sem hreppsstjóri væri skyldur til að hafa þetta starf á hendi. Út af þeim ummælum vil jeg geta þess, að jeg var einu sinni svo einfaldur líka, og er það reyndar enn, að halda, að mjer sem hreppsstjóra bæri að hafa starf þetta á hendi, og fór þess á leit við þáverandi sýslumann, að mjer væri afhent þetta starf, en sýslumaður kvað nei við, en sagðist geta falið það þeim, er sjer sýndist. Jeg skrifaði því amtmanni um málið og hann áleit, að hreppstjóra bæri að hafa starfa þennan á hendi, en rjett um það leyti urðu amtmannaskipti og þá tilkynnti sýslumaður mjer, að hinn nýji amtmaður hefði tjáð sjer, að hann

væri sjer alveg samdóma í máli þessu, og af þeirri ástæðu er það, að jeg enn ekki hef haft starfa þennan á hendi.

Jeg vona, að þegar menn athuga það, sem jeg hef sagt, muni menn greiða atkv. með þessari brtill. minni, því að hún miðar til þess að ábata landssjóð en ekki til að skaða hann, að minnsta kosti allstaðar þar sem jeg þekki til.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 112 við 2. gr. samþ. með 24 atkv. gegn 1, að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson.
Jón Magnússon,	
Björn Bjarnarson,	
Eggert Pálsson,	
Einar Þórðarson,	
Guðl. Guðmundss.,	
Guðm. Björnsson,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Hermann Jónass.,	
Jóhannes Ólafss.,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stef., þm. Eyf.	
St. Stef., þm. Skgf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 42. fundi Ed., mánudaginn 2. septbr., kom frumv. (A 462) til 1. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg vildi að eins leyfa mjer, að vekja máls á því, að í síðasta málslið 1. gr. er kveðið svo á, að ráðh. Íslands hafi heimild til að semja við stjórnir annara ríkja, um vitagjald. Þetta orðalag finnst mjer ekki eiga við, og vildi jeg því, þar sem jeg að öðru leyti hef ekkert sjerstakt að athuga við frumv., vekja máls á því, hvort ekki mundi mega koma með breyt.till. við þetta, án þess að vísa málinu til nefndar. Mætti þá ef til vill breyta orðalaginu á þá leið, að ráðh. hlutaðist til um, að samið yrði við stjórnir annara ríkja.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. september, kom frumv. (A 462) til 2. umr.

Umræðulaust var gengið til atkv. og var

1. gr.	frv.	samþ.	í	e.	hlj.
2. gr.	—	—	-	—	—
3. gr.	—	—	-	—	—
4. gr.	—	—	-	—	—

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 49. fundi Ed., þriðjudagina 10. september, kom frumv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXXVII. Bygging vita.

Á 4. fundi Nd., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um bygging vita til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. var vísað til 2. umr. í e. hlj., og því næst til fjárlaganefndarinnar.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv. (A 350, 405) til 2. umr.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það gætí verið ástæða til að byrja á afsökun á því, hversu seint þetta mál kemur frá nefndinni. En það liggur í því, að þetta mál hefur verklega verið að skapast í hendi í sumar í þá stefnu, sem frá er skýrt í nefndarálitinu.

Athugasemdirnar við stjórnarfrumv. og sömuleiðis nefndarálitið gjöra óþarfa langa framsögu um þetta mál.

Þá nauðsyn hefur að borið, að byggja verður þegar í sumur vitaturn úr steinsteypu á Reykjanesi í stað hins fyrirhugaða járnturns, og verður hann miklu dýrari. Undir engum kringumstæðum má fresta byggingunni. Afleiðingarnar mundu verða ægilegur voði og stórfelld óþægindi, og jafnvel þjóðarskömm, ef gamli turninn hryndi og vitalaust yrði. Bygging steinsteyputurns tekur lengri tíma, og krefst svo mikils undirbúnings í vegagjörðum og fleira, sem nú er unnið að, en eins og vikið er að í nefndarálitinu, er eigi vonlaust, að verkinu verði lokið á þessu ári.

Þetta vildi nefndin taka sem skýrast fram, til þess að mönnum skiljist, hvernig það hefur verið óumflýjanlegt að byrja á verkinu áður en fjeð var veitt af þinginu. Fjárlagan. vill með engu móti, að þetta geti nokkurn tíma orðið fordæmi þess, að núverandi eða einhver komandi stjórn færi að brúka óveitt fje. Hjer stendur alveg sjerstaklega á með þessa vitabyggingu.

Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, veiktist Brinck verkfræðingur, er athugað hafði Reykjarnessvitann, þegar hann kom heim úr Íslandsför sinni, svo að skýrsla hans kom eigi hingað til lands fyr en með vorinu. Þá var þegar skorað á flotamálastjórnina dönsku að flýta undirbúningnum að byggingu járnvita; og loks í ofanverðum júnímánuði kom endanlegt afsvar frá henni um, að ómögulegt væri að fá þennan járnturn í sumar. Jeg hef ekki orðið þess var, að nokkur dráttur hafi átt sjer stað af stjórnarinnar hálfu, svo að henni verði um kennt að málið hefur tekið þessa stefnu, og þessi neyðarkostur kom, að ráðast nú þegar í bygging steinsteyputurnsins með 34,000 kr. hækkun. Vitabyggingin verður að komast á þessu ári í framkvæmd. og menn verða að gjöra sjer vonir um, að verkfræðingurinn hafi rjett fyrir sjer í áætlun sinni og áliti um, að þetta verði stæðilegt til frambúðar.

Í morgun kom breyt.till. í þessu máli (á þgskj. 405) frá 2 háttv. þm. Fjárlaganefndin hefur ekki átt kost á að ræða þær með sjer. Verulegasta breyt.till. er sú, að setja upp vita á Siglunesi í staðinn fyrir á Dalatanga, og láta sjer nægja að gjöra 5,000 kr. umbót á Dalatangavitanum. Hæstv. ráðherra er þessu máli kunnugri en jeg, og býst jeg við skýringum frá honum. En jeg skil ekki, að þetta sje fært. Eptir þeim skjölum að dæma, sem nefndin hefur haft fyrir sjer, og eptir ástæðum þeim, sem færðar eru

í stjórnarfrumv., verður þessi nýi viti að koma upp á Dalatanga með þessum kostnaði. Þar er ekkert undanfæri. Jeg veit líka, að þeir þingmenn, er kunnugastir eru þar eystra, líta á þetta atriði svo. Hitt mun háttv. flutningsmaður hafa athugað, að Siglunesvitinn er talinn næstur í röðinni á eptir Dalatangavitanum í áætlun flotamálastjórnarinnar, og að hann er sá, er fyrst á að byggjast næst landtökuvitunum. Að því, er til kostnaðaráætlunarinnar kemur, að hvor þessara vita muni kosta 20,000 kr., er víst óhætt að játa, að áætlunin er ekki rökstuddari fremur um annan vitann en hinn; hvortveggja áætlunin mun nokkuð af handa hófi. Frá þeirri hlið engin fjarstæða að skipta um vitana. En eigi að veitast fje nú þegar á þessu þingi til vitabyggingar á Siglunesi, þá verður sú fjárveiting að koma beint sem viðbót.

Það er vikið að því í áliti nefndarinnar, að henni hefði verið kært, að geta lagt til, að bætt væri við einum vita, og þá helzt á Norðurlandi. En nefndin treystist eigi til að fara fram á stærri fjárveitingu, en þær 104,000 kr. er ganga til þessara tveggja vita, Reykjanessvitans og Dalatangavitans. Hinu býst hún aptur á móti við, að á hverju þingi framvegis nú um nokkurra ára skeið þurfi að leggja fram jafnmikla upphæð til vita og nú, eða 100,000 kr. á fjárhagstímabili. Og þá stendur Siglunesvitinn efstur á blaði á næsta þingi. Það skakkar því að eins einu ári um hann, ef hann gæti komizt upp sumarið 1909, eptir vetrarþingið.

Sem stendur verð jeg að leggja á móti því, að áðurnefnd breyt.till. sje samþykkt, heldur verði frumv. stjórnarinnar látið halda sjer óbreytt, að öðru leyti en því, er fjárlaganefndin hefur lagt til.

Ráðherrann: Jeg er þakklátur nefndinni fyrir meðferð hennar á þessu máli. Stjórninni hefur vissulega ekki verið nein ánægja að því, að þurfa að fara fram á þessa auknu fjárveitingu til Reykjanesvitans. En það var ekki hægt að eiga það á hættunni, að láta undir höfuð leggjast, að framkvæma breytinguna þegar í haust. Og hjá því varð ekki komizt, að fara að láta byrja á verkinu, áður en þingið samþykkti lög um það, enda bar flestum þingmönnum, sem stjórnarráðið ráðfærði sig við, saman um, að sjálfsagt væri að byrja á verkinu strax. Samkvæmt þeim undirtektum, vona jeg, að breyt.till. nefndarinnar verði vel tekið.

Þá breyt.till., að setja nú þegar vita á Siglunes, en sleppa vitanum á Dalatanga, að öðru leyti en því, að veita ofurlitla upphæð til aðgjörða á honum, get jeg með engu móti aðhyllzt. Það er augljóst, að ef haldið verður áfram á næstu þingum, að veita jafn-mikla upphæð til vita eins og nú, þá liggur fyrir, að byggja vita á Siglunesi. En fyrst er að koma upp vitum, sem geta gjört okkur mögulegt, að útvíkka vitagjaldið.

Flestum mun bera saman um, að þeir vitar, sem fyrst þarf að leysa af hendi, eru landtökuvitarnir, og að minni hyggju væri einna mest þörf á, að gjöra vita á Dyrhólaey. En landtökuviti á Austurlandi er og alveg bráð-nauðsynlegur og skilyrði fyrir því, að vitagjald verði krafið af skipum, sem koma »norðan um land.«

Að sjálfsögðu á slíkur viti að ganga fyrir Siglunesvitanum, sem ekki getur verið landtökuviti, heldur að eins innsiglingarviti eða leiðbeiningarviti

fyrir skip, er fara fram hjá Siglunesi. Aptur á móti mundi viti á Dyrhólum og viti á Austurlandi gjöra aðalgagn þeim skipum, er frá útlöndum koma til landsins. Má vera, að deildar sjeu meiningar um, hvar setja skuli vitann á Austurlandi, hvort heldur á Dalatanga, Horni, Seley eða jafnvel á Skrúð. En hitt ber öllum saman um, er til þekkja, að á einhverjum af þessum stöðum verði fyrst að setja vita, á undan öllum öðrum stöðum á landinu.

Þetta, að landtöku-vitarnir komizt fyrst á, verður að vera skilyrðið fyrir fjárveitingum þingsins til vitabygginga.

Stjórnarráðið hefur athugað þær ástæður, sem hver hefur fært fyrir sínum vitastað, og borið sig saman við skipstjóra og aðra menn, er vit hafa á, og hefur því þótt rjettast, að halda Dalatanga fram yfir Seley, Skrúð og Horn. Í Seley yrði vitinn miklu dýrari, einkum kostnaður við þjónustu, þar sem hann yrði á eyju.

Jeg vil einnig um leið og jeg legg á móti breyt.till., taka það fram, að viti á Siglunesi á ekki að koma næst eptir landtökuvita á Austurlandi, heldur yrði að ganga á undan viti í Dyrhólaey, á Sljettu eða Langanesi, og jafnvel viti á Öndverðarnesi, því þeir væru nauðsynlegri.

Þá tala jeg hjer að eins um Siglunesvitann sem dýran landssjóðsvita, kostaðan eingöngu af landsfje.

Öðru máli væri að gegna, ef um það væri að ræða, að styrkja sýslufjelögin til, að koma þar upp einhverjum litlum vita, líkt eins og Arnarnesvitanum vestra, til þess að leiðbeina þeim, er sigla á Siglufjörð eða Eyjafjörð.

Til slíks fyrirtækis af sýslufjelaganna hálfu mundi landssjóður vafalaust leggja eitthvert tillag.

Magnús Kristjánsson (þm. A.-k.): Svo virðist sem breyt.till. okkar muni ekki fá góðan byr; að minnsta kosti hafa háttv. framsm. og hæstv. ráðh. tekið henni dauflega. En till. er alls ekki borin fram að ástæðulausu, sem jeg skal sýna með rökum. Jeg ímynda mjer, að mörgum þyki illa farið, að verja jafnmiklu fje, á annað hundrað þúsunda króna, til þess að byggja upp tvo vita, án þess að feti sje framar stigið í þá áttina, að fjölga vitum. Og jeg verð að halda því fast fram, að það sje ekki forsvaranlegt, að láta undir höfuð leggjast, að fjölga vitunum að minnsta kosti um einn á hverju fjárhagstímabili.

Jeg gat ekki verið samdóma því, að nauðsynlegt sje að leggja fram svo mikið fje til aðgjörðar vitanum á Dalatanga; byggi jeg það á umsögn sjómanna, sem vel eru kunnugir, og gott skyn bera á það mál. Þeir segja, að Dalatangavitinn geti aldrei skoðast sem aðallandtökuviti; til þess væru aðrir staðir á Austurlandi betur fallnir, t. d. Seley, Gerpir eða Horn. Og þar sem sjáanlegt er, að þessi viti getur aldrei orðið nema innsiglingarviti, sem auðvitað kæmi Seyðisfirði og næstu fjörðum að miklu gagni, þá ætti að nægja að kaupa ný ljósáhöld, og bæta yfir höfuð ljósfærin, til þess að hann yrði góður innsiglingarviti, en landtökuviti getur hann naumast skoðazt. Með þessum hætti mundi sparast fje til þess að koma upp góðum vita á Norðurlandi, sem þá væri einna mest þörf að hafa á Siglunesi, því að bæði er þar útgrynni mikið, og því hættulegt að nálgast mjög land þar í myrkri, og auk þess er mjer nær að halda, að hvergi hjer á landi komi fleiri skip beina leið

frá útlöndum en þangað. Þess vegna á jeg bágt með að skilja röksemdir hæstv. ráðh. fyrir því, að Austurland eigi að sitja svo mjög í fyrirrúmi hvað vita snertir, því ekki leita skip ætið landsins fyrst þar.

Það er engu líkara en, að þeir menn, sem mest hafa fengizt við undirbúning þessa máls, hafi einkum haft fyrir augum hag þess útlenda fjelags, sem mestar skipaferðir rekur hjer við land. Það er auðvitað, að skipaferðum þess er svo háttað, að skip þess koma þar venjulegast fyrst að landi.

Mjer kom það mjög á óvart, er hinn hæstv. ráðh. sagði, að Siglunessvitinn yrði ekki einu sinni næstur þessum vitum, heldur yrði jafnvel að bíða um óákveðinn tíma, þangað til aðrir vitar yrðu gjörðir.

Eitt var enn, sem mjer kom undarlega fyrir, nefnilega það, að til þess að rjettlæta lögin um vitagjald væri það eitt nægilegt, að stækka vitann á Dalatanga. Það get jeg ekki fallizt á, því með því einu móti verður þetta gjald skoðað rjettlátt, að viti komist upp á Norðurlandi jafn snemma. Það eru mörg skip, sem þangað koma, sem sjá aldrei land austan við Rauðagnúp, og geta því ekki haft not af Dalatangavitanum, enda geta hans lítil not orðið, nema fyrir Austfirði. Ef lögin um vitagjald af skipum verða samþ., ætti svæðið frá Seyðisfirði til Ísafjarðardjúps, ekki að vera vitalaust sem áður. Ef heimtað væri vitagjald af skipum, sem þangað fara, væri það alveg eins, og ef húseigandi heimtaði af leigufólki sínu gjald fyrir ljós, sem hann neitaði því um að fá.

Jeg vona því, að hin háttv. deild skoði vandlega huga sinn, áður en hún fellir þessa breyt.till. okkar, þar sem jeg þykist hafa sýnt með rökum, að þörfin á vita er fullt eins mikil á Norðurlandi og á Austurlandi. Og þó að tillaga okkar væri samþykkt, þá er Dalatangavitinn ekki í neinum voða fyrir því; nefndinni mundi varla verða skotaskuld úr því, að smeygja honum inn aptur við 3. umr., ef það við nánari rannsókn reyndist nauðsynlegt.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hef fáu að bæta við það, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) sagði, viðvíkjandi Siglunesvitanum. Þær upplýsingar get jeg gefið, að af nálægt 170 skipum, sem afgreidd voru á Siglufirði í fyrra sumar, hafði fullur þriðjungur ekki tekið land austan Rauðagnúps á Langanesi. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje varhugavert, að taka gjald af skipum fyrir leiðarljós, sem þau aldrei sjá. Auk þeirra skipa, sem frá Norvegi koma, er fjöldi skipa, sem lengra kemur sunnan að, sem aldrei koma svo nálægt Dalatanga, að þau njóti vitans þar. Jeg get þessa að eins af því, að mjer skilst, sem mönnum sje nokkuð óljóst þetta mál. En það ætti að vera auðskilið, að þau skip, sem hafa ekki gagn af Dalatangavitanum, og til Norðurlands fara, eru svo mörg, að það er ekki rjett að leggja á þau vitagjald, nema byggður sje einhver viti, sem þau hafa gagn af.

Um Dyrhólavitann er jeg samdóma hæstv. ráðherra. Hann er nauðsynlegur; ekki þeim skipum, sem hafna þurfa að leyta hjer við land, heldur fyrir þann mikla flota fiskiskipa, sem þar eru úti fyrir við veiðar. Jeg skal verða síðastur til að mæla í móti því, að leiðarljós verði sett upp á Ingólfshöfða og viti á Dyrhólaey. En benda vil jeg á það, að þá ætti fyrst að nota þá heimild, sem ráðherra er veitt í lögunum um vitagjald, til þess að semja við útlend ríki um gjöld af skipum, sem koma ekki að landi. Jeg vona, að samningar um það yrðu gjörðir

áður en vitarnir yrðu hlaðnir, því að tregt mundi veita eptir á að fá gjaldið. en það veit jeg með vissu, að sú málaleitun fengi góðan stuðning bæði á Þýzkalandi og Englandi af flotaeigendum, því að þeir tapa árlega stórfje fyrir það, að ekki er leiðarljós á þessum stöðum. Jeg sje því ekki, að það geti verið mótbára í móti vita á Siglunesi, að vita þarf á Dyrhólaey. Jeg býst varla við, að samningum um vitagjald af útlendum fiskiskipum, sem ekki leita hafna, verði lokið fyrr en 1909, og þá kæmi fyrst til að byggja þá vita.

Allt annað mál er um Siglunesvitann. Þau skip, sem hann nota, koma öll til hafna. Það stappaði nærri fullu ranglæti að leggja 20 aura vitagjald pr. ton á hvert þessara skipa fyrir leiðarljós, sem þau aldrei sjá, og ekkert gagn geta haft af.

Ráðherrann: Jeg veit ekki, hvort jeg hef skilið það rjett hjá háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að flest skip, sem til Norðurlands koma, sjái ekki land fyr en við Rauðagnúp. Jeg skil ekki, hvaðan þau skip koma. Öll skip, sem koma ekki úr Noregi fyrir norðan Þrándheim, verða að haga svo stefnu sinni, að þau sjái Austfirði. Þau skip, sem háttv. þm. meinar, verða þá að koma mjög norðarlega frá Noregi eða frá Spitzbergen. En til landsins koma skip víðara að, en frá því nyrðsta norðri; skip koma líka frá Danmörk, Englandi, Þýzkalandi og Frakklandi. En mjer er spurn: Komu þau 170 skip, sem h. þm. telur að komið hafi á Siglufjörð í fyrra, ekki flestöll að sumrinu. Jeg hygg, að svo hafi verið. En nú er ekki kveikt á vitum fyrr en í ágúst, en þá fára flest skip frá landinu aptur, eptir að hafa gjört því lítið gagn, sem vert sje þess að styrkja það með vitum.

Jeg dreg alls ekki í vafa, að vita sje þörf á Siglunesi, en það getur ekki útilokað þörfina á öðrum vitum. Það er alls enginn vafi á, að meiri þörf sje vita á Dyrhólaey, á Öndverðarnesi, Sljettu eða Langanesi. Jeg ímynda mjer, að komizt verði af með leiðbeiningarljós á Siglunesi, líkt og Arnarnesvitinn er, sem kostaði ekki nema 3—4 þús. kr., en það verður að bíða síns tíma, því að ekki er hægt að leggja fje til margra vita á fjárhagstímabilinu og hið nauðsynlegasta verður að sitja fyrir.

Jeg get ómögulega sjeð, að það sje ranglátt, að skip, sem koma til Norðurlands, austan um landið, borgi vitagjald, því þau hljóta að sigla nálægt Dalatangavitanum, jafnvel þó að þau komi ekki við á Austfjörðum. Hitt væri ranglátt að láta öll skip, sem til Austurlands koma, borga vitagjald eingöngu vegna vitans á Siglunesi, ef hann væri byggður, því ekki gætu öll skip, sem til Austurlandsins koma, haft gagn af honum. Annars vil jeg ekki lengja frekar umræður um þetta mál. Jeg vona, að hin háttv. þingd. lofi þessum tillögum stjórnarinnar að ganga fram; mjer þykir að vísu illt að setja mig á móti því, að viti verði byggður á Siglunesi, en jeg verð þó að greiða atkvæði á móti því í þetta sinn.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Það gladdi mig, að sjá í áliti hinnar háttv. nefndar, er hafði vitamálið til meðferðar, viðurkenningu fyrir því, hve mikil nauðsyn sje á vita á Siglunesi. Það mál hefur verið talsvert rætt á þingmálafundum heima í hjeraði, sjerstaklega á Siglufirði. Og hefur öllum þeim mönnum, er nokkurt skyn bera á það mál, komið saman um, að brýna nauðsyn beri til að setja vita á Siglunes, en hvort heldur það skyldi vera landtöku- eða innsiglingar-viti,

hefur ekki verið jafn mikið um rætt, en mín skoðun er sú, að hann yrði aðallega innsiglingarviti bæði á Eyjafjörð og Siglufjörð.

Hvað Siglufjörð snertir sjerstaklega, sem nú á hverju sumri má heita aðalsíldveiðastöð útlendinga hjer við land, þá hagar þar svo til, eins og máske mörgum háttv. þingdm. er kunnugt, að austan við innsiglinguna á fjörðinn, sem má heita örmjó, liggur hin svo kallaða Sigluneshella, sem er all varhugaverð vegna grynninga, þegar skip leita þar innsiglingar, en inn á þennan fjörð fara fiskiveiðaskip, bæði Eyfirðinga og Siglfirðinga venjulegast, þegar þau leita lands vegna illviðra. Af þessu er það sjáanlegt, hve mikil nauðsyn það er, bæði hvað snertir fiskiveiðar og siglingar fyrir Norðurlandi, að viti sje settur á Siglunes.

Á hina hliðina er það yfir höfuð ekki álitlegt fyrir skip, að verða að taka land á Norðurlandi, kannske í svartnætti eða hríðarbiljum, þar sem enginn viti er á allri norðurströnd landsins. Og það er naumast forsvaranlegt, að taka almennt vitagjald, meðan hvergi er kostað neinu til vita á þessari löngu leið, og þar sem um jafn fjölfarna skipaleið er að gjöra. Jeg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að viti á þessum stað sje bráðnauðsynlegur og óumflýjanlegt sje að vinda bráðan bug að byggingunni, og það því fremur, sem vitinn getur komið að afarmiklu gagni, þótt ekki sje kostað til hans stórfje; því þó hann væri ekki landtökuviti, sem lýsti langt út í haf, gæti hann eigi að síður komið að fullu gagni sem innsiglingarviti á Siglufjörð og Eyjafjörð, jafnvel í mörgum tilfellum greitt fyrir með innsiglingu á Skagafjörð. Mjer finnst þetta því ekki vera nema sjálfsögð sanngirni og rjettlætiskrafa af Norðlendingum, að þeir ekki lengur sje hafðir að olbogabörnum eður settir hjá, þar sem nú eru komnir upp vitar fyrir öllum hinum fjörðungum landsins, og vona því, að menn verði ekki á móti till.; í það minnsta þykist jeg viss um, að allir þeir, sem nokkuð þekkja til fiskiveiða og siglinga fyrir Norðurlandi, greiði atkv. sitt með því, að vitinn verði byggður sem allra fyrst.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Af því að hjer er rætt um vitamál yfir höfuð, vildi jeg segja örfá orð; jeg vildi gjarnan, að einum vita væri bætt við þá, sem gjört er ráð fyrir að reistir verði. Jeg hygg, að allir muni kannast við þann stað, sem jeg nú ætla að nefna, og muni telja það sjálfsagt, að þar verði reistur viti, en sá staður er þó ekki talinn í fyrstu röð í þessu máli. Jeg á við Langanes. Það gengur lengst til norðausturs, allt út að ísnafinu, og hlýtur, að jeg ætla, að marka aðalstefnubreytinguna, þegar siglt er á milli Norður- og Austurlands. Jeg tel það sjálfgefið, að þar eigi að reisa vita. Sjóliðsforingjarnir hafa sjerstaklega bent á Melrakkasljettu, og þar er náttúrlega heldur ekki vanþörf á vita. En hitt er mjer kunnugt um, að margir skipstjórar telja það enn þá nauðsynlegra að byggja vita á Langanesi. Það er þó ekki meining mín, að leggja á móti vitanum á Melrakkasljettu, þvert á móti; en mjer sýnist hitt jafn nauðsynlegt, og jeg vil taka það fram, að þegar á að innleiða almennt vitagjald, þá á einnig að *byggja vita* á báðum þessum stöðum. Skipaferðir eru mjög tíðar á þessu svæði langt fram eptir vetri, og hættan er mjög mikil; síðasta ár strönduðu á þessum stöðvum 4 skip, að jeg ekki nefni hin hörmulegu slys með »Kong

Inge« og »Kong Trygve«, sem bæði fórust á svæðiuu frá Eyjafirði og út af Langanesi.

Það gladdi mig, að hæstv. ráðherra sagði, að Melrakkasljetta og Langanes ættu að vera í fyrstu röð með að fá vita. En jeg viðurkenni auðvitað líka, að vitinn á Siglunesi er bráðnauðsynlegur; þessir 3 vitar eru það, sem fyrst þarf að byggja þar fyrir norðan; það er fyllsta nauðsyn til þess að fá þá alla; og svo framarlega, sem samþykkt verður að leggja almennt vitagjald á skip, sem sigla til landsins, þá er líka auðsæ rjettmæt krafa til þess, að vitar verði byggðir bæði fljótt og vel. Jeg vænti þess, að stjórnin undirbúi þetta mál undir næsta þing, svo að vitarnir á Melrakkasljettu, Langanesi, Siglunesi, Öndverðarnesi og Skaga komi upp sem allra fyrst; þeir eru allir jafn nauðsynlegir, því öll þessi nes skaga langt út og mikil sigling framhjá þeim öllum.

Eptir þeirri áætlun, sem fyrir liggur, þá þyrftu þeir ekki að kosta nema 20,000 kr. hver, og er það minna fje, heldur en hjer er farið fram á að veita til vitabygginga.

Jeg sje því ekki betur, en það mætti reisa þá alla á einu fjárhagstímabili.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það var að eins fátt eitt í ræðu hæstv. ráðherra, sem hann sjerstaklega beindi til mín, og jeg þarf að svara. Hann spurði mig, hvaðan þessi skip hefðu komið til Siglufjarðar í fyrra. Jeg get naumast svarað því öðru vísi en svo, að þau komu frá ýmsum löndum í álfunni; líklega flest frá Norvegi, en líka frá Englandi og Þýzkalandi. Hæstv. ráðherra sagði enn fremur, að flest þessi skip kæmu hingað um sumartímann, þegar vitar væru ekki kveyktir; það er nú ekki öldungis rjett; þau koma að vísu flest um sumartímann, en meiri hluti þeirra eptir 15. ágúst; og skipagöngur halda áfram allt fram í október. Auk þess kom eitt skip til Norðurlands í vetur um miðjan vetur, sem hvergi sá land fyr en við Norðurland.

En svo er það eitt atriði, sem hefur afarmikla þýðingu fyrir þetta mál, og það er það, að innsiglingarviti á Siglunesi er alveg nauðsynlegur fyrir fiskiskipa- og hákarlaskipa-flotann innlenda, sem er fyrir norðan land á veturna. Þar eru í marz og apríl milli 30 og 40 skip, sem opt verða að láta fyrirberast úti fyrir í vondum veðrum, af því menn treysta sjer ekki til þess að taka Siglufjörð eða Eyjafjörð vitalaust. Fyrir öll þau skip, sem þannig eru stödd, mundi innsiglingarviti á Sigtunesi koma að fullu gagni, en slíkur viti, ætti hann eingöngu að vera innsiglingarviti, mundi verða ódýrari, en það sem hjer er farið fram á. Það vil jeg taka skýrt fram, að eitthvert leiðarljós er sjálfsagt að setja upp á Siglunesi, svo framarlega, sem samþykkt verður að taka almennt vitagjald.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Það er ekki hægt að segja annað, en að það sje lofsvert af hinum hæstvirta ráðherra, að ganga undan öðrum með það, að láta ekki hreppapólitíkina ráða framkomu sinni, hvorki í þessu máli nje öðrum. En mjer þykir hann þó ganga heldur langt, ef hann vill ekki líta á hag síns kjördæmis í þessu máli. Annars vil jeg taka það fram, að þau ummæli hins hæstv. ráðherra, að skip, sem til Norðurlands sigla, taki fyrst land á Austfjörðum, eru blátt áfram sprottin af ókunnugleik. Það er hreinn og beinn misskilningur, að vitinn á Dalatanga sje landtökuviti. Það er innsiglingarviti á Seyðis-

fjörð. Engin skip, sem ætla beina leið til Norvegs, fara að krækja upp undir Dalatanga, til þess að leita að vita þar. Þau munu ekki leita landsins fyr en um Langanes eða Rauðanúp.

Þar sem hinn hæstv. ráðherra sagði, að flest skip kæmu til Norðurlands um það leyti árs, sem vitar eru ekki kveiktir, þá er það naumast rjett; það koma mörg skip til Norðurlands að haustinu og vetrinum. Jeg þykist líka vita, að einhver af þessum stóru nýju skipum, sem nú eiga að fara að ganga með auknum styrk af almannafje, muni ganga norður um land á veturna. Jeg skil ekki annað, en hæstv. ráðherra telji það skyldu sína, að sjá svo til, að fjelaginu sje gjört að skyldu, að senda skip einu sinni eða tvisvar á vetri norður um landið; en þó býst jeg við, að fjelaginu sje illa við, að senda skip í slíkar ferðir, meðan vitalaust er. Allar siðaðar þjóðir telja það skyldu sína, að greiða götu sjófarenda með leiðarljósum. Og jeg er sannfærður um, að þessi viti á Norðurlandi mundi koma í veg fyrir mikið eignatjón og spara mörg mannslífin. Þess vegna fjell mjer illa, að heyra orð hins hæstv. ráðherra, að það væri rjettara að fresta þessu um einhvern óákveðinn tíma, og vil jeg ekki að svo komnu leggja trúnað á, að þetta sje honum full alvara. Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar frekar að sinni.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Þegar jeg bað um orðið, vissi jeg ekki. að háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hafði beðið um orðið á undan mjer, en nú er hann »dauður« og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sjer. Jeg held, að hinn háttv. þm. taki þetta allt of stíft. Hann sagði í fyrri ræðu sinni, og eitthvað líkt í hinni síðari líka, að ef ekki væri fje veitt nú, væri framkvæmd þessa máls frestað um einhvern óákveðinn, kannske mjög langan tíma. Jeg sje ekki nokkra ástæðu til þess, að hafa slík ummæli. Það eru þegar veittar yfir 100,000 kr. til vitabygginga, og má það heita góð byrjun; og svo verður að sjálfsögðu veitt fje, líklega álíka mikið, á næstu fjárhagstímabilum, þar til helztu vitabyggingum kringum landið er lokið; Það ætti því engan veginn að standa lengi á því, að þessi Siglunesviti yrði byggður. Það er hægt að gjöra þetta á skömmum tíma vel, ef það er rjett, sem lauslega hefur verið ágizkað, að þess konar vitar eigi að kosta um 20,000 kr. hver. Ef nú verða aptur veittar 100,000 kr. til vita á næsta fjárhagstímabili, þá ættu flestir af þessum vitum, 5 af 6 eða 7, að geta komizt í framkvæmd á næstu árum. Jeg hygg því, að það sje rjett, sem háttv. framsm. sagði, að það muni ekki nema einu ári um Siglunesvitann, þótt breyt.till. sje felld. Að minnsta kosti geta háttv. flutnm. till., sem hafa áhuga á þessu, verið rólegir á þeim grundvelli, að það dregst aldrei lengur en 2 eða 3 ár. · Þegar komið er á almennt vitagjald, mun þingið finna bæði nauðsyn og skyldu til þess, að koma vitamálunum í gott horf. Þegar því er haldið fram, að það sje ekki forsvaranlegt, að heimta almennt vitagjald af skipum, sem norður fyrir fara, byggt á því einu, að þessi eini viti sje á Austurlandi, með því að hann sje að eins innsiglingarviti, og þau skip komi ekki til Austurlands, þá er það ekki allskostar rjett. Það er ekki rjett, að þessi góði viti við Dalatanga sje ekki annað en innsiglingarviti. Það má óhætt segja, að hann sje líka land-

tökuviti og ekki óhagkvæmur fyrir skip á öllum Austfjörðum suður til Fáskrúðsfjarðar. Það er að vísu krókur fyrir þau skip, er sunnar fara, að þurfa að átta sig á honum, en þó engin frágangssök. Jeg verð því að álita, að vitinn sje vel settur á Dalatanga. Sjálfsagt er Seley gott vitastæði,en þar er sá annmarki á, að þar er engin mannabyggð; og hitt er búið að rannsaka, að ekki er tiltækilegt að hafa vita á Gerpi. Á Norðfjarðarhorni mundi viti gjöra sama gagn, og á Dalatanga; þar er enginn munur á; en jeg tel hann þó engu betur settan þar en á Dalatanga. Viðvíkjandi því, að ekki sje rjett að leggja vitagjald á skip, sem fara norður um land og koma ekki við á Austfjörðum, er það að segja, að þau skip, er ætla til Norðurlands og þurfa að átta sig fyrri en við Melrakkasljettu, eiga öll kost á því, þar sem er þessi viti á Austurlandi. Auðvitað þarfnast hvorki þau skip, er norður um fara, eða önnur vita, ef svo er bjart að þau sjái greinilega til lands. Það hefur og verið tekið fram, og má leggja áherzlu á það, að mikill hluti þeirra skipa, sem sigla til Norðurlands án þess að koma við á Austfjörðum, kemur einmitt á þeim tíma árs, þegar skip þurfa sízt vita við.

Háttv. þm. V.-Sk, (Guðl. G.) sagði, að það væri hart, að leggja gjald á skipin, þar sem ekkert væri fyrir þau gjört. Það sem nú er gjört, er ekki svo lítið, í samanburði við ástæður okkar, sjerstaklega þegar þess er gætt, að það er ekki nema byrjun, sem svo á að halda áfram með, eins og við vitum að vakir fyrir öllum.

Jeg er ekki samþykkur því, að viti á Langanesi sje svo afarnauðsynlegur, en hygg aptur á móti að á Melrakkasljettu mundi hann hafa meiri þýðingu. Við Langanes er aðdjúpt og gott að glöggva sig á landinu, en við Sljettu eru grynningar og land flatt og vont að glöggva sig á því. Jeg hygg, að bezt væri að byggja góða vita á Sljettu og Skaga, og svo minni vita á Siglunesi til innsiglingar á firðina beggja megin. Þetta ætti að komast í framkvæmd 1910 að því er Siglunesvitann snertir, því að nauðsynin er þar óneitanlega mjög mikil sökum skipafjölda þess, er sækir til Siglufjarðar og Eyjafjarðar.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk): Jeg hygg, að enginn af háttv. þm. hjer í deildinni hafi farið leiðina kringum Norður- og Austurland jafnopt og jeg. Jeg byrjaði 1870 og fór hana stöðugt til 1893. Jeg tók vel eptir því, hvernig skipstjórar höguðu sjer á þeim ferðum. Það var vanalega svo, að þeir sóttust ekki eptir að taka land við Seyðisfjörð, heldur annaðhvort við Norðfjarðarhorn eða Borgarfjörð. Eins og menn vita, eru þokurnar aðalfarartálminn fyrir alla þá, er sigla að Íslandi austanverðu. En opt var einhver loptstraumur, sem gjörði það að verkum, að rofaði svo í þokuna á öðrum hvorum þessara nefndu staða, að landkenning fjekkst. Þess vegna leituðu skipstjórarnir helzt á selgskipunum lands þar, en ekki við Seyðisfjörð. Það var eingöngu fyrir framúrskarandi dugnað O. Wathnes, að viti komst á á Dalatanga. Honum kom vel, að skip sæktu á Seyðisfjörð, og sjálfur átti hann opt leið þangað, því kom hann upp þessum ómögulega vita, að mestu á sinn kostnað, en seinna fór landið að styrkja hann. Hefði þessu ekki verið þannig varið, þá hefði vitinn aldrei verið settur á Dalatanga, heldur á Norðfjarðarhorn. En úr því búið er að setja hann þarna, þá er varla að búast við, að hann verði fluttur þaðan, enda er ekki frágangssök, að hafa

hann þar, ef þokulúður er hafður þar með. Verður hann þá einn af landtökuvitunum við strendur landsins, og verður því að ganga fyrir öðrum smávitum, því að flest skip, sem norður um land sigla, þurfa að nota hann. Eptir því, sem jeg sá, hvernig skipstjórar höguðu sjer, tel jeg nauðsynlegast, að viti verði settur á Langanesið, en ekki Sljettu, sem háttv. þm. Sfj.k. (J. J.) hjelt fram. Skipstjórarnir sjá það, sem eðlilegt er, að betra er að sækja að landi í myrkri eða þoku, þar sem er hreinn sjór úti fyrir eins og við Langanes, en forðast að sigla fast að landi í myrkri, þar sem eru sker og útgrynningar, eins og er víða norðan við Sljettuna. Af sömu ástæðu hefur mig alltaf furðað á því, að menn skuli vilja byggja vita á Seley við Eskifjörð, því að þar í kring er óhreinn sjór og grynningar. Þess vegna tóku þau skip, er sigla vildu t. d. til Djúpavogs, ætíð land við Norðfjarðarhorn eða Skrúðinn, og sigldu síðan suður með landi. Að því er Siglunesvitann snertir, þá skil jeg ekki að nokkur geti kallað hann landtökuvita, því að skipstjórar, sem sjá Langanes, stefna optast beina leið á Grímsey þegar dimmt er, og sigla síðan annaðhvort inn á Húsavík, eða á Eyjafjörð, eða lengra vestur, af því að við Grímsey er hreinn sjór og dýpi nóg. Það er, eins og háttv. þm. Sfjk. (J. J.) sagði, Siglunesvitinn er innsiglingarviti og annað ekki. En landtökuvitar, sem eiga að vera í fyrirrúmi, skilst mjer að verði þessir:

1. á Dyrhólaey eða Ingólfshöfða.
2. á Langanesi.
3. á Látrabjargi (heldur en Skaga).
4. á Öndverðarnesi.

Þetta hljóta að verða aðalvitarnir, hinir meira og minna innsiglingavitar. Jeg sleppi að nefna vita á Norðfjarðarhorni, úr því að á að hressa upp á Dalatangavitann, þótt jeg hefði talið hitt betri stað.

Jeg er alveg samþykkur því, að það þarf að koma sem fyrst upp aðal-vita einhversstaðar á Austur- eða Norðurlandi, úr því að lög eru samin, um að taka vitagjald af skipum, sem þangað sigla, og hann ætti þá, eins og jeg hef tekið fram, helzt að vera á Langanesi. Þar mætti fá góðan vita fyrir nálægt 30 þúsund kr.; hann þarf ekki að vera hár, nesið sjálft er nógu hátt. Jeg mun því greiða mitt atkvæði með því, að veita fje til vita þar, en aldrei því, að skipta á Siglunesi og Dalatanga, því að það væri fjarstæða. Af hverjum hundrað skipum, sem hafa gagn af Dalatangavitanum, mundu ekki fleiri en 15 eða 20 hafa gagn af vita á Siglunesi.

Þetta get jeg borið um af reynslunni af því, að jeg þekkti svo mörg ár skipaferðir til Norður- og Austurlandsins.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg get sagt það nú, sem jeg gat ekki sagt í byrjun umræðunnar. Nú hef jeg átt tal við alla nefndarmenn, og eru þeir allir mótfallnir því, að skipta á Dalatanga og Siglunesi. Við höldum fast við það, sem við höfum áður lagt til um þetta efni. Annars bera umræðurnar það með sjer, að talsvert eru skiptar skoðanir um það, hver vitinn eigi að sitja fyrir, hvort á Siglunesi, Sljettu eða Langanesi, og hvort ekki megi komast af með minna ljósker á Siglunesi. Þetta verður allt til þess, að styrkja þá skoðun nefndarinnar, að bezt sje að breyta eigi frekar til í þessu efni frá frumv. stjórnarinnar.

Hæstv. ráðherra tók það fram, að

hann gæti ekki gjört sjer eins góðar vonir, eins og jeg hafði gjört mjer um það, að Siglunessvitinn kæmist á á næsta þingi.

Það er rjett, að á undan þessum vitum kringum landið verða landtökuvitarnir að ganga, og það er líka tekið fram í nefndarálitinu, og er þá Portlandsvitinn efstur á blaði. En jeg vil minna háttv. deild á það, að þótt hann sje mest áríðandi, og þótt hann komist á á næsta fjárhagstímabili, þá er ekki áætlað, að hann kosti meira, en 75 þús. kr., svo að þá er ekki útilokað, með 100 þús. kr. fjárframlagi, að reisa megi annan vita, sem kostar 20,000 þús. kr.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 405 við 1. gr. felld með 14 atkv. gegn 3.

1. gr. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar og á þgskj. 405 við 2. gr. samþ. með 18 atkv.

2. gr. þannig breytt samþykkt með 18 atkv.

3. gr. samþ. með 20 atkv.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 20 atkv.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst, kom frumv. (A 430, 443) til 3. umr.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Þótt breyt.till. okkar, sem kom fram við 2. umr., fengi ekki mikinn byr, höfum við þó leyft okkur að koma með aðra breyt.till. nú, sem gengur í svipaða átt, í þeirri von, að háttv. þm. hafi nú kynnt sjer málið svo rækilega. að þeim sje það ljóst, hvílíkt nauðsynjamál við höfum hjer að flytja.

Við 2. umr. voru færðar fullgildar ástæður fyrir því, að brýn þörf sje á Siglunesvitanum, og þarf jeg eigi að endurtaka þær hjer. Að eins skal jeg benda á þá ástæðu, sem ein út af fyrir sig ætti að vera nægileg til þess, að málinu væri flýtt sem mest. Hún er sú, að innlendi fiskiflotinn, mest að vísu sá norðlenzki, en einnig nokkuð að sunnan, sem á haustin einmitt stundar mest veiðar út af Siglufirði og Eyjafirði, verður nú vegna vitaleysisins, að hætta veiðum um miðjan september, eða ef til vill snemma í september. Það er sem sje allt of mikil áhætta, að vera þar, þegar nótt tekur að lengja og dimma, og allra veðra er von. Skipin verða að vera að veiðum svo nærri landi, að ef óveður kemur á nætururþeli, og stendur á land, þá er stór háski búinn, ef leita þarf lands upp á líf og dauða. Öðru máli væri að gegna, ef þarna væri viti, sem skipin gætu áttað sig á. Þá mundu þau geta verið að veiðum mánuði lengur, og hljóta allir að sjá, hve mikla þýðingu þetta hefur, ekki einungis fyrir útgjörðina heldur og fyrir landið í heild sinni, sem tekur drjúgan skerf af aflanum.

Eina skynsamlega ástæðan, sem fram gæti komið gegn þessari breyt.till., er sú, að þar sje farið fram á oflítið fje. En jeg álít, að það ætti ekki að geta komið að sök. Auðvitað getur stjórnin, ef hún vill, bætt því á aukafjárlög, er á vantar, en ef hún treystir sjer ekki til þess, þá gæti hún fengið fjeð veitt á næsta þingi svo snemma, að verkið kæmist í framkvæmd í tæka tíð, ef þingið, eins og til er ætlazt, kemur saman í febrúar 1909. Við rannsókn málsins kemur það auðvitað fram, hver kostnaðurinn verður, hvort þetta fje nægir eða ekki, og færi svo, að sú upphæð, sem hjer er til tekin, reyndist of lítil, má telja víst, að þingið hafi vit á, að veita það fje, sem með þarf til þess, að vitinn verði að fullum notum.

Jeg vona svo, að jeg þurfi ekki að tala meira um þetta að sinni. Það

ætti að vera háttv. þm. svo ljóst, að þeir greiddu eigi atkv. á móti því.

Ráðherrann: Jeg ætla að eins að lýsa því yfir, að ef brt. á þgskj. 443 verður samþ. með þeirri breytingu, sem lagt er til á þgskj. 461, þá mun stjórnin láta rannsaka, hvort hægt sje að koma upp fyrir 10,000 kr. vita á Siglunesi, er verða megi viðunanlegur innsiglingarviti. En komi það í ljós, að eigi verði unnt að koma þar upp vita fyrir þessa upphæð, eða að það mundi raska fyrirætluninni um vitabyggingar almennt á ströndum landsins, þá get jeg ekki lofað, að þessi heimild yrði notuð. Leiddi t. d. rannsóknin það í ljós, að nauðsynlegt væri að byggja stærri vita á Siglunesi, þannið að fara yrði fram á aukna fjárveitingu, þá gæti það ekki orðið fyr en á fjárlagafrv. næsta þings, í fyrsta lagi í febr. 1909. Þar af leiðir, að í rauninni er óþarft að samþykkja þessa fjárveitingu nú. Það mundi hafa sömu þýðingu og vera fullt eins gott, að því væri lýst yfir á þessu þingi, að vitabygging á Siglunesi skuli tekin til athugunar til þess tíma, og ef það væri álitið hægt að koma vitanum upp fyrir 10,000 kr. til þess tíma, þá skuli till. um fjárveitingu til þessa fyrirtækis tekin upp á aukafjárlögin 1909.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnason Það var of mikið sagt af háttv. þm. Ak. (M. Kr.), að till. á þskj. 461 hafi verið borin fram að tilmælum framsm. fjárlaganefndarinnar í vitamálinu. Hitt væri rjett hermt, að framsm. skaut því að flutnm. till. á þskj. 443, að hann byggist við, að öll fjárlaganefndin mundi verða á móti till. sakir orðtaksins »*skal* verja«, þar sem mjög vafasamt er, að 10 þús. kr. komi að fullu gagni, en aptur á móti mundi nefndin eða meiri hluti hennar geta verið með því, að gefa heimild til, að stjórnin *mætti* verja þessari upphæð til vitabyggingar á Siglunesi, ef undanfarin rannsókn kæmist að þeirri niðurstöðu, að viti fyrir það verð gæti komið þar að fullu gagni sem innsiglingarviti, og það fyrir báða firðina, og í annan stað ef það fyrirtæki ræki ekki á hið almenna vitaplan.

Fyrir hönd fjárlaganefndarinnar get jeg því að eins sagt þetta, að meiri hluti hennar muni greiða atkv. með till. á þskj. 443, ef henni er breytt þannig að í staðinn fyrir »*skal* verja« komi »*má* verja.« Með þessum fyrirvara er það meiningin, að stjórnin megi nota þessa upphæð (10 þús. kr.) til vitans, ef hyggilegt þykir að komast þar af með svo ódýran vita.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg get ekki verið með breyt.till. á þskj. 443, og það af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi vil jeg, að landtökuvitarnir sitji í fyrirrúminu, því að jeg er hræddur um, að bygging þeirra kynni að dragast, ef farið væri að eyða fje til þess að byggja smávita. Og í öðru lagi álít jeg það fje, sem hjer er nefnt, ekki nægilegt til vitabyggingar á Siglunesi, er koma mætti að fullum notum. Það væri betra fyrir þær sveitir, er hjer eiga hlut að máli, að bíða þangað til nákvæm rannsókn og áætlun væri gjörð, og geta svo fengið betri vita, þótt það yrði ári síðar.

Magnús Kristjánsson: Jeg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir það, hvernig hann tók tillögu minni nú, en um hitt get jeg ekki verið honum samdóma, að óviðfelldið sje að setja þetta inn í þessi lög. Jeg get ekki sjeð, að neitt sje því til fyrirstöðu, að minnsta kosti, ef í staðinn fyrir orðtakið »*skal* veita« kemur »*má* veita«; tillagan er þá í fullu samræmi við uppástungu framsögumanns.

Háttv. framsögumaður nefndarinnar

vildi draga úr því, að hann hefði farið fram á það við mig, að breyta orðalagi tillögunnar. En jeg verð að segja, að mjer finnst það koma svona hjer um bil í sama stað niður, hvort maður kallar það tilmæli, áskorun eða bendingu. Hitt er víst, að hann ljet í ljósi við mig, að hann væri því sjerlega hlynntur, að þetta næði fram að ganga. Jeg skil því ekki í öðru, en að hann muni styðja tillögu *mína* eptir föngum, enda þótt mjer fyndist hann í ræðu sinni, telja ýmsa annmarka á þessu fyrirtæki.

Að vísu heyrði jeg minnst af því, er háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) sagði, og ef til vill gjörir það ekki mikið til. En mjer skildist þó, að ræða hans stefndi í nokkuð aðra átt en ummæli hans um þetta efni við 2. um. Þá talaði hann margt um það, að hann hefði ferðast allra manna mest með ströndum landsins, og ljet í ljósi, að eptir sinum óviðjafnanlegu kunnugleikum, hefði hann komizt að þeirri niðurstöðu, að viti á Siglunesi væri bráðnauðsynlegur. Jeg skil því ekki, að hann hafi skipt svo mjög skoðun síðan, að hann greiði atkvæði á móti þessari fjárveitingu. Og þó hann gjöri það, þá mun það reynast, að tillagan hefur nóg fylgi hjer í deildinni, þótt hans atkv. missi við.

ATKV-GR.: Breyt.till. á þgskj. 461 samþ. í e. hlj.

Viðaukatill. á þgskj. 443 1. liður sþ. með 17 atkv.

2. liður samþ. án atkv.

Frumv. breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 42. fundi Ed., mánudaginn 2. september, kom frumv. (A 172) til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. með 12 atkv.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. september, kom frumv. (A 472) til 2. umr.

Enginn tók til máls og var því gengið til atkv.

1. gr. samþ. með 12 atkv.
2. — — — — —
3. — — — — —
4. — — — — —

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 atkv.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. september, kom frumv. til 3. umr.

Frnmv. var umræðulaust samþ. með 12 atkv. og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XXXVIII. Skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.

Á 4. fundi Nd., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. má skoða sem nokkurskonar mælikvarða fyrir trúnni á framtíð þessa lands og viljann til að leggja nokkuð á sig fyrir

þá, sem lifa eiga á ókomnum tímum. Það er ekki hægt að búast við því, að það fyrirtæki, sem hjer er um að ræða, gefi af sjer neinn arð í dag eða á morgun. Hjer er farið fram á, að leggja á sig kostnað til þess að reyna að gjöra landið betra, vistlegra og fegurra fyrir börn vor og þeirra börn. Það byggist á þeirri ósk, að gróður landsins ekki einungis haldist við, heldur aukist og margfaldist á ókomnum árum, og það byggist á því trausti, að það, sem hefur verið, geti orðið aptur. Í þessu frv. er sjerstaklega gjört ráð fyrir að gjöra tilraun til að hepta sandfok í tveim sýslum landsins, Árnes- og Rangárvallasýslum, og mætti sú viðleitni vera byrjun að samskonar tilraunum víðar um landið. Skóggræðslutilraunirnar eru nú sem stendur undir stjórn tveggja danskra manna, þeirra Próf. Prytz og forstjóra Ryders, en eptir því, sem þær aukast og störfin verða umfangsmeiri, verður það alveg ómögulegt og heldur ekki viðeigandi, að forstjórnin sje falin mönnum erlendis, er leggi starf sitt fram fyrir ekkert. Það er nauðsynlegt, að forstaða þessara mála verði falin innlendum starfsmanni, sem hafi næga sjerþekkingu í skógræktarmálum. Sama er að segja um hinn lið frumv., sandgræðsluna. Þar er einnig byrjað á tilraunum, og til þess að þær eigi nokkurra framfara von, er óhjákvæmilegt, að forstjórn þeirra sje í höndum manns, er hafi sjerþekkingu í þeim efnum og geti hagað aðgjörðunum eptir því, sem bezt á við.

Nú vill svo vel til, að hægt mun verða að fá til þessa starfa mann, er hefur sjerþekkingu í skógrækt, og auk þess reynslu hvað sandfokshepting snertir, og ættu því þessi lög að geta komizt fljótt í framkvæmd.

Það skal tekið fram, að eigi áleizt fært, að launa þetta tvöfalda vandastarf með minna fje, en farið er fram á í frv., því að öðrum kosti er þess lítil von, að til þessa fáist hæfur maður, er fullnægi kröfum vorum, ef hann fær eigi eins góð kjör og þau, er Danir veita fyrir sams konar starfa. Þeir prófessor Prytz og forstjóri Ryder hafa og lýst því yfir, að þeir telja það óhjákvæmilegt skilyrði fyrir framtíð og viðgangi skóggræðslunnar hjer á landi, að þannig sje um hnútana búið viðvíkjandi forstjórn skógræktarmálanna. Jeg vona, að mönnum vaxi þessi kostnaður ekki í augum. Hann er lítill í samanburði við hið mikla og veglega verkefni, sem embættinu er sett.

Að endingu leyfi jeg mjer að mæla með frv., og vona, að háttv. deild taki á því með velvildarhug.

ATKV.GR: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Stungið var upp á 3 manna nefnd, og sú uppástunga samþ. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þingmönnum og voru þeir þessir: Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf., Ólafur Thorlacíus, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Ólafur Ólafsson og Árni Jónsson.

Urðu síðan þessir fyrir kjöri í nefndina með hlutfallskosningu:

Þórhallur Bjarnarson
Ólafur Thorlacíus,
Eggert Pálsson.

Í nefndinni var Eggert Pálsson kosinn formaður og Þórhallur Bjarnarson skrifari og framsm.

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. september, kom frumv. (A. 434, 523) til 2. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. hefur ekki fengið sem beztar undirtektir hjá þeirri háttv. nefnd, sem hefur haft það til meðferðar, þar sem hún skil-

málalaust ræður til að stytta því stundir. En jeg imynda mjer þó, að það sje ekki af því, að nefndin vilji ekki styðja skógræktina hjer á landi frekar en nú er gjört, heldur af því, að henni hafi þótt farið fram á nokkuð mikið í frv., þar sem ekki er að eins gjört ráð fyrir ýtarlegum ráðstöfunum til heptingar sandfoks, heldur einnig farið fram á, að yfirframkvæmdarstjórinn yfir skógrækt og sandgræðslu landsins skuli vera embættismaður með launum, allháum eptir hjerlendum mælikvarða.

Jeg skal nú ekki fara út í að endurtaka það, sem komið hefur fram við 1. umr., viðvíkjandi þessu embætti; það er búið að ræða svo mikið um það, að það virðist óþarft að gjöra það meira, og sjerstaklega er nóg komið um það, sem kom fram í fyrra sumar meðal alþingismanna.

Jeg get skilið það, að eptir þeirri stefnu, sem þingið vill halda í launamálum, þyki 5,000 kr. nokkuð há laun; það hefði nú raunar verið hægt að fara hjer að, eins og farið var með símastjóra landsins, að veita persónulega launauppbót, en hafa launin lægri, en það hefur nefndinni ekki þóknazt, heldur hefur hún ráðið til að fella frumv. með skírskotun til þess, hvaða meðferð málið fjekk í fjárlagafrumv. hjer í deildinni. Eins og menn muna, varð það ofaná við atkvæðagr. um fjárlögin, að veita á nafn tiltekins manns, grasafræðings, 3,000 kr. til mýrarannsókna og til þess að hafa á hendi formennsku skógræktarmálanna; en sandfoksheptingartilraunirnar voru lagðar undir Búnaðarfjelagið, sem raunar hefur ýmislegt annað að hugsa; en það má vera, að það sjái sjer fært að snúast einnig við þessu.

Jeg álít nú, að það hafi ekki verið alveg rjett hjá háttv. nefnd, að byggja álit sitt og till. á þessum tveim atriðum, sem samþykkt voru í fjárlögunum í þessari háttv. deild, því að jeg hygg, að þeim atriðum megi báðum breyta enn, og sjeu þau því enn sem komið er helzt til laus grundvöllur að byggja á. Jeg hygg, að hitt hefði verið rjettara, að fresta því, að koma með nýbreytingar um þetta atriði í fjárlögunum, þangað til útsjeð var, hvernig þessu frumv. reiddi af.

Jeg hef nú að vísu enga von um það, að frumv. nái fram að ganga óbreytt; en langt er á milli þess og algjörðs falls, og því hef jeg leyft mjer, að koma fram með nokkrar miðlunartill. í því trausti, að háttv. deild vilji sýna, að hún sje málinu hlynnt, hafi trú á því, að þessi viðleitni megi bera ávöxt með tímanum. Í breyt.till. eru ekki gjörðar eins strangar kröfur til lærdóms yfirskógvarðarins eða skógræktarstjórans eins og gjört er í stjórnarfrumv. og því eru launin til hans færð niður. Hjer er að eins það skilyrði sett, að skógræktarstjóri skuli hafa stundað skógrækt á Norðurlöndum, þar sem það í frumv. var gjört að skilyrði, að hann skyldi hafa innt af hendi próf, sem stæði jafnfætis fullu skógræktarprófi í Danmörku. Ákvæðin í breyt.till. eru orðuð með það fyrir augum að tryggja það, að maðurinn hafi aflað sjer »praktiskrar« þekkingar á því, sem bezt muni henta hjer á landi; hvort sem hann svo hefur gjört það í Norvegi, Svíþjóð eða Finnlandi; það gjörir ekkert til, ef hann að eins hefur »praktiska« æfingu og hefur sýnt, að hann kunni til þess starfs, sem hjer þarf á að halda.

Launin hef jeg sett 3,000 kr. í brtill., og vona jeg, að allir verði mjer samdóma um, að það er ekki of hátt, enda er það sú upphæð, sem sumir háttv.

þm. könnuðust við, að hafa viljað verja til þessa í fyrra. Jeg hef ekki í brtill. fellt burtu ákvæðið um, að þetta embætti skuli veitt af konungi; jeg hafði fyrir augum, að sjálfsagt væri — ef þetta frumv. verður samþ. — að fyrst væri fenginn maður og settur »konstitúeraður« við þennan starfa, en að ekki kæmi til mála að veita embættið fyr en reynsla væri fengin fyrir því, að maðurinn væri starfinu vaxinn og að hann hefði numið íslenzka tungu, ef ekki væri um íslenzkan mann að ræða. En hins vegar álít jeg það rjett, að það standi í lögunum, að staða þessi skuli veitt sem embætti, því það er uppörfun fyrir þann mann, sem í þessa stöðu kann að verða settur, að afla sjer þeirrar þekkingar, sem nauðsynleg er, og reyna eptir megni að verða sem nýtastur, og eins er það trygging fyrir því, að geta haldið duglegum mönnum í embættinu. Slíkum embættum fylgir eptirlaunarjettur um öll Norðurlönd, og því er ekki nema eðlilegt, að ef duglegur maður á í hlut, þá krefjist hann þess, að framtíð hans sje tryggð hjer, eins og annarsstaðar, þar er hann gæti komizt að starfi. En ef háttv. deild er þessu mótfallin, þá þarf ekki að fella greinina af þeirri ástæðu, heldur má gjöra við því með því, að bera sjerstaklega undir atkv. síðustu setninguna í 2. gr., orðin »konungur veitir það embætti«; vil jeg biðja hæstv. forseta um að gjöra það.

Að því er sandgræðsluna snertir, skal jeg geta þess, að þó orðið »sandgræðsla« sje brúkað í frumv., og eins í fjárlagafrumv., þá er ekki meiningin að byrja á því, að taka stórar sandauðnir og rækta þær upp, heldur er að eins meiningin, að hafa varnir gegn uppblæstri lands, þar sem því verður við komið, reyna að hepta byrjandi uppblástur og verja svæði, sem er hætta búin af sandfoki, reyna að hepta það, að þau eyðileggist meira en orðið er, og þar með stuðla að því, að þau grói upp aptur.

Síðari kafli frv. er í rauninni náskyldur þeim fyrri, og mætti með því leggja þau störf, sem þar ræðir um undir umsjón sama manns. En þó er þessi kaflinn um varnir gegn sandfoki í Árness- og Rangárvallasýslum ekki í svo föstu sambandi við fyrri kaflann, að fyrri kaflinn ekki gæti staðið fyrir það sem sjálfstæð lög, þó sá síðari væri felldur, eins og háttv. nefnd leggur til. Jeg get kannast við, að það hefði getað átt vel við, að leita álits sýslunefnda og hreppsnefnda í þessum sýslum, um þetta mál. En eins og kunnugt er, fór ‚Overklitfoged' Dahlerup um þessar sýslur sumarið 1905, til að rannsaka sandfokssvæðið þar, og gefa ráð til að forðast frekari landauðn þar af foksandi. Hann átti tal við ýmsa málsmetandi menn þar, og skrifaði síðan álitsskjal og gjörði ágrip af lagafrumv. í þessa átt, sem þessi síðari kafli frumv. er að mestu leyti sniðinn eptir. Nú kom frumv. Dahlerups svo seint til stjórnarráðsins, að ekki hefði verið hægt að koma því fyrir þingið, ef það hefði verið sent til álits hjeraðsstjórnanna, en hins vegar þótti mega ganga út frá því, að hjeraðsstjórnirnar væru þessu máli hlynntar, því samþykkt í mjög líka átt er til í Rangárvallasýslu, enda hafði herra Dahlerup leitað sjer allra þeirra upplýsinga, sem hægt var, hjá sýslubúum á ferð sinni, svo að ætla mætti, að naumast hefði komið fram nýjar upplýsingar, sem breytt hefðu stefnu frumv. Jeg álít, að það sje afarþýðingarmikið, að gjöra sem fyrst nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir til að geta varnað skemmdum af sand-

foki á þessu svæði. En ef háttv. deild þykir varasamt, að samþ. síðari hluta frv. nú þegar, þá er sú bót í máli, að í fyrri hluta frumv. eru þau almennu ákvæði um varnir gegn uppblæstri lands og um hepting sandfoks, að yfirskógræktarstjóri skuli hafa yfirumsjón með öllum ráðstöfunum í þá átt, og geti látið skógarverðina vinna að því, svo það mætti að líkindum komast af með það í bráðina, einnig í Árness- og Rangárvallasýslum.

Jeg vona nú, að með þessum brtill. mínum, sjeu numdir burtu þeir agnúar, sem gjörðu nefndinni frumv. óaðgengilegt og ollu því, að mönnum þótti til of mikils mælzt. Eins og frumv. verður með þessum breyt.till., held jeg að ekkert geti falizt í því, sem að neinu leyti geti talizt ofviða fyrir landið.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Nefndin hefur ekki getað átt fund um breyt.till. hæstv. ráðh. Til að bjarga frumv. færir hann launin niður úr 5,000 kr. í 3,000, og rýmkar um skilyrðin til að geta orðið skógræktarstjóri; lætur það eigi lengur vera bundið við skógræktarprófið danska. Og þetta hvorttveggja voru slæmir ásteytingarsteinar.

Sjerstaklega höldum við nefndarmenn fast við þetta tvennt: Í fyrsta lagi, að ekki sje stofnað fast konunglegt embætti í þessu skyni, ekki einu sinni með 3,000 kr., og í öðru lagi, að síðari hluti frumv. verði ekki sþ.

Hæstv. ráðh. sló líka þann varnagla, að fyrri hlutinn gæti staðið, þótt síðari hlutinn fjelli, og með skiptingu á atkvgr., mætti fella burt konunglega embættið. En hann vildi ekki kannast við það hjá nefndinni, að málinu væri ráðið til lykta með fjárl.

Jeg skal og játa það, að þau ákvæði fjárl. eru ekki óbreytanleg. Ed. getur breytt þeim og Nd. síðan samþ. þá breytingu, og þess þyrfti líka, ef fyrri hluti þessa frumv. yrði að lögum í einhverri mynd.

Form. fjárlaganefndarinnar í Ed. spurðist fyrir um það hjá búnaðarþinginu, hvort Búnaðarfjelagið vildi taka að sjer skógræktina. Því var svarað, að fjelagið treysti sjer ekki til þess, nje teldi það heppilegt, að það færi að taka að sjer skógræktina. Annað mál væri það, svo jeg bæti við frá eigin brjósti, að sami maður gæti verið bæði forseti Landbúnaðarfjelagsins og skógræktarstjóri, og farið vel á því. Aptur var Búnaðarfjelagið reiðubúið til þess, að taka að sjer sandgræðsluna, ef þingið vildi fela því það.

Þessu, sem gjört var hjer í fjárl., má sem sagt breyta, en hitt stendur fast, að fyrir því er fullur þingvilji, að ganga ekki inn á það, sem liggur á bak við þetta frumv., sem sje það, að hingað komi konunglegur embættismaður með háum launum, til þessa starfa, sem vitanlega yrði svo áfram í reyndinni undir stjórn þessara manna úti í Danmörk, sem annazt hafa starfið til þessa. Jeg sje, að hæstv. ráðh. hristir höfuðið, en nefndin hefur eigi getað annað ráðið,—tveir nefndarmennirnir, jeg og form. (E. P.), erum sjerstaklega kunnir því frá skjölum fjárlaganefndarinnar, — en að þeir herrar Prytz og Ryder búist við því, að hafa í raun og veru yfirstjórn þessara mála framvegis eins og hingað til, ef þeir fá frumv., sem hjer liggur fyrir, samþ. óbreytt.

Hæstv. ráðh. hefur eigi bent á það, hvaðan hann býst við að fá þennan mann fyrir 3,000 kr. laun. Jeg get ekki skilið, að próf. Prytz vilji útvega hann; hann getur eigi útvegað mann með minni launum en 5,000 kr. Má vera að ráðh. ætlist til þess, að hann

fáist frá Norvegi, Svíþjóð, eða Finnlandi. Hvað um það, hann þarf um fram allt að hafa verklega reynslu í birkirækt.

Það sem einkum olli því, að nefndin alls eigi vill, að stofnað sje þetta konunglega embætti, var það, að hún gjörði sjer von um, að þess verði ekki langt að bíða, að vjer verðum því vaxnir, að geta sett íslenzkan mann með sjerþekking í þessa stöðu. Þetta verður að vera íslenzkt þjóðarmál, ef það á að eiga sjer nokkra framtíð hjá oss, og menn voru fúsir til þess á þingi 1905, að veita fje til þess að styrkja einhvern ungan og efnilegan íslenzkan mann til náms í þessari grein, einhversstaðar þar á Norðurlöndum, sem bezt þætti henta.

Í nefndarálitinu var tekið fram um síðara kafla frumv., sem hljóðar um varnir gegn sandfoki í Árnes- og Rangárvallasýslum, að litt mundu þau ákvæði koma til framkvæmdar um sinn. Jeg fyrir mitt leyti verð að segja það, að þegar um það er að ræða, að gjöra ráðstafanir til þess að hepta sandfok austur í sýslum, þá treysti jeg Eyjólfi bónda Guðmundssyni í Hvammi á Landi betur til þess, en einhverjum óreyndum og ókunnugum manni, einhversstaðar að utan úr löndum. Jeg treysti mjer eigi til að dæma um sandgræðslufamkvæmdirnar, sem þegar eru gjörðar af stjórn skóggræðslumálanna undanfarin ár. Hæstv. ráðh. talaði vel og rjettilega um það, að aðalatriðið væri að hepta byrjandi uppblástur í hinu smáa með sem mestri hagsýni. Því er jeg alveg samdóma, en heldur virðist mjer eyðslulega farið af stað með dýru tilraunagirðingunum á Rangárvöllum.

Þær ástæður hafa og mikið að segja, að hlaða ekki upp svona stóran lagabálk, að viðkomandi hjeruðum fornspurðum. Þar eru ýmsar kvaðir, og kunna þær að vera vel hugsaðar og þarfar, en búast mætti við fúsari hlýðni og betri framkvæmdum, ef hjeraðsbúar eru frá upphafi með í þeim ráðum. Þess vegna legg jeg það til, að seinni hlutinn sje felldur. Fyrri hlutann skal jeg fyrir mitt leyti ekki gjöra að kappsmáli, þegar búið er að fella launin niður í 3,000 kr., og stryka út orðin: »Konungur veitir það embætti«. Um samnefndarmenn mína veit jeg ekki eins vel, hve fast þeir kunna að fylgja því, að fyrri hlutinn sje líka felldur.

Ráðherrann: Háttv. framsögumaður nefndarinnar talaði um, að eitthvað lægi á bak við, frumv. Jeg get ekki kannast við að neinn annar tilgangur liggi á bak við það, en sá, að vernda, auka og bæta skóga hjer á landi og hepta skemmdir með sandgræðslu, að minnsta kosti er ekki um annað að tala af stjórnarinnar hálfu.

Að vísu hafa þeir herrar Prytz og Ryder, sem um undanfarin ár hafa gengizt fyrir og haft eptirlit með skóggræðslutilraununum hjer, lagt mikla áherzlu á það, að skógræktarstjóraembættið yrði einmitt þannig úr garði gjört, eins og tekið var upp í stjórnarfrumv. eptir tillögum þeirra, en það liggur ekki á bak við þetta frumv., að tryggja þeim það eptirlit framvegis, heldur þvert á móti að gjöra það að innlendu þjóðarmáli, sem Íslendingar ræki sjálfir, undir yfirstjórn innlends embættismanns. Að vísu ætluðust þeir herrar ‚Próf.' Prytz og ‚Direkt.' Ryder til þess, að fyrst um sinn væri yfirstjórn falin þeim, eins og gjört hefur verið af þinginu hingað til, en það hefur stjórnarráðið einmitt ekki viljað; heldur hefur það fellt þá grein burtu úr frumvarpsuppkasti þeirra. Það hef-

ur verið síður hingað til, að binda fjárveitinguna beint við nöfn þeirra manna, en því var og breytt í fjárlagafrumv. stjórnarinnar í ár, og ráð gjört fyrir, að stjórnin fái fjeð til úthlutunar. Þetta tvennt ætti að vera nóg til þess, að sýna það, að ekki er rjett, að vera að gefa það í skyn, að hjer sje verið að gjöra tilraun á bak við tjöldin, til þess að halda málinu undir yfirráðum manna, sem erlendis búa. Það er gengið út frá því, að nú sje lokið öllum stjórnarafskiptum þessara háttvirtu og oss velviljuðu manna af þessum málum.

Annars skil jeg ekki, hvaða háski ætti að vera í því, þótt þessir menn, sem vjer eigum ekki annað en hið bezta upp að inna, og hafa ekki haft upp úr starfi sínu annað en kostnað og fyrirhöfn, vildu enn halda áfram að styðja þetta mál með ráði og dáð. Mjer finnst, að vjer mættum fremur vera þeim þakklátir fyrir það. En tilgangur stjórnarráðsins var nú samt að breyta til frá því fyrirkomulagi, sem verið hefur, eins og jeg hef þegar tekið fram, enda er nú þegar girt fyrir öll viðtækari afskipti þeirra, ef frumv. verður eigi samþ. með þeim ákvæðum, er þeir settu sem skilyrði fyrir frekari aðstoð, og við verðum þá að reyna að komast af án hennar. Jeg hef ekki enn þá getað fengið augastað á neinum ákveðnum manni, eða tekið fasta fyrirætlun um það, hvaðan fá eigi hæfan mann En jeg get hugsað mjer það sem einn veginn, að leitað væri til landbúnaðarstjórnanna á Norðurlöndum, eða í einhverju landinu um það, hvort ekki væru til neinir efnilegir ungir menn í þjónustu skógræktarmála ríkisins, sem við gætum fengið til reynslu í bráðina. Þetta svar vona jeg að nægi upp á spurningu háttv. framsögum. um það, hvaðan stjórnin ætlaði að fá mann. Þannig var farið að í símamálinu, og fengum við þá góðan mann, og það er vel hugsanlegt, að þetta gæti leitt til líks árangurs, og orðið landinu til gagns. Viðvíkjandi síðari hlutanum, sandgræðslutilraununum í austursýslunum, skal jeg geta þess, að jeg sje ekki betur, en að það standi skýrt, eins og jeg tók fram, að sjerstakt eptirlit skuli hafa með þeim svæðum, þar sem sandfok er að byrja, svo að skemmdir vofa yfir, en þar er ekki talað um neinar stórfelldar tilraunir á svæðum, sem þegar eru orðin að sandi.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það var skilningur fjárlaganefndarinnar og skógræktarmálanefndarinnar, að þessir mikilsvirtu dönsku herrar ætluðust til þess, að halda áfram stjórn skógræktar- og sandgræðslumálanna og hafa afskipti af þeim, ef þetta fengist, sem farið er fram á í stjórnarfrumv., og við það var eigi unandi. Það hefur nú komið beint fram í síðari ræðu hæstv. ráðh., að þeir hætti við það, að hafa afskipti af málinu úr því að þetta fæst ekki.

Skógfræðingurinn danski, Kofoed Hansen, hefur og alveg afdráttarlaust lýst því yfir við mig, að hann sje og með öllu frá starfinu, ef stjórnarfrv. verði eigi samþykkt óbreytt, hvað launaupphæðina snertir og eptirlaunarjett. Sá maður, sem kemur eptir hann að skógræktinni, verður að öllu leyti að vera vor maður, hverrar þjóðar, sem hann kann að vera nú í bili. Hinir mikilsvirtu forstöðumenn þess máls undanfarið, þeir herrar, Prytz og Ryder, eiga skilið heiður og þökk fyrir verk sitt og góðan vilja, en þeir verða að skilja það, að slíkt mál má eigi vera í höndum erlendra manna, þeir geta aldrei gjört það að áhugamáli þjóðarinnar.

Nefndin hafði tekið eptir því, sem hæstv. ráðherra vjek að, að ýmislegt í síðari hluta frumv., er skylt ákvæðunum í samþykkt fyrir Rangárvallasýslu um friðun á skógi og mel og um hindrun sandfoks og sandgræðslu, og er sú samþykkt frá 15. júlí 1899. En margt er þó frekara og fyllra í frumv. En því síður er ástæða til sjerstaks lagasmíðis, þegar samþykkt er fyrir, sem staðið getur til bóta, í hjeraði.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Eggert Pálsson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Hermann Jónasson,	Magnus Andrjess.,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnas.,	Ólafur Ólafsson,
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Thorlacíus,
St. Stefánss., Skagf.,	Skúli Thóroddsen,
Tr. Gunnarsson,	St. Stefánsson, Eyf.,
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. á þgskj. 523 við 2. gr. sþ. með 13 atkv.

2. gr. út að síðasta púnkti samþykkt með 13 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Magnús Andrjess.,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Thorlacíus,
Hermann Jónass.,	Skúli Thoroddsen,
Jóhannes Ólafsson,	St. Stefánss., Eyf.
L. H. Bjarnason,	
Magnús Kristjánss.,	
St. Stefánss., Skgf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

2. gr. (frá síðasta púnkti) felld með 16 atkv. gegn 1.

3. gr. samþykkt með 11 atkv. gegn 7.

4. gr. samþykkt með 11 atkv. gegn 7.

5. gr. felld með 12 atkv. gegn 1.

6.—18. gr. þar með fallnar.

19. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 6.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Jóhannes Ólafss.,
Guðm. Björnsson,	Magnús Andrjess.,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Ólafsson,
Hermann Jónass.,	Ólafur Thorlacíus,
L. H. Bjarnason,	Sk. Thóroddsen,
Magnús Kristjánss.,	Sf. Stefánss., Eyf.,
St. Stefánss., Skf.	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. september, kom frumv. (A. 549, 562) til 3. umr.

Enginn tók til máls og var þá gengið til atkv.

Breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 562 samþ. með 15 atkv.

Frumv. sjálft samþ. með 15 atkv., og afgreitt til forseta Ed.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A. 585) til 1. umr.

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 50. fundi Ed., miðvikudaginn 11. september, kl. 9½ f. h., kom frumv. (A. 585) til 2. umr.

Enginn tók til máls og var þá gengið til atkvæða:

1. gr. frumv. samþ. með 12 atkv.
2. — — — — 12 —
3. — — — — 12 —
4. — — — — 12 —
5. — — — — 12 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Á 51. fundi Ed., miðvikudaginn 11. septbr., kl. 1 e. h., kom frumv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþykkt með 11 samhlj. atkv., og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXXIX. Takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum.

Á 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl. til 1. umr.

Ráðherrann: Það hefur þegar borið á því — og það til muna — að útlendir menn hafa reynt að ná undir sig umráðum á fossum, án þess að þeir sýni neinn lit á því, að þeir ætli að nota afl þeirra í bráð. Hingað til hafa þessir menn ekki gjört annað en binda og festa umráðin yfir fossunum; það horfir til mikils óhagnaðar, því þeir geta þá um óákveðinn tíma bægt öðrum mönnum frá því að nota fossana og síðar ef til vill beitt landsmenn afarkostum. Það er því brýn þörf á að gjöra sem fyrst ráðstafanir, sem gjöri innlendum mönnum, sem hægastan aðganginn að þessum aflsuppsprettum, og tryggi sem bezt, að umráðin yfir þeim fari ekki út úr landinu og verði útlendum »spekúlöntum« að bráð. Stjórnin hefur því í þessu frumv. lagt til, að takmarka eignar- og umráðarjett útlendinga yfir fossum, og jafnframt einnig sett það ákvæði, að taka megi fossa eignarnámi til afnota fyrir almenningsstofnanir. Frv. þetta er sniðið eptir frumv., sem samþykkt var á alþingi 1899, og aptur í efri deild alþingis 1901, um takmörkun á rjetti til umráða á fasteignum á Íslandi. Það frumv. var fellt í Nd. 1901 vegna þess að deildin áleit, að slík lög mundu geta fellt fasteignir í verði, og þess utan væri ekki ástæða til, að setja svo kinverskar útilokanir fyrir því, að útlendingar eignuðust jarðir hjer á landi. Stjórnarráðið hefur því ekki sjeð sjer fært, að leggja fyrir þingið jafnvíðtækt frumv. í þessa átt, eins og áminnzt frumv., sem lagt var fyrir þingið 1901, heldur hefur það látið sjer nægja takmörkun á yfirráðum yfir fossum. Ákvæðin í 1. gr. frumv., að binda rjettinn til þess að eiga hjer fossa, án sjerstaks leyfis, við þá, sem heimilisfastir eru í Danaveldi, eða fjelög, er stjórn þeirra á þar aðsetur, og stjórnarmenn allir eru þar heimilisfastir, eru tekin orðrjett upp úr frv. því, sem efri deild samþykkti 1901, og í fullu samræmi við ákvæði frumv. þess, sem borið var upp af landbún-

aðarnefndinni í Nd. 1899, og síðar samþykkt af báðum deildum alþingis. Að öðru leyti eru ákvæði frumv. þessa allýtarleg og margbreytt, svo mjer þykir líklegt, að hin háttv. deild muni vilja setja það í nefnd, svo að það verði sem bezt skoðað að öllu leyti, þó jeg búist við, að flestir hv. þingdeildarmenn muni stjórninni samdóma um, að ráðstöfun í þesssa att þarf að gjöra sem fyrst.

ATKV.GR.: Málinu var vísað til 2. umr. með atkvæðafjölda.

Stungið var upp á 5 manna nefnd í málinu, og var sú uppástunga samþykkt. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þm. og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Ólafur Thorlacius, Magnús Andrjesson, Árni Jónsson.

Síðan voru með hlutfallskosningu kosnir í nefndina:

Guðlaugur Guðmundsson,
Ólafur Briem,
Jóhannes Ólafsson,
Stefán Sefánsson, 2. þm. Eyf.
Magnús Andrjesson.

Í nefndinni var Guðlaugur Guðmundsson kosinn formaður og framsögumaður og Ólafur Briem skrifari.

Á 44, fundi Nd., laugardaginn 7. sept., kom frumv. (A 460) til 2. umr.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Nefnd sú, sem kosin var til þess að íhuga þetta mál, hefur haft það lengi undir hendi. Það stafar af því, að hjer er um viðsjárvert vandamál að ræða, mál, sem er á dagskrá meðal nágrannaþjóða vorra, og hvergi nærri komið á fastan fót í löggjöf þeirra.

Það er talið mjög vafasamt, hvort það er nokkur verulegur hagur fyrir hverja þjóð sem er, að útiloka útlent auðmagn frá stórum atvinnufyrirtækjum í landinu, eða leggja á það þau höpt, er gjöra því erfiðara og áhættumeira að starfa þar. Um þetta hefur í Norvegi, sem er okkur næstur og skyldastur, staðið hörð rimma síðari árin, og henni er ekki lokið enn þá. Þar voru í apríl 1906 gefin út bráðabirgðalög, sem meðal annars snerta umráðarjett útlendinga yfir fossum; þau veittu stjórninni leyfi til, að heimila útlendingum slíkan rjett með ýmsum skilyrðum. Lög þessi giltu til 1. apríl 1907 en voru endurnýjuð til eins árs 26. marz 1907. Þetta bráðabirgðafyrirkomulag hafa Norðmenn samþykkt af því, að þeir voru hræddir um, að útlendingar mundu á næstu árum kaupa upp hjá þeim námur, skóga og fossa. En að þetta eru að eins bráðabirgðalög, það sýnir, að þeir eru ekki komnir að endilegri niðurstöðu í þessu efni. Og víst er um það, að með þessi lög eru afarmargir óánægðir þar, bæði innlendir og útlendir.

Þetta er því mjög vandráðið mál og varkárlega í það farandi. Afleiðingin af því, ef gjörsamlega er lokað möguleikunum fyrir því, að útlent fje komist að til þess að kaupa fossana og koma þeim í gagn til atvinnufyrirtækja, er sú, að enginn verður til þess, þar sem landsmenn sjálfa skortir fjeð. Fossarnir verða þá eigendunum verðlausir, eins og hingað til, í stað þess að vera þeim margra þúsunda kr. virði, en þetta er sama sem að færa niður og rýra auð þjóðarinnar, og svipta eigendurna miklum og verðmætum stóreignum.

Það má líka svo að orði kveða, að það sjeu nú óskrifuð lög meðal allra þjóða, að engin þjóð megi loka auðs-

uppsprettum sínum fyrir öðrum, ef hún notar þær ekki sjálf. Jeg veit ekki betur, en að tvær smáþjóðir hafi nú á síðustu tímum misst sjálfstæði sitt aðallega af því, að þær fóru of langt í þessa stefnu. Það voru Búar og Kórea. En hins vegar er það viðurkennt, að hver einasta þjóð í heiminum hafi leyfi til þess, að setja reglur um það, *hvernig* hið útlenda auðmagn megi starfa í landinu, og til þess, að skipa allstaðar sínum hag í fyrirrúm fyrir hag annara þjóða. Það er þessi millivegur, sem allar þjóðir velja, sem líkt er ástatt fyrir og oss, sem hafa auðsuppsprettur, en ekki bolmagn til þess að nota þær. Það hjálpar ekki fyrir oss, að reyna að útiloka aðrar þjóðir, með því að hlaða um oss kínverskan múr, en vjer getum tryggt oss það með lagaákvæðum, að vjer verðum ekki ofurliði bornir af yfirgangi útlends auðmagns, og að yfirborðið af arði og atvinnu lendi í vorum höndum. Í þessa stefnu gengur frumv. stjórnarinnar, og er nefndin því samdóma, að svo mikfu leyti, sem það gjörir það, en hún hefur þó komið með nokkrar breyt.till. við ýms atriði þess. Það er ekki tími til þess, að minnast ýtarlega á þær allar, en jeg skal leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir 2 aðalbreytingunum.

Sú fyrri gengur út á það, að rjetturinn til þess, að eignast fossa hjer á landi án konungsleyfis, sje bundinn við heimilisfang hjer á landi, eða, ef um fjelag er að ræða, þá að meiri hluti fjelagsstjórnarinnar sje búsettur hjer. Þetta er gjört til þess að tryggja sjer það, að arðurinn af slíkum fyrirtækjum, sem menn gjöra sjer von um að muni rísa upp, lendi, að svo miklu leyti, sem unnt er, í landinu sjálfu. Það má búast við því, að þetta ákvæði verði af ýmsum talið varhugavert, að binda þannig sjerstakan rjett við bólfestu hjer á landi, í stað þess, eins og gjört er í stjórnarfrumv., að miða hann við alla þá, sem heimilisfastir eru í Danaveldi, eða þá, eins og í ýmsum eldri lögum, t. d. síldaveiðalögunum frá 1901, við þegna Dana konungs. Jeg er ekki hræddur við misklíð út af þessu. Það var annað spursmál, sem uppi var 1877 og 78 og sem þá olli því, að lögum um búsetu fastakaupmanna var synjað staðfestingar. Það sem þá einkum olli ágreiningi og var talið rangt, var það, að þessi rjettur í landinu var bundinn við sjerstakan, íslenzkan þegnrjett. En hjer er allt öðru máli að gegna. Þessu búsetuskilyrði geta allir fullnægt, auðvitað líka Eskimóarnir og svörtu kerlingarnar frá Vesturheimseyjunum, sem hafðar voru fyrir grýlur á okkur í blöðunum. Það geta allar þjóðir. En þetta skilyrði verða líka allir að uppfylla, ekki eingöngu Danir og aðrir erlendir menn, heldur og Íslendingar sjálfir. Ákvæðið útilokar því líka Íslendinga sjálfa, ef þeir eru búsettir utanlands. Hjer er því ekki farið fram á neitt það, er sje misrjetti milli þegna ríkisins innbyrðis, eða kalla mætti sjerstakan íslenzkan þegnrjett.

Það kynni nú að mega segja um þetta, líkt og sagt hefur verið áður (ráðherrabrjef 17. júlí 1878 og 18. apríl 1887), að þetta sje samt ekki rjett gagnvart öðrum þegnum Danaveldis, komi í bága við gagnskipti rjettinda milli þegnanna í hvoru landi um sig, þar sem Íslendingar hafi í Danmörku allan rjett til jafns við Dani sjálfa, sem ekki sje hægt að segja að þeir hafi hjer hjá oss samkvæmt þessum lögum. En jeg hygg ekki, að sú skoðun geti í þessu efni haft neina þýð-

ingu, því að í þessu efni er svo ólíkt háttað þar og hjer, að það verður ekki borið saman. Þótt þessu sje haldið fram hvað snertir fiskiveiðar og verzlun, þá er öðru máli að gegna um fossana, þeir eru ekki til í Danmörku. Annað aðalatriðið í breyt.till. nefndarinnar er það, að hún hefur lagt það til, að leyfið sje bundið ákveðnum skilyrðum. Þetta er sá vegur, sem flestar þjóðir fara, sem lög hafa sett um lík efni til þess að tryggja hagsmuni landsins, og eru skilyrðin aðallega 3. 1. tímatakmark, 2. endurkaupsrjettur og 3. rjettur til þess, að aflstöðin, vatnsafl og umbúnaður, verði eptir vissan árafjölda eign hins opinbera endurgjaldslaust.

Sömuleiðis eru víða settar skorður um eptirlit með slíkum aflstöðvum, eða rjettara sagt með stíflunum í vötnunum, því að ef þær bila, getur stór voði af hlotizt, stórar landsspildur gjörsamlega eyðilagzt og fjöldi manna misst lífið.

Eins er 4. skilyrðið, að byrjað sje að hagnýta fossinn innan ákveðins tíma, sjerlega heppilegt, og ekki sízt hjer á landi, því að það er til þess að fyrirbyggja, að »spekúlantar« leggi leiguband eða eignarhald á fossa mörg hundruð ára tíma, »halda þeim á hendinni«, sem kallað er, og annaðhvort selja þá síðar eða láta þá ónotaða til þess að fyrirbyggja samkeppni.

Leyfið er veitt um ákveðið árabil, og ekki lengur en 100 ár. Að þeim liðnum verður fossinn og aflstöðin eign landssjóðs án endurgjalds. Jeg hef haft fyrir mjer útreikninga um, hvaða áhrif þetta ákvæði hafi á rjett fossakaupanda, og kemur það í ljós, að þessi takmörkun gjörir þeim ekki neinn verulegan skaða. Í Norvegi hefur risið deila um, hvort þetta ákvæði riði ekki í bága við stjórnarskrána. Jeg er ekki þeirrar skoðunar, og get jeg þar borið fyrir mig próf. Aschehoug. Hjer er ekki um eignarnám að ræða, heldur endurkaupsrjett með sjerstökum skilyrðum.

Mönnum telst til, að eptir 35 ár hafi aflstöðin endurgoldið stofnfjeð, sje fyrirtækið á nokkru viti byggt. Hjer er endurkaupsrjettinum ekki beitt fyr en eptir 50 ár.

Ef landsstjórnin krefst þess, verður leyfishafi að láta af hendi 10% at starfsaflinu gegn endurgjaldi. Sumstaðar, einkum í Sviss, er ríkið eigandi að öllu vatnsafli í landinu, og þar hefur nýlega leyfistíminn verið styttur að miklum mun, og þykir ekki ósanngjarnt.

Sumum kann að þykja það hart hjá nefndinni, ákvæðið í staflið *d*, að leyfishafi hafi fyrirgjört rjetti sínum, ef starfinu er hætt, eða minnkað úr því, sem leyfisbrjefið tiltekur minnst, en jeg gjöri ráð fyrir, að við höfum svigrúm til að endurskoða lögin, ef þetta skilyrði þykir of óaðgengilegt. Þess verður líklega svo langt að bíða, að miljónafyrirtæki verði sett á stofn við fossana, að tími gefist til að taka þetta til yfirvegunar. Verkfræðingar áætla vatnsaflið í Norðurálfu 30,000,000 hestafla. Enn er þessi mikla aflsuppspretta lítið notuð. Hjer er vatnsaflið að sönnu ódýrara, en sumstaðar annarsstaðar, en mjer er kunnugt, að aflstöðvar muni samt verða kostnaðarmeiri hjer allvíðast, en sumstaðar í Norvegi og sjerstaklega í Sviss. Við þurfum ekki að gjöra ráð fyrir, að fossaflið verði eptirsótt að mun, fyr en betri aflsuppsprettur eru allar uppteknar. En auðvitað er hreyfing í þessa stefnu ákaflega mikil.

Jeg vil svo mælast til, að háttv.

deild fallist á till. nefndarinnar, og veiti síðan frv. fylgi gegnum þingið.

Ráðherrann: Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli háttv. nefndar að því, að 2. breyt.till. hennar við 1. gr. getur ekki samrýmzt við 8. gr. frumv., að því er snertir fyrirmælin um heimilisfang fjelagsstjórna, eins og þau verða eptir till. nefndarinnar. Eptir brtill. nefndarinnar við 1. gr. er nægilegt. að *meiri* hluti fjelagsstjórnar sje skipaður mönnum, sem heimilisfastir eru á Íslandi; en eptir ákvæðunum í niðurlagi 8. gr. missir fjelag rjett til fosseigna, ef einhver í stjórn er þar eigi lengur heimilisfastur. Þetta verður að laga, ef brtill. nefndarinnar komast að. Að öðru leyti skal jeg að eins taka fram, að hingað til hefur það þótt nógu mikil skerðing á frjálsum umráðarjetti yfir eignum hjer í landi, að takmarka rjettindi utanríkismanna. Hvorki á alþingi 1899, sem samþ. frumv. um bann gegn eignar- og umráða-rjetti *utanríkis*manna yfir fasteignum á Íslandi, nje alþingi 1901, sem hafði til meðferðar frumv. um takmörkun á rjetti til fasteignarráða, var farið fram á að binda rjettinn við búsetu hjer, og hið síðarnefnda frumv., sem samþ. var í Ed. og við 1. umr. í Nd. 1901, var fellt þar eingöngu af þeirri ástæðu, að takmörkunin kynni að fella eignir manna í verði hjer í landi, þó að hún væri ekki víðtækari en hún var, sem sje bundin við utanríkismenn eingöngu. En á því þótti mönnum landið ekki hafa efni, og því þótti stjórninni ekki ástæða til, að taka upp meiri takmörkun, en alþingi áður hafði samþ.

Till. nefndarinnar um, að takmarka leyfi samkvæmt. 1. gr. við tiltekinn tíma, er góð. Aptur er það hart ákvæði, að öll aflstöðin skuli verða eign landssjóðs *endurgjaldslaust* að þeim tíma liðnum. Ákvæði þetta er hvorki »praktiskt« nje rjettlátt, hvort sem það nú er í bága við stjórnarskrána eða ekki, sem getur verið vafamál. Ef t. d. um aflstöð væri að ræða, er margir hefðu not af, gæti það staðið á miklu, að hún væri starfrækt sem bezt. En þegar færi að líða að tímatakmarkinu, gæti verið hætt við, að eigendur aflstöðvarinnar yrðu tregir í fjárframlögum til að halda henni við í fullnægjandi standi, ef þeir eiga að láta hana af hendi án endurgjalds, og gæti það orðið notendum bagalegt. Jeg held því, að þetta ákvæði sje ekki heppilegt, og ætti að breytast.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til þess, að fara frekar út í breytingartill. Þó áliðið sje orðið þingtímans, getur frumv. enn komizt gegn um þingið, ef mönnum er það áhugamál; en þetta, sem jeg nefndi um samband 8. gr. við 1. gr. eptir breyt.till., þarf í öllu falli að lagfærast, ef menn vilja útvíkka takmörkunina eins og nefndin leggur til.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Frumv. þessu líkt er enginn nýr gestur á alþingi. Landbúnaðarnefndin 1878 bar fram frumv. þess efnis, að stemma stigu fyrir umráðum utanríkismanna yfir fasteignum á Íslandi. Og líkt frv. var borið upp á þingi 1899, en því var synjað konungsstaðfestingar. 1901 lagði stjórnin frv. frá 1899 fyrir þingið, en þó með töluverðum breytingum, og áttum við báðir sæti í nefndinni, jeg og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), en það frumv. var fellt í Nd., ef mig minnir rjett, með fylgi þm. V.-Sk., og þótti mörgum það kynlegt, því hann hafði skrifað athugasemdalaust undir nefndarálitið, enda stutt það í nefndinni.

Það frumv. tók til allra fasteigna, en þetta frumv. nær að eins til fossa, en að öðru leyti er frumv. stjórnarinnar

að mestu leyti endurprentað eptir frv. 1901. Jeg álít, að frumv. hefði átt að vera víðtækara, að það hefði átt að ná til fasteigna, en af því að útlendingar munu nú sjerstaklega ágirnast fossana, þá er frumv. þó töluverð bót í máli. Eins og jeg tók fram á öðrum stað, *utanþings*, þegar frumv. þetta var rætt þar, gat jeg með engu móti fallizt á það, að heimilisfesta fosseigenda væri bundin við »Danaveldi«, og benti jafnframt til þess, að óhollt hefði reynzt, að binda heimilisfangið við Ísland, að því, er snertir fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi, samkvæmt lögum 27. sept. 1901. Nefndin hefur farið eptir bendingum þessum, og heimtað heimilisfestu á Íslandi, sem skilyrði fyrir eignarrjetti á fossum. Og það mun sannast, að það verður ekki frumv. að falli, enda er ekki hallað á Dani með því að heimta búsetu hjer, því að Íslendingar, sem eiga hjer ekki heima, geta heldur ekki eignast fossa hjer. Og Dönum, sem kynni að leika hugur á fossum okkar, er vorkunnarlaust að flytja sig hingað.

Landhelgisveiðalögin frá 1901, sem jeg nefndi, heimta af fjelögum, sem utanríkismenn eiga hlut í, og ætla að veiða í landhelgi, að fjelagið auk annars hafi heimilisfang á *Íslandi*, og að meiri hluti stjórnarinnar sje þar heimilisfastur. Því er það alveg hugsunarrjett og allskostar óhætt, að heimta heimilisfestu hjer sem skilyrði fyrir því, að mega eignast hjer fossa framvegis.

Að öðru leyti mun ekki vera til mikils að fara frekar út í breyt.till. nefndarinnar, því að þær koma svo seint, að frumv. dagar sjálfsagt uppi.

Af hvaða ástæðu kemur frumv. svona seint? Það eru ekki eptir nema 5—6 dagar af þinginu, og frumv. ekki komið lengra en til 2. umr. í Nd. Ed. eptir. Jeg hef margopt spurt framsögumann nefndarinnar, hverju þessi dráttur sætti, en ekki fengið neitt svar. Nefndarálitið hefði sannarlega átt að koma svo snemma, að frumv. hefði getað orðið að lögum í haust, hefði meira að segja átt að vera orðið að lögum fyrir löngu, því að útlendingar eru fyrir löngu farnir að seilast eptir fossunum okkar. Jeg las nýlega í blaði frásögn um, að nafngreindir Íslendingar úr þjóðræðisliðinu gengju nú erindi útlendra auðmanna til að kaupa hjer fossa. Jeg þekki einn mann, sem gjörir þetta, og hefur að miklu leyti lifað á leppmennsku og »spekulationum« fyrir útlendinga. Hann dvaldi nokkurn tíma í Kristjaníu í vetur rjett á undan mjer, og jeg komst þá að því, að hann hafði haft nokkur þúsund krónur (6,000—8,000) út úr hæstarjettarmálaflutningsmanni einum, sem stofnað hefur þar fjelag til að vinna áburð úr loptinu með hjálp fossa, og hafði þessi »sómamaður« lofað í móti að útvega honum fossa í Árness- eða Rangárvallasýslu. Fyrir nokkrum árum reyndi sami maður að vinna alþingism. nokkurn til fylgis við frv. um sölu landhelginnar út af Skaptafellssýslu, með ýmsum hálfyrðum um gróðavon af fyrirtækinu, en það tókst ekki, enda hefur þm. þessi átt því sæmdarláni að fagna, að vera hjartanlega hataður af manninum síðan.

Í vetur hafði sami maður verið svo óheppinn, að segja stúdentum í Höfn frá því, að hann hefði *einu sinni* fengið 1,000 pund sterling eða 18,000 kr. frá Marconifjelaginu fyrir starfsemi sína í þess þágu. Jeg get þessa, til að sýna, hve annt sumum þessara svo kölluðu frelsispostula er um föðurlandið, þegar peningar bjóðast þeim í aðra hönd. Enn fremur má minna á hneyxl-

issöluna á Geysi hjer um árið, sem engum öðrum en þingi og landsstjórn í rauninni er um að kenna, sje það satt, að eigandinn hafi boðið landinu hann fyrir lítið verð, áður en hann seldi Englendingnum hann. Og nú kvað eiga að fara að selja Gullfoss. Hæstv. ráðh. benti á ósamkvæmni í 1. og 8. grein frumvarpsins, eins og það kemur frá nefndinni. Nefndin hefur líklega vegna tímaleysis ekki getað áttað sig á þessu. Háttv. framsm. kvartaði svo mjög undan tímaleysi nefndarinnar, en okkur hinum finnast 2 mánuðir hafa verið sæmilega langur tími til að breyta orðinu: »Danaveldi« í »Ísland«. Það er aðalbreyting nefndarinnar. Hann var ekki alls kostar ánægður með lögin, skildist mjer, en huggaði sig við það, að tími mundi verða til að endurskoða þau, áður en milljóna fyrirtæki risu hjer upp. Hjer er ekki spurning um það, heldur um hitt, hvort verður tími til að setja lög um þetta efni, áður en beztu fossarnir eru farnir úr eigu okkar. Það hefði verið tími til þess. Stjórnin lagði frv. fyrir deildina í þingbyrjun. Það er nefndinni, og vafalaust háttv. framsm. mest um að kenna, komist frumv. ekki gegnum þingið.

Framsögum. Guðlaugur Guðmundsson (V. Sk.): Gagnvart hæstv. ráðh. vil jeg fyrst taka það fram, að nefndinni hefur láðst, að breyta 8. gr. í samræmi við 1. gr. Þetta verður lagað við 3. umr.

En þar sem hæstv. ráðh. taldi það hart, og ekki hyggilegt ákvæði, að fossinn og aflstöðin skuli vera endurgjaldslaus eign landssjóðs eptir 100 ár, þá skal jeg benda á, að þetta atriði er í gildi allvíða annarsstaðar. Nýlega hefur fjelag í Norvegi fengið foss til *75 ára* til að reka stóra aflstöð, og verður fossinn og aflstöðin eign ríkissjóðs, að þeim tíma liðnum. Þetta hefur vitanlega vakið mikið umtal og ágreining, en eptir ritum að dæma, þeim sem jeg hef sjeð um málið, hygg jeg þó, að þessi ákvörðun stjórnarinnar sje talin rjettmæt. Víða líta menn svo á, eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni, að allt vatnsafl ætti að vera eign þess opinbera, en ekki eign einstakra manna. Sviss er það landið, sem lengst hefur farið í þessari stefnu. Þar er því haldið fram, að ríkið sje eigandi að öllu vatnsafli, en fylkin eiga að eins hlutdeild í því. Önnur lönd fara skemmra, en þó mikið lengra, en þetta frumv. gjörir.

Það er aðgætandi, að á umráð fossa er litið allt öðruvísi en eignarrjett útlendinga yfir fasteignum almennt. H. þm. Snæf. (L. H. B.) blandaði þessu algjörlega saman. En hann hefur lítt um þetta fjallað. Ákvæði um almenn fasteignaráð útlendinga í Norvegi eru 20 ára gömul, frá 1888; eignarráð eru þar bundin við norskan höldsrjett. Það var fyrst árið 1903, að farið var að gefa út lög sjerstaklega um eignarráð útlendinga yfir skógum, námum og fossum, en þau lög reyndust illa, þau voru ekki nægilega trygg, það mátti fara í kring um þau. Þess vegna gripu Norðmenn til þess, að gefa út þessi bráðabirgðalög, sem jeg nefndi.

Jeg sje heldur ekki, að þetta sje skylt því frumv., sem hann vitnaði í, að veita innlendu fjelagi með íslenzkri stjórn undanþágurjett undan ákvæðum í botnvörpungalögunum á nokkru svæði, þar sem skipin veiða leyfislaust í landhelgi hvort sem er. Afleiðingin af því, að það var ekki gjört, hefur orðið sú, að nú hafa útlendingar notað endurgjaldslaust það svæði, sem þeir þá buðu hátt gjald fyrir. Þingið hefur

þannig kastað frá sjer mörgum hundruðum þúsunda, án þess að fá neitt í aðra hönd.

Það getur nú verið, að hinn háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gæti hripað af nefndarálit í svona löguðu máli á fáum dögum. En jeg hygg þó, að fyrir hvern þann þm., sem kemur að þessu ókunnugur, sje það talsvert verk, að kynna sjer afstöðu annara þjóða í slíkum málum; og það er betra, að geta byggt till. sínar í nefndarálitum á þekkingu, heldur en á gorgeir og stóryrðum. Að öðru leyti var ekki eitt einasta orð hjá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem ekki fór fyrir norðan garð og neðan; jeg get því ekki að neinu metið orð hans um þetta mál.

Nefndarálitið kom 31. ágúst, og það hafa mörg mál verið afgreidd frá þinginu á minna en 12 dögum. Það er því ekki nefndarinnar sök, ef það ekki kemst í gegn.

Mjer heyrðist hann vera að væna einhvern »þingm.« þess, að hann hefði tekið við mútum í einhverju máli. Jeg vil skora á hann, að hafa hug tit þess að nefna þann, sem hann á við. Þess konar slettur mega ekki eiga sjer stað, ef ekki eru nafngreindir þeir menn, sem þær eru stílaðar til.

Larus H. Bjarnason: Hinn háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefði vel getað sparað sjer ummæli sín um, að jeg skildi ekki muninn á umráðarjetti yfir fossum og eignarrjetti á jarðeignum. Hann talaði þar eins og opt endrar nær alveg út á þekju, enda er ekki eptirtekt og hugsun hjá honum allt af eins mikil og háværðin. Jeg bar saman *viðtæki* fossafrumv. og fyrri frumv. um takmörkun á fasteignarrjetti útlendinga hjer, og fann að því, að frumv. var ekki látið ná til fasteigna yfirleitt.

Hann minntist á landhelgisfrv., og kallaði fjelagið, sem undanþágurjettinn átti að fá, »innlent« fjelag. Það gat það ekki verið, að minnsta kosti ekki nema að nafninu til, því að starfsfje þess átti að skipta miljónum. Enda skildi þingið frumv. rjett og felldi það þess vegna, meira að segja tvisvar, þrátt fyrir lifróður þingmannsins.

Sami háttv. þingm. var eitthvað að fimbulfamba um það, að jeg hefði dróttað því að ónefndum þingm., að hann hefði þegið mútur fyrir það, að styðja landhelgisfrumv. alræmda. Það er enn eitt ljóst dæmi upp á eptirtekt þm. Jeg sagði, að ónefndur maður hefði ætlað, að vinna einn þingm. með hálfum fyrirheitum um gróða til þess, að fylgja frumv., en það hefði *ekki* tekizt. Jeg átti því þegar af þeirri ástæðu ekki við þingm., enda er mjer ekki kunnugt um neinar slíkar tilraunir við aðra þingmenn en þennan eina, en um hann er mjer vel kunnugt.

Jeg held annars í þessu máli eins og í bankamálinu og yfir höfuð í öllum málum af þessu tagi fram þeirri skoðun, að rjett sje, að Íslendingar hafi um aðra fram rjett til að nota sitt eigið land.

Háttv. þingm. gaf í skyn, að jeg kynni máske að hafa getað hroðað nefndarálitinu af á skemmri tíma. Það er oflof. Að fljótvirkni til, að jeg ekki segi meira, jafnast jeg ekki á við þingmanninn. Um vandvirknina skulum við ekki tala.

Hann játaði, að nefndarálitið hefði ekki komið fyr en 31. ágúst, og það kalla jeg síðbært, því nefndin fjekk málið til meðferðar fyrst í júlí. Og hvað hefur háttv. þm. gjört til þess, að flýta fyrir því, að málið kæmist á dagskrá? Jeg veit, að hæstv. forseti hefur verið mjög eptirlátur við mig, með að taka mál á dagskrá, sem jeg

hef verið við riðinn, enda trúir því enginn um *hann*, að hann sitji á líkum frumv. og þetta er.

Annars er það ekki annað en leikaraskapur, að vera að tala meira um þetta frumv., því það er *ómögulegt*, að það komist í gegn um þingið, án afbrigða frá þingsköpunum, og hingað til hefur ekki verið það kapp í mönnum út af frumv., að trúlegt sje, að gripið verði til þeirra ráða.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það er ekki ástæða til þess, að svara háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) frekar. Mjer þótti rjett, að láta hann taka skýrara fram, hvað hann meinti, þegar hann talaði um þessi 1,000 £ frá botnvörpufjelögunum.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. nefnd. (460) við 1. gr. sþ. með 23 atkv.
2. breyt.till. nefnd. (460) við 1. gr. sþ. með 22 atkv.
3. breyt.till. nefnd. (460) við 1. gr. sþ. með 23 atkv.
4. breyt.till. nefnd. (460) við 1. gr. sþ. með 23 atkv.

1. gr. þannig breytt samþykkt með 23 atkv.

2. gr. samþ. með 23 atkv.
3. gr. samþ. með 23 atkv.
5. breyt.till. nefnd. (460) við 4. gr. samþ. án atkv.
4. gr. samþ. með 23 atkv.
6. breyt.till. nefnd. (460) við 5. gr. samþ. án atkv.
5. gr. samþ. með 23 atkv.
6. — — — 23 —
7. — — — 23 —
7. breyt.till. nefnd. (460) við 8. gr. samþ. án atkv.
8. breyt.till. nefnd. (460) við 8. gr. samþ. án atkv.
9. breyt.till. nefnd. (460) við 8. gr. samþ. án atkv.

8. gr. þannig breytt samþykkt með 23 atkv.

9. gr. samþ. með 23 atkv.
10. — — — 23 —
11. — — — 23 —
12. — — — 23 —

10. breyt.till. nefnd. (460) við 13. gr. samþ. með 23 atkv.

13. gr. þannig breytt samþ. með 23 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. septbr., kom frumv. (A, 596, 600) til 3. umr.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það er að eins ein breyt.till., sem liggur fyrir frá nefndinni, og hún fer ekki fram á annað en að lagfæra orðalagið á niðurlagi 9. gr. frumv., eins og það var samþykkt við 2. umr., að í stað orðanna: — »svo og ef stjórn fjelags, er eptir þann tíma hefur öðlazt eignareða notkunarrjett á fossi, hættir að hafa aðsetur á Íslandi, eða ef einhver í stjórn er þar eigi lengur heimilisfastur,« — komi: »svo og ef fjelag, er eptir þann tíma hefur öðlazt eignareða notkunarrjett á fossi, hættir að hafa heimilisfang á Íslandi eða ef meiri hluti fjelagsstjórnar er þar eigi lengur heimilisfastur«.

Þessi breyting er bein afleiðing af þeim breytingum á 1. gr., er samþykktar voru við 2. umr. málsins.

Að öðru leyti sje jeg ekki neitt að athuga við frumv., og vona því, að það fái greiðan gang gegn um deildina.

ATKV.GR.: Breyt.till. 596 samþykkt með 18 atkv.

Frumv. þannig breytt samþykkt með 15 samhlj. atkv., og sent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. septbr., kom frumv. (A 614) til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Frv. þetta er samið til þess að reyna að hindra, að fossar hjer á landi komizt í hendur »kapítalista«, sjerstaklega útlendra, er síðar geti hindrað, að fossaaflið verði landsmönnum að notum. Jeg álít mjög áríðandi, að reyna að tryggja þetta eptir því, sem unnt er. Reynsla annara landa, sjerstaklega í Sviss, sýnir, að þetta er nauðsynlegt. Jeg hef lesið ritgjörðir eptir kunnugan mann um það, hve illa er farið í Sviss. Þar eru nú ein tvö eða þrjú »kapítalista«fjelög, sem hafa náð öllum fossunum á sitt vald, til mikils skaða fyrir atvinnugreinar þær, sem nota fossaafl, sjerstaklega fyrir silkivefnað, sem margir einstakir menn þar í landi stunda. Þeir verða að kaupa aflið dýrum dómum og standa sig nú ver en áður, meðan unnið var í höndunum. Jeg álít því lofsvert, að frumv. þetta er fram komið. Jeg leyfi mjer að benda á, þó það sje 1. umr., að ákvæðin í 1. kaflanum, um eignar- og umráðarjett á fossum, virðast mjer þannig löguð, að vafasamt er, hvort þau koma að fullum notum og hvort ekki væri hægt að fara í kringum þau. Aptur tel jeg mikla bót að síðari kaflanum, þar sem leyft er eignarnám á fossum, ef það lýtur að almenningsheillum. Þar sem eignarnám er heimilað, býst jeg við, að það verki í þá átt, að gjöra útlenda »kapítalista« varfærnari í fossakaupum. Jeg vildi, að frumv. fengi fram að ganga, og álít, að deildin eigi að samþykkja það óbreytt, vegna þess, hve tíminn er naumur, nema ef einhver, sem skarpari er, en jeg, sjái eitthvað í því, sem umbóta þarf. Jeg hef athugað frumv. nákvæmlega og ekkert athugavert í því fundið. Óska jeg þess svo að eins, að það fái greiðan framgang.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 50. fundi Ed., miðvikudaginn 11. septbr., kom frv. (A 614) til 2. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg get skírskotað til þess, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls, að jeg álít mjög áríðandi, að þetta mál nái fram að ganga, og hef jeg ekki síðan getað fundið neitt athugavert við frumv. Að eins skal jeg geta þess viðvíkjandi 1. gr., að jeg hefði heldur kosið, að eignarrjetturinn hefði verið takmarkaður við þegna Danakonungs, þá er búsettir eru hjer á landi, en jeg legg þó ekki mikla áherzlu á það. Það er ef til vill mest um vert, að eignarrjetturinn sje bundinn við heimilisfestu hjer á landi. Vil jeg þess vegna enga brt. gjöra við frumv. svo það dagi ekki uppi. Eu það er annað, sem jeg vildi leyfa mjer að benda á, að mjer finnst æskilegt, að frumv. verði sem allra fyrst að lögum. Helzt með »Corroboration« ef mögulegt væri. Því að með hverjum degi, sem líður, getur komið fyrir, að fossar skipti um eigendur, og lögin ná ekki til annars tíma, en frá því þau koma í gildi. Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til hæstv. ráðh., hvort slíkt mundi ekki vera tiltækilegt.

Ráðherrann: Þar sem svo stuttur tími er, þangað til jeg fer til Kaupmannahafnar til þess að bera lagafrv. þau, er þingið samþykkir, undir staðfesting Hans Hátignar Konungsins, sje jeg enga ástæðu til að fara að senda eitt einstakt frumv. á undan sjerstaklega, og get því ekki orðið við tilmælum háttv. 3. kgk. þm.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er mjer mikil gleði að heyra meðmæli með frumv. þessu úr konungkjörna flokkinum, þar sem því hefur verið talsvert breytt í háttv. Nd. frá því sem það kom frá stjórninni. Undir eins og frumv. þetta kom fram, þá komu fram sterk mótmæli á móti því í ýmsum blöðum, af því að bæði fjelögum og einstökum mönnum í öllu Danaveldi var heimilaður eignarrjettur yfir fossum hjer á landi samkvæmt því frumv. Þessu hefur háttv. Nd. kippt í liðinn, og er það mjög gott. Það er því stór gleði að heyra, hve góðar undirtektir frumv. þannig breytt fær hjer í deildinni og það einnig hjá mönnum úr stjórnarflokknum. Jeg tek undir með háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) og tel mjög æskilegt, að það yrði sem skjótast að lögum.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 12 atkv.
2. — — — — 12 —
3. — — — — 12 —
4. — — — — 12 —
5. — — — — 12 —
6. — — — — 12 —
7. — — — — 12 —
8. — — — — 12 —
9. — — — — 12 —
10. — — — — 12 —
11. — — — — 12 —
12. — — — í e. hlj.
13. — — — - - —
14. — — — - - —

Fyrirsögn 1. og 2. kafla samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 51. fundi Ed., miðvikudaginn 11. september, kom frumv. (A 614) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 2 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XL. Vegir.

Á 4. fundi Nd., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um vegi til 1. umr.

Ráðherrann: Hjer hefur verið útbýtt í deildinni yfirliti yfir ástand flutningabrauta og þjóðvega árið 1906, gjört af verkfræðingi landsins, sem í fyrra og hitt eð fyrra ferðaðist um landið í því skyni, að fá yfirlit yfir vegina, og gjöra áætlun viðvíkjandi vegalagningu hjer á landi. Býst jeg við, að háttv. þm. hafi kynnt sjer skjal þetta, og get jeg því skírskotað til þess, sem í því er sagt, án þess að taka það upp hjer. Jafnframt hefur sami verkfræðingur komið fram með tillögur um miklar breytingar á núgildandi vegalögum, sem stjórnin hefur aðhyllzt að mestu leyti, og eru þær innifaldar í þessu frumv., sem hjer liggur fyrir. Í því eru nokkrar breytingar á legu flutningabrauta og þjóðvega, nýjar reglur um viðhald vega og greiðslu kostnaðar við það; nýjar reglur um stjórn vegamálanna, og framkvæmd vegagjörða, um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar og hlið, ennfremur um hirðingu vega og vetrarvegi, sjer-

stök ákvæði um vegi í kaupstöðum og verzlunarstöðum, og loks sektir fyrir skemmdir á vegum o. fl, Jeg býst við, að athugaverðust muni þykja og mestri mótstöðu mæta, ákvæðin um kostnaðinn við viðhald veganna. Frumv. gjörir nfl. ráð fyrir, að sýslurnar kosti framvegis viðhaldið á flutningabrautum og akfærum þjóðvegum, þó með nokkrum undantekningum. Það er auðvitað, að viðhaldskostnaður verður því meiri, sem vegirnir eru fleiri, og hætt við, að það dragi úr framkvæmdum þeim, sem nauðsynlegar eru til þess að vegagjörð hjer á landi komist í viðunanlegt horf, ef landssjóður á að kosta það allt eins og hingað til. Auk þess má búast við því, að kostnaðurinn verði minni, ef sýslufjelögin eiga að annast viðhaldið, því það er svo mikið komið undir því, að gjöra nógu fljótt við skemmdirnar, því annars jeta þær sig út og verða eins og átumein í vegunum, svo að aðgjörðin verður miklu dýrari en þurft hefði að vera. Auk þess er það eðlilegt, að vegum, sem lagðir eru innanhjeraðs, og gjörðir akfærir svo að segja eingöngu í þarfir innanhjeraðsmanna sjálfra, sje haldið við af þeim, sem gagnið hafa af vegunum og slíta þeim.

Nýmælið um hina akfæru þjóðvegi vona jeg mæti góðum undirtektum. Það mun nú flestum koma saman um, að það sje einkum ávinningur, að fara megi með vagna um sem flesta vegi; en hitt, að leggja mikið fje í dýra vegi, þar sem að eins verður komið við hestum, sje ekki fjárhagslega rjett. Jeg skal svo leyfa mjer að mæla fram með frumv. við hina háttv. deild.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr.

Stungið var upp á 5 manna nefnd, og sú uppástunga samþ. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þingmönnum, og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf., Ólafur Thorlacius, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Ólafur Ólafsson og Árni Jónsson.

Síðan voru með hlutfallskosningu kosnir í nefndina:

Jón Jónsson,
Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinsson,
Jón Magnússon,
Ólafur Ólafsson,

Í nefndinni var Jón Magnússon kosinn formaður og Hannes Þorsteinsson skrifari og framsögumaður.

Á 9. fundi Nd., föstudaginn 12. júlí, var eptir ósk formannsins í nefndinni bætt við í hana tveim þingdeildarmönnum, þeim Árna Jónssyni, þm. N.-Þ., og Ólafi Thorlacius, þm. S.-Múl.

Á 21. fundi Nd., föstudaginn 26. júlí, kom frumv. (A. 141, 158) til 2 umr.

Framsögumaður Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg held, að það sje óhætt að segja, að hvergi hafi orðið eins miklar framfarir hjer á landi á síðari árum, eins og í samgöngubótunum, og sjerstaklega að því, er snertir samgöngumálin á landi. Fyrir ekki meira en 20—30 árum var vegamálum alls ekki hreyft á þinginu, menn urðu að una við þá vegi, sem myndast af sjálfu sjer þar sem umferð er, og voru þá taldar góðra gjalda verðar vegabætur, að velta stærstu steinunum úr þessum troðningum — ryðja veginn — þriðja og fjórða hvert ár. Augu manna höfðu ekki opnast fyrir því, hve mikla þýðingu greiðar samgöngur hafa fyrir þjóðirnar, hve geysi-

mikill munur er á að flytja á vögnum, á móts við það að flytja á hestum, og þess vegna var ekkert hugsað um vegagjörðir á þeim árum.

Hið fyrsta spor í þessa átt var það, að fenginn var íslenzkur maður, sem ekki hafði neina sjerþekkingu á vegagjörðum, til þess að standa fyrir vegalagningum hingað og þangað um landið. Þessi maður var Eiríkur Ásmundsson frá Grjóta í Reykjavík, og var hann þannig okkar fyrsti vega-»ingeniör«. Hann lagði vegina á þann hátt, að þeir gætu orðið sem beinastir, beint yfir hálsa og lautir. En með því móti urðu vegirnir öldungis ófarandi bæði fyrir hesta og vagna. Þetta vegalag má sjá á gamla Kambaveginum, gamla Öskjuhlíðarveginum og víðar. Menn voru ekki á þeim árum að borga stórfje til að læra að leggja vegi, og það var tiltölulega seint, sem tekið var upp á því, að fá útlendinga til að standa fyrir vegagjörðum. Um brýr var ekki að tala. Háttv. þm. Mýr. (M. A.) man sjálfsagt eptir því, hvernig tekið var í það, þegar hann bar fram frumvarp um byggingu Ölfusárbrúarinnar á þinginu 1883, en hann var þá þingmaður Árnesinga. Það var steindrepið undir eins og þótti ekki tiltök, að eyða fje landsins í slíkt, einkanlega þar eð það væri ekki fyrir landsmenn í heild sinni, heldur að eins eða að mestu leyti fyrir eina sýslu.

Svona voru tímarnir þá; en tímarnir breytast og mennirnir með þeim. Árið 1886 voru veittar 6,000 kr. til vegagjörða, og fenginn útlendur maður, norskur vegfræðingur, Hovdenak, til þess að standa fyrir vegagjörð í Svínahrauni, og kom hann hingað með 4 norska menn um sumarið. Maður þessi var ókunnugur landsháttum hjer og fjekk ekki nægar leiðbeiningar, og varð því verk hans ekki að tilætluðum notum að því leyti, að vegurinn frá Hólmsá upp á Kolviðarhól var lagður á mjög óhentugum stað, þar sem gamli vegurinn lá, austan Fóelluvatna, en hefði átt að liggja fyrir vestan þau, upp hjá Lyklafelli og austur vellina, en ekki um hraunið. En eptir það fóru vegagjörðir að tíðkast, og eptir að Ölfusárbrúin loks komst á 1891, þá fór að koma skrið á vegagjörðirnar; þá fara menn að sjá, hve miklar bætur eru að slíkum mannvirkjum. Jeg álít því, að bygging Ölfusárbrúarinnar marki nýtt tímabil í vegasögu vorri, því það má skoða vegalögin frá 1894 sem afleiðing af þessari stórkostlegu samgöngubót. Sú breyting, sem orðið hefur á vegamálunum síðan, er gleðilegur vottur um framfarir og hug manna á nýbreytni, sem til gagns má verða. Og nú er svo langt komið, að þau vegalög eru orðin ónóg, og að sumu leyti úr gildi gengin. Stjórnin hefur sjeð, að þau eru ekki lengur fullnægjandi, og hefur því látið verkfræðing landsins rannsaka vegi á landinu og gjöra uppástungur um nýja vegi, sem leggja þarf, og á þessum rannsóknum er byggt það frumv., sem nú liggur fyrir þinginu. Þetta er mikið nauðsynjaverk og á stjórnin þakkir skilið fyrir þann áhuga, sem hún hefur sýnt í þessu efni.

Eptir vegalögunum frá 1894 er það skylda landssjóðs að kosta lagningu og viðhald allra flutningabrauta; en þegar kröfurnar tóku að fjölga svo mjög, fór landssjóður smámsaman að kippa að sjer hendinni, og takmarka fjárveitingar sínar við framlög sýslufjelaga þeirra, sem í hlut áttu. Einnig frestaði landssjóður að framkvæma sumar þær vegalagningar, sem ákveðnar eru í vegalögunum frá 1894, og

var það heppilegt um sumar þeirra, t. d. flutningabrautina frá Þingvöllum til Geysis, því nú er fram komið álit um, að leggja hana annarsstaðar, þar sem miklu haganlegra er. Þegar um slík mannvirki er að ræða, verða menn að hafa fyrir sjer ákveðna áætlun, en ekki leggja veginn út í loptið, en þegar vegalögin frá 1894 voru samin, voru engar slíkar ákvarðanir til um það, hver vegarstefna væri heppilegust, og var því stefnan ákveðin eitthvað af handahófi milli tveggja endapunkta, en ekkert ákveðið nánar um legu vegarins á þessu svæði.

Aðalstefnubreytingin í frumv. þessu frá núgildandi lögum er ákvæðið um viðhald veganna. Það verður að líta svo á, að landssjóður geti ekki bæði lagt vegina, og kostað viðhald þeirra að öllu leyti, og því er sú stefna tekin í frumv., að sýslufjelag kosti viðhald flutningabrauta þeirra, sem um hverja sýslu liggja, hver innan sinna sýslumarka, með nokkrum undantekningum. Því tjáir alls ekki að neita, að þegar þetta frumv. varð heyrum kunnugt, þá kvað við »Ramaóp« í mörgum hjeruðum, einmitt vegna þess viðhaldskostnaðar, er nú skyldi demba á hjeruðin. Menn eru orðnir svo vanir, að landssjóður gjöri allt að vegunum, kosti að öllu leyti bygging þeirra og viðhald, að það er eðlilegt, að menn uni illa þessari breytingu, að minnsta kosti fyrst í stað. En þótt þetta verði tilfinnanleg byrði á einstökum sýslufjelögum, get jeg ekki sjeð, að mögulegt sje annað en að gjöra þessa breytingu, með nokkrum ívilnunum þó að sjálfsögðu. Landssjóður hefur í mörg horn að líta, og það er ekki von, að hann geti fullnægt öllum kröfum, einkanlega þar sem flutningabrautum á að fjölga að mun, og þær á landssjóður að leggja á sinn kostnað.

Það er eitt atriði, sem ekki hefur komið skýrt fram, en það er hvort brýrnar á Ölfusá og Þjórsá skuli endurbyggðar á kostnað landssjóðs eða ekki. Það virðist mega ráða það af einu atriði í áliti verkfræðingsins, að hann ætlist til, að stjórnin kosti endurbyggingu þessara brúa, en það kemur alls ekki ljóslega fram. Það er ekki unnt að segja, hvað þessar brýr endast, þær geta orðið fyrir ýmsum áföllum, t. d. af jarðskjálptum eða ofviðri, og geta þá bilað þótt sterkar sjeu. Jeg vil leyfa mjer að taka það skýrt fram, að sje ekki ætlazt til, að landssjóður kosti endurbyggingu brúnna, þá hefði verið sjálfsagt að heimta álag á brýrnar sýslufjelögunum til handa, sem miðað væri við upphaflegan kostnað þeirra, og hvað lengi þær hefðu staðið. En þessi krafa fellur niður, þegar það er tekið skýrt fram í frv., að landssjóður kosti endurbygginguna, eins og nefndin hefur gjört með sjerstakri brtill. Um þetta atriði má ekki vera nokkur vafi.

Þá hefur nefndin og gjört breyt.till. um það, að þegar miklar og ófyrirsjáanlegar skemmdir verða á brúm af landsskjálpta, ofviðri eða öðrum ófyrirsjáanlegum orsökum, þá bæti landssjóður þann skaða. Þetta hefur nefndin látið ná til allra brúa, er kostað hafa 15,000 kr. og þar yfir.

Enn fremur hefur öll nefndin orðið sammála um það, að það hlyti að vera sjálfsögð afleiðing af þessari stefnubreytingu í vegamálum, sem frumv. gjörir, að eptirstöðvar allra lána, sem sýslufjelög hafa tekið úr viðlagasjóði til flutningabrauta, að brúm meðtöldum, og tekin eru fyrir 1. janúar 1907, fjellu niður frá þeim tíma, er sýslurn-

ar taka að sjer viðhaldið. Nefndin getur raunar ekki sagt með vissu, hversu mikil upphæð þetta muni vera, en eptir þeim upplýsingum, sem gjaldkeri landssjóðs hefur látið nefndinni í tje, má ætla, að hún fari ekki mikið fram úr 20,000 kr. Af þessum lánum skal jeg nefna lán Rangárvalla- og Árnessýslu til byggingar Ölfusár- og Þjórsár-brúa samkvæmt lögum 3. maí 1889, upphaflega 20,000 kr.; af því hefur helmingurinn verið gefinn eptir fyrir nokkru (1902), en nú eru ógreiddar tæpar 9,000 kr., en ekki virðist þurfa að taka það sjerstaklega fram í þessum lögum, að þessi fyrnefndu lög sjeu úr gildi fallin að þessu leyti, því að upphæðin er sjálf fallin burtu. Þá á og að fella niður eptirstöðvar af 12,000 kr. láni til Eyrarbakkabrautarinnar (milli Selfoss og Eyrarbakka). Þær eptirstöðvar munu nú vera eitthvað á 10. þúsund kr. Það var álitið rjett, að uppgjöf á eptirstöðum næði til fleiri samkynja lána, sem tekin eru annarsstaðar en úr viðlagasjóði, t. d. þeirra lána, sem tekin eru í Landsbankanum eða Íslandsbanka. Slík lán munu vera örfá og einkanlega tekin, þegar lán ekki hafa fengizt úr viðlagasjóði. En svo er með lánið til Sogsbrúarinnar, sem var 5,000 kr. með 500 króna árlegum afborgunum. Af því verða óborgaðar 3,500 kr. 1. okt. 1909, þegar þetta ákvæði laganna á að ganga í gildi. Jeg skal um leið geta þess, að fyrir þinginu liggur beiðni frá Grímsnesingum um að fá fje til vegarspotta frá Ingólfsfjalli hjá Alviðru og dálítinn spöl upp í Grímsnes, en þessi kafli má nú heita ófær; er því nauðsynlegt, að vegur verði þar lagður, ef Grímsnesingar eiga að geta haft not af Sogsbrúnni. Jeg minnist á þetta, til að benda deildinni á, að taka þessari málaleitun vel, er hún kemur fram, einmitt með tilliti til þess, að Grímsnesingar hafa þegar lagt svo mikið af mörkum til Sogsbrúarinnar.

Nefndinni barst erindi frá þm. Barðstrendinga um, að alþingi veiti fje til vegalagningar frá Gilsfjarðarbotni að Gróustaðahyrnu, en þetta mál kemur fremur við fjárlaganefndinni en veganefnd. Sami þm. hefur sent beiðni um uppgjöf á láni til vegalagningar yfir Mikladal, Hálfdan, Fossheiði og Kleifaheiði, sem upphaflega var 5,000 kr., en er nú, samkvæmt upplýsingum frá gjaldkera landsjóðs, 2,700 kr. Um þessa beiðni verður fjárlaganefnd að fjalla, því hjer er að ræða um fje til vega, sem ekki eru þjóðvegir. Enn hefur þm. Barð. sent erindi um, að þjóðvegur verði lagður frá Gilsfjarðarbotni til Patreksfjarðar, með öðrum orðum eptir endilangri Barðastrandarsýslu; það er afarlangur vegur og verður að kræka fyrir fjölda af fjörðum og víkum t. d. Kerlingarfjörð, Kvígindisfjörð, Kjálkafjörð, Vatnsfjörð o. m. fl., svo nefndin hefur ekki sjeð sjer fært að taka það til greina. Jeg skal í sambandi við þetta geta þess, að nefndin fjekk tilmæli frá þm. Snæf. um, að fullgjörður verði vegur frá Stykkishólmi til Kerlingarskarðs. Þessi vegur er kominn töluvert áleiðis úr Stykkishólmi upp að bænum Skildi, og eru þá eptir hjer um bil 4 kílómetrar ólagðir, og er gjört ráð fyrir, að það kosti um 6,000 kr. Þessi vegarspotti er á þjóðveginum milli Borgarness og Stykkishólms. Þetta tók nefndin til athugunar og er því hlynnt, en fjárveitingin kemur til álita fjárlaganefndarinnar.

Fleiri málaleitanir bárust nefndinni, t. d. frá háttv. þm. N.-Þing., þar sem hann óskar þess, að þjóðvegurinn um Þingeyjarsýslu lægi til Húsavíkur og þaðan í byggð um Norður-Þingeyjar-

sýslu til Vopnafjarðar, en ekki hina syðri leiðina, um Hólsfjöll. Nefndin sá sjer ekki fært að taka þessa málaleitun til greina, enda þótt hún viðurkenndi, að gott væri að fá þennan veg. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er hin nyrðri leiðin miklu lengri en hin og snjóþyngsli þar meiri. Um þetta atriði er og nefndin í samræmi við álit landsverkfræðingsins.

Enn fremur skal þess getið, að nefndinni bárust tilmæli frá háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) þess efnis, að Borgarfjarðarsýsla væri losuð við þá skyldu, sem henni er lögð á herðar í 8. gr. frumv., að annast að þriðja hluta viðhald flutningabrautarinnar frá vegamótunum fyrir ofan Borgarnes á þjóðveginn fyrir norðan Kláffossbrú á Hvítá. Á þingmálafundum sýslunnar hefur jafnvel verið farið fram á, að íbúar Borgarfjarðarsýslu legðu alls ekkert til viðhaldskostnaðarins, enda óskaði þm. þess í beiðni sinni til nefndarinnar. Þetta tók nefndin til athugunar, en gat þó ekki gengið inn á slík tilmæli. Landsverkfræðingurinn hefur tekið fram, að rjettast væri að jafna viðhaldskostnaðinum niður á þann hátt, er farið er fram á í frumv. stjórnarinnar, með því að þriðjungur þeirra manna er brautina nota, býr innan Borgarfjarðarsýslu. Að vísu hefur verið upplýst síðan, að þetta er kannske ofmælt, með því að það eru aðallega að eins tveir hreppar sýslunnar, er brautina nota. En það, sem sjerstaklega kom nefndinni til að halda ákvæði frv. óbreyttu, var það, hversu mikill vegakostnaður hvílir á Mýrasýslu; í samanburði við fólksfjölda verður hún harðast úti í því efni af öllum sýslum landsins. Þess vegna er það ekki nema sanngjarnt, að Borgfirðingar vildu ljetta undir með henni, sjerstaklega þar sem þeir hafa talsverð afnot af brautinni. Að vísu vakti það fyrir nefndinni, að hún vildi leggja það til grundvallar fyrir viðhaldskostnaðargreiðslunni, hverjir notuðu vegina. En þeirri reglu er ekki hægt að framfylgja allstaðar til fullnustu. Þannig hefur hún lagt það til, að Rangárvallasýsla kosti að einum þriðja til móts við Árnessýslu viðhald flutningabrautarinnar millum Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, enda þótt þessi vegarkafli sje notaður miklu meira af Rangæingum en Árnesingum. Jeg veit, að hv. 1. þm. Rangv. (E. P.) líkar þetta eigi alls kostar, en vjer nefndarmenn gjörðum það eigi af því, að vjer vildum misbjóða Rangárvallasýslu, heldur eingöngu af sanngirni; enda kom fram í nefndinni uppástunga, er fór enn þá lengra, sem sje að Rangárvallasýsla kostaði viðhaldið að helmingi; aðrir lögðu til, að hún gjörði það að fjórðungi; en miðlun málanna varð $^1/_3$, og held jeg, að Rangvellingar geti eigi verið óánægðir með það ákvæði.

Jeg skal ekki að sinni eyða orðum um brt. þá, er komin er fram frá háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), þar sem hann leggur það til í miðlunarskyni, að viðhald Borgarfjarðarbrautarinnar skuli kostað af Borgarfjarðarsýslu að einum sjötta hluta í stað eins þriðja. Býst jeg við, að háttv. þm. gjöri grein fyrir þessari till. sinni.

Það skal tekið fram, að nefndin ljet standa ákvæði stjórnarfrumv. um afhending brauta. Reyndar var því hreyft, að nauðsynlegt væri að koma á föstu skipulagi í því efni, og væri rjettast að úttekt færi fram. En eptir töluverðar umræður komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekki yrði tryggilega um þetta atriði búið á annan hátt, en eptir þeim reglum, er gjört er ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar. Í því sambandi skal jeg leyfa mjer að minna

á flutningabrautina frá Eyrarbakka að Selfossi. Sem stendur er hún allsendis ófullnægjandi til viðtöku fyrir sýslufjelagið. Brautin liggur um blauta mýri og var þegar í fyrstunni ekki hlaðin nægilega mikið upp, og síðan hefur hún sigið, eins og títt er um mýrarvegi, svo að vatn flóir yfir hana víða; vatninu verður ekki veitt frá, því að enginn vill hafa það á engjar sínar, nema þá alla leið til sjáfar, en það mundi miklum kostnaði bundið, Enda mundi landsverkfræðingurinn ekki telja þennan vegarkafla í forsvaranlegu standi til afhendingar, nema hann sje áður hlaðinn betur upp og varinn vatni.

Í nefndinni kom til umræðu, að líklega yrði Þingvallaveginum breytt þannig, að hann lægi ekki upp með Geithálsi, heldur upp Mosfellssveit og komi á Mosfellsheiðarveginn norðan við Gullbringu; og var nefndin ásátt um, að ekki þyrfti að taka það fram, að viðhald þess vegar hvíldi eptir sem áður á landssjóði, þótt ekki væri framar miðað við Geithálsi.

Þá er breyt.till. við 3. gr. 5. staflið, um vegarstefnuna í Þingeyjarsýslu. Nefndin taldi heppilegra, að stefna vegarins væri eigi einskorðuð jafn ákveðið sem í frumv., heldur væri að eins svo að orði kveðið, að vegurinn skuli liggja um Reykjadal »hjá Einarsstöðum, um Reykjahlíð« o. s. frv., svo að leggja mætti veginn um aðra staði en tiltekið er í frumv., ef heppilegra sýndist. Að vísu getur það verið kostur, að vegarstefna sje fast afmörkuð, ef kunnugir menn og hagsýnir hafa valið hana. En það getur líka verið ókostur á stöku stöðum. Enda komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að heppilegast mundi að haga stefnunni eptir því, sem landsverkfræðingurinn síðar ákveður eptir nánari rannsóknir; hann hefur eigi enn ferðast þar um að vetrinum og hefur því eigi getað tekið tillit til, hvernig til hagar þar á þeim tíma árs.

Þá hefur nefndin orðið ásátt um, að bæta nýjum lið við 3. gr. staflið 10, þess efnis, að vegurinn frá Reykjavík til Keflavíkur verði tekinn í tölu þjóðvega. Er gjörð grein fyrir því í nefndarálitinu. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur sent nefndinni ýtarlegt erindi um þetta; getur hann þess, að á því svæði, er hjer er um að ræða, sjeu um 5,000 íbúar, og hafi sýslunefndin sama sem skuldbundið sig til, að leggja fram mikið fje til vegarins, ef tillag fengist til móts við það úr landssjóði. Landsverkfræðingurinn telur og sjálfsagt, að gjöra þennan veg að akvegi. Enginn efi er á því, að sýslunefndin muni enda loforð sitt, *(Lárus Bjarnason*: Er það sýsluvegur?). Það er eptir því, hvernig á það er litið. Og þó svo væri, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að gjöra megi hann með lögum að þjóðvegi. Það er um fleiri vegi að ræða í þessu frv., sem voru sýsluvegir en nú eru teknir í þjóðvegatölu, og er það engin nýung, að sú breyting sje gjör.

Við 7. gr. leggur nefndin til, að gjörð sje sú efnisbreyting, að landssjóður skuli að öllu leyti kosta gjörð flutningabrauta. Eptir frumv. er fjárveiting til þess því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufjelög greiði allan þann kostnað, er orsakast af jarðraski, landnámi eða átroðningi. Þetta þótti nefndinni ekki sanngjarnt, að landssjóður sje að betla á sýslufjelögunum; þá væri rjettara að landssjóður tæki að sjer allan kostnaðinn, enda munar það ekki miklu; meginreglan verður á þann hátt miklu hreinni.

Þá hefur nefndin gjört breyt.till. við 8. gr. frumv. um kostnaðarhlutfallið

milli Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, þannig að landssjóður kosti að einum fjórða viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri við Reyðarfjörð að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum. Jeg veit, að aðrir eru kunnugri þar eystra en jeg og muni þeir gjöra grein fyrir þeirri till.; nefndin taldi hana sanngjarna og hef jeg ekki ástæðu til að mæla á móti því.

Ennfremur þótti nefndinni rjettara, að tekið væri skýrt fram í lögunum, að gæzla og viðhald Þjórsárbrúarinnar skyldi kostað af sýslusjóði Rangárvallasýslu, en gæzla og viðhald Ölfusárbrúarinnar af sýslusjóði Árnessýslu.

Í 9. gr. frumv., er mælt svo fyrir, að skýrsla eða vottorð verkfræðings þess, er stjórnar vegagjörðinni, skuli, þá er afhending fer fram, teljast full sönnun þess gagnvart sýslunni, hvort vegur eða vegarkafli sje í fullnægjandi standi. Þetta þótti nefndinni ekki fulltryggilegt, heldur vill hún, að landsverkfræðingur sá, er stjórnar vegagjörðum landsins, skuli ávallt gefa skýrsluna; og til þess að sýslunefndin hafi eitthvað að segja, þá megi hún skjóta umsögn landsverkfræðingsins til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita. Að vísu mundi úrskurður stjórnarráðsins optast nær falla saman við till. verkfræðingsins; en þó þyrfti það ekki ávallt að vera svo, Dálítil bót er því að þessu viðaukaákvæði fyrir sýslufjelögin.

Breyt,till. við 14. gr. fer fram á úrfellingu samskonar ákvæðis og fellt er burt úr 7. gr.

Við 19. gr. frumv. hefur nefndin gjört verulega breyt.till. Í athugasemdunum við stjórnarfrumv., er gengið út frá því, að hið sjerstaka sýsluvegagjald falli niður til þess að gefa sýslunefndum frjálsari hendur. Um þetta urðu töluverðar umræður í nefndinni og kom mönnum saman um, að ekki væri heppilegt að afnema þetta gjald. Hjer er um góðan og gildan gjaldstofn að ræða, þar sem eru verkfærir karlmenn, Og þegar nú viðhald veganna fellur á sýslusjóðina, þá þurfa þeir að taka það gjald, er til þess fer, af einhverjum gjaldstofnum. Nefndin kom sjer því saman um, að gjaldið verði látið halda sjer, en þó þannig að það renni í sýslusjóð, og hafi sýslunefnd heimild til að hækka það fyrir eitt ár í senn allt upp að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Jeg skal geta þess, að auðvitað verður þetta gjald til viðhalds veganna þannig byrði í mörgum sýslum, og er ekki ólíklegt, að t. d. Árnessýsla og Rangárvallasýsla verði að leggja á brúartolla til þess að hafa upp kostnaðinn; væri þá sjálfsagt, að sýslurnar rjeðu öllu um viðhaldið og eptirlit með brúnum, þannig að afskipti landssjóðs falli niður. Jeg álít, að tillögur um fyrirkomulag brúartolla eigi að koma frá sýslufjelögunum en ekki frá þinginu, en þær tillögur ætti síðan að leggja fyrir næsta þing; get jeg ekki ímyndað mjer, að nein fyrirstaða yrði af þingsins hálfu fyrir þeim lögum, ef sýslufjelögin koma sjer saman um þetta mál.

Breyt.till. nefndarinnar við 23. gr., um heimild til að hækka hreppavegagjald er í samræmi við breyt.till. hennar um hækkun sýsluvegagjaldsins.

Við 24. gr. er að eins gjörð smávægileg breyting.

Veruleg breyting er aptur á móti gjörð við 43. gr. Ákvæði stjórnarfrumv. um, að girðingar megi eigi vera nær alfaravegi en 3 álnir frá miðju vegarins, þótti eigi nákvæmt sakir þess, að ekki er þar með tryggt, að ætíð verði einnar álnar bil innan girðingar hvoru megin vegarins, svo

sem ætlazt er til í athugasemdunum aptan við frumv., heldur fer það bil eptir breidd vegarins; að eins þar sem um 4 álna breiðan veg er að gjöra, verður bilið 1 alin á hvora hlið: sje vegurinn aptur á móti 6 álnir á breidd, er eptir ákvæðum frumv. heimild til, að setja girðinguna fast fram með vegarjaðrinum, og er það eigi heppilegt. Fyrir því hefur nefndin lagt til, að ákvæðið sje orðað þannig, »að full alin sje milli vegarjaðarsins og girðingarinnar«.

Við 44. gr. hefur nefndin gjört þá breytingu, að eigi þurfi landeigandi að leita heimildar sýslunefndar til að gjöra lokað hlið á stigum, er yfir land hans liggja og ekki teljast til neins vegaflokks, heldur megi þar til nægja leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Um 51. gr. leggur nefndin það til, að sleppt sje skylduákvæðinu um, að kaupstaðir og verzlunarstaðir, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skuli gjöra akfæra vegi í sambandi við akvegi þá, er að kaupstaðnum liggja. Þótti henni það óþarft, enda mundi kaupstaðurinn sjálfur sjá hag sinn í, að halda vegum sínum í góðu lagi. Sama er að segja um snjómoksturs-ákvæðið í 55. og 56. gr., er nefndin leggur til að falli burt; gætu slík ákvæði auðveldlega orðið til þess í kaupstöðum, að menn færu með kærur fyrir hjegóma; enda munu kaupstaðarbúar sjálfir eða bæjarstjórn sjá um snjómokstur, þótt ekki væri ákveðið um það með lögum.

Loks hefur nefndin gjört þá breytingu við 57. gr., að menn víki úr vegi til hægri handar, en eigi til vinstri, sakir þess, að það er mönnum eðlilegra og tamara, enda mun það tíðkast víðast hvar annarsstaðar.

Að svo stöddu skal jeg ekki fara fleiri orðum um aðgjörðir nefndarinnar, enda mun gefast kostur á að gjöra nánari grein fyrir einstökum atriðum síðar, er andmæli eru fram komin.

Þórhallur Bjarnarson, (þm, Borgf.): Háttv. frmsm. minntist á erindi, er jeg hafði sent vegamálanefndinni, þess efnis, að rökstyðja mótbárur þær, er bornar hafa verið fram á þingmálafundum Borgarfjarðarsýslu gegn hluttöku sýslunnar í viðhaldskostnaði á flutningabraut upp frá Borgarnesi til Kláffoss. Braut þessi liggur, sem kunnugt er, að öllu í Mýrasýslu, og það var sýnt fram á, að brautin gæti ekki komið að notum nema tveim efstu hreppum Borgarfjarðarsýslu, og jafnvel þeir mundu eigi nota hana til aðflutninga nema í viðlögum, og að eins að nokkrum hluta þess, er þeir þurfa að sjer að draga.

En í stað þess að sinna þessum mótbárum, hefur nefndin orðið ásátt um að fylgja stj.frumv. í því, að leggja mikinn hluta viðhaldskostnaðarins á Borgarfjarðarsýslu, sem sje einn þriðja.

Nú er það, að jeg hef til samkomulags sveigt frá kröfum þingmálafundanna með því að ætla Borgarfjarsýslu $^1/_6$, og veit jeg, að sýslubúar muni kunna mjer litlar þakkir fyrir.

Landsverkfræðingurinn hefur byggt tillögur sínar um kostnaðarhlutfallið milli sýslnanna á fólksfjölda í þeim hreppum, er notað *gætu* brautina að hans áliti; leggur hann kostnaðinn niður á 1,300 íbúa; þar af telur hann einn þriðja í Borgarfjarðarsýslu sunnan árinnar. Verkfræðingurinn hefur auðsjáanlega talið með fullri íbúatölu báða efstu hreppa Borgarfjarðarsýslu, Reykholtsdalshrepps og Stóra-Ásshrepps; í þeim báðum voru eptir

manntali 1901 um 380 manns, en af Reykholtsdalshrepp gengur frá minnst þriðji hlutinn, sem eptir legu sinni fer aldrei að krækja upp á Kláffossbrú. Aptur á móti hefur verkfræðingurinn ekki talið fullri tölu íbúa þeirra hreppa norðanmegin árinnar eða í Mýrasýslu, er brautina nota. Sje talinn saman, eptir manntalinu frá 1901, fólksfjöldinn í hreppunum upp frá Borgarnesi, en þeim auðvitað sleppt er liggja vestan Borgarness, og nota vesturbrautina, þá verður hann samtals um 1,150 manns. Ætti því að miða kostnaðarhluttökuna við fólksfjölda hreppanna, yrði hlutfallið 1 gegn 4, og það þó því að eins, að Flókadalsbæirnir og aðrir bæir í Reykholtsdalshreppnum, sem eiga tvöfalt styttra samband við Borgarnes að sunnanverðu, teljist með.

En fólksfjöldinn er eigi aðalatriðið; það, sem mestu skiptir, eru flutninganotin; þau eru svo misjöfn fyrir hreppana fram með brautinni, í Mýrasýslu annarsvegar og fyrir upphreppana tvo í Borgartjarðarsýslu hins vegar. Flutninganotin byrja fyrst að verða veruleg, þegar menn geta flutt á kerrum heim og heiman þungavöruna, vagnsambandið er komið við kauptúnið. Það kemur af sjálfu sjer kostnaðarlítið, að menn ryðja færar vagnbrautir til hliðar heim á bæina, ótrúlegt hvað slarka má, þegar menn fara að reyna það. En menn í upphreppunum í Borgarfjarðarsýslu fá svo lítil keyrslunotin, telja sjer hæpið gagn að nota vagna, er reiða þarf svo og svo mikið af allri leiðinni.

En svo er annað atriði, sem gæta verður í þessu máli, og það er: hve mjög hefur færzt í vöxt, að fá vörur fluttar úr Borgarnesi suður yfir fjörð á Seleyri. Borgarneskaupmenn verða vegna samkeppni að sunnan, að láta þungavöruna fyrir sama verð á Seleyri í kauptið, og það munar stórlega miklu um vegalengdina, að fara niður á Seleyri eða að fara eptir brautinni niður í Borgarnes, hvorttveggja miðað við mynni Reykjadals. Þó að lítið hafi orðið um byggingu á hinum löggilta stað Seleyri, þá gengur þó mikil verzlun yfir þann stað og fer vaxandi.

Þessum sveitum munu ekki aðrir háttv. þingmenn kunnugir, en jeg og háttv. þm. Mýram. (M. A.) og auðvitað háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.). Jeg vil skjóta því undir háttv. þm. Mýram. (M. A.), hvort honum mundi ekki hafa þótt ósanngjarnt, að Mýrasýsla hefði átt að borga viðhaldskostnaðinn, ef ákveðið hefði verið 1901, að Borgarfjarðarbrautin skyldi leggjast frá Akranesi npp endilangan Borgarfjörð. Það mundi háttv. þm. Mýram. (M. A.) vafalaust hafa talið ójöfnuð, og hefði þó Mýrasýsla þá verið líkt farin og Borgarfjarðarsýsla nú. Efstu hreppar Mýrasýslu haft nokkur not af.

Háttv. framsögum. lagði áherzlu á, að mikill viðhaldskostnaður legðist á Mýrasýslu. En hvað fær sýslan eigi líka á móti? Brautir lagðar um báða arma sýslunnar. Hún verður mörgum árum undan öðrum sýslum í stórvægilegustu samgöngubótum. Horfur á, að sunnanverðu við ána verði menn áratugi að fá jafngóðar samgöngubætur, sem vel að merkja Borgarfjarðarsýsla verður að meiru leyti að kosta sjálf og eflaust hafa allt viðhald á. Þetta er ójöfnuðurinn, sem verður með því, að leggja viðhaldsskyldu á hjeraðsmenn á braut utanhjeraðs. Þann ójöfnuð vona jeg að háttvirta deild gjöri nú sem minnstan.

Eins og málið er í garðinn búið núna, þá gjöri jeg mjer ekki von um

það, að geta hrundið honum með öllu.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Þess er getið í nefndarálitinu og sömuleiðis gat háttv. framsm. þess, að erindi frá mjer hafi legið fyrir veganefndinni um það, að aðalpóstleið lægi um Norður-Þingeyjarsýslu til Húsavíkur og það-an um byggðir sýslunnar, í stað þess að liggja frá Einarsstöðum í Reykja-dal þvert yfir Mývatnsöræfi um Grímsstaði, Möðrudal og Skjöldólfsstaði til Seyðisfjarðar. Þetta hef jeg farið fram á eptir eindreginni ósk kjósenda minna, og er það einnig í samræmi við ósk margra manna í Norður-Múlasýslu, því að með því að ákveða póstleiðina þannig, mundi hún liggja bæði um Skeggjastaðahrepp og Vopnafjarðar-hrepp í þeirri sýslu. Þar er því mik-ill áhugi á þessu, og er það ekki óeðli-legt, því að eptir frumv. þessu og nú-gildandi vegalögum er sú meining lögð í ákvörðun veganna, að þar sem á-kveðnir eru þjóðvegir eða aðalpóst-leiðir, skuli á landssjóði hvíla þeir veg-ir og kostnaður, sem af þeim hlýzt, en sýsluvegir og allur kostnaður við þá á sýslunum. Þess vegna geta þær sýsl-ur, sem minnsta þjóðvegi hafa, ekki búizt við verulegum styrk úr lands-sjóði til vegaaðgjörða. Í þessu efni er Norður-Þingeyjarsýsla lakara sett en nokkur önnur sýsla landsins. Eptir yfirliti verkfræðings landsins, sem allir þingmenn munu hafa kynnt sjer, er talið, að á Norður-Þingeyjarsýslu komi af þjóðvegum 12 kílómetra vegur, og þessir 12 kílóm. liggja ekki í byggðinni, heldur fram til öræfa, það er í Sandhorn-inu við Grímsstaði á Hólsfjöllum. Eptir þessu frumv. eru því engin líkindi til, að Norður-Þingeyjarsýsla fái nokkurn rjett til þess að fje verði lagt úr lands-sjóði til vega í byggðum þar. Jeg skal með þakklæti viðurkenna þá einu sam-göngubót, sem landið hefur gjört í Norður-Þingeyjarsýslu; jeg á við brúna á Jökulsá í Axarfirði. En það eru margar ár, sem brúa þarf, og margir vegir, sem bæta þarf í þessari sýslu. Jeg vil benda háttv. þingd. á, að í frv. því um skipun læknishjeraða, sem nú liggur fyrir þinginu, er ætlazt til, að 3 læknishjeruð liggi á þessu svæði, Axar-fjarðarhjerað, Þistilfjarðarhjerað og Vopnafjarðarhjerað og má því geta nærri, að þar þurfi einhverja vegi.

Jeg verð að telja það mjög athuga-vert, að láta ætíð fara saman þjóðveg og aðalpóstleið, þegar um skyldu lands-sjóðs eða fjárframlög úr landssjóði er að ræða. Og eins og hagar til á þessu svæði, þá er aðalpóstleiðin mjög fá-farin, nálega að kalla má, pósturinn einn, sem hana fer. Menn gjöra sjer ekki ferðir um háfjöll og öræfi, nema brýn nauðsyn sje til; menn nota skipa-ferðir fremur, eptir því sem við verð-ur komið. Þessi vegur er því einkum fyrir póstinn milli Akureyrar og Aust-urlands, en hann hefur opt mikið að flytja, og þó kynlegt megi virðast, er fremri leiðin opt hægari en nyrðri leið-in; þar eru og að jafnaði snjóþyngsli minni, þó að leið þessi liggi víða 50 kílóm. frá sjó, og því betra hestum við að koma. En þá er þess að gæta, að aukapósturinn, sem um byggðir fer, hafi góða vegi og geti komizt á tilsett-um tímum á póststöðvarnar ekki seinna en hinn. Því finnst mjer sú leið, sem um byggðir liggur, vera að rjettu þjóð-leið eða þjóðvegur, þó að sú leið sje aðalpóstleið kölluð, sem um óbyggðir liggur vegna landsháttа.

Jeg þarf ekki að telja upp þær tor-færur, sem eru á vegum í Norður-Þingeyjarsýslu, en vænti þess, að þeir háttv. þingm., sem áhuga hafa á vega-málum, styðji að því á sínum tíma, að vegir á þessu svæði sjeu styrktir af

opinberu fje, þó að þeir sjeu ekki nefndir aðalpóstleið eða þjóðvegir; að minnsta kosti sje verkfræðingur látinn skoða brúarstæði á ánum og vegina og gjöra áætlun um þá og brúargjörðir, einkum í Þistilfirði, því að þar eru fjórar stórár, sem þarf að brúa.

Þótt jeg væri í veganefndinni, þá sá jeg ekki ástæðu til þess að skerast úr leik, eða skrifa undir með fyrirvara, þegar jeg fjekk ekki tök á að koma málinu fram. En jeg áleit málið vera mikilvægt, og því rjett að fara um það nokkrum orðum, þó að jeg hafi ekki komið fram með neina breyt.till. í þessa átt. Jeg vil bæta því við, að þó verkfræðingur segi, að hann álíti það verði að fara syðri leiðina, þá hefur þó vakað fyrir honum, að hitt geti komið til mála, því hann segir, að ef syðri leiðin sje farin, þá verði að brúa Jökulsá. Jeg skal svo ekki tala frekar um þetta að sinni.

Ráðherrann. Jeg er þakklátur hinni hátlv. nefnd fyrir meðferð hennar á þessu frumv., og get jeg fallizt á flestar af breyt.till. hennar. Þó eru nokkrar, sem jeg er ekki viss um að sjeu heppilegar. Þar á meðal vil jeg sjerstaklega nefna þessa nýju 9. grein, sem nefndin vill skjóta inn í frumv., að eptirstöðvar allra þeirra lána, sem sýslufjelög hafa fengið úr viðlagasjóði, til flutningabrauta og brúa á þeim, skuli niður falla, og landssjóður greiða allar eptirstöðvar allra samskonar lána, er annarsstaðar hafa verið tekin. Jeg hef ekki skilríki við hendina, til þess að sjá, hve miklu þetta mundi nema, og yfir höfuð viðsjárvert mjög, að tíðka mjög eptirgjafir á lánum úr landssjóði. Það er illt, að sýslufjelög leiðist inn á þá braut, að taka lán úr landssjóði í því trausti, að fá þau eptirgefin við fyrsta tækifæri. En hins vegar álít jeg svo mikið undir því komið, að samkomulag náist um að leggja viðhaldsskylduna á sýslufjelögin, að sje hjer ekki um mjög mikla upphæð að ræða, þá væri það í þetta sinn tilvinnandi, að ganga að tillögu nefndarinnar, sje hún skilyrði fyrir samkomulagi.

Um breyt.till við 19. gr. er jeg í nokkrum vafa. Nefndin vill halda þeim hætti, að hrepparnir greiði sjerstakt sýsluvegagjald í sýslusjóð, miðað við tölu verkfærra karlmanna. Jeg sje ekki, að þessi sundurskipting gjaldsins geti verið til neins verulegs rjettlætisauka, en á hinn bóginn er hún til þess að gjöra meiri umsvif í innheimtu og reikningsfærslu; en gjaldið mundi koma líkt niður, og til er ætlazt í frumv. stjórnarinnar.

Þá er eitthvað athugavert við breyt.till. við 24. gr., að á undan orðunum »jafnmikil upphæð« bætist inn í orðin »allt að«. Þetta er ekki rjett mál. Yrði að vera annaðhvort: »allt að því jafnmikil upphæð« eða »allt að jafnmikilli upphæð«. Væntanlega má skoða þetta sem prentvillu. En aptur á móti er breyt.till. við síðustu greinina, sem meira er um vert, þar sem nefndin leggur til, að í staðinn fyrir »vinstri« komi »hægri«. Ákvæði stjórnarfrumv., að menn skuli víkja til vinstri handar, er þeir mætast, var sett þannig vegna kvennfólksins; því það er auðsætt, að ef ríðandi fólk mætist og víkur til hægri, þá koma menn beint í kjöltuna á kvennfólkinu, og þar sem það hefur útstandandi fótafjalir, jafnvel einnig á hinum svonefndu »ensku söðlum« getur það valdið meiðslum; og einnig miklum óþægindum fyrir kvennfólkið. Sú ástæða, að í öðrum löndum sje vikið til hægri, kemur okkekkert við, enda er mjer kunnugt um, að það er alls ekki algild regla erlendis. Þannig þykist jeg mega full-

yrða, að á Englandi sje boðið að halda sjer til vinstri handar á akvegum, og það eflaust af sömu ástæðum og þeim, sem fyrir stjórninni hafa vakað. Ekki ætti því þessi regla að verða Englendingum að fótakefli, þó þeir fari hjer um vegina okkar.

Hjer er enn ekki fylgt neinni fastri reglu í þessu efni, og fara að lögbjóða það, sem óhentugt er eptir okkar landsháttum og ferðalagi, eingöngu af þeirri ástæðu, að svo sje tízka með Dönum eða Norðmönnum, finnst mjer alveg ástæðulaust. Jeg vil þess vegna eindregið leggja það til, að þessi breyt.-till. verði felld, hvernig sem fer um hinar aðrar breytingartill.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Það er hvorttveggja að þetta er þýðingarmikið mál, enda verður mönnum skrafdrjúgt um það, og er það að vonum. Jeg ætla nú ekki að vera langorður um stefnu frumv. yfirleitt; það er náttúrlega eðlilegt, að margir sjeu óánægðir, því ekki verður öllum gjört til hæfis. Menn eru óánægðir með það, að sýslusjóðir kosti viðhald veganna, en það hlýtur þó hver maður að sjá, að landssjóði mundi það ofvaxið, ef hann ætti að kosta þá alla, og einnig hitt, að aðgjörðir mundu ganga greiðara, ef sýslufjelögunum er gjört að skyldu, að annast þær. En um einstaka liði getur verið ágreiningur. Jeg er t. d. óánægður með þá brt. nefndarinnar, að Rangárvallasýsla kosti að einum þriðja viðhald vegarins milli Ölfusár og Þjórsár. Það er yfir höfuð að tala mjög óviðkunnanlegt, að sýslufjelög kosti viðhald vega í öðrum sýslum. Þar sem nefndin segir í áliti sínu, að sá vegur, sem hjer um ræðir, sje meir notaður af Rangæingum en Árnesingum, þá er jeg ekki viss um, að það sje öldungis rjett. Það er að vísu satt, að Rangárvallasýsla notar þann veg mikið, en þó ekki svo mjög nema vesturhreppar-nir, Holtahreppur, Áshreppur, Landhreppur og Rangárvallahreppur. Eystri hrepparnir í Rangárvallasýslu hafa mestu aðdrætti sína frá Vestmannaeyjum. Aptur á móti notar mestur hluti Árnessýslu veginn, sjerstaklega Hrepparnir og Skeiðin. En af því mjer er illa við ágreining milli sýslufjelaganna, hefur mjer dottið í hug, að fara meðalveg, sem hin háttv. nefnd kannske gæti gengið inn á. Hann er sá, að Rangárvallasýsla kosti viðhald vegarins að austanverðu, þangað sem Skeiðavegurinn kemur á hann. Sá kafli er hjer um bil 4 km., og er mest notaður af Rangárvallasýslu og líka mjög eðlilegt, að Rangárvallasýsla hafi umsjón með veginum báðumegin að brúnni.

Það gæti frekar valdið ágreiningi, ef sýslurnar kostuðu viðhaldið í fjelagi, heldur en ef hvor þeirra hefði vissan part til umsjónar. Það stendur nú svo vel á, að þingmenn koma til að fara um þennan veg, og geta fyrir eigin sjón komizt að raun um, hvort ekki mælir sanngirni með þessu. Annars mun jeg koma með breyt.till., þessu viðvíkjandi við 3. umr. málsins.

Jeg vildi skjóta því til hins hæstv. forseta, hvort hann ekki vill greina þessa brtill. sundur við atkvgr., og bera hana upp í tvennu lagi, því að öðrum kosti get jeg ekki greitt atkv. með henni, þar jeg er samþykkur nokkrum hluta hennar en ekki öðrum.

Enn fremur vildi jeg minnast á eitt lítið atriði í nefndarálitinu. Í brtill. við 19. gr. stendur »fyrir hvern verkfæran mann« en síðar í greininni »fyrir hvern verkfæran karlmann«. Þetta gæti kannske misskilizt; jeg tel

rjettara að það stæði »karlmann« á báðum stöðunum. Þar í bæði skiptin mun vera átt við verkfæran karlmann.

Magnús Andrjesson: Það er út af breyt.till. á þgskj. 158 frá háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.), að jeg tek til máls. Hún fer fram á það, að skipta viðhaldskostnaðinum á Borgarfjarðarbrautinni öðru vísi milli Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu, heldur en stjórnin ætlast til eða eptir hlutfallinu $^1/_6$ í stað $^1/_3$. Hjer gæti fyrst verið spurning um það, hvort sýslan þar sem engin flutningabraut er, eigi yfir höfuð að leggja nokkuð til viðhalds flutningabrautar í annari sýslu, eða eigi. Stjórnin hefur tekið þá stefnu, að álíta hið fyrra rjett, þegar svo stendur á, að einhver sýsla notar til muna flutningabraut í annari sýslu, og mælir mikið með því. En nú stendur svo á, að Borgarfjarðarbrautin á að liggja frá Borgarnesi gegn um tvo hreppa í Mýrasýslu upp að þjóðveginum að sunnan um Kláffossbrú; þangað á brautin að ná og lengra ekki; þaðan sem hún þar endar, liggur byggð, 4—5 mílur upp til fjalla, Hvítársíða norðan Hvítár, en Hálsasveit og Reykholtsdalur sunnan árinnar, og svo norðar Þverárhlíð og Norðurárdalur. Þessir fimm hreppar hafa engan part af brautinni hjá sjer, en hafa allir meiri eða minni not af henni á leið til Borgarness. Tveir hrepparnir í Mýrasýslu, Borgarhreppur og Stafholtstungnahreppur, standa bezt að vígi til þess, að nota brautina, að því leyti, að hún liggur gegn um þá hreppa. Ferðamenn úr Hálsasveit og Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu og úr Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu verða allir á leið til Borgarness að fara fyrst lengri eða skemmri veg um sínar ógreiðu götur, áður en þeir komast á efri enda flutningabrautarinnar. En svo fara þeir líka *alla* brautina frá einum enda hennar til annars. Þverárhlíðingar geta á leið til Borgarness notað meira en helming brautarinnar, en Norðdælingar ekki nema þann hluta hennar, er liggur fyrir neðan Gljúfurá, eða nálægt 2 mílur. Í Borgarhreppi ganga margir bæir í Borgarsókn frá, sem alls engin bein not hafa af brautinni, eins og hún er ákveðin í frumvarpinu, þar sem vegurinn eptir sjálfu Borgarnesi telst til þjóðvegarins, en ekki til brautarinnar.

Háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) hjelt því fram, að það væru að eins tveir hreppar í Borgarfjarðarsýslu, sem hefðu not af brautinni, nefnil. Hálsasveit og Reykholtsdalshreppur. Jeg skal játa, að það eru aðallega þeir; en nokkuð mun hún líka verða notuð af mönnum í Andakílshreppi, sjerstaklega af bæjunum í Bæjarsveitinni.

Það yrðu þá aðallega 7 hreppar, sem hefðu bein not af brautinni, þar af 5 í Mýrasýslu og 2 í Borgarfjarðarsýslu, og svo Andakílshreppur að auki lítið eitt. Þrír þessara hreppa: Reykholtsdatshreppur í Borgarfjarðarsýslu og Stafholtstungnahreppur og Borgarhreppur í Mýrasýslu, eru nokkuð stórir, en fimm litlir, hver nálægt helmingur hvers hinna stærri. Ef farið væri eptir þessu og Andakílshrepp alveg sleppt, væri hlutfallið milli sýslnanna hjer um bil $3^1/_2 : 1^1/_2 = {}^7/_3$ og ætti þá 7 hlutar af viðhaldskostnaðinum að borgast af Mýrasýslu, en 3 hlutar af Borgarfjarðarsýslu. En þá kemur heldur minna á Borgarfjarðarsýslu, heldur en verkfræðingurinn og stjórnin hefur ætlazt til, eptir frumvarpinu. Því að eptir frumvarpinu á Borgarfjarðarsýsla að greiða $^1/_3$ af viðhaldskostnaðinum, en Mýrasýsla $^2/_3$.

Háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) spurði, hvort mjer mundi ekki hafa þótt ó-

sanngjarnt, að Mýrasýsla tæki þennan þátt í viðhaldskostnaðinum, ef flutningabrautin hefði legið sunnan Hvítár. Til þess er því að svara, að þá hefðu þrír hreppar í Mýrasýslu haft sömu not af brautinni, sem tveir hreppar í Borgarfjarðarsýslu hafa nú af henni, svo að það hefði mjer alls ekki þótt ósanngjarnt. Brautin er kölluð *Borgarfjarðarbrautin*, og er þar miðað við það, að hún sje til fyrir hjeraðið í heild sinni, beggja megin Hvítár. Það var fyrst nokkurt vafamál, hvoru megin Borgarfjarðar og Hvítár hún ætti að liggja; hún kemur báðum sýslunum að notum, þótt meiri sjeu notin fyrir þá sýslu, sem hún liggur um. Þess vegna er ekki nema sjálfsagt, að sú sýslan, sem hún liggur ekki um, en notar hana þó nokkuð, greiði minna af viðhaldskostnaðinum, en hin sýslan, er meiri hefur notin. Verkfræðingur landsins er manna færastur til þess, að reikna út hlutfallið; og jeg hygg að hann og stjórnarráðið hafi komizt mjög nærri rjettu hlutfalli, þótt jeg ekki fullyrði, að það gæti ekki nálgast meira 1/4. Það er því tillaga mín, að breyt.till. sje að þessu sinni felld. Jeg hefi hugsað mjer, að ná í landsverkfræðinginn, og fá að vita, á hverju hann byggir reikning sinn, og ef jeg sannfærist um það, að hlutfallið 1/4 sje rjettara, en 1/8, þá skal jeg vera fús á, að samlaga mig við háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) um aðra breyt.till., er byggist á því. En sje það ósanngjarnt, að Borgarfjarðarsýsla borgi 1/8, þá er hitt þó miklu ósanngjarnarar, að Mýrasýsla borgi 5/6 af viðhaldskostnaðinum. Jeg vil auðvitað beita sanngirni, en eigi kappi í þessu máli. Þm. talaði um þungar byrðar, og er það satt. Mýrasýsla hefur vonda vegi og hefur orðið að hleypa sjer í skuldir fyrir sýsluvegi, og hefur þungar byrðar að bera vegna vega sinna, en í því er ekki að hugsa til að Borgarfjarðarsýsla hjálpi henni. Að eins væri það sanngjarnt, að hún ljetti undir með henni eptir rjettu hlutfalli, hvað snertir viðhaldskostnaðinn á þessari flutningabraut, vegna hinna miklu nota, er hún hefur af henni.

Þá gjörði forseti tundarhlje til morgunverðar, og var fundur settur aptur kl. 12 á hádegi.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Háttv. þm. Mýr. (M. A.) lagði mikið upp úr hreppatöln og fólksfjölda. En hreppa- og bæjatala er eigi góður mælikvarði, þar sem annar hreppurinn eða bærinn notar brautina 5 eða 10 sinnum meira en hinn. Einn bær í Stafholtstungum hefur flutninganot brautarinnar á við 10 eða 20 bæi í uppsveitunum, sem ekki geta notað vagna og eiga svo sjaldan leið um.

Andakílshreppsmenn fara aldrei upp á brú. Eigi þeir að nota neðri hluta brautarinnar, þarf akvegarspotta beggja megin Hvítár og brú eða dragferju á ána, sem langt á í land með og eigi fyrir að gjöra hjer.

Væri keyrslubraut komin um endilanga Borgarfjarðarsýslu og önnur þverbraut um miðju hennar, og það sýslunni að kostnaðarlausu, aumkvaði jeg hana ekki að bera viðhaldið. Það er nokkuð öfugt að vera að kenna í brjósti um sýslur, sem fengið hafa gefins þessar stórfeldu samgöngubætur, og tala um »sanngirni«, að næsta sýsla hlaupi undir bagga.

Jeg vil minna á það, til að sýna, hvaða ójöfnuður er hjer á ferðum, að sem næst helmingur allra íbúa Borgarfjarðarsýslu búa á Akranesi, og þeir verða líka að borga þenna nefskatt,

sem á leggst til viðhalds brautinni upp frá Borgarnesi. Er það sanngjarnt, að menn skuli þurfa að borga hátt gjald fyrir að láta niða niður af sjer skóinn? En þingið 1901 kippti fótunum undan vaxtaþrifum Akraness með því að leggja brautina upp frá Borgarnesi.

Háttv. þm. Mýr. (M. A.) talaði um það, að hann vildi semja við mig, ef breyt.till. mín yrði felld. Jeg skal, að svo stöddu, ekki segja neitt um það, hvort jeg mundi taka því. Hann bauð ekki mikla tilslökun. Frá mínu sjónarmiði leikur svo mikill vafi á því, hvort Borgfirðingar ættu að rjettu lagi nokkuð að leggja til viðhaldskostnaðarins, en sje það nokkuð, þá ætti það að vera sem allra minnst, því að það er ekki mannfjöldinn, heldur vörumagnið, sem er sá rjetti mælikvarði.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Það kom ekki flatt upp á mig, þótt þessi stefnubreyting kæmi fram í vegamálum landsins. Það hefur vottað fyrir henni áður, sjerstaklega á síðasta þingi. Því er ekki nema eðlilegt, þótt máli þessu væri hreyft á þingmálafundum, og það hefur verið gjört, þar á meðal í Árnessýslu.

Það var viðurkennt, að byrði landssjóðs sje mikil og að hana þyrfti að ljetta að því leyti, sem unnt væri. Þar var viðurkennt líka, að þessi stefna sje að sumu leyti góð og margt gæti mælt með því, að láta landssjóð ekki að öllu leyti kosta viðhald þeirra vega, er búið er að leggja, eins og gjört hefur verið að undanförnu. En Árnesingar álíta samt, að viðhaldskostaðurinu verði svo mikill í sumum sýslum, þar á meðal í Árnessýslu, að hann yfirstigi mátt sýslubúa, sje ofvaxinn gjaldþoli sýsluvega- eða sýslusjóðanna. Það vildi nú svo til, að við báðir, þingmenn þessarar sýslu urðum í þessari nefnd. Við höfum, eins og allir sjá, skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust; en ekki var það af því, að við værum svo alls kostar ánægðir með allar gjörðir nefndarinnar; ágreiningurinn jafnaðist líka í nefndinni á ýmsan hátt. Nefndin vildi gjöra sitt til þess, að byrðarnar kæmu sem jafnast niður og yrðu sem minnst tilfinnanlegar sýslufjelögunum. Við tveir gátum heldur ekki andæpt á móti nefndinni um það, er oss þótti sjerstaklega að, en þótti hins vegar ekki ráðlegt. að gjöra það að ágreiningsatriði.

Það var sjerstaklega háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.), sem knúði mig til þess að biðja um orðið. Eins og háttv. deild er kunnugt, hefur það komið til mála, að 1/3 af viðhaldskostnaði flutningabrautarinnar milli Þjórsár og Ölfusár kæmi á Rangárvallasýslu. Þessi till. kom fram af því, að við og aðrir álítum sanngjarnt, að Rangvellingar bæru þessa byrði með Árnesingum. Jeg stend þeim mun betur að vígi, en háttv. 1. þm. Rangv., að jeg er nauðakunnugur í báðum sýslunum, og það jafnvel áður en vegirnir voru lagðir um þær. Jeg man það, að þegar það var í ráði, að leggja Hellisheiðarveginn, og veginn austur um Ölfus og Flóa gegnum Árnessýslu, þá töldu Rangæingar sjer það engu minna gagn en Árnesingum. Jeg heyrði engan mann þá mæla á aðra leið, en að öll sú vegagjörð væri engu minna í þarfir Rangæinga en Árnesinga. Og jeg hygg, að hinir vitrari og sanngjarnari menn meðal þeirra muni kannast við það enn, og mundu því eigi gjöra það að ágreiningsatriði, þótt þeir ættu að bera einhvern hluta af viðhaldskostnaði á þessum vegkafla, eins og hjer er farið fram á. Þá vitsmuni og þá sanngirni ætla jeg Rangæingum eptir margra ára viðkynningu við þá. Háttv. 1. þm. Rangv. fann það til, að ágrein-

ingur mundi verða meðal sýslunefndanna um tilhögun á viðhaldi og eptirliti brautarinnar. Jeg er ekkert hræddur um það, að þeim muni ekki semjast um það í bróðerni. Það stendur nú svo á, að innan skamms getum vjer átt tal við fjölda marga helztu menn úr báðum sýslunum. Þá má vita, hvort þeir vilja heldur skipta veginum í vissa kafla, þannig, að hvor sýslan hafi sinn kafla útaf fyrir sig, eða hvorir um sig borgi tiltölulegan hluta af kostnaðinum öllum. Jeg skal ekki hafa á móti því, sem þeir vilja helzt í þessu efni.

En jeg skal nú víkja aptur að því, hve sanngjarnt það er, að Rangvellingar borgi sinn hluta af þessari braut. Hverjir eru það, sem hafa notin af henni? Að vísu er það satt, að brautin liggur í gegn um Árnessýslu, og þess á sýslan líka að gjalda; en þrátt fyrir það má þó segja, að hún sje til fyrir Rangárvallasýslu engu síður en Árnessýslu, jafnvel miklu fremur. Þeir hreppar í Árnessýslu, sem þurfa ekki að nota brautina til aðdráttar úr kaupstað eru þessir: Selvogshreppur, Ölfushreppur, Grafningshreppur, Þingvallahreppur, Grímsneshreppur, Sandvíkurhreppur; Villingaholtshreppur heldur ekki nema með höppum og glöppum; þar er betra að fara með sjó; Gaulverjabæjarhreppur sækir flestar vörur á Eyrarbakka; Eyrbekkingar koma á veginn við Ölusárbrú, ef þeir fara til Reykjavíkur. Aptur á móti sækja Hreppa-, Skeiða- og Biskupstungna-menn alla eða mjög marga aðdrætti um þennan veg og flestir eða margir úr Hraungerðishreppi.

Þessari skýrslu má háttv. deild óhætt trúa, því að jeg er kunnugur á þessum slóðum. Af þessu er þá ljóst, að yfirgnæfandi meiri hluti sýslunnar getur sótt nauðsynjar sínar frá sjó og úr kaupstað, án þess, að stíga fæti sínum á þennan veg. En hvað er nú að segja um Rangvellinga? Þeir geta ekkert farið, til hvorugra þessara erinda, nema um þennan veg, að því frá teknu, þegar farið er milli Landeyja og Vestmanneyja. Nú er farið fram á það, að þessi sýsla beri 1/3 hluta af viðhaldskostnaðinum. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje mjög hóflegt og sanngjarnt.

Málið horfir svo við frá Rangvellingum skoðað, að þeir geta ekki farið svo í skreiðarför eða kaupstaðarferð, að leið þeirra liggi ekki um þennan veg, að fráteknum þeim, sem geta farið á mótorbát upp í Landeyjasand. Þangað sækir mikið af austurparti sýslunnar, en úr vesturhluta sýslunnar fara allir þessa leið og enga aðra. Það verður því ekki talið nema sanngjarnt, að sýslan beri 1/3 af viðhaldskostnaðinum. Þetta kom til tals á þingmálafundi við Ölfusárbrú, þar sem nokkrir bændur úr Rangárvallasýslu, sem fóru þessa leið, fengu leyfi til að vera og mæla. Þeir viðurkenndu, að krafan væri sanngjörn, og að ranglátt væri, að Árnesingar einir bæru kostnaðinn. Sjerstaklega er það eitt, sem veldur því, að við þm. Árnessýslu mælum móti þessu, og það er það, að viðhaldskostnaðurinn *er langþyngstur á Árnessýslu af öllum sýslum landsins.* Fái hún engan ljetti í þessu efni, verður það vafalaust til, að taka fyrir ýmsar þarflegar vegabætur. Mjer er sjerstaklega kunnugt um, að með Árnesingum er vaknaður mikill hugur á að leggja aukabrautir frá aðalbrautinni um alla sýsluna til og frá. Það mundi nú verða sýslusjóði ofvaxið og sýslubúum um megn. Viðhaldskostnaðurinn, sem hjer er ráð gjörður, gleypti allt það fje, sem sýslubúar gætu látið

af hendi rakna. Háttv. nefnd viðurkennir, að þetta sje takandi til greina, og jeg vona, að háttv. þingdeild viðurkenni það sama. Hitt er aukaatriði, hvort veginum verður skipt í kafla, sem hvor sýsla skuli taka að sjer, eða kostnaðinum skipt hlutfallslega milli þeirra.

Hæstv. ráðh. kvaðst ekki vera ánægður með, að skuldir, sem hvíla á vegum, er afhentir verða sýslusjóðum, sjeu gefnar upp. Mig furðar á því, þar eð mjer finnst það sanngjarnt og í fullri samhljóðan við stefnu frumv. Grundvallarregla þess er brotin með því, að gefa ekki skuldirnar upp. Jeg hygg, að grundvallarreglan sje sú, að landssjóður láti gjöra vegina, en sýslan taki svo við þeim í sæmilegu standi og haldi þeim við. Það væri líka eins og til þess að milda málið, að gefa sýslunum upp þá skuld, sem þær eru í við viðlagasjóð. Jeg leyfi mjer að vænta þess, að háttv. deild sje nefndinni samdóma um, að ósanngjarnt sje, að sami sýslusjóðurinn kosti bæði vegalagninguna og viðhaldið, og því rjettlátt, að gefa skuldirnar upp.

Jeg ætla að gjöra dálitla athugasemd við breyt.till. háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.). Þótt jeg raunar sje ekki vel kunnugur, tel jeg víst, að hún sje byggð á meiri eða minni sanngirni; en eins og hún liggur fyrir, og eptir að jeg hef hlustað á ræðu háttv. þm. Mýramanna og talað við hann sjálfan, þá greiði jeg atkv. á móti henni, en verði gjörð hæfileg breyting í þessa átt við 3. umr., verð jeg sennilega með.

Framsögumaður Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg þarf ekki mörgu að svara; sumpart hafa aðrir þegar svarað því, sumpart gefur það ekki ástæðu til andmæla. Háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) og Mýr. (M. A.) ætla jeg að lofa að eigast við um vegaviðhaldshlutfallið milli Mýra- og Borgarfjarðarsýslna. Nefndin finnur ekki ástæðu til að hlutast til um það, en jeg tek það fram, að málsvörn hins fyrnefnda hefur ekki sannfært mig. Það er alveg rjett hjá háttv. þm. Mýr., að Mýrasýsla hefur mikla vegi, og það hagar svo til, að í Borgarnesi er endastöð bæði fyrir vegi úr Norðurlandi og svo liggur þverálma vestur Mýrarnar. Það er vegakross. Jeg veit, að Mýrasýsla vill fúslega bera krossinn að sínu leyti, og eins vona jeg, að Borgfirðingar færist ekki undan, að ljetta ofurlítið undir aðra krossálmuna með Mýramönnum. Það er sanngjarnt, því er ekki hægt að neita.

Hæstv. ráðh. er samþykkur breytingum nefndarinnar yfirleitt. Það er að eins uppgjöf lánanna, sem honum líkar ekki. Háttv. samþ.maður minn (Ól. Ól.) hefur minnzt á það atriði og sýnt fram á, að lánin eigi að falla niður, enda höfum við talið það sjálfsagða afleiðing af stefnubreyting þessa frv. í vegamálunum. En þessi upphæð er heldur ekki sjerlega mikil, en mest er hún vitanlega í Árnessýslu, en það er sannarlega ekki um skör fram, að hún fái þá ívilnun, þar sem hún hefur svo miklu kostað til flutningabrauta og á í vændum svo feikimikinn kostnað af ólögðum vegum. Uppgjöf lánanna leiðir beinlínis af anda laganna, og nefndin var einhuga um þetta atriði. Það koma ekki fram þær upplýsingar, að nefndin gangi frá því, jafnvel þótt kostnaðurinn fari 10,000 kr. fram úr áætlun hennar, og að allar lánseptirstöðvar reynist 30,000 kr. eða meira. Breytingin við 19. gr. hefur við góð rök að styðjast. Þar er ekki sagt annað en það, sem 11. gr. vegalaganna 13. apríl 1894 heimilar, að vegagjald skuli fara

eptir ákvörðun sýslunefndar, og hafa engin vandræði orðið hingað til á að framfylgja þeirri grein. Stjórnarfrumv. fer fram á, að sýsluvegagjaldið falli niður í því skyni, að gefa sýslanefndinni frjálsari hendur í vegamálum. Þessa breyting taldi nefndin ekki heppilega, eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni; það er betra, að hafa einhvern stofn til stuðnings og gefa sýslunefndum frjálsar hendur til að verja meiru fje, en vegafjeð er ákveðið fyrir það árið, og sá tilgangur næst með því ákvæði, að láta sýsluvegagjaldið renna í sýslusjóð. Þá hafa sýslunefndir svo frjálsar hendur, sem frekast er unnt, ekki síður en eptir frumv. stjórnarinnar. Breyt.till. vor við 19. gr. er ekki annað en tekin upp orðrjett 11. gr. í núgildandi vegalögum, en það virðist hæstv. ráðh. ekki hafa athugað, er hann andmælti þessari breyt.till. nefndarinnar. Við hana virðist því ekkert geta verið að athuga. Ennfremur hafði hæstv. ráðh. á móti breytingunni á 57. gr. um, hvernig vikja skuli úr leið, af sömu ástæðum og tekið er fram í athugasemdunum við stjórnarfrumv., og oss voru vel kunnar. Mjer er ekki kunnugt um »internationalar« reglur um þetta efni, en eðlilegra er að víkja úr vegi til hægri handar, og jeg veit ekki til, að slys hafi orðið að fótafjölum, jafnvel á þröngum stigum; en ekki leggjum við nefndarmenn neitt verulegt kapp á þessa till. Háttv. fyrri þm, Rang. (E. P.) þarf jeg ekki að svara; háttv. samþ.m. minn (Ól. Ól.) hefur gjört það, og er jeg því samþykkur í aðalatriðunum. Breyt.-till. sú, er háttv. þm. ráðgjörir að koma fram með við frumv., fær ekki fylgi nefndarinnar. Það get jeg fullvissað hann um, enda er það engin miðlunarleið.

Fleiru hef jeg ekki við að bæta, nema því, að jeg vona, að háttv. deild samþ. till. nefndarinnar, því þær eru til stórra bóta á frumv.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing): Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd við 8. breyt.till., viðvíkjandi uppgjöf á eptirstöðvum lána. Í aðalatriðunum fellst jeg á tillöguna; það er eðlilegt, þegar viðhald vega, sem landssjóður á að leggja að öllu leyti, er lagt á sýslurnar, að þá leggi landssjóður til »kapitalið« til veganna yfirleitt. En jeg er ekki viss um og nógu kunnugur til þess að vita, hvort lán þau til Árnessýslu, sem hjer ræðir um, eru til vega eða brúa, sem að öllu leyti koma nú á landssjóð. Jeg tek t. d. brautina frá Ölfusárbrú til Eyrarbakka; hún er lögð af landssjóði með því skilyrði, að sýslan legði fram mikinn hluta upphæðarinnar á móti, og það var gjört. Af láni sýslunnar til þessa vegar er vafalaust mikið eptir. Jeg er í vafa um, hvort á að gefa þetta lán upp til fulls eða ekki. Aptur á móti er jeg í engum vafa um lán, sem tekið er til brúargjörða. Jeg vildi aðeins benda á þetta til athugunar. En úr því jeg stóð upp, vil jeg nota tækifærið til að lýsa gleði minni yfir stefnubreyting þeirri í vegamálunum, sem stjórnarfrumv. fer fram á; ekki síst er mjer það ánægjuefni fyrir þá sök, að þær skoðanir, sem jeg í allmörg ár hef haft í þessu efni, virðast nú vera á góðum vegi til að komast í framkvæmd.

Framsögum. Hannes Þorsteinsson (1. þm. Arn.): Viðvíkjandi athugasemd háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), vil jeg benda á, að í frumv. sjálfu 2. gr. 3, er beint tekið fram, að brautin frá Eyrarbakka að Selfossi sje flutningabraut, og hún er það í raun rjettri einnig eptir núgildandi vegalögum, því að þar er ákveðin flutningabraut frá Eyrarbakka

upp Árnessýslu. Hjer getur því ekki verið um að villast, að eptirstöðvar lánsins til þessarar brautar eigi að gefast upp. og þá get jeg ekki skilið, að það verði vefengt á nokkurn hátt, eða nokkrar vífilengjur um það geti komizt þar að. Það er svo sjálfsagt sem nokkur hlutur getur verið.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Háttv. framsögum. hefur svarað að mestu fyrir hönd nefndarinnar, svo að jeg hef að eins örlitlu við að bæta. Hæstv. ráðh. vildi líta svo á, að sú breyting nefndarinnar, að halda hinu lögákveðna sýsluvegagjaldi væri orðabreyting, en ekki efnisbreyting. En þetta er nokkuð meira. Sýsluvegagjaldið er greitt umkvörtunarlaust, og það er mikill ljettir fyrir sýslusjóðinn að hafa það. Það er aðgætandi, að sýslusjóðsgjöldin eru lögð á hreppana, 2/3 á samantalda tölu lausafjár- og jarðarhundraða, en 1/3 á verkfæra menn. En sýsluvegagjaldið er sjálfstætt gjald á hvern verkfæran mann, sem ætlazt er til að sýslunefnd verði heimilt að færa upp eða niður, eptir hentugleikum. Ef þetta gjald er lágið niðurfalla, verður að auka að sama skapi álögur á lausafjeð og jarðarhundruðin, en það álít jeg mjög svo óheppilegt, því að jarðamatið virðist ekki vera heppilegur mælikvarði fyrir vegagjöldum. Einmitt þetta, að sýsluvegagjaldið er lagt á eptir öðrum mælikvarða á hreppana en sýslusjóðsgjaldið, gjörir það svo hentugt. Sýslusjóðsgjöldin eru nú svo há, að ekki má við þau bæta, og legg jeg því mikla áherzlu á, að sýsluvegagjaldið fái að halda sjer. Jeg hef undir 20 ár verið í sýslunefnd, og aldrei orðið var við, að kvartað væri yfir því gjaldi. Og það er spá mín, að minna verði lagt til vegagjörða úr sýslusjóðum, ef sýsluvegagjaldið er fellt niður. Jeg vona því, að þessi umrædda breyt.till. nefndarinnar verði samþykkt.

Ólafur Ólafsson, (2. þm. Árn.): Það voru orð háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem komu mjer til að segja nokkur orð. Hann lýsti gleði sinni yfir því, að þingið væri nú tekið að hneigjast að þeirri stefnu, að láta sýslusjelögin kosta viðhaldið á flutningabrautum. Jeg játa, að sú stefna er að mörgu leyti góð og rjett. En það er galli á gjöf Njarðar, en hann er sá, að *notkun* og *viðhald* veganna stendur ekki í sem rjettustum hlutföllum. Það eitt verður að álítast rjett í þessu efni, að þeir, sem hafa mest gagn af vegunum, beinlínis eða óbeinlínis, kosti mestu til um viðhald þeirra; en þess gætir frumv. ekki til fulls. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J) sagðist ekki mundi samþykkja 8. breyt.till. nefndarinnar, br.-tillöguna um uppgjöf á eptirstöðvum lána til vegabóta, og tók sjerstaklega fram, að það mundi valda óánægju, ef upp væri gefið lánið til hinnar svonefndu Eyrarbakkabrautar. Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. hefur gætt þess, að með þessum lögum verður sá vegur gjörður að flutningabraut. Og úr því svo er, hlýtnr háttv. þm. að játa, að það sje skylda landssjóðs að annast lagningu hans, og afhenda sýslunni hann í góðu standi. En nú er sýslan búin að leggja fram fje til lagningar þessa vegar. Hvað þýðir það þá, ef sýslunni er neitað um uppgjöf á láninu? Það þýðir það, að Árnessýslu er refsað fyrir þann dugnað, að hafa komið veginum áfram og hafa tekið lán til þess. En jeg er sannfærður um, að þetta vill háttv. þm. ekki gjöra.

Jeg vona því, að þetta verði nóg til þess, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), falli frá þessari skoðun. Það væri

hreint brot á grundvallarreglum þessara vegalaga, ef þetta væri ekki tekið til greina.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 22 atkv.
2. — — — 22 —

1. Br.t. á þgskj. 141 við 3. gr. 5. lið sþ. með 20 atkv.

2. Br.t. á þgskj. 141 við 3. gr. 10. lið sþ. með 14 gegn 1 atkv.

3. gr. þannig breytt sþ. með 23 atkv.

4. gr. sþ. í e. hlj.
5. — — - - —
6. — — - - —

3. Br.t. við 7. gr. sþ. með 14 gegn 7 atkv.

7. gr. breytt sþ. með 18 atkv,

4. Br.t. við 8. gr., 4. tölul. sþ. með 14 atkv.

5. Br.t. við 8. gr., 5. tölul., sþ. með 20 atkv.

6. Br.t. við 8. gr., 6. tölul. samþ. án atkv.gr.

7. Br.t við 8. gr., 7. tölul. fyrri lið, sþ. með 21 gegn 1 atkv.

Br.t. við 8. gr. 7. tölul. seinni lið, sþ. með 22 atkv.

Br.t. (þgskj. 158) við 8. gr. felld með 13 gegn 10 atkv.

8. gr. þannig breytt samþ. með 23 atkv.

8. Br.t. (ný 9. gr.), sþ. með 14 gegn 5 atkv.

9. Br.t. við 9. gr. (sem verður 10. gr.), samþ. með 22 atkv.

Þr.t. við 9. gr., nýr liður, sþ. með 21 atkv.

9. gr. þannig breytt samþ. með 21 atkv.

10. gr. (sem verður 11. gr.) sþ. með 23 atkv.

11. gr. sþ. með 23 atkv.
12. — — — 23 —
13. — — — 23 —

10. Br.t. á þgakj. 141 við 14. gr. sþ. með 15 gegn 7 atkv.

14. gr. breytt samþ. í e. hlj.

11. Br.t. á þgskj. 141 við 15. gr. sþ. án atkv.

15. gr. breytt sþ. í e. hlj.
16. — sþ. í e. hlj.

12. Br.t. á þgskj. 141 við 17. gr. sþ. án atkv,

17. gr. sþ. í e. hlj.
18. — — - - —

13. Br.t. á þgskj. 141 við 19. gr. sþ. með 19 atkv.

19. gr. breytt sþ. með 24 atkv.
20. — sþ. með 24 atkv.
21. — — — 24 —
22. — — — 24

14. Br.t. á þgskj. 141 við 23. gr. sþ. með 19 atkv.

23. gr. breytt sþ. með 20 atkv.

15. Br.t. á þgskj. 141 við 24. gr. sþ. án atkv.

24. gr. breytt sþ. með 24 atkv.
25. — sþ. með 24 atkv.
26. — — — 24 —
27. — — — 24 —
28. — — — 24 —
29. — — — 24 —
30. — — — 23 —

16. Br.t. á þgskj. 141 við 31. gr. sþ. án atkv.

31. gr. breytt sþ. með 23 atkv.
32. — sþ. með 23 atkv.
33. — — — 23 —
34. — — — 23 —
35. — — — 23 —
36. — — — 23 —
37. — — — 23 —
38. — — — 23 —
39. — — — 23 —
40. — — — 23 —
41. — — — 23 —
42. — — — 23 —

17. Br.t. á þgskj. 141 við 43. gr. sþ. án atkv.

43. gr. breytt sþ. með 18 atkv.

18. Br.t. á þgskj. 141 við 44. gr. sþ. með 21 atkv.

44. gr. sþ. með 24 atkv.
45. — — — 24 —
46. — — — 24 —
47. — — — 24 —
48. — — — 24 —
49. — — — 24 —
50. — — — 24 —

19. Br.t. á þgskj. 141 við 51. gr. sþ. með 13. atkv.
51. gr, breytt sþ. með 22 atkv.
52. — — — 22 —

20. Br.t. á þgskj. 141 við 53. gr. sþ. án atkv.
53. gr. breytt sþ. með 22 atkv.
54. — — — 22 —

21. Br.t. á þgskj. 141 við 55. og 56. gr. sþ. með 21 atkv.

22. Br.t. á þgskj. 141 við 57. gr. felld með 14 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eggert Pálsson,	Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Jóhannes Ólafsson,
Jón Jónsson,	L. H. Bjarnason,
Magnús Andrjess.,	Magn. Kristjánss.,
Ólafur Ólafsson,	Ólafur Briem,
Ólafur Thorlacius,	Skúli Thoroddsen,
Pjetur Jónsson.	St. Stefánsson, Eyf.,
	St. Stefánsson, Skgf.,
	Tr Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

57. gr. sþ. með 22 atkv.
58. — — — 22 —
59. — — — 22 —
60. — — — 22 —
61. — — — 22 —
62. — — — 22 —
63. — — — 22 —

Fyrirsagnirnar samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 25. fundi Nd., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. (A 181, 195, 197, 245) til 3. umr.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg á breyt.till. á þskj. 197 við breyt.till. á þskj. 195. Sú breyt.till. fer fram á að breyta hlutfallinu milli viðhaldskostnaðarins, þannig að á Borgarfjarðarsýslu falli $^{2}/_{9}$ en á Mýrasýslu $^{7}/_{9}$ hlutar viðhaldskostnaðarins.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um breyt.till. þessa; hún á að vera miðlun, þræða meðalveg milli frumv. og breyt.till. háttv. þm. Borgf., og hygg jeg, að lengra megi ekki fara. Mjer er kunnugt um, að margir þm. eru þessari brtill. fylgjandi, og vona, að háttv. deild samþ. hana.

Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Eins og þm. Dal. tók fram, hafa komið fram tvær breyt.till. við frumv., önnur frá þm. Borgf. um að $^{1}/_{5}$ hluti viðhaldskostnaðarins við Borgarfjarðarbrautina falli á Borgarfjarðarsýslu, en $^{4}/_{5}$ hlutar á Mýrasýslu. Þessi brtill. fer nokkuru nær því rjetta, en breyt.till. sama þm. við 2. umr. frumv. En samt get jeg ekki unað við, að hún nái fram að ganga, og eru ástæðurnar hinar sömu, sem jeg tók fram við 2. umr.; hirði jeg ekki að taka þær upp aptur. Hin breyt.till. er við þessa breyt.till. og kemur frá háttv. þm. Dal. Hún bætir nokkuð úr skák, en þó ekki svo mikið, að jeg geti sætt mig við hana, eins og frumv. liggur nú fyrir, að öðru leyti. Þessi brtill. þm. Dal., fer fram á það, að Mýrasýsla skuli bera $^{7}/_{9}$ af viðhaldskostnaðinum, en Borgarfjarðarsýsla $^{2}/_{9}$, eða $^{1}/_{9}$ minna en ákveðið er í stjórnarfrumvarpinu. Ef svo skyldi fara, að önnurhvor þessara brtill. næði fram að ganga, þá hefði jeg komið með breyt.till. um, að vegarspottinn eptir sjálfu Borgarnesi skuli teljast með flutningabraut-

inni, en ekki eins og hann er talinn í frumv., með þjóðveginum vestur Mýrar, sem Mýrasýsla á ein að kosta viðhald á. Vil jeg með þessum brtill. reyna að bæta dálitið úr þeim misfellum, sem yrðu á hlutföllum viðhaldskostnaðarins, ef önnurhvor till. þeirra þm. Borgf. eða Dal. yrði samþ. En ef báðar till. þm. Borgf. og þm. Dal. verða felldar, lýsi jeg því yfir, að jeg mun taka mínar brtill. aptur. Ef aptur í móti önnurhvor brtill. þeirra verður samþ., vonast jeg til, að mínar nái einnig fram að ganga. Jeg hef athugað málið vandlega síðan við 2. umr., og hef komizt að þeirri niðurstöðu, að fullt svo rjett mundi vera, að viðhaldskostnaðurinn skiptist á sýslurnar eptir hlutföllunum 1/4 í stað 1/3. Það mun líklega vera fullt svo rjett, hvort sem reiknað er eptir fólkstali eða staðháttum. Ef brtill. þm. Dal. í sambandi við mína brtill., nær fram að ganga, þá er komið nærri þessu hlutfalli, svo að lítils munar gætir. Viðhaldsskylda Borgarfjarðarsýslu næði þá einnig hlutfallslega til vegarspottans í Borgarnesi, c. 3 km., upp að vegamótum.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg hef litlu við að bæta það, sem jeg tók fram við 2. umr. þessa máls. Erindi hafa síðan komið fram frá Borgfirðingum, þessu máli viðkomandi, og verið lögð fram á leslrarsal og staðfesta þau það, sem jeg hef sagt um staðháttu.

Háttv. þm. Mýr. (M. A.) hefur fallizt á að hafa hlutföllin 3/4 og 1/4, og telur sig enda geta sætt sig við br.till. háttv. þm. Dal. (B. B.), ef bætt er við brautina 3 kílóm. stúf, næst Borgarnesi til sameiginlegs viðhalds.

Jeg veit, hver niðurstaðan verður; till. háttv. þm. Dal. (B. B.) um viðhaldsskyldu Borgarfjarðarsýslu að 2/9, með breytingu háttv. þm. Mýr. (M.A.) verður samþykkt. Jeg veit ekki, hvort jeg hef skap til að greiða atkv. með till., en sje, að eigi þýðir að þreyta þetta mál meira að sinni.

Eggert Pálsson (1. þm. Rang.): Jeg hef leyft mjer að koma fram með brt. (245) og eptir því sem orð fjellu við 2. umr. þessa máls, ímynda jeg mjer, að hún komi ekki á óvart. Í frumv. er farið fram á, að Rangárvallasýsla kosti viðhald Flóavegarins að 1/3 parti, en Árnessýsla að 2/3. Hjer er aptur á móti lagt til, að sett verði glöggvari merki á milli þeirra vegkafla, sem hver sýslan á að sjá um viðhald á, og að þau merki verði þannig sett, að Rangárvallasýsla kosti viðhaldið frá vegamótum Skeiðavegarins og austur að Þjórsá. Þessi kafli er að vísu ekki fullur þriðjungur vegarins að lengd; hann mun vera nálegt fjórðungi hans, þó það hafi raunar ekki verið nákvæmlega mælt. En eptir kílómetrasteinunum, sem eru fram með veginum, má sjá, að það mun láta nærri.

Það sem sjerstaklega hefur vakað fyrir mjer með þessari brt., er því það, að sett sjeu ákveðin lengdartakmörk á veginum að því, er viðhaldið snertir, fyrir hvora sýslu, og jeg sje á brt. hv. þm. Mýr. (M. A.) og hv. þm. Borgf. (Þórh. B.), að lík hugsun hefur komið fram hjá þeim. Það verður líka það hreinasta og óbrotnasta og tekur fyrir allan ágreining milli sýslufjelaganna, að hvort hafi sinn ákveðna afmælda hluta til viðhalds. En ef þar á móti er ákveðið eitthvert brot af viðhaldskostnaðinum fyrir hvort, þá getur það valdið ágreiningi.

Þó vegarkafli þessi, frá vegamótum Skeiðavegarins og að Þjórsá, sje ekki fullkomlega þriðjungur alls Flóavegarins að lengd, þá er hann þó með tilliti til viðhaldsins fullt svo þungur fyrir

Rangárvallasýslu sem þriðjungur af öllum viðhaldskostnaði hans væri fastákveðinn fyrir hana. Því eptir útliti að dæma, þarf þessi kafli miklu meira viðhald en aðrir kaflar Flóavegarins, því að á honum eru 8—10 brýr (*Ólafur Ólafsson:* Hvar eru þær? Það er ein brú á veginum). Þm. hefur þá ekki tekið eptir þeim, og sýnir með þessu ókunnugleika sinn eða athugaleysi. En þær eru til; jeg hef talið þær. Og þar sem svo margar brýr eru á veginum, gefur að skilja, að hann þarf mikið viðhald.

Það er satt, að á þessum vegakafla er *stór* brú, sem engum getur dulizt, sem um veginn fer — jafnvel ekki háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) — og er hún rjett fyrir austan vegamótin. Auk þess er mjög erfitt að ná í ofaníburð á þessum kafla; það þarf að sækja hann langar leiðir að, alla leið austan úr Holtum; og þar að auki liggur mikill hluti vegarins ber fyrir norðanátt, og fýkur því ofaníburðurinn fljótt úr og verður títt að endurnýja hann.

Jeg get skilið það, að nefndinni þyki viðhaldskostnaðurinn, sem á Árnessýslu fellur, hár og einkanlega, þegar miðað er við viðhaldskostnað Rangárvallasýslu. En þess ber að gæta, að í Árnessýslu liggur — eða á að liggja — miklu meira af vegum, sem landssjóður leggur, heldur en í Rangárvallasýslu, sem sje um 100 kílóm. í Árnessýslu, en að eins 34 kílóm. í Rangárvallasýslu, og er þá eðlilegt, að Rangárvallasýsla leggi minna til viðhalds vega, sem lagðir eru á kostnað landssjóðs, þegar þeir eru ekki nema 1/3 á móts við Árnessýslu brautirnar.

Jeg efast alls ekki um það, að íbúar Rangárvallasýslu kysu miklu fremur, að hafa lengri flutningabrautir lagðar á landssjóðs kostnað innan sinnar sýslu, og þar af leiðandi meiri viðhaldskostnað. Það er eins brýn þörf þar á góðum vegum og annarsstaðar. Það er viðurkennt af Rangæingum, að nauðsynlegt væri, að fá veg upp um Holtin og Landið, því að sá hluti sýslunnar þarf auðvitað jafnt hinum að geta komizt í samband við aðalveginn. En hingað til hefur það verið ómögulegt með öðru móti en flytja vörur sínar allar á hestum, því þar eru eintómar mýrar og foræði og illfært yfirferðar allt upp á Landið. Það hefur því verið ráðist í að leggja akveg um þessar sveitir, en ekki með landssjóðs peningum, heldur sýslunnar og hlutaðeigandi hreppsfjelaga, þó að raunar mætti virðast svo sem landssjóður ætti að leggja þann veg, eða taka þátt í lagningu hans, þar sem hann er alfaravegur, og ferðamenn, sem til Heklu fara, eða að Fjallabaki hljóta að fara hann. En auðvitað hefði stigið viðhaldskostnaður flutningabrautanna í Rangárvallasýslu, ef þessi vegur hefði verið tekinn í þeirra tölu.

Sama máli er að gegna um veg niður Holt og um Fljótshlíð, sem að hvorir tveggju er bráðnauðsynlegir. Í Fljótshlíðinni brýtur Þverá árlega niður þá vegartroðninga, sem þar liggja inn með henni, svo ekki lítur út fyrir annað, en leggja verði veginn hærra uppi í hlíðinni, og þá yrði óumflýjanlegt, að kaupa dýr tún og engjar undir hann. Það er því sýnilegt, að Rangæingar verða að leggja fram mikið fje til vegagjörða og vegaviðhalds, ef vegamál þeirra ættu að komast í gott horf, svo að þeir eru sízt öfundsverðir af því, þótt viðhaldskostnaður flutningabrautanna hjá þeim sje ekki svo ýkja hár samkvæmt þessu frumv. Það stafar einungis af því, að hjá þeim hefur verið og verður svo lítið gjört á landssjóðsins kostnað.

Það er vitanlegt, að vegaviðhaldsfjeð er mikið í Árnessýslu, en mjer virðist þar fyrir ekki eiga við að seilast iil Rangárvallasýslu til að ljetta undir með henni. Heldur hefði mjer fundizt rjettara, að ætla landssjóði lengri vegaspotta til viðhalds, t. d. hjeðan úr Reykjavík og austur að Ingólfsfjalli, þar sem brautin upp í Grímsnesið á að liggja, og það því fremur, sem segja má, að vegurinn hjeðan að sunnan sje ekki aðallega flutningabraut fyrir þessi hjeruð, heldur þjóðvegur. Austursýslurnar eru að minnka viðskipti sín við Reykjavík. Menn þar eystra eru farnir að koma upp kaupfjelögum, t. d. Ingólfsfjelagið, með viðskiptum við Eyrarbakka eða Stokkseyri og Vestmannaeyjar, og er þá eðlilegt, að ferðum hingað fækki. Það hjálpar líka til þess, að hingað má heita ómögulegt að koma með hesta; það er algengt, að lestamenn tapi hjer hestum sínum, fleirum eða færri, um stundarsakir, og geta þeir erfiðleikar, sem af því stafa, vegið upp á móti þeim hag, sem menn annars, ef til vill, kynnu að þykjast hafa af því að verzla hjer.

Jeg endurtek það, að það sem fyrir mjer vakti með þessari brtill. var, að sett væru skýr merki um, hvað mikinn kafla Flóavegarins Rangárvallasýsla skuli taka að sjer til viðhalds.

Jeg vona, að till. nái samþykki deildarinnar, og það því fremur, ef brtill. þær, sem jeg gat um í byrjun ræðu minnar, ná samþ., því þær ganga í líka átt og mín breyt.till. Grundvallarhugsunin er hin sama í þeim öllum, sem sje sú, að byggja fyrir ágreining milli sýslufjelaga út af vegaviðhaldskostnaðinum.

Framsögum. Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Það hefur verið talað um breyt.till. frá þm. Dalam., þm. Mýram. og þm. Borg. Mjer skildist á háttv. þm. Borgf., að ef till. háttv. þm. Dalam. yrði samþ., þá væru eiginlega allir partar ánægðir með það. En þá vil jeg skjóta því til háttv. þm. Borgf., hvort hann ætlast til þess, að tillagan á þgskj. 185 sje borin upp. Nefndin hefur ekkert á móti till. þeirra h. þm. Mýram. og háttv. þm. Dalam. Ef þeir geta komið sjer saman, þá vill nefndin láta það afskiptalaust.

Öðru máli er að gegna um tillögu háttv. þm. Rangv., þó að hann hafi haldið því fram, að hún gengi í sömu átt, þá get jeg eiginlega ekki sjeð, að það sje rjett; mjer sýnist það vera fullglöggt, að Mýrasýsla borgi $^{7}/_{9}$ og Borgarfjarðarsýsla $^{2}/_{9}$ af viðhaldskostnaðinum.

Þessi partur, sem Rangárvallasýsla ætti að kosta samkvæmt till. hins h. þm., er ekki nærri því þriðjungur vegarins milli brúnna. Brýrnar á veginum eru smáar; eru eiginlega ekki teljandi nema ein þeirra.

Auk þess er að gæta þess, að á þessum kafla er mjög hægt að fá íburð; að minnsta kosti er þó hægra að sækja íburðinn rjett austur fyrir Þjórsá, heldur en vestur í Ingólfsfjall, eins og verður að gjöra við hinn hluta vegarins. Á þessari leið er svo sem enginn vatnagangur. Ræsin eru þur á sumrin, því þó ofurlítið vatn sje í þeim á vorin, sígur það burt og þornar. Allir vita og viðurkenna, að vegakostnaðurinn í Árnessýslu er miklu meiri en í Rangárvallasýslu. Mjer sýnist, að það væri alls ekkert ósanngjarnt, þó að Rangárvallasýsla kostaði viðhald þessa vegar að helmingi; því Rangárvallasýsla notar líka Eyrarbakkaveginn sem Árnessýsla kostar ein. Og kaupfjelögin á Eyrarbakka, sem hinn háttv. þm.

minntist á, þau auka einmitt umferðina um þann veg. Jeg held það hafi verið gleymska hjá nefndinni, að hún ekki tók tillit til þess; viðhald á þeim vegi er afarmikið, miklu meira en á veginum milli brúnna. Jeg vildi heldur kosta viðhald á tveimur vegaköflum eins og veginum milli brúnna, en á Eyrarbakkaveginum einum. Það er því alls ekki að seilast í vasa Rangæinga, þó að farið sje fram á þetta, heldur mælir fyllsta sanngirni með því. Og mjer finnst það ekki rjett hjá háttv. þm. Rang., að gjöra svona lítið að þrætuefni; jeg skal svo að lokum að eins láta í ljós þá ósk mína, að þessi breyt.till. verði felld.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Mjer skildist á háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.), að hann hjeldi, að jeg væri þeirrar skoðunar, að viðskipti Rangæinga við Eyrarbakka hefðu aukizt með kaupfjelögum og þess vegna væri ástæða til þess að láta þá taka meiri þátt í viðhaldskostnaðinum við Flóaveginn. En háttv. þm. hljóp yfir hitt atriðið, sem jeg minntist á, að menn væru farnir að skipta við Vestmannaeyjar. Bæði í Landeyjum, Fljótshlíð og undir Eyjafjöllum er nú langmest skipt við Vestmannaeyjar, og þegar á þetta er litið, þá er það augljóst, að viðskipti við Eyrarbakka eða Stokkseyri muni ekki hafa farið vaxandi í Rangárvallasýslu í seinni tíð. Hitt er rjett, að fjelagsskapur með viðskiptum á Stokkseyri eða sjerstaklega fjelagið Ingólfur á sjer talsverðar rætur í Rangárvallasýslu, en það er mest í Holtunum eða út- og uppsýslunni, sem ávallt hefur verzlað út frá, og hefur það því ekki getað aukið umferðina um Flóann að neinum mun. Þvert á móti hlýtur umferðin að hafa minnkað, þar sem austursýslan hefur beint verzlun sinni í aðra átt, nefnilega til Vestmannaeyja.

Jeg álít það heldur ekki rjett að fara svona, eins og gjört er, út af þeim grundvelli, sem vegafrumv. er byggt á, og jafna viðhaldinu niður á þá, sem um veginn fara. Því með því mætti æra óstöðugan.

Þessi vegur er ekki notaður af Rangárvallasýslu einni auk Árnessýslu, heldur af öllu landinu og það síðast um daginn, þegar konungur og aðrir gestir landsins fóru um hann. Það mætti því segja, að þessi vegur sje gjörður fyrir landið í heild sinni. Það sjá líka allir, að Skaptfellingar hljóta að reka fje sitt og hross eptir þessum vegi og er þó ekki ætlazt til þess, að þeir borgi viðhaldskostnað hans. Grundvöllurinn er því sá, að hver sýsla viðhaldi sínum vegum, og út frá þeim grundvelli ætti alls ekki að víkja, nema þá á þann hátt, að láta landssjóðinn borga meira af viðhaldskostnaði þeirra, ef hann þykir hlutaðeigandi sýslufjelagi ofvaxinn. Vegna þessa sýnist mjer það vera fyllilega nægileg tilhliðrunarsemi, ef Rangárvallasýsla borgaði fjórðung af viðhaldskostnaði vegarins, þar sem henni í raun og veru og að rjettu lagi ekki ber að borga neitt.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Hjer er eitt orð ósagt, sem rjettast er að segja, áður málinu er lokið. Það lýtur að framkvæmd þessara laga, að því er snertir samvinnu tveggja sýslufjelaga að viðhaldi flutningabrautanna.

Það er sjálfgefið, að sýslan, sem minna leggur til og eigi hefur brautina innan sinna marka, verður að hafa sinn rjett óskertan, bæði í fjárveitingunni til viðhaldsins hvert árið og eins í meðferð og ráðsmennsku þess fjár. Jeg óttast eigi svo mikil vandkvæði í

því efni, þar sem jeg er kunnugastur og hef einkum fyrir augum. Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum gjörir það og alla samvinnu greiðari, að sýslumaður er einn í báðum, en rjett er að taka þetta fram. Sennilega stendur þetta til breytingar og bóta. Það er og rjett, að þetta sje sagt af manni, sem mælir fyrir hönd sýslu, sem á að gjalda hluta af viðhaldskostnaði í samlögum við aðra, en hefur ekki, eptir lögunum, heimild til þess að ráða meðferð þess fjár.

Fleiri tóku ekki til máls, og var því gengið til atkvæða.

Brt. á þgskj. 197 við brt. á þgskj. 195 samþ. með 13 samhlj. atkv.

Þar með var brt. á þgskj. 195 fallin burtu.

Brt. við 2. gr. 4. lið sþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. við 3. gr. 8, lið sþ. með 14 shlj. atkv.

Leitað var leyfis deildinnar til þess, að bera upp brt. á þgskj. 259, var það leyft, og hún samþ. með 12 atkv.

Brt. á þgskj. 245 var felld með 19 atkv. gegn 3 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Árni Jónsson,
Magn. Kristjánss.,	Jón Magnússon,
St. Stefánsson, Skgf.	Björn Bjarnarson,
	Einar Þórðarson,
	Guðm. Björnsson.,
	Hannes Þorsteinss,
	Hermann Jónasson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Jónsson,[1]
	L. H. Bjarnason,
	Magnús Andrjesson,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius.
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thóroddsen,
Já:	*Nei:*
	St. Stefánsson, Eyf.
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Frv. síðan samþ. í heild sinni í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 34. fundi Ed., föstudaginn 23. ágúst, kom frumv. (A 264) til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að skipuð verði í málið, að aflokinni 1. umr., 5 manna nefnd.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að kjósa nefnd.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Steingr. Jónsson,
Guttormur Vigfússon,
Þórarinn Jónsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Þorgrímur Þórðarson.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður, og Steingrímur Jónsson skrifari og framsögumaður.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. septbr., kom frumv. (A 264, 508) til 2. umr.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Frumv. það, sem hjer liggur fyrir og oss hefur verið falið á hendur að athuga, er ein hin stærsta og þýðingarmesta lagasmíð á þessu þingi. Nefndin hefur orðið ásátt um frumv., og telur það til stórra bóta, og að með því sje stigið verulegt framfaraspor í vegamálum landsins.

Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu í málinu, að eins vil jeg benda á aðalbreytingar þær, sem í frumv. eru, og sem að mínu áliti eru næsta þýðingarmiklar. Það er þá fyrst, að

viðhald veganna er að miklu leyti lagt á hjeruðin, það er að segja, að því er nær til akbrauta og akfærra þjóðvega. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði. Með því er lögð allþung byrði á sýslufjelögin, en sem þó er dregið töluvert úr með því, að vegirnir eiga ekki að afhendast sýslufjelögunnm fyr en tveim árum eptir, að þeir eru fullgjörðir, og þá í góðu standi. Á þennan hátt er landssjóði gjört mögulegt að leggja meira fje í nýjar vegagjörðir, en hingað til. Með því að leggja viðhald veganna á hjeruðin er stefnt að því, að það komi niður á rjettum stað, og þar sem það er eðlilegast, að það komi niður. Á þann hátt má og vænta þess, að vegir verði lagðir þar, sem þeirra er mest þörf, því að hjeruðin fara varla að fara fram á vegagjörðir hjá sjer, nema veruleg nauðsyn sje þar á vegi; þau munu horfa í að leggja á sig viðhaldskostnaðinn að nauðsynjalitlu. Þetta álít jeg að muni hafa stórmikla þýðingu í þá átt að beina vegagjörðinni í rjetta átt eptirleiðis.

Verkfræðingur landsins hefur unnið mest að undirbúningi þessa máls, og gjört áætlun um vegagjörð hjer á landi; virðist það vera meginregla hans, að kosta sem minnstu upp á alla vegi, sem ekki geta orðið akfærir. Þetta tel jeg rjetta stefnu og þýðingarmikla, því það hefur lengi vakað fyrir mjer, að ekki væri annað öllu stórkostlegra menningarmeðal fyrir þjóðina, en að hún breyti frá því að brúka hesta á þann hátt, er tíðkast hefur til þessa, til flutninga, og taki vagna upp í þess stað. Jeg vona fastlega, að stefna sú, sem hjer er tekin, verði affarasæl fyrir vegamál vor.

Við undirbúning málsins hefur verkfræðingurinn lagt niður fyrir oss, hverja vegi hann telji nauðsynlegasta að leggja, og í hverri röð heppilegast muni að taka þá; og vildi jeg óska, að þeirri áætlun yrði fylgt sem mest. Nefndin ræður háttv. deild til að sþ. frumv. að mestu óbreytt. Það eru að eins einstöku atriði, sem hún leggur til að breytt sje frá frumv. háttv. Nd. Það er þá fyrst, að hún leggur til, að vegurinn milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur sje tekinn úr þjóðvegatölu; hann hafði ekki heldur verið hafður það í frumv. stjórnarinnar. Hjer er að eins um sýsluveg að ræða milli tveggja kauptúna; hefur landssjóður þegar lagt til vegagjörðar þar, og alþingi nú lofað nýju fjárframlagi til móts við Gullbringusýslu, svo að líklegt er, að vegur þessi komist á innan skamms.

Önnur breyt.till. nefndarinnar er sú, að hún leggur til, að tillag landssjóðs til viðhalds akbrautarinnar um Fagradal verði hækkað úr 1/4 upp í 1/3. Akbraut þessi liggur um óbyggðir því nær alla leið, og verður að gagni að eins fyrir lítinn hluta af Múlasýslum; viðhaldskostnaðurinn kæmi því nokkuð hart niður á sýslunum, sem þar að auki hafa marga aðra vegi á sinni könnu. Vjer höfum borið þessar brtill. undir nefnd. í Nd., og er hún þeim ekki mótfallin, svo að málið á að geta fengið framgang eins fyrir það, þótt þær sjeu samþ.

Nefndinni hefur þótt mál þetta svo mikilsvert, að hún hefur forðast allt það, sem gæti orðið til að leggja stein í veg þess, og eins vona jeg að háttv. deild gjöri.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. — — - — —

1. Breyt.till. (508) við 3. gr. 11. lið samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. gr. brt. samþ. með 12 samhlj.atkv.
4. gr. samþ. í e. hlj.
5. gr. — - — —
6. gr. — - — —
7. gr. — - — —

2. Breyt.till. (508) við 8. gr. a. 1. lið samþ, með 9 samhlj. atkv.

8. gr. breytt samþ. í e. hlj.
9. gr. samþ. í e. hlj.
10. gr. — - — —
11. gr. — - — —
12. gr. — - — —
13. gr. — - — —
14. gr. — - — —
15. gr. — - — —
16. gr. — - — —
17. gr. — - — —
18. gr. — - — —
19. gr. — - — —
20. gr. — - — —
21. gr. — - — —
22. gr. — - — —
23. gr. — - — —
24. gr. — - — —
25. gr. — - — —
26. gr. — - — —
27. gr. — - — —
28. gr. — - — —
29. gr. — - — —
30. gr. — - — —
31. gr. — - — —
32. gr. — - — —
33. gr. — - — —
34. gr. — - — —
35. gr. — - — —
36. gr. — - — —
37. gr. — - — —
38. gr. — - — —
39. gr. — - — —
40. gr. — - — —
41. gr. — - — —
42. gr. — - — —
43. gr. — - — —
44. gr. — - — —
45. gr. — - — —
46. gr. — - — —
47. gr. samþ. í e. hlj.
48. gr. — - — —
49. gr. — - — —
50. gr. — - — —
51. gr. — - — —
52. gr. — - — —
53. gr. — - — —
54. gr. — - — —
55. gr. — - — —
56. gr. — - — —
57. gr. — - — —
58. gr. — - — —
59. gr. — - — —
60. gr. — - — —
61. gr. — - — —
62. gr. — - — —

Fyrirsagnir 1.—8. kafla samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. september, kom frumv. (A 605, 589) til 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg á hjer lítilfjörlegar breyt.til. við 9. gr. frv. á þgskj. 589. Eins og háttv. þingdm. munu hafa tekið eptir, stendur í 9. gr.: »Eptirstöðvar allra þeirra lána, sem sýslunefndir hafa fengið úr viðlagasjóði til flutningabrauta að brúm meðtöldum og tekin eru fyrir 1. jan. 1907, falla niður frá 1. okt. 1909«. Það, sem fyrst og fremst er að athuga, er það, að jeg álít mikið spursmál, hvort rjett er að ganga út á þessa braut, að kippa til baka lánum, sem einstök hjeruð hafa fengið og ætlazt var til, að þau endurborguðu, en verður með þessu móti slengt upp á landssjóðinn. Í stað þess að fella burt 9. gr. hef jeg komið með þessa breyt.till., auðvitað ekki til þess, að sveitirnar afplánuðu skuldir sínar, heldur til þess, að gjöra meira samræmi.

Við þessa 9. gr. hef jeg lagt til, að bætt verði á eptir orðinu »flutningabrauta« við »og þjóðvega«. Ástæðan er eigi sú, að jeg ætlist til fjárframlaga af hjeruðunum til þjóðvega, heldur að jeg veit ei, hvort það er rjett, að stryka út þau lán, sem hjeruðin hafa áður samþykkt að taka á sig. Gildi þjóðvegirnir fyrir hjeruðin sama sem akbrautir og á öðrum stöðum sjeu þeir sama sem hreppavegir, þá getur þingið ekki verið þekkt fyrir, að taka á sig að borga fyrir hjeruðin og hreppana lán, sem þau hafa fengið annarsstaðar en í viðlagasjóði. Þingið ætlar sjer að skilja þjóðvegina eptir, sem eru lífæðar þjóðarinnar, sem tengja hjeruðin saman. Allt, sem þjóðvegina snertir, á þjóðarsjóðurinn, landssjóður að borga. Mjer er óskiljanlegt, hvernig það hefur komizt inn í 9. gr., að landssjóður skuli taka að sjer öll lán til flutningabrautanna, en sleppa þjóðvegunum, sem hann er skyldur til að leggja og halda við, og því síður get jeg skilið, að þingið skuli láta sjer detta í hug, að hlaupa þar undir bagga, sem það hefur aldrei áður gjört, með því að endurborga lán, t. d. í sparisjóði og bönkum, til þess að leggja hjeraða- og hreppavegi.

Eins og menn vita, eru þjóðvegirnir samgönguæðar um þvert og endilangt landið, og þeir eru ekki fyrir einstök hjeruð og ekki hjeraðaferðamenn, heldur fyrir allt landið. »Princípið« í 9. gr. er rangt. Það minnsta, sem hægt er að ætlast til, er það, að þjóðvegirnir sjeu settir á sömu hillu og hjeraðavegirnir eða akbrautirnar.

Önnur till. mín á sama þgskj. er viðaukatill. Aptan við greinina bætist: »Þó hefur stjórnarráðið heimild til þess að ákveða, að því fje, er sýslufjelögum sparast á þennan hátt, verði varið til vegabóta í hjeruðunum á öðrum vegum en þeim, sem landssjóður kostar«. Þegar hjeruðin fá þetta fje endurgoldið, ekki að eins það, sem þau hafa fengið til láns úr landssjóði heldur einnig það, sem þau hafa fengið til láns úr öðrum sjóðum, þá ætlast jeg til, að það, sje ekki bein skylda að leggja það í landssjóðinn, heldur megi veita þetta fje til framkvæmda í sama augnamiði á öðrum stöðum í hjeruðunum en þar, sem landssjóður er skyldur að kosta vegina. Jeg skil ekki, hvernig háttv. Nd. hefur farið að koma með þetta, að kippa þessu til baka, því að allir vita, að margir vegir, sem eru ekki akbrautir eða þjóðvegir, eru þó nauðsynlegir fyrir einstök hjeruð og þá um leið fyrir þjóðfjelagið. Til þeirra er lítið fje hægt að leggja, því að gjaldþol sýslusjóðanna og hreppasjóðanna er takmarkað. Jeg veit, að það eru heiðarleg hjeruð til, sem þakka fyrir að losna við einn vegarspotta og ætlast ekki til að fá endurborgað lán, sem þau hafa fengið úr sparisjóðum heima í hjeruðum, þó að sú skylda væri á þau lögð, að leggja vegi á öðrum stöðum heima í hjeruðunum sjálfum, þeim til sóma og landinu til heilla. Og mjer finnst óliklegt, að það sjeu nema 1—2 hjeruð á landinu, sem væru svo smá í hugsunarhætti. Þetta er ástæðan fyrir breyt.till. minni og jeg vona, að háttv. deild samþykki breyt.till.; að minnsta kosti aðra till.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg vil minnast á brt. háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) á þgskj. 589. Jeg hef því miður ekki getað kallað saman nefndarfund, svo að nefndin hefur ekki borið sig saman um þær. Háttv. þm. sagði, að það væri máske rjett, að gefa ekki eptir neitt af lánunum. Jeg álit, að enga breytingu eigi að gjöra á þessu, en

hitt aptur á móti gæti verið spurning um, hvort ekki væri rjett að taka til greina fyrri breyt.till. Jeg vil geta þess, að jeg hef leitað upplýsinga hjá nefndinni í háttv. Nd. Þar var málið skýrt all ýtarlega og rætt. Nefndin var sammála um það, að það gæti ekki gengið að gefa upp lán til þjóðvega, en hve mikil lánin til þjóðvega eru, hef jeg ekki getað fengið upplýsingar um. Þó veit jeg, að mikið lán hefur verið tekið til að gjöra veginn frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Það er nokkuð viðurhlutamikið að gefa upp þessi lán, þar sem þjóðvegastefnan um land allt mun vera óákveðin, og eins, hvar vegir skuli liggja. Það er um svo miklar vegagjörðir að ræða, en jeg ókunnugur víða, og hef ei haft tíma til að setja mig inn í málið. Jeg álít mikla hættu að taka upp á landssjóð þungar lánsbyrðar. Jeg verð því að leggja á móti breyt.till., og býst við, að flestir í nefndinni sjeu á móti henni, og held, að hún muni mæta líka megnri mótspyrnu í Nd. Flutningsm. talaði um, að það mælti mikið með því, að setja þjóðvegina hærra en flutningabrautirnar, en jeg er ekki á sama máli. Hann segir, að flutningabrautirnar falli opt saman við sýsluvegi og hreppavegi, en það er ekki rjett. Aðalleiðirnar frá höfnum falla ekki saman við þjóðvegina, því þjóðvegirnir liggja í gegnum landið, þó að það geti verið nokkuð breytilegt. Þannig skal jeg benda á, að eptir vegalögunum 1894 var ætlazt til, að þjóðvegurinn frá Blönduósi lægi fram í dalbotn og á þessu hefur verið gjörð tiltölulega lítil breyting nú. Þegar breytingin var gjörð á vegalögunum, þá var það gjört með það fyrir augum, að landsmenn gætu flutt aðal þungavörur sínar eptir flutningabrautunum, en viðhaldið er lagt á sveitirnar. Það er spursmál, hvort að það er ekki of þung byrði. Sum hjeruð hafa tekið á sig þung lán til þess að fullgjöra vegina, og því álít jeg sanngjarnt, að þau sjeu gefin upp. Flutningabrautir hjeraðanna verða þungar byrðir, þegar þau eiga að taka á sig viðhaldið.

Síðari till. háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), að þegar lán sjeu eptirgefin, þá megi stjórnarráðið ákveða, að þá megi sýslufjelögin verja því fje, sem þannig sparast, til vegabóta á öðrum vegum, en þeim, sem landssjóður kostar, sýnist mjer aðgengilegri frá mínu sjónarmiði. Þó mun jeg ekki geta greitt henni atkvæði mitt, af því jeg býst við, að hún mæti megnri mótspyrnu í h. Nd., enda hefur nefndin í Nd. lýst því yfir við mig, að hún muni verða á móti henni og fært sennilegar ástæður fyrir því. Sýslusjóður tekur 17—18 þús. kr. lán, og eru vextir af þeirri upphæð 680—720 kr. Þessi ljettir á sýslusjóðunum er þægilegur til þess að standast viðhald veganna, en liggi 35 kílóm. braut í gegnum sömu sýslu, þá mun það sannast, að þessi upphæð er ekki helmingur af viðhaldskostnaðinum. Auðvitað fær sýslan bætta vegi, en hún fær þessi auknu útgjöld í staðinn, svo að lögin ná ekki tilgangi sínum. Jeg hygg, að breyt.till. verði ekki eins vinsæl og háttv. flutningsmaður (Guðj. G.) býst við, og því vil jeg heldur ráða háttv. deild að samþ. frumv. óbreytt. Auðvitað er mjer persónulega þetta ekki neitt kappsmál, því að þessu fje er vel varið, en hins vegar álít jeg það ekki rjett, þegar fje eða skuld er eptirgefin, að hjeruðin neiti að taka á sig aðrar kvaðir.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Mjer þykir leiðinlegt, að háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) getur fyrir hönd nefndarinnar ekki verið samþykkur breytingartill. mínum; en ástæðurnar, sem

háttv. þingm. hafði fram að bera fyrir því, virtust mjer ekki á nægum rökum byggðar.

Hið fyrsta, sem hann hafði á móti þeim, var það, að hann er hræddur um það, að sumir háttv. þingm. í Nd. muni vera þessum breytingum mótfallnir, og því muni, ef til vill, vera hætt við, að frumv. næði ekki fram að ganga, ef þær yrðu samþykktar. Ef frumv. væri komið í eindaga og ekki mætti koma fram með neinar breytingar á því, til þess að það ekki hrektist á milli deildanna, af hættu fyrir, að það þess vegna ekki fengi framgang, þá væri allt öðru máli að gegna; en þar sem frumv. hefur orðið fyrir breytingum hjer í deildinni, þá verður það að fara aptur til Nd. eptir sem áður. En hvort sem einn eða fleiri þingmenn í Nd. eru þessum breytingum mótfallnir, og ólíklegt þykir mjer, að þeir sjeu margir — en þó þeir væru 2 eða 3 eða jafnvel fleiri, þá stendur það á sama, því að jeg álít, að þetta frumv. hafi svo mikinn rjett á sjer, að það ætti að verða knúð fram með eins atkvæðis afli, þó ekki væri meira.

Þá sagði háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), að eitt af því, sem nefndin hefði haft fyrir augum með því, að vera því mótfallin, að bæta þessu ákvæði um þjóðvegina inn í frumv., væri Keflavíkur þjóðvegurinn. En háttv. 6. kgk. þingm. (Stgr. J.) þurfti ekki að nefna þann veg, sökum þess, að það er búið að stryka hann út; hann var til, þegar frumv. var til umræðu í Nd., en hann er ekki til nú, og þarf því ekki að gefa eptir lán fyrir þann veg.

Þá talaði háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) um þessar þungu byrðar, sem akbrautirnar hefðu í för með sjer í notum þess tillags sýslnanna hjer eptir, sem átti að vera frá upphafi til þess, að endurbæta og halda við því verki, sem landssjóður hefur kostað til fleirum tugum þúsunda, ef ekki hundruðum þúsunda, og skil jeg ekki, að það sje svo þung kvöð hjeðan af, að hún ekki verði borguð, með því fje, sem varið er til vegabóta í hjeruðunum á öðrum vegum en þeim, er landssjóður kostar; annars eru framkvæmdir í vegabótum ekki mikils virði, ef ekki má verja því fje, sem hjer um ræðir, í þessu skyni.

Hvað það snertir, að ekki sje rjett, að taka akbrautirnar hjer inn í, þá eru þær eigi að síður nauðsynlegar fyrir einstök hjeruð til þess, að flytja vörur frá vissum kauptúnum upp eptir hjeruðunum; en til hversu mikilla hagsmuna, sem þær eru, þá er ekki of gott, þó að þær leggi eitthvað af mörkum, án þess, að taka til baka það, sem áður hefur verið lagt til viðhalds þeirra.

Og þegar um það er að ræða, að hjeruðin taki á sig þuuga byrði með því, að taka þjóðvegina líka inn í frv., þá skal jeg minna háttv. deildarmenn á það, að ef viðaukatillaga mín við 9. grein verður samþykkt, þá er ekki lagt annað á hjeruðin en það, að þeim er skipað að færa þetta fje til á aðrar og nýjar endurbætur, sem landssjóður á að taka upp sig, og þess vegna get jeg ekki sjeð, að það sje rjett, að stryka þjóðvegina út vegna þess, að með akbrautunum sje lögð svo þung byrði á hjeruðin um viðhald þeirra, en ekki þjóðveganna.

Jeg veit ekki betur, en það sje þjóðvegur vestur Mýrarnar, og held jeg því þess vegna, að það sje ekki rjett, þegar þar að auki er akbraut í sambandi við þennan veg, að þá fylgi sú kvöð, að halda honum við, en ekki rjettur til að endurborga það, sem hvilir á þessum vegi, og að það

sje munur á þessum vegi, sem liggur vestur Mýrarnar og hinum, sem liggur upp eptir hreppunum.

Af þessum ástæðum vona jeg, að háttv. deild taki til greina það, sem jeg hef fært fram, um breyt.till. minar.

Steingrímur Jónsson, (6. kgk. þm.): Jeg skal að eins leyfa mjer að benda á, að það er nokkur munur á síðari breytingartillögu háttv. þm. Strandm. (Guðj. Guðl.) og hinni fyrri, og nefndin hefur hugboð um, að þessi síðari breyt.till. nái ef til vill fram að ganga í háttv. Nd., og að hún þess vegna ekki þurfi að verða frumv. að fótakefli; en fyrri breytingartillögunni á sama þingskjali mótmælum við allir í nefndinni, en þá síðari er mjer ekki fullljóst um, hvernig nefndin hjer í deildinni lítur á hana, með því að jeg hef ekki borið mig saman við meðnefndarmenn mína um hana.

Jeg vildi að eins benda á þetta, en annars er ekki tími til að ræða þetta mál frekar.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. á þgskj. 589 við 9. gr., felld með 7 gegn 3 atkv.

2. Breyt.till. á þgskj. 589 samþ. með 8 gegn 4 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 12 atkv., og endursent forseta Nd.

Á 48. fundi Nd., fimmtudaginn 12. september, kom frumv. (A. 640, 663) til einnar umr.

Framsögumaður Hannes Þorsteinsson, (1. þm. Árn.): Háttv. Ed. hefur ekki gjört margar nje merkilegar breytingar á þessum mikla lagabálki, sem afgreiddur var hjeðan frá deildinni. Breytingar Ed. eru að eins 3, og eins og sjest á nefndarálitinu, hefur nefndin í þessari deild fallizt á tvær af þeim; önnur þeirra er um að fella aptan af 3. gr., að þjóðvegur skuli vera frá Hafnarfirði til Keflavíkur; þeirri tillögu er nefndin samþykk, enda halda þeir, sem hlut eiga að máli, ekki fast við það. Þessi sýsluvegur er styrktur á fjárlögunum með 7,500 krónum hvort ár fjárhagstímabilsins, og jeg get búizt við, að framhald verði á þeirri fjárveitingu gegn tillagi frá sýslusjóði, svo jeg ímynda mjer, að framkvæmd þessarar vegarlagningar sje betur borgið en ýmsum þeim vegum, sem standa í vegalögunum, því jeg get ímyndað mjer, að nokkuð dragist að leggja suma þeirra, eptir þeim undirtektum að dæma, sem ein bráðnauðsynleg flutningabrautarlagning hefur fengið hjer í deildinni, þrátt fyrir það, þótt einn einasti hreppur lofaði stórmiklu fje að sínu leyti til brautarinnar, að eins ef byrjað væri á henni. Jeg á við flutningabrautina fyrir austan Sogsbrúna, Grímsnesbrautina. Jeg skal geta þess, að mjer kemur undarlega fyrir það kapp, sem hefur verið lagt á, að kæfa þessa fjárveiting frá því fyrsta, og nú að síðustu hefur framsögumaður fjárlaganefndarinnar orðið að fá aðstoð forseta til þess að koma tillögunni fyrir kattarnef, með því að láta vísa henni frá, sem jeg verð að telja órjettmætt. Mikils þótti þeim við þurfa.

Önnur breyting efri deildar er um að hækka hluttöku landssjóðs í viðhaldskostnaðinum á Fagradalsbrautinni. Landssjóður átti að halda þessari flutningabraut við að $^1/_4$, en efri deild hefur samþykkt að færa það upp í $^1/_3$. Að öðru leyti skipta Suður- og Norðurmúlasýslur viðhaldskosnaðinum með sjer. Nefndinni þykir ekki vert

að gjöra þetta að ágreiningsatriði, enda þótt hún sjái ekki ástæðu til að gjöra þessari flutningabraut hærra undir höfði en öðrum.

Um 3. breyt.till. efri deildar er öðru máli að gegna. Nefndin telur þó tillöguviðaukan aptan við 9. gr. ekki að eins óþarfan, heldur einnig mjög óheppilegan. Tillagan er sett inn í því skyni, að draga úr þeirri tilhliðrun, sem fengizt hefur í uppgjöf á lánum, sem lánuð hafa verið til vegabóta. Þess var getið í efri deild, að slíkt lánsfje yrði að nota til ákveðinna vegabóta, en það mætti ekki gjörast að eyðslufje. En jeg álít það ekki rjett »princip«, að stjórnarráðið fari að sletta sjer fram í starfssvið sýslunefnda á þennan hátt, og sjerstaklega þar sem það er tekið fram í 11. gr. vegalaganna, að stjórnin hafi yfirumsjón með öllum vegum á landinu; jeg get því ekki sjeð, hvernig stjórnin getur ákveðið, að fjenu skuli varið til einhverra vissra vega. Hefðum við nefndarmenn álitið, að tími væri til þess, að senda frumv. aptur til efri deildar, þá hefðum við gjört það vegna þessarar breytingar, sem smellt var inn í frumv. í síðustu forvöðum í Ed.; en við höfum hugsað okkur að ganga að þessari breytingu, sjerstaklega ef yfirlýsing fengist frá hæstv. ráðherra um, að þessi heimild ekki yrði notuð. Nefndin lætur það einhuga í ljósi, að hún ætlast til, að heimild þessi verði marklaus bókstafur í lögunum. Við álítum, að frumv. feli svo mikla rjettarbót í sjer, að við viljum ekki leggja stein í götu þess, jafnvel þó þessi agnúi sje á því. Hvort frumv. er mikill gleðiboðskapur til almennings, það skal jeg láta ósagt, en jeg efast þó um, að lög þessi yrðu almenningi hagfelldari, þótt frestað væri samþykkt þeirra nú, og látin bíða næsta þings. Þess vegna tel jeg vissara að samþykkja þetta frumvarp nú. Það er t. d. rjett stefna, sem kemur fram í frumvarpinu, um uppgjöf lánanna, sem tekin hafa verið til flutningabrauta og brúa á flutningabrautum, og nær það auðvitað ekki að eins til flutningabrauta í núgildandi vegalögum frá 1894, heldur og til brúa, sem lenda á þeim flutningabrautum, sem ákveðnar eru í þessum lögum, og kostað hafa 15,000 kr. eða þar yfir, og það eins, þótt lánin hafi ekki verið tekin úr viðlagasjóði, eins og tekið er skýrt fram í 9. gr. En með því ákvæði er sjerstaklega átt við lánið til Sogsbrúarinnar, sem tekið var í »Íslands banka«, af því að það mun ekki hafa fengizt úr viðlagasjóði, og væri ranglátt, að hjeruðin gyldu þess, eða misstu af eptirgjöfinni að eins fyrir þá skuld. Annars hygg jeg, að þessi lán, sem tekin eru annarsstaðar en í viðlagasjóði til vegagjörða, sjeu harla fá og smá. En vel get jeg látið hina háttvirtu deild vita það nú, að uppgjöf lána samkvæmt þessum lögum, nemur mestri upphæð í Árnessýslu, enda er það í alla staði sanngjarnt, og þykir mjer vænt um, að jeg hafði tækifæri til þess að lagfæra vegafrumvarp stjórnarinnar að þessu leyti. Það getur verið, að hinni háttv. deild þyki leitt að samþykkja frumv. þetta einmitt af þessum ástæðum vegna þessarar tilhliðrunar eða hagnaðar fyrir Árnessýslu, sem deildin hefur ekki sýnt sig svo velviljaða, hvorki í vegagjörð nje símamálinu. En nú er orðið nokkuð seint að hnekkja vegalögunum fyrir þessar sakir. Þingdeildin verður úr þessu að sætta sig við þetta, enda þótt henni finnist ef til vill, að Árnessýsla verði aðnjótandi

heldur mikils hagræðis, því að jeg býst við, að háttv. deildarmenn vilji ekki fella allt frumv. fyrir þær sakir.

Jeg mæli því með því fyrir hönd nefndarinnar, að frumv. þetta verði samþykkt, því að það má telja óvíst, að seinna fáist betri eða hagkvæmari lög, hvorki fyrir landssjóð nje almenning.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Það er eitt atriði í þessu frumv., sem jeg álít mjög óhagkvæmt, og mjer þykir einkennilegt, að það skuli hafa gengið orðalítið gegn um deildirnar. Jeg á við það ákvæði í 57. gr. stjórnarfrumv. (= 56. gr. í þessu frumv.), að vegfarendur skuli víkja til vinstri, er þeir mætast.

Jeg þori ekki að segja með vissu, hver venja tíðkast í þessu efni í ýmsum löndum, en hitt þori jeg að fullyrða, að langalgengast er að víkja til hægri handar, og mjer er sjálfum kunnugt, að sá siður tíðkast bæði í Danmörku og Noregi; og einmitt það skiptir mestu fyrir oss.

Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, er það orðið talsvert algengt hjer á landi, að fylgja fastri reglu um það, hvernig víkja skuli, er menn mætast á vegum úti, hvort heldur er á hesti, vagni eða reiðhjóli, og hafa menn gjört sjer það að venju, að víkja til hægri. Að fara nú allt í einu að breyta út af þessari venju, gæti orðið óhagkvæmt og hættulegt.

Jeg skal líka benda á það, að margir tugir hjólreiðamanna fara hjeðan á ári hverju til Danmerkur, og dvelja þar um styttri eða lengri tíma. Fyrir þá gæti það komið sjer illa, ef þeir fara þar á hjólum, að þurfa að bregða venju sinni um, hvernig víkja skuli. Allir, sem í stórborgum hafa dvalið, og þekkja hina miklu umferð, er þar er, þeir hljóta að vita, hvílík hætta getur af því stafað, ef allir fylgja ekki sömu veuju í þessu efni. Það getur orðið til þess, að þeir bana annaðhvort sjálfum sjer eða öðrum. Og það væri ekki furða, þótt Íslendingum, er vanir væru orðnir þeirri reglu, að víkja til vinstri, yrði það ótamt, að fara að víkja til hægri, undir eins og þeir koma til annara landa, og svo til vinstri, nær þeir kæmu aptur hingað til lands, og vel mætti hljótast illt af því. Enda get jeg ímyndað mjer, að eptir fáein ár væru orðin svo mörg slys að þessu, að nauðsyn þætti bera til að breyta því á ný. En þá væri það um seinan. (*Lárus H. Bjarnason:* Þetta hefði hinn háttv. þm. átt að segja fyr). Jeg treysti því, þegar frv. var síðast í þessari háttv. deild, að eigi þyrfti að tala fyrir þessu, nje koma með breyt.till., þar sem komin var fram till. frá nefndinni í þessa átt, og framsm. nefndarinnar talaði fyrir henni. Jeg hugsaði því óþarft, að jeg tæki til máls, en það forðast jeg jafnan, að tala að óþörfu. Enda kom mjer það mjög á óvart, að sú tillaga var felld. Það sem aðallega mun hafa legið til grundvallar fyrir því, að þetta ákvæði, sem jeg tel stórhættulegt, var samþ. er það, að það sje hagkvæmast fyrir kvennfólkið á hestferðum, að vikið sje til vinstri. En slíkt er algjörður misskilningur. Það gat ef til vill verið nauðsynlegt í gamla daga að hafa þá reglu, þegar söðlarnir voru svo gjörðir, að kvennfólkið stóð með báða fæturna í stórri fótaskör, hafði hægri höndina á taumnum, en hina vinstri lausa. En nú er öðru máli að gegna, þegar ekki þekkjast aðrir söðlar, en með nýja laginu, sem svo er nefnt. Nú hefur kvennmaðurinn að eins annan fótinn í fótaskörinni eða ístaðinu, snýr andlitinu fram á við, að höfði hestsins, heldur taumunum með vinstri hendinni, en

hefur hægri höndina lausa. Ef nú fljótlega þarf að stýra hestinum undan hættu, er þá ekki auðvitað að hagkvæmast er að grípa til þess lausu hendinni? Síðan þessir nýju söðlar fóru að tíðkast er ekki hættumeira að ríða fram hjá kvennmanni en karlmanni. Og ef snögglega þarf að víkja til hliðar, þá er kvennmanninum vitanlega hægast að víkja til hægri. Sje um vondan flutning að ræða, er mætir henni, þá er einnig betra fyrir hana að hafa hann fram undan sjer, en að baki til.

Jeg verð því að segja, að það, sem aðallega hefur legið til grundvallar fyrir þessu ákvæði laganna, er byggt á algjörlega skakkri skoðun. Og þó hún hefði við rök að styðjast, sem nú ekki er, þá er hættan, er stafar af að breyta um venju í þessu efni, svo mikil, að lögin mega ekki fara frá þinginu með því ákvæði.

Framsögumaður Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg er alveg samþykkur háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.), enda var þetta skoðun nefndarinnar, er skipuð var í þetta mál hjer í deildinni, og eins og kunnugt er, kom hún fram með breyt.till. í þá átt, að þessu ákvæði væri snúið við, en það var einasta brt. hennar, sem var felld, — og það með nafnakalli. — Svo mikið kapp var lagt á þetta ákvæði, og manna mest barðist hæstv. ráðh. fyrir því. Nefndin telur það mikið óhapp, að sú till. hennar var felld. Jeg minntist á það við nefndina í Ed., hvort hún vildi ekki breyta ákvæðinu. En við það var ekki komandi. Nú taldi nefndin hjer þýðingarlaust að koma fram með breyt.till. um þetta, þó að hæstv. forseti hefði eflaust vísað henni frá eptir þeirri reglu, sem farið er nú að beita. Vjer nefndarmenn vorum því nauðbeygðir til að ganga inn á frumv. með þessum annmarka, sem jeg tel mjög verulegan og enda hættulegan, eins og háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) hefur fært góð rök fyrir.

Ráðherrann: Jeg verð að vera enn sem fyr á annari skoðun um þetta ákvæði. Og jeg get ekki viðurkennt, að neinnri fastri reglu sje fylgt hjer á landi um það, hvernig menn skuli víkja, er þeir mætast á vegum úti, heldur er það undir kringumstæðunum komið, hvernig menn hegða sjer í því efni. Það er fyrst nú, að gjörð er tilraun til að koma á fastri reglu. Það er alls ekki tilfellið, að það sje annarsstaðar talið sjálfsagt að víkja til hægri; enda skil jeg ekki, hvað ætti að valda slíkri reglu. Það er ekki sjáanleg nein sjerstök ástæða til þess, en aptur á móti er alveg sjerstök ástæða til þess, að víkja til vinstri fyrir kvennmanni, vegna þess hvernig kvennsöðlar snúa. Auk hinna ensku landa er mjer sagt, að Svíþjóð hafi regluna, að halda sjer til vinstri á vegum.

Háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) sagði, að síðan ensku söðlarnir hafi farið að tíðkast, sje ekki verra að mæta kvennmanni en karlmanni, og að það sje miklu hægra um hönd fyrir kvennmanninn að víkja til hægri hliðar. Fyrst og fremst eru opt notaðar fótafjalir á svo nefndum »enskum söðlum«, sem illt getur verið að reka sköfnunginn í, og kvennmaður í »enskum« söðli snýr andlitinu svo beint fram, að henni þess vegna á að vera eins hægt að víkja til vinstri. Jeg hef einmitt heyrt kvennfólk tala mest um þetta, og leggja á það mikla áherzlu, hversu óþægilegt og jafnvel hættulegt það sje, að mæta mönnum á hestbaki sem víkja til hægri. Og jeg þori að fullyrða, að ef hinn háttv. þm. ljeti

ganga undirskriptalista um þetta atriði meðal kvennfólksins, þá mundu fleiri atkv. vera með því, að vikið sje til vinstri handarinnar en hinnar hægri.

Jeg álít einmitt þetta vinstrihandarákvæði kost á lögunum, því það er sniðið eptir hjerlendum staðháttum og kringumstæðum, og vona, að mönnum lærist að fylgja þessum fyrirmælum laganna. Auðvitað gjörir það lítið til í þeim löndum, þar sem menn almennt ferðast ekki á hestbaki, hvor reglan er sett, að víkja til hægri eða vinstri. En hjer, þar sem jafnt konur sem karlar þurfa að ferðast þannig, getur það riðið á nokkru, að hentug regla sje upp tekin.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Það er rjett hjá hæstv. ráðh., að engin lögbundin eða föst regla sje til um það, til hverrar hliðar eigi að víkja. En það er fjöldi manna um allt land, sem hafa vanið sig á það, hvort sem þeir eru ríðandi, á vagni eða reiðhjóli, að víkja ávallt til hægri, og þetta er orðið svo fast meðal fjöldans, að ef þessu er ekki fylgt, þá kenna margir þeim um, sem út af þessu brjóta, ef árekstur verður. Meira að segja, það eru eigi svo fáir vagnhestar hjer á landi, er ætið víkja til hægri, ef þeir eru sjálfráðir. En hvað því viðvíkur, að kvennfólkið mundi greiða atkvæði með þessu ákvæði laganna, þá getur verið að það gjörði það, ef það hefði eigi hugsað málið. En ef það hugsaði málið, og tæki ekki tillit til þess, hvað hentugt var í gamla daga, heldur nú, þá mundi það allt greiða atkvæði með því, að vikið væri til hægri handar. Jeg hef gjört það að gamni mínu í sumar, þegar jeg hef mætt stúlkum ríðandi, að taka eptir því, til hvorrar handar þær víkja, og hef sjeð að þær víkja hjer um bil undantekningarlaust til hægri, enda er þetta svo skiljanlegt, sem nokkuð getur verið, að þær víki til þeirrar handarinnar, sem þær hafa lausa. Ef þær því greiddu atkvæði með þessu ákvæði frv., þá verð jeg að segja, að það hlyti að koma af því, að þær kynnu ekki að sitja á hesti nje stjórna honum, en það væri of mikið sagt um íslenzkt kvennfólk, því að vjer vitum það allir, að margt af því kann það eins vel og karlmennirnir.

Hæstv. ráðherra sagði, að í sumum löndum væri ætið vikið til vinstri. En það rættlætir alls eigi ákvæði frumv. Fyrir öldum síðan þekktust eigi reiðhjól, og mjög lítið var um vagnferðir samanborið við það sem nú er. Þar á móti sat kvennfólk í þá daga á vinstri hlið hestsins og stóð á gríðarstórri fótaskör. Ekkert er því eðlilegra, en að þá væri vikið til vinstri. En nú er þessi eina ástæða horfin. Kosturinn við að víkja til hægri ætti öllum að vera auðsær, en hann er sá, að flestum er hægri höndin tamari, og því mikið öruggara að grípa til með henni, ef mikið liggur við eða fljótt þarf til að taka. En allt fyrir þennan mikla kost er eigi auðvelt fyrir þjóðir, sem telja margar miljónir, að breyta með lögum því, sem hefur verið föst venja öldum saman. En vjer megum alls eigi lögskipa það, sem er illhafandi nú á tímum, þótt það kynni jafnvel að hafa verið til bóta fyrir tugum ára síðan.

Jeg veit, að þessi mótmæli mín koma ofseint fram, og jeg sárðrast eptir því, að jeg talaði ekki um þetta atriði, þegar málið var hjer til umr. í fyrra skiptið, en jeg treysti því þá, að till. nefndarinnar mundi nægja til þess, að hv. deild breytti þessu ákvæði frv. (*Forseti:* Þessu getur ekki orðið breytt hjeðan af.)

Það er ekki gott að segja, hvort ekki væri rjettara, að fella þetta frv.,

en að hafa það með þessu ákvæði, sem getur orðið mörgum mönnum að tjóni eða bana. Það koma margir hingað frá Höfn, sem vanir eru hjólreiðum þaðan, og ávallt hafa vikið til hægri, og það skal enginn segja mjer, að þeir menn geti á svipstundu vanið sig á það, sem er alveg öfugt, svo að ekki verði slys að þessu; menn eru ofháðir vananum til þess, og þó er hættan enn meiri fyrir þeim, sem fyrst læra á hjólhesti hjer undir þessum lögum, og fara svo utan. En ef frv. gengur nú í gegn með þessum mikla agnúa, þá treysti jeg því, að tekið verði vægt á því, að beita þessu ákvæði til næsta þings, og að það verði þá eitt af fyrstu verkum þingsins, að breyta nefndu atriði.

Fleiri töluðu ekki.

Frumv. sþ. með 19 atkv. gegn 1 og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XLI. Brunabótafjelag Íslands.

Á 6. fundi Nd., mánudaginn 8. júlí, kom frv. til laga um stofnun brunabótafjelags Íslands til 1. umr.

Fjarverandi voru 2. þm. Árnesinga (Ól. Ól.) og þm. Borgfirðinga (Þ. B.) með leyfi deildarinnar og 2. þm. N.-M. (E. Þ.), sem var veikur.

Ráðherrann: Því hefur opt verið haldið fram, að stofna ætti innlent brunabótafjelag, vegna þess að ekki sje rjett, að láta alla þá peninga, er til vátryggingar er varið, renna út úr landinu. Það er ekki af þessari ástæðu, að stjórnarráðið leggur nú frv. þetta fyrir þingið. Það er ekki gjört í gróðaskyni, því að á síðari árum hefur það ekki verið gróðavegur, að ábyrgjast húseignir hjer á landi, heldur hafa öll fjelög stórtapað á því. Frumv. kemur einungis fram sem neyðarúrræði til þess, að hafa til vara ef útlend fjelög annaðhvort neita oss algjörlega um vátryggingar, eða þá setja iðgjöldin svo hátt, að oss sje of boðið. Því að allir sjá, hvílikt þjóðarböl það er, ef að hvergi fæst vátryggt. Þá yrðu húseignir eigi veðhæfar, og þannig yrði drepinn niður dugur og starfs-afli í landinu.

Orsökin til misfellanna er hin geysimikla brunahætta, sem hefur vaxið svo á síðustu árum, að því verður ekki neitað, að það gefi ástæðu til grunsemda, að minnsta kosti um það, að eigi sje ætíð gætt allrar varúðar, sem skyldi. Þessum misfellum verður ekki kippt í lag, nema því að eins, að allir leggist á eitt, bæði hið opinbera og einstaklingarnir til þess, að gjöra eldsvoðahættuna sem minnsta. Í þessu frumv., sem að eins á að vera neyðarvörn, eins og þegar er tekið fram, er það aðal-atriðið, að reyna að draga úr brunahættunni með því, að gjöra ábyrgðina gagnkvæmilega, þannig, að hver og einn meðlimur bæjar- og sveitarfjelaganna taki þátt í henni, og hafi þannig hag af því, að koma í veg fyrir ógætilega meðferð á eldi, og að koma upp gáleysi og afbrotum.

Að svo stöddu mun varla mega búast við því, að vátryggingargjöld gætu orðið neinum verulegum mun lægri, en nú gjörist, þótt þetta fyrirkomulag

kæmist á, en jafn skjótt og brunahættan minnkaði, þá mundi og mega færa niður iðgjöldin.

En fyrst um sinn er varlega í slíkt farandi. Það dylst víst engum, að brunabótafjelög eins og það, sem vjer erum megnugir að setja á stofn, getur ekki fullnægt öllum þeim kröfum, sem almennt eru gjörðar nú á dögum til brunabótafjelaga. Til þess er verðgrundvöllurinn hjer á landi of lítill. Í Danmörkn getur brunabótarfjelag fyrir hús því að eins fengið viðurkenningu fyrir því, að það teljist fulltryggilegt fyrir lán gegn húsveði, að tryggðar sjeu hjá fjelaginu eignir fyrir 20 miljónir króna að minnsta kosti. Hjer á landi er verð húseigna sem stendur varla meira en 16—17 miljónir króna, og frágengur hjer fyrirfram verð húseigna hjer í Reykjavík ɔ: hjer um bil helmingur alls verðs húseigna á landinu; að skoðun landsstjórnarinnar getur það ekki komið til mála að gjöra breyting á þeirri brúnabótatrygging húsa í Reykjavík, sem nú er, því að hún er mjög hagkvæm. Því næst verður að halda fyrir utan fjelagið sveitabæjum, með því að telja má, að sjeð sje nægilega fyrir trygging þeirra með lögunum frá 20. okt. 1905. Eptir verða aðallega húseignir utan Reykjavíkur og lausafje á öllu landinu. Um virði lausafjár eru eigi til neinar hagskýrslur, en húseignir utan Reykjavíkur nema varla meira verði en 8 miljónum krónum, og þar af eru hús hvalaveiðastöðvanna fullrar einnar miljónar virði.

Í þessu frumv. hefur þótt nauðsynlegt að takmarka ábyrgð með fullri trygging við kaupstaði og kauptún með 300 íbúum eða meira.

Það er farið fram á, að sveitarfjelögin taki þátt í áhættunni að 1/4, en við þetta er að athuga, að fjelaginu er ekki leyft að taka að sjer alla áhættu við vátrygging bygginga yfir 10,000 kr. og vátrygging lausafjár yfir 5,000 kr. (í Reykjavík þó 8,000 kr.). Þessi takmörkun er þó ekki því til fyrirstöðu, að fjelagið taki að sjer vátrygging á hærri upphæðum, en það, sem fram yfir er, verður þá að endurtryggjast, og sveitarfjelagið tekur ekki þátt í þeim hluta vátryggingarinnar, sem endurtryggður er. Hluttaka sveitarfjelaganna í áhættunni er í sjálfu sjer hið sama og ákveðið er í lögum 20. okt. 1905 að því, er landssveitirnar snertir, en auðvitað er áhættan miklu meiri hjer. Með skynsamlegri byggingu og með sæmilegum slökkvitólum og slökkviliði má þó minnka hættuna mikið. Um einstök atriði í frumv. þessu skal jeg ekki tala að svo stöddu. Jeg vona, að aðalgrundvallaratriðin sjeu í samræmi við það, er ýmsir skynbærir menn, sem rætt hafa málið undanfarin ár, hafa álitið rjett, en með frágang allan hefur verið leitað til sjerfræðinga, og kostað kapps um að allt yrði sem nánast ákveðið og sem bezt úr garði gjört eptir því sem kringumstæður og staðhættir leyfa.

Með þessum orðum skal jeg leyfa mjer að mæla með því, að báttv. deild taki málið til góðar meðferðar.

Málinu vísað til 2. umr.

5 manna nefnd samþ. eptir uppástungu þm. V.-Sk.

Kom þá fram uppástunga um hlutfallskosn. frá 6 þm., og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson 2. þm. Skagf., Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Björn Bjarnarson, Skúli Thoroddsen.

Urðu þessir fyrir kjöri með hlutfallskosningu:

Magnús Kristjánsson,
Jón Jónsson,

Stefán Stefánsson Skagf.,
Stefán Stefánsson Eyf.,
Ólafur Briem.

Í nefndinni var Magnús Kristjánsson kosinn formaður og Ólafur Briem skrifari og framsögumaður.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 13. ágúst, kom frumv. (A 161) til 2. umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1.þm. Skagf.): Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með allmargar breyt.till. við þetta frumv., en fáar af þeim eru stórvægilegar og jeg mun nú minnast á þær helztu.

Fyrsta breyt.till. er sú, að ábyrgð landssjóðs er sett hærri en í stjórnarfrumv.; þar er hún sett allt að 300,000 kr., en nefndin leggur til, að hún verði sett allt að 600,000 kr. Nefndin álítur reyndar æskilegast, að ábyrgð landssjóðs væri sem minnst takmörkuð, því þannig hlyti fjelagið betra traust, bæði gagnvart einstökum vátryggendum og gagnvart þeim stofnunum, sem lán veita út á húseignir. Enda gekk nefndin út frá því, að þó að ábyrgð landssjóðs ekki yrði sett hærri en í frumv. er gjört, þá yrði þó, ef stórkostlegt brunatjón bæri að höndum, t. d. við bruna heils kaupstaðar eða margra húsa í einu, að öllum líkindum leitað aðstoðar löggjafarvaldsins, og þá ræki að hinu sama, að landssjóður yrði að hlaupa undir bagga.

Önnur breyt.till. nefndarinnar er sú, að brunabótafjelagið taki aldrei að sjer fulla tryggingu. Í frumv. stjórnarinnar er gjörður munur á, hvort vátryggð er húseign í kaupstöðum og stærri verzlunarstöðum, þannig að hlutaðeigandi bæjarfjelag eða sveitarfjelag tekur að sjer ábyrgð á nokkru, eða hin vátryggða húseign er í smærri kauptúnum eða utan verzlunarstaða, án þess að sveitarfjelagið taki þátt í áhættunni. Í fyrra tilfellinu er ætlazt til, að brunabótafjelagið taki að sjer ábyrgð að fullu, en í síðara tilfellinu einungis að $^2/_3$ hlutum. Nú gjörir nefndin þá breyt.till., að þegar sveitarfjelag tekur þátt í áhættu, ábyrgist brunabótafjelagið $^5/_6$, það er að segja $^2/_3$ sjálft og sveitarfjelagið $^1/_6$, en eigandi beri sjálfur ábyrgð á $^1/_6$. En án hluttöku sveitafjelags í áhættunni ábyrgist brunabótafjelagið $^2/_3$ en eigandi, $^1/_3$, eins og gjört er ráð fyrir í frumv. Þessi uppástunga nefndarinnar miðar til þess, að gjöra áhættu brunabótatjelagsins minni bæði beinlínis og einnig óbeinlínis, því það má álíta það töluverða tryggingu fyrir því, að brunahættan verði minni, ef eigandi hefur ávallt hlut í áhættunni; og það ekki að eins þar, sem grunur leikur á, að í kvikni af mannavöldum, heldur einnig að því leyti, að ástæða er til, að halda að menn forðist fremur hirðuleysi í umgangi og útbúnaði húsa, ef þeir vita, að skaðinn lendir á þeim að einhverju leyti. Þriðja brt. nefndarinnar er sú, að í kaupstöðum og stærri kauptúnum skuli öll hús vera vátryggingarskyld í brunabótafjelaginu. Nefndinni var það raunar ljóst, að þetta væri talsverð takmörkun á frjálsræði manna og væri því varúðarvert að grípa til þess úrræðis, einkum þar sem fjelag tekst ekki á hendur ábyrgð að fullu. En nefndin áleit, að hjer væru svo knýjandi ástæður fyrir hendi, að ekki væri til annars að taka. Í frumv. stjórnarinnar er ekki gjört ráð fyrir þessu og jafnvel tekið fram. að það sje of langt gengið, ef það skilyrði yrði sett. En þar er annað tekið fram, sem ekki er alls ólíkt þessu, sem sje það ákvæði í 25, gr., að ef sveitarstjórnir í 2 kaupstöðum og 2 kauptúnum sjeu á því, að

taka þátt í brunabótafjelaginu, þá verði allir kaupstaðir og stærri kauptún, að taka íhlut, einnig þau, sem eigi hafa verið meðmælt hluttöku; og eins það ákvæði í 6. gr. frumv., að þeir, sem ekki vátryggja í fjelaginu, sjeu einnig skyldir að taka þátt í greiðslu brunabóta eptir niðurjöfnun, ef sveitarfjelögin verða að borga meira en nemur inneign þeirra í iðgjaldasjóði.

Enn er eitt nýmæli í nefndarálitinu, að á þeim stöðum, þar sem vátryggingarskylda er á húseignum, hvort sem er í kaupstað eða kauptúni, eigi menn *rjett* á því að fá vátryggt í brunabótafjelaginu alls konar lausafje, ekki að eins húsbúnað, heldur einnig verzlunarvörur, skip og báta o. s. frv. Þetta ákvæði hefur nefndin tekið upp, af því hún lítur svo á, að mikið mæli með því. en engin hætta þurfi að stafa af því fyrir fjelagið. Það er á fjelagsstjórnarinnar valdi, að flokka einstakar vörutegundir eptir brunahættu. og ákveða iðgjald af þeim. Og í annan stað er fjelaginu innan handa að endurtryggja þær upphæðir, ef þær færu fram úr einhverri vissri upphæð, enda er bæði í stjórnarfrumvarpinu og nefndarálitinu fastákveðið, hvað einstakar vátryggingarupphæðir megi vera háar, án þess að fjelaginu sje skylt að endurtryggja. Viðvíkjandi endurtryggingunni hefur nefndin komið með brtill., sem sumpart stafa af því, að í frumv. er gjörður munur á Reykjavík og öðrum kaupstöðum, að því er lausafje snertir, þannig að endurtryggingin er í Reykjavík bundin við 8,000 kr., en 5,000 kr. utan Reykjavíkur. Nefndin álítur, að ekki sje ástæða til, í þessu tilliti, að gjöra neinn mun á Reykjavík og öðrum stöðum, og leggur það til, að þessi upphæð sje allstaðar sett 6,000 kr., þar sem sveitarfjelög taka þátt í áhættuinni, en 4,500 kr., þar sem sveitafjelögin ekki taka þátt í áhættunni.

Enn skal jeg nefna eina breyt.till. nefndarinnar, við 6. gr. Í 6. gr. frv. er gjört ráð fyrir, að ef sveitarsjóður þarf að greiða brunabætur, þá sje þeim jafnað niður, sumpart á öll hús, — án tillits til þess, hvort þau eru vátryggð í fjelaginu eða ekki — og sumpart á alla gjaldendur sveitarinnar eptir efnum og ástæðum, og þessi mismunur fari eptir því, hvort það sem brennur, er húseign eða lausafje. En jafnframt er svo ákveðið, að við þessa niðurjöfnun skuli þó eptir ákvæði stjórnarráðsins taka tillit til þess, til hvers brunabóta iðgjaldasjóði sveitarfjelagsins hafi verið varið. Þetta ákvæði leggur nefndin til að fellt sje úr frumv., með því að henni þykir hætt við, að það geti valdið vafningum og óánægju. Afleiðingin af því, að þessu ákvæði er sleppt, verður auðvitað sú, að það verður föst regla að jafna öllum skaða, sem af húseignum leiðir, niður á húseignir og öllum skaða, sem af lausafje leiðir, niður á lausafje eptir efnum og ástæðum.

Eins og jeg tók fram í byrjun ræðu minnar, eru breyt.till. nefndarinnar fæstar mjög mikilvægar og sýnist mjer óþarfi, að fara að útskýra til hlítar hverja einstaka, þar eð jeg nú hef vikið máli að þeim helztu þeirra.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Jeg skal játa, að jeg hef ekki haft mikinn tíma til að kynna mjer þetta mál til hlítar, en jeg býst við, að frv. fari ekki svo fljótt til 3. umr., að ekki verði hægt áður að athuga og ráða bót á þeim göllum, sem á því kunna að vera.

Eins og háttv. framsm. (Ól. Br.) tók fram, eru breytingar nefndarinnar að vísu margar, en fáar af þeim eru veru-

lega þýðingarmiklar. Sú verulegasta af þeim er ákvæðið um vátryggingarskylduna, en jeg fæ ekki betur sjeð, en þar komi fram alveg rjett stefna. Í Danmörku er það allsstaðar skylda, að vátryggja húseignir, bæði í kaupstöðum og til sveita. Og eptir því, sem byggingarmálunum er komið hjer, virðist það vera eina ráðið til þess að afstýra stórtjóni af eldsvoðum. Jeg tel víst, að stjórnin hafi ekkert við þetta ákvæði að athuga, þó hún hafi ekki tekið það upp sjálf, þá er það af því, að hún hefur viljað vita undirtektir þingsins í málinu. Það getur heldur ekki mætt mótstöðu frá stjórninni, þó ábyrgð landssjóðs sje hækkuð um helming. Það er í þessu efni stórt álitamál, hvaða tölur á að velja, og það er ljóst, að ef stórkostlegt tjón hlýzt af eldsvoða, þá er 300,000 kr. of lág upphæð. Og færi svo, að slík óhöpp bæri að höndum, þá yrði eflaust farið fram á aukafjárveitingu af landssjóði í því skyni til bráðabirgða, og þá kemur allt í sama stað niður. Sama mætti auðvitað segja, þó ábyrgð landssjóðs væri 600,000 kr., þó það sje mikil upphæð; því ef það ólán bœri að höndum, að t. d. heil kauptún brynnu til kaldra kola, eða voðatjón yrði af eldsvoða á annan hátt, þá er ómögulegt að tiltaka neinar upphæðir, sem nægja í slíkum tilfellum.

Aðrar breytingar nefndarinnar eru fáar mikilsverðar, og jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni, einkanlega þar eð nefndin er þannig skipuð, að treysta má, að tillögur hennar sjeu vel og vandlega athugaðar.

ATKV.GR.:

1. Br.till. (þgskj. 161) um fyrirsögn samþ. í e. hlj.

1. gr. sþ. í e. hlj.

2. Br.t við 2. gr. sþ. með 19 atkv.
3. — — 2. — — — 18 —
4. — — 2. — — — 15 —

2. gr. þannig breytt sþ. með 15 atkv.

5. Br.till., ný 3. gr., sþ. með 17 atkv.

Ný 4. gr. sþ. með 19 atkv.

— 5. — — — 20 —

6. Br.till. við 3. gr. frv., sem verður 6. gr., sþ. með 19 atkv.

3. gr. þar með fallin.

7. Br.till. við 4. gr. sþ. með 18 atkv.
8. — — - — — án atkv.
9. — — - — — með 18 atkv.
10. — — - — — — 18 —

4. gr. þannig breytt sþ. með 19 atkv.

11. Br.till. við 5. gr. sþ. án atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 19 atkv.

12. Br.t. við 6. gr. sþ. með 19 atkv.
13. — — 6. — — — 19 —
14. — — 6. — — — 19 —
15. — — 6. — — — 18 —
16. — — 6. — — án atkv.
17. — — 6. — — með 17 atkv.
18. — — 6. — — — 16 —
19. — — 6. — — án atkv.

6. gr. með áorðn. breyt. sþ. með 20 atkv.

20. Br.t. við 7. gr. sþ. með 15 atkv.
21. — — 8. — — án atkv.
22. — — 8. — — — —
23. — — 8. — — með 14 atkv.

8. gr. þannig breytt sþ. með 19 atkv.

9. — sþ. með 19 atkv.

24. Br.t. við 10. gr. sþ. með 19 atkv.

10. gr. sþ. með 19 atkv.

25. Br.t. við 11. gr. sþ. án atkv.
26. — — 11. — — — —
27. — — 11. — — — —

11. gr. sþ. með 18 atkv.

28. Br.t. við 12. gr. sþ. með 17 atkv.
29. — — 12. — — án atkv.gr.
30. — — 12. — — — —

12. gr. sþ. með 16 atkv.

31. Br.t. við 13. gr. sþ. án atkv.gr.

13. gr. sþ. með 17 atkv.

32. Br.t. við 14. gr. sþ. með 16 atkv.

33. Br.t. við 14. gr. sþ. með 15 atkv.
34. Br.t. við 14. gr. sþ. með 19 atkv.
14. gr. breytt sþ. með 18 atkv.
15. gr. sþ. með 18 atkv.
35. Br.t. við 16. gr. sþ. án atkv.
36. — — 16. — — með 18 atkv.
16. gr. breytt sþ. með 18 stkv.
37. Br.t. við 17. gr. sþ. án atkv.gr.
38. Br.t. — 17. — — — —
17. gr. breytt sþ. með 19 atkv.
18. — — — 18 —
39. Br.t. ný grein, sem verður 21. gr. sþ. með 18 atkv.
40. Br.t. við 19. gr. sþ. án atkv.
19. gr. sþ. með 19 atkv.
20. — — — 19 —
41. Br.t. við 21. gr. sþ. með 19 atkv.
42. — — 21. — — — 18 —
43. — — 21. — — án atkv.
21. gr. breytt sþ. með 16 atkv.
22. gr. sþ. með 15 atkv.
44. Br.t. við 23. gr. sþ. án atkv.
23. gr. sþ. með 16 atkv.
24. — — — 15 —
45. Br.t. ný 25. gr. (er verður 28. gr.). samþ. með 16 atkv.
46. Br.t. á eptir 25. gr. komi 2 nýjar greinir, er verða 29. gr. og 30. gr. sþ. með 16 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi Nd., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A 238,316) til 3. umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Breyt.till. nefndarinnar á þskj. 316 gengur út á, að fella burtu 23. gr. frumv. Aðalefni þessarar gr. er, að þegar stofnaður er sameiginlegur brunabótasjóður eptir lögum 20. okt. 1905, skuli hann og brunabótafjelag landsins endurtryggja hvort hjá öðru 1/3 þeirra upphæða, er hjá þeim eru vátryggðar. Nefndin játar að vísu, að þetta ákvæði sje í sjálfu sjer á rjettum rökum byggt, að því leyti, sem það dreifir áhættunni, sem af því stafar, að hjer getur ekki verið nema um svo litlar vátryggingarupphæðir að ræða. En ástæðan til þess, að nefndin ræður til að fella áðurnefnda grein burt, er sú, að hún óttast, að þannig lagað ákvæði yrði til þess, að deyfa áhuga manna á, að stofna brunabótasjóði í sveitum. Það er orðin rík skoðun, og ekki að ástæðulausu, að brunahættan sje meiri í kauptúnum en til sveita, og því mundu sveitarstjórnir hafa ýmigust á þessu ákvæði. En nefndin vildi engan veginn draga úr því, að stofnaðir verði brunabótasjóðir í sveitum, heldur miklu fremur stuðla að áhuga manna í því efni, þar sem um svo mikið nauðsynjamál er að ræða. Í sambandi við það skal jeg geta þess, að við prentunina eptir 2. umr. hafa orðið nokkur mistök, þannig, að 2 setningar hafa fallið burt, önnur í 10. gr. (»nema með því einu skilyrði, að einungis 2/3« o. s. frv.), og hin í upphafi 14. gr. (»að því er snertir lausafje, svo og húseignir aðrar en þær, sem vátryggingarskyldar eru samkvæmt 3. gr., má ganga úr fjelaginu« o. s. frv.). En um þetta hefur verið talað við skrifstofustjóra og hefur hann lofað, að það skuli verði lagfært, og geta þingm. greitt atkv. með þeirri fullvissu.

Pjetur Jónsson (þm. S.Þing.) Jeg er nefndinni þakklátur fyrir þá brtill., er hún hefur borið fram við þessa umr., að nema á burtu ákvæðið um samábyrgð brunabótafjelags landsins og brunabótasjóða fyrir sveitabæi. Jeg er henni þakklátur fyrir það, ekki af því, að jeg álíti endurtryggingu á víxl óheppilega eða óeðlilega, heldur af þeirri ástæðu, er háttv. framsm. tók fram, að það mundi fæla menn frá, að stofna brunabótasjóði fyrir sveitirnar. Það er kunnugt, hve miklum óhug hefur slegið á fólk, vegna hinna

afarmiklu bruna, sem orðið hafa í sjóþorpum og kauptúnum. Af þeim er sprottin megnasta ótrú á vátryggingum á slíkum stöðum, svo að það gegnir engri furðu, þótt menn til sveita líti svörtum augum á samvinnu við sjóði, er taka þar hús í ábyrgð.

Þetta vildi jeg taka fram, að atkv. þeirra, er samþ. brottnám áðurnefndrar greinar, ber eigi svo að skilja, sem þeir sjeu á móti þeirri hugsun, er þar kemur fram. Það er ekki ólíklegt, að þessi samábyrgð komist á síðar. Og fyrstu árin hefur hún ekki neitt verulegt að þýða, á meðan engir sjóðir safnast. Tryggingin er aðallega fólgin í ábyrgð landsjóðs, og stendur jöfn, hvort heldur hún er í einu lagi eða tvennu. En hinsvegar má búast við, að innan fárra ára verði eigi fyrirstaða á að setja þetta ákvæði inn í lögin.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þskj. 316, að 23. gr. falli burt, samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. Brt. á þskj. 316, við 24. gr., talin samþ. án atkvgr.

Frumv. í heild sinni samþ. með 19 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frumv. (A 393) til 1. umr.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í þetta mál, að umr. loknum.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Að kjósa 5 manna nefnd, samþ. með öllum atkv.

Kosnir voru með hlutfallskosningu.

Eiríkur Briem,
Ágúst Flygenring,
Steingrímur Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,
Sigurður Stefánsson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Valtýr Guðmundsson skrifari og framsm.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A 393, 571) til 2. umr.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Þetta frumv. hefur tekið talsverðum breytingum í Nd., frá því, sem það kom frá stjórninni. En hvort sem litið er á það, eins og það var, eða eins og það er, þá er það svo þýðingarmikið og nauðsynlegt mál, þar sem kjör þau, er við eigum nú við að búa, að því er snertir brunabætur, eru lítt þolanleg, og lítur þó út fyrir, að þau verði enn þá verri. Það eru ýms ákvæði í þessu frumv., sem mönnum ef til vill þykja varhugaverð. Þar á meðal má geta þess, að í stjórnarfrumv. var farið fram á, að landssjóður ábyrgðist ekki nema 300,000 kr., en háttv. Nd. hefur hækkað þá upphæð upp í 600,000 kr., þar sem búast má við, að fjelag þetta verði svo umfangsmikið. En við vonum allir, að á því sje engin hætta, að til svo mikils þurfi að taka, þó slíkt geti auðvitað komið fyrir. En það sættir menn líka betur við að vátryggja í þessu fjelagi, þegar vátryggingarábyrgðin er töluvert há. Þá er annað atriði, sem ef til vill þykir athugavert, og það er, að með frumv. er lögð skylda á menn. Menn eru nefnilega skyldir til að vátryggja hús sín í kauptúnum, sem hafa 300 íbúa. Þetta býst jeg við að ef til vill þyki nokkuð hart, sjerstaklí sambandi við það, að þeir fá eigi *allan* skaðann borgaðan þó hjá þeim brenni, heldur verða þeir samkvæmt

5. gr. að bera sjálfir 1/6 hluta ábyrgðarinnar og eiga ekki kost á, að vátryggja þann hlut annarsstaðar. Þetta get jeg imyndað mjer að þyki hart og væri mikill munur, ef menn ættu kost á að vátryggja afganginn annarsstaðar, en það virðist frágangssök að hafa þetta öðruvísi til þess að tryggja það, að allir notuðu brunabótafjelag þetta. Þó þetta sje einskonar þvingun, þá er fyrirtækið svo mikil landsheill, að engum þótti horfandi í, að leggja þetta nauðungarband á menn; samskonar nauðungarband, sem forfeður vorir á frelsisöld landsins lögðu sjálfir á sig. En þetta nauðungarband gildir þó ekki lausafje manna, heldur að eins húseignir. Þar er mönnum einungis veittur rjettur til að fá vátryggt, en ekki skyldaðir til þess. En þar geta þeir aptur á móti ekki fengið útborgað nema 2/3 hluta lausafjárverðsins. Þessi ákvæði um, að menn fái ekki allar eignir sínar borgaðar fullu verði, eiga einmitt að miða til þess að koma fólki til að vera varfarnara og gæta sín betur fyrir eldsvoða. Þar sem farið er fram á í 7. gr. frumv., að sveitarfjelögin taki þátt í ábyrgðinni að 1/6 hluta verðs, þá verður það meira í orði en á borði af því að sveitarfjelögin hafa sjerstakan reikning og sjóð, sem nokkur hluti ábyrgðargjaldsins er alltaf lagður í, en á hreppinn sjálfan fellur vátryggingarábyrgðin ekki fyr en sá sjóður er tómur. Og svo þurfa þau heldur engan þátt að taka í endurtryggingarábyrgðinni.

Ennfremur er þess að geta, að þegar um dýrar húseignir er að ræða, þá er fjelaginu skylt að endurtryggja þær, svo að áhættan verði minni fyrir fjelagið og sveitirnar. Þetta eru nú helztu atriðin, sem jeg vildi benda á, þau atriðin, sem athugaverðust eru í frumv, En með því að það er bráðnauðsynlegt, að málið fái framgang, hefur nefndin forðast að gjöra nema sem minnstar breytingar á frumv., og um þær breytingar, sem hún hefur gjört, hefur hún borið sig saman við háttv. nefnd í Nd., og fengið vitneskju hjá henni um, að þær muni ekki verða frumv. að falli. Um 2. gr. er það að segja, að oss þótti nákvæmara að bætt væri við eptir 300 íbúum orðunum »eða fleirum«. Þá þótti nefndinni ofhátt tiltekið í 16. gr., að eigi skyldi bæta tjón, næmi það eigi meiru en 50 kr. eða frá 40 kr., þar sem skaðinn ætti að eins að bætast að 2/3. Nefndinni fannst þetta nokkuð hart, þar sem eigandi á þó aldrei að fá bættan meira en 5/6 hluta af skaðanum. Af þessu hefur nefndin fært þessa upphæð niður í 30 kr. Þetta ákvæði frv. miðar annars að því, að menn sjeu ekki að gjöra rellu út af hverjum smábruna; líka á það að fyrirbyggja, að menn sýni kæruleysi í því að slökkva eld, þangað til bruninn er orðinn nógu mikill til þessa að geta fengið skaðabætur.

Í 18. gr. er í frumv. Nd. ákveðið svo, að eigi að eins bætur fyrir tjón á húsum megi ekki greiða, nema því að eins, að húsið sje byggt upp á sama stað eða gjört við það, sem brunnið hefur, heldur er þetta líka látið ná til húsgagna, sem brunnið hafa eða skemmzt við bruna. Nefndinni fannst það nokkuð hart, að skylda þann, sem brunnið hefði hjá, að verja brunabótunum til að kaupa fyrir nýjan húsbúnað. Það getur verið, að sá, sem fyrir tjóninu hefur orðið, ætli að breyta um lífsstöðu, og þurfi því alls ekki á mun að halda, sem brunnið hefur. Þa ð geturt. d. staðið svo á, að ekkjumaður eigi eptir konu sína dýrt fortepianó, og að hann kæri sig alls ekki um að eignast annað í þess stað,

þótt það brenni. Þegar svo stendur á, getur það verið uokkuð hart, að neyða hann til, að kaupa nýtt hljóðfæri, eigi hann að fá brunabæturnar. Nefndin leggur því til, að ákvæðinu um lausafje sje sleppt, en ákvæðinu um húsin sje haldið. Í 26. gr. er svo ákveðið, að framvegis skuli ekki fengin brunabótatrygging á eignum landssjóðs, að undanteknum byggingum hans í Reykjavík, í brunabótasjóði Íslands; en í þess stað skuli árlega leggja í tryggingarsjóð, er landssjóður eigi, svo mikið fje, að samsvari því, er hingað til hefur verið greitt fyrir brunabótatrygging á eignum landssjóðs. Þetta ákvæði lítur í fljótu bragði dálítið undarlega út; það er nærri eins og að komi fram vantraust á brunabótasjóðnum, en þegar betur er gáð að, þá getur varla verið um það að ræða, því að hjer er um þá smámuni að tefla, þar sem landið á svo lítið af byggingum utan Reykjavíkur, fátt annað en fangelsin. Akureyrarskólann og búnaðarskólana. Nefndin hefur breytt ákvæðunum í frumv. hv. Nd. þannig, að í hinn sjerstaka sjóð skuli leggja jafnmikið fje því, sem landssjóður mundi eiga að greiða í brunabótafjelagi Íslands; þótti henni eðlilegra að orða þetta þannig, en að miða við það, sem hingað til hefur verið greitt fyrir brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

Þetta eru nú helztu breytingarnar, sem nefndin hefur gjört á frumv. háttv. Nd. Að öðru leyti mun jeg og hafa minnzt á þýðingarmestu ákvæði frumv., sem gætu gjört það athugavert. En þótt nokkuð geti verið við málið að athuga, þá eru brunamál vor nú í því óefni, að til einhvers verður að grípa til að reyna að koma þeim í betra horf, og vona jeg því, að háttv. deild muni taka frumv. vel. Nefndin hjer í deild hefur fengið tryggingu fyrir því, að breytingar þær, sem hún hefur gjört á frumv., muni ekki verða því að falli, og treysti jeg því, að háttv. deild muni samþ. þær.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 9 atkv.

1. breyt.till. (511) við 2. gr. samþ. með 10 atkv.

2. gr. frv. breytt samþ. með 9 atkv.

3. gr. frv. samþ. með 9 atkv.

4. gr. — — — 9 —

5. gr. — — — 9 —

6. gr. — — — 9 —

7. gr. — — — 10 —

8. gr. — — — 10 —

9. gr. — — — 10 —

10. gr. — — — 10 —

11. gr. — — — 10 —

12. gr. — — — 10 —

13. gr. — — — 10 —

14. gr. — — — 10 —

15. gr. — — — 10 —

2. breyt.till. (571) við 16. gr. samþ. með 9 atkv.

3. breyt.till. (571) við 16. gr. samþ. með 10 atkv.

16. gr. frv. breytt samþ. með 10 atkv.

17. gr. — samþ. með 10 atkv.

4. breyt.till. (571) við 18. gr. samþ. með 10 atkv.

5. breyt.till. (571) við 18. gr. samþ. með 10 atkv.

18. grein frumv. breytt samþ. með 10 atkv.

19. gr. frumv. samþ. með 10 atkv.

20. — — — — 10 —

21. — — — — 10 —

22. — — — — 10 —

23. — — — — 10 —

24. — — — — 10 —

25. — — — — 10 —

6. breyt.till. (571) við 26. gr. samþ. með 10 atkv.

26. gr. frumv. breytt samþ. með 10 atkv.

27. gr. frumv. samþ. með 10 atkv.

28. — — — — 10 —

29. — — — — 10 —

Fyrirsagnir allra kaflanna samþ. án atkvæðagr.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Á, 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. septbr., kom frv. (A. 625) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 9 samhlj. atkv. og endursent forseta neðri deildar.

Á 48. fundi Nd., fimmtudaginn 12. septbr., kom frv. (A. 639, 649) til einnar umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skag.): Aðalbreytingar, sem háttv. Ed. hefur gjört á frumv. þessu, eru teknar fram í framhaldsáliti nefndarinnar á þgskj. 639. Þær eru engar stórvægilegar. Höfuð efnisbreytingin er í því fólgin, að sleppt hefur verið því ákvæði 18. gr., að brunabótum fyrir húsgögn skuli varið til viðgiörðar þeirra eða til að útvega nýjan húsbúnað. Þetta ákvæði var sett í frumv. af stjórninni, og nefndin í Nd. aðhylltist það, af því hún áleit, að með því fengist trygging fyrir því, að menn mundu gæta sem beztrar varúðar, og ekki freistast til að slá slöku við. Eigi að síður hefur nefndin gengið að þessari breytingu háttv. Ed., bæði af því að hún telur það þægindi fyrir menn að þurfa ekki að vera skuldbundnir til þess að fylgja þessu ákvæði, en sjerstaklega sökum þess að vafasamt er, hvað talizt getur til húsgagna; það orð er ekki heppilegt, og væri þörf á sjerstöku orði um það.

Að öðru leyti hefur nefndin ekki frekara að segja.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XLII. Fræðsla barna.

Á 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um fræðslu barna til 1. umr.

Ráðherrann: Um þetta frumv. þarf ekki að fjölyrða. Það er gamall kunningi, og liggur hjer fyrir nálega í sömu mynd og stjórnin lagði það fyrir síðasta þing. Að eins örfáar smábreytingar hafa verið gjörðar eptir tillögum ráðanauts stjórnarinnar í fræðslumálum.

Stjórnarráðið er enn á þeirri skoðun, að vilji menn fá tryggingu fyrir sæmilegri alþýðufræðslu, sje ekki hægt að komast af með minna en þann vísi til skólaskyldu, eða rjettara sagt, sagt fræðsluskyldu, sem frumv. fer fram á. Og munu námskröfur til fermingar ekki verða gjörðar, ef vel á að vera.

Jeg játa, að það tekur sig vel út á pappírnum, að heimila hreppunum frjálst samþykktarvald um það, hvort þeir vilji innleiða hjá sjer skólaskyldu eða ekki. En hræddur er jeg um, að slík lög mundu verða fremur svæfill til að sofna á, en öruggur grundvöllur undir aukinni alþýðufræðslu. Það er hætt við, að heimildin yrði lítt notuð, þar sem nærsýnar hreppsnefndir sitja við stýrið yfir sýtingssömum gjaldendum. Þetta gæti og valdið allmiklu misrjetti, þar sem unglingarnir ættu

svo misjafnri fræðslu að fagna eptir því, hvort þeir væru svo heppnir að alast upp í sveit, þar sem slík samþykkt væri komin í kring eða ekki, og er það hart fyrir unglinga, að verða eptirbátar jafnaldranna af þeim ástæðum, að þeir hafa lent þar, sem sveitarstjórn tímdi ekki að kosta til þeirrar fræðslu, sem önnur ungmenni fá í hreppum, er viðsýnni voru og ræktarsamari í tilhögun alþýðufræðslunnar.

Jeg leyfi mjer að vænta þess, að h. deild haldi sama strykinu og á fyrra þingi og að frumv. komist farsællega gegnum þingið.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Háttv. deild mun vera kunnugt um það, hvern undirbúning þetta mál hefur fengið. Því var samkv. till. deildarinnar á síðasta þingi skotið undir atkvæði þjóðarinnar. Það má segja, að það eru fá mál, er þjóðinni hefur gefizt jafngóður kostur á að láta uppi álit um sem þetta. Svo sem kunnugt er, hefur stjórnarráðið á milli þinga leitað álits sýslunefnda og hjeraðsfunda um málið. Efast jeg eigi um, að skýrslur þeirra og tillögur sjeu nú komnar til stjórnarráðsins, og að þinginu muni gefast kostur á því að sjá, hvaða stefnu þjóðin vill taka.

Ágreiningsefnið, sem á þennan hátt var lagt undir atkvæði þjóðarinnar, var og er, hvort heppilegra sje að fylgja frumv. stjórnarinnar frá 1905, sem er að mestu hið sama og þetta frumv., eða breytingum þeim, er Ed. þá gjörði á frumv., sjerstaklega um skólaskylduna. Mjer er ekki fullkunnugt um það, hvert álit þjóðarinnar hefur orðið, en það þarf að rannsaka, og jeg gjöri ráð fyrir því, að tillit verði tekið til þess.

Vera má, að það sje rjett, er haldið er fram, að mismunurinn milli stefnanna sje eigi svo mikill, þar sem 2. gr. í báðum frumv. heimtar jafna kunnáttu af hverju barni við ákveðið aldurstakmark (14 ára aldurinn). En þrátt fyrir það, er þó mikill munur á aðferð þeirri, er ætlazt er til að við sje höfð, til þess að ná þessari þekkingu og þroskastigi. Og það hygg jeg, að í þessu máli, sem hlýtur að koma öllum við og ná inn á hvert einasta heimili, bæði inn til dalanna og út við strendur landsins, þá verði það farsælast og heppilegast, að þjóðin fái sjálf að velja þann veg, er henni þykir geðfelldastur og bezt eiga við sitt hæfi. Það var tekið fram í nefndaráliti Ed. 1905, hve nauðsynlegt það væri, að halda heimiliskennslunni við og styðjast við hana framvegis. Þetta álít jeg fyrir mitt leyti að sje alveg rjett, og jeg tel nauðsynlegt að hlyuna að henni, en hrinda henni ekki frá sjer. Enda dylst mjer það ekki, að örðugt mun verða fyrst um sinn að útvega þá kennslukrapta, er nægt geti til þess, að fyrirmæli frumv. komi að tilætluðum notum. Til þess hefði þurft að vera búið að stofna kennaraskóla handa kennaraefnum landsins fyrir nokkrum árum, svo að löggjöf og landsstjórn geti sagt, um leið og hún segir á hendur mönnum skólaskylduna: »Hjer hafið þið kennarana!« Jeg fæ ekki betur sjeð, en ef skólaskyldan er lögð á þjóðina, þá eigi hún einnig heimting á því, að löggjafarvaldið leggi til næga, hæfa kennara, svo að lögin geti komið að tilætluðu gagni, og orðið annað og meira en á pappírnum.

Jeg er þeirrar skoðunar, að enn verði að athuga þetta stórmál og ræða það vel, sjerstaklega í þessari deild, er skorti tíma til þess, að ræða það nokkuð að ráði á síðasta þingi. Vil jeg því

leyfa mjer að stinga upp á 7 manna nefnd, þá er umr. lýkur.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Stungið var upp á 7 manna nefnd, og sú uppástunga samþ. í e. hlj.

Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þingmönnum og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, Skagf., Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Ólafur Thorlacíus, Magnús Andrjesson, Árni Jónsson.

Síðan voru með hlutfallskosningu kjörnir í nefndina:

Þórh. Bjarnarson,
Árni Jónsson,
Stefán Stefánsson, Skagf.
Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,
Magnús Andrjesson,
Jón Magnússon.

Í nefndinni var Þórhallur Bjarnarson kosinn formaður og Stefán Stefánsson skrifari og framsögumaður.

Á 20. fundi Nd., fimmtudaginn 25. júlí, kom frumv. (A. 125, 126) til 1. umr.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Þótt skammt sje síðan nefndarálitið og breyt.till. nefndarinnar voru bornar út meðal hinna háttv. þingmanna, þá vænti jeg þess þó, að háttv. þingm. hafi kynnt sjer þetta mál og sjeu undirbúnir að greiða atkvæði um það, og sje jeg því ekki ástæðu til þess, að halda langa ræðu, að þessu sinni, enda hefur mönnum gefist óvenjulega langur tími þess, að íhuga þetta mál, og mynda sjer fasta skoðun um það, hverju þeir vilja fram fylgja í þessu efni.

Það er langt síðan því var hreyft á þingi, að koma föstu skipulagi á fræðslu barna. En þau einu lög, sem nú eru til um þetta efni, lögin frá 9. janúar 1880, um uppfræðslu barna í skript og reikningi, fara allt of skammt. Í mörg undanfarin ár hefur verið veitt fje úr landssjóði til barnakennslu, og ákveðin skilyrði fyrir veitingu þess og hvernig því skyldi skipt niður milli skóla og farkennara. En það var fyrst á síðasta þingi, að verulegt skrið kom á þetta mál, því þá lagði stjórnin fyrir þingið frv. til laga um fræðslu barna, sem í öllum verulegum atriðum var samhljóða því, sem nú liggur fyrir þinginu. Það frumv. var byggt á rannsóknum Guðm. Finnbogasonar meistara í öllum megin atriðunum, þó að tillögum hans væri að vísu ekki fylgt í öllum greinum.

Ef litið er á stefnu þessa frumv., þá er hún í stuttu máli sú — eins og tekið er fram í nefndarálitinu —, að þjóðfjelaginu skuli vera skylt, að annast um, að hvert barn geti átt kost á, að ná þeirri menntun, sem nauðsynleg er hverjum manni. Það eru settar fram ákveðnar kröfur um lágmark menntunarinnar, og kostnaðinum við kennsluna er skipt niður á milli landssjóðs og sveitarfjelaganna. Enn fremur eru í frumv. settar reglur um það, hvernig eptirliti með kennslunni skuli hagað. Landsstjórnin hefur yfirstjórn þessara mála, en tekur sjer til aðstoðar mann til þess, að hafa á hendi eptirlit og framkvæmdir á öllu, sem hjer að lýtur. Ákvæðin um, hvernig eptirlitinu skuli háttað eru einkum þau, að próf sje haldið á hverju ári undir umsjón yfirstjórnenda.

Það hefur verið sagt um þetta frv. — en það helzt af mönnum, sem lítið hafa hugsað málið, — að með því sje innleidd ákveðin skólaskylda um allt

land. En það er ekkert annað en misskilningur, eins og tekið er fram í nefndarálitinu. Það er alls engin skólaskylda innleidd, nema þar sem skólar nú eru, eða kunna að verða stofnaðir af frjálsum vilja manna. Það er að eins fræðsluskylda, sem lögð er á herðar öllum foreldrum og sveitarfjelögum. Sveitarfjelögin eiga að sjá hverju barni á skóla-aldri (10—14 ára) fyrir að minnsta kosti tveggja mánaða farkennslu, og má það ekki með nokkru móti minna vera, enda hafa sum sveitarfjelög þegar fyrir löngu tekið þessa skyldu á sig og sumstaðar miklu lengur, en hjer er farið fram á. Jeg segi, að þessi fræðsluskylda sje lítil, eins og hún líka er, en hún verður þó enn minni, ef gætt er að því, að frumvarpið gjörir ráð fyrir því, að foreldrar geti fengið undanþágu frá, að láta börn sín njóta þessarar farkennslu, ef að þeir geta sýnt það og sannað, að þeir geti veitt börnum sínum jafngóða fræðslu á annan hátt. Það hefur heyrzt, að farkennsla væri ónóg, og gæti jafnvel orðið skaðleg, að því leyti, að hún dragi úr heimafræðslunni, og foreldrar vanræki fremur, að fræða börn sín, ef þau hefðu verið á farskóla. En jeg get ekki kannast við það, að svo sje, að minnsta kosti ekki, þar sem jeg þekki til. Farkennslan er að eins til aðstoðar við heimakennsluna, til þess að gjöra foreldrunum hægra fyrir að láta börnum sínum í tje nægilega menntun. Það er víðast hvar svo, að ekki er fleira fólk á heimilum, en þarf til þess, að gegna nauðsynlegum heimilisstörfum, og víða eru bændur einyrkjar, og konan verður ein að annast innanbæjarstörf, og er þá lítilt tími til þess, að kenna börnunum; þess vegna er farkennslan fram komin; hún er upp sprottin af þeirri nauðsyn; sem skapazt hefur við fólksfækkun á heimilum. Farkennslan er því ekkert annað en heimilisfræðsla, og hún fer optast fram á þeim heimilum, þar sem flest eru börn í sveitinni; og að hún dragi úr fræðslunni kemur ekki til mála, ef farkennararnir eru starfi sínu vaxnir. Það ætti þvert á móti að vera hvöt hjá foreldrunum að láta börnin halda því við, sem þau hafa lært hjá farkennurunum, enda munu farkennararnir opt vekja svo námfýsi barnanna, að þau haldi því við af sjálfsdáðum, sem þau hafa lært, og bæti heldur við, þótt þau engrar tilsagnar njóti, að farkennsluskeiðinu loknu. Jeg kem ef til vill að þessu atriði aptur, en tek það að eins fram hjer, að frumvarp þetta, eins og það er komið frá stjórninni, kemur lögbundnu, föstu skipulagi á barnafræðsluna í landinu, og um leið og það verður að lögum, verður ómögulegt að skjóta sjer undan þeim skyldum, sem það leggur mönnum á herðar; og undanþágan, sem jeg gat um, er ef til vill veilasta ákvæðið í frumvarpinu, en hún er til þess að fara varlega að fólki, ef svo mætti segja, og draga úr mótspyrnunni gegn fræðsluskylduákvæðinu.

Á móti þessu fasta og ákveðna skipulagi á fræðslumálunum gengur frv. það, sem samþykkt var í efri deild á síðasta þingi. Þar er sú stefna tekin, að láta það vera á valdi almennings, hvort menn vilji koma nokkru föstu skipulagi á kennslumálin, eða hvort menn yfir höfuð vilji nokkuð breyta frá því sem nú er. Og svo er vendilega um þetta búið hjá hinni háttv. efri deild, að ómögulegt er að koma þessu fyrirkomulagi á í hreppsfjelagi hverju, nema $^2/_3$ atkvæðisbærra manna sjeu því fylgjandi, meira að segja get-

ur tæpur 1/4 hluti hreppsbúa hindrað framgang málsins, ef svo vill verkast.

Nú hafa bæði þessi frumvörp, frumv. stjórnarinnar og frumv. Ed., verið lögð undir álit og umsögn almennings, ásamt nefndaráliti Ed. og tillögum Guðmundar Finnbogasonar; þau hafa verið send öllum sýslunefndum og hjeraðsnefndum og hafa verið tekin til meðferðar á sýslufundum og hjeraðsfundum. Það er raunar ekki gott að sjá með vissu á fundargjörðunum, hvoru megin þjóðin er í þessu máli en þess skal getið, að fleiri sýslunefndir hafa verið hlynntar frumv. Ed., en stjórnarfrumv.; aptur á móti voru fullt eins margir þingmálafundir með frumv. stjórnarinnar. En mestan fróðleik í þessu efni hefur nefndin fengið frá umsjónarmanni stjórnarinnar, og skal jeg með leyfi háttv. forseta leyfa mjer að lesa upp kafla úr brjefi hans, sem prentað er sem fylgiskjal með áliti fræðslumálanefndarinnar:

»Nú var það eitt af aðalerindum mínum til manna, að grennslast eptir skoðunum þeirra á *lagasetningum um barnafræðslu*, og urðu frumvörp síðasta þings því eðlilega og að sjálfsögðu eitt umræðuefnið. Jeg hafði orðið þess áskynja, að ýmsar sýslunefndir höfðu á fundum sínum »hallast að stefnu Efri deildar« — eins og það var viðast hvar orðað — en varla nokkursstaðar nein rökstuðning. Fyrir því gjörði jeg mjer far um, að ná tali sýslunefndarmanna, og heyra ástæður þeirra fyrir þessum fundarályktunum. Sumir þeirra sýslunefndarmanna, sem jeg átti tal við, kváðust vera fylgjandi frumv. stjórnarinnar, en hafa verið atkvæðum bornir á sýslufundi. Aðrir kváðust »aðhyllast stefnu Efri deildar«, af því að sjer stæði stuggur af skólaskylduákvæði stjórnarfrumv, sem hefði það í för með sjer, að reisa þyrfti skóla nú þegar um allar sveitir þessa lands. En þegar er jeg benti á, hvílík fjarstæða þetta væri og miskilningur á stjórnarfrumvarpinu, þar sem skólaskylduákvæði þessu á að eins til þeirra staða, þar sem fastir heimangönguskólar eru fyrir hendi, eða verða síðar reistir (6. gr.), þá ljetu þeir í ljós, að meginástæða sín gegn stjórnarfrumvarpinu væri burtu fallin«.

Enn fremur getur hann þess, að hann hafi átt tal við 12 presta, er talið hafi einmitt skólaskylduákvæðin aðalstyrk þessa frumv. Og hann bætir því við, að allir hinir áhugamestu prestar, er mest afskipti höfðu haft af barnafræðslunni, töldu samþykktarstefnuna ráðleysu vegna þess, að áhugi manna á fræðslumálum væri enn eigi orðinn svo mikill, að vissa væri fyrir því, að nokkur fræðslusamþykkt kæmist á.

Að síðustu lætur hann þess getið, að hann þykist eigi hafa leyfi til að draga aðra ályktun en þá, »að það sje almennur vilji málsmetandi manna á landinu, að lög verði sett þegar á þessu þingi um barnafræðsluna, og að frumv. stjórnarinnar sje vel til þess kjörið, að ná samþykki þingsins«.

Þar sem nú ráðanautur stjórnarinnar hefur ferðast á síðastliðnu ári um allt land, nema Austur-Skaptafellssýslu, og haft tal af flestum málsmetandi mönnum þjóðarinnar, þá verð jeg að leggja miklu meira upp úr áliti hans, en órökstuddum tillögum sýslunefndanna.

Mjer heyrðist koma hljóð úr horni frá einhverjum háttv. þm. um þjóðræði. En jeg þykist einmitt hafa gjört grein fyrir því, að þjóðinni er að snúast hugur í þessu máli, til fylgis

við frumv. stjórnarinnar. Og í þessari andránni hvíslaði háttv. sessunautur minn því að mjer, að hann hefði snúizt; hvort heldur það er ræða mín eða grandgæfileg yfirvegun sjálfs hans, sem hefur haft þau áhrif, eða máske hvorttveggja, skal jeg láta ósagt.

Jeg vil því í nafni nefndarinnar leggja það eindregið til, að hin háttv. deild fallist á frumv. stjórnarinnar í öllum aðalatriðum, að eins með þeim breytingum, er nefndin hefur stungið upp á að gjörðar yrðu. Um þær skal jeg fara fáeinum orðum.

Margar þeirra breytinga eru að eins orðabreytingar, en þó nokkrar efnisbreytingar.

Í 1. grein stjórnarfrumv. er mælt svo fyrir, að ef skólanefnd komist að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðslu, þá beri henni »með aðstoð sóknarprests og fyrir tilstyrk viðkomandi sveitarstjórnar að gjöra ráðstafanir til, að börnunum verði komið fyrir annarsstaðar, þar sem þau fá nauðsynlega tilsögn«.

Vjer nefndarmenn litum svo á, að þetta ákvæði, er tekið er upp úr 4. gr. laga um uppfræðslu barna í skript og reikningi frá 9. janúar 1880, sje með öllu óþarft. Skólanefndin hefur sjálf fullt vald til þessa, og gátum vjer eigi skilið, hverrar aðstoðar hún þyrfti að leita til sóknarprests eða sveitarstjórnar. Eptir á hefur hún heimild til að krefjast þess fjár úr sveitarsjóði, sem þarf til að fullnægja þessu. Vjer höfum því lagt til, að orðin »með aðstoð — sveitarstjórnar« falli burt.

6. brt. nefndarinnar er meiri efnisbreyting, en þó að eins viðbót við undanþágu ákvæði 4. gr. Till. fer fram á, að skólanefnd geti með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna sleppt, að ráða farkennara, þegar svo stendur á, að börn eru fá í hreppnum á skólaaldri, enda megi sjá þeim fyrir nægilegri fræðslu á annan hátt.

Í nefndinni komu sem sje fram upplýsingar um, að svo gæti staðið á í stöku sveitum, einkum til fjalla, að þar væru mjög fá börn á skólaaldri, og því væri ástæðulaust að ráða þar farkennara. Reyndar liggur það í hlutarins eðli, að ekki verði farið að ráða kennara þar sem engin börn eru, að eins til þess að láta hann sitja auðum höndum allan veturinn. En engu að síður varð nefndin ásátt um, að setja inn þessa grein, þeim mönnum til geðs, er upplýsingarnar gáfu. Vjer treystum yfirstjórn lýðskólanna til þess, að veita eigi undanþágu frá farkennslu nema því að eins, að hún sje algjörlega óþörf.

Þá er 7. brt. nefndarinnar, við 4. gr. 3. málslið. Frv. stjórnarinnar fer þar fram á, að sleppa megi kennslu í kristindómi í farskólum, ef skólanefnd telur það heppilegt. Vjer höfum gjört ákvæðið yfirgripsmeira, þannig að skólanefndir geti sleppt kristindómsfræðslu bæði í farskólum og í föstum skólum; getur þá svo farið, að henni yrði sleppt í öllum skólum landsins, ef skólanefndum kæmi saman um það, og væri það þá í fullri lagaheimild. Nefndinni þótti óljóst ákvæðið í 2. gr. stjórnarfrv. um uppfræðslu í kristnum fræðum til fermingar og áleit, að það mundi ef til vill verða tekið svo, sem öll börn, jafnt ókristinna sem kristinna foreldra, jafnt þau, er fermast eiga sem önnur, er enga fermingu eiga fyrir höndum, skuli læra það, er krafizt er til fermingar í þjóðkirkjunni. En nefndin leggur þann skilning í ákvæðið,

að það nái eingöngu til þeirra barna, sem fermast eiga, en ekki til hinna. Enda væri hitt svo mikið ófrelsi, að það gæti eigi staðizt í því landi, er annars hefur trúarfrelsi.

8. brt. við 9. gr. er líka efnisbreyting. Það er um prófin. Í frumv. eru engin ákvæði um það, hvernig prófum skuli hagað, eða eptirlitinu með þeim. Í frv. Ed. frá síðasta þingi er farið nákvæmar út í það. Þar stendur svo, að í kaupstöðum skipar fræðslunefnd prófdómanda, og skulu honum greidd hæfileg laun úr bæjarsjóði. Utan kaupstaða skipar sýslunefnd prófdómanda, og fær hann 4 kr. í dagpeninga, er greiðist úr landssjóði. Okkur þótti einkennilegt, að fræðslunefnd skuli ekki eiga að hafa umsjón með þessu nema í kaupstöðum einum. Þarna eru sýslunefndir allt í einu orðnar að nokkurs konar yfirstjórn í fræðslumálum. Okkur þótti eðlilegra og sjálfsagt, að yfirstjórn lýðskólanna hefði beinlínis þetta eptirlit á hendi. Henni einni er treystandi til þess, og er því sjálfsagt að leggja eptirlitið sem mest í hennar hendur.

Brt. fer því fram á það, að prófdómandi skuli jafnan vera skipaður af yfirstjórn lýðskólanna, og laun hans greiðast úr landssjóði. Að vísu verður þessu samfara nokkur kostnaður, ef til vill 1500—2000 kr. á ári, en því fje er betur varið, en mörgu öðru. Hingað til hefur verið mjög mikill skortur á eptirliti, en þetta er trygging fyrir því, að ákvæði laganna komi að notum.

Orsökin til 9. brt. við 13. gr. er sú, að nefndin vildi koma föstum nöfnum á þessar stofnanir eptir eðli hverrar tegundar fyrir sig.

12. brt. við 14. gr., er gjörð í samræmi við næstu gr. á eptir, þannig, að farskólar skuli, engu síður en aðrir skólar, vera háðir eptirliti yfirstjórnarinnar.

Í 17. gr. stendur í frv., að kennari skuli vera sjálfkjörinn í skólanefnd. Þetta er nokkuð óljóst. Meiningin er, að það skuli vera lýðskólakennari, ef hann er til í sveitinni, og er þetta skýrt tekið fram í brt., og enn fremur, að hreppsnefnd skuli kjósa 2 menn í skólanefnd, eða 3, ef enginn lýðskólakennari er búsettur í hreppnum. Það er rjett, að hreppsnefnd hafi sem mest að segja um það, hverjir sitja í skólanefnd, þar sem hún hefur fjárveitingarvaldið.

Í 19. brt. við 18. gr. er prentvilla: »barnakennari« í staðinn fyrir: »barnaskólakennari«.

Í 22. gr. frv. stendur, að skólanefnd skuli sjá um að börnin hafi nauðsynlegustu bækur og áhöld, en þar stendur ekkert um það, hvað sjeu nauðsynleg áhöld, eða hver eigi að ákveða það. Við hugsum okkur að yfirstjórn lýðskólanna gefi reglur um það, hvað megi vera lágmark í þessu. Annars mundi sumstaðar verða heimtað of mikið, en sumstaðar of lítið, og ekkert samræmi verða í neinu.

Í þessari gr. stendur enn fremur, að skólanefnd hafi til vörzlu fje það o. s. frv. Betra væri, að orða þetta þannig, að hún skuli ráðstafa fjenu, því að óheppilegt er, að hún geti heimtað fje og haft það í höndum, hvenær sem hún vill.

Hitt væri rjettara, að hún gjörði ekki annað, en að skrifa upp á reikninga, en að hreppsnefnd eða bæjarstjórn hafi fjeð í sínum vörzlum, og útborgi eða ávísi fje það, sem skólanefnd hefur samþ. að útborgast eigi.

Næsta brt. er að eins orðabr.

Seinasta brt., að lög þessi skuli öðlast gildi 1. júní 1908, er gjörð með

hliðsjón af því, að við bjuggumst við, að kosið verði í skólanefndir á vorhreppaskilaþinginu næsta, og helzt, að sú regla kæmist á, til þess að hafa tíma til undirbúnings undir næsta vetur.

Jeg man nú ekki eptir fleiru sem jeg vildi sagt hafa í þetta sinn. Má vera, að jeg komi að því seinna. Jeg vona, að jeg hafi tekið fram allt hið helzta, sem þörf er á.

Ráðherrann: Jeg ætla að eins að lýsa yfir því, að jeg er þakklátur hinni háttv. nefnd fyrir starf hennar, og get yfir höfuð fallizt á brtill. þær, er hún hefur stungið upp á.

Fleiri tóku ekki til máls, og var þá gengið til atkv. um brtill., og var

1. brt. við 1. gr. samþ, án atkv.gr.
2. — — - — — — —
3. — — - — — með 21 samhlj. atkv.

1. gr. þannig orðuð samþ. með 19 atkv.

4. brt. við 2. gr. 4. lið samþ. án atkv.gr.

2. gr. breytt samþ. með 20 atkv.

3. gr. samþ. með 20 atkv.

5. brt. við 4. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

6. brt. við 4. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

7. brt. við 4. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

4. gr. þannig orðuð samþ. með 19 samhlj. atkv.

5. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.
6. gr. — — 20 — —
7. gr. — — 20 — —
8. gr. — — 20 — —

8. brt. við 9. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

9. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

10. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.
11. gr. — — 20 - —
12. gr. — — 20 — —

9. brt. við 13. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

13. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

10. brt. við 14. gr. samþ. án atkv.gr.
11. — — — — — — —
12. — — — — — með 19 samhlj. atkv.

14. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

13. brt. við 15. gr. samþ. án atkv.gr.
14. — — — — — með 20 samhlj. atkv.

15. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

15. brt. við 16. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

16. brt. við 16. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

16. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

17. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

17. brt. við 18. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

18. brt. við 18. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

19. brt. við 18. gr. samþ. án atkv.gr.

18. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

19. gr. samþ. með 20 atkv.
20. gr. — — 20 —
21. gr. — — 20 —

20. brt. við 22. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

21. brt. við 22. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

22. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

23. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

22. brt. við 24. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

24. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

23. brt. við 25. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

25. gr. þannig orðuð samþ. með 20 samhlj. atkv.

26. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Málinu síðan vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Á 22. fundi Nd., mánudaginn 12. ágúst, kom frumv. (A 175) til 3. umr.

Framsögumuður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Þar sem engum mótmælum móti þessu frv. var hreyft við 2. umr. og engin brt. hefur komið fram við 3. umr., þá finn jeg enga ástæðu til þess að tala frekara um það nú. Jeg vænti þess að háttv. deild samþ. það í einu hlj. og það verði afgreitt í dag til Ed.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 33. fundi Ed., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A 202) til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Frv. þetta kemur nú hingað í deildina frá hv. Nd. í talsvert öðru formi, en frv. um sama efni var í, þegar það var afgreitt hjeðan á síðasta þingi.

Mál þetta er mjög þýðingarmikið og athugavert, og með tilliti til þess og líka hins, hvernig hjer var litið á málið síðast, tel jeg sjálfsagt, að nefnd sje skipuð í það, og vil jeg leggja til, að 5 manna nefnd sje skipuð að loknum umræðum.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Uppástunga um að kjósa 5 manna nefnd var samþ. í e. hlj. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Björn M. Ólsen,
Þórarinn Jónsson,
Jón Jakobsson,
Sigurður Jensson,
Sigurður Stefánsson.

Í nefndinni var Sigurður Stefánsson kosinn formaður og Björn M. Ólsen skrifari og framsm.

Á 40. fundi Ed., föstudaginn 30. ágúst kom frv. (A 202, 413, 414) til 2. umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Eins og hv. þingdm. muna, fór frv. það, er stjórnin lagði fyrir þingið 1905, fram á að lögleiða skólaskyldu um land allt, reglulega skólaskyldu í kaupstöðum, farskólaskyldu til sveita. Ed. gat ekki fallizt á þetta þá, og nú sitja í deildinni sömu menn að mestu; þótti ekki tímabært að lögleiða skólaskyldu, en vildi í staðinn að heimild væri gefin til að gjöra fræðslusamþykktir. Var stjórnarfrv. breytt í þá átt og sent þannig til Nd. Saga málsins, síðan það skildi við Ed. 1905, er að mörgu leyti mjög einkennileg.

Þegar málið kom til Nd., var sett í það 7 manna nefnd; leggur hún eindregið til, að samþ. sje frv., eins það kom frá Ed., með litlum breytingum. Helzti maður Nd. í kennslumálum, bezti kennslufræðingurinn þar, háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) berst sem frsm. nefndarinnar vel og drengilega fyrir frv. Ed. með þeirri röggsemi, sem honum er lagin, og ræður til, að það verði samþ. og afgreitt, sem lög frá þinginu.

Með leyfi forseta skal jeg lesa hjer upp lítinn kafla úr ræðu framsm. Nd., og er það byrjun ræðunnar:

»Ed. gjörði mikla og gagngjörða breytingu á þessu frumv., sjerstaklega að því, er snertir einn kafla frumv., kaflann um skólaskylduna, sem Ed. nam í burt, en setti í staðinn kafla um fræðslusamþykktir í hjeruðum. Nefnd sú, sem fjallað hefur um málið hjer í deildinni, getur fallizt á

þessa breytingu og álítur, að hún sje heldur til bóta eptir því, sem nú stendur á hjá oss«.

Yfir höfuð komu þá fram í Nd. engin, eða þá mjög veik, mótmæli gegn stefnu Ed., og alls ekki gegn fræðslusamþykkta-ákvæðinu, er menn almennt fjellust á. En allmargir þm. vildu fresta málinu til næsta þings, til þess að þjóðinni gæfist kostur á að segja álit sitt um trumv. Um það hvort fresta skyldi málinu, stóð rimman við 3. umr. i Nd., og þrátt fyrir það, að háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) og þm. Borgf. (Þ. B.) börðust eins og hetjur gegn frestuninni, þá kom það fyrir ekki, og endaði málið með rökstuddri dagskrá frá þm. N.-Þing (Á. J.), sem jeg skal leyfa mjer að lesa upp:

»Með tilliti til athugasemda þeirra, sem fram hafa komið undir umræðunum um frumv. til laga um fræðslu barna, sjerstaklega því viðvíkjandi, að gefa alþýðu kost á, að láta skoðanir sínar í ljósi um mál þetta, áður en það er gjört að lögum, og í því trausti. að stjórnin taki tillit til þeirra skoðana, og leggi síðan frv. fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskra«,

Á milli þinga reyndi stjórnin að fá sem greinilegast álit frá sveitarstjórnum og sýslunefndum, um málið, svo og frá hjeraðsfundum. Niðurstaðan af öllu þessu varð sú, að því er sjá má af útdrætti, gjörðum af einum af nefndarmönnum Nd. og endurskoðuðum af mjer, er jeg hef í höndum, að allar sýslunefndirnar, nema 1, eru fylgjandi frv. Ed. Kveða þær allar skýrt á um það, en þess skal getið, að ein segist »fremur« vera fylgjandi frumv. Ed. og virðist því hafa verið í nokkrum vafa, en að eins *ein* sýslunefnd er með frumv. stjórnarinnar. Hjeraðsfundir voru ekki allsstaðar haldnir; svar kom frá 13 hjeraðsfundum: 1 sagði ekkert um málið, 1 slær úr og í, 9 sögðu já við frumv. Ed.; 2 já við frv. stjórnarinnar.

Þrátt fyrir þessar undirtektir leggur stjórnin fyrir þingið nú nær sama frv. í öllum verulegum atriðum sem frv., það, er hún lagði fyrir þingið 1905. Jeg lái stjórninni þetta ekki, því að það er óefað sprottið af áhuga á málinu. áhuga á því, að hrinda fram menntun landsmanna. Stjóruinni hefur ekki þótt Ed. frv. nógu stórstígt í þessa átt. Í þetta sinn er frumv. fyrst lagt fyrir Nd. og er þar sett í málið nefnd. og verða í henni sömu menn og í hitt eð fyrra, nema 1, og hvað verður? Þessi sama nefnd snýst nú algjörlega á móti þessari stefnu, er hún hafði aðhyllzt áður, með þm. Skgf. (St. St.) í broddi fylkingar. Álit þeirra, nefndarálit Nd., má heita að ekki sje annað en órökstuddir sleggjudómar um frumv. Ed., og munu dæmi til slíks snarsnúnings, sem nefndin hefur gjört sig seka í, varla finnast í þingsögu þessa lands.

Jeg býst ekki við því, að þessari deild hafi snúizt eins hugur og nefnd Nd., sjerstaklega ekki að því er snertir fræðslu til sveita.

Nefndin hjer í Ed hefir samið álit um málið, fremur stutt, en þar er þó tekið fram það, sem var og er aðalmótbára okkar gegn frumv. stjórnarinnar og því frumv., er Nd. hefur samþ., en það er ákvæði 4. gr. um farskólaskyldu, sem við álítum stórhættulega fyrir fræðslu alþýðu. Það er sannfæring okkar, að farskólaskylda til sveita sje einkar óheppileg, hafi mjög óheppileg áhrif á heimilisfræðsluna og verði, ef hún er lögleidd, að líkindum til að fyrirkoma henni að miklu eða öllu leyti. Við höfum sýnt rækilegar ástæður fyrir máli okkar og vonum, að mönnum sjeu þær í fersku

minni. Skal eg því ekki fjölyrða um málið almennt, en snúa mjer sjerstaklega að afstöðu nefndarinnar nú.

Til samkomulags við Nd. viljum við teygja okkur svo langt, að við leggjum til, að skólaskylda sé lögleidd í þeim hlutum landsins, þar sem vísa má börnunum á fastan skóla, er standi ekki skemur en 6 mánuði af árinu. Okkur duldist það ekki, að þessi skólaskylda, jafnvel þó að hún nái ekki lengra, mundi verða þung byrði fyrir sveitarsjóðina, og að jafnvel þeir skólar, sem eru stærstir og beztir, t. d. skólinn hjer í Reykjavík, mundu reynast of litlir, ef þeir ættu að rúma alla nemendur á skólaaldri, og þyrftu því að auka húsakynni sín að miklum mun. En við álitum þetta gjörlegt, og alls ekki ókleift í kaupstöðum og þjettbýlum, að auka húsrúm skólanna. Þess vegna höfum við gengið þetta á móti Nd., að við viljum lögleiða skólaskyldu í þeim hjeruðum, þar sem svona hagar til, auðvitað með þeim undanþágum, sem stjórnarfrumv. líka heimilar.

Í sambandi við þetta hefur nefndin bætt inn nýjum kafla, á eftir I. k., sem verður II. k. um hjeraðaskipting sem undirstöðu barnafræðslunnar. Við viljum skipta landinu öllu á tvo vegu: Í 1) *skólahjeruð* og 2) *fræðsluhjeruð*; skólahjeruð, þar sem fastur skóli er fyrir öll börn á skólaaldri, um nægilega langan tíma, en fræðsluhjeruð á þeim stöðum, þar sem að eins er farskóli eða ef til vill enginn skóli. Við ætlumst til, að hver kaupstaður sje að sjálfsögðu skólahjerað fyrir sig, og við efumst ekki um, að þau kauptún, sem eru eða verða sjerstök hreppsfjelög (samkv. 4. gr. sveitarstj.laganna), geti án mikils kostnaðar komið á skóla fyrir börn þau, sem þar eru á skólaaldri; meiri vandi er viðvíkjandi hinum smærri hjeruðum og þorpum, sem eru partur af hreppsfjelagi. Höfum við komið okkur niður á, þegar svo er ástatt, að fara því fram, að stjórnarráðið geti veitt þorpi eða hverfi heimild til að stofna skólahjerað fyrir sig, þó með því skilyrði, að þeim parti, sem er utan skólahjeraðsins (en í fræðsluhjeraði), sje heimilt að nota skólann gegn því að taka tiltölulega þátt í kostnaðinum.

Ef einhver hreppur setur á stofn hjá sjer heimavistar- eða heimangönguskóla, sem veitir öllum börnum á skólaaldri fræðslu í 6 mánuði á ári, þá telst hann auðvitað líka undir skólahjeruð; annars undir fræðsluhjeruð. Í hverju skólahjeraði er svo skólanefnd og í hverju fræðsluhjeraði fræðslunefnd. Þetta er stutt yfirlit yfir kafla þennan um hjeraðaskiptingu, sem undirstöðu barnafræðslu. Skal jeg þá snúa mjer að einstökum atriðum frv. Skal jeg þá fyrst geta þess, að á I. kafla frv. hefur nefndin aðeins gjört óverulega breyting við 1. gr. um að á eftir orðinu: »skólanefnd« bætist inn í: eða »fræðslunefnd«. Og er það bein afleiðing af breytingum þeim, sem felast í hinum nýja kafla. Þá er 2. brt. um, að bætt sje inn í þessum nýja kafla, sem jeg talaði um.

II. kafli stjórnarfrv., sem hjá okkur verður 3. kafli, hefur aptur á móti orðið fyrir verulegum breytingum, þar sem nefndin fer fram á, að felldar verði burt 4. og 5. gr. frv., en þær eru um að lögleiða skólaskyldu til sveita, þannig að skylda sje að senda börn á skólaaldri í farskóla 2 mánaða tíma. Við 6. gr. eru aptur óverulegar breytingar og leiða allar af stefnu þeirri, sem nefndin hefur tekið í þessu máli. Inn í þessa gr. höfum við bætt ákvæð-

inu um samning reglugjörðar fyrir heimavistarskóla og í sambandi við það stendur, að við leggjum til, að 7. gr. verði felld burtu, sem þá verður óþörf. Þá kemur brt. um að setja inn nýjan kafla um fyrirkomulag fræðslunnar í fræðsluhjeruðum. Er þar farið fram á, að fræðsluhjeruðum sje heimilt að búa til fræðslusamþykktir. Er sá kafli í flestu eins og tilsvarandi kafli í frumv. því, sem samþ. var hjer í deild á síðasta þingi, en sá er munurinn, að þá náði heimild þessi yfir allt landið, einnig yfir þá hluta þess, sem nú eru kölluð skólahjeruð, en nú nær hún að eins til fræðsluhjeraðanna. Með þessari takmörkun höfum vjer getað haldið kaflanum nokkurn veginn óbreyttum, en jafnframt höfum við reynt að bæta kaflann með því, að laga það, sem frumv. var helzt fundið til foráttu, að svo miklu leyti, sem við álítum það hafa við nokkur rök að styðjast. Meðal annars var fundið að því, að eptir frumv. voru gæti orðið erfitt, að koma fræðslusamþykktum á í hjeruðunum, þar sem lítill hluti manna í hverju fræðsluhjeraði gæti hindrað það, að fræðslusamþykktirnar yrðu samþ. á löglegan hátt.

Eptir eldra frumv. var fundur því að eins lögmætur, ef á honum mættu $^2/_3$ hlutar allra atkvæðisbærra manna, en nú er gjörð sú breyting af okkur, að ei þurfi nema helming allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþ. skal ná til. Í frumv. okkar frá síðasta þingi voru einnig heimtaðir $^2/_3$ hlutar atkv. þeirra, er á fundi væru til þess að frumv. til fræðslusamþykktar yrði samþ. Þessu höfum við einnig breytt, og þarf nú samkvæmt 11. gr. að eins einfaldan meiri hluta til löglegrar samþ., ef brey.till. okkar ná fram að ganga. Í breyt.till. okkar í þessum kafla um fræðslusamþykktir, er í 13. gr. talað um, hvað ákveða megi í fræðslusamþykktum. Höfum við þar haldið því ákvæði, að í þeim megi ákveða um sunnudagaskólahald, þó það hafi mætt allmikilli mótspyrnu. En nefndin var sannfærð um, að það gæti alls ekki gjört skaða, heldur væri einmitt þvert á móti öflugt ráð til að styðja heimafræðsluna upp til sveita, og vildi því ekki fella það burt. En aptur á móti er það orð fellt úr síðar, þar sem talað er um skilyrði fyrir styrkveitingu, og sáum við enga ástæðu til að taka það upp nú, af því að sunnudagaskólahald yrði mjög ódýrt fræðslufyrirkomulag, og álítum við, að það ætti fyrst að sýna sig í samtökum einstakra manna í sveitunum án styrks úr landssjóði.

Við III. kafla stjórnarfrumv., um próf, sem eptir breyt.till. nefndarinnar verður V. kafli, höfum við gjört að eins óverulegar breytingar, og leiða þær allflestar af skiptingunni í skólahjeruð og fræðsluhjeruð. Að því er jeg bezt man í svipinn, þá er að eins ein breyt., sem getur talizt efnisbreyting. Það er 17. breyt.till. nefnd. við 9. gr. stjórnarfrumv., að í stað orðsins: »prófdómanda«, komi: »kennara eða þeim, sem prófið heldur«. Í frumv. stendur nefnilega, að »börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi, geti fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirrituð af prófdómanda«. Við töldum óheppilegt, að láta prófdómanda undirskrifa þessi vottorð, þar sem hann þekkir börnin mjög lítið, og að eins af lausri viðkynningu við prófið, sem börn opt njóta sín illa við. Fannst okkur því betur eiga við, að annaðhvort kennarinn eða sá, sem prófið heldur, gefi þessi vottorð, þar sem þeir þekkja börnin betur og geta því heldur gefið þeim rjett vottorð.

Við IV. kafla frumv., sem verður VI.

kafli, um skilyrði fyrir styrkveitingu, hefur nefndin gjört óverulegar breytingar, annaðhvort til að skýra og bæta málið, eða þær leiða af breytingum þeim og skiptingu, sem á undan eru komnar. Höfum við bætt þar inn í skilyrðum fyrir landssjóðsstyrk til eptirlits með heimafræðslu. Tókum við það upp eptir frumv. voru frá síðasta þingi, af því að við erum enn á þeirri skoðun, að slíkt eptirlit geti gjört ómetanlegt gagn, ef góður kennari fæst til að leiðbeina mönnum um heimafræðslu, t. d. hvernig kennendur skyldu haga fræðslunni, hvaða bækur börnin ættu að nota, prófa börnin og líta eptir framförum þeirra o. s. frv. Álítum við þetta bezta meðal til þess að styrkja heimafræðsluna. Settum við því inn skilyrði fyrir slíkri styrkveitingu.

Breyt.till. við V. kafla stjórnarfrumv. eru líka flestar óverulegar og leiða af því, að í skólahjeruðum eiga að vera skólanefndir, en í fræðsluhjeruðum fræðslunefndir. Þó er þar ein veruleg efnisbreyting í 24. breyt.till. við 18. gr. stjórnarfrumv. Við hjeldum nefnilega, að skólanefndir og fræðslunefndir yrðu betur skipaðar, ef þær væru kosnar af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, heldur en ef nokkur hluti þeirra væri kosinn af bæjarbúum eða hreppsbúum. Einnig álítum við óþarft, að hafa varaformann í nefndum þessum. Hjeldum við, að það mundi ekki ganga svo stranglega til, að formaður gæti ekki, ef hann forfallaðist, falið öðrum nefndarmanni að vera formaður í sinn stað.

Jeg skal annars taka það fram, sem hefði átt að koma fyr í framsögunni, að inngangurinn til kafla þess um skilyrði fyrir styrkveitingu, er jeg áðan talaði um, er eptir stjórnarfrumv. þannig: »Styrkur af landssjóði veitist farskólum, heimangönguskólum og heimavistarskólum utan kaupstaða, o. s. frv.«. Fannst okkur það tvírætt, hvort »utan kaupstaða« ætti að eins við síðasta lið, eða alla liðina. Höfum við því orðað hann dálítið öðruvísi en meiningin er alveg sú sama.

Við VI. kafla stjórnarfrumv. höfum við gjört mjög óverulegar breytingar. Við setjum allstaðar yfirstjórn fræðslumála, í stað: »yfirstjórn lýðskólanna«. Fannst okkur »lýðskólanna« ekki mega standa, því að eptir því fyrirkomulagi, sem við mælum með, er ekki víst, að lýðháskólar sjeu allstaðar til sveita, en tilætlunin er þó, að yfirstjórnin hafi einnig yfirumsjón með fræðslumálum sveitanna. Vjer urðum því að velja yfirgripsmeira orð og víðtækara. Þó er 44. brtill. við 24. gr. stjórnarfrumv. efnisbreyting. Í stjórnarfrumv. stendur um umsjónarmanninn: »undirbýr ráðstafanir þær, og reglugjörðir, er stjórnarráðið setur fyrir lýðskólana og aðrar þær stofnanir, er að lýðmenntun lúta«; þar höfum við sett í stað orðanna: »fyrir lýðskólana — að lýðmentun lúta«: »um fræðslumál«. Höfum við gjört það til þess að útiloka ekki, að þessi maður, sem búast má við að verði einhver helzti uppeldisfræðingur landsins, sje skyldur til að veita stjórninni allar þær upplýsingar, er hann má í tje láta, einnig um hinar æðri menntastofnanir landsins. Álítum við að þó þetta frumv. gjöri ekki ráð fyrir, að hann sjái um annað en fræðslu barna, þá gjörir það ekki til, þó valið sje orð, sem ekki útilokar, að megi skylda hann til að láta álit sitt í ljósi einnig um hinar æðri menntastofnanir. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en óska og vona að brtill. nefndarinnar nái fram að ganga. Jeg er viss um, að þær eru til talsverðra bóta. Við höfum reynt, að koma til móts við

systurdeild okkar, og þótzt ganga eins langt í því, eins og við höfum getað. Auðvitað getur það verið af því nefndin hafði svo nauman tíma, að ýmsir gallar sjeu á frumv. frá hennar hálfu, og tekur hún þakklátlega öllum leiðbeiningum í þá átt. Jeg skal leyfa mjer, að geta þess, að misprentazt hefur í nefndarálitinu á bls. 7 í næst neðstu línu »hreppsnefnd«; á að vera: »skólanefnd«. Jeg leiðrjetti þetta þegar jeg las yfir 2. próförk af nefndarálitinu, en prentsmiðjan hefur ekki tekið þá leiðrjetting til greina. Vona jeg, að þetta megi leiðrjetta án þess að koma með brtill. þar að lútandi. Annars hef jeg ekki tekið eptir prentvillum, en þær geta vel verið fyrir það.

Steingrímur Jónsson: Jeg veit ekki, hvort svo er fyrir öðrum þingmönnum, að þeir sjeu í vanda staddir, þegar til atkvæða kemur um þetta mál, en það er vandi fyrir mig, því mjer finnst jeg ekki vera búinn að átta mig eins vel og skylda er, til þess að geta greitt atkvæði um það. Sjerstaklega hef jeg enn ekki vel áttað mig á deiluefni því, sem virðist vera milli deildanna. Er jeg því í vanda staddur, hvernig jeg á þar að haga atkvæði mínu; því að jeg vildi haga því þannig, að jeg greiddi fyrir framgangi frumvarpsins, en tefði það eigi. Þetta finnst mjer meira vert, heldur en hvort frumv. er samþykkt í því formi, sem það kemur í frá nefndinni, eða því, sem það kom í frá neðri deild. Því að jeg sje ekki betur, en að nú orðið sje það mjög óverulegt, sem deildirnar greinir á um, en það getur verið, að mjer hafi sjezt yfir í því efni. Jeg get ekki fundið annað en þetta: Samkvæmt frumv. frá neðri deild þá er þess krafizt, að hrepparnir skuli skyldir, að veita börnum á skóla-aldri kennslu í 2 mánuði af árinu á farskóla. Með öðrum orðum: það er 2 mánaða skólaskylda einnig, þar sem ekki eru komnir upp fastir skólar, þó með einstöku undantekningum. Þetta vill nú nefndin hjer í deildinni fella burt, og láta það vera komið undir fræðslusamþykktum í sveitunum, hvernig að farið sje með það mál. Þetta finnst mjer ekki stórvægilegur munur. Vil jeg því leyfa mjer, að skjóta því til hinnar háttv. nefndar, hvort hún vilji ekki, áður en frv. verður afgreitt út úr deildinni, reyna samkomulag við nefndina í neðri deild á þann hátt, að vissa sje fyrir því, að frumv. nái fram að ganga í neðri deild eins og það kemur úr þessari deild. Það var að eins þessi athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra. Annars mun jeg að líkindum við þessa umræðu sitja fyrir all-mörgum af breyt.till. nefndarinnar. Ekki af því, að jeg vilji fella þær, heldur af því, að jeg vil bíða með að greiða atkvæði um þær, þangað til þær samningstilraunir eru gjörðar, sem jeg talaði um.

Álít jeg því heppilegast, ef nefndin vildi stinga upp á, að málið væri nú tekið út af dagskrá, og mun jeg styðja það, en álít samt ekki, að mjer beri að gjöra það að minni tillögu.

Framsögumaður Björn M. Ólsen: Háttv. 6. kgk. þingm. (Stgr. J.) fannst ágreiningurinn í þessu máli milli deildanna vera óverulegur; í því get jeg ómögulega verið honum sammála.

Það er mín hjartans sannfæring, að verði frumv. það, sem hjer liggur fyrir, samþykkt, þá verður það til þess, að drepa þann neista, sem enn þá er eptir af heimafræðslu í landinu; um það er ágreiningurinn, að jeg vil ekki, að löggjafarvaldið setji þau lög, er verða þess valdandi.

Hvað það snertir, er háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) minntist á, að leita beri samkomulags við nefndina, sem var skipuð í þetta mál í Nd., þá skal jeg ekki segja, hvernig sú háttv. nefnd mundi taka í þá málamiðlun, en fús er jeg, að ræða málið við hana, og má vera, að það hefði einhvern árangur. En að taka málið nú út af dagskrá, álít jeg ekki vera til annars, en að draga tímann og tefja fyrir málinu, og jafnvel aptra samkomulagi. Áður en 3. umr. fer hjer fram, getum við talað við háttv. nefnd neðri deildar, en samkomulag verður ekki frá okkar hálfu á þeim grundvelli. að neðri deild fái sitt frumvarp samþykkt óbreytt. Við höfum teygt okkur langt til samkomulags, og höfum við rjett til, að vonast til þess, að háttv. neðri deild rjetti okkur hönd, og komi líka dálítið á móti okkur.

Þetta er ekki persónulegt mál fyrir mig, það er sannfæringarmál, og jeg get með engu móti játað það, að ágreiningurinn milli deildanna sje óverulegur.

Ráðherrann: Mjer lízt vel á tillögu háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) um það, að málinn sje frestað í þetta sinn, og samkomulags leitað milli nefndanna í báðum deildum; áður en greidd verða atkvæði um hinar mörgu og sumpart yfirgripsmiklu breyt.till. hinnar háttv. nefndar. Það væri illa farið, ef svo þörf rjettarbót sem þetta frumv. er, fjelli um koll og yrði að engu enn á þessu þingi vegna lítilsháttar ágreinings milli deildanna, sem ætti að geta jafnazt með lempni á báðar hliðar. Því jeg held, að það sje alveg rjett athugað, að aðal-ágreiningurinn, sem ýmsar af breyt.till. hyggjast á, sje í raun og veru ekki svo mikill, eins og úr er gjört, eptir þeim tillögum að dæma, sem nú koma frá hinni háttv. nefnd hjer. Háttv. framsögum. (B. M. Ól.) tók raunar svo djúpt í árinni, að ef frv. eins og það kemur frá Nd. yrði samþykkt, þá yrði það til þess, að drepa þann neista, sem eptir er af heimafræðslu í landinu, og var auðheyrt, að hann átti hjer aðallega við farskólaskylduna til sveita. En nú vill háttv. framsm. (B. M. Ó.) ganga inn á það, að veita sveitunum — einföldum meiri hluta í hverju fræðsluhjeraði — vald til þess, að lögbjóða með fræðslusamþykktum einmitt sömu ákvæðin um þetta, sem eru í frumv. háttv. Nd. Væri ákvæðið álitið hættulegt, þá ætti auðvitað, að banna það, eða ekki heimila löghelgan þess með samþykkt. En sje það heimilað, að innleiða farkennsluskyldu með samþykktum, þá ber löggjafarvaldið ábyrgðina á því, að »drepa þannig heimafræðsluneistann«, hvort sem það er gjört beint með lögunum, eða með samþykktum, gjörðum á grundvelli laganna. Hjer virðisl því vera orðið meira um form-atriði að ræða, en verulegan efnis-ágreining; fremur um aðferðir, heldur en um grundvallarskoðanir. En fyrir þá, sem að sannfærðir eru um, að ákvæði frumv. eins og þau eru mundu verða til mikilla bóta og alls ekki hættuleg fyrir heimafræðsluna, getur það þó skipt talsverðu máli, hvor aðferðin er valin.

Með því að lögleiða almenna skyldu fæst trygging fyrir bráðri bót og sams konar fyrirkomulagi um land allt; en eigi þetta að vera undir samþykktum komið, þá er jeg hræddur um, að frestun gæti orðið á framkvæmdum í því efni, að eptirlitið yrði víða ekki eins gott eins og nauðsynlegt er. Ef lögin yrðu samþykkt með þeim breytingum, sem hin háttv. nefnd hjer leggur til, þá mundu þau verða að meira eða minna leyti pappirsgagn,

er það væri þar komið undir áhuga manna og viti á fræðslumálum í hverju hjeraði fyrir sig, hvort að þeim yrði not. Ástand alþýðufræðslunnar yrði mjög höttótt og mismunandi í hinum ýmsu hjeruðum eptir því, hvort samþykktir kæmust á eða ekki, og unglingar mundu þar af leiðandi eiga mjög mismunandi aðstöðu að fagna í því að öðlast nauðsynlegustu undirstöðufræðslu. Þeir yrðu út undan, sem eldust upp í þeim hreppum, þar sem áhugi væri lítill á menntamálum, eða þar sem augnabliks-sparnaðarhyggindin ríkja, og horft er í hvern eyrinn, sem til fræðslumálanna fer.

Jeg fæ ekki skilið, að það sje neitt ófrelsi, sem orð sje á gjörandi, þótt þeir, sem ekki geta veitt börnum sínum lögboðna fræðslu, sjeu skyldaðir tit að þola, að þeim sje kennt ókeypis á almannakostnað dálítinn tíma af árinu; og hvað það snertir, að það hnekki þeirri heimafræðslu, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) vill gjöra svo mikið úr, þá hygg jeg, að kennsla hjá góðum farkennara 2 mánuði á vetri mundi miklu fremur verða til þess, að efla og glæða þá fræðslu, sem barnið gæti fengið heima fyrir aðra tíma vetrarins, og það er líka meiningin með þessum ákvæðum í frumv. stjórnarinnar eða rjettara sagt frumv. Nd., því að Nd. hefur breytt stjórnarfrumv., þótt það í höfuðatriðunum sje hið sama.

Þar sem nú háttv. nefnd hjer í deildinni hefur gengið svo langt til samkomulags, sem hún gjörir, með því að fallast á, að skólaskylda komist á í kaupstöðum, þorpum og þjettbýlum, þá finnst mjer ekki geta verið ástæða fyrir hana til annars, en stíga sporið til fulls, og að minnsta kosti fyrirskipa farkennsluskyldu þar, sem samþykktir í þá átt ekki eru komnar á innan viss tíma. Það brýtur ekki bág við »princip« hennar, þar sem hún vill samþykkja, að fræðslunefndum sje heimilað, að lögleiða þessa fræðsluskyldu, hvar sem einfaldur meiri hluti fæst fyrir því. Jeg vona því, að hin háttv. deild komist inn á þá samkomulagsbraut, að þetta mikilsverða mál verði nú til lykta leitt á heppilegan hátt.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Hæstv. ráðh. fór nokkuð hörðum orðum um okkur nefndarmenn, er hann sagði, að við vildum drepa heima fræðsluna til sveita. (*Ráðherrann:* Það sagði jeg aldrei). Þetta er svo fjarri því að vera rjett, að við viljum ekki hagga við henni með lögum frá okkur sjálfum, en viljum að eins gefa heimildir til þess að fræðslusamþykktir verði settar.

Jeg hef gleymt einu mikilsverðu atriði, þar sem við nefndarmenn höfum gengið mikið til samkomulags við hv. Nd.; við látum sem sje standa í þessu frumv. að kennslan sje veitt ókeypis. Eptir frumv. Ed. frá 1905 var heimilt að taka kennslugjald, en í þessu efni höfum við nú stigið stórt spor til samkomulags.

Ekki get jeg mælt með því, að málið sje tekið út af dagskrá og er jeg hræddur um, að það mundi ekki gjöra annað en tefja fyrir málinu. Jeg sje að tveir af h. nefndarmönnum úr Nd. eru hjer inni í deildinni, og ef þeir vilja koma á fund með okkur áður en mál þetta er leitt til lykta, þá erum við fúsir til þess. Enginn mundi verða glaðari en jeg, ef samkomulag kæmist á í máli þessu; auðvitað er hægt að fresta málinu og taka það út af dagskrá og er bezt, að háttv. forseti skeri úr, hvað gjöra skuli í því efni.

Forseti (Július Havsteen): Jeg sje ekki

ástæðu til þess að taka mál þetta út af dagskrá; þess hefur heldur ekki verið krafizt. 3. umr. málsins er líka til þess, að þá megi koma með breytingartill.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að lýsa því yfir, að það er sannfæring mín, að bezt væri fyrir málið, að það yrði tekið út af dagskrá, og nefndir beggja deildanna reyndu að koma sjer saman um ágreiningsatriðin, í stað þess að hrekja málið milli deildanna. Það er orðið svo lítið, sem nefndirnar í Ed. og Nd. greinir orðið á um. Aðallega er það viðvíkjandi farkennslu til sveita, þar sem öðruvísi fræðslu ekki verður við komið. Að mínu áliti er það mikill misskilningur, að farkennslan gæti orðið til þess að eyðileggja allan vísi til heimafræðslu; jeg álít, að reynslan mundi sýna hjer alveg það gagnstæða, að farkennslan yrði hin bezta stoð og stytta fyrir heimafræðsluna. Ef nefndirnar nú rannsökuðu þetta atriði og töluðu um málið með stillingu, þá hygg jeg, að þær mundu komast að þeirri niðurstöðu og þannig komast samkomulag á.

Forseti Júlíus Havsteen: Það kom fyrir á síðasta þingi, að beðið var um að taka mál út af dagskrá við 2. umr. og var það gjört, en af því stafaði hinn mesti ruglingur með br.t. og atkvæði eptir á. Jeg vil ekki taka þetta mál út af dagskrá, og beinar áskoranir um það hef jeg enn ekki fengið.

Ráðherrann: Hjer eru svo margar breyt.till. um að ræða, sem allflestar koma af einu aðalatriði, eða því fyrirkomulagi, sem háttv. nefnd vill hafa á lögleiðslu farkennsluskyldunnar, að það yrði mjög mikil fyrirhöfn að steypa því aptur um við 3. umr., ef þær nú yrðu samþykktar og eitthvert nýtt samkomulag fengist milli nefndanna til þess tíma. Álít jeg því frestun málsins heppilega, því að ef samkomulag milli nefndanna fengist, mundu líklega margar af br.till. hverfa eða breytast.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg held ekki sje vert að gjöra ráð fyrir því, að það »princip«, sem nefndin hefur fylgt, muni breytast, þótt samkomulags verði leitað við Nd. Jeg hygg, að við nefndarmenn munum ekki víkja frá því »principi«, svo að eigi að byggja samkomulagið á þeim grundvelli, að við breytum stefnu okkar, þá álít jeg, að ekki sje til neins að leita samkomulags.

Sigurður Stefánsson, (þm. Ísafj.k.): Jeg álít viðsjárvert, að taka málið út af dagskrá. Þetta er mönnum mikið áhugamál á báðar hliðar, og held jeg eins og háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.), að samkomulags tilraun mundi ekki leiða til þess árangurs, sem æskilegt væri. Fái málið aptur á móti skjóta og liðlega afgreiðslu hjer í deildinni nú, og fari svo, að Nd. breyti því, er það kemur aptur til hennar, þá ætti samt að vera tími til, að það kæmist aptur hjer upp í deildina, og mundi þá þessi deild hugsa sig tvisvar um, áður en hún breytti því. En tíminn styttist óðum, svo að ekki dugar að tefja málið.

Ráðherrann: Jeg held, að það sje of sterkt að orði komizt, að um »princip«-mun sje að ræða í þessu máli á milli deildanna, því að hjer er að eins skoðanamunur um aðferðina, eins og jeg þegar hefi tekið fram. Allir eru sammála um að reyna, að koma alþýðufræðslunni í sem bezt horf, en ágreiningurinn er aðallega um, hvaða leið eigi að fara í einu fyrirkomulagsatriði, svo jeg segi það enn.

Steingrímur Jónsson, (6. kgk. þm.): Háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) tók fram, að nefnd sú, sem hann hefur framsögu fyrir, og sem virðist fylgjast öll að

málum, vildi ekki víkja frá þeim »principum«, sem hún hefur fylgt í nefndarálitinu. Jeg skil satt að segja ekki í, að ekki sje hægt að liðka þetta dálítið til, því að munurinn í þessu máli finnst mjer ekki vera svo mikill; það getur líka skeð, að nefndin í Nd. sje samkomulagsfúsari. Jeg álít, að þetta þýðingarmikla mál eigi ekki að stranda á lítilfjörlegum ágreiningi á milli deildanna, og ef að eins annað af þessum frumv. lægi fyrir, þá mundi jeg greiða atkvæði með því, svo að það gæti orðið að lögum.

Jeg þykist vera drengur góður, og vinfastur, og vona, að það reynist líka svo í þessu máli; jeg ætla bara að bíða og sjá, hverjir sterkari verða, því að með þeim ætla jeg að greiða atkvæði.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (414) við 1. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

1. gr. sþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með öllum atkv.

3. gr. — — — —

2. breyt.till. (414) að á eptir I. kafla bætist inn nýr kafli, 4. og 5. gr.

4. gr. sþ. með 7 samhlj. atkv.

5. gr. — — 8 — —

5. breyt.till. (414) við 4. gr. sþ. með 7 samhlj. atkv.

6. breyt.till. (414) við 5. gr. sþ. með 7 samhlj. atkv.

7. breyt.till. (414) við 6. gr. sþ. með 7 samhlj. atkv.

8. breyt.till. (414) við 6. gr. sþ. með 7 samhlj. atkv.

9. breyt.till. (414) við 6. gr. sþ. með 8 samhlj. atkv.

10. breyt.till. (414) við 6. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

6. gr. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

11. breyt.till. (414) við 7. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

12. breyt.till. (414) við 8. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

13. breyt.till. (414) að inn komi nýr IV. kafli, á eptir 8. gr. frumv. (7. gr.), sem verða 8.—14. gr.

8. gr. sþ. með 8 shlj. atkv.

9. — — — 8 — —

10. — — — 8 — —

11. — — — 8 — —

12. — — — 8 — —

13. — — — 8 — —

14. — — — 8 — —

15. breyt.till. (414) við 9. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

16. breyt.till. (414) við 9. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

17. breyt.till. (414) við 9. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

18. a. breyt.till. (414) við 9. gr. sþ. með 8 samhlj. atkv.

18. b. breyt.till. (414) við 9. gr. sþ með 8 samhlj. atkv.

9. gr. (15. gr.) breytt samþ. með 8 smhlj. atkv.

19. breyt.till. (414) við 10. gr. sþ. með 8 samhlj. atkv.

10. gr. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

20. breyt.till. (414) við 11. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

11. gr. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

21. breyt.till. (414) við 12. gr. (18. gr.) sþ. án atkvgr.

22. breyt.till. (414) við 12. gr. samþ. án atkvgr.

12. gr. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

23. breyt.till. (414) samþ. án atkvgr.

24. breyt.till. (414) við 13. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

25. breyt.till. (414) ný gr. (20. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

26. breyt.till. (414) við 14 gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

27. breyt.till. (414) við 14. gr. samþ. án atkv.gr.

14. gr. (21. gr.) breytt sþ. með 8 shlj. atkv.

28. breyt.till. (414) við 15. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

29. breyt.till. (414) við 15. gr. samþ. án atkv.gr.

15. gr. (22. gr.) breytt sþ. með 8 shlj. atkv.

30. a breyt.till. (414) við 16. gr. sþ. án atkvgr.

30. b breyt.till. (414) við 16. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

16. gr. (23. gr.) breytt sþ. með 8 shlj. atkv.

31. breyt.till. (414) við 17. gr. samþ. án atkvgr.

17. gr. (24. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

34. breyt.till. við 18. gr., samþ. með 8 samhlj. atkv.

35. breyt.till. við 19. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

19. gr. (26. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

36. breyt.till. við 20. gr., samþ. með 8 samhlj. atkv.

20. gr. (27. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

37. breyt.till. við 21. gr., samþ. með 8 samhlj. atkv.

21. gr. (28. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

38. breyt.till. við 22. gr., (29. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

39. breyt.till. ný gr. (30. gr.) samþ. 8 samhlj. atkv.

40. breyt.till. við 23. gr., samþ. án atkvgr.

23. gr. (31. gr.), samþ. með 8 samhlj. atkv.

41. breyt.till. samþ. án atkv.

43. breyt.till. við 24. gr., samþ. með 8 samhlj. atkv.

44. breyt.till. við 24. gr., samþ. með 8 samhl. atkv.

24. gr. breytt (32. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

42. breyt.till. við fyrirsögn kaflans, samþ. án atkv.gr.

45. breyt.till. samþ. án atkv.gr.

46. breyt.till. við 25. gr. og 26. gr. samþ. með 8 samhlj, atkv.

25. gr. (33. gr.) og 26. gr. (34. gr.) hvor um sig sþ. með 8 samhlj. atkv.

Fyrirsagnir kaflanna, sþ. án atkv.gr.

Tyrirsögn frumv., samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 3. septbr., kom frumv. (A 481) til 3. umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk, þm.): Jeg sje ekki ástæðu til, að fjölyrða um þetta mál af því, að engar breyt.till. hafa komið við það, en skal að eins leyfa mjer að geta þess, að nefndin fór eptir bendingu háttv. 6, kgk. þm. (Stgr. J.) við 2. umr., um að leita samkomulags við nefndina í Nd. En svo stóð á, að bæði formaður nefndarinnar þar og fleiri nefndarmenn voru svo hlaðnir öðrum störfum, að ekki varð tími til til þess milli 2. og 3. umr. fyrir nefndirnar að bera sig saman. En þar með er alls eigi loku skotið fyrir, að samkomulag fáist, eptir því sem mjer heyrðist á háttv. nefndarmönnum Nd. Og verður þess þá leitað, þegar frv. kemur aptur til umræðu í Nd. Jeg

skal því að lokum að eins leyfa mjer að óska þess, að háttv. deild samþ. frv. í því formi, sem það hjer liggur fyrir.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Eins og jeg tók fram við 2. umr., þá held jeg, að frumv. þetta, eins og það nú liggur fyrir, sje í raun og veru aðgengilegt. Og þó jeg fyrir mitt leyti aðhyllist fullt eins vel frumv. Nd., þá er munurinn svo lítill, að jeg mun greiða atkv. með því í þeirri von, að samkomulag náist um ágreiningsatriðin. Jeg álít stórmikla bót í frv., og tel að það eigi skilið, að verða að lögum.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 9 samhlj. atkv., og afgreitt aptur til forseta Nd.

Á 46. fundi Nd., þriðjudaginn 10. september, kom frumv. (A 527, 595, 597) til einnar umr.

Forseti fekk leyfi deildarinnar og og ráðherra til þeirra afbrigða frá þingsköpunum, að þetta frumv. mætti koma til umræðu og atkvæðagreiðslu, þótt ekki væru liðnar 2 nætur frá því er það barst deildinni.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Sem betur fer, er ó-þarfi að fjölyrða um þetta mál, enda er jeg ekki fær um að halda langa ræðu fyrir sakir lasleika.

Eins og deildinni er kunnugt af frumv. því, er hjer liggur fyrir, hefur Ed. gjört á því miklar breytingar og fært það aptur í svipað horf og það frumv., er hún samþykkti á síðasta þingi. Þó hefur hún í mjög merkum atriðum gengið inn á stefnu Nd. og þannig sveigt til samkomulags, t. d. um ókeypis kennslu í öllum barnaskólum og um það, að skólaskylda skuli innleidd í öllum *skólahjeruðum*, þ. e. í kaupstöðum og hverju því kauptúni eða þorpi, sem er sveitarfjelag út af fyrir sig, enn fremur í þeim hreppum, er hafa fastan skóla í 6 mánuði af árinu, hvort heldur það er heimangönguskóli eða heimavistarskóli. Þetta eru veruleg atriði, og að því leyti hljótum vjer að játa, að frv. er betra en á síðasta þingi. Enn fremur geta partar af sveitarfjelögum fengið leyfi til að vera skólahjerað út af fyrir sig, ef þar er komið upp jafngóðum skóla og með jafnmörgum námsgreinum og jafnlöngum námstíma, og gjört er ráð fyrir í öðrum skólahjeruðum. En allar aðrar sveitir, þorp eða kauptún, sem eigi komast inn undir þessi ákvæði, vill Ed. kalla *fræðsluhjerað*. Þetta er verulegasta breytingin, er Ed. hefur gjört á frumv. því að í þessum svo nefndu fræðsluhjeruðum á hið núverandi fyrirkomulag barnafræðslunnar að haldast, nema því að eins, að því verði breytt með fræðslusamþykktum; en um það eru fræðslunefndirnar með öllu sjálfráðar.

Nú hefur nefndin lagt það til, að fræðslunefndir sjeu komnar á fyrir 1. janúar 1910. En þar sem það er ekki, verði farskólar minnst tvo mánuði, eða fast eptirlit með heimakennslu. Ef þessi breyting verður samþykkt, ber lítið á milli, og jeg er fullviss þess, að frumv. verður samþykkt þannig í Ed. Þetta er sem sagt aðalbreyt.till. nefndarinnar, og aðrar breytingar eru óverulegar.

Ef jeg hefði verið vel friskur, þá mundi jeg ekki hafa getað stillt mig um, að fara nokkrum orðum um nefndarálit Ed. og ræður, sem þar hafa haldnar verið í málinu. En jeg sleppi því, og var þó margt athugavert við meðferð málsins í Ed. og framsöguna þar. En úr því að sam-

komulag er nú orðið á milli deildanna, vona jeg, að háttv. deild samþykki frumv.

Við frumv. er ein brt. frá þm. um, að barnaskólar í kaupstöðnm njóti líka styrks úr landssjóði. Þessari till. finnst mjer og meiri hluta nefndarinnar öll sanngirni mæla með, og það því heldur, sem skólar í kaupstöðum eru betri en í sveitum, bæði að húsum og kennslukröptum. Annars býst jeg við, að flutningsmenn mæli með henni.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg á ásamt öðrum háttv. þm. brt. á þingskj. 597. Jeg get hugsað mjer, að sú till. komi ef til vill flatt upp á suma, því að þessu hefur aldrei verið hreyft fyr en nú. Þetta frv., eitt hinna merkustu, sem alþingi hefur haft í smíðum hin síðari ár, er nú loksins komið í það horf, að búast má við, að það komist í framkvæmd. Jeg býst við, að sumir þm. sjái ýmsa agnúa á þessu frv., en vilji ekki leggja út í það, að fá þeim breytt, til þess að spilla ekki fyrir framgangi málsins. En nú, þegar svo stutt er til þess, að frv. verði að lögum, hefur mjer og fleiri háttv. þm. virzt þessi agnúi svo stór, að ekki verði gengið fram hjá honum. Með hvaða rjetti eru kaupstaðirnir útilokaðir frá þessum styrk? Jeg sje ekki neina ástæðu til þess. En svo mun því vera farið, að þegar fyrst var veitt fje til barnaskóla úr landssjóði, voru slíkir skólar til í kaupstöðunum; hafi þá eigi þótt nauðsynlegt, að styrkja þá skóla, sem til voru.

Önnur ástæða er líka hugsanleg, að í öðrum löndum fá kaupstaðirnir ekki styrk frá ríkinu til þessa. Það er vitanlega einn þátturinn í þeim rangindum, sem mörg löggjafarvöld beita bæina.

Eina ástæðan, sem hugsanleg er á móti till., hún er sú, að fræðsla í kaupstöðum verði ekki dýrari en verið hefur. Ef svo væri, þá væri ef til vill ekki ástæða til að styrkja þá, fremur en áður. En því fer svo fjarri. Jeg hef leitað mjer upplýsinga um Reykjavíkurbæ, hver útgjöldin væru nú, og hver þau yrðu seinna, þegar þessi lög komast í framkvæmd.

1906 voru í barnaskólanum hjer 456 börn, þar af var goldið fyrir 180 fullt skólagjald, en 106 hálft; 50 börn nutu styrks úr svo nefndum Thorkilliisjóði; hinum öllum var gefið upp skólagjaldið.

Formaður skólanefndarinnar tjáir útgjöldin vera 17,000 kr. en skólagjaldið 5,000 kr. Jeg skal geta þess, að nú er verið að stækka barnaskóla bæjarins, og að því loknu kostar hann 120,000 kr.

Nú skulum við athuga, hve mörg börn eru skólaskyld í Reykjavík. Eptir núverandi fólkstölu eru hjer í bænum 822 börn á skólaskyldualdri (10—14 ára) og 544 börn á 5—10 ára aldri, sem eitthvað þurfa að læra. Yfir 800 börn eru skólaskyld, en skólinn getur ekki rúmað meira en 600. Þar geta ekki einu sinni komizt fyrir öll börn, sem eru skólaskyld (10—14 ára), hvað þá heldur fleiri. Bæjarstjórnin verður að sjá um, að yngri börnin geti gengið á skóla, því að smáskólarnir leggjast niður, þegar skólagjaldið er afnumið. Bæjarstjórnin verður því að útvega skólarúm ekki einungis handa skólaskyldu börnunum 800, heldur einnig handa 500 börnum fyrir neðan þann aldur. Þess vegna verður að byggja annan skóla, sem rúmar allt að því jafnmikið og skólinn sem nú er til. Jafnframt verður að fjölga kennurum um helming, svo að ársútgjöldin hljóta að vaxa gífurlega, en samtímis minnka tekjur bæjarins. Í stað þess, að nú

eru 450 börn í skóla, verða þau framvegis 1000—1200. Í stað þess að útgjöldin eru nú 17,000 kr. verða þau um 30,000 kr. Í stað 5,000 kr., sem skólinn fær í tekjur nú, fær hann framvegis ekki neitt. Útgjalda-aukinn verður 23,000 kr. á ári. Er þá nokkurt rjettlæti í því, að neita bænum um allan styrk úr landssjóði?

Jeg býst við, að þm. kaupstaðanna út um landið geti sýnt fram á, að útgjöldin fari vaxandi þar eins og í Reykjavík. Ætli það þyki ekki órjettlátt, að útiloka smákaupstaði frá styrk, t. d. Seyðisfjörð og Hafnarfjörð, sem nýskeð er orðinn að kaupstað? En stór kauptún, eins og Akranes og Eyrarbakki verða þar á móti styrks aðnjótandi.

Mjer er vel ljóst, að það þarf að hækka landssjóðsstyrkinn á fjárlögunum; hann er nú 15,000 kr., en þarf að hækka upp í 18—20,000 kr. En er það svo ægilegt?

Ef menn athuga fjárlögin, sjá menn auðvitað, að öllu þessu fje er varið til einhvers þarfa, en hitt er augljóst, að þörfin er mismunandi brýn: fjenu er mismunandi vel varið. Er nokkru fje betur varið á fjárlögunum en því, sem varið er til að mennta hina ungu og uppvaxandi kynslóð? Svarið verður sjálfsagt: *nei* og aptur *nei*.

Með því að koma á frískólum og almennum kennslustyrk, er barnafræðslan gjörð að þjóðarmáli.

Í öllum umræðunum um þetta mál, hefur of mikið borið á því, að menn hafa einblínt á sveitarfjelögin og útgjöldin, en menn hafa minna hugsað um grundvallaratriði málsins, þetta, að veita öllum börnum kost á, að öðlast þá menntun, sem telja verður nauðsynlega hverjum borgara þjóðfjelagsins. Á þessum jöfnuði á allt að vera byggt. Ef þetta er athugað, verður það aldrei skrifað í rjettlætisins bók, að útiloka kaupstaðina.

Jeg vona því, að háttv. deild samþ. brt. mína, og að hún verði ekki frv. að falli, er það kemur aptur til Ed.

Framsögumaður Stefán Stefánsson, (2. þm. Skag.): Hv. flutningsm. till. (G. B.) hlýtur að hafa veitt því eptirtekt, að till. hans hefur í för með sjer mikla hækkun á landssjóðsstyrknum síðara árið. Það er óhjákvæmileg afleiðing, ef kaupstöðunum er veittur rjettur til að verða einnig styrks aðnjótandi, eins og háttv. þm. fer fram á. En mjer virðist hann gjöra heldur mikið úr því, hve börnum fjölgar, sem kosta þarf í skóla við það, að skólaskylda er lögleidd, því að styrkurinn á eingöngu að ná til barna á skólaaldri. Foreldrarnir eiga að sjá um börnin þangað til þau eru 10 ára, þá tekur landið við þeim. Fjölgunin er því ekki eins mikil og háttv. þm. hjelt fram. Auk þess eru aðrir skólar í Rvík, en barnaskólinn.

Sem sagt, jeg vildi vekja athygli á þessu, að samfara breyt.till. þessari verður að fara breyting á fjárlögunum. Þar sem styrkurinn er veittur eptir tölu nemenda, þá verður að stækka upphæðina, þegar allur barnafjöldinn úr kaupstöðunum bætist við.

Ráðherrann: Jeg vil sízt neita, að það sje sanngjarnt, að kaupstaðirnir fái styrk handa sínum skólum, eins og sveitirnar fá það. En af því að tala kaupstaðarbarna, sem styrkur kaupstaðanna yrði miðaður við, er svo há, þyrfti miklu meiri hækkun á styrknum til barnaskóla, heldur en háttv. 2. þm. Rvík. gjörði ráð fyrir, ef af þessu ætti ekki að leiða tekjumissi mikinn fyrir þá barnaskóla, sem hingaðtil einir hafa orðið styrksins aðnjótandi. Nú

vantar áreiðanlegar upplýsingar um tölu barna á skólaaldri í kaupstöðunum, og álít jeg því rjettast, að bíða til næsta þings, og sjá, hvernig lögin reynast. Þá er hægra að vita um barnatöluna, og íhuga, hve mikið fje *þurfi* að veita, til þess að það komi að gagni.

Jeg játa fúslega, að það er ekki jafnrjetti, að undanskilja kaupstaðina í þessu efni. En menn verða að athuga, hvernig ástatt hefur verið í þessum málum, og hvernig þeim er farið enn að sumu leyti. Kaupstaðirnir hafa betri efni á að koma upp hjá sjer góðri barnafræðslu. Kauptúnin og sveitirnar eiga örðugra viðfangs, og því er meiri *þörf* á, að hvetja og styrkja þau, en kaupstaðina. Að því leyti hefur sú aðferð verið rjettmæt, sem hingað til hefur verið fylgt, og jeg held, að við gjörum okkur ekki seka í neinu óforsvaranlegu ranglæti, þótt breytingunni verði frestað til næsta þings.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg sje eiginlega ekki ástæðu til, að fara mörgum orðum um þetta mál. Háttv. flutningsm. breyt.till. á þgskj. 597. 2. þm. Rvk. (G. B.), hefur tekið svo rækilega fram, það, sem mælir með henni. svo jeg ætla ekki að tala neitt um hina almennu hlið þessa máls, heldur ætla jeg að gjöra grein fyrir, hvaða áhrif þessi lög mundu hafa á mitt kjördæmi, Akureyrarkaupstað, ef þau yrðu samþ. án breyt.till.

Jeg get ekki betur sjeð, en að þau börn, sem verða að sækja skóla, fjölgi um fullan þriðjung eða meir við þessi lög. Á Akureyri hagar nú þannig til, að skólinn, sem bærinn á, gjörir ekki betur en rúma þau börn, sem sækja hann nú, svo afleiðingin af því, að þessi lög yrðu samþ., yrði sú, að bærinn yrði þegar í stað að leggja fram mikið fje til þess að stækka skólahúsið, og þess utan er fyrirsjáanlegt, að ekki væri hægt að komast af með sömu kennslukrapta og hingað til. Það er því augljóst, að þetta kæmi óþægilega á fyrst í stað, þar sem það mundi leiða til aukins byggingarkostnaðar nú þegar. Svo er annað, sem gjörir það enn tilfinnanlegra, en það er, að skólagjaldið, sem hingað til hefur verið greitt, fellur burt.

Fjölgunin á skólaskyldum börnum stafar mest af því, að hingað til hefur fjöldi manna komið börnum sínum til kennsln annarsstaðar en á skólunum af því að þeim hefur ekki orðið kennslan dýrari þannig. En þegar frískólarnir koma á, er eðlilegt, að þetta breytist. Jeg get nú ekki gjört nákvæma grein fyrir hve miklu sá aukni kostnaður mundi nema fyrir kaupstaðina, sem legðist á með þessum lögum, en jeg veit, að það yrði tilfinnanleg byrði, og jeg get því ekki betur sjeð, en öll sanngirni mæli með því, að kaupstaðirnir verði aðnjótandi styrksins eins og sveitirnar; jeg vil þó ekki segja, að kaupstaðirnir eigi að fá hlutfallslega eins mikinn styrk og sveitirnar eptir barnatölu.

Jeg skal ekki fara frekar út í þetta, því jeg ímynda mjer, að háttv. þm. sjái, að það getur ekki verið tilfinnanlegt, þó þessi liður yrði hækkaður á fjárlögunum um 5—10 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, enda vona jeg, að öllum komi saman um, að því fje sje vel varið.

Ráðherrann: Jeg veit ekki, hvort jeg hef heyrt rjett orð háttv. þm. Ak., (M. Kr.). en mjer heyrðist hann vilja haga styrkveitingunni í kaupstöðum eptir öðrum reglum en í sveit *(Magnús Kristjánsson:* Rjett). Það held jeg einmitt líka að ætti að gjöra, en þá yrði að setja um það öðruvísi reglur

í lögunum, en nú eru, því eptir þeim reglum, sem nú eru í lögunum, er ómögulegt að gjöra neinn mun. En einmitt þetta sýnir, að heppilegast væri, að fara ekki lengra út í þetta atriði að þessu sinni, en athuga til næsta þings, hvern mælikvarða væri hentugast að hafa við styrkveiting til barnaskóla í kaupstöðum og koma þeirri ákvörðun inn í alþýðufræðslulögin. Nú sem stendur er ekkert til að byggja á í því efni, því það vantar rækilegar skýrslur um það, hvað mörg börn eru á skólaaldri í kaupstöðum landsins. Jeg álít því, að í orðum háttv. þm. Ak. hafi legið bending um, að láta málið hvíla sig nú um stund, en næsta þing taki það fyrir og gjöri ákvarðanir í þá átt, sem breyttill. fer. Og þessu er jeg fyrir mitt leyti samdóma.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Jeg hef ekki heyrt nein andmæli gegn því, að kaupstaðarbúar ættu, eins og aðrir landsmenn, rjett til styrks til barnafræðslu. Hæstv. ráðh. hefur sagt, að skynsamlegast sje að fresta því að gjöra út um þetta atriði, en hvaða ástæða er til að fresta því, að láta kaupstaðarbúa fá sama rjett og aðra landsmenn? Jeg sje enga ástæðu til þess, og jeg held, að það sje ekki rjett hjá hæstv. ráðh., að það þurfi að auka svo ákaflega mikið útgjöldin, til þess að kaupstaðirnir geti fengið styrkinn í hlutfalli við sveitirnar. Það hefur verið sagt, að það vantaði skýrslur um tölu skólaskyldra barna í kaupstöðunum; þetta er ekki alls kostar rjett; jeg skýrði frá því í fyrri ræðu, minni hve mörg skólaskyld börn væru hjer í Reykjavík; þau eru eptir nýjasta fólkstali 822 og það má búast við, að í öðrum kaupstöðum á landinu sje tala barna lík í hlutfalli við fólksfjölda, en af því má einnig ráða, að tala skólaskyldra barna í kaupstöðunum sje 1/6 af tölu skólaskyldra barna á öllu landinu. Þetta er auðvitað ekki nákvæmur reikningur; en eptir þessu ætti ekki að hækka landssjóðstillagið meira en 1/6 af því, sem nú er áætlað, eða segjum, til þess að hafa vel í lagt, að það þurfi að hækka landssjóðstillagið um 1/4; það get jeg ekki sjeð að sje gífurlegt.

En að fresta þessu, það finnst mjer íhugunarvert; þó á að leggja á kaupstaðina skólaskyldukvöðina, heimta af þeim að veita öllum börnum fræðslu fyrir enga borgun, banna þeim að taka borgun — en láta ekkert koma í staðinn. Þetta finnst mjer nokkuð harðýðgislegt og allmikið misrjetti, og jeg sje ekki, að neitt geti mælt með að þetta sje kallað sanngjarnt eða rjettlátt. Ef menn vilja endilega fresta þessu, þá látum svo vera, en þá verður líka að fresta því, að láta þessi lög koma í gildi, að því er snertir kaupstaðina. En þar sem sömu skyldur eru heimtaðar af öllum, þá verður að veita öllum sama rjett. Það er því ekki nema um tvennt að gjöra í þessu máli, ef gæta skal jafnrjettis, annaðhvort að kaupstaðirnir fái styrkinn, eða að þessi lög nái ekki til þeirra.

Jeg býst nú ekki við, að nokkur óski þess, að kaupstaðirnir verði undanskildir þessum lögum, að minnsta kosti get jeg sagt fyrir mitt kjördæmi, fólksflesta kjördæmi landsins, að það óskar ekki að losast undan þessari kvöð fremur eu önnur kjördæmi. Vjer erum fúsir á að leggja oss á herðar þær skyldur, sem leiðir af því að halda frískóla, en við heimtum líka að við verðum ekki hafðir út undan. Ef við tökum á oss sömu skyldur, heimtum við sömu rjettindi.

Jeg hef bent á, að þetta frískólafyrirkomulag mundi hafa í för með sjer

stóran útgjaldaauka fyrir bæinn, útgjaldaauka, sem mun nema 15—20,000 kr. á ári og það er ekki lítið.

Það hefur verið sagt, að þessi br.till. væri of snemma fram komin. (*Ráðherrann:* Of seint á þessu þingi.). Mergurinn málsins er, að menn vilja hana dauða, en þykjast ekki geta greitt atkv. á móti henni, sem ekki er von, og óska þess vegna að henni sje frestað. En jeg sje enga, alls enga ástæðu til þess að taka hana aptur — og gjöri það ekki.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Jeg teldi það mjög athugavert, ef þessi breyt.till. væri samþ., því að jeg lít svo á, að væri það gjört, þá sje mikið útlit fyrir, að sá styrkur, sem ætlaður er til barnakennslu í sveitunum, sje að mestu leyti horfinn, þar sem öll fjárveitingin er nú ákveðin aðeins 12,000 kr. fyrra árið og 15,000 kr. síðara ár fjárhagstímabilsins, og styrkurinn er veittur eptir nemendafjölda. Það er sagt, að þetta sje ósanngjarnt fyrirkomulag gagnvart kaupstöðunum; en jeg álít, að erfiðleikarnir sjeu þar svo langtum minni en í sveitunum, að þetta sje mjög lítil ástæða, þar sem fjöldinn af börnunum, er opinberrar kennslu njóta í sveitum, verða að fara að heiman og dvelja allt kennsluskeiðið langt frá heimili sínu, kostuð með útlögðum eyri af aðstandendum; þess utan hagar þar venjulega svo til, að tiltölulega fá börn njóta kennslunnar á hverjum stað, sem auðsjáanlega veldur auknum kostnaði fram yfir það, sem á sjer stað, geti barnið verið á heimili sínu nema að eins í kennslustundunum. Það er engin vissa fyrir því, að styrkurinn verði hækkaður svo mikið á fjárlögunum, að sveitirnar ekki verði fyrir mjög tilfinnanlegum halla, ef þetta verður samþykkt. Það er náttúrlega eðlilegt, að kaupstaðirnir vilji fá styrkinn líka, en að svo stöddu finnst mjer, að þeir hljóti að una við það að fara hans á mis, þar sem þetta atriði hefur ekki komið til umræðu fer en nú, að komið er að þingslitum.

Björn Kristjánsson, (1. þm. G.-K.): Jeg vil að eins benda á, að mjer sýnist þetta óþarfa hræðsla hjá hv. þm. Eyf. Því þeir, sem samþykkja þessa tillögu, verða að sjálfsögðu með því, að hækka styrkinn á fjárlögunum um leið sem svarar því, sem kaupstöðunum ber. Og það er alls engin ástæða til að ætla, að Ed. hafi neitt á móti jafnsjálfsagðri fjárveitingu.

Jeg vildi, að menn litu meira á það, sem sanngjarnt er og rjett í þessu máli, heldur en að vera svona hræddir við það, sem þó er ekkert hræðilegt. Mjer finnst engin ástæða til þess að bíða vegna þess, að menn vita ekki *nákvæmlega* barnatöluna, Þegar jafngreinileg skýrla liggur fyrir hvað Reykjavík snertir, má ráða í það með talsverðri nákvæmni hver barnatalan sje í hinum kaupstöðunum.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Viðvíkjandi ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B Kr,), vil jeg að eins geta þess, að jeg sje enga trygging fyrir því, að sú hækkun á fjárlögunum, sem nauðsynlegt væri að gjöra, ef þetta yrði samþ., gengi fram í báðum deildum þingsins. Það er vissa fyrir því, að sveitirnar yrðu sviptar styrknum, en engin vissa fyrir því, að hann fengist hækkaður, það sem þeirri upphæð nemur, er gengi til allra barnaskóla í kaupstöðum. Jeg játa fúslega, að öll sanngirni mælir með því, að kaupstaðirnir sjeu styrktir til barnakennslunnar, en á meðan styrkurinn er ekki hærri til sveitanna, þá lít jeg svo á, að kaupstaðirnir verði við það að una sem er.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (þm. Skagf.): Jeg verð að játa það, að þessi krafa kaupstaðanna er fyllilega sanngjörn, en jeg á þó mjög bágt með að gefa henni atkv. mitt, nema bent sje á það með rökum, hve mikið á að hækka landssjóðsstyrkinn og eptir hvaða reglum á að veita hann. Því það er enginn efi á því, að ef fylgt er sömu reglu og nú, þá þarf að hækka hann mikið. Það getur verið nærri sanni, að sjöttungur barna *á skólaskyldum aldri* sje í kaupstöðunum. En það er ekki nema lítill hluti af þeim börnum, sem *ganga á skóla;* og að í kaupstöðunum sje ekki nema sjötti hluti þeirra skólaskyldra barna, *sem á skóla ganga*, því á jeg bágt með að trúa! Jeg er viss um, að það verður að hækka styrkinn mjög mikið, ef sveitirnar eiga ekki að hafa minna en hingað til.

Jeg álít, að það sje rjett að fara að orðum hins hæstv. ráðh., að láta þetta bíða næsta þings. Þá ætti að vera búið að finna rjett hlutfall og sanngjarna reglu til þess, að veita styrkinn eptir. Og það var líka rjett hjá hæstv. ráðh., að þessi till. kemur of seint inn á þingið.

ATKV.GR:

1. breyt.till. (595) samþ. með 18 atkv.
2. brtill. við 4. gr. samþ. með 18 atkv.
3. brtill. við 8. gr. samþ. með 15 atkv.
4. brtill. við 8. gr. samþ. með 15 atkv.
5. brtill. við 9. gr. samþ. með 16 atkv.
6. brtill. við 10. gr. samþ. með 18 atkv.
7. brtill. við 13. gr. samþ. samkv. atkv.gr.
8. brtill., að eptir 14. gr. komi ný gr. samþ. með 18 atkv.
9. brtill. við 15. gr. samþ. með 19 atkv.
10. brtill. við 17. gr. samþ. án atkv.
11. brtill. (597) samþ. með 13 atkv. gegn 5.
12. brtill. við 22. gr. samþ. með 14 atkv.
13. brtill. við 25. gr. samþ. með 15 atkv.
14. brtill. við 25. gr. samþ. með 16 atkv.
15. brtill. við 29. gr. samþ. með 19 atkv.

Frumv. samþ. með 18 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 52. fundi Ed., fimmtudaginn 12. september, kom frumv. (A 634, 665) til einnar umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg tel það gleðilegt, að háttv. Nd. hefur komið til móts við þessa deild í þessu máli að því leyti, að frumv. hefur verið samþykkt þar eins og það fór hjeðan, með dálitlum breytingum. Það, sem aðalágreiningurinn var um, 4. kaflinn, fyrirkomulag barnafræðslu í fræðsluhjeruðum og fræðslusamþykktir, hefur háttv. Nd. samþykkt, eða með öðrum orðum gengið inn á það »princip«, sem hjer var ráðandi í deildinni, og þessar breytingar hafa orðið með góðu samkomulagi beggja nefndanna.

Aðalbreytingin er sú, að inn í frv. hefur verið bætt nýrri grein, 15. gr., um það, að ef fræðslusamþykktum eigi hefur verið komið á fyrir 1. jan. 1910, þá skuli fræðsluhjeruðum skylt, annaðhvort að halda uppi farkennslu, eða, ef fræðslunefnd kýs það heldur, ráða kennara til eptirlits með heimafræðslunni. Þetta eru aðalbreytingarnar, og jeg hygg, að þær sjeu heldur til bóta, því að ákvæðið, í 15. gr., ýtir

undir menn til að hugsa um málið, og vilji þeir ekki, að skellt sje á farskólaskyldu, er þeim innan handar að koma á fræðslusamþykktum hjá sjer innan 1. jan. 1910. Þetta er til þess að setja málið í hreyfingu, og álít jeg það heppilegt.

Svo eru ýmsar smábreytingar, sem leiða af þessari aðalbreytingu, sem jeg ekki hirði að telja.

Þá er ein smábreyting Nd. við 16. gr., þar sem talað er um, að börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi, geti »fengið vottorð um kunnáttu sína af kennara eða þeim, sem prófið heldur«, eins og það stóð í frumv. þessarar deildar, en þar hefur Nd. bætt við »og prófdómanda«. Jeg skal taka það fram, að mjer er ekki vel kunnugt, hvað vakað hefur fyrir háttv. Nd., en þetta getur verið dálítið tvírætt. Það getur verið spurning um, hvort »prófdómandi« á við báða liðina, eða einungis þann síðari; jeg ímynda mjer, að það eigi að eins við síðari liðinn, þanuig, að prófdómandi komi að eins til greina, þegar kennari er ekki til að gefa vottorð. En þegar kennari er, þá sje hann einn um að gefa vottorðið. Þeim skilningi laganna vil jeg halda fram til athugunar við framkvæmd þeirra.

Þá er breyt.till., sem nefndirnar hafa ekki orðið sammála um, en við viljum þó eigi gjöra að kappsmáli. Það er um, hvernig fræðslunefndir skuli kosnar. Nd. vill, að 1 maður sje kosinn af hreppsnefnd, en hinir 2 af atkvæðisbærum sveitarmönnum á hreppaskilaþingi. Þetta er breyting frá því, sem við ætluðumst til, að allir mennirnir væru kosnir af hreppsnefnd eða bæjarstjórn. En við viljum sem sagt ekki gjöra þetta að kappsmáli.

Enn fremur er óveruleg breyting á 29. gr. okkar frumv. (í 30. gr. frumv. Nd.) um bækur þær og áhöld, sem börnin eiga að fá, en sú breyting gjörir hvorki til nje frá.

Enn er ein breyting, sem ekki er komin frá nefnd Nd., heldur frá einstökum þm., á 19. og 22. gr. frumv. þessarar deildar (í 20. og 23. gr. frv. Nd.); eins og þessar greinar eru nú orðaðar, er enginn vafi á því, að kaupstaðir hafi sama tilkall til styrks úr landssjóði til barnafræðslu, eins og aðrir partar landsins. Þetta mun færa mjög upp þá upphæð, sem ætla verður til barnafræðslu, en mjer sjálfum, og jeg held allri nefndinni hjer, finnst þetta sanngjarnt, ef það að eins ekki gengur út yfir sveitarfjelögin; fje það, sem skipta á niður til barnafræðslu, verður að vera ríflegra fyrir þetta. Jeg hef reynt að reikna út, hvað miklu þetta muni nema; telst mjer svo til, að það verði að hækka upphæðina um c. 4000 kr. síðara árið. Jeg get þessa til athugunar fyrir háttv. fjárlaganefnd, því að það verður að ætla fyrir þessari aukning á fjárlögunum nú, ef frumv. verður samþ. óbreytt. En fyrir hönd fræðslumálanefndarinnar lýsi jeg yfir því, að við viljum ekki gjöra þetta að ágreiningsmálum, og hepta þannig framgang frumv.

Jeg vil því leggja það til, að háttv. deild samþ. frumv., eins og það nú liggur fyrir.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. (G.-K.): Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd viðvíkjandi 16. gr. um prófin. Eptir mínum skilningi, þá eiga vottorðin að undirskrifast af kennara eða þeim, sem prófið heldur, en *ávallt* líka af prófdómanda. En jeg skal annars geta þess, að í þessum orðum er prentvilla í frumv.; þar stendur: »prófdómenda« fyrir: »próf-

dómanda«. Mjer finnst það auðsjáanlegt, að prófdómandi eigi allt af að undirskrifa vottorðin, hver svo sem heldur prófið.

Jeg skal að eins geta þess, viðvíkjandi þeirri breytingu, að skólar i kaupstöðum eigi einnig tilkall til landssjóðsstyrks, að jeg álít hana sanngjarna, þó að hún auki töluvert útgjöld landssjóðs, þar sem skólar þessir eru sviptir því, að geta tekið nokkurt gjald fyrir börnin, ekki einu sinni af efnaðri mönnum kaupstaðarins.

Fyndist mjer það hart, að banna skólum þessum, að taka nokkurt gjald, og jafnframt neita þeim um styrk úr landssjóði.

Framsögumaður Björn M. Olsen (3. kgk. þm.): Það var alveg af ógáti, að jeg ekki minntist á þessa prentvillu »prófdómenda« fyrir: »prófdómanda«. Það er einnig önnur prentvilla i þessari setningu; vantar kommu á eptir, »sem prófið heldur«. En það verður jafn-tvirætt ákvæðið fyrir því. Ef »prófdómanda« hefði átt við í báðum tilfellum, þá átti það að standa á undan: »undirrituð af prófdómanda og kennara eða þeim, sem prófið heldur«. En eins og það stendur, finnst mjer það fremur eiga við síðari liðinn. Einnig hef jeg fundið prentvillu i 30. gr, bls. 9. 4. línu að ofan; þar er »á ætlun« i tveim orðum i stað einu. En þetta má vonandi laga, þegar frv. verður prentað upp.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í einu hljóði, og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XLIII. Kennaraskóli i Reykjavik.

Á 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júlí, kom frv. til laga um kennaraskóla i Reykjavík til 1. umr.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Mál þetta er orðið gagnkunnugt og hefur fengið rækilega meðferð á tveim síðustu þingum, enda var það að eins eitt atriði, sem varð því að falli á síðasta þingi. Jeg vona, að nú verði sátt og samkomulag um málið, svo að það fái góðan framgang; enda er óhætt að segja, að það er vilji þings og þjóðar. Þetta mál er svo náskylt í eðli sínu því frv., sem var til umr. næst á undan, nefnilega frumv. um fræðslu barna, að jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu, að lokinni umræðunni, verði vísað til þeirrar nefndar, sem skipuð var í það mál.

Málinu var vísað til 2. umr. og því næst til nefndarinnar i málinu um fræðslu barna.

Á 25. fundi Nd., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frv. (A 194) til 2. umr.

Hannes Hafstein og Guðlaugur Guðmundsson voru fjarverandi og Björn Kristjánsson veikur.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Þetta mál hefur legið tvívegis fyrir þinginu, og tvívegis hefur það verið fellt, ekki vegna þess, að menn væru mótfallnir stofnun skólans, heldur þvert á móti. Allir viðurkenndu, að nauðsyn bæri til að stofna slíkan skóla, eða að minnsta kosti ljetu þeir í veðri vaka, að sjer væri það áhuga-

mál, að hann kæmist á fót. Alls staðar út um land, þar sem málinu var hreyft, var það talið mjög mikið nauðsynjamál, og frá mörgum þingmálafundum, bæði nú og fyrir síðasta þing, hafa borizt áskoranir um að skjóta því ekki lengur á frest. Það er því ekki fyrir sakir fylgisleysis, að það hefur ekki náð fram að ganga, heldur hefur því valdið ágreiningur um, hvar skólinn ætti að vera.

Stjórnin og ráðanautar hennar töldu bezt henta fyrir ýmsra hluta sakir, að skólinn væri í Reykjavík. Jeg skal ekki tefja tímann með því að telja fram þau rök, er til þess voru færð, því að þau munu öllum kunn. Á móti því risu margir þm., og sú mótspyrna varð þess valdandi, að frv. var drepið á tveim þingum. Vildu þeir, að skólinn yrði settur á stofn í Hafnarfirði, en ekki í Reykjavík.

Nú liggur þetta mál í 3. sinn fyrir þinginu, og nú loks eru líkur til, að það nái fram að ganga á þeim grundvelli, er frv. leggur. Jeg hef orðið þess áskynja, að þeir menn, er hjeldu fram Hafnarfirði, muni nú ekki verða á móti Reykjavík, heldur láta það efni afskiptalaust. Í nefndinni urðu menn ásáttir um, að skólinn skuli reistur í Reykjavík. og sitja þó í henni menn af báðum flokkum, er börðust áður hvor um sig fyrir Hafnarfirði og Reykjavík; kemur það til af því, að nefndin kom sjer niður á annað fyrirkomulag að því leyti, sem hún leggur til, að skólatíminn verði hafður styttri, en farið er fram á í frv. Og það var einmitt það, sem sjerstaklega hafði fælt menn frá Reykjavík, að skólavist um svo langan tíma yrði mönnum þar of kostnaðarsöm, og mundi því skólinn síður verða sóttur úr fjarlægum hjeruðum.

Þar sem nú fyrverandi andstæðingar í þessu máli hafa þannig komið sjer saman í nefndinni, þá hafa þeir með því stigið fyrsta sporið til þess. að eyða þeim ágreiningi, er hingað til hefur verið málinu til hindrunar og falls. Og jeg vona, að háttv. deild og þingið í heild sinni feti drengilega í þeirra fótspor og láti þann ágreining niður falla og leiði málið til heppilegra úrslita.

Breyt.till. þær, er nefndin hefur gjört, eru talsvert efnisríkar. Fyrst og fremst leggur hún það til, að skólaárið sje stytt um 1½ mánuð, þannig að það verði 6 mánuðir í staðinn fyrir 7½ eins og ætlazt er til í frumv. Með því er fátækum mönnum, er eigi hafa annað en sumarkaup sitt við að styðjast gjört hægra fyrir að sækja skólann. Sjerstaklega kemur það sjer vel fyrir Sunnlendinga, því að sumaratvinna hefst fyr sunnan lands en norðan; fyrir þá hefur það reynzt mjög hagkvæmt, að hafa stutta skólaveru, enda hefði Flensborgarskólinn vafalaust ekki verið eins vel sóttur, ef skólaárið hefði verið lengra.

Enn er þess að gæta, hve kjör kennara eru bágborin hjer á landi; það er varla við því að búast, að skóli með þriggja ára kennsluskeiði og 7½ mánaðar skólaári yrði viðunanlega sóttur. Enda má seinna lengja skólaárið, er reynsla er fengin fyrir aðsókninni, ef þurfa þykir. En varlega verður í það að fara, og er hyggilegast, að þoka fyrirkomulaginu smátt og smátt í heppilegasta horfið.

En þar sem nú ekki er hugsanlegt, að fá nýta menn til skólans nema fyrir há laun, þá sá nefndin, að ekki gat komið til nokkurra mála, að ætla þeim, gegn 2,000—3,000 kr. launum að eins 6 mánaða vinnutíma. Þessvegna leggur nefndin til, að sameinað sje við þennan skóla það tveggja mánaða

kennsluskeið fyrir lýðskólakennara, er í ráði er að setja á stofn og stjórnin hefur lagt til og fjárlaganefndin hefur fallizt á. Yrði þá starfstími kennaranna 8 mánuðir á ári eins og á sjer stað við Akureyrarskólann. Síðar mætti lengja kennsluskeiðið um einn mánuð, ef nauðsyn þætti bera til, þannig að starfstími kennaranna yrði 9 mánuðir. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er ætlazt til, að kennararnir hafi ókeypis þessa kennslu á hendi, en þar fyrir er ekki útilokað, að fleiri gegndu þar kennslu, t. d. að menn væru fengnir til að halda þar fyrirlestra til þess að gjöra kennsluna þar fjölbreytilegri og meira vekjandi.

Þá er enn eitt aðalatriði, er nefndin hefur gjört breytingu á. Hún leggur það til, að heimavistirnar sjeu alveg afnumdar. Mjer fyrir mitt leyti var sárt um þetta atriði. Jeg er enn sem fyr þeirrar skoðunar, að heimavistarskólar sjeu beztu skólarnir. Hver skóli ætti að vera sem líkastur góðu heimili. En af fjárhagsástæðum taldi nefndin það ekki fært, að ætla öllum nemendum heimavist, og þótti hins vegar lítið unnið við, að að eins nokkur hluti nemendanna hefði heimavistir. Fyrir því leggur hún til, að þær hinar fáu, er gjört er ráð fyrir í frumv., sjeu afnumdar. Við það verður stofnkostnaðurinn miklu minni. Reynist skólinn ekki vel í Reykjavík án heimavista, má síðar kippa því í lag ef vill, því að nefndin gjörir ráð fyrir, að skólahúsinu verði hagað svo, að bæta megi við það.

Ef svo skyldi fara, að skólinn reyndist ekki vel, er hægt að kippa honum hjeðan. Nefndinni hefur komið saman um, að hentugast væri að hafa skólahúsið lítið, að eins með íbúð fyrir skólastjóra; það verður því ekki stærra en meðal íbúðarhús, sem mætti selja fullu verði, ef skólinn yrði fluttur, og hefði þá landið ekki beinan skaða af flutningnum. Það kom til orða í nefndinni, að hafa skólann í sveit, en mönnum óx í augum kostnaðurinn við slíkan skóla, og ef hann reyndist ekki vel, væri stórkostlegur fjárhagslegur skaði af að flytja hann þaðan aptur.

Hvað snertir laun kennaranna, sá nefndin ekki fært, að ætla neinum kennara minna en 2,000 kr., sem þriðji kennari fær, annar kennari 2,200 kr., og skólastjóri 2,400 kr., og auk þess ókeypis bústað, ljós og hita, er samtals má gjöra 3,100—3,200 kr. Launahæðin er nokkuð meiri en í stjórnarfrumv., en ekki mikið. Stjórnin ætlar skólastjóra 3,000 kr. laun og ókeypis bústað, en ekki ljós og hita. Nefndin vildi hafa það með, vegna þess að gjöra má ráð fyrir, að raflýsing komist á í bænum, og er þá heppilegt, að íbúð skólastjóra sje lýst um leið og aðrar stofur skólahússins. Nefndin bjóst við, að miðstöðvarhitun yrði í skólanum, og þá einnig heppilegt og eðlilegt, að hún sje sameiginleg. Sumir vilja hafa tímakennslu aðallega, en það gat nefndin ekki talið heppilegt, því eðlilegt er, að búast við því, að þeir menn, sem gjöra kennslu að lífsstarfi sínu leggi meiri rækt við starfið en þeir sem hafa það að bráðabirgðastarfi meðan önnur atvinna býðst ekki. Auðvitað þarf tímakennslu að líkindum við í sumum greinum, svo sem söng, leikfimi, dráttlist, handavinnu o. s. frv. Jeg man ekki fleira fram yfir það, sem stendur í nefndarálitinu; fel jeg svo háttv. deild málið og vænti þess, að hún fari viturlega með það og leiði það til heppilegra úrslita.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Jeg get fyrir hönd stjórnarinnar verið háttv. nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar í máli þessu. Breytingar þær, sem hún leggur til, eru engar þess eðlis, að stjórnin hafi ástæðu til, að vera þeim mótfallin. Að vísu er ein breytingin þannig, að stjórnin getur ekki talið hana fara í rjetta átt, sú breyting, að klípa af launum forstöðumannsins. Ljós og hiti nemur ekki nærri svo miklu sem nefndinni telst til, og hún gjörir of lítinn mun á launum forstöðumannsins og hinna kennaranna. Hins vegar getur stjórnin vel fallizt á, að laun lægri kennaranna sjeu of lág í frumv., einkum þegar litið er til þess, hve allt er dýrt og fer sí hækkandi í verði hjer í Reykjavík, en því síður var ástæða til, að klípa af launum forstöðumanns skólans. Samt er ekki ástæða til, að gjöra þetta að kappsmáli. Málið hefur lengi legið á döfinni og átt erfitt uppdráttar, einkum hefur menn greint á um, á hvaða stað skólinn skyldi vera, og það hefur mest hindrað framgang málsins. En nú virðast allir ásáttir um, að Reykjavík sje heppilegasti staðurinn, sem frá upphafi var auðvitað það eina og rjetta. Nú er málið loks á enda kljáð, og jeg leyfi mjer fyrir hönd stjórnarinnar, að mæla með því sem bezt.

ATKV.GR.: Brt. við 1. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. m. 19 shlj. atkv.
Brt. við 2. gr. sþ. m. 14 — —
2. gr. þannig breytt — — 15 — —
Brt. við 3. gr. — — 17 — —
3. gr. þannig breytt — — 17 — —
4. gr. — — 20 — —
Brt. við 5. gr. — — 19 — —

Ný gr. sem verður 6. gr. sþ. með 20 atkv.

6. gr. (7.) sþ. með 19 shlj. atkv.
7. gr. (8.) — - 20 - —

Að frv. gangi til 3. umr., sþ. með 20 atkv.

Á 29. fundi Nd., þriðjudaginn 21. ágúst, kom frv. (A. 266) til 3. umr.

Framsögumaður Stefán Stefansson (þm. Skgf.): Það er gleðiefni fyrir mig og nefndina, að frv. hefur gengið svo í gegnum deildina, að hún hefur ekki fundið ástæðu til þess, að gjöra á því neinar breytingar. Af því þykist jeg mega ráða forlög málsins hjer á þingi. Það væri því óþarfi, að tala frekar fyrir því, en gjört hefur verið. En jeg stóð upp til þess, að svara þeirri fyrirspurn, sem beint hefur verið til mín, hver afstaða nefndarinnar væri gagnvart Flensborgarskólanum, ef að frumv. þetta verður nú samþykkt og til þess kæmi, að kennaradeild þess skóla yrði lögð niður.

Jeg skal þá lýsa yfir því, að oss finnst sjálfsagt, að sá skóli njóti ríflegs styrks hjeðan af, ekki síður en hingað til. Þessi skóli stendur nú í blóma, og það væri bæði rangt og óviturlegt, að styrkja hann eigi framvegis í því starfi, sem vonandi verður til heilla og blessunar mörgum ungmennum þessa lands, eigi sízt hjer úr Suður- og Vesturamtinu. Skoðun nefndarinnar er sú, að þegar þetta frumv. er afgreitt hjeðan sem lög, þá verði að breyta styrkveitingunni til Flensborgarskólans, þó ekki á þann veg, að færa hana niður. Nú er mikill hluti styrksins ætlaður til kennarafræðslu og ætti svo að vera fyrra árið á komandi fjárhagstímabili, en síðara árið ætti að veitast til alþýðufræðslunnar eingöngu. Að þeirri deild skólans er nú svo mikil aðsókn, að engin von er til þess, að sá styrkur nægi, er henni er ætlaður.

Jeg vona, að spyrjanda og öðrum, er unna skólanum, nægi þetta svar.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg vildi ógjarnan, að þetta mál færi svo út úr deildinni, að jeg færi ekki um það nokkrum orðum, og með því að svo stóð á dagskrá við 2. umr. þess, að jeg kaus heldur, að láta það hjá líða, þá verð jeg nú, þótt helzt til seint sje, að leyfa mjer, að gjöra fáeinar athugasemdir.

Jeg var einn þeirra manna, er hjelt því fram á síðasta þingi, að skólinn yrði í Hafnarfirði. Orsökin til þess, að jeg hef nú fallizt á, að hann yrði settur á stofn í Reykjavík, er sú, að jeg vildi með engu móti tefja framgang þessa mikilvæga máls, og kaus því, að ganga svo langt til samkomulags, sem mjer frekast var unnt. Nefndin hefur líka komið sjer niður á það happaráð, að stytta skólaárið í 6 mánuði. Jeg hygg það muni verða til farsældar fyrir skólann, sjerstaklega hjer í Reykjavík. Og það var einmitt eitt af því, er vakti bæði fyrir mjer og öðrum, að skólinn mundi verða dýrari hjer en í Hafnarfirði, einkum er skólaárið væri svo langt, sem til var ætlazt. Þegar því nefndin tók föstum tökum á því happaráði, að stytta það, var jeg eindregið með því.

Enn fremur er þess að gæta, að nú er ákveðin þriggja ára skólavist, og því ákvæði undanfarinna þinga sleppt, að farkennarar megi ljúka sjer af á einum vetri; mönnum virtist þörfin svo rík, að ástæða væri til, að flýta fyrir kennaraefnum; en nú er úr því bætt með því framhalds-kennsluskeiði, sem ætlað er lýðskólakennurum.

Eitt megin-atriði vildi jeg enn minnast á. Mjer er ekki ljóst, hvernig ætlazt er til þess, að sú reglugjörð verði, er gilda skuli fyrir þennan skóla. Í frumv. er ekkert tekið fram um aldurstakmörk nemenda, ekkert um það, hvort þeir skuli skyldir til, að vera öll árin á skólanum, eða þeir megi ganga inn í hvern þann bekk skólans, er þeir óska, ekkert um próf nje heldur hver rjettindi þeir öðlist, er á skólann hafa gengið. Um allt þetta er nauðsynlegt, að hafa föst ákvæði, og vænti jeg, að þau verði sett með reglugjörð. Þeir menn, er gengið hafa annað tveggja í gegn um allan skólann eða framhalds-kennsluskeiðið, ættu að sjálfsögðu að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum barnakennurum, þar sem ræða er um skóla eða farkennslu, sem styrkur er veittur til úr landssjóði. Enda vona jeg, að þess verði ekki langt að bíða, að styrkveitingar úr landssjóði til lýðskóla verði því skilyrði bundnar, að kennsluna hafi á hendi þeir menn, er lokið hafi burtfararprófi af kennaraskóla. Þá fyrst væri barnafræðslunni komið í gott horf. Hversu langt er í land til þess enn hjer á landi, má sjá af ferðaskýrslu þeirri, er umsjónarmaður lýðfræðslunnar hefur sent stjórninni og prentað er með frumvarpinu, sem 3. fylgiskjal. Þar segir svo, að veturinn 1903—1904 hafi alls 415 manns, karlar og konur, fengist við barnafræðslu, sem að einhverju leyti var kostuð af landssjóði; en af þeim höfðu einir 24 fengið nokkra kennaramenntun, eða menntun í kennslu- og uppeldisfræðum. Á þessu sjest bezt, hversu brýna nauðsyn ber til að flýta fyrir stofnun kennaraskóla; svo að þeir menn, er við barnafræðslu fást, megi afla sjer nægilegrar þekkingar til þess starfa.

Þá skal jeg víkja að því meginatriði, sem jeg vildi einkum vekja athygli á. Eins og hinni háttv. deild er kunnugt, naut nefndin, er hafði þetta mál til meðferðar, aðstoðar umsjónar-

manns fræðslumálanna, og þær breytingar, er gjörðar voru við frumv., fengu hans samþykki. Hann lýsti því yfir, að hann væri fús til að ganga inn á, að hver, sem vildi, mætti ganga undir próf við þennan skóla án þess að það væri bundið því skilyrði að hann hefði verið á skólanum. Þetta mundi hafa afarmikla og notadrjúga þýðingu hjer á landi, þar sem strjálbyggð er mikil og erfitt aðsóknar að skólanum. Enda var það títt fyr á dögum, allt fram á næstliðna öld, að jafnvel embættismannaefni stunduðu nám heima fyrir og útskrifuðust úr heimaskóla, og það ekki einu sinni ávallt af skólastjórunum eða á skólanum. Til dæmis að taka voru þeir ekki fáir, sem útskrifaðir voru af Árna biskupi Helgasyni.

Jeg álít því miklu varða, að reglugjörð þessa skóla verði sem rýmst og liðlegust, svo að hún megi fullnægja ósk manna og þörfum, en ekki jafnþröng og óþjál sem reglugjörð hins almenna menntaskóla.

Jeg tek það upp aptur, af því að jeg legg sjerstaka áherzlu á það atriði, að jeg vona, að eptir reglugjörðinni verði hverjum, sem vill, leyft að ganga undir próf við skólann í hverjum bekk sem er, án tillit til þess, hvort hann hefur setið ákveðinn tíma á skólabekkjunum eða ekki, og að hann hafi, að afloknu burtfararprófi, sömu rjettindi og þeir, sem setið hafa skólann,

Skúli Thoroddsen: Jeg stend ekki upp til að vekja deilur um þetta mál, heldur að eins til að gjöra grein fyrir atkv. mínu. Jeg greiddi atkvæði móti því við 2. umr., og gjöri það einnig við þessa umræðu. Get jeg skírskotað til ummæla minna um málið 1905. Með stofnun kennaraskóla í Reykjavík er að mínu áliti landssjóði bakaður óþarfa kostnaður, í stað þess að hafa skólann í Hafnarfirði, þar sem verið hefur kennarafræðsla undanfarin ár, og kennaraskólinn yrði því miklu ódýrari, þar sem kennarar eru þar hvort sem er, og all-mikið hús, sem eigi kostar nema fáar þúsundir að umbæta, svo að viðunandi sje. Jeg lít ennfremur svo á sem miklu heillavænlegra sje fyrir kennaraefni, að stunda nám í Hafnarfirði, í friðsælu kanptúni, en hjer í Reykjavík, Að þessu leyti er Reykjavík og Hafnarfjörður ekki saman berandi. Mjer skildist á framsm., að tilætlun nefndarinnar væri, að hafa jafnframt gagnfræðaskóla í Hafnarfirði. Jeg hef ekki athugað þetta sem skyldi, en í fljótu bragði sýnist mjer það engu líkara, en að gjöra síðari villuna verri hinni fyrri. Vjer höfum nú gagnfræðaskóla á Akureyri, og gagnfræðadeild menntaskólans í Reykjavík; svo kemur kennaraskólinn, þar sem sömu námsgreinar eru kenndar, og að ætla þar á ofan að hafa gagnfræðaskóla í Hafnarfirði, sýnist að bera í bakkafullan lækinn. Þetta mál hefur verið sótt af of miklu kappi, og menn því eigi gætt hagsmuna landsins, sem skyldi, nje hins, hvað kennaraefnunum er hollast, sem og æskulýð landsins. Jeg veit, að þetta er að tala fyrir daufum eyrum hjer í deildinni. Eina vonin er háttv. efri deild; en hvort hún sjer sjer fært að halda fram sömu stefnu, eins og á fyrri þingum, get jeg ekki um sagt. En jeg greiði atkv. á móti frumvarpinu.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (þm. Skgf.): Það er hreinn óþarfi, að mótmæla háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.); það sem hann sagði, hefur svo opt verið tekið fram og jafnopt verið hrakið. Hafnarfjörður á að vera betra skólastæði en Reykjavík, kauptúnið er svo rólegt og laust við alla óreglu.

Þetta hefur margopt verið tekið fram. Allir vita, að í Reykjavík eru mörg menntatæki og menningarmeðul, en engin í Hafnarfirði að heita má. Ókostir kauptúnanna eru þar engu síður en hjer, og það er undarlegt, að menn skuli heldur vilja hafa einn af æðstu skólum landsins í litlu fiskiþorpi, og álíta það hollara andlegum þroska nemendanna, en að hafa hann í höfuðstað landsins. Nei, ef hann á ekki að vera í Reykjavík, þá á hann að vera í sveit; þar losna menn við alla þá ókosti, sem bæjunum þykja fylgja. Þetta er allt tekið fram í nefndarálitinu, og nefndinni kom saman um, að ef skólinn yrði ekki hafður í Reykjavík, þá ætti að setja hann í sveit. Háttv. þm. N.-Ísf., vill ekki láta gagnfræðaskólann í Hafnarfirði haldast, ef kennaraskólinn kemst á, og segir það sje að gjöra síðari villuna verri hinni fyrri. Og þó er um það að ræða, að styðja góðann og vel sóttan skóla, eins og alþýðuskólinn í Hafnarfirði er. Ef kennaraskóli kemst hjer upp og kennarafræðslan í Hafnarfirði leggst niður, álít jeg sjálfsagt, að styrkja alþýðuskólann þar svo ríflega eptir sem áður, að hann geti starfað eins og hingað til. En ef á að gjöra kennaraskóla í Hafnarfirði eins fullkominn og þessi fyrirhugaði kennaraskóli á og þarf að vera, þá þarf til þess margfalt meira fje, en nú er kostað til Flensborgarskólans. Jeg sje ekki annað, en að það verði jafndýrt og að reisa skólann hjer. Þá þarf líka að reisa skólahús og bæta við kennurum, en munurinn er sá, að ef skólinn reynist illa þar, þá er verra að koma húsinu í verð. Jeg tók það einmitt fram, að rjettast væri, að hafa stofnkostnaðinn við kennaraskólann hjer eins lítinn og kostur væri á, til þess að hægt væri að flytja skólann burtu, ef hann reyndist miður en skyldi. Það er ekki von, að háttv. þm. hafi sannfært mig með ræðu sinni, því að það þarf betri rök en þessi til að breyta skoðun minni. Háttv. þm. tók svo til orða, að einstakir menn hefðu beitt kappi meir en forsjá í þessu máli. Þetta er sjálfsagt meint til mín. Mjer hefur verið áhugamál að koma upp góðum skóla, en jeg hef ekki beitt kappi til þess. Það eru einmitt andstæðingarnir, Hafnarfjarðarmennirnir, sem það hafa gjört. Jeg hef meira að segja sveigt svo mikið til samkomulags, að jeg greiddi atkv. með skóla í Hafnarfirði á síðasta þingi, í sameinuðu þingi, heldur en að málið yrði drepið, af því að jeg mat stofnunina meira en staðinn. Hafnarfjarðarmennirnir urðu þá skólanum að falli og það eru þeir, sem verða það enn ef svo fer. Við höfum fylgt ráðum og skoðun skólafróðra manna í þessu máli, og stjórnin hefur fallizt á skoðanir okkar. en frá okkar hlið hefur engu kappi verið beitt.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-S.): Eins og áður er það háttv. framsm. (St. St.), sem fekk mig til þess að standa upp. Jeg hef enn ekki sjeð, að komið hafi nein rök, er hnekkt geti ummælum mínum á þingi 1905 um þetta mál. Afstaða mín er enn sú sama og þá, og rök mín, sem jeg færði þá, hafa enn ekki verið hrakin. Jeg álít miklu heppilegra, að auka kennarafræðslu í Flensborgarskólanum, sem á sjer fastan grundvöll, heldur en að setja upp kennaraskóla hjer í Reykjavík, þar sem byrja verður af nýju. Jeg tel allar líkur til, að kennaraskóli hjer fari í hundana, að minnsta kosti fyrst um sinn. Jeg ætla ekki að halda langa ræðu, en áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg benda á það, að á Möðruvöllum var góður skóli, sem fekk almanna-

lof. Hann var fluttur til Akureyrar og hlýtur háttv. framsm. að vera kunnugt um afleiðingarnar af þeim flutningi, og hversu holl áhrif bæjarlífið á Akureyri hefur haft á nemendurna. Má þó fullyrða, að þeir verði ekki fyrir eins illum áhrifum þar, eins og hjer. Meðan skólinn var á Möðruvöllum, var aðsóknin að honum mikil, og stundum meiri en hann gat tekið á móti, en síðan hann var fluttur til Akureyrar hefur brugðið svo við, að nú er útlit fyrir, að hann standi tómur næsta vetur. Þetta er sönnun fyrir því, að röksemdir mínar 1905 móti kennaraskóla í Reykjavík hafi verið góðar; jeg get því eigi annað en verið þessari skólastofnun mótfallinn enn sem fyr.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg álít óþarft, að svara hv. þm. V.-Sk. (G. G.); það var eins og hjá hv. sessunaut hans (Sk. Th.) sama þvælan, og mótstöðumenn kennaraskólans hafa komið með á fyrri þingum. Mótstöðumenn skólans kalla jeg þá af því að jeg man ekki betur, en annar þeirra, þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) greiddi atkv. móti skólanum í Hafnarfirði á síðasta þingi, og varð þannig málinu að falli, því það reið aðeins á einu atkv. Þeir vilja ekki hafa neinn kennaraskóla, en það má bara ekki fara hátt með það.

Eitt atriði í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. G.) er mjer skylt að minnast á; það er um áhrif bæjarlífsins á Akureyri á gagnfræðaskólann fyrir norðan. Mjer ætti að vera kunnugra um það en honum, enda sýndi hann, að hann talaði þar um mál, sem hann ekki þekkir. Það er alls ekki Akureyrarlífið, sem gjörir það að verkum, að skólinn er ekki eins sóttur, eins og áður, meðan hann var á Möðruvöllum; það er langt frá því. Ef skólinn hefði verið á Möðruvöllum, þá hefði farið alveg eins; enda henti það líka einu sinni, að sami skóli tæmdist meðan hann var á Möðruvöllum. Þegar jeg kom að honum 1887, var enginn á honum, og kom þá til orða að leggja hann niður. Hver var orsökin? Ekki getur það hafa verið neinu kaupstaðarlífi að kenna; en getur þetta ekki verið af sömu ástæðum nú eins og þá, að aðsóknin minnkar? Hefur ekki latínuskólinn líka stundum verið offullur og stundum legið við að tæmast? Þar er flóð og fjara og eins er um gagnfræðaskólann á Akureyri. En þetta er ekki staðnum að kenna, sem skólinn er á; skólarnir eru stundum vel sóttir og stundum illa, þó þeir ekki sjeu fluttir úr stað. Það er merkilegt, að skynsamir menn, og jafnvel menn, sem vilja láta telja sig í röð heldri lögvitringa landsins, skuli draga svona haltar og skakkar ályktanir. En þetta gjörir vonandi ekkert til, því það er nægur meiri hluti fyrir skólanum bæði hjer og í Ed., svo jeg vona fastlega, að hann verði samþ., hvað sem þessir menn segja.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Hv. framsm. (St. St.) er heldur harðorður, þykir mjer, er hann kallar það þvælu, sem hv. Ed., og talsverður hluti Nd. hafa haldið fram á 2 undanförnum þingum; þetta kalla jeg að líta einhliða á málið. Þar sem jeg talaði um kapp, átti jeg, meðal annars, við hv. framsm., og hann hefur sýnt með ræðu sinni, að það var ekki að ófyrirsynju talað, þar sem hann kallar allt þvælu, sem haldið er fram af hálfu þeirra manna, er vilja hafa skólann í Flensborg í Hafnarfirði.

Þegar hv. þm. sagði, að við værum á móti kennaraskóla, þá er það alveg rangt. Við höfum einmitt viljað fara

þá leiðina, sem landssjóði var kostnaðarminni, að auka og bæta kennaraskólann í Flensborg. Þar er hús til, (*Stefán Stefánsson*: Ekkert) sem þarf ekki nema 9—10,000 kr., til þess að gjöra all vel úr garði. Þar eru og kennarar, sem landssjóður launar hvort sem er, og þarf ef til vill að eins að auka við 1 kennara. Þetta er ekki að vera á móti málinu, heldur að vilja spara óþarfa kostnað, þar sem það er hægðarleikur, eins og hjer. Hv. þm. gat þess ennfremur, að jeg hefði orðið til þess að fella kennaraskólann í sameinuðu þingi 1905. Jeg skil ekki, hvernig er hægt, að segja slíkt um einn einstakan þm., og nafn mitt er auk þess ekki síðast á atkvæðaskránni. En málið horfði þá þannig við, að í síðasta augnabliki, þegar þeir, sem kennaraskólann vilja hafa í Reykjavík, sáu sitt óvænna, þá vildu þeir kasta fje út til þess, að byggja sjerstakan kennaraskóla í Hafnarfirði. Allt var þá undir því komið, að byggja sjerstakt skólahús, og að skólinn stæði eigi í sambandi við Flensborgarskólann. Þetta var því líkast að kasta fje í sjóinn, og jeg sje ekki eptir atkv. mínu þá; það hefur sparað landssjóði nokkurt fje, þótt líklega sje ekki lengur hægt, að standa móti straumnum. Annars er það miður vel fallið, að hafa námstímann 3 ár, þegar þess er gætt, að þeir, sem á skólann ganga, eiga að verða kennarar upp til sveita, þar sem þeir fá ekki nema 4—500, mest 600 kr. í kaup. Hjer venjast þeir á það, að gjöra allmiklar kröfur til lífsins, sem þeir eiga svo örðugt með, að venja sig af. Svo fer sennilegast eins fyrir þeim, eins og sumum prestunum, sem á námsárunum lifa góðu lífi hjer í Reykjavík, og ætla svo að halda því sama áfram, þegar þeir eru komnir upp í sveitina, og setja sig á skömmum tíma í stórskuldir, er þeir eigi fá risið undir. Þeir, sem til þekkja, vita, að þetta er ekki fátítt meðal prestastjettarinnar hjer á landi. Jeg ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta; það er ekki til neins að tala frekar í í þessari hv. deild. En jeg er ánægður með sjálfum mjer, er jeg hef gjört grein fyrir atkv. mínu, heldur en jeg hefði látið það ógjört, þegar um það er að ræða, að kasta fje landssjóðs á glæ, eins og frv. þetta gjörir.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Jeg vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort honum finnist ekki ástæða til mótmæla, þegar það er kallað að kasta fje á glæ, að verja því til stofnunar, sem öll þjóðin heimtar. Á þingmálafundum þeim, sem jeg þekki til, hefur aldrei verið farið fram á, að auka skólann í Flensborg, heldur allt af að fá sjerstakan kennaraskóla. Það er talað um að *spara;* rjett eins og ekkert fengist í aðra hönd. Er þá enginn bagi að því, að það vantar hæfa kennara? Ef skólinn hefði verið stofnaður fyr, fyrir 2—3 árum, þá ættum við líklega nú 30—40 góða kennara. Háttv. þm. N.-Ísl. (Sk. Th.) þótti 3 ár of langur námstími. Á menntaskólanum er námstíminn 6 ár, 9 mán. á ári, og 3 átta mánaða skólaár á Akureyrarskólanum, til þess að veita mönnum almenna menntunarundirstöðu; skyldi þá 3 6 mánaða skólaár vera of langur tími til þess að mennta kennara, mest alþýðumenn, sem lítinn undirbúning hafa til að byggja á? Háttv. þm. býst við, að kennararnir muni enga atvinnu fá á eptir, sem lifandi sje við. Út af því vil jeg taka það fram, að óhjákvæmilegt er, að laun kennaranna verði bætt, ef lögin eiga að verða að nokkru

gagni. Það má til, ef nýtir menn eiga að fást í kennarastöðuna. Eins og nýtir og duglegir menn sneiða hjá prestastjettinni, af því að launin eru svo lág, þannig mun fara með kennarana. Því fje, sem varið er til að mennta kennarana og eins til að bæta hag þeirra, er vel varið og betur en flestu öðru. Háttv. þm. þótti hart, að jeg kallaði þvælu ræður þeirra sessunautanna, Jeg skal ekki segja um það, mjer hættir til að kalla hlutina sínu rjetta nafni. En að tyggja upp það sama þing eptir þing og fund eptir fund, hvaða nafn á að gefa því, (*Skúli Thoroddsen:* Hvað gjöra hinir?). Það eru menn, sem vit hafa á málinu og færa góðar og gildar röksemdir, en það brestur mjög hjá mótpartinum.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg vil að eins minnast á þessa ásökun, að nefndin hafi ekki horft í kostnaðinn og hafi verið að leika sjer með fje landssjóðs, því að í Flensborg væri bæði húsnæði og kennarar, svo að sá skóli gæti tekið á sig skyldur og störf kennaraskóla. Þetta er órjettur áburður. Þeir, sem kunnugir eru, vita það, að í Flensborgarskóla er varla pláss fyrir þann mikla fjölda, sem þangað sækir gagnfræðakennslu. Ef þar ætti að vera kennaraskóli í nokkru lagi, yrði að bæta við húsum að miklum mun og fá nýja kennara.

Jeg skal játa það, að jeg var einn þeirra í nefndinni, sem vildi fá endanlega lausn á þessu kennaraskólamáli með því að hafa hann uppi í sveit. En þar var það einmitt kostnaðarhliðin, sem varð þeirri tillögu að falli; þetta er þess vegna algjörlega röng ásökun.

Það er heldur ekki óverulegt, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur lofað ókeypis 5—6,000 ferálna lóð handa skólanum, og er það land fyrirhugað á ágætum stað, beint á móti gróðrarstöðinni; þar eru ekki líkur til að byggt verði á móti honum hinum megin við götu.

Jeg er mjög þakklátur háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) fyrir sína ræðu. Hann hefur metið það mest, að fá hnútinn leystan og því sveigt til samkomulags. Jeg vona, að hans góðu óskir rætist, að ekki einn tíundi, heldur níu tíundu hlutar af öllum alþýðukennurum landsins fái innan skamms undirstöðumenntun á góðum kennaraskóla.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 19 atkv. gegn 4 og síðan afgreitt til forseta Ed.

Á 34. fundi Ed., föstudaginn 23. ágúst, kom frumv. (A. 321) til 1. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.) Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á, að frumv. sje vísað til nefndarinnar í fræðslumálinu.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Frumv. vísað til nefndarinnar í frv. um fræðslu barna með 10 samhljóða atkvæðum.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 1. september, kom frumv. (A. 321, 476, (546) til 2. umr.

Framsögumaður Björn *M.* Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg get verið stuttorður, því að jeg vona, að háttv. þm. hjer í deildinni hafi kynnt sjer nefndarálit vort, en þar eru tilfærðar ástæður fyrir þeim breytingum, sem nefndin hefur gjört.

Það sem vjer höfum lagt aðaláherzluna á, eru ekki hinar almennu ástæður með því eða móti, að kennaraskólinn sje í Hafnarfirði eða í Reykjavík, heldur ástæður sjerstaklegs eðlis, sem öllum hljóta að vera ljósar, og

höfum vjer þar haft fyrir augum tvö atriði: í fyrsta lagi kostnaðinn, og í öðru lagi, hvort fyrirkomulag það, er á skólanum yrði að vera, ef hann yrði í Hafnarfirði, væri að nokkru leyti verra fyrir kennarafræðsluna, en ef skólinn væri hjer í Reykjavík, eins og stjórnarfrumv. fer fram á.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá er það sýnt og sannað í nefndaráliti voru, að — svo framarlega sem ekki er meiningin, að leggja Flensborgarskólann niður, sem vjer álítum að ekki geti komið til orða — að þá er helmingi ódýrara fyrir landssjóð, að kennaraskólinn sje settur í samband við gagnfræðaskólann í Flensborg; að þessu eru leidd ljós rök, og hvað stofnkostnaðinn snertir, eða kostnaðinn við viðbót þá, sem þyrfti að byggja við skólahúsið, og við leikfimishús handa skólanum, þá hefur nefndin fengið tilboð frá áreiðanlegum manni um byggingu á þessu hvorutveggju. Það er sýnt fram á það, að þótt landssjóður borgaði þessa (9,500 kr.) skuld þá, er hvílir á skólahúsinu í Flensborg, það er að segja keypti það allt með hæfilegri lóð, og það yrði landssjóðseign, þá yrði samt stofnkostnaður kennaraskóla í Hafnarfirði helmingi ódýrari en hjer í Reykjavík, ef skólinn væri jafnvel útbúinn á báðum stöðunum. Vjer ætlumst til, að við skólann í Flensborg verði allt að 28 heimavistir, sem kennaraefni hafi forgangsrjett að, og ókeypis bústaður fyrir skólastjóra. Ef skólinn ætti að vera svipað þessu útbúinn hjer í Reykjavík, þá yrði stofnkostnaðurinn ekki minni en 43,000 kr.; en stofnkostnaðurinn, ef hann væri settur í samband við Flensborgarskólann, yrði alls eigi meiri en 20,000 kr., þótt landssjóður borgaði þá skuld, sem hvílir á skólahúsinu, og eignaðist þannig allan skólann. Hjer er því um mikinn mismun að ræða á stofnkostnaðinum, en þar að auki verður árlegur reksturskostnaður af hinum sameinaða skóla í Flensborg miklu minni, en ef skólarnir væru sinn í hvoru lagi. Þetta er ljóslega tekið fram í nefndarálitinu; jeg get bætt því við, sem stendur á bls. 2 í nefndaráliti voru, að skólanefnd Flensborgarskólans hefur í brjefi til menntamálanefndar alþingis sýnt ljós rök að því, að skólinn þar geti ekki komizt af með minni reksturskostnað árlega en 9,800 kr., ef skólinn á að halda áfram sem sjerstök stofnun í líkri mynd og nú; en eptir áætlun vorri verður reksturskostnaður við hinn sameinaða skóla í Flensborg 12,500 kr. um árið; eða hinn sameinaði skóli yrði 2,700 kr. dýrari en gagnfræðaskólinn einn; það svarar launum handa einum kennara.

Þá ber nú að athuga hitt atriðið, hvort kennarafræðslunni muni eins vel borgið með því fyrirkomulagi, sem vjer stingum upp á. Eins og á síðasta þingi viljum vjer, að kennarafræðslan sje veitt í tveimur deildum, en undirbúningsfræðsla undir hana í neðri deild gagnfræðaskólans, og álítum vjer, að það fyrirkomulag verði að öllu leyti eins gott eins og það fyrirkomulag, sem farið er fram á í frv. því, er fyrir liggur, og gjörir ráð fyrir sjerstökum kennaraskóla í 3 deildum hjer í Reykjavík; vjer styðjumst þar líka við álit þeirra manna, sem eru fróðari en við í þessum málum, sjera Magnúsar Helgasonar og skólastjóra Jóns Þórarinssonar, sem báðir álíta kennarafræðslunni eins vel borgið með þessu fyrirkomulagi; enda finnst mjer þetta vera svo ljóst, að jeg get ekki

trúað, að háttv. Nd. haldi fast við, að hafa skólann hjer í Reykjavík, þegar hún sjer ástæður vorar fyrir því, að hafa hann í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta; breyt.till. vorar standa allar í sambandi við þessa einu aðalbreytingu; að vjer viljum setja kennaraskólann í samband við Flensborgarskólann.

Oss hafði láðzt, að taka tvær smávægilegar breyt.till. inn í nefndarálitið, sem þó eru nauðsynlegar, og eru þær því á sjerstöku þskj., 546. Jeg sje ekki ástæðu til þess, að tala fleira um þetta að sinni, en óska að eins, að hin hv. deild samþ. breyt.till. nefndarinnar.

Sigurður Jensson (þm. Barðst.): Jeg hef skrifað undir þetta nefndarálit með fyrirvara, og skal jeg nú gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg hef gjört það. Jeg er samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum um það, að það mæli margt og mikið með því, að hafa kennaraskólann í Hafnarfirði. Fyrst og fremst eru það fjárhagslegar ástæður, því að kostnaður við hinn sameinaða skóla í Flensborg verður mikið minni en til beggja skólanna, með því að hafa kennaraskólann hjer í Reykjavík, úr því að Flensborgarskólinn er styrktur úr landssjóði.

Líka er jeg samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum í því, að rjett sje að byggja á þeim grundvelli, sem hefur verið lagður til kennarafræðslunnar í Hafnarfirði. Skólinn þar hefur að allra sögn verið í góðu lagi, og það eru ekki svo margir af skólum vorum, sem eru í góðu lagi, og ætti því fremur að vera athugavert að flytja skólann úr Hafnarfirði, ef ekki væru knýjandi ástæður fyrir hendi.

Það er að eins eitt atriði, sem mjer finnst athugavert við að hafa skólann í Flensborg, sem sje, að skólinn þar er »privat« stofnun, bundinn við ákvæði erfðaskrár; það getur því verið varhugavert, að sameina við hann landssjóðsskóla, nema full vissa sje fengin fyrir því, að hægt sje að breyta erfðaskránni þannig, að skólinn að öllu leyti yrði eign landssjóðs. Jeg vildi því heyra hæstv. ráðh. lýsa því yfir, hvort hægt sje að breyta statútum skólans á þennan veg, og ef það er hægt, hvort þá stjórnarráðið vill gjöra það, því að þá mun jeg eindregið greiða atkv. með því, að skólinn sje áfram þar sem hann er. En ef eitthvað stríðir á móti því, að gjöra þennan skóla að opinberum skóla, þá álít jeg varúðarvert, að sameina skóla, sem landssjóður kostar, við þennan »privat«skóla. Þetta vildi jeg fá skýrt fram, áður en jeg greiði atkv. um þetta mál; ef jeg fæ yfirlýsingu um það, að Flensborgarskólinn hljóti að vera »privat« eign, þá sje jeg ekki annað, en vjer verðum að fara að hugsa oss fyrir einhverjum öðrum stað en Hafnarfirði, því að það dugar ekki að vera á hverju þingi að deila um, hvort skólinn skuli vera í Reykjavík eða Hafnarfirði, og láta málið þannig dragast ár eptir ár. Þjóðin vill fá kennaraskóla og þarf að fá hann, ef nýtt fyrirkomulag kemst á fræðslumálin. Jeg mun þess vegna verða með því að setja skólann í Reykjavík, ef hann ekki getur orðið fullkomin eign landsins í Flensborg.

Ráðherrann: Jeg er ekki viðbúinn að svara til fullnustu fyrirspurn háttv. þm. Barðstr. (S. J.), en jeg hygg, að ekki sje hægt að breyta Flensborgarskólanum þannig, að hann geti orðið landssjóðseign. Hann er stofnaður af ‚legati‘ privatmanns; á samkvæmt hinni síðari stofnskrá og reglugjörðinni frá 1882 að standa undir stjórn þriggja manna nefndar, sem sýslunefnd Kjósar- og Gull-

bringusýsla skipar. Þessi nefnd á meðal annars að skipa kennara skólans með samþ. stjórnarráðs. Eptir þessari reglugjörð á skólinn að vísu að vera alþýðuskóli og gagnfræðaskóli, en jafnframt á hann að vera barnaskóli fyrir Garðahrepp, hvenær sem hreppurinn óskar og vill leggja hæfilegan styrk fram, og stendur skólinn að því leyti algjörlega undir stjórn skólanefndarinnar. Jeg hygg, að þessum grundvallaratriðum verði ekki breytt, nema skólinn leggist alveg niður, og annar nýr sje stofnaður á hans rústum. Jeg held, að háttv. nefnd gjöri ofmikið úr þeim fjárhagssparnaði, sem því yrði samfara, að setja kennaraskólann í samband við Flensborgarskólann, því að það ber að athuga, að hús það, er skólastjóra er ætlað að búa í, og ennfremur er ætlað til heimavista, er orðið gamalt hús og hrörlegt, og mundi ekki líða mörg ár, áður en kvakað yrði til landssjóðs um fje til stór-mikillar viðgjörðar á því, eða þá helzt til þess, að byggja húsið alveg upp að nýju. Auk þess álít jeg, að klúður gæti leitt af þessari samblöndun, sem jafnvel gæti rýrt gagn kennaraskólans, og ef til vill hnekkt hinum blómlega alþýðuskóla, sem nú er í Flensborg.

Það er leitt, ef þetta mikla nytsemdar mál, sem allir virðast viðurkenna að stofnun kennaraskóla sje, á enn þá að verða að engu hjer á þingi vegna lítils ágreinings milli deildanna. Ágreiningur þessi er að eins um staðinn, hvort Hafnarfjörður eða Reykjavík sje heppilegri sem skólasetur, og er hörmulegt, ef málið á að daga uppi þing eptir þing að eins vegna stífni. Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta, jeg hef ekki heyrt umr. frá byrjun; kom að þegar háttv. þm. Barðstr. (S. J.) var að tala, og er jeg honum samdóma í því, að mjög sje varhugavert eins og sakir standa, að setja kennaraskólann í samband við Flensborgarskólann, og vona jeg, að hin háttv. deild felli till. nefndarinnar.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg vildi leyfa mjer að segja örfá orð til skýringar við það, sem háttv. þm. Barðstr. (S. J.) talaði um. Hann kvaðst nú vera orðinn sannfærður um það, að skólinn væri betur settur í Hafnarfirði en í Reykjavík, bæði fyrir þá sök, að skólahaldið yrði þar ódýrara og líka af hinu, að það væri yfirleitt varhugavert, að vera að flytja skólann úr einum stað í annan, án þess að líkur væru til að, hann væri nokkuð betur settur á þeim nýja stað. En eitt þótti háttv. þm. athugavert, og það var, að Flensborgarskólinn væri »privatskóli«, en ekki opinber eign. Hann áleit, að þar sem hann væri gefinn af »privatmönnum«, þá stjórnaðist hann ekki af landsstjórninni, og með því væri yfirumsjón skólans dregin úr höndum stjórnar eða fjárveitingavalds.

Það er þó undarlegur misskilningur altaf að vera að stagast á þessu, og láta það standa þessum skóla fyrir þrifum; þó skólinn sje gefinn af »privatmönnum«, þá er hann þó opinber skóli. Jeg spurði um daginn hjer í deild, hver munur væri á því, að skólinn væri gefinn til eflingar alþýðumenntun, gefinn almenningi, ellegar landssjóði. En jeg fjekk ekkert svar, og þess var ekki von, því að ekki er hægt að svara því, að nokkur sje munurinn. Það er tekið fram í gjafabrjefinu, að hann sje settur undir yfirstjórn landsstjórnarinnar, og það er landsstj., sem semur reglugjörð fyrir skólann, og þeirri reglugjörð getur stjórnarráðið auðvitað breytt. Þetta ætti að vera nóg til að sýna, að skólinn stendur undir stjórn hins opinbera.

Jeg álít ekki þörf á, að fjölyrða um

þetta; í nefndarálitinu er gjörð svo nákvæm grein fyrir þessu, sem jeg gæti gjört. Jeg set mig eigi yfir þá menn, er um það hafa fjallað og deilt, og er annar gamall latínuskólastjóri, en hinn velmetinn alþýðuskólakennari. En það virðist liggja ljóst fyrir, að skólinn er betur settur í Hafnarfirði, bæði hvað fjárhagshliðina snertir, og eins virðist hann geta komið að fullt eins góðum notum þar.

Jeg hygg, að hæstv. ráðherra gjöri allt of mikið úr kostnaðinum við hús Flensborgarskólans, þessa gömlu byggingu, sem hann kallaði það; þó húsið sje fornt nokkuð, þá er þó íbúðin notuð. Og þótt einhvern tíma þyrfti að gjöra við bygginguna, þá má ekki missa sjónar á því, að skóli undir einum skólastjóra er og verður ódýrari en 2 skólar sinn á hvorum stað. Það er líka til að spara, sem nefndin hjer stingur upp á, að 2 bekkir sjeu fyrir 3. Jeg álít, að nefndin hafi farið fullvægt í að reikna þann mismun, sem er á rekstri tveggja skóla, eða eins, ef kennaraskólinn yrði settur í samband við Flensborgarskólann. Mismunurinn verður, að jeg held, meiri, en nefndin hefur gjört úr honum; jeg get ekki betur sjeð, en skólinn yrði miklu ódýrari eins og hjer er gjört ráð fyrir honum. Svo er og þess að gæta, að kennaraskóli með þriggja ára »kursus« yrði að líkindum ver sóttur en skóli með tveggja ára »kursus«, jeg tala nú ekki um skóla með 1 árs »kursus«. Því að menn hafa ekki ráð til þess að leggja mikinn tíma í það, sem þeir svo fá litla borgun fyrir á eptir.

Annars játa jeg það, að jeg vildi greiða atkv. með kennaraskóla, hvar sem hann væri stofnaður, og það gjöri jeg að lokum, því að kennaraskóla verðum við að stofna á þessu þingi. Þetta mál er nú orðið harla síðkvæmt á þinginu, og vildi jeg sízt vinna að því, að það færi í hundana.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg stend upp til að þakka hv. nefnd fyrir meðferð hennar á málinu. Jeg vona, að menn sannfærist af þeim skýru rökum, sem hún hefur fært fyrir því, að skólinn á fremur að vera í Flensborg en í Reykjavík. Jeg verð að taka undir með hæstv. ráðherra, að það sje hörmulegt, ef málið strandar nú á þessu þingi; en ábyrgðin á því fellur á nefnd Nd., ef hún getur ekki tekið svo skýrum og skýlausum rökum, sem færð eru í málið hjer. Það er verið að tala um, að Flensborgarskólinn sje »privateign«, en jeg er algjörlega á sama máli og háttv. 4. kgk. um það, að skólinn er opinber eign, stofnaður til almennings þarfa; og fyrirkomulagið er þannig, að hann stendur undir yfirstjórn landsstjórnarinnar. Það er því ekki rjett, að hann sje »privateign«, þó hann sje ekki beint landssjóðseign.

Jeg vildi leggja það til og vona, að þessi deild samþ. málið, eins og það liggur fyrir frá nefndinni, í einu hljóði, til þess að sýna Nd., að alvara fylgir þessu hjeðan. Hjer liggja líka fyrir skýr rök og það mundi hjálpa, að það yrði samþ. í e. hlj.

Það er kostnaðaratriðið, sem skiptir mjög miklu, og á það legg jeg mikla áherzlu. Jeg legg líka áherzlu á það, að skólinn verði allsstaðar annarsstaðar en í Reykjavík. Jeg verð aldrei með honum í Reykjavík, og jeg vil heldur að hann sje einhversstaðar uppi í sveit. Kostnaðarspurninguna vegur nefndin alveg rjett. Í Flenshorg er og hefur verið um hríð vísir til kennaraskóla og með hann hefur enginn óánægja verið. Því þá ekki að byggja á þeim grundvelli, sem þegar hefur verið lagður? Það er ekki ein-

ungis sparnaður fyrir landssjóð, heldur og fyrir skólakennara og lærisveina. Það hefur ekki lítið að segja að vera 3 ár hjer í Reykjavík, eins og hjer er orðið dýrt að lifa, og eiga svo ekki von á öðru en þessum lúsalaunum, sem alþýðukennarar fá. Ástæðan er því næg til að samþ., að skólinn sje seftur í Hafnarfirði, en ekki í Reykjavík, og það veit jeg að hv. deild gjörir.

Steingrímur Jónsson, (6. kgk.): Jeg vildi gjöra grein fyrir atkv. mínu með örfáum orðum.

Frá því fyrsta, er jeg heyrði talað um kennaraskóla, þá hef jeg álitið, að bezt færi á því, að þessi eini kennaraskóli okkar væri í Reykjavík, höfuðstað landsins, sem næst þeim beztu vísinda- og fræðslugögnum, er við eigum til. Jeg get ekki sjeð ástæðu til að forðast Reykjavík sem það spillingarinnar Babýlon, að ekki sje óhætt að senda hingað ungt fólk. Og hvernig ætli sje með Hafnarfjörð? Hafnarfjörður er fiskiþorp, sem er að þjóta upp, og verður nokkurskonar forstaður eða hafnarbær Reykjavíkur, og það er næsta ólíklegt, að hann standi í framtíðinni nokkuð yfir Reykjavík í þeim efnum. Hafnarfjörður stendur og varla í framtíðinni framar að því, að ódýrara verði að lifa þar en í Reykjavík. Við höfum dæmin fyrir okkur hjer á landi, þegar smábæir fara að vaxa, byggingaspekulatiónir komast á gang, fólkinu fjölgar, þá verður fljótlega mjög dýrt að lifa þar. Það er víst ekki mikið að munum, sem það er dýrara að lifa í Reykjavík en á Akureyri og Ísafirði, og jeg hygg, að brátt reki að hinu sama með Hafnarfjörð. Að því leyti stendur þá Hafnarfjörður ekki framar Reykjavík, en að sumu leyti stendur hann að baki að því er kemur sjerstaklega til fræðslugagna og aðstoðarkennslu.

Nefndarálitið hefur ekki sannfært mig eða breytt skoðun minni. Í nefndarálitinu er mest áherzla lögð á kostnaðarmismuninn, eins og hann virðist í svip, en jeg skil ekki vel þann útreikning. Það er í nefndarálitinu gjört ráð fyrir, að stofnunarkostnaður kennaraskóla í Reykjavík verði 43,500 kr., en í Flensborg ekki nema 20,000 kr. Ekki er það nákvæmlega til tekið, hvort húsin eiga að vera jafnstór, og mismunurinn liggi þá í, hvort dýrara sje að byggja í Reykjavík en í Hafnarfirði. En þó að svo sje, þá skil jeg eigi muninn — jeg get ekki skilið, að það sje miklu dýrara að byggja hjer en í Hafnarfirði. Þessi áætlun er líklega röng. Sje bygging gjörð 2 hæðir, og ályktað, að álíka stórt hús kosti hjer í Reykjavík meira en helmingi meira en í Hafnarfirði, hlýtur það að segja það sama og að smiðirnir stingi svo eða svo miklu af ágóða við bygginguna í vasa sína.

Viðvíkjandi árlegum kostnaði, þá er gjörð grein fyrir því í nefndarálitinu, hver munurinn verði á því, að hafa kennaraskólann í Reykjavík, og að hafa hann sameinaðan gagnfræða- og unglingaskólanum í Flensborg, sem sje 4,600 kr., sem talið er að sparist árlega við það að hafa hann í Flensborg. Þetta held jeg sje ekki vel athugað. Jeg vil benda á 1. lið í áætlun hins sameinaða skóla í Flensborg, eins og hann stendur í nefndarálitinu. Þar er gjört ráð fyrir 4 kennurum að eins, en það hygg jeg nái ekki nokkurri átt. Í frumv. um kennarskóla í Reykjavík er gjört ráð fyrir 3 föstum kennurum við þann skóla einn; 4 kennarar er því of lítið, ef kennaraskólinn á ekki að drepa lífið úr gagnfræðaskólanum í Flensborg. Til þess að kennslan geti orðið nokkuð nema nafnið, þurfa kennarar skólans að vera 6 með

skólastjóra. Þegar bekkirnir eru 5, má ekki minna vera, en kennari sje á hvern bekk. Er því sjáltsagt óhætt að bæta við þennan lið 4,000 kr. Til tímakennslu verður sami styrkur í hinum sameinaða Flensborgarskóla, og með 6 föstum kennurum getur hann gengið, minna ekki. Námsstyrkur er færður niður um 500 kr.; jeg sje ekki ástæðu til, að svo verði framvegis, enda engar líkur til þess. Til áhaldakaupa er upphæðin sama 400 kr. Það er að vísu meinlaus upphæð, en þó gefin sök, að sameinaði skólinn kostar meira en kennaraskóli í Reykjavik. Til eldiviðar og ljósa eru ætlaðar 500 kr., og telur nefndin, að hægt sje að komast af með sömu upphæð í gamla húsinu í Flensborg og í Reykjavik. Þá get jeg ekki betur sjeð, en að, eins og nú stendur, verði viðhald hinna gömlu húsa í Flensborg, meira en það yrði á nýju húsi hjer í Reykjavík. Verður því að bæta við, svo að kostnaðarmunurinn á rekstri skólanna verði ekki eins mikill og nefndarálitið áætlar.

Skoðun mín á þessu máli hefur því ekkert getað breyzt við nefndarálitið, og þarf jeg ekki um það að fjölyrða meir.

Framsögumaður Björn M. Olsen (3. kgk. þm.): Mjer finnst það vera að rifast um keisarans skegg, þar sem verið er að þrátta um það, hvort að gagnfræðaskólinn í Flensborg sje privatskóli eða opinber eign, þar sem það stendur í gjafabrjefinu, að landshöfðingja eða stjórninni sje heimilt, að semja bæði stofnunarskrá og líka reglugjörð fyrir skólann. Jeg get því ekki betur sjeð, en að þessi skóli sje opinber eign, þar sem landsstjórnin hefur alveg töglin og hagldirnar með yfirstjórn hans, og mjer þætti gaman að sjá þá privatmenn, sem gætu heimtað sjer framseldan þennan skóla úr höndum landsstjórnarinnar. Auðvitað er af virðingu fyrir gefendunum nauðsynlegt, að halda því, sem við höfum sett inn í 9. breytingartillöguna nefnilega, að kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að því leyti, sem að tekjur þessarar sjerstöku stofnunar ekki hrökkva til. Með þessu er því haldið í minni, að skólinn var stofnaður af veglyndum gefendum.

Hæstv. ráðherra tók það fram, að það væri að steypa saman tveimur ólíkum hlutum, að sameina gagnfræðaskólann í Flensborg og kennaraskólann. Jeg get ómögulega sjeð, að þetta sje rjett á litið, þar sem gagnfræðaskólinn veitir fræðslu í alveg sömu greinum í neðri deild, eins og kennaraskólinn á að veita. Það liggur í augum uppi, að kennaraefnin þurfa fyrst að fá undirstöðuþekking í þeim námsgreinum, sem þeir eiga að læra að kenna öðrum, og þar sem engin slík undirstöðuþekking er gjörð að skilyrði fyrir inntöku í hinn þríbekkjaða kennaraskóla eptir frv. stjórnarinnar og ekki heimtað neitt inntökupróf, má ganga að því vísu, að hið fyrsta kennsluár í neðsta bekk þessa þríbekkjaða skóla muni ganga eingöngu til þess, að veita nemendunum þessa nauðsynlegu undirstöðufræðslu, sem allt eins vel má veita þeim í neðri deild gagnfræðaskólans í Flensborg.

Jeg hef líka leitað álits Jóns skólastjóra Þórarinssonar um þetta atriði, og hefur hann látið á sjer skilja, að það væri fullt eins hentugt fyrirkomulag á þessum skóla, sem vjer förum fram á, eins og að hafa sjerstakan kennaraskóla í 3 deildum.

Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) lagði áherzlu á, að kennaraskólinn væri í Reykjavík til þess, að hann væri sem næst öllum vísinda- og fræðslugögnum. En til þess er því að svara, að það er alls ekki meiningin, að gjöra nemendur kennaraskólans að vísindamönnum. Það væri auðvitað gott, að þeir væru látnir sjá söfnin hjer, sem er það helzta, sem Reykjavík getur boðið. En það geta þeir eins, þó að skólinn sje í Flensborg. Jeg veit ekki betur en að Flensborgarpiltar hafi á hverju ári gjört sjer ferð hingað optar enn einu sinni til þess að skoða söfnin.

Svo talaði háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) um landsbókasafnið. Heldur hví þingm., að þessir nemendur mundu fara að nota landsbókasafnið til þess, að »stúdera« þar vísindalega? Nei, vissulega ekki. Þeir eru bundnir við þær námsgreinar, sem þeir eiga að læra. Jeg sje ekki ástæðu til þess, að ganga inn á almennar ástæður fyrir þessu máli, því að það gæti gengið í það óendanlega, en þó get jeg ekki leitt hjá mjer, að víkja fáeinum orðum að kostnaðar-áætlun háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.). Hann vildi neita því. að áætlun okkar um stofnkostnaðinn væri á rökum byggð, en hann gleymdi alveg, að Flensborgarskólinn á stórt hús, er vjer ætlumst til að verði haft til íbúðar fyrir skólastjóra og heimasveina, og eins hinu, að hjer liggja fyrir tilboð um stækkun skólahússins og bygging leikfimishúss frá áreiðanlegum manni. Þá taldi hann það ómögulegt, að komast af með 4 kennara við hinn sameinaða skóla og vildi fetta fingur út í áætlun nefndarinnar um hinn árlega kostnað. En jeg verð að álíta, að jeg hafi fullt eins mikla reynslu og þekkingu á þessu máli eins og háttv. 6. kgk. þingm. (Stgr. J.), og auk þess hef jeg borið mig saman um þessa áætlun við reyndan mann í þessum efnum, nefnilega skólastjóra Jón Þórarinsson, og álítur hann það fje, sem við höfum áætlað, nægilegt til reksturs skólans; enda gefur að skilja, að í skóla með 4 bekkjum sjeu hafðir 4 kennarar. Í stjórnarfrumv. eru áætlaðir 3 bekkir og ekki nema 3 kennarar, og þar sem hjer er ekki gjört ráð fyrir nema 4 bekkjum, þá er nóg. að hafa 4 kennara. En við höfum líka áætlað 600 kr. til tímakennslu. Um námsstyrkinn skal jeg ekki deila, en jeg held, að hann sje nógu hátt áætlaður, og að það sje þeim mun ódýrara, að lifa í Hafnarfirði nú sem stendur.

Að því er snertir hinn árlega styrk til áhaldakaupa, þá hygg jeg vera nægilegt, að áætla hann 400 kr., og hef jeg einnig borið þetta atriði undir skólastjóra Jón Þórarinsson, sem álítur þessa upphæð fullkomlega nægilega. Viðvíkjandi upphæðunum, sem áætlaðar eru til viðhalds húsa og brunahótagjalds, 800 kr., og til ýmislegra útgjalda 500 kr., þá hygg jeg, að þessar upphæðir muni vera hæfilega ákveðnar, og get með engu móti fallizt á þær mótbárur, sem háttv. 6. kgk. (Stgr. J.) hafði fram að færa móti þeim. Annars held jeg, að öll kostnaðaráætlun hans sje byggð alveg í lausu lopti og fjarri öllum sanni, enda er það engin furða, þótt háttv. þm. beri ekki eins gott skyn á þetta mál, eins og jafn-hæfur og reyndur maður sem skólastjóri Jón Þórarinsson.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en vona, að háttv. deild samþykki breyt.till. okkar.

Ráðherrann. Háttv. framsögumaður (B. M. Ó.) hafði það eptir mjer,

að jeg hefði sagt, að það væri óheppilegt, að sameina þessa skóla, gagnfræðaskólann og kennaraskólann, vegna þess, að það væri að steypa saman tveimur ólíkum hlutum; en það hef jeg ekki sagt, heldur sagði jeg, að það væri óheppilegt, að sameina kennaraskólann, sem er landssjóðsstofnun, við privatstofnun, eins og gagnfræðaskólann í Flensborg, sem stendur undir stjórn nefndar, er sýslunefnd skipar, og mjer finnst það alls ekki ljóst fyrir mönnum, hvernig því sambandi verði háttað, eða á hvaða grundvelli samsteypan eigi að verða; þurfa menn ekki annað, en lesa nefndarálitið frá háttv. nefnd hjer í deildinni, til þess að sannfærast um, að mönnum er þetta samband alls ekki ljóst, enda held jeg, að það verði erfitt að finna fyrirkomulag, sem landssjóðnum yrði hentugt í slíkri fjelagssambúð við privatskólann. Jeg get naumast hugsað mjer, að komið yrði fyrir slíkri samsteypu, nema núverandi stofnskrá og reglugjörð Flensborgarskólans væri algjörlega umsteypt, skólinn lagður niður og annar skóli stofnaður á rústum hans. En um þetta er engin ósk frá hlutaðeigendum, er að Flensborgarskólanum standa.

Háttv. 4. kgk. þm. sagði, að það væri undarlegt, að það ætti að geta staðið Flensborgarskólanum fyrir þrifum, að hann væri privatstofnun. Því fer fjarri, að það sje mín meining. Jeg get að eins ekki sjeð, að það yrði Flensborgarskólanum til neinna þrifa eða viðgangs, að troða þessari stofnun upp á hann. Jeg hygg, að allir hljóti að vera sammála um það, að Flensborgarskólinn sje þarfleg og góð stofnun, eins og hann er, og að hann eigi ekki að leggjast niður; jeg álít sjálfsagt, að hann njóti styrks af landssjóði sem gagnfræðaskóli ekki síður en hingað til. Því fer svo fjarri að jeg haldi, að skólinn mundi fullnægja betur þeirri köllun, sem hann nú innir af hendi, ef þingið setti upp á hann kennaraskólahaldið, að jeg hygg, að samsteypan mundi þvert á móti gjöra það að verkum, að hann yrði lakari stofnun en nú, og mundi miklu síður en nú fullnægja köllun sinni sem alþýðuskóli.

Að því, er kostnaðinn snertir, og þegar borið er saman, hve mikið muni sparast í svipinn við það, að endurbæta húsið í Flensborg, í stað þess að byggja nýtt hús hjer í Reykjavík, þá er þess að gæta, að þær heimavistir, sem talað er um, að kennaraefni mundu geta fengið í Flensborg, eru ekki aðrar en þær, sem nú eru við gagnfræðaskólann, og mundu því dragast frá gagnfræðastofnuninni; hann verða lakari stofnun en hann er nú.

Jeg er mjög hræddur um, að það mundi alls ekki verða neinn sannur sparnaður að fylgja tillögum háttv. nefndar í því, að setja kennaraskóla upp í sambandi við Flensborgarskólann, heldur mundi það fyrirkomulag verða til þess, að rýra eða eyðileggja góða og blómlega gagnfræðastofnun, og jafnframt gjöra kennarafræðslu landsins lakari og óeðlilegri í fyrirkomulagi, heldur en ef sjerstakur skóli væri stofnsettur.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg get ekki skilið, að Flensborgarskólinn verði verri skóli fyrir það, þó kennaraskóli sje settur í samband við hann. En hvað því viðvíkur, að heimavistirnar sjeu dregnar undan gagnfræðaskólanum, þá er það ef til vill satt, en jeg ímynda mjer, að kennaraefni fái þar nú einnig heimavistir og þá verður sá eini munurinn, að eptir þessu frumv. hafa kennaraefnin forgangsrjett að heima-

vistunum. Og mjer er sem sagt ómögulegt að skilja, að Flensborgarskólinn versni, þó kennaraskóli komi í samband við hann og það því síður, sem þar er nú þegar kennaraskóli. Er jeg alveg forviða á, að jafnskýr maður og hæstv. ráðh. skuli geta látið sjer slíkt um munn fara.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) tók það fram, að Reykjavík væri eins góður staður fyrir kennaraskólann eins og Hafnarfjörður. Þetta getur vel verið. En það þarf meira til, til þess að ástæða geti verið til að fara að *flytja* kennaraskólann úr Hafnarfirði til Reykjavíkur, því kennaraskóli er þegar kominn á stofn í Hafnarfirði. Það er þetta, sem menn komast lengst í röksemdaleiðslu sinni, að jafnmiklar líkur sjeu til, að skólinn sje vel settur í Reykjavík eins og í Hafnarfirði, en það er engin sönnun fyrir því, að það sje þeim mun *betra* í Reykjavík, að þessvegna eigi að flytja skólann þangað. Viðvíkjandi kostnaðinum, þá er mjer það alveg óskiljanlegt, hvers vegna 4 bekkja skóli í Hafnarfirði þarf að hafa 6 kennara, þar sem gjört er í stjórnarfrumv. ráð fyrir 3ja bekkja skóla með 3 kennurum. Og hinn sameinaði skóli í Hafnarfirði hefur hingað til látið sjer nægja með 3 kennara og þá lægra launaða, en gjört er ráð fyrir að verði eptir þessu frumv. Annars hefur þessi sameiginlegi skóli í Flensborg fengið allt í allt af fjárframlagi rífar 6,000 kr. Menn álíta, og sjerstaklega hv. 6. kgk. þm., að nefndin áætli hinum sameinaða skóla alltof lágar tekjur og sjerstaklega þykir þeim hneykslanlega lágt, að ætla ekki nema 400 kr. til áhaldakaupa. Jeg veit ekki annað, en að Flensborgarskólinn eigi nú þau áhöld, sem hann strangt tekið þarf og hefur hann þó á ári hverju brúkað meira og minna af upphæð þeirri, er ætluð er til áhaldakaupa, til annara þarfa skólans; svo jeg get ímyndað mjer að 1,000 kr. yrðu þar nokkuð hátt tillag, þar sem hinn sameiginlegi skóli hefur brúkað á ári eitthvað um 250 kr. eða 300kr., að meðaltali undanfarið til áhalda.

Þá var það ein athugasemd, sem jeg gleymdi áðan, viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) sagði, að skólinn í Flensborg ætti að vera barnaskóli fyrir Garðahrepp. Í gjafabrjefinu stendur, að meðan rúm skólans leyfi og Garðahreppur styrki hann, c: leggi eitthvert fje fram til reksturs, þá hafi hann *heimild* til að nota skólann til barnakennslu. En þessa heimild er Garðahreppur löngu hættur að nota, enda hefur hann sjálfur byggt sjer barnaskólahús. Með því líka að það var bundið því skilyrði, að húsrúm leyfði, sem ekki hefur verið um langan tíma. Þá hefur verið sagt, að heimavistirnar væru teknar frá gagnfræðaskólanum og lagðar til kennaraskólans. Þetta er held jeg ekki rjett, heldur er þetta reglugjörðarspursmál, sem stjórnin á að ákveða um.

Annars skal jeg leyfa mjer að benda á, að þessar 28 heimavistir, sem nú eru í gamla húsinu, gjöra meira en nægja handa þeim, sem sækja kennaraskólann. Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta mál, því jeg álít það ekki til neins.

En jeg er sannfærður um það, að hvar sem skóli þessi verður stofnaður, þá mun hann ekki gefast betur en þar sem hann *er*. Jeg legg áherzlu á, að þó neyðst verði til að flytja kennaramenntunina, þennan skólavísi í Flensborg, burtu þaðan, til þess að málið strandi ekki á sama skeri og að und-

anförnu, þó finnst mjer það jafnvarhugavert, eins og ef trjám væri kippt hjer upp úr garðinum og þau flutt upp á Mýrar til að gróðursetja þau þar. Og get jeg enga skynsamlega ástæðu sjeð til sliks.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg stend ekki upp til þess að verja nefndarálitið; það hefur verið svo vel og rækilega varið af háttv. framsm. (B.M. Ó.), að á því er engin þörf. Það er að eins viðvíkjandi varatill. síðast í nefndarálitinu, sem jeg ætlaði mjer að gjöra dálitla athugasemd. Varatill. þessi fer fram á, að ef þessar breyt.till. nefndarinnar ekki verði samþykktar, þá verði samþykkt rökstudd dagskrá um, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frv. um kennaraskóla í sveit. Fyrir mjer hefur þetta mál allt af staðið þannig, að skóli þessi væri betur kominn í Hafnarfirði og er það fyrst og fremst með tilliti til kostnaðarins, af því jeg vil alltaf spara þar sem því verður við komið án tjóns eða óhagræðis fyrir þjóðina. Jeg skal játa, að jeg hef mikið hugsað um þetta atriði, og því lengur sem jeg hugsa um það, því betur sannfærist jeg um, að skólinn eigi hvorki að vera í Reykjavík nje Hafnarfirði og alls ekki í kaupstað, og á því er einmitt hin rökstudda dagskrá byggð. Það má halda svo margar ræður, sem vera vill og breiða sig út yfir, hve Reykjavík sje góður og hentugur staður fyrir kennaraskólann, jeg sannfærist aldrei um það. Og það er ómögulegt, að sannfærast um það; í fyrsta lagi þegar litið er til lífsins hjer í Reykjavík, án þess jeg fari frekar út í það, og í öðru lagi þegar þess er gætt, hve dýrt er orðið að lifa hjer, og hvað kennararnir fá í aðra hönd, þegar þeir hafa lokið þessu 3 vetra námi. Þetta held jeg að hverjum manni ætti að skiljast, að þar sem nú er orðið svo dýrt að lifa hjer, að það er 30% dýrara en á síðasta þingi og á næsta þingi getur það orðið 30% dýrara en nú, þá er ekki álitlegt að reisa hjer skóla, sem heimtar 3 vetra nám, fyrir menn, sem eiga svo von á 5—600 kr. árslaunum. Eptir því er varla hægt að búast við, að slíkur skóli yrði mikið sóttur, heldur miklu fremur líkur til, að hann stæði tómur að eins af þessari ástæðu.

Það hefur mikið verið rætt um þetta kennaraskólamál hjer á þingi, en það hefur verið forðast eins og heitan eldinn, að minnast á það, hverjar líkur væru fyrir því, að skólinn yrði sóttur, hvort það sje líklegt, að fátækir piltar úr sveit muni brjótast í því að ganga í skólann, til þess að eiga svo von á sultarlaunum sem kennarar, að afloknu námi. Það er þó varla meiningin, að skólinn eigi að standa auður af nemendum. Það má nú máske segja, að skólinn muni verða líkt sóttur, hvort sem hann er í Reykjavík eða Hafnarfirði; þó hafa kunnugir menn sagt mjer, að nú sje talsvert ódýrara að lifa í Hafnarfirði en í Reykjavík, þó það geti nú breytzt; en líkindin eru þó meiri fyrir því, að þangað muni fleiri sækja sem ódýrara er að vera. Það skal vanda, sem lengi á að standa, og jeg vil heldur, að málið dragist eitt fjárhagstímabil enn, heldur en að settur sje á fót skóli, sem mundi reynast fremur handa kennurunum en landslýðnum, sem skólann á að nota.

Þegar litið er á tilgang skólans og aðsókn að honum, þá er óhætt að segja, að nefndin í Nd. hefur spillt honum stórum frá því, sem til var ætlazt í stjórnarfrumv., með því að sleppa burtu ákvæðinu um heimavistirnar. Þegar því ákvæði er sleppt, þá renna á mig tvær grímur með að stofna kennaraskóla hvar sem er. Jeg vil segja,

að það geti ekki heitið almennilegur kennaraskóli, þar sem ætlazt er til að kennarar og nemendur hittist að eins í kennslustundunum, en nemendunum annars ætlað að sjá fyrir sjer sjálfum og spila upp á eigin spýtur, með að útvega sjer vist á við og dreif, máske á misjöfnum stöðum. Á þann hátt hverfa svo mjög áhrif kennaranna á nemendur, en koma í þeirra stað áhrif úr ýmsum áttum, og sumum sjálfsagt miður hollum. Jeg skal leyfa mjer, að benda á eitt í sambandi við þetta, og það er sú breyting, sem varð á, þegar heimavistirnar voru numdar af í lærða skólanum. Það hefur af mörgum verið kennt einstökum mönnum um ólag það, sem komst á skólann um þær mundir, en að minu áliti stafaði það mestmegnis af því, að heimavistunum var kippt burtu. Vjer getum borið um það, sem í heimavistunum vorum, hve óendanlega gott vjer höfðum af því, að vera undir daglegum áhrifum og umsjón kennaranna. Það er varla von, að það geti góðri lukku stýrt, þegar piltarnir hafa sama sem ekkert saman við kennarana að sælda, nema í sjálfum kennslustundunum, en þeir að öðru leyti lausir við skólann og áhrif hans, en seldir undir áhrif bæjarins, svona eins og þau eru upp og ofan. Það var margt einkennilegt og fróðlegt, sem hátthv. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði um skólann á Heydalsá. Það er fróðlegt að heyra það, sem hann sagði, að þar kostaði nemendur vistin ekki nema 4—4½ kr á viku, það er fróðlegt að bera það saman við Reykjavík, þar sem vikuvistin kostar sjálfsagt 8—10 kr., þrátt fyrir það þótt kennslan sje þar ókeypis. Með hliðsjón af þessu, og af ýmsum öðrum ástæðum, verð jeg að lýsa yfir því, fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, að þrátt fyrir það, þótt oss þyki leitt, að enginn kennaraskóli verði stofnaður í ár, þá munum vjer þó fremur kjósa að svo fari, en að hann verði settur í Reykjavik. Málinu er ekki heldur stofnað í neinn voða, þótt kennaraskóli komist ekki á í ár; jeg veit ekki betur, en að úr kennaradeildinni í Flensborg útskrifist 10—12 á ári eða fleiri, og meðan kennurum eru ekki boðin betri kjör en nú, þá trúi jeg ekki öðru, en að þjóðin uni við kennarafræðsluna í Flensborg næsta fjárhagstímabil. Þegar litið er á kennslugreinir þær, sem á að kenna í kennaraskólanum, þá eru þær flestar hinar sömu sem kenndar eru í gagnfræðadeildinni í Flensborg og í Akureyrarskólanum; það mun því í bráð vel mega nota gagnfræðamenn fyrir barnakennara, ef þeir eru skaplega að sjer. Jeg lít því svo á, að vjer munum geta komizt af stórvandræðalaust næstu tvö ár, þótt ekki sje stofnaður nýr kennaraskóli í ár. Jeg get líka lýst því yfir fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að fari svo, að kennaraskóli verði eigi stofnaður í Flensborg, þá viljum vjer, að skorað sje á stjórnina, og gjörum það að voru leyti, að undirbúa það undir næsta þing, að kennaraskóli verði settur í sveit.

Nefndin í háttv. Nd. eða að minnsta kosti sumir í henni munu og ekki hafa verið fjarlægir þessu; það kemur ljóslega fram í nefndaráliti hennar, en þar sem hún vill gjöra tilraun til, að setja kennaraskólann í Reykjavík, þá getur sú tilraun orðið nokkuð dýr, og jafnvel þótt gjört sje ráð fyrir, að hægt muni vera, að selja skólahúsið, þá verður það aldrei gjört nema með töluverðum afföllum.

ATKV.GR:

1. brtill. nefndarinnar (476) við 1. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 3.

2, brtill. nefndarinnar (476) við 2. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. brtill. nefndarinnar (476) við 3. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. brtill. nefndarinnar (476) við 4. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

4. gr. breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. brtill. nefndarinnar (476) við 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

6. brtill. nefndarinnar (476) við 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 546 við 5. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

7. brtill. nefndarinnar (476) við 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 546 við 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

5. gr. breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

8. brtill. nefndarinnar (476) við 6. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

6. gr. breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

9. brtill. nefndarinnar (476) við 7. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

7. gr. breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

10. brt. við 8. gr. sþ. með 9 shlj. atkv.

11. brt. við fyrirsögn frv. sþ. með 9 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin þannig breytt sþ. án atkv.gr.

Frv. visað til 3. umr. í e. hlj.

Á 49. fundi Ed.; þriðjudaginn 10. september, kom frv. til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg (A 607) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 10 shlj, atkv. og endursent forseta Nd.

Á 49. fundi Nd., fimmtudaginn 12. september, kom frumv. (A 612, 675) til einnar umr.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (þm. Skgf.): Það er einkennilegt við þetta mál, að það hefur verið á prjónunum allt kjörtímabilið. Það er búið að ganga gegn um 21 umr. á þrem þingum með sömu mönnum. Nú — við 22. umr. málsins, er að líkindum óþarfi að halda langa ræðu, því mönnum ætti að vera orðið málið nokkurn veginn ljóst, enda er það líka mjög einfalt. Það, sem deilan stendur um, er það sama, sem hún alltaf hefur staðið um, hvort skólinn skuli vera í Reykjavík eða í Hafnarfirði. Það er furðanlegt, en þó satt, að um þetta hafa sömu mennirnir rifizt nú í 6 ár.

Það væri nú kannske ástæða til þess, að fara út í þau rök, sem Ed. færir fyrir því, að hafa kennaraskólann í Hafnarfirði. En það vill svo vel til, að þau eru öldungis þau sömu nú, og þau voru bæði í fyrra og hitt eð fyrra og árið þar áður, og mótbárurnar verða þá auðvitað þær sömu líka. Þær hafa verið teknar upp á tveimur undanfarandi þingum, og enn fremur á þessu þingi í nefndaráliti voru og framsögu um daginn, og get jeg vísað til þess.

Jeg skal drepa lauslega á kostnaðarhliðina, því það er helzt hún, sem hefur komið hiki á atkvæði sumra háttv. deildarmanna. Jeg skal þá geta þess, að Ed. setti stofnkostnað skólans í Rvík allt annan, en hann var í því frv., sem lagt var fyrir deildina. Hjer var hann áætlaður 30,000 kr., og var það talið nægja til þess, að byggja fyrir vandað hús og nægilega stórt, og til þess að kaupa nauðsynleg áhöld og innanstokksmuni. Ed. hækkar þetta um 10,000 kr. og bætir svo ofan á 3,500 kr. fyrir leikfimishús. Hún gjörir því allan kostnaðinn 43,500 kr.

Hinu megin setur svo Ed. 6,000 kr.

til þess að bæta ofan á húsið í Hafnarfirði. Þar á kennaraskólinn að hafa 2 — tvær — kennslustofur, og auk þess eitt herbergi fyrir kennara og safnherbergi, og á skólinn að hafa þau herbergi tvö í samlögum við gagnfræðaskólann. Þetta eru nú húsakynnin, sem eru ætluð þessum landsskóla, sem á að undirbúa kennara landsins til þess að leggja grundvöllinn undir menntun íslenzkrar alþýðu á komandi tímum!

Enn fremur hefur Ed. áætlað 1,000 kr. fyrir áhöld. Það telur hún muni nægja í Hafnarfirði, en 5,000 kr. álítur hún að þurfi til þessa í Reykjavík. Hún rökstyður þetta með því, að í Flensborg sje mikið til af áhöldum. En sje svo mikill munur, að Flensborgarskóli eigi áhöld fyrir 4,000 kr., þá hlýtur kennaraskólinn að geta gjört tilkall til mikils hluta þeirra, því það er kunnugt, að það er aðallega vegna hans, sem sje hefur verið veitt Flensborgarskólanum til áhaldakaupa. Að minnsta kosti gæti hann gjört tilkall til helmingsins eða allt að því. En þó jeg nú sleppi þessu, þá nær þetta engri átt, því fyrir utan kennsluáhöld þarf þó líklega eitthvert »inventar«, þó skólinn sje í Hafnarfirði. Og það eitt getur ekki orðið minna en 2,000 kr. Hjer verður því að bæta við að minnsta kosti 1,000 kr. og jafnvel meira. Mjer telst svo til, að skólinn geti ekki kostað minna en 15,000 kr., þegar leikfimishús er með talið. Reyndar er mjer það alveg óskiljanlegt, að hægt sje að byggja leikfimishús fyrir 3,500 kr. með öllum áhöldum, ef það leikfimishús á að vera líkt leikfimishúsum annarsstaðar.

Jeg gæti hugsað mjer, að það væri hægt, að koma upp hússkrokknum sjálfum fyrir það verð, en áhöldum alls engum. Og þau kosta ekki minna en 1,600—2,000 kr. Og hvað fær maður svo fyrir þessar 15,000 kr.? Leikfimishús og tvær kennslustofur, og svo lítið herbergi að auki. Ed. gjörir svo ráð fyrir 28 heimavistarplássum frá alþýðuskólanum; hvernig getur hún nú búizt við, að hann láti þau af hendi fyrir ekki neitt? Og ef gagnfræðanemendum er byggt út, er það þá ekki skaði fyrir Flensborgarskólann? Heimavistaherbergin í Flensborg eru lág undir lopt og lítil. Það væri hægt að útvega nemendum miklu betra húsnæði, að minnsta kosti, ef skólinn væri hjer í Reykjavík. Og hve lengi mundu menn una við þetta? Jeg býst ekki við, að það yrði lengi. Því yrði að byggja nýtt heimavistarhús, og mundi það ekki geta kostað undir 30,000 kr., því það yrði að vera með tómum smá herbergjum. Það er nú á tímum talin allt of mikil hætta, að láta marga menn sofa saman í stórum sölum. Í þessum skóla eiga, sem sagt, að vera tvær kennslustofur. En þá er ekki rjett, að bera hann saman við 30,000 kr. skólann í Reykjavík, því skóla með tveimur kennslustofum mætti sem bezt byggja fyrir 25,000 kr. Og vilja menn svo vinna það til fyrir þessar 10,000 kr., að klastra þessum landsskóla saman við Flensborgarskólann? Fyrir 30,000 kr. má byggja skóla með 3 kennslustofum, skólaskrifstofu, íbúð handa skólastjóra, handavinnustofu og góðu geymslurúmi. (*Lárus H. Bjarnason*: Hvar er sú áætlun?) Við höfum enga áætlun, en við höfum lagt þetta niður með byggingarfróðum manni. Ed. hefur fengið beint tilboð, en það húsnæði, sem hún býður skólanum, er alveg ófullnægjandi. En allt þetta er gjört að eins til þess, að teygja skólann suður í Hafnarfjörð, og láta hann svo sitja þar, hvað sem hann kostar.

Um áætlun Ed. vil jeg geta þess, að 4 kennarar geta alls ekki nægt. Það er ómögulegt, að kenna öllum þeim fjölda í tveim deildum; það verður að skipta þeim, og þá yrðu alls fimm kennslustofur og fjórir kennarar. Með einum tímakennara mundi hver kennari þurfa að hafa 30 tíma á viku, en það þykir allstaðar annarsstaðar of mikið.

Auk þess er þess að gæta, hve erfitt það yrði í Hafnarfirði, að fá hæfa tímakennara, t. d. í dráttlist, leikfimi, handavinnu og söng; en það ríður mikið á því, að hafa góða kennara við slíkan skóla.

Jeg skal svo ekki fjölyrða mikið meira um þetta, en að lokum benda á eitt atriði, sem mjer væri ómögulegt að ganga inn á, þótt öllu öðru sje sleppt. Það er það, að eptir till. háttv. Ed. á neðri deild gagnfræðaskólans að samsvara neðstu deild kennaraskólans. En hvernig verður nú neðri deild gagnfræðaskólans skipuð? Í hana setjast unglingar 14—15 ára; það er hugsanlegt, að sumir verði eldri, en flestir verða þó á þessu reki; með þessum drengjum eiga nú að setjast á skólabekkina 22—25 ára gamlir menn, því ekki má setja aldurstakmarkið of fast að ofan, því að margir munu vilja byrja á þessu, sem orðnir eru nokkuð gamlir og engrar fræðslu hafa notið áður, og verða því að setjast í neðsta bekk. Að kenna þessu fólki saman virðist mjer frá skólalegu sjónarmiði sjeð, alveg ófært. Það er einmitt þetta sker, sem allstaðar verður að synda fyrir. Það hefur verið reynt, t. d. í menntaskólanum, og þetta skilja allir, svo að jeg ætti ekki að þurfa að fara fleiri orðum um það.

Loks skal jeg geta þess, að það er einkennilegt, að Ed. leggur aðaláherzluna á kostnaðinn, meðan hún miðar við Hafnarfjörð sem skólasetur. En ef skólinn verður ekki þar, þá vill hún hafa hann uppi í sveit, það er með öðrum orðum, að í annari tillögunni vill hún sparnað, en í hinni tillögunni eyðslu, því að þar hugsar hún einungis um staðinn, en sjer ekki eptir svona 60—70,000, því að fyrir minna er ekki að tala um, að koma upp góðum og fullkomnum kennaraskóla uppi í sveit. Jeg vona því, að eitt sje orðið ljóst af því, sem jeg hjer hef sagt, og það er það, að það sje að minnsta kosti varhugavert, að treysta áætlun Ed., og breyta skoðun sinni af þeim ástæðum, er hún hefur fært í þessu máli.

Nýjar upplýsingar eru engar komnar fram hjá háttv. Ed., hún hefur eiginlega ekki komið með neitt, nema þessa áætlun, því að ástæðan, að Hafnarfjörður sje betri en Reykjavík, er svo marghrakin, að engum ætti að geta dottið í hug hennar vegna að flytja skólann úr elzta og stærsta kaupstað landsins í þann yngsta og minnsta. Hitt hefi jeg opt tekið skýrt fram, að hjer sje ekki nema um tvennt að velja, ef menn vilja ekki hafa skólann í Reykjavík, þá verður hann að verða í sveit og þá verður líka að sleppa allri sparnaðarhugsun.

Jeg vona því, að hinir sömu háttv. þm., sem áður hafa greitt atkv. með því, að hafa skólann í Reykjavík, muni gjöra það enn þá, og það er með því eina móti, að það mál hafi öflugt fylgi hjer í deildinni, sem því getur orðið framgengt. En ef menn vilja nú drepa það í þriðja sinn, þá er auðvitað hitt ráð, að láta undan síga. En það vona jeg, að hv. deildarmenn muni aldrei láta svo mikið undan síga, að þeir sþ. ekki þessar brt. okkar.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.):

Jeg hef ekki fyr tekið til máls á þessu þingi um þetta mál. En nú hefur ræða hv. framsm. (St. St.) gefið mjer tilefni til að standa upp þrátt fyrir það, að jeg ætlaði að leiða þetta mál alveg hjá mjer. Þegar jeg hefði lesið nefndarálit háttv. Ed., gat mjer ekki blandazt hugur um, að hún hafði á rjettu máli að standa, og jeg gat ekki sjeð, að nokkur hlutur mælti með því, að kennaraskólinn væri fluttur til Reykjavíkur. Jeg verð að segja, að það er hið langrökstuddasta nefndarálit, sem fyrir mín augu hefur komið á þessu þingi.

Hv. framsm. ljet þess getið, að þetta væri 22. umr. málsins hjer á þingi. Það er sorglegt, að svo skuli vera, og málið þó óútkljáð enn. En hverjum er það að kenna? Hverjum nema hv. Nd. og menntamálanefndum hennar. Og enn sorglegra er það, að hv. framsm. mælir með því, að þessi 22. umr. verði ekki hin síðasta, heldur skuli þar á eptir koma 23. og síðan 24., unz málið verður lagt enn þá á höggstokkinn. Og þeim mun sorglegra er það, sem um það eitt ágreinings-atriði er að ræða, hvort þessi skóli skuli vera 1 mílu norðar eða sunnar á Íslandi. Þetta viðurkenndi líka háttv. framsm., að hefði verið eina deiluefnið. En rök færði hann engin fyrir því, fremur en að undanförnu, hversvegna þessi skóli ætti endilega að vera í Reykjavík, en ekki í Hafnarfirði, þar sem nú hefur verið kennaraskóli í 16 ár og gagnfræðaskóli í 25 ár og gengið vel. Jeg get ekki sjeð, að æðimikill munur sje á stofnkostnaðinum, því að Nd. gjörir ráð fyrir nærri því eins miklum kostnaði til skólans án heimavista, eins og Ed. með heimavistum. Eða rjettara sagt, mismunurinn er öfugur við það, sem hv. framsm. vildi vera láta. Mjer er kunnugt um, að Ed. hefur byggt kostnaðaráætlun sína á áliti Jóns Þórarinssonar skólastjóra, sem hefur framsett skýrt og reikningslega nákvæmt, hvernig skólanum þyrfti að vera fyrir komið, ef hann yrði í Hafnarfirði.

Háttv. þm. gat þess, að Ed. hefði áætlað kostnaðinn of hátt með því að færa hann upp í 40,000 kr. Jeg verð að segja, að þó jeg hefði viljað láta það hjá liða að andmæla háttv. framsm. (St. St.) um það, hvar skólinn eigi að standa, þá hefði jeg þó aldrei getað látið því ómótmælt, að nefndin hjer vill endilega gjöra skólann ómögulegan með því að klípa af honum heimavistirnar. Með þeim hætti var vandalaust að spara 10,000. Skólinn var því að eins mögulegur í Reykjavík, að nemendurnir hefðu getað lifað eins og í veri með skrínur sínar í skólanum. Einungis sem heimavistarskóli hefði skólinn getað þrifizt í Reykjavík, svo dýrt er nú orðið að lifa þar. En þetta fyrirkomulag hefur nefndin fellt burtu, að eins til þess að sýna í svip, að skólinn yrði ekki dýrari hjer en í Hafnarfirði. Rjett er það að vísu, að skólinn þarf leikfimishús, hvort sem hann er hjer eða í Hafnarfirði. En þar sem háttv. framsm. kvað ekki unnt að koma upp viðunandi leikfimishúsi fyrir 3,500 kr., sakir þess að til þess þyrftu áhöld fyrir 1,600—2,000 kr., þá skal jeg játa, að um það get jeg ekki dæmt, hversu dýr áhöld þyrftu, en hitt tel jeg víst, að fyrst þetta stóra og sterka skólahús, er nýreist er í Hafnarfirði, hefur ekki kostað nema 7,086 kr., þá muni auðvelt að koma þar upp leikfimishúsi fyrir 1,500—2,000 kr. fyrir utan áhöldin. Auk þess er svo mikið til af áhöldum við skólann í Hafnarfirði, eins og sjá má af skýrslu skólastjóra, að þar mun ekki

þurfa miklu við að bæta. (*Stefán Stefánsson* Skagf.: Skólastjóri á þar ekki við leikfimisáhöld!). Það má vel vera. En í öllu falli er þar svo mikið til af almennum áhöldum, að nægilegt mun verða að verja 1,000 kr. til þess að kaupa í viðbót við þau. Þá ljet h. frsm. sjer þau undarlegu orð um munn fara, að ekkert skólahús væri til í Flensborg nema gamall hjallur. Jeg hjelt þó, að öllum væri kunnugt, er hafa kynnt sjer þau skjöl, er þessu máli við koma, að nýlega hefur þar verið byggt stærðar skólahús (15×30 ál.); og jeg þarf ekki að bæta því við, að í því húsi er skólanum ætlað að vera. Það mundi að eins kosta um 6.000 kr., að byggja ofan á það. Til þess að kaupa þetta hús, þegar þannig hefur verið gjört við það. hefur efri deild áætlað 20,000 kr. Hefur þá kennaraskólinn sjerstakt hús út af fyrir sig, nýtt og og vel byggt, hvort sem húsið yrði notað uppi eða niðri fyrir kennaraskólann.

Háttv. framsm. (St. St. Skgf.) kvað 4 kennara ekki mundu nægja, heldur yrðu þeir að vera 5. Gagnvart þeim ummælum skal þess getið, að í Hafnarfirði hefur skólastjórnin þegar gjört ráð fyrir að fá bætt við einum kennara og þingið veitt fje til þess. En mundi þess eigi verða þörf, hvar svo sem skólinn væri, að auka kennslukraptana eptir því sem nemendafjöldinn fer vaxandi. Þess mundi því líka þurfa í Reykjavík, svo framarlega sem skólinn fengi þar verulega aðsókn. Þessi mótbára háttv. þm. er því þýðingarlaus í þessu sambandi. Það hefur verið haft að aðalástæðu gegn Hafnarfirði jafnt á þessu þingi, sem á tveim undanförnum þingum, að þar sje ekki hægt að fá tímakennara með nægri sjerþekkingu, t. d. í söng og dráttlist. Jeg hef ekki orðið þess var, að nein vandræði hafi af því hlotizt til þessa. Síðastliðinn vetur var t. d. Sigfús Einarsson fenginn til að kenna söng við Flensborgarskólann. Og þannig mundi jafnan mega fá kennara frá Reykjavík, og það beztu kennara, ef þeirra væri vant í Hafnarfirði.

Háttv. framsm. lagði ennfremur mikla áherzlu á það, hversu illa það væri til fundið, að leggja neðri deild kennaraskólans í Flensborg til jafns við neðstu deild hins fyrirhugaða kennaraskóla. Jeg verð að játa, að mig skortir skólafróðleik til að dæma um það. En jeg get skírskotað til álits þeirra Jóns Þórarinssonar og sjera Magnúsar Helgasonar um það efni, og tel jeg þá hafa fullt svo mikla þekkingu til að dæma um það, eins og þá menn, sem hjer eiga sæti.

Það hlýtur að hafa verið mismæli hjá háttv. framsm., er hann sagði, að hjer væri verið að flytja kennaraskólann frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Hjer hefur aldrei verið kennaraskóli; aptur á móti í 16 ár verið kennaraskóli í Hafnarfirði. En þar sem háttv. framsm. sagði seinast, að eina ráðið til að bjarga málinu, væri að samþ. brtill. menntamálanefndarinnar, þá er það þvert á móti; ef þær verða samþ. í kvöld, þá er málið lagt á höggstokk; það verður til þess að drepa það í þriðja sinn og fresta því um óákveðinn tíma. Þingið hefur nú bakað sjer ábyrgð með því, að senda fræðslufrumv. út til þjóðarinnar, sem heimtar frekari fræðslu barna og að hún fái sjer góða kennara. Það hvílir sú skylda á þinginu, að útvega þessa kennara, og það verður að gjöra einhverjar ráðstafanir í þá átt. En ef háttv. deild samþ. þessar breyt.till. í kvöld, þá mun fara svo, að þeim verði steypt í Ed. og frumv. síðan fellt í Sþ. eins og síðast. Það

hvílir sú skylda á háttv. deild, að afstýra þessum málalokum.

Jeg held jeg hafi svarað flestum þeim atriðum, sem háttv. framsm. tók fram, og jeg vil ekki lengja umr. um þetta mál í kvöld, enda er það þýðingarlaust. En jeg vona, að háttv. deild telji til 10, áður en hún samþ. þessa breyt.till. og hættir frumv. limlestu út úr deildinni.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Jeg ætla mjer ekki að taka upp aptur það sem jeg sagði áðan, heldur að eins svara þm. G.-K. (B. Kr.) að því leyti, sem hann hjelt þar fram, að deildin bakaði sjer ábyrgð með því að ganga að hreyt.till. nefndarinnar. Hann byrjaði með því að spyrja, hverju það væri að kenna, að málið kæmi nú til 21. umr. og hefði verið á döfinni í 6 ár; hann svaraði sjer sjálfur og sagði, að það væri háttv. Nd. að kenna. Þetta er einkennileg kenning hjá háttv. þm. Jeg veit ekki betur, en að í öllu fjelagslífi sje þeirri reglu fylgt, að meiri hlutinn ráði, en minni hlutinn láti undan. Nú er því svo varið, að frá því málið kom fyrst á þing, hefur meiri hluti þess alltaf verið með því, og seinast nú voru 19 atkv. með frumv. í Nd. Í Ed. voru þrír með því, og þrír sátu; með öðrum orðum meiri hluti þingsins, er með frumv.

Jeg hef fengið upplýsingar um, að það sjeu þm. í Ed., sem er svo annt um þetta mál, að þó þeir vilji heldur hafa skólann í Flensborg, þá vilja þeir þó heldur samþ. frumv. eins og Nd. skildi við það, en að láta málið falla; svo annt er Ed. um þetta mál. Ef nú þessi meiri hluti hjeldist, þá er málinu áreiðanlega borgið í Sþ., því auk þessara 22, sem greitt hafa atkv. með frumv., þá mundu fleiri bætast við. Jeg vil ekki nefna nöfnin hjer, en eptir fund mun jeg gefa upplýsingar um það; jeg veit að þeir standa við orð sín. Jeg sje því ekki betur, en að það sje háttv. Ed. að kenna, að málið er komið í óefni. Í þrjú ár hefur hún sett sig á móti miklum meiri hluta í Nd. og þó nokkrum minni hluta í Ed. Það væri undarleg regla, ef Nd. ætti alltaf að láta undan Ed. Ed. væri sæmra að slaka til, þegar hún sjer, að hún er í minni hluta á þinginu.

Þá drap háttv. þm. á leikfimishúsið og sagði, að þess væri þörf bæði í Hafnarfirði og Reykjavík. Jeg neita því. Landið á gott leikfimishús við menntaskólann; það gæti kennaraskólinn líka notað; það er óþarfi að byggja sjerstakt leikfimishús fyrir hvern skóla; að plássið sje ekki nóg, það er heldur ekki rjett. Jeg veit ekki til, að nemendur menntaskólans sjeu þar allan daginn, og þá gætu skólarnir skipzt á um það. Sá kostnaður kemur því ekki til greina, ef skólinn er í Reykjavík; þá upphæð getur háttv. Ed. strykað út. Annars hlýtur kostnaðurinn við Hafnarfjarðarskólann að verða meiri, en Ed. gizkar á. Leikfimisáhöld geta ekki kostað minna en 1600—2000 kr., auk þess vantar þar önnur kennsluáhöld; jeg hef að minnsta kosti ekki sjeð þau í Hafnarfirði, og mjer finnst fræðslumálaráðanauturinn helzt til nægjusamur, ef hann álítur nóg af kennsluáhöldum í Flensborg. Jeg benti á áðan, að mikið fje færi í áhöld, jeg vil benda á, að borðin ein í bekkina kosta um 500 kr. Þetta er aðeins einn útgjaldaliður. Auk þess þarf auðvitað einhverja skápa, stóla og sitt af hverju í kennaraherbergin. Enn fremur sagði háttv. þm., að í Hafnarfirði væri til hús fyrir skólann, og vildi gjöra mig ósannindamann að

þeim orðum, að kennaraskólinn hefði að engu að hverfa i Hafnarfirði nema gömlu húsi. Jeg stend við þetta, því að hitt húsið, nýja húsið, er fyrir gagnfræðingana. En það má auðvitað bæta við það, byggja ofan á þennan neðri part handa kennaraskólanum.

Háttv. þm. sagði, að hægt væri að fá kennara úr Reykjavík handa skólanum, það getur verið, en ekki fyrir sama kaup, það er óhugsandi. Ef menn hugsa sjer að fá búsetta menn i Rvík til að kenna við skólann, verður að hækka kennslueyrinn að miklum mun, ef kenna á jafnmarga tíma og gjört er ráð fyrir. Jeg ætla ekki að eyða tímanum með því, að tala lengur um þetta mál. Öllum hlýtur að vera það svo ljóst, jeg vona, að háttv. Nd. haldi við sitt fyrra atkvæði og vinni bug á mótþróa Ed. og leiði þannig málið heppilega til lykta. Mjer er þetta áhugamál. Jeg vil ekki beint setja það á odd, hvar skólinn eigi að standa. En jeg veit, að við fáum ekki góðan kennaraskóla með því að fara að klastra honum við skólann i Flensborg; frá því get jeg ekki vikið.

Á síðasta þingi var mjer svo mikið áhugamál að fá kennaraskóla, að jeg greiddi atkv. með honum i Flensborg, en nú get jeg það ekki, hvað sem það kostar.

Ráðherrann: Jeg er algjörlega samdóma háttv. framsm. um þetta mál; jeg er ekki hræddur um, að það mundi verða að leggja málið á höggstokkinn, þótt því yrði breytt nú hjer i deildinni, heldur hef jeg einmitt beztu vonir um, að það muni fá góðan framgang, og jeg er hinum hv. frsm. þakklátur fyrir áhuga hans á þessu máli og vona, að hann leiði það til sigurs. Það var að eins breyt.till við 3. gr., sem jeg vildi spyrja hinn háttv. framsm. um, hvort það er að eins meiningin, að menn geti gengið inn i skólann á hvaða stigi sem vera skal, eða hvort menn eiga að fá að ganga undir próf, þó að þeir ætli ekki i skólann; jeg get ekki sjeð, að það sje rjett, að menn sjeu að ganga undir ársprót, sem ekki er um leið burtfararpróf, nema að þeir ætluðu sjer að vera i skólanum áfram. Um þetta vona jeg að háttv. framsm. gefi mjer svar.

Framsögumaður Stefán Stefánsson, (2. þm. Skgf.): Jeg gleymdi að geta þess, að meiningin með þessu ákvæði er engin önnur en sú, að menn geti gengið inn i skólann á hvaða stigi sem er. Það hefði kannske mátt orða það betur, en mjer finnst það vera nóg, þegar þess er getið i framsögunni, hvernig nefndin skilur það; i tillögunni stendur líka »má leyfa« og þá er allt af hægt að setja skilyrði á eptir.

Björn Kristjánsson, (1. þm. G.-K.): Jeg hef lítið að segja, því háttv. frmsm. (St. St.) gekk svo lítið inn á það, sem jeg sagði. Hann sagði, að það væri víst, að 22 atkv. i þinginu fengjust með því, að skólinn yrði i Reykjavík. En jeg fyrir mitt leyti hygg, að það sje ekki víst, að skólinn komist á, ef það verður haldið fast við það að hafa hann i Reykjavík. Jeg fyrir mitt leyti tel miklu líklegra, að það verði einmitt til þess að fella hann. Það þarf 26 atkv. i sameinuðu alþingi til að samþykkja frumvarp, og jeg veit ekki, hvaðan hinn háttv. þm. ætlar að fá það, sem til vantar. Jeg gjöri ráð fyrir, að þeir muni verða margir, sem hika sjer við að breyta frumv. nú. Menn munu heldur sætta sig við það, að senda það út úr deildinni eins og hin hv. Ed. hefur gjört það úr garði; því engin rödd i þessu landi, utan þingsins, hefur heyrzt á móti því, að

skólinn væri í Hafnarfirði. Og engin ósk hefur komið fram um það, að hafa skólann í Reykjavík, nema frá einstöku háttv. þm. í Nd.

Það má metast um það, hver eigi að víkja, hvort heldur minni hlutinn eða meiri hlutinn; það getur opt verið, að minni hlutinn fari með rjett mál. Það er alls ekki víst, að það sje æfinlega heppilegast, að minni hlutinn beygi sig fyrir meiri hlutanum; það sýnir sig í mörgum málum, og jeg álít, að þetta sje einmitt eitt dæmi þess.

Jeg skal játa það, að það er dálítið eðlilegt, að hinn háttv. framsm. álítur, að kennsla sjerfræðinga í ýmsum greinum mundi verða dýrari í Hafnarfirði heldur en hjer, en það hefur sýnt sig, að skólareikningurinn fyrir Hafnarfjarðarskólann í heild sinni er ekki hærri, en fyrir aðra samskonar skóla hjer á landi, og mjer finnst þess vegna ekki rjett að taka tillit til þess, þó einstakir tímar sjeu dýrari.

Jeg held, að það sje ekki fleira, sem jeg á eptir ósvarað, því jeg man ekki eptir, að háttv. framsm. tæki fleira fram því viðvíkjandi, sem jeg hef sagt.

ATKV.GR.:

Br.till. við 1. gr. samþ. með 16 atkv. gegn 2.

Br.till. við 2. gr. sþ. með 15 atkv.
— — 3. — — — 16 —
— — 5. — — — 16 —
— — 7. — — — 16 —
— — 8. — — — 16 —
— — fyrirsögn frumv. sþ. með 15 atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 16 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 54. fundi Ed., föstudaginn 13. septbr., kom frv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík (A 686, 692, 693) til einnar umr.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefur nefndin klofnað, og er jeg því ekki framsögumaður nema minni hlutans; vona jeg, að hinir nefndarmennirnir gjöri grein fyrir sínum brtill. Að því er mig snertir, skal jeg geta þess, að skoðun mín hefur ekki breytzt, en jeg fjölyrði ekki frekar um hana, þar sem hún er deildinni kunn af nefndarálitinu og framsögu málsins hjer í deildinni. Hins vegar vil jeg taka það fram, að jeg er ekki samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum, sem vilja afgreiða málið með rökstuddri dagskrá; jeg vil, að deildin haldi fram sömu stefnu og áður í málinu, og vil jeg því óska, að br.till. mínar nái fram að ganga í deildinni. Jeg get ekki sjeð, að deildin geti gengið frá því, sem hún áður hefur samþ. í því nær e. hlj. Og hjer er einungis um eina viðbót að ræða, nefnilega við 3. gr., um að þeir, sem fengizt hafa við barnakennslu minnst 3 ára bil, megi ganga undir burtfararpróf kennaraskólans. Þessi viðauki er gjörður til þess að koma á móti Nd., sem hefur sett inn ákvæði í þessa átt; hjá mjer er þetta atriði nokkru skýrara. Jeg vil að yfirstjórn fræðslumála geti gefið utanskólanemendum þetta leyfi. Þeir, sem hafa fengizt við barnafræðslu, eiga því að geta gengið á skólann og tekið burtfararpróf, án þess að hafa setið í skólanum. En til þess að þeir geti það, verða þeir að hafa fengizt við kennsluna minnst 3 ára bil; jeg álít ekki nægja 2 ár, eins og Nd. samþ. Jeg held ekki, að maður verði eins góður kennari með »praktiskri« æfingu eins og með »teóretiskri« kennslu í tvö ár.

Ef þessar brt. mínar verða felldar

og frv. Nd. verður látið standa, hef jeg komið fram með varatill. sem eru í samræmi við hinar till. Við 1. gr. gjöri jeg þá breyt.till., að leikfimishúsi verði bætt við, og fjárveitingin hækkuð úr 30,000 kr. upp í 43,500 kr. Við 2. gr. vil jeg bæta ákvæði um, að 20 heimavistir skuli vera í skólanum. Það var svo til ætlazt í frv. stjórnarinnar, að heimavistir yrðu við skólann, en þessu breytti Nd., og tel jeg það mjög óheppilegt; jeg álít, að helzt ættu að vera heimavistir fyrir alla þá nemendur, sem koma úr sveit; jeg tel það miklu heppilegra fyrir pilta, sem hvergi eiga höfði sínu að að halla, að þeir eigi heimili í skólanum, heldur en að þeir búi út í bæ. Að þessu leyti var frv. stjórnarinnar miklu betra, en frv. Nd. Auk þess álít jeg nauðsynlegt, að skólinn eigi sitt eigið leikfimishús. Það hefur verið bent á lærða skólann og vísað til leikfimishúss hans handa kennaraskólanum. En jeg veit af eigin reynslu sem gamall skólastjóri, að það e e' k' hollt að tveim skólum sje þannig blandað saman. Jeg álít því alveg nauðsynlegt, að þessar tvær breytingar sjeu gjörðar á frv. Nd.: að skólinn fái sitt sjerstaka leikfimishús, og að heimavistir (helzt fleiri en 20) verði við skólann. En þá verður að hækka fjárveitinguna til skólans upp í 43,500 kr. að minnsta kosti. Til heimavistanna tel jeg 10,000 kr. nægilegar og byggi þar á áætlun stjórnarinnar, sem áætlaði stofnkostnaðinn 40,000 kr. með 20 heimavistum. Til leikfimishússins áætla jeg 3,500 kr. og fer eptir upplýsingum, sem fram hafa komið um, hvað það mundi kosta við skólann í Hafnarfirði. Þó er ekki gjört ráð fyrir neinum áhöldum, en það er heldur ekki gjört í áætluninni um skólann í Flensborg. Jeg vona að þessar varabrt. verði samþ., ef svo skyldi fara, að aðalbrt. yrðu felldar.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það fór ver en skyldi með nefndina, þar sem hún klofnaði, og vil jeg taka það fram, að ágreiningurinn er meiri í orði en á borði Þótt meiri hluti nefndarinnar, eins og nú er komið málinu, hallist að því, að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, get jeg samt lýst því yfir fyrir hönd meiri hlutans, að við munum eindregið greiða atkv. með brt. hv. minni hluta, ef svo fer, að dagskráin verður ekki tekin til greina.

Jeg vil ekki deila við hv. Nd. um málið, en vil einungis taka það fram, að við höfum ekki sannfærzt um, að tillaga okkar um, að hafa skólann í Hafnarfirði, sje óheppileg. Það kann einhver að segja,að við leggjum of mikið kapp á þetta atriði málsins; en jeg segi fyrir mig, að jeg get ekki varið það fyrir samvizku minni, að víkja frá þeirri sannfæringu, að rjettast og hollast sje, að haga málinu eins og gjört var við 3. umræðu hjer í deildinni.

Eins og nefndarálitið ber með sjer, þá ráðum við hinni háttv. deild til þess, að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Þetta er algengt, þegar um mál er að ræða, sem ekki eru þannig vaxin, að heppilegt sje, að þau fái fram að ganga, að svo komnu máli. Það má segja, að málið sje nú rætt svo lengi og vel, að það megi vera öllum ljóst; en samt vantar nokkuð á. Meiningamunurinn milli deildanna er enn meiri en svo, að skoðanirnar geti samrýmzt. Þetta er illt, en hjá því verður ekki komizt.

Jeg og meiri hluti hjer í deildinni höfum haldið því fram, að kennaraskólinn ætti að vera í Hafnarfirði, fyrst og fremst af því, að sá skóli hefur

»traditiónina« með sjer, og engin ástæða er til þess, að flytja hann þaðan til Reykjavíkur. Skólinn hefur gengið ágætlega þar, og samkomulag milli kennara og lærisveina hefur verið hið bezta og aðsóknin aukizt ár frá ári. Jeg er á móti því, að rífa þennan skóla, sem hefur þrifizt svona vel þarna sem hann er, upp með rótum. Það væri líkt og ef einhver vildi rífa upp einhverja álitlegustu hrísluna úr alþingishússgarðinum og gróðursetja hana suður á Melum til þess að sjá, hvort hún þrifist ekki betur þar; jeg hygg, að enginn mundi ljá því athæfi lið. Hríslan væri tekin úr skjóli garðsins, þar sem hún hefur fest rætur, og flutt út á hættulegt bersvæði. Nú hefur kennaraskólinn í Hafnarfirði fest þar rætur í skjóli góðs samkomulags milli kennara og lærisveina og góðu skjóli aðsóknar og hylli landsmanna, og er það svo mikils virði, að jeg verð að álíta það mjög varhugavert, að rífa hann upp með rótum og gróðursetja hann á ekki heppilegri stað en Reykjavík er.

Jeg skal játa, að með tímanum er hætt við, að kostnaðurinn bæði við rekstur skólans og fyrir nemendur verði eins mikill í Hafnarfirði eins og í Reykjavík, og er hann þó nú mun minni; að því leyti verða kostir Hafnarfjarðar fram yfir Reykjavík ekki miklir. En jeg hygg líka, að skólinn mundi langbezt settur utan kaupstaðar, og því hvorki í Hafnarfirði nje Reykjavík; utan þeirra staða, sem yfir höfuð hafa mikil fólksfjölgunar skilyrði. Það er einlægt talað um og því opt slegið fram, að bæði bygging og skólahald sje ódýrara í kaupstað en í sveit. Ekki skal jeg neita því, þótt nefna mætti marga staði, þar sem engu verra er til aðdrátta einkum að því leyti, er bygginguna snertir. en í kaupstað. Nokkrir annmarkar aðrir eru á því, að hafa skólann í sveit, þótt meira sje gjört úr þeim, en rjett er. Þetta á sjer stað, að því er snertir kennslu sumra námsgreina. Þó eru margar af þeim kennslugreinum, sem frumv. tilnefnir, langt frá því að vera staðbundnar. Margar þeirra mætti alveg eins vel kenna upp í Kalmannstungu eins og í Reykjavík, t. d. sögu, íslenzku, landafræði o. s. frv. Sumar kennslugreinar eru þó meira staðbundnar og veitir ljettara, að kenna þær í kaupstað; þetta á sjer sjerstaklega stað um kennsluæfingar; þó má nefna marga staði, þar sem barnaskólar eru í nánd og fá má nóg verkefni handa kennaraefnum, og enda þó ekki væri þar þorp, þá mætti auðveldlega safna saman börnum, t. d. á vorin, til æfinga. Frumv. nefnir kennslu í garðyrkju og matreiðslu og ætti ekki að vera óhægra að kenna þær greinar í sveit, heldur öllu hægra. En fyrir mjer er kostnaðurinn fyrir nemendurna aðal- og stærsta atriði þessa máls, og fyrir námsmennina yrði skóli í sveit ólíkt ódýrari en í kaupstað. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, þar sem um efnalitla menn er að ræða, sem verða að spara allt, sem sparað verður. Jeg hef leitað mjer nokkurrar vitneskju um, hve dýrt sje að lifa í Reykjavík, og má víst óhætt fullyrða, að fæði fáist ekki fyrir minna en 30—35 kr. Húsaleiga stígur óðum og verður nú varla herbergi leigt ódýrar en 10 kr. á mánuði. Þar við bætist svo ljós og hiti, sem áætla má 3 kr. á mánuði. Stæði skólinn hjer í Reykjavík yfir í 7 mánuði, þá yrði þessi kostnaður nálægt 350 kr. Sje litið til kostnaðarins í sveit, þá sjest, að mismunurinn er æði mikill; þar má fá kost og húsnæði á 24 kr. á mánuði, og ef við gjörum ráð fyrir,

að skólatíminn sje líka hjer 7 mánuðir, þá verður kostnaðurinn 168 kr., og mismunurinn um 150 kr. Þetta er afar mikið fje fyrir fátæka menn, sem svo ekki geta búizt við hærra kaupi en 5—600 kr. á eptir: það yrði frágangssök fyrir efnalitla menn, að verja til þess 2—3 árum með svo miklum tilkostnaði, og gæti þá farið svo, að hæfileikamenn gætu ekki sótt skólann fyrir fjárskorti. Afleiðingin yrði, að skólinn yrði aðallega sóttur af kaupstaðar- eða kauptúnsbúum, og að þeim alveg ólöstuðum, þá verð jeg að segja, að hollara væri, að nemendur væru sem víðast að; þessir menn, sem einmitt eiga að lifa saman með þjóðinni í nánustu umgengni við hana; jeg verð að álíta, að það sje heppilegast, að þeir hafi líka uppalizt með henni. Þeir eiga ekki að vera neinir stássmenn, heldur þjóðnýtir menn, sem geta samlagað sig þjóðinni og tekið þátt í kjörum hennar og þrifum. Jeg hygg því, að þótt skólinn kunni að verða hinu opinbera dýrari í sveit, þá verður hann nemendunum miklu ódýrari og þar af leiðandi landinu miklu nytsamlegri. Það er mjög líklegt, að skólinn verði ekki sóttur til muna hjer í Reykjavík, jafn kostnaðarsamt og hjer er orðið að lifa.

Jeg ætla ekki að fara út í, að mjer hefur verið brugðið um ótrú á lífinu í Reykjavík, en það er satt, að vera mín hjer í Reykjavík, hin síðari, hefur sannfært mig um, að Reykjavíkurlífið sje allt annað en hollt fyrir kennaraefnin. Það er ekki meiningin með þessum skóla, að skapa fína menn með hvítt brjóst ofan á nafla, sem kunna að bera sig á kaffihúsunum og »konversera« við Reykjavíkurdömurnar og eyða tímanum dag eftir dag, og viku eptir viku í hreinu og beinu iðjuleysi og slæpingsskap, ganga með spássjerstokka o. s. frv., heldur yfirlætislausa menn, með áhuga á því, að verða þjóð sinni að liði, og sem fellur það ljett og ljúft, að taka þátt í kjörum alþýðunnar, vinna, líða og lifa með henni, og þetta er miklu auðlærðara í sveitaskóla en skóla í Reykjavík, eins og bæjarbragurinn þar nú er orðinn. Þetta er ekki sagt Reykjavík til lasts fremur en öðrum bæjum; hún er ekki lakari en aðrir bæjir á sama skeiði; þetta eru annmarkar, sem leiða af fólksmergðinni. Við erum ekki á móti Reykjavík sem skólasetri af því að við viljum ekki hlynna að Reykjavík; við álítum, að það mundi ekki hlynna að Reykjavík að fá skóla, sem ekki væri nema nafnið. Þess eru líka dæmi annarsstaðar frá, að skólar hafi jafnvel verið fluttir frá bæjum upp í sveitir; má þar til nefna bræðraþjóð okkar Dani; þeir hafa flutt kennaraskóla frá Kaupmannahöfn út á landið. Vistin þótti þar hollari en í höfuðborgarglaumnum.

Þá er eitt fag, sem mikið hefur verið talað um, nefnilega leikfimi, en án þess að gjöra lítið úr henni, verð jeg að segja, að nýtir kennarar geta menn vissulega orðið án þess að kunna leikfimi, dans eða aðrar kaupstaðaíþróttir. Jeg gæti bent á marga nýta menn, sem ekkert gátu lært hjá Steenberg sáluga. Leikfimin er ekkert annað en uppbót fyrir líkamlega vinnu, og því góð í skólum sem standa lengi yfir. Við höfum nóga leikfimi á íslenzka vísu, sem getur gjört líkamann sterkan og heilbrigðan, þótt við ekki stökkvum yfir trjehestinn, sprikklum með trjebyssum o. s. frv. Við höfum glímur, skauta og skíðahlaup, og jeg vil segja þó ekki sje annað en

snjókast, og þær listir má sannarlega æfa eins í sveit og í kaupstað; góðir leikir stæla vöðvana eins vel og leikfimi. Jeg var 5—6 ár í leikfimi í latínuskólanum og var jafn nær þegar jeg fór, og hefði jeg þá verið beðinn að taka að mjer leikfimiskennslu, mundi jeg hafa beðið guð að hjálpa mjer.

Það gæti litið nokkuð undarlega út, að fresta þessu máli nú, þar sem þetta þing hefur samþykkt fræðslulög, og sumir mundu segja að það yrði til þess, að kippa fótunum undan lögunum um fræðslu barna, ef eigi væru á sama þinginu afgreidd lög um kennaraskóla. En jeg get ekki litið svo á. Fyrst er það nú, að fræðslulögin koma ekki öll til verklegra framkvæmda fyr en 1910, og auk þess koma árlega margir úr gagnfræðaskólunum, sem jeg verð að telja fullfæra til, að takast kennslu á hendur. Svo má ekki gleyma því, að úr kennaradeildinni í Flensborg útskrifast árlega nú síðari árin 10—12 kennaraefni, og jeg efast um, að við fáum öllu fleiri ný kennara efni árlega, þó að lögin um kennaraskólann komist á. Það kann að vera, að kennararnir úr nýja kennaraskólanum verði einhverju betri en hinir; en það fer nú eftir því, hvernig lag verður á nýja skólanum. Hvernig sem á er litið, held jeg að ekki sje hægt að segja, að það sje mikil hætta að draga málið enn um tvö ár. Fyrir mjer er það lífsspursmál, að skólinn sje ekki reistur í kaupstað, heldur utan kaupstaðar, því jeg álít það samsvara miklu betur þörfum þjóðarinnar, að kennaraefni vor lifi sig sem mest inn í sveitalífið og sveitahugsunarháttinn, en að þeir gjörist innlimaðir kaupstaðarlífinu á námsárum sínum.

Jeg hef heyrt því fleygt, að það sje ekki þingleg meðferð á málinu, að skilja við það með rökstuddri dagskrá, eins og við leggjum til. Jeg skal ekki deila um það. En jeg veit ekki betur en að þingið hafi látið sjer það sóma með önnur mál, og það er ekki langt síðan, að eitt af hinum stærstu málum þjóðarinnar hefur orðið fyrir þessari meðferð í háttv. Nd., mál, sem jeg er viss um að vjer berum allir eins mikla virðingu fyrir eins og fyrir þessu máli, þótt jeg beri einnig fulla virðingu fyrir því.

Jeg skal svo ekki tefja háttv. deild með lengri ræðu að þessu sinni, en leyfi mjer að afhenda háttv. forseta rökstudda dagskrá frá okkur meiri hlutamönnum.

Hin rökstudda dagskrá hljóðaði svo:

Rökstudd dagskrá.

»Með þeirri áskorun og í því trausti til stjórnarinnar, að hún leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um stofnun kennaraskóla á hentugum stað í sveit, með sundurliðaðri áætlun um byggingarkostnað skólans og uppdrætti af skólahúsum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg hafði ásett mjer, að taka ekki til máls við þessa umræðu. En mjer virðist málið nú vera komið í það horf, að jeg get ekki lengur orða bundizt. Hjer er komið fram þrískipt nefndarálit, og einn hlutinn leggur það til, að málið skuli á þessu þingi látið enda með rökstuddri dagskrá, sem auðsjáanlega á að miða að því, að skólinn verði hvorki settur í Hafnarfirði eða Reykjavík, heldur einhversstaðar upp í sveit; þar á hann að vera bezt settur eptir skoðun háttv. flutnm. dagskrárinnar. Þessa óheiðarlegu útför get jeg ekki liðið. Það er vist flestum ljóst, að aðalástæða okkar, sem vildum hafa skólann í Hafnarfirði var sú, að við álit-

um það varúðarvert, að flytja burt úr Hafnarfirði þann kennaraskólavísi, sem þar hefur nú verið í 16 ár og dafnað þar vel, og setja hann á annan stað óreyndan. En eigi að flytja hann úr Hafnarfirði, þá er það mín skoðun, að miklu fremur eigi að flytja hann til Reykjavíkur en upp í sveit. Jeg skil ekki í því, að þeir, sem slíku halda fram, hafi athugað það vandlega, hvílíkum erfiðleikum það er bundið að hafa kennaraskóla upp í sveit; og þótt það hafi lengi verið barizt um það, hvort betra væri að hafa kennaraskólann í Hafnarfirði eða Reykjavík, þá er jeg þó viss um, að enn lengri yrði baráttan fyrir því, að koma honum upp í sveit. Það er því auðsætt, að dagskráin stefnir að því, að fresta stofnun fullkomins keunaraskóla enn um óákveðinn tíma, og jeg vil ekki stuðla að því, að svo fari. Það hefur verið barizt af miklu kappi fyrir því, hvort skólinn ætti heldur að vera í Hafnarfirði eða Reykjavík og við hjer í deild vonuðum til lengstra laga, að háttv. Nd. mundi sannfærast af þeim góðu og gildu rökum, sem við höfðum fram að bera, en það hefur ekki viljað lánast. Mjer sýnist þingið nú vera líkt statt og ferðamaður, sem lengi er búinn að stríða við að komast á sama stað yfir torfæru án þess að komast þó yfir hana. Það er ekki annað sýnilegt, en að fyrir honum lægi að sitja þar að eilífu á sama stað við torfæruna, ef hann hvorki vildi leita annarsstaðar fyrir sjer nje snúa aptur. Nú sýnist mjer það ekki samboðið sóma þingsins, þvert ofan í eindregnar óskir þjóðarinnar, og í raun og veru þvert ofan í einlægan vilja þingsins, að hjakka alltaf í sama farið og láta málið sofna enn, og það einmitt á þann hátt, að enn fjær væri því, að því yrði til lykta ráðið en nokkru sinni fyr.

Með því að mikill meiri hluti í Nd. heldur fast við sína skoðun um að hafa skólann í Reykjavík, þá sje jeg ekki aðra vegi til að bjarga málinu frá falli, en að beygja sig fyrir meiri hlutanum og ganga heldur að því að skólinn sje settur í Reykjavík, en að setja málið einu sinni enn í gapastokkinn. Þetta vil jeg til vinna, til þess að málið fái framgang nú, og þó að aðrir vilji máske ekki ganga svo langt til samkomulags, þá vona jeg þó, að hv. 3 nefndarmenn verði einir um það, að málinu lykti eins og þeir leggja til í hinni rökstuddu dagskrá sinni.

Vjer vitum, að það er nú búið að samþykkja í þinginu lög um barnafræðslu. Þetta gjörir þörfina á kennaraskóla enn brýnni; því að jafnframt og landsmönnum er lögð á herðar skólaskylda og fræðsluskylda, þá verður og að sjá þeim fyrir kennurum, svo að þeir geti leyst þessa skyldukvöð af hendi. Jeg sje því ekki, hvernig vjer getum staðið oss við að ljúka nú þingstörfum að þessu sinni, svo að eigi sje kennaraskóli stofnaður.

Jeg gjöri ráð fyrir, að háttv. nefnd sje ekki síður en aðrir þingmenn sannfærð um það, að góð alþýðumenntun sje undirstaða undir sönnum framförum þjóðarinnar; en til þess, að alþýðufræðslan geti orðið trygg og staðgóð, þá þarf á góðum og vel menntuðum kennurum að halda, en til þess að fá þá, þurfum vjer að eignast fullkomnari kennaraskóla, en vjer höfum nú, því að fullnægjandi getur hann naumast talizt, þótt hann hafi leyst verk sitt mjög vel af hendi eptir þeim kröfum, sem til hans hafa verið gjörðar. Jeg get að vísu ekki lá háttv. minni hluta, háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó), þótt hann vilji breyta kennaraskólanum í sama horf eins og hann var í, þegar vjer sendum frumv.

um hann frá oss til háttv. Nd. Jeg get vorkennt hinum háttv. þm., þó *hann* ekki vilji *að svo stöddu* víkja úr leið; haun hefur góðar ástæður fyrir sínu máli; en jeg fyrir mitt leyti verð þó að segja, að við sjeum búnir að heyja bardagann svo lengi sem fært er, og háttv. minni hluta er vel kunnugt um afstöðu vora — mina og fleiri — í málinu, að vjer viljum lang helzt kennaraskóla í Hafnarfirði, því að það teljum vjer bezt og hollast, en þó munum vjer heldur greiða atkvæði með kennaraskóla í Reykjavík, en að málið ónýtist enn. Jeg efast ekki um, um það er lýkur, að afstaða hins hv. þm. verði hin sama, því þeir, sem hafa áhuga á þessu málefni, áhuga á því, að koma því í framkvæmd — eru einlægir vinir kennaramenntunar —, þeir vona jeg að viti, hvernig þeir eiga að greiða atkvæði, þegar um það tvennt er að velja, að stofna kennaraskóla í Reykjavík, eða drepa málið undir yfirvarpi kennaraskóla uppi í sveit.

Enn gefst oss tækifæri á, að fá stofnaðan kennaraskóla, og jeg tel það skyldu vora, að láta það tækifæri ekki ónotað, Vjer eigum að láta oss svo annt um málið, og sýna þá sjálfsafneitun, að styðja að því, að það komist fram, þótt ekki sje það á þann hátt, sem æskilegast hefði verið. Það vitum vjer, að það getur ekki fengið framgang hjer á þingi,—hvorki í þessu máli nje öðru getur minni hluti sigrað, — og nú er auðsætt orðið, hver hefur afl atkvæðanna í þessu máli hjer á þinginu; því sje jeg ekki, að jeg geti lengur fylgt háttv. minni hluta — 3. kgk. þm. — lengur að atkvæðum; um meiri hlutann í nefndinni kemur það ekki til mála; mun jeg því hjeðan af greiða þannig atkvæði, sem jeg sie málinu bezt borgið með, til þess það fái framgang.

Ráðherrann: Jeg vil ekki lengja umræðurnar um þetta mál. Það var tekið fram af hinum háttv. framsögumanni (St. St., Skgf.) í Nd., síðast þegar málið var þar fyrir, að það væri 22. umræðan um það á þingi; það er því 23. umræðan, sem nú fer fram, og hin 8. á þessu þingi. Það þarf því naumast að bæta miklu við það, sem þegar hefur verið sagt um málið, enda fátt nýtt fram að taka.

Jeg held að það sje öllum ljóst, að þörf sje á kennaraskóla, og jeg held það sje líka víst, að allur þorri manna, bæði atan þings og innan, telji þörf á að fá kennaraskóla sem allra fyrst; það getur því varla komið til mála, að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, og fresta því þannig um óákveðinn tíma; slíkt getur átt við um mál, sem menn telja ótímabært, en alls ekki um mál, sem hefur fyrir sjer stóran meiri hluta á þingi.

Það stendur í hinni rökstuddu dagskrá, samkvæmt venju, að taka skuli fyrir næsta mál á dagskrá, en nú vitum vjer, að þetta mál er síðasta málið á dagskrá hjer í Ed. á þessu þingi, og ætli að það fari ekki svo, að eins og æði langt verður þangað til næsta mál verður tekið fyrir hjer í deild, eins muni langt um líða þangað til kennaraskólamálið verður tekið upp og leitt til lykta, ef það tekst að svæfa það nú. Jeg hef heyrt af mönnum, sem skyn bera á málið, að versta till., sem fram hafi komið enn, sje sú, að setja kennaraskólann í sveit. Það er að vísu hægt að kenna námsgreinarnar í sveit, en erfiðleikarnir á að útvega nægu kennslukrapta og annað, sem að kennslunni lýtur, munu reynast meiri en tillögumenn gjöra sjer í hugarlund,

og það sannast, að ekki fá þeir ódýran skóla þar, ef hann á að vera góður.

Háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) hefur borið fram varatill. um það, að bæta 13,500 kr. við byggingarfjeð, ef skólinn eigi að vera í Reykjavík, og ætlast hann til, að fyrir þetta sje byggt leikfimishús, og heimavistaríbúðir. Um leikfimishúsið er jeg sömu skoðunar sem fyr, að í bráð megi komast af með leikfimishús hins almenna menntaskóla. Sömuleiðis mun mega vel við það una, að setja eigi upp heimavistir að sinni, enda mun eptir atvikum rjettast, að hugsa ekki um þær nú. En þá er spursmálið, hvort hinar upphaflegu 30,000 kr. muni hrökkva til þess, sem þær eru ætlaðar; fyrir að koma upp kennslustofum og skólastjóra íbúð, og til að útvega áhöld fyrir.

Til þess að svara þessari spurningu, skal jeg leyfa mjer að lesa upp yfirlýsingu um það, sem fræðslumálanefnd Nd. útvegaði sjer.

»Eptir beiðni hef jeg athugað, að byggja má vandað skólahús hjer í bæ, samkvæmt byggingarsamþ. Reykjavíkur, 30 álna langt og 14 álna breitt, með kenslustofum niðri, og íbúðarverelsum uppi (á efri hæð), 4 álna geymslukjallara undir öllu húsinu fyrir 25,000 kr. — tuttugu og fimm þúsund — krónur«.

Reykjavík, Þingholtsstræti 28
13. september 1907.
Sveinn Jónsson.

Þá eru eptir 5,000 kr. af þessum 30,000 kr. fyrir áhöldum, og mun það ríflega í lagt. Það er því eptir þessu engin ástæða til, að setja það fyrir sig, að ekki sje hægt að koma upp viðunandi húsi fyrir þessa upphæð.

Það er annars einkennilegt, að þegar verið er að ræða um að setja skólann í Reykjavík, þá setja mótstöðumenn hans allt, sem til hans heyrir og reksturs hans, dýrara og dýrara en í Hafnarfirði verður allt ódýrara og ódýrara hjá þeim. Jeg er h. 4. kgk. þm. (Aug. Fl.) mjög þakklátur fyrir ummæli hans; þau sýna, að hann hefur þann áhuga á að hrinda málinu áfram, sem jeg vona að verði því til sigurs; hann sýnir það, að hann kann að greina aukaatriði frá aðalatriðunum, og að láta persónulega skoðun sína þoka, þegar bjarga þarf góðu máli úr háska. Það hefur hingað til verið nauðsyn, að fá kennaraskóla, en nú er það lífsskilyrði, þegar vjer höfum fengið vísi til skólaskyldu. Jeg fæ ekki sjeð, að þingið geti nú komið sjer undan því, að leysa hendur sínar í málinn, og jeg vona að það verði samþ. hjer í deild í sömu mynd sem það var samþ. í háttv. Nd.

Jón Jakobsson (1. þm. Húnv.): Jeg skal geta þess út af orðum hæstv. ráðh. þar sem hann sagði, að það væri ekki rjett að vísa þessu máli frá sjer með rökstuddri dagskrá, þar sem það hefði stórmikinn meiri hluta með sjer, jeg skal geta þess, segi jeg, að hæstv. ráðh. veit enn eigi, hve mikill þessi meiri hluti er, nje hvernig málinu mundi reiða af í Sþ.

Hvað því viðvíkur, að það muni ekki vera »parlamentariskt«, að afgreiða málið frá þinginu með rökstuddri dagskrá, þá er um það að segja, að mál hafa þrásinnis á síðari árum verið afgreidd þannig hjer á þingi, og ætíð án tillits til, hvar þau hafa staðið á dagskrá, með því að rökstudd dagskrá er einungis þinglegt »*form*« fyrir frávísun eða frestun mála.

Það má segja, að svo bregðist krosstrje sem önnur trje, þar sem h. 4. kgk. þm. (Aug. Fl.) er nú orðinn snúinn í þessu máli; mig furðar á þeirri lipurð hans. Hann, sem hingað til hefur ver-

ið svo eindregið með kennaraskóla í Hafnarfirði, hefði vel getað beðið eptir úrslitum málsins hjer í deild, áður en hann færi að gefa háttv. Nd. kennaraskóla í Reykjavík; nægur tími til slíks í Sþ.

Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) taldi, að mjer virtist, töluverð vankvæði á því, að halda uppi leikfimiskennslu uppi í sveit. Jeg get nú ekki gjört svo mikið úr þeim, því að ef kennaraskóli þrífst þar og reynist stofnun, sem haldið er uppi með heiðri og sóma eins og Flensborgarskóla, þá skil jeg ekki í, að þingið skeri svo við neglur tillag til skólans, að það sjái honum ekki fyrir leikfimishúsi og öðru því, er þarf til að halda þar uppi góðri leikfimiskennslu.

Það hefur verið talið upp ýmislegt annað því til fyrirstöðu, að hafa kennaraskóla í sveit, svo sem það, að þar vantaði söfn o. s. frv. En þetta eru allt smámunir hjá því stóra atriði, að þær manneskjur, sem aldar eru á landsfje til þess að undirbúa þær til þess, að fræða æskulýðinn út um sveitir Íslands, fái kennslu á þeim stað, sem er siðferðislega hreinn og hollur. Jeg stend vel að vígi með afstöðu mína og skoðun á þessu máli, því að á bak við hana stendur eindreginn vilji ýmsra beztu manna þjóðarinnar; og þjóðin telur, að jeg hygg, þess eigi heldur brýna þörf, að kennaraskóli sje stofnaður einmitt á þessu þingi. Jeg er að vísu ekki kunnugur í öllum kjördæmum landsins, en í mínu kjördæmi er jeg það, og þar fannst mjer mönnum ekki svo annt um að hrapa að málinu, en þeir voru beint með Hafnarfirði, *ef eitthvað endilegt yrði gjört í ár.*

Það kom fram hjá háttv. framsm. (B. M. Ó.) einhver geigur gagnvart háttv. Nd., en þó skildist mjer, að hann mundi standa fast fyrir á grundvelli sinnar eigin sannfæringar, og hvergi láta þaðan þokast, hvernig sem málið horfði við. Aptur var þar nokkuð öðru máli að gegna um háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.).

Jeg veit, að háttv. Nd. púkkar upp atkvæðamagn sitt, fremur en góðan málstað, og þykist geta boðið þessari deild það, sem henni sýnist. Sjerstaklega ætti oss að vera það minnisstætt, hvernig niðurfærslunni á goodtemplarstyrknum var tekið þar í deildinni; út af því var gjörð bein árás á þessa deild, og hún »insúlteruð«. Samdeildarmenn mínir hafa ekki skýrt mjer frá því; þeir hafa sjálfsagt ekki tekið eptir því, en skilorður utanþingsmaður hefur nýfrætt mig um það, að einn háttglamrandi þingmaður í háttv. Nd. hafi sagt í þingræðu hjer um daginn, að sig furðaði ekki á því, þótt goodtemplarar væru ekki hátt metnir í þessari deild, þar sem Bakkus væri nærri kominn hjer upp í forsetastólinn. (*Margir:* Þetta er ekki rjett hermt). Þetta var mjer sagt, en sje það ekki satt, þá skal eigi lengra út í það farið.

Jeg býst við, að skólinn muni enn, sem fyrr, verða hjer í deild samþ. í Hafnarfirði, hvað sem Nd. segir; það er búið að færa svo skýr, glögg og rjettmæt rök fyrir því, að þar eigi hann að vera, að jeg skil ekki í, að nokkrum geti blandazt hugur um það.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal fyrst leyfa mjer, að minnast á lítið atriði í ræðu hv. þm. Ísfjk. (S. St.). Hann vildi hafa skólann í sveit og færði líklegar ástæður fyrir því, og þó jeg heldur ekki telji það ókleift, þá þyrfti þó að setja á stofn heimavistarskóla við hliðina á honum, en það yrði fjarska mikill kostnaðarauki. Jeg ímynda mjer að slíkur skóli mundi þá kosta 70—80,000

kr. í stofnkostnað, fyrir utan mikinn árlegan reksturskostnað. Af þessum ástæðum get jeg ekki greitt atkv. með tillögum hv. meiri hluta nefndarinnar. Enda finnst mjer miður viðkunnanlegt, að enda málið á þann hátt, sem hann fer fram á.

Hv. 4. kgk. þm. (Á. Fl.) sagðist vorkenna mjer að vera að koma fram með þessar brt. á þessu stigi málsins. En hann skal ekki vorkenna mjer, þó jeg ekki snúist á móti sjálfs míns sannfæringu. Jeg skil vel afstöðu þessa hv. þm. til málsins, þó að hún komi mjer nokkuð á óvart, og veit, að honum mun ganga gott til, en hins vegar get jeg þó vel tekið undir með háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.), að »svo bregðast krosstrje, sem önnur trje«. Það hefði fremur verið ástæða til að vorkenna mjer, ef jeg hefði *ekki* komið fram með þessa brt. Jeg get ómögulega greitt atkv. með, að skóli þessi verði í Reykjavík, og verð þess vegna meðan mjer er það leyfilegt og frjálst, að koma með brt. í þá átt, að hann verði í Hafnarfirði. Ef jeg hefði breytt á móti sannfæringu minni, þá hefði miklu fremur verið ástæða til að vorkenna mjer. Hv. sami þm. sagði, að jeg ekki mundi hafa yfirvegað nægilega ástæður þær, sem nú væru fyrir hendi. En það álít jeg einmitt að jeg hafi gjört mjög vel. Jeg álít þetta mál alls ekki reynt til hlítar, og meðan svo er, þá hef jeg, eins og hver annar leyfi til að berjast fyrir sannfæringu minni.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðherra, þá get jeg ekki verið honum samdóma um, að hægt sje að komast af án sjerstaks leikfimishúss fyrir skólann. Hann áleit, að nota mætti leikfimishús hins almenna menntaskóla, en var þó svo varkár að bæta við »til bráðabirgða«. Og úr því þess einhvern tíma þarf með, þá finnst mjer rjettara að ætla fje til þess þegar frá byrjun. Þar sem hæstv. ráðherra talaði um, að það væri okkar aðferð, að reyna að hækka sem mest kostnaðinn í Reykjavík, en lækka hann sem mest við Hafnarfjarðarskólann, þá skal jeg leyfa mjer að mótmæla því. Jeg vil benda hæstv. ráðherra á varatill. mína. Þar er alveg farið eptir áætlun stjórnarinnar um, hve mikið muni kosta skóli með 20 heimavistum og kennarabústað, en ekki hækkað um einn eyri. Ef sú áætlun er of há, þá er það stjórninni að kenna. Hann mun segja að 3,500 kr. til leikfimishúss sje of hátt, en jeg ímynda mjer, að engum »fagmanni« mundi þykja það, enda er ætluð sama upphæðin til leikfimishúss í Hafnarfirði, en það var ef til vill ekki rjett, að þar var ekki gjört ráð fyrir neinu til áhaldakaupa, en það er heldur ekki í Reykjavík. Það er því alveg rangt hjá hæstv. ráðherra, að áætlun okkar gangi í þá átt, að hækka kostnaðinn í Reykjavík. Áætlun um kostnað við skólann í Hafnarfirði er beinlínis byggð á tilboði frá manni um að framkvæma verkið fyrir þá upphæð. En sú áætlun, sem hæstv.ráðh. nú lagði fram, segir aðeins, að einhver smiður álíti, að byggja megi skólann fyrir þetta verð, en hann er svo skynsamur að varast, að taka það fram, að hann vilji taka verkið að sjer fyrir þetta verð. Jeg skal reyndar ekki efa, að það megi byggja skólann fyrir þetta verð, en til þess að hægt væri að taka áætlunina til greina, þyrfti hún að vera vel sundurliðuð og jafnframt koma fram sem beint tilboð. Jeg verð því enn að mótmæla því, að jeg hafi gjört nokkra tilraun til að hækka kostnaðinn við hinn fyrirhugaða skóla í Reykjavík frá því, sem nefndin í Nd.

og stjórnin hafa áætlað, eða til að draga úr kostnaðinum við að setja skólann í Flensborg.

En jeg er mjer þess meðvitandi, að jeg breyti eptir beztu sannfæringu og frá henni get jeg ekki gengið. Jeg er sannfærður um, að skólinn á að vera í Hafnarfirði og því ætla jeg að halda fram í kvöld.

Hvernig málið fer, er alls ekki fullreynt fyr en kemur í sameinað þing, og þá fyrst er tími til að hugsa sig um, hvort betra sje, að hafa engan kennaraskóla, eða hafa hann í Reykjavík. Jeg segi ekkert um, hvernig jeg þá muni greiða atkvæði. Af þeim ástæðum, sem jeg hef tekið fram í nefndaráliti minni hlutans og við framsöguna, þá mun jeg hjer í kvöld framfylgja þeim breyt.till., að skólinn verði í Hafnarfirði, en verði það fellt, þá vonast jeg þó eptir, að varatillaga mín verði samþykkt, og ekki settur á stofn kennaraskóli án heimavista og leikfimishúss.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá felld með 8 atkv. gegn 5, að við höfðu nafnakalli, eptir ósk þessara 3 þingmanna: Björns M. Ólsens, Sigurðar Stefánssonar og Sigurðar Jenssonar, og sögðu

Já:	*Nei:*
Guðj. Guðlaugss.,	Björn M. Olsen,
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,
Sigurður Stefánss.,	Ágúst Flygenring,
Valtýr Guðmundss.,	Eirikur Briem,
Þórarinn Jónss.,	Gutt. Vigfússon,
	Jóh. Jóhannesson.
	Steingr. Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson.

1. breyt.till. (692) við 1. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Guðj. Guðlaugsson,
Sig. Jensson,	Jón Jakobsson,
Ág. Flygenring,	Sigurður Stefánss.,
Eiríkur Briem,	Valtýr Guðmundss.,
Guttormur Vigfúss.,	Þórarinn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	
Steingr. Jónsson.	
Þorgr. Þórðarson.	

2. breyt.till. (692) við 2. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Sigurður Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,	Ágúst Flygenring,
Gutt. Vigfússon,	Eiríkur Briem,
Jón Jakobsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Stefánsson,	Steingr. Jónsson.
Valtýr Guðmundss.,	
Þórarinn Jónsson,	
Þorgr. Þórðarson,	

3. breyt.till. (692) við 3. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 5.

4. breyt.till. (692) við 5. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 5.

5. breyt.till. (692) við 7. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 5.

6. breyt.till. (692) við 8. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 5.

7. breyt.till. (692) við fyrirsögn frv. samþ. með 8 atkv. gegn 2.

Frumv. þannig breytt samþ. með 8 atkv. gegn 2 og afgreitt til forseta Sþ.

Á 5. fundi sameinaðs þings, laugardaginn 14. september, kom frumv. til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg (A. 697, 698, 699) til einnar umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg held, að máli þessu hefði verið betur borgið og síður teflt í tvísýnu, ef það hefði ekki dregizt nokkuð lengi í háttv. Nd., en það dugar ekki að sakast um það, sem hefur sjálfsagt stafað af önnum deildarinnar, en það, sem mjer fjell ver við nefndarálitið frá háttv. Nd.,

var það, að þar komu ekki fram óhlutdrægar ástæður fyrir því, hvort betra væri, að setja kennaraskólann í Flensborg eða Reykjavík. Í Ed. flýttum við málinu svo mikið sem unnt var; það kom til okkar þ. 21. ágúst, og þ. 30. ágúst var nefndarálit vort fullsamið. Vjer nefndarmenn í þessu máli höfum ekki breytt skoðun okkar frá því á síðasta þingi um það, að Flensborg sje hentugri staður fyrir þenna skóla en Reykjavík og ódýrari, af því að hann getur staðið í sambandi við gagnfræðaskólann.

Ástæður fyrir þessu höfum við fært ítarlegar í nefndaráliti okkar og höfum sýnt þar svart á hvítu, að stofnkostnaður við skólann verður »ca.« helmingi minni í Hafnarfirði, en í Reykjavík. Þess utan árlegur reksturskostnaður miklu minni í Hafnarfirði. Við höfum talið stofnkostnaðinn í Flensborg 20,000 kr. og sú áætlun er ekki byggð í lausu lopti, heldur á tilboðum frá áreiðanlegum mönnum. Í þessum stofnkostnaði eru og talin kaup á húsi, nýju skólahúsi í Flensborg, sem ætlazt er til að bætt verði ofaná einni hæð. Þar er líka fyrir annað hús, gamla skólahúsið, þar sem skólastjóri getur búið, og búið er að »innrjetta« rúm fyrir allt að 28 heimavistir. Þar að auki hefur verið ætlazt á um og tilboð fengin fyrir, að hæfilega stórt leikfimishús (16 × 12 áln.) yrði byggt þar. Af vangá höfum við gleymt, að ætla fje til þess að kaupa leikfimisáhöld, en það mun ekki muna miklu, því að Flensborgarskólinn á víst töluvert af þeim. Til áhalda höfum við ætlað 1,000 kr., og hefur Jón skólastjóri Þórarinsson lýst því yfir við mig, að hann áliti þá upphæð nægilega í viðbót við það, sem skólinn á af áhöldum. Aptur á móti mundi stofnkostnaðurinn hjer í Reykjavík verða 30,000 kr., án heimavista og leikfimishúss. En eptir frumv. stjórnarinnar mundi stofnkostnaðurinn verða 40,000 kr., ef heimavistir væri í skólanum. Ef svo hjer við væri bætt kostnaði við leikfimishús, þá mundi það ekki verða minna en í Hafnarfirði, eða 3,500 kr., og þar með er ekki talin upphæð til leikfimisáhalda, sem mundi verða talsvert meiri en í Flensborg, því að engin áhöld eru hjer til áður.

Við ætlumst til, að skólastjóri hafi íbúð í hinu gamla húsi, sömu íbúðinni, sem skólastjóri gagnfræðaskólans hefur haft þar um langan tíma og teljum við það fullboðlegt. Jeg veit reyndar, að reynt hefur verið til, að telja mönnum hjer í þinginu trú um, að hús þetta væri fornfálegt og mundi brátt þurfa aðgjörða; þar væri of lágt undir lopt fyrir heimavistir o. s. frv. Eptir því, sem jeg veit, er hús þetta allstæðilegt, og nýlega hefur verið varið allmiklu fje til aðgjörða á því; þar mun vera 4 álnir undir lopt og má það heita viðunanlegt, og mundi ekki óhollara, að hafa heimavistir þar, en hola nemendunum niður í kytrur hjer út um bæinn í miður heilnæmum húsum. Það hefur verið sagt, að það mundi spilla gagnfræðaskólanum, ef kennaraskólinn væri settur í samband við hann og kennaraefnin látin keppa við aðra nemendur skólans um heimavistir, en þetta getur ekki verið rjett, því að eins og stendur hafa kennaraefni þar heimavistir eigi síður en aðrir. Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að tveir háttv. menn í Hafnarfirði, Páll Einarson sýslumaður og Ágúst Flygenring alþm., hafa sagt mjer, að þeir hefðu í hyggju, ef kennaraskólinn yrði þar, að byggja heimavistahús fyrir allt að 40 nemendur og gjöra

þeir ráð fyrir, að samskota yrði leitað í Hafnarfirði til þess. Auðvitað mundu nemendur borga dálitið fyrir að búa í þessu húsi, en jeg veit, að þetta yrði gjört af velvild til skólans og nemendunum gjört það svo ódýrt, sem unnt væri.

Þá skal jeg koma að árlegum rekstrurskostnaði við hinn sameinaða skóla í Flensborg, og verður hann 12,500 kr. Þetta er sundurliðað í nefndaráliti voru, og fyrir því leidd skýr rök, en kostnaður við kennaraskóla hjer verður 11,100 kr. yfir árið. Mismunurinn er 1,400 kr., sem hinn sameinaði skóli verður dýrari, en kennaraskólinn einn, ef hann yrði hjer í Reykjavík.

Á móti þessari áætlun verður ekki haft, hún er ekki byggð í lausu lopti, enda höfum vjer borið hana undir Jón Þórarinsson skólastjóra, sem er reyndastur maður í þessum efnum, og hefur hann fallizt á hana.

Þetta er líka auðvitað, að kennaraskóli í 3 deildum verður dýrari en kennaraskóli í 2 deildum. Þrátt fyrir þetta skyldi jeg ekki vera á móti skólanum hjer, ef jeg áliti, að kennarafræðslunni væri nokkuð ver borgið með því að hafa hann í Hafnarfirði. En einnig um þetta atriði hef jeg borið mig saman við Jón Þórarinsson, og er það álit hans, að eins gott væri fyrir nemendur skólans, að fá fræðslu sína fyrsta árið í neðri deild gagnfræðaskólans. Sama máli er að gegna með Magnús kennara Helgason, sem hefur látið hið sama í ljós í grein, er hann hefur ritað um þetta mál.

Jeg get sem sagt ekki sjeð, að skólanum að nokkru leyti sje ver borgið, þótt hann sje í sambandi við gagnfræðaskólann, og hitt er líka óþarfi, að óttast, að gagnfræðaskólinn líði nokkuð við það, og vona jeg því, að frumv. verði samþ. eins og það kemur frá Ed., en fari svo, að það verði fellt, þá verð jeg sjerstaklega að leggja áherzlu á, að skólinn verði ekki stofnaður hjer í Reykjavík án heimavista.

Fyrir þessu hef jeg borið kviðboga og hef því komið með breyt.till. við breyt.till. hinnar háttvirtu nefndar í Nd. um, að stofnkostnaðurinn verði hækkaður. Vona jeg, að þær breyt.till. að minnsta kosti verði samþ., svo framarlega sem skólinn á að vera í Reykjavík. Jeg skal taka það fram, að því er leikfimishúsið snertir, að menn hafa bent á, að nota mætti leikfimishús menntaskólans hjer, en jeg tel það ekki heppilegt, bæði af minni eigin reynzlu og margra annara, að tveir skólar hafi leikfimishús saman. Að endingu skal jeg geta þess, að mjer er mál þetta ekki svo mikið kappsmál, að jeg vilji spilla fyrir því, en ekki get jeg greitt atkv. með skólanum hjer í Reykjavík og mun jeg því heldur halda mjer frá að greiða atkv., ef breyt.till. hinnar háttv. nefndar í Nd. ná samþ., og fæ jeg ekki sjeð, að það geti að þingsköpum orðið málinu til hnekkis.

Lárus H. Bjarnason, (þm. Snæf.): Jeg hef verið Flensborgari og er það enn, því jeg álít kennaraskólann þar betur settan en hjer í Reykjavík.

Stofnkostnaður er þar minni, rekstrurskostnaður sömuleiðis, og ódýrara fyrir nemendur að lifa þar en hjer, enda líf þeirra þar líkara þeim lífskjörum, sem þeir eiga fyrir hendi, en Reykjavíkur lífið er. Jeg mun því greiða atkvæði með till. háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.), enda gjöri jeg ekki mikið úr ástæðum háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), en nú er hvorki tími til að rifja þær upp nje hrekja; þótt jeg sem sagt hafi verið með Flensborg, þá greiði jeg nú samt atkv. með skólan-

um í Reykjavík, því að jeg sje í hendi mjer, að ómögulegt verður að koma skólanum á í Hafnarfirði. Framtíð þessa lands er komin undir hinni uppvaxandi kynslóð. Og fyrsta skilyrðið fyrir því, að komandi kynslóð geti orðið landi og lýð nýt, er það, að börnin fái góða fræðslu, en hana geta þau ekki fengið án góðra kennara, og góðir kennarar fást ekki nema með kennaraskóla. Þannig bindur hvað annað.

Þórhallur Bjarnarson, (þm. Borgf.): Það var að eins eitt orð til stjórnarinnar, að fari svo, að skólinn verði samþykktur hjer í Reykjavík, og skólahús reist, þá er nauðsynlegt að gæta þess, að byggja skólann svo, að hægt sje að bæta við hann, og umfram allt verður að hafa góðan og traustan kjallara, og að húsið yfirleitt yrði svo vel úr garði gjört, sem unnt væri, og treysti jeg hinni hæstv. stjórn að taka þessi orð mín til greina.

ATKV.GR.:

1. Br.t. á þgskj. 699 við 1. br.t. á 698 felld með 26 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk þessara þingmanna, Björns M. Ólsens, Guðjóns Guðlaugssonar, Sigurðar Stefánssonar, Valtýs Guðmundssonar, Jóns Jakobssonar, Steingríms Jónssonar, Jóhannesar Jóhannessonar, Þorgríms Þórðarsonar, Þórarins Jónssonar. Og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Guðm. Björnsson.,
B. M. Ólsen,	Hannes Þorsteinss.,
Guðjón Guðlaugss.,	Ágúst Flygenring,
Guðl. Guðmundss.,	Árni Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Björn Bjarnarson,
L. H. Bjarnason,	Eggert Pálsson,
Ólafur Thorlacíus,	Einar Þórðarson,
Sigurður Jensson,	H. Hafstein,
Stgr. Jónsson,	Hermann Jónasson,
Valtýr Guðmundss.,	Jóh. Jóhannesson,
Þórarinn Jónsson,	Jón Jakobsson,
Þorgr. Þórðarson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Júlíus Havsteen,
	Magnús Andrjesson,
	Magn. Kristjánss.,
	Magn. Stephensen,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánsson, Eyf.,
	St. Stefánsson, Skgf.
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnason.

Guttormur Vigfússon greiddi eigi atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 699 tekin aptur.

1. Breyt.till. (á 698) við 1. gr. frv. samþ. með 27 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk hinna sömu þingmanna.

Já:	*Nei:*
Guðm. Björnsson,	Hannes Þorsteinss.,
Ág. Flygenring,	Björn Kristjánsson,
Árni Jónsson,	Björn M. Ólsen,
Björn Bjarnarson,	Guðjón Guðlaugss.,
Eggert Pálsson,	Hermann Jónass.,
Einar Þórðarson,	Jón Jakobsson,
Guttormur Vigfúss.,	Ólafur Thorlacíus,
Hannes Hafstein,	Sig. Stefánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Valtýr Guðmundss.,
Jóhannes Ólafss.,	Þórarinn Jónsson.
Jón Jónsson,	Þorgr. Þórðarson,
Jón Magnússon,	Sk. Thóroddsen,
Júlíus Havsteen,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Magnús Stephensen,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Pjetur Jónsson.	
Sig. Jensson,	

Já:
Sf. Stefánss., Eyf.,
St. Stefánss., Skf.
Stgr. Jónsson,
Tryggvi Gunnarss.,
Þórh. Bjarnarson.

Guðl. Guðm. greiddi ekki atkv., talinn með meiri hluta.

2. breyt.till. (638) við 2. gr. samþ. með 25 atkv. gegn 1.

3. breyt.till. (698) við 3. gr. samþ. með 25 atkv. gegn 3.

4. breyt.till. (698) við 5. gr. samþ. með 27 atkv. gegn 2.

5. breyt.till. (698) við 7. gr. samþ. með 26 atkv. gegn 2.

6. breyt.till. (698) við 8. gr. samþ. með 26 atkv. gegn 2.

7. breyt.till, við fyrirsögnina samþ. án atkv.

Fyrirsögnin samþ. í einu hljóði.

Frumv. í heild sinni samþ. með 28 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Guðm. Björnsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Hannes Þorsteinss.,	Herm. Jónasson,
Ágúst Flygenring,	Jón Jakobsson,
Árni Jónsson,	Sig. Stefánsson,
Björn Bjarnarson,	Skúli Thoroddsen,
Björn Kristjánss.,	Valtýr Guðmundss.,
Eggert Pálsson,	Þorgr. Þórðarson.
Einar Þórðarson,	
Gutt. Vigfússon,	
Hannes Hafstein,	
Jób. Jóhannesson,	
Jóhannes Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Júlíus Havsteen,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrjess.,	
Magn. Kristjánss,	
Magn. Stephensen,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánsson, Skgf.,	
Stgr. Jónsson,	
Tr Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Björn M. Ólsen, Guðl. Guðmundsson og Ól. Thorlacius greiddu ekki atkv. Þórarinn Jónsson var eigi viðstaddur.

Frumv. afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XLIV. Lausamenn og þurrabúðarmenn.

Á 4. fundi Ed., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. hefur eigi annað nýmæli að flytja en það, að afnema rjett hreppsnefnda og bæjarstjórna, til að synja húsmönnum og þurrabúðarmönnum aðsetursleyfis í hreppum og bæjarfjelögum. Annars er efni frumv. að eins það, að draga saman ákvæði gildandi laga um lausamenn og þurrabúðarmenn.

Annars hefði ef til vill verið ástæða til að nota tækifærið, og afnema alveg vistarskylduna. En vegna fólksekl-unnar álíta sumir rjett, að halda þeim gildandi ákvæðum, og þess vegna hefur stjórnarráðið látið sjer nægja að sinni,

að koma fram með frumv. í líku formi eins og það var borið fram í Nd. alþingis 1905.

1. varaforseti Jón Jakobsson stakk upp á 3 manna nefnd í málið.

ATKVGR.: 2. umr. samþ. í e. hlj.

Till. um 3. manna nefnd samþ. í e. hlj.

Með hlutfallskosningu voru kosnir í nefndina:

Steingrímur Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Sigurður Stefánsson.

Í nefndinni var Steingrímur Jónsson kosinn formaður og Guðjón Guðlaugsson skrifari og framsm.

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 22. júlí, kom frumv. (A 108) til 2. umr.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg þykist vita, að háttv. þingdm. hafi lesið nefndarálitið, og að öðru leyti athugað, að hve miklu leyti hjer er að ræða um breytingar á eldri lögum, og að þeim sjeu eldri lögin kunn.

Það er eiginlega aðeins ein breyting, sem gjörð hefur verið í frumv. sjálfu frá gildandi lögum, sem jeg veit að muni vekja talsverða eptirtekt upp til sveita, nefnilega sú, að ekki þurfi leyfi sveitarstjórnar til þess, að þurrabúðarmaður eða húsmaður geti sett sig niður í hvaða hreppi, sem hann óskar. Það er tekið fram í nefndarálitinu, hvernig vjer nefndarmenn höfum litið á þetta atriði, og hygg jeg, að það muni vera rjett til getið, að fleiri muni líta svo á það, að það sje athugavert, að kippa þessu valdi frá sveitarstjórnunum, þar sem menn verða að álíta, að sveitarstjórnir sjeu kjörnir forráðamenn sveitanna. En það getur opt verið óþægilegt fyrir sveitirnar, að fá miður heppilega innflutninga af fólki í þær. En bæði er það aðalatriðið, eins og tekið er fram í aths. við frumv., að það, að þurfa að fá þetta leyfi, getur hept atvinnu manna, svo að það getur orðið meira tjón fyrir einstaklinginn, að útilokast frá því sveitarfjelagi, heldur en fyrir sveitarfjelagið, að taka við manninum, og einnig hitt, að með því er ljett af sveitarstjórnum þeim vanda, að þurfa að segja já eða nei við slíkri beiðni. Því að eins og það getur orðið til tjóns fyrir sveitirnar, að ónýtir menn flytji í þær, eins getur það líka orðið til skaða að bægja mönnum frá því yfirleitt, því það er ekki gott að segja »að hverju barni gagn verði«, eins og máltækið segir. Og að líkindum mundi það í mörgum tilfellum verða *manninum* enn meira til tjóns, en heilu sveitarfjelagi. Svo höfum vjer einnig fallizt á þessa breytingu af því að hún er í fullu samræmi við það frelsi, sem nú ryður sjer meir og meir til rúms, að gefa mönnum sem lausastan tauminn í þessu efni.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar, þá er eigi margt um þær að segja. Þær eru einfaldar, fáar og auðskiljanlegar.

1. brtill. fer fram á það, að aldurstakmarkið verði fært niður úr 22 árum í 20 ár, eða að menn geti fengið lausamennskuleyfi 20 ára í stað 22 ára. Þetta byggjum vjer á þeirri reynslu, að margir vilja komast í lausamennsku um tvítugsaldur. Ef ekkert er út á mennina að setja og útlit er fyrir, að þeir verði duglegir og efnilegir menn, þá virðist vera hart, að neita þeim um að reka atvinnu sína eins og þeim bezt líkar. Enda eru 22 ára gamlir menn ekki þeim mun færari um, eða því betur vaxnir, að vera sjálfum sjer ráðandi, heldur en menn tveim árum yngri. Þetta hefur líka æði opt leitt til þess, að menn frá 20—22 ára hafa fengið að vera

lausir, annaðhvort af því, að menn eigi hafa hirt um að elta þá, eða vegna þess, að menn hafa vorkennt þeim, að geta ekki fengið leyfið.

Jeg sje, að hjer er kominn fram brt. á þskj. 121, frá háttv. 2. kgk. þm. um, að færa aldurstakmarkið að eins niður um eitt ár. Nefndin hefur ekki haft tíma til að tala sig saman um þessa breyt.till. vegna þess, að hún kom ekki fram fyr en í morgun. En jeg fyrir mitt leyti álít, að hjer sje of skammt farið, og að eigi megi aldurstakmarkið færast minna niður, en nefndin hefur stungið upp á. Jeg hygg, að það muni hafa vakað fyrir háttv. 2. kgk. þm., að honum þyki líklegt, að myndugleikatakmarkið verði innan skamms fært niður í 21 árs aldur.

En hvorki er þetta nú orðið svo, nje heldur víst, að það verði, og sje jeg því ekki ástæðu til að binda sig við það. Enda er það allt annað, að fá leyfi til að reka atvinnu sína, en að vera fullkomlega fjár síns ráðandi. Mun jeg þess vegna fyrir mitt leyti halda fast við það aldurstakmark, sem nefndin hefur sett, en öðru máli er að gegna, ef það yrði fellt; þá mundi jeg greiða atkv. með þessari breyt.till. háttv. 2. kgk. þm.

Þá leggjum við til, að 3. gr. frumv. falli burt, og vona jeg, að mönnum skiljist, að það er í sambandi við 20 ára takmarkið. Þar er talað um ekkjur eða ekkjumenn og fráskildar konur og menn, að þeir fái leyfi, þó þeir ekki fylli aldursskilyrðið. Álítum vjer þetta óþarft, þar sem tilfellin hljóta að verða svo fá, þar sem þetta gæti komið til greina, þegar aldurstakmarkið er svo lágt.

En hvað hinu við víkur, að menn, sem hafa 1 hundrað á landsvísu í ársarð af fasteignum eða öðru fje, þurfi eigi að kaupa leyfisbrjef, þá álítum við, að þeir eigi þeim mun hægra með að kaupa leyfið, sem að eins kostar 15 kr., og álítum því ekki ástæðu til að halda því ákvæði.

Um 3. breyt.till. við 8. gr. þarf jeg ekki að fjölyrða. Hún stafar að eins af því, að okkur fannst það óþörf upptekning, þar sem sömu orðin eru komin í sömu málsgrein rjett áður.

Þá leggjum við til, að síðari málsgrein 12. gr. falli burt, nefnilega ákvæðið, sem snertir sektir húsráðanda fyrir að hýsa ólöglega lausamenn lengur en 3 nætur. Þetta er atriði, sem jeg held að mjög fágætt sje að framfylgt sje í verki, og þetta ákvæði er mjög svo óviðráðanlegt og ósanngjarnt. Gestrisni manna hjer á landi er svo mikil og landslagi og veðráttufari þannig farið, að það væri ekki gott, ef mönnum væru settar reglur í þeim efnum, og skipað að reka út eða úthýsa mönnum, hvernig sem á stæði. Fyrst og fremst er líka erfitt, að vita með vissu, hvort gesturinn er lausamaður eða ekki. Og þó menn viti, að hann sje það, þá getur verið ómögnlegt að vita, hvort hann er löglegur eða ólöglegur, en löglegur er hann því að eins, að hann hafi lausamennskuleyfisbrjef frá sýslumanni. Þar sem þetta er þannig að eins pappírsgagn og gjörir lögin hlægileg, þá leggjum við til, að málsgreinin verði felld burtu, þótt hún sje í samræmi við gildandi lög.

5. breyt.till. við 14. grein stafar af því, að okkur þótti rjett að breyta þannig orðalaginu, að sömu sektum væri beitt við húsráðendur, sem taka húsmenn eða þurrabúðarmenn án byggðarleyfis. Því að auðvitað kemur það í sama stað niður, hvort þeir eru teknir í þurrabúð eða á annan hátt. T. d. þannig, að húsráðendur tilkynni lögreglustjóra, hvort þeir ætla að setj-

ast að í heimahúsum eða í sjerstakri þurrabúð.

6. breyt.till. við 16. gr. a fer fram á það, að stækka lóð þurrabúðarinnar úr 400 ferföðmum upp í 900 ferfaðma. Það getur verið, að sumum finnist þessi breyting athugaverð, en nefndin leit svo á, að þar sem það væri mögulegt og kæmi ekki í bága við almenningsheill, þá mætti lóðin alls ekki minni vera, til þess að venja menn við jarðrækt og þeir gætu lifað þægilegu lífi. Þar sem lóðin er að eins 400 ferfaðmar, er að eins hægt að gjöra kálgarð. En vjer vitum, að kálgarðar eru víða alveg óarðberandi, nema að eins ár og ár í bili. Þannig er því til dæmis háttað víðast hvar á Vestur- og Norðurlandi. Og er það bæði fallegra og arðvænlegra, að rækta grasblett í staðinn. Því að þó hann sje ef til vill ekki nógu stór til að hafa kú á honum, þá má þó selja heyið. Auk þess er slíkur blettur til prýðis, og getur gefið talsvert í aðra hönd. Það má að vísu segja, að erfitt geti verið að fá áburð á hann, en það er þó sjaldnast, að minnsta kosti ekki í sjóplássum. Auk þess má hafa hesta eða aðrar skepnur og jafnvel kú, ef góð rækt er í blettinum og keypt úthey og korn í viðbót, eða þar sem sjávarfang er. Oss dylst sam ekki, að á einstöku stöðum geti þetta orðið helzt til stór lóð, einkum í arð-t vænlegum sjóplássum, þar sem lítið landrými er. Get jeg tekið til dæmis við Ísafjarðardjúp, svo sem Hnífsdal og Bolungarvík. En þegar maður tekur tillit til 19. gr., þá geta sýslunefndir og hreppsnefndir gjört undantekningar, þar sem þeim sýnist þess við þurfa, og hitt er til skaða fyrir viðkomandi pláss.

Í sambandi við ákvæðið um matjurtagarðana höfum við ekki viljað gjöra mönnum það að skyldu að hafa þá, þar sem það ef til vill væri að eins til ógagns, og álítum þess vegna hart, að skipa mönnum að hafa þá ræktun á sinni lóð, sem alls ekki borgar sig, eða hamlar þeim frá að rækta hana sem bezt. Því að við vitum, að kálgarðar eru opt til óþrifa og kostnaðar og því þeirri vinnu, sem til þeirra er varið, á glæ kastað. En grasblettir eru þar á móti allt af til prýðis, þegar þeir sjást fyrir snjó, og má auk þess nota þá sem beitiland.

Í sambandi við lóðarstærðina, þá skal jeg taka það fram, að þó að 900 ferfaðmar sjeu sumstaðar of stór lóð, þá er hún líka víða of lítil, þar sem víðátta er mikil en ekki margt fólk. Þannig hefur mjer verið bent á, að út með Eyjafirði mundi 900 ferfaðma lóð reynast of lítil. Það er eins hvað þessu viðvíkur, að þar kemur 19. gr. til nota. Geta sýslunefndir veitt undantekningar á þann hátt, að láta lóðirnar verða sem allra stærstar. Það hefur vakað fyrir oss sem framtíðarspursmál, að koma upp sem flestum grashúsbýlum. Mundi það þá sýna sig, að opt færi betur að skipta stærri jörðum í smábýli; mundu þær þá framfleyta miklu fleira fólki heldur en ef einn maður hefði þær undir hendi. Jeg held, að lögin styðji að því, að sýna það, hve mikið megi fram leiða á litlum bletti, og að það geti þá sýnt sig, að heppilegt sje að skipta ýmsum stærri jörðum í smærri býli.

Að því er snertir sektarákvæðin í 20. gr., þá hefur nefndin fært lágmark þeirra úr 1 kr. upp í 2 kr. Fannst okkur lágmarkið fjarstæða þar sem 100 kr. eru þó hámarkið. Það hefði ef til vill mátt setja það enn þá hærra en við vildum þó ekki fara frekar út í það að sinni.

Það er einn galli við síðustu breyt.-

till. nefndarinnar, að við höfum bætt einum böggli ofan á byrðar hreppstjóra, og skal jeg þó játa, að þessir menn hafa nóg á sinni könnu, og að slæmt sje að bæta meiru á alþýðumenn, sem hafa lítil laun fyrir starfa sinn. Þó verðum við að álíta, að breyting þessi sje heppileg, því að með því að heimta þessar skýrslur, er fengin meiri trygging fyrir, að lögunum verði framfylgt, og er sýslumönnum með því gjört hægara fyrir að hafa eptirlit með því. Álítum við þetta ákvæði sjerstaklega heppilegt til þess, að ekki sje lengur farið í kringum lögin ár eptir ár eins og að undanförnu, en þurrabúðarmenn fái þá lóð, sem lögin heimila og uppfylli þær skyldur, er þau heimta. Höfum við sett þetta ákvæði vegna þess, að þurrabúðarmenn hafa ekki þekkt lögin, og heldur ekkert verið til tryggingar fyrir því, að sýslumenn hafi vitað, hvort lögunum hafi verið fylgt. Af þessum ástæðum leggjum við það til, að hreppstjórum sje gjört að skyldu, að gefa þessar skýrslur og væntum við, að stjórnarráðið taki til athugunar hvað í þessum skýrslum skuli vera, þegar það lætur semja skýrslufyrirmyndina, þannig, að á skýrslunum sjáist, hvort lögunum er framfylgt eða ekki, hvað eptirgjaldið sje, hve stór lóðin sje o. fl., hvort þurrabúðarmaðurinn hafi nokkur ítök eða rjett til landsnytja svo sem beitilands. Gæti þetta verið mjög fróðlegt í hagfræðislegu tilliti. Líka væri hægt að setja það, hvort býlið gæti framfleytt kú, en þar sem það kemur fram í framtali á lifandi pening, sem birtist í landsbúnaðarskýrslunum, sem hreppstjórar líka safna, þá höfum við ekki sjeð ástæðu til að ætla því einnig að takast upp í þessar skýrslur. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vona að háttv. deildarmenn hafi skilið það, sem jeg hef sagt um nefndarálitið og frumv. í heild sinni.

Að lokum vil jeg samt minnast á síðustu breyt.till. á þgskj. 121, þar sem farið er fram á, að þurrabúðarmenn tilkynni lögreglustjóra viku áður er þeir ætla að setjast að í þeirri sveit í stað 8 vikum áður, eins og stendur í frumv. Jeg skal að vísu játa, að 8 vikna takmarkið er ef til vill nokkuð hátt, því það geta verið erfiðleikar fyrir menn að ákveða sig svo löngu fyrirfram. En hins vegar finnst mjer æði mikið stökk úr 8 vikum niður í eina viku. Það getur orðið til þess, að menn komist inn í sveitina án þess að nokkur viti það nema hreppstjórinn. Og þó ekki sje hægt að leggja neitt lagahapt á menn, þá getur það orðið óþægilegt ef svo verður, án þess að aðrir viti það en 1 eða 2 menn í hreppnum. Jeg held þess vegna, að jeg fyrir mitt leyti greiði atkv. á móti þessari breyt.till. En við 3. umr. getur komið til athugunar, að farinn verði miðlunarvegur um þetta atriði.

Ráðherrann: Mjer þykir það mjög vel farið, að háttv. nefnd hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að aðhyllast beri þá mannúðarkröfu, sem frumv. stjórnarinnar byggist á. En jeg get ekki að því gjört, að mjer finnst, að ein af breyt.till. háttv. nefndar taki að nokkru leyti aptur það, sem hún þó vill veita, með því, að krefjast þess, að lóð sú, er þurrabúð fylgi, megi ekki minni vera en 900 ferfaðmar í stað 400 faðma, sem nú er heimtað. Þetta skilyrði er þannig vaxið, að sumstaðar mun með því algjörlega verða fyrir byggt, að hægt sje að koma upp nokkurri þurrabúð.

Að vísu veit jeg það, að samkvæmt frumv. og gildandi lögum getur sýslunefnd eptir tillögum hreppsnefndar veitt undanþágu frá ákvæðinu um stærð þurrabúðarlóðar. En sje krafan

til lóðarstærðarinnar hert svo mjög, að skilyrðið fyrir því, að tómthús eða þurrabúð megi byggja, sje, að lóðin verði tvöfalt stærri, en hingað til hefur verið heimtað, þá er það auðsætt, að meira en helmingi optar yrði að koma til sýslunefndar kasta. En þá vænkast sízt málið nje kemst í frjálslegra horf, er svo er komið, að ekki nægir í fjölda tilfella leyfi hreppsnefndar, heldur þarf líka að leita leyfis sýslunefndar til þess, að taka sjer bólfestu í hreppum landsins. Það er að komast »úr öskanni í eldinn«.

Jeg álít, að löggjöf vor eigi að stefna að því, að gjöra mönnum sem hægast fyrir, að setjast að á þann hátt, er hverjum bezt hentar, og styðja að því, að þurrabúðarmenn geti fengið jarðarblett til ræktunar, ef þeir vilja, og að ekkert megi ákveða, er orðið geti til að hindra það. Löggjöfin ætti fremur að ganga í þá átt, að knýja jarðeigendur, sem hafa mikið óræktað eða ónotað land aflögu, til að láta þurrabúðarmenn, er þess óska, fá grasbýlisblett með sæmilegum kjörum, heldur en að þrengja mönnum til að taka land til ræktunar fremur en þeir vilja, eða meira en þeir vilja.

Eins og br.till. liggur fyrir, þá virðist mjer hún geta orðið til þess, að útiloka menn frá því, að geta fengið þurrabúð. Víða er ómögulegt eða lítt mögulegt að láta af hendi svo stórar þurrabúðarlóðir, og neitun hreppsnefndar um tillögu til sýslunefndar viðvíkjandi undantekning frá lóðarákvæðunum, mundi í mjög mörgum tilfellum koma í staðinn fyrir og gjöra sama gagn eins og synjun á aðsetursleyfi nú. Ákvæðið getur því orðið, og hlýtur við og við að verða til þess að leggja hapt á þurrabúðarmenn í stað þess, að rýmkva hag þeirra.

Vjer vitum, að ákvæðið um 400 ferfaðma lóð með þurrabúð hverri hefur harla opt verið pappírsgagn og annað ekki. Það er langt frá, að því hafi verið fullnægt, enda er ómögulegt að neita því, að sumstaðar á það alls ekki við. Ákvæðið sýnist því aðallega hafa verið miðað við jarðir til sveita, en á alls eigi við fiskiver eða í sjóþorpum. Hjer er galli á þurrabúðarmannalögunum, sem þarf að laga við fyrsta tækifæri, og uppfærslan á faðmatölunni bætir sízt úr skák.

Það hefði ef til vill mátt búast við, að milliþinganefndin í landbúnaðarmálum hefði tekið mál þetta til athugunar; hún mun ekki hafa talið fært, að auka því við önnur störf sín, að koma fram með tillögu hjer að lútandi, en innan skamms mun að því reka, að gjöra skýrari muninn á grasbýlismönnum og húsmönnum, heldur en nú er.

Ekki kann jeg almennilega við það nýmæli nefndarinnar, að þurrabúðarmenn skuli skrásettir á hverju hausti, og sjerstakar skýrslur um það, hvernig þeir fullnægi fyrirmælum laganna, sendar sýslumanni. Það ætti að virðast nóg, að hafa ákvæði um það, að þeir skuli kærðir, eins og nú, ef að þeir fullnægja ekki fyrirmælum laganna, þótt eigi sje fyrirskipað, að setja þá undir eins konar sjerstakt lögreglueptirlit eins og grunsama menn.

Þetta virðist einnig miða í þá átt, að gjöra erfiðara, að fá þurrabúðir, því að tilgangurinn með skýrslunum virðist hljóta að vera sá, að ómögulegt verði fyrir sveitastjórnir, að loka augunum fyrir því, ef einhver þurrabúðarmaður kynni að hafa minni lóð en 900 faðma.

Jeg álít því, að þetta ákvæði í sambandi við tillögu nefndarinnar um, að

herða á kröfunum um þurrabúðalóðir — eins og lögin að öðru leyti eru nú — sje sízt til bóta, eða í samræmi við tilgang frumv., þó að líkar ákvarðanir gætu átt heima í lögum, er tryggja ættu rjett grasbýlismanna til að fá sjer lóðir útmældar.

Aptur á móti get jeg fallizt á, að aldurstakmarkið í frumv. sje fært úr 22 árum niður í 20 ár. Jeg álít, að lögin um vistarskylduna sjeu orðin úrelt, og að þau eigi að hverfa úr sögunni innan skamms, og þar sem nú þetta ákvæði miðar til þess, að rýmka vistarhaptið, þá álít jeg það til bóta.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar við 8. gr. hef jeg það að athuga, að orð þau, er háttv. nefnd vill að falli burtu, eiga að láta það í ljós, að maður, sem einhvern tíma hefur haft lausamennskubrjef, en hefur um tíma hætt að nota það, eigi að gefa lögreglustjóra til vitundar, vilji hann fara að nota það aptur; þetta tel jeg nauðsynlegt; aptur á móti virðist það eigi nauðsyn, að lausamaður gefi lögreglustjóra það til vitundar, þótt hann hætti að nota lausamennskuleyfi sitt, og því mega orðin um tilkynninguna til lögreglustjórans vel falla burt á fyrra staðnum í greininni.

Að öðru leyti hef jeg ekkert að athuga við breyt.till. háttv. nefndar.

Um 2. breyt.till. á þgskj. 121 við 2. gr. er það að segja, að jeg veit ekki til, að eptir gildandi lögum geti aðrar persónur á 21 árs aldri verið að fullu fjár síns ráðandi, en ekkjur að eins, og þá þætti mjer viðkunnanlegra, að haga orðalaginu eptir því.

Við 3. breyt.till. á sama þgskj. get jeg vel fellt mig, því að tími sá, sem þar er nefndur, er sjálfsagt optast nógu langur, og breytingin gengur í þá átt, að greiða fyrir þeim, sem vilja setjast að í húsmennsku eða þurrabúð.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg hef leyft mjer að koma fram með ofurlitlar breyt.till. við frumv. þetta. Það er þá fyrst, að jeg kann miður við, að miðað sje við hundrað á landsvísu eins og gjört er í 1. gr. frumv.; sá reikningur er því nær horfinn úr sögunni nú, og krónu reikningur kominn í hans stað; því finnst mjer eðlilegast, að upphæðin sje og hjer miðuð við krónur, og hef jeg leyft mjer að koma koma með brtill. í þá átt.

Það var rjett til getið hjá háttv. framsm. (Guðj. G.), að 2. breyt.till. mín miðar við það, að líklegt er, að þess muni ekki langt að bíða, að myndugleika aldurstakmarkinu verði breytt, og það fært niður. Nú er myndugleikaaldurinn viðast miðaður við 21 árs aldurinn, og eptir því er breyt.till. sniðin. Síðari liður 2. breyt.till. er byggður á því, að það virðist óeðlilegt, að t. d. ekkja, sem er að fullu fjár síns ráðandi, skuli þurfa að fara í vist, ef hún hefur ekki náð ákveðnu aldurstakmarki.

Þriðja breyt.till. mín er sprottin af því, að mjer þykir 8 vikur, sem frv. gjörir ráð fyrir, óþarflega langur tími, og að það muni geta valdið ýmsum óþægindum, að hafa þann tíma svo langan. Setjum svo, að það komi maður frá Ameríku og vilji setjast hjer að; eptir frumv. verður hann að bíða í 8 vikur þangað til hann getur fengið formlegt aðsetursleyfi þar sem hann vill taka sjer bólfestu; þetta getur bakað honum ýms óþægindi, og það að óþörfu, því að vikufresturinn mun lang optast vera nægilegur

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. tók fram um 16. gr., skal jeg taka það fram, að mjer þykir hjer ekki eins

miklu máli skipta fyrir þá sök, að í greininni er að eins átt við þá, sem byggja þurrabúðir til að leigja þær, en nær ekki til þeirra, sem byggja sjer sjálfir, eins og þegar er farið að tíðkast um gistihús fram með vegum, og má búast við, að þess konar byggingar fari í vöxt; jeg veit t. d. til, að skipstjórar og stýrimenn eru farnir að byggja sjer dýr hús í nánd við ættingja sína, eða á öðrum stöðum hagkvæmnum fyrir þá. Jeg játa það, að það mundi ekki fyllilega bæta úr vankvæðunum með að fá þurrabúðir byggðar á sumum stöðum, þó að sýslunefndir megi veita undanþágur frá lögunum, ef þau næðu til allra, en jeg álít að þau nái ekki til annara en þeirra, sem bæði leigja út hús og lóðir þurrrabúðarmönnum, og því lít jeg nokkuð öðrum augum á breyt.till. h. nefndar, en hæstv. ráðh.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Hæstv. ráðh. hefur skilið breyt.till. vora (nefndarinnar) á nokkuð annan veg en vjer ætlumst til að hún sje skilin. Það er engan veginn tilgangur vor, að taka það aptur með annari hendinni, sem veitt er með hinni, heldur vildum vjer koma meira frambúðarlífskrapti inn í lögin, en þau hafa haft hingað til. Oss var það ljóst, að lögin um þurrabúðarmenn frá 12. jan. 1888 hafa hingað til að mestu leyti verið pappírsgagn og dauður bókstafur, þótt þau eigi það ekki skilið. En af hverju hefur svo verið? Til þess liggja einkum tvenn rök. Önnur þau, að lóðarbletturinn, sem tiltekinn er í lögunum að fylgja skuli þurrabúð hverri, er allt of lítill til að geta fætt fjölskyldu eða ljett að verulegum mun undir að framflytja henni, nema þar sem hægt er að hafa nokkurn veginn arðsama garðrækt; en það er svo víða hjer á landi sem garðrækt er stopul og arðlítil. Öðru vísi mundi hafa farið, ef lóðarbletturinn hefði verið ætlaður svo stór, að hægt hefði verið að hafa nokkuð til muna upp úr grasrækt á honum. Fyrir norðan er sú reyndin á í kauptúnum, að þeir, sem hafa lóðarblett til umráða, hallast fremur að því, að stunda á honum grasrækt en garðrækt; þeir þekkja betur til þess, og telja sjer tryggari arð af honum á þann hátt. Það er því sannfæring mín, að lóðarbletturinn við þurrabúðirnar þurfi að vera svo stór, að grasrækt á honum gefi þó dálitlar tekjur, og þá eru 900 ferfaðmar hið minnsta, sem farið verður fram á; æskilegast væri, að hann gæti verið stærri, en þó þorðum vjer ekki að setja lágmarkið hærra, því að á ýmsum stöðum mundi verða örðugt að fullnægja hærri kröfum. Á öðrum stöðum mætti aptur að meinfangalausu ætla þurrabúð 2 dagsláttur eða þaðan af meira. Jeg lít svo á, að lögin frá 12. jan. 1888 hafi átt að fyrirbyggja það, að hjer í landi myndaðist stjett manna, er byggði í leiguhúsi og væru leiguliðar landsdrottna, en hefðu engan jarðarskika til afnota; þau munu hafa átt að koma í veg fyrir það, að hjer á landi kæmi upp það sem á útlendu máli er kallað landbúnaðar»proletaríat«. Þetta er og í sjálfu sjer þýðingarmikið, það hafa Danir fengið að reyna. Stórbændur þeirra byggðu á jörðum sínum skýli yfir fjölskyldur og leigðu þeim þau, en fengu þeim ekkert land til afnota. Þessir menn gjörðust nauðuglega staddir: þeir voru einangraðir og áttu miklu erfiðara að stofnu samtök og fjelagsskap en kaupstaðabúar. Jeg held jafnvel, að sú stjett hafi verið einna verst farin allra stjetta áður en landbúnaðarlöggjöfin fór að hlynna verulega að henni. Jeg veit að vísu ekki, hvort mjög hætt muni við, að

þess konar stjett myndist hjer á landi, en með útlendu dæmin fyrir augunum tel jeg þó varlegast, að reyna að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í hann. Jeg nefndi útlendu dæmin, en vjer höfum líka haft dæmi hjer á landi, sem benda í sömu átt.

Jeg sje nú ekki annan veg til að hrinda máli þessu á rjetta leið, en að gjöra landeigendum, sem byggja þurrabúðir, það að skyldu, að þeir láti hverri þurrabúð fylgja lóðarblett, og þetta hugsa jeg mjer að ætti að geta orðið undirstaðan undir öðru meira og þýðingarmeira, undir því að í skjóli bændabýlanna, rísi upp smærri grasbýli. En til þess að þessar smálóðir geti orðið undirstaða undir lífvænlegu grasbýli, útheimtist fyrst, að lögin frá 12. jan. 1888 haldi ekki lengur áfram að vera tómt pappírsgagn, og í öðru lagi að útvegaðar sjeu nákvæmar skýrslur um það, hvernig þurrabúðarmönnum vorum líður, hvar skórinn kreppir einkum að þeirri stjett, og hvernig hann muni haganlegast verða rýmkaður. Það er rjett, að það getur ekki komið til mála, að setja þurrabúðarmenn undir neitt sjerstakt lögregluepti rlit, enda er slíkt fjarri huga nefndarinnar, en hlýða verða þeir jafnt og aðrir borgarar lögum og fyrirskipunum. En viðaukatillaga nefndarinnar við 20. gr. er ekki eingöngu eða sjerstaklega gjörð vegna leiguliðanna; hún á engu síður við landeigendurna, og einmitt gagnvart þeim má telja hana nauðsynlega og miklu fremur til þess að hlynna að þurrabúðarmönnunum en hitt. Jeg get fallizt á, að það sje viðkunnanlegra, að nefna krónur en hundruð á landsvísu, og get að því leyti fallizt á breyt.till. háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) við 1. gr., en jeg vil ekki víkja frá marki því, sem vjer höfum sett, og kýs því, að settar væru 250 kr. en ekki 200 kr., enda hefur háttv. þm. (E. Br.) enga grein gjört fyrir því, hvers vegna hann vill lækka upphæðina. Háttv. framsögum. (Guðj. G.) gat um það, hversvegna vjer höfum fremur hallazt að 20 ára en 22 ára aldurstakmarkinu. Jeg þykist hafa orðið þess var, að mönnum sje jafnvel enn annara um, að losast úr vist á tvítugsaldrinum, en þegar þeir eru orðnir 22 ára. Væri vissa fyrir því, að myndugleikaaldurinn yrði mjög bráðlega færður niður og bundinn við 21 árs aldur, þá hefði jeg í sjálfu sjer ekki á móti 2. breyt.till. háttv. 2. kgk. (E. Br.), en af því að bæði getur nokkuð dregizt, að myndugleika aldurstakmarkinu verði breytt, og eins hitt, að ekki er að vita, hvort myndugleikaaldurinn verður bundinn við 21 ár eða 22 ára aldur, þá kysi jeg heldur, að breyt.till. nefndarinnar yrði samþ., en breyt.till. háttv. 2. kgk. (E. Br.). Oss datt það ekki í hug, að sýslunefnd veitti undanþágu þá, sem nefnd er í 19. gr. eptir umsókn einstaks manns eða einstakra manna, heldur hitt, að undanþágurnar yrðu veittar fyrir viss svæði, og þá farið eptir staðháttum; hitt væri ófært, ef binda ætti undanþágurnar við umsókn einstakra manna; þá væri nokkuð til í því, að hjer væri farið úr öskunni í eldinn.

Björn M. Ólsen (3. kgk.): Mig langar til að biðja um skýringu á einu atriði á máli þessu.

Frumv. þetta er um lausamenn og þurrabúðarmenn. Þannig er fyrirsögn þess; því er svo skipt í tvo höfuðkafla, og er fyrirsögn fyrri kaflans: Um lausamenn. En svo kemur fyrirsögn síðari kaflans: Um húsmenn. Þetta er ekki í samræmi við aðalfyrirsögn frumv. Eptir henni hefði mátt búast við, að

fyrirsögn 2. kaflans hefði verið: Um þurrabúðarmenn; í þeim kafla er og talað bæði um húsmenn og þurrabúðarmenn. Mjer finnst því ástæða til að laga fyrirsögn frumv. og hafa hana t. d. þannig: Frumv. til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, og hafa svo fyrirsögn síðari kaflans: um húsmenn og þurrabúðarmenn.

Að því, er snertir orðalagið í 16. gr., þá vil jeg leyfa mjer, að benda á, að mjer finnst það ekki heppilegt, að hafa í henni orðið »að byggja« í tveim merkingum. Á fyrra staðnum er verið að tala um, að leigja út land til ræktunar, en á síðara staðnum að reisa hús. Jeg teldi rjettara að laga þetta.

Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Jeg á hjer ofurlitla brt. á þgskj, 116, sem ekki hefur fengið þá náð að vera nefnd á nafn. Og er það þó einkennilegt frá því sjónarmiði, að framsm. og hv. 2. kgk. hafa verið að tala um, að sumt af lögunum væri að eins pappirsgagn. En 9. gr. er að mínu áliti eitthvert mesta pappirsgagnið af því öllu saman. Eptir því, sem nú á stendur hjer á landi, getur það ekki komið til nokkurra mála að bjóða þurfi upp vistlaus hjú. Enda er það líka ekki í samræmi við það, að bannað er uppboð á sveitarómögum. Þar sem því þessi ákvæði 9. gr. geta ekki komið til greina, hef jeg lagt það til, að hún verði felld í burtu.

Það er búið að tala svo mikið um hinar aðrar brt., að jeg sje enga ástæðu til að fjölyrða um þær. Hygg jeg, að þær muni flestar vera til bóta, en þó einkum 6. brt. við 16. gr., sem fer fram á að stækka lóð þurrabúðarmanna. Þar sem það er tilgangur laganna, að bæta kjör þessara manna, þá er það fyrsta skilyrðið, að þeir fái sem stærsta lóð, og hefði jeg fyrir mitt leyti bezt fellt mig við, að hún væri ákveðin 2—3 dagsláttur.

Þá hefur verið bætt einum pósti við 10. gr. um skýrslur, sem hreppstjórar skuli gjöra yfir þurrabúðarmenn. Jeg hef skoðað það svo, að þessar skýrslur eigi að vera til þess að fá nokkurs konar »Statistik« yfir þessa stjett. Það getur að vísu orðið töluverð fyrirhöfn fyrir hreppstjórana og eigi svo lítill ábætir ofan á önnur störf. En þó þeir sjeu lítt launaðir, þá er þetta atriði svo mikils vert, að jeg mun greiða atkv. með því, að þeir hafi það bótalaust.

Annars skal jeg ekki fjölyrða frekar um brt., þar sem svo mikið hefur verið um þær talað.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Viðvíkjandi því, sem hv. 6. kgk. þm. (Stg. J.) sagði um 1. brt. mína, þá er 5 hundruð á landsvísu svo óákveðið, að jeg áleit, að breyta mætti frá því. Og álít jeg, að næg trygging sje fyrir því, að þeir menn, sem eiga svo miklar eignir, að þeir hafa 200 kr. í árságóða, verði ekki handbendi sveitanna eða einstakra manna; og hefði það ef til vill mátt vera minna.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.); Jeg þarf ekki að tala langt mál vegna þess að hv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) hefur tekið það fram, sem jeg þurfti að svara hæstv. ráðherra. En jeg verð að segja, að mjer finnst það vera misskilningur hjá hæstv. ráðherra, þar sem hann sagði, að við kipptum burt með annari hendi, því sem við gæfum með hinni. Það gæti komið fyrir í einstaka atriði, að menn þurfi fyrst að leita til hreppsnefndar, og svo til sýslunefndar, sem eptir till. hreppsnefndar getur gjört undanþágu, jafnvel tvær á sama fundi. Á öðrum staðnum minni lóð, en hinum stærri.

Og væri það reglulegt axarskapt, ef því væri öðru vísi fyrir komið. Jeg verð að álíta, að það sje til heilla, en ekki til óheilla, að láta menn hafa svo mikið land, þar sem það hlýtur að verða betra líf, ef þeir hafa einnig land til ræktunar, heldur en hjá hinum, sem hafa að eins matjurtagarða, sem opt og einatt gefa engan arð. 400 ferfaðma land er ekki hægt að nota til annars en garðræktar, en 900 ferfaðma má nota til hvers sem vera skal.

Þar sem þess var getið, að þessi skrá væri hneykslanleg af því hún líktist markaskrá, þá get jeg ekki sjeð, að það sje rjett, því að við bændur verðum opt að sætta okkur við, að komast á ýmsar skrár og álítum það enga hneisu. Ef þessi stjett er blómleg þá verður skýrslan henni til heiðurs, en ef eins og nú er að hún verður lakasta eða í allt fall armasta stjett landsins, þá flytja skýrslurnar þó ekki annað en það, sem allir vita.

Viðvíkjandi því að kippa burt úr 8. gr. þeim orðum, sem 3. brt. nefnir, þá geta verið deildar meiningar á hverjum staðnum það ætti að vera. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt að því væri kippt í burt á báðum stöðum. Af því að jeg álít það ótilhlýðilegt að hafa sjerstakar »ceremoníur« um það, er menn fara úr lausamennsku í vist, held jeg að það væri rjettast, að menn gætu verið lausamenn annað árið, en hjú hitt árið, eptir því sem þeim bezt byðist, og hafa engar sjerstakar reglur um það.

Mjer virtist hv. 5. kgk. þm. (Þ. J.) dálitið »fornærmaður« yfir því, að ekki hafði verið minnzt á brt. hans á þgskj. 116. Og skal jeg játa, að hún verðskuldar fyllilega að minnzt hefði verið á hana. Stafar það af gleymsku, að það eigi hefur verið gjört, og skal jeg lýsa því yfir, að jeg greiði atkvæði með gleði með henni og hinir nefndarmenn líka, þar sem hún er fyllilega rjettmæt. Till. kom til orða í nefndinni, en komst þó ekki í nefndarálitið, og skildi nefndin þar með hv. 5. kgk. þm. fagurt hlutverk eptir.

ATKV.GR.:

Leyft var, að brt. á þgskj. 121, er útbýtt hafði verið með ónógum fyrirvara, mættu komast að.

1. brt. (121) við 1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
   1. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
2. brt. (121) við 2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
1. brt. (108) við 2. gr. þar með fallin.
   2. gr. breytt sþ. í e. hlj.
2. brt. (108) við 3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
   (3. gr. þar með fallin burt).
   4. gr. frv. samþ. með 11 shlj. atkv.
   5. gr. — — — 11 — —
   6. gr. — — — 11 — —
   7. gr. — — — 11 — —
3. brt. (108) við 8. gr. sþ. með 12 atkv. gegn 1.
   8. gr. breytt sþ. með 11 atkv.

Brt. (116) við 9. gr. sþ. með 12 atkv. gegn 1.
(9. gr. þar með fallin).
10. gr. frv. sþ. með 12 shlj. atkv.
11. — — — — 12 — —

4. brt. (108) við 12. gr. samþ. í e. hlj.
   12. gr. (nú 10. gr.) breytt sþ. með 11 atkv.
   Fyrirsögn I. kafla frv. sþ. án atkvgr.
3. brt. (121) við 13. gr. sþ. með 8 atkv. gegn 2.
   13. gr. breytt. sþ. með 11 atkv.
5. brt. (108) við 14. gr. samþ. með 12 atkv.
   14. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
   15. gr. frv. sþ. með 11 shlj. atkv.
6. brt. (108) við 16. gr. a. fyrri liður, samþ. með 10 atkv.

6. brt. (108) við 16. gr. a síðari liður sþ. með 11 atkv.
16. gr. breytt sþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr. frv. sþ. með 11 shlj. atkv.
18. — — — — 11 — —
19. — — — — 11 — —
7. brt. (108) við 20. gr. samþ. með 12 atkv.
8. brt. (108) við 20. gr. samþ. með 9 atkv. gegn 4.
20. gr. breytt sþ. með 11 shlj. atkv.
21. gr. frv. sþ. með 11 atkv.
22. — — — — 11 —
Fyrirsögn II. kafla frv. samþ. með 8 atkv. gegn 1
Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 atkv.

Á 19. fundi Ed., miðvikudaginn 24. júlí, kom frumv. (A 138, 142,) til 3. umr.

Framsögum. Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg skal geta þess, að prentvilla hefur orðið af ógáti í brtill. nefndarinnar, þar sem stendur, að 8. gr. frv. falli burtu, það á að vera: 7. gr. frumv., sem fellur burtu. Frumv. var ekki prentað, þegar breyt.till. var gjörð, og ein grein hafði fallið úr, þess vegna varð villa þessi, sem jeg vona að megi skoðast sem prentvilla, svo að frumv. tefjist ekki, og óska jeg að málið megi halda áfram.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Þessi villa á breyt.till. kemur sjer dálítið meinlega. Jeg hafði ekki sjeð ástæðu til, að fella 8. gr. burtu, eins og brtill. fór fram á, en nú kemur þetta manni að óvörum, að það sje 7. gr., og vil jeg leggja til, að málið sje tekið út af dagskrá, svo að færi gefist til þess að athuga þetta nánar.

Í 4. breyt.till. nefndarinnar er ein slæm prentvilla »hreppsnefna« fyrir »hreppsnefnda«.

Málið tekið út af dagskrá.

A 20. fundi Ed., fimmtudaginn 25. júlí, kom frumv. (A 138, 142, 148, 157) til framhalds 3. umr.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það liggja hjer fyrir nokkrar litilfjörlegar breyt.till. frá nefndinni við frnmv. á þgskj. 142, sem jeg vildi leyfa mjer, að gjöra stutta grein fyrir.

1. breyt.till. nefndarinnar er við 2. gr. og fer fram á, að í stað orðsins »ókeypis«, komi: »án þess að greiða gjald þetta«. Ástæðan fyrir þessari breytingu er auðsæ; hún miðar að eins til þess, að gjöra greinarmun á, að gjald það, sem hjer er átt við, er það, sem lausamenn inna af hendi til styrktarsjóðs handa alþýðufólki, en ekki fyrir leyfisbrjefið. Því að það kemur ekki málinu við, þó að þeir þurfi að kaupa leyfisbrjefið. Nefndinni þótti því ljósara að orða þetta eins og gjört er í breyt.till.

Þá fer 2. breyt.till. á þskj. 142 fram á það, að 8. gr. frumv. falli burt, en það var skýrt frá því við síðustu umr., að þetta væri ritvilla, og má sjá það leiðrjett á þskj. 157, þar sem farið er fram á, að fyrir 8 komi 7, eða að 7. gr. frumv. falli burtu. Það var rætt um það við 2. umr. að fella aptan af gr., en það var meiningamunur um það, hvort ekki ætti eins vel við, að fella sömu orðin úr miðri gr. Gr. hljóðar um það, hvað lausamaður þurfi að gjöra, ef hann flytur sig í annað lögsagnarumdæmi, eða hættir að nota leyfið og fer í vist. Þegar nefndin athugaði þetta, þótti henni rjettast, að fella greinina alveg burtu. Það var

ekkert annað sem nefndin hafði á móti þessari breytingu, en það, að við það tapast 2 kr. til landssjóðs fyrir hvern mann. En þegar á það er litið, að hjer er um svo litla upphæð að ræða, að landssjóð munar það engu, og hitt, að ekki virðist sanngjarnt, að menn, sem einu sinni hafa leyst sig undan vistarskyldunni, þurfi að endurnýja það, þó þeir flytji sig í annað lögsagnarumdæmi, eða hætti að nota leyfið í nokkur ár (sic.).

3. breyt.till, við 17. gr. stafar af því, sem fram kom við 2. umr., að ekki væri tekið fram í frumv., hvaða eignarákvæðum skuli beitt gagnvart þurrabúðum, sem leyfðar eru eptir eldri lögum. Þess vegna fannst nefndinni, að einnig þyrfti undanþágur um lóðarstærðina við þær þurrabúðir, og að þær skuli veitast af hreppsnefndunum sjálfum, að því er snertir gamlar. En viðvíkjandi nýjum þurrabúðum má veita almennar undantekningar, sem hreppsnefndir leggja til, en sýslunefndir samþykkja, og gilda ekki fyrir einstök tilfelli, heldur fyrir sjerstök svæði eða þorp. Með öðrum orðum, hreppsnefndir geta gjört till.um,að sýslunefndir breyti lögunum um lóðarstærðina fyrir þurrabúðarmenn.

Enn fremur þótti nefndinni rjettara, að breyta fyrirsögn II. kafla þannig, að þar sje einnig tekið inn í »þurrabúðarmenn«. Og í samræmi við það hefur fyrirsögn frv. verið þannig breytt, að »húsmenn« hefur verið bætt inn í.

Þá fer 2. breyt.till. á þskj. 157 við 14. gr. frumv. fram á, að í stað orðsins »byggja« komi »leigja«. Er það gjört til skýringar, þar sem orðið »byggja« er í sömu grein notað í annari merkingu, en hjer þýðir »byggja« að »leigja«. Það þýðir að vísu opt það sama t. d. »byggja jörð«, en nefndinni þótti þó öruggara að breyta orðinu þannig, til þess að taka af allan vafa.

Þá er hjer breyt.till. á þskj. 148 frá háttv. 5. kgk. þm., við 11. gr., sem fer fram á það, að í stað orðsins »viku« komi »4 vikur«, Jeg gat þess við 3. umr., að mjer þætti 8 vikur allt of langur tími til að heimta frá því maður tilkynnir lögreglustjóra, að hann ætli að byggja þurrabúð, og þangað til hann má flytja í hana. En hins vegar þótti mjer vika of stutt. Setjum svo, að maður sem er á ferð hingað til Reykjavíkur, finni allt í einu upp á því, að setjast hjer að í þurrabúð. Það virðist þá alls ekki nauðsynlegt, að hann innan viku geti alflutt sig hingað, því að það er ekki líklegt, að hann gæti verið búinn að athafna sig á þeim tíma, ekki sízt, ef hann hefði fjölskyldu. Fannst oss því 4 vikur hæfilegur tími handa honum til að sækja sig. En hitt getur engan skaða gjört, þó hann yrði að vera gestur þennan tíma. En aptur á móti er það ekki heppilegt, að tíminn sje svo stuttur, að sveitarstjórnir ekki þekki manninn eða viti ástæður hans áður en hann flytur inn í sveitina. Það er gott, ef þær geta kynnzt honum áður en hann setzt þar alveg að. Nefndin hallast þess vegna að þessari brtill. Jeg hef svo ekki meira um þetta mál að segja, en vona, að nefndin samþ. þessar breyt.till., sem eru svo litlar.

ATKV.GR.: 1. brt. (142) við 2. gr. frv. sþ. með 12 shlj. atkv.

1. brt. (157) við 2. brt. (142) sþ. án atkv.gr.

2. brt. (142) sþ. með 10 shlj. atkv.

Brt. (148) við 11. gr. frv. sþ. með 7 gegn 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkv.gr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Ágúst Flyngenring,

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugss.,	Jóh. Jóhannesson,
Guttormur Vigfúss.,	Valtýr Guðmundss.,
Sig. Stefánsson,	Þorgr. Þórðarson,
Stgr. Jónsson,	
Þórarinn Jónsson.	

Jón Jakobsson var ekki viðstaddur atkv.gr.

2. brt. (157) við 14. gr. sþ. í e. hlj.

3. brt. (142) við 17. gr., sem verður 16. gr., sþ. í e. hlj.

4. brt. (142) ný 17. gr. sþ. í e. hlj.

5. brt. (142) við fyrirsögn I. kafla sþ. án atkv.gr.

6. brt. (142) við fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Frv. sþ. með 10 atkv. gegn 1 og afgreitt til forseta Nd.

Á 21. fundi Nd., miðvikudaginn 14. ágúst, kom frv. til laga um lausamenn húsmenn og þurrabúðarmenn (A 170) til 1. umr.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætla mjer ekki að ræða málið að þessu sinni, heldur einungis að stinga upp á því, að nefnd verði sett í það, því að það er mikilsvert mál. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði kosin í málið, að loknum umræðum.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd í málið og hlutu kosningu með hlutfallskosningu:

Pjetur Jónsson,
Skúli Thóroddson,
Jóhannes Ólafsson.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen kosinn formaður og Pjetur Jónsson skrifari og framsögumaður.

Á 43. fundi Nd., miðvikudaginn 6. sept., kom frumv. (A 170) til 2. umr.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg skal ekki tala langt um þetta mál, þó að það sje mikilsvert. Nefndin býst við, að breyt.till. sínar verði samþ. Þetta frumv. hefur verið alllengi á leiðinni. Það var af stjórninni lagt fyrir Ed., og fekk þar nokkurar breytingar. Síðar var sett í það nefnd hjer. En nefndarmenn hafa verið svo önnum kafnir, að frumv. hefur ekki getað verið flýtt.

Nefndin hefði talið heppilegt, að þetta mál hefði verið tekið til enn þá rækilegri meðferðar, en gjört er. Hjer hefur verið gjörð samsteypa úr ýmsum lögum um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn. En æskilegast hefði verið að taka einnig upp í þau ákvæðin um vistarskylduna. Um hana gildir mjög gömul tilskipun og ekki vel ljós. Það hefði að áliti nefndarinnar jafnvel verið rjettast, að nema vistarskylduna alveg úr lögum, því að hún er eitt af þeim ákvæðum, sem mest er traðkað hjer á landi. Nefndin hefur þó eigi ráðizt í það, en hún hefur því leyft sjer, að gjöra þá br.till., að gefa öllum, sem eldri eru en 16 ára, heimilan rjett til að kaupa lausamennskuleyfi, í stað þess sem nú er takmarkið 25 ár.

Aðrar breyt.till. eru óverulegar. Jeg vil að eins benda á breyt.till. við 15. gr., að, eigendur þurrabúðarlóða leggi ekki á leiguliða sína neinar kvaðir, sem hepti atvinnu þeirra. Raunar kveður nú mjög lítið að slíkum kvöðum í samanburði við það, sem áður var, en rjettast er þó að girða alveg fyrir, að slíkt geti átt sjer stað.

Þá virtist nefndinni líka ástæða til að breyta ákvæðum 18. gr., viðvíkjandi sektarákvæðum. Eptir frumv. eiga hálfar sektir að renna til hreppstjóra.

Þetta virtist hreppstjóra þeim, sem sæti á í nefndinni og nefndinni einnig mjög óheppilegt. Það mundi verða til þess, að baka hreppstjóranum óvinsældir og honum lagt það til hlutdrægni, ef hann gengi eptir sektunum í hendur alþýðunni. Því hefur nefndin stungið upp á, að sektirnar renni í alþýðustyrktarsjóðina, eins og leyfisbrjefagjaldið.

Jeg þykist ekki þurfa að mæla frekar með þeim breyt.till., sem nefndin hefur stungið upp á.

Jeg get auðvitað ekki sagt um það, hvort háttv. Ed. muni ganga inn á aðal-breytinguna, breytinguna um, að aldurs-takmarkið sje fært niður í 16 ár, en jeg hef heyrt það á einum háttv. þingm., sem átti sæti í efrideildar nefndinni, að hann gæti sætt sig við, að aldurs-takmarkið væri fært niður í 18 ár.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg vil leyfa mjer, að benda háttv. nefnd á, að fyrsta breyt.till. getur ekki staðizt eins og hún er, því þar er aldurstakmarkið fært til. Í 1. gr. er miðað við fullan 21 árs aldur, og auk þess talað um þann, sem kunni að vera fjár síns ráðandi, þótt yngri sje. Þetta er látið óbreytt í frumv. En það getur ekki komið til mála, að það standi, ef aldurs-takmarkið er fært niður í 16 ár. Þetta er mótsögn og eptir því, sem nú liggur fyrir, þá finnst mjer ekki hægt að gjöra annað, en taka breyt.till. aptur.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg er þakklátur háttv. þm. N.-Þing. (Á. J,) fyrir upplýsinguna. Þetta er fyrir skakka uppskript á breyt.till.; það hefur nefnilega gleymzt að fella úr athugasemdinni á eptir aldurs-takmarkinu orðin: »að fullu fjár síns ráðandi«. En jeg álít samt sjálfsagt, að bera þessa breyt.till. upp nú eins fyrir því; nefndin gjörir þá brt.till. við það við 3. umr., því það er ekki meiningin, að miða við það, að maðurinn sje myndugur, ef að aldurstakmarkið er 16 ár.

Stefán Stefánsson (2. þingm. Eyf.): Jeg vildi leyfa mjer, að gjöra dálitla fyrirspurn til nefndarinnar út af 18. gr., þar sem stendur, að hreppstjórar skuli vera skyldir til, að senda sýslumönnum skýrslur um þurrabúðir í sínum hreppi. Nú sje jeg ekki, að sýslumenn geti leitt hjá sjer, að hefja rannsókn út af þeim þurrabúðum, sem ekki eru að öllu leyti byggðar samkvæmt fyrirmælum frumvarpsins, en að því, sem jeg þekki til þurrabúða í Eyjafjarðarsýslu, þá eru þær víst sára fáar, sem ekki koma í meiri og minni bága við ákvæðin í 13. gr.

Þar er sem sagt ákveðið, *að* lóð sú, sem að fylgir hverri þurrabúð, sje að minnsta kosti 900 □ faðm., *að* þurrabúðin hafi nægileg húsakynni, og *að* þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

Þegar nú skýrslurnar sýna, að flest eða öll þessi byggingar-ákvæði eiga sjer alls ekki stað meðal þeirra þurrabúða, sem þegar eru byggðar, já — hver verður svo afleiðingin?

Um löglega úttekt virðist mjer ekki hægt að tala, þar sem þurrabúðarmaður en ekki lóðareigandi á öll hús á lóðinni; þegar svo er, þá mun það jafnaðarlega svo, að hver á við sinn sala. Að þessu leyti snertir frumv. því ekki það, sem almennast á sjer stað.

Einnig skal jeg leyfa mjer að minnast á, að þær lóðir, sem nú er ákveðið í gildandi lögum að eigi að fylgja þurrabúðum, eru 400 □ faðm. á stærð. Þessar lóðir eru mjög þýðingarlitlar, þar sem ekki er mögulegt, að nota

þær nema sem matjurtareiti, og líkt verður að segja um þær lóðir, sem að eins eru 900 □ faðm., að þær eru hvorki heilt nje hálft; á þeim er ekki hægt að framfleyta neinum skepnum, sem þurrabúðarmanninum er þó nauðsynlegt. En nú eru fjöldamargar þurrabúðir þannig settar, að þeim fylgir engin lóð nema fáir faðmar í kringum húsveggina, og eptir frumv. verður ekki sjeð, að þeim þurrabúðum, sem þegar eru byggðar, veitist neinn frekari lóðarrjettur, en nú er, sem jeg verð þó að álíta, að væri mjög æskilegt á mörgum stöðum.

Mjer sýnist enn fremur, eins og nú til hagar, nauðsynlegt, að eitthvert ákvæði sje sett inn í frumv., sem nái til þeirra þurrabúðarmanna, er eiga alla íbúð og önnur hús á lóðinni; annars hygg jeg, að geti orðið fullkomin vandræði og málastapp, ef að bókstafnum verður fylgt nákvæmlega.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Þau lög, sem gilda um þurrabúðarmenn og húsmenn, eru miðuð við þær þurrabúðir, sem umráðamenn lóðanna eiga, og leigðar eru út, og þetta frumv. nær ekki lengra í því efni. Nú er það almennt, eins og háttv. 2. þm. Eyf. benti á, að þurrabúðarmenn eigi sjálfir hús sín. Þetta athugaði nefndin, en gjörði þó eigi neinar breyt.till. út af því.

Það sem hjer er um að ræða samkvæmt frumv., er að skylda þá, sem leigja út þurrabúðir, til að láta fylgja lóðarblett, en það mætti taka til íhugunar, hvort það þyrfti að minnast á þær þurrabúðir í lögunum, sem þurrabúðarmenn sjálfir eiga að húsum til, en verða að fá lóðir undir hjá öðrum. Jeg fyrir mitt leyti held ekki, að það sje nauðsynlegt, og jafnframt hæpið, að leggja þá skyldu á nokkurn, að leggja til lóð fyrir þurrabúð, sem hann á ekki sjálfur, en nefndin mun athuga þetta til 3. umr., og þá jafnframt, hvort hreppstjórar sjeu ekki skyldaðir til að senda sýslumönnum skýrslur um þær þurrabúðir, sem ábúendur eiga sjálfir. Það er rjett hjá háttv. 2. þm. Eyf., að þar sem jeg þekki, eru fleiri þurrabúðir, sem ábúendur eiga sjálfir að húsum til, en hinar, sem þeim eru leigðar. En hitt er þó einnig til, að landeigendur eiga húsin og leigja þurrabúðarmönnum, og þá eru þeir skyldir að leggja til lóðarblett. Og jeg tel það rjettarbót, að hækka stærðartakmarkið á löðunum upp í 900 ferhyrningsfaðma. Árangurinn af þurrabúðarlóðum hefur ekki verið mikill hingað til, líklega af því flestir hafa meiri löngun til grasræktar en garðræktar, en 400 □ faðma lóðir eru of litlar til slíks. En sjeu lóðirnar nálægt túndagsláttu, eru þær svo stórar, að tiltækilegt þykir, að taka þær til grasræktar. Það ákvæði er því til stórra bóta fyrir þurrabúðarmenn, en engin útlát fyrir þann, sem landið á, heldur getur það þvert á móti orðið til þess, að hækka jarðir í verði.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. felld með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Jón Magnússon,
Jóhannes Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Magn. Andrjesson,	Eggert Pálsson,
Magn. Kristjánss.,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Pjetur Jónsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thóroddsen,	L. H. Bjarnason,
St. Stefánsson, Eyf.,	Ólafur Thorlacius,
St. Stefánsson, Skgf.	Tr. Gunnarsson.

Þórhallur Bjarnarson greiddi eigi atkvæði og telst með meiri hlutanum.

2. gr. sþ. með 20 atkv.
3. gr. sþ. með 20 atkv.
4. — — — 20 —
5. — — — 16 —

Breyt.till. (491) við 6. gr. samþ. með 13 atkv.

6. gr. breytt sþ. með 16 atkv.
7. gr. sþ. með 16 atkv.
8. — — — 16 —
9. — — — 16 —
10. — — — 15 —
11. — — — 15 —

Breyt.till. (491) við 12. gr. samþ. án atkv.gr.

12. gr. með orðabreytingu sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (491) við 13. gr. samþ. án atkv.gr.

13. gr. breytt samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. við 14. gr. samþ. með 16 atkv.

14. gr. breytt sþ. með 17 atkv.

Breyt.till. við 15. gr. samþ. með 19 atkv.

15. gr. breytt sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. við 16. gr. samþ. með 14 atkv.

16. gr. breytt sþ. með 16 atkv.
17. gr. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (491) við 18. gr. sþ. með 16 atkv.

18. gr. breytt sþ. með 18 atkv.
19. gr. sþ. með 18 atkv.
20. gr. — — 18 —

Frumv. vísað til 3. umr. í. e. hlj.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A 588, 593) til 3. umr.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Samkvæmt því, sem kom fram við 2. umræðu málsins, þá hefur nefndin komið fram með breyt.till. við 2. gr. um aldurstakmarkið fyrir heimild undanþágu frá vistarskyldu. Aldurstakmark þetta er fært niður í 18 ár. En orðin: »Eða að fullu fjár síns ráðandi, þó yngri sje«, þurfa ekki að falla burtu fyrir því, vegna þess, að þetta getur átt sjer stað, þegar um giptar konur er að ræða.

Sömuleiðis tók nefndin til greina bendingu frá háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) viðvíkjandi 13. gr., sem ber með sjer, að ekki eru höfð önnur hús fyrir augum en þau, sem jarðeigendur sjálfir eiga, en ekki tekið tillit til þeirra húsa, sem þurrabúðarmennirnir eiga, en það er víða, að þeir eiga húsin og þau ganga kaupum og sölum á milli þeirra.

Nefndinni þótti rjett, að ákvæðið um útmæling lóða væri látið ná til þessara manna. Það er nauðsynlegt, að þeir, sem vilja tryggja sjer þurrabúð, og fá byggingarlóð, fái jafnframt land, svo sem eina dagsláttu til ræktunar, auðvitað með þeim takmörkunum, sem 14. gr. ákveður. Jeg er vongóður um, að háttv. deild fallist á þessar breytingar, og að málið fái fram að ganga.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (593) við 2. gr. samþ. með 13. atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson.
Guðm. Björnsson,	Eggert Pálsson,
Jóhannes Ólafss.,	Guðl. Guðmundss.,
Magnús Andrjess.,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Kristjánss.,	Hermann Jónass.,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson,
Ólafur Thorlacíus,	Lárus H. Bjarnas.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Skúli Thóroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,

Já: *Nei:*
St. Stef., þm. Eyf.
St. Stef., þm. Skgf.,
Þórh. Bjarnarson.

Einar Þórðarson greiddi ekki atkvæði.

Hannes Hafstein var eigi við.

2. viðauki við 13. gr. (593) samþ. með 17 atkv.

3. breyt.till. við 14. gr. samþ. án atkvgr.

Frumv. þannig breytt samþ. með 17 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 51. fundi Ed., miðvikudaginn 11. septbr., kom frumv. (A. 621, 641) til einnar umr.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strm.): Nefndin hefur yfirvegað þetta mál, eins og það er komið frá Nd., og hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að fallast á allar þær breytingar, er háttv. Nd. hefur gjört við frumv., að einni undantekinni, þótt hún ekki sje ánægð með frumv., eins og það nú liggur fyrir, og telji breytingarnar til lítilla bóta.

Jeg bjóst nú ekki við betri útreið á frumv. þessu frá hv. Nd., en raun hefur á orðið, en þó þótti nefndinni fyrst kasta tólfunum við breytinguna á aldurstakmarkinu í 2. gr., þar sem hv. Nd. hefur fært það niður í 18 ár. Það kom meira að segja til orða í hv. Nd. að samþykkja 16 ára aldurstakmarkið, en svo var farinn þessi millivegur að setja það þó ekki lægra en 18 ár, en nefndin hjer getur nú ómögulega sjeð ástæðu til þess að fara svo lágt.

Þetta gæti gefið börnum ástæðu til þess að hlaupa burt frá foreldrum sínum út í heiminn, í hreinustu óvissu, og án þess, að það yrði þeim til nokkurs gagns, í stað þess að vera foreldrum sínum til styrktar, og safna sjálfum sjer þroska og kunnáttu. Þegar þess er gætt, hvað lítið er í aðra hönd fyrir unglinga, sem flækjast eptirlitslausir út í heiminn, þá sætir það undrun, að hv. Nd. skuli hafa fært þetta svona niður, hvað þá, ef 16 ára aldurstakmarkið hefði verið samþykkt. Það sýnir líka, hve mjög deildirnar eru ólíkar í fleiru en fjármálum.

Til þess nú að mæta hv. Nd., hefur nefndin komið sjer saman um, að aldurstakmarkið væri sett 20 ár í stað þess að áður höfðum við sett það 21 ár, og gjörum við okkur von um, að hv. Nd. samþykki það, þótt við hinsvegar þekkjum, með hve miklu kappi hún opt fylgir fram sínum málum.

Jeg skal ekki fara út í aðrar breytingar, er hafa orðið á frumv., en vona, að hin hv. deild samþykki þessa einu br.till. okkar, og frumv. í heild sinni.

ATKVÆÐAGR.:

Br.till. (641) við 2. gr. samþ. með 10 samhlj, atkv.

Frumv. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta Nd.

Á 50. fundi Nd., föstudaginn 13. september, kom frumv. (A. 671, 673) til einnar umr.

Skúli Thoroddsen, (þm. N.-Ísf.): Eins og sjest á nefndarálitinu, hefur hv. efri deild gjört þá einu breytingu á þessu frumv., að hún hefur fært aldurstakmarkið úr 18 árum upp í 20 ár, þannig, að menn, sem eru yngri en 20 ára, geta ekki leyst lausamennskubrjef. Nefndinni þótti breyting Ed. ekki góð, og hefði heldur kosið, að frumv. hefði verið samþykkt þar óbreytt; en vegna þess að tími er naumur, og hinsvegar mik-

ilvæg ákvæði í frumvarpinu. einkanlega að því, er þurrabúðarmenn snertir, þá þótti nefndinni rjett að ráða deildinni til að samþykkja frv. óbreytt, til þess að tefla því ekki í neina hættu.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykkt með 20 atkv., og afgreitt til ráðherra, sem lög frá alþingi.

XLV. Námulög.

Á 5. fundi Ed., laugardaginn 6. júlí., kom frumv. til námulega til 1. umr.

Ráðherrann: Frumv. þetta er í öllum verulegum atriðum samhlj. frumv. því, sem lagt var fyrir þingið 1905. Kom þá þegar fram töluverður meiningamunur um það, hverjum námurjetturinn tilheyri, hvort hann sje eign hins opinbera eða landeiganda. Í frumv. er því haldið fram, að þessi rjettur sje eign hins opinbera, en jafnframt er öllum gefinn rjettur til málmleitunar, ef þeir uppfylla viss ákveðin skilyrði og setja tryggingu fyrir þeim skemmdum, sem af málmleitinni kunna að hljótast. Með þannig löguðum ákvæðum er girt fyrir það, að einstakir menn, sem eiga jarðeignir, geti selt þennan rjett útlendum mönnum, og með því komið í veg fyrir arðberandi auðsuppsprettur í landinu. Jafnframt er það spori á málmleitendur, að geta numið sjer námu, hvar er þeir vilja, og öðlast rjettindi til málmnáms, hvar sem þeir finna það. En ef málmgraftarrjetturinn er eign jarðeiganda eingöngu, þá er með því fyrirbyggt, að finnandi geti haft eins verulegan arð af því, og hvöt til málmleita því minni.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara frekar út í hin einstöku atriði frumv. að þessu sinni, með því að jeg býst við, að nefnd verði skipuð til að íhuga það.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði kosin til að íhuga þetta mál, að loknum umr. um það.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 3ja manna nefnd samþ. í e. hlj.

Með hlutfallskosningu voru kosnir í nefndina:

Steingrímur Jónsson,
Guttormur Vigfússon,
Þorgrímur Þórðarson.

Í nefndinni var Þorgrímur Þórðarson kosinn formaður, og Steingrímur Jónsson skrifari og framsm.

Á 42. fundi Ed., mánudaginn 2. september, kom frumv. til 2. umr.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg held, að það sje rjett af mjer, sem framsm. þessa máls, að afsaka fyrst við hina háttv. deild, hve lengi mál þetta hefur verið hjá nefndinni, og skýra frá ástæðum þeim, sem að því liggja. Í fyrsta lagi höfum við nefndarmenn verið önnum kafnir í nefndarstörfum ýmsra annara mála, sem ekki þoldu neina bið, og í öðru lagi var málið örðugt fyrir nefndina, því eins og kunnugt er, er ekki mikinn stuðning að hafa af íslenzkri

löggjöf við þetta mál, því að sú atvinnugrein, er hjer um ræðir, hefur verið og er hjer óþekkt, og var því vandi fyrir nefndina að átta sig á, hvernig fara átti með málið, og á hvaða aðalgrundvelli átti að byggja lög um það.

Nefndin hefur reynt eptir föngum að setja sig inn í þetta mál, og kemur árangurinn af störfum hennar fram í nefndarálitinu. Stjórnarfrumv. fer fram á, að hverjum manni sje heimilt, að leita málma, og að sá, er finnur, eignist fundinn og njóti hans að mestu leyti. Þessi lagasetning er byggð á þeirri meginreglu, að námurjettur sje ríkis- eða almenningseign (Regale), og ríkið geti því farið með hann eins og það vill. Þessi stefna í stjórnarfrumv. er samkvæm námulögum annarsstaðar á Norðurlöndum og Þýzkalandi, og miðar þessi stefna mjög að því, að hvetja menn til þess, að leita málma, með því að gefa finnanda mestan rjett til fundsins.

En sú meginregla, sem gildir í þessu efni á Norðurlöndum, gildir óvíða annarsstaðar. Hjá Engilsöxum, sem eiga hin málmauðugustu lönd, er mestmegnis fylgt þeirri meginreglu, að námurjetturinn fylgi jarðeigninni, og sje því eign landeiganda.

Um þetta má deila fram og aptur í það óendanlega, hvort rjett sje, að námurjetturinn sje eign landeiganda eða ríkisins; margir telja það síðara rjettara, en nefndinni virðist það fyrra, að námurjetturinn fylgi jarðeigninni, muni í framkvæmdinni verða fullt svo happasælt hjer, auk þess sem þessi meginregla, sem fylgt er í löndum Breta, kemur bezt heim við rjettarmiðvitund manna hjer á landi, og er í fullu samræmi við ákvæði Jónsbókar um fje það, er finnist »í jörðu og á«. Hjer er að vísu að líkindum ekki átt við námugröft með þessum ákvæðum, heldur við falda fjársjóði, en það skakkar engu.

Sama meginregla og sama hugsun kemur fram hjá Alþ., þegar samið er um kaup á námunum í Helgustaðafjalli, og hefur nefndin því ekki álitið rjett, að skoða námurjettinn sem »regale«, en fer heldur að dæmi »Engilsaxa« og skoðar hann eign landeigandans. Nefndin sjer heldur ekki sjerstaka ástæðu til, að námurjetturinn sje skoðaður eign landsins, því að hjer stendur svo vel á, að landssjóður og þjóðkirkjan eiga allmikinn hluta af jarðeignum landsins, og má helzt búast við, að námur finnist á ýmsum þessum opinberu eignum, svo sem heiðarlöndum og afrjettum. Nú viljum við nefndarmenn láta ákvæði þau, er í stjórnarfrumv. eru, gilda á öllum þeim svæðum, sem löggjafarvaldið hefur umráðarjett á, og sömuleiðis á þjóðjörðum, sem hafa verið seldar samkvæmt lögum frá 20. okt. 1905. Með því að gefa finnanda á öllum þessum svæðum mestan rjett til fundarins, álítum við, að mörgum verði gefin hvöt til þess, að leita að málmum, og það einmitt á þeim stöðum, sem einkum eru líkindi til, að málmar sjeu fyrir.

Nefndin hefur því orðið sammála um að breyta 1. gr. í stj.frumv. þannig, að í stað — »landareign annara« — í niðurlagi greinarinnar komi: »landareignum landssjóðs og kirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afrjettum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfjelaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs- og kirkjujarðir, sem seldar verða eptir að lög þessi ganga í gildi, og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða«.

Þetta er aðalbreytingin, sem nefndin hefur gjört við frumv., og eru flestar hinar, orðabreytingar, sem standa í sambandi við þessa breytingu. Það er t. d. ekki annað en orðabreyting, að eptir stj.frumv. er sá, sem finnur málma og notar rjett sinn, kallaður námueigandi, en í tillögum nefndinnar er hann kallaður námurekandi. Ennfremur höfum við hækkað lítillega þau gjöld, sem námurekendur verða að greiða.

Í 2. gr. leggjum við til, að málmleitarbrjef skuli borgað með 2 kr. til landssjóðs, og verður ekki álitið, að svo lítilsháttar gjald fæli menn frá málmleit.

Í 12. gr. gjörir stj.frumv. ráð fyrir, að 10 kr. sjeu greiddar fyrir málmgraftarbrjef. Þetta álítur nefndin allt of lágt, enda er það lægra en nokkurstaðar tíðkast í öðrum löndum, og höfum við því lagt til, að það sje fært upp í 25 kr. En þetta eru sem sagt þýðingarlítil atriði, sem nefndinni er ekki kappsmál um.

Að öðru leyti hefur nefndin fallizt á frumv. stjórnarinnar, og álítur það heppilegt. Enda verður að teljast nauðsynlegt að ákveða með lögum rjett þess, sem finnur námur, eða námurekanda gagnvart landeiganda og öðrum hlutaðeigendum.

Þess er getið í ástæðunum fyrir frv. stjórnarinnar, að rjett virðist, að námurjetturinn sje eign ríkisins, af því að engin gömul lagaákvæði sjeu til hjer á landi um þetta efni, og af því að þeirri meginreglu sje fylgt á Norðurlöndum, sem löggjöf Íslands á mest skylt við. En fyrir mjer og nefndinni hefur vakað, að varúðarvert væri að fylgja þeirri stefnu hjer, því að þær ástæður, sem hafa gjört þessa stefnu eðlilega á Norðurlöndum og á Þýzkalandi, þær hafa ekki verið fyrir hendi hjer á Íslandi.

Þegar þess er gætt, hvernig þetta er til orðið á Þýzkalandi, en það er þekking á málmgreftri og námurekstri komin til Norðurlanda, þá ber fyrst að athuga sameignarrjett manna þar yfir óbyggðu landi; þennan rjett svældu síðan þjóðhöfðingjar undir sig, beittu kúgun og yfirgangi, svo að aðrir urðu að taka lönd sín að ljeni af þeim, svo að þar er ekki eignarrjettur einstaklinganna frá upphafi eins óskertur yfir landinu eins og hjer á landi, þar sem algjörlega frjálsir menn námu lönd, er þeir eignuðust að öllu. Að vísu hefur verið beitt hjer kúgun, eins og annarsstaðar, og landsmenn verið hart leiknir. og þótt það ef til vill hafi komið eins hart niður, þá hefur það ekki verið á sama hátt og t. d. á Þýzkalandi og Norðurlöndum; hjer hefur kúgunin verið mest í verzlun og því um líku.

Hjer eru því sem sagt aðrar ástæður fyrir hendi en á Norðurlöndum og Þýzkalaudi, og sá því nefndin ekki ástæðu til að fylgja þeirri stefnu, er þar er, í máli þessu, en leggur til að farið sje að dæmi Englendinga.

Jeg skal svo eigi fjölyrða frekar um málið, en vona, að hin hv. deild taki því vel, og láti það ganga greiðlega í gegnum deildina, og bæti þannig úr seinlæti nefndarinnar.

Eiríkur Briem: Jeg er nefndinni þakklátur fyrir breyt.till. hennar, og álít þær vera til bóta. Enginn efi er á því, að það er í samræmi við rjettarmeðvitund þjóðarinnar, að námurjetturinn tilheyri landeiganda. Ísland er eina landið á hnettinum, þar sem menn þekkja byggðina frá upphafi. Landnámsmenn tóku sjer landið til ótakmarkaðrar eignar. Hvergi kom

það og skýrar fram meðal allra germanskra þjóðflokka, hvernig menn skoðuðu jarðeignina sem fullkomna eign einstaklingsins.

Annað atriði er það, hvaða fyrirkomulag er heppilegast. Það er engin tilviljun, að mestur námuauður er grafinn úr jörðu í löndum enskumælandi þjóða, þeirra þjóða, sem fylgja að mestu þeirri reglu, að námurjetturinn fylgi jarðeigninni og sje því eign landeiganda.

Í 22. gr. frumv. stendur: 2,500 ferhyrningsfaðmar. Þessu vill nefndin breyta í: 10,000 ferhyrningsmetra. Þegar þannig á að mæla út blett til námuleitar, þá er skoðað svo, sem allir hafi jafnan rjett til landsins; þetta getur útilokað það, að nokkur ráðist í málmleit, þar sem leitin kostar mikið fje, þegar eigi getur með samningum við landeigenda verið hægt, að tryggja sjer rjett til stórs svæðis. Dæmið hjeðan úr Reykjavík, þar sem álitið var að gull hafi fundizt árið 1905, bendir á þetta. Reynslan hefur sýnt, að það kostar hjer 10—20 þús. kr. að rannsaka, hvort nokkrir málmar sjeu hjer í jörðu. Einstakir menn eða fjelög geta ekki lagt út í svo mikinn kostnað, ef þeir eiga ekki von á, að fá stærra land, en hjer er gjört ráð fyrir. Bæjarstjórnin hjer leyfði sem landeigandi mörg hundruð dagsláttur, og gaf rjett til þess, að nota þær. Þessi von gaf ástæðuna til fjelagsskapar þess, sem hjer hefur myndazt. Annars hefðu menn ekki lagt fje sitt í svo mikla tvísýnu, þar sem vonin um að finna gull var harla veik. En finnist gull eða aðrir málmar á einum stað í Vatnsmýrinni, þá er líklegt, að málmar sjeu víðar en á þeim eina stað, og þá er fyrst ástæða til þess, að leggja út í rannsókn, þótt menn eigi fengju rjett til stórs svæðis. En tvísýn, kostnaðarsöm rannsókn er útilokuð, nema hægt sje að semja við landeigandann um það, að mega nota allstórt svæði til námureksturs. Þetta hygg jeg, að eigi sinn þátt í því, hversu mikið er leitað að málmum í löndum hinna enskumælandi þjóða.

Breyt.till. nefndarinnar álít jeg því til bóta og á rjettum grundvelli. Jeg ímynda mjer, að reynslan sýni, að fyrir það verði miklu meiri tilraunir gjörðar til þess, að leita að málmum, ef stærra svæði fæst hjá landeiganda. En hitt er eðlilegt, skoðað frá grundvelli stjórnarfrv., að einstökum mönnum sje ekki heimilað mjög stórt svæði, þegar álitið er, að allir eigi jafnan aðgang að því.

Dæmið, sem jeg nefndi áðan, sýnir, að það er tvísýna mikil fyrir einstaka menn, að ráðast í málmleit, með því að kostnaðurinn er svo mikill, ef á að ganga úr skugga um, hvort málmar sjeu í jörðu. Verði frumv. þetta að lögum, þá yrðu 2 mismunandi meginreglur, sem gilda um þessi efni; önnur reglan, sem gildir á opinberum eignum og hin á jarðeignum einstakra manna; á opinberu eignunum verða útilokaðar kostnaðarsamar tilraunir, þar sem þær verða mögulegar á öðrum jarðeignum, og reynslan mun sýna, hvort meiri árangur ber.

Björn M. Ólsen: Jeg vildi að eins benda háttv. nefnd á, hvort ákvæðin í 33. gr. stjórnarfrumv. eru ekki tvíræð og breyt.till. nefndarinnar við þessa grein ekki nógu skýr. Það er þetta orð »hennar« í frumv. Það gæti bæði átt við hina fyrnefndu námuna og eins við nágrannanámuna. Jeg skil það svo, að það eigi við nágrannanámuna.

Breyt.till. nefndarinnar fer fram á, að í stað: »eigandi hennar« komi: »námurekandi«; en jeg álít, að þetta

orð, »námurekandi«, geti alveg eins átt við fyrri námuna. Mjer finnst hjer þurfa að standa: »rekandi nágrannanámunnar«.

Þetta mætti athuga til 3. umræðu, hvort ekki væri ástæða til, að lagfæra það.

Framsögumaður Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg get verið háttv. deild þakklátur fyrir undirtektir hennar undir breyt.till. nefndarinnar, þar sem háttv. þingdm. hafa lítið haft að athuga við þær.

Mjer skildist á háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.), að honnm virðist svæðið, 10,000 ferhyrningsmetrar, helzt til lítið. Það getur verið að svo sje, en nefndin vildi vera varkár í þessu efni, til þess að ómögulegt væri fyrir einstaka menn, og sjerstaklega fyrir útlendinga, að leggja undir sig stór svæði.

Háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) benti á, að í 33. gr. væru tvíræð orðatiltæki. Nefndin athugaði þetta, en henni virtist, að ef sett væri þetta orð: »námurekandi«, þá gæti naumast verið um misskilning að ræða. Það er að eins um 2 námurekendur að ræða, og það væri meiningarleysa. að leita samþykkis þess námurekandans, sem vatnsrennslinu veldur. Nefndin mun sjálfsagt taka það til athugunar til 3. umr., hvort ekki er hægt að koma betur orðum að þessu.

ATKVGR.: 1. breyt.till. netndarinnar (440) við 1. gr. sþ, með 12 samhlj. atkv.

1. gr. breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.

2. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

3. breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr. sþ. með 12 atkv.

6. gr. — — 12 —

7. gr. — — 12 —

Fyrirsögn 1. kafla samþ. án atkvgr.

4. breyt.till. nefndarinnar við 8. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

8. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.

9. gr. sþ. með 11 atkv.

10. gr. — — 11 —

11. gr. — — 11 —

5. breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.

12. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn 2. kafla samþ. án atkvgr.

7. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

8. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr. breytt sþ. með 11 shlj. atkv.

9. breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. sþ. með 12. shlj. atkv,

14. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.

10. brtill. nefndarinnar við 15. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

15. gr. breytt. sþ. með 11 shlj. atkv.

11. brtill. nefndarinnar við 16. gr. sþ. með 11 atkv.

16. gr. breytt sþ. með 11 atkv.

17. gr. sþ. með 11 atkv.

12. brtill. nefndarinnar við 18. gr. sþ. með 12. atkv.

18. gr. breytt sþ. með 12 atkv.

13. brtill. nefndarinnar við 19. gr. sþ. með 12 atkv.

19. gr. breytt sþ. með 12 atkv.

6. brtill. nefndarinnar við fyrirsögn 3. kafla sþ. með 12 shlj. atkv.

20. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

14. brtill. nefndarinnar við 21. gr. sþ. með 12 atkv.

15. brtill. nefndarinnar við 21. gr. sþ. með 12 atkv.

21. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.

16. brtill. nefndarinnar við 22. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

22. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
17. brtill. nefndarinnar við 23. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
18. brtill. nefndarinnar við 24. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
24. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
19. brtill. nefndarinnar við 25. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
20 brtill. nefndarinnar við 25. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
25. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
21. brtill. nefndarinnar við 26. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.
26. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn 4 kafla sþ. án atkv.gr.
22. brtill. nefndarinnar við 27. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.
23. brtill. nefndarinnar við 27. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.
27. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
28. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
29. gr. — — 12 — —
24. brtill. nefndarinnar við 30. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
30. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
31. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
25. brtill. nefndarinnar við 32. gr. sþ. án atkv.gr.
26. brtill. nefndarinnar við 32. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
27. brtill. nefndarinnar við 32. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
32. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
28. brtill. nefndarinnar við 33. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.
33. gr. breytt sþ. með 11 shlj. atkv.
34. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
29. brtill. nefndarinnar við 35. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
30. brtill. nefndarinnar við 35. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.
35. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
36. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn 5. kafla sþ. án atkv.gr.
31. brtill. nefndarinnar við 37. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
37. gr. breytt sþ. með 12 atkv.
32. brtill. nefndarinnar við 38. gr. sþ. með 11 atkv.
33. brtill. nefndarinnar við 38. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.
38. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn 6. kafla samþ. án atkv.gr.
34. brtill. nefndarinnar við 39. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
39. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
35. brtill. nefndarinnar við 40. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
40. gr. breytt sþ. með 12 shlj. atkv.
41. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn 7. kafla sþ. án atkv.gr.
42. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
43. gr. — — 12 — —
Fyrirsögn 8. kafla sþ. án atkv.gr.
Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv:

Á 44. fundi Ed., miðvikudaginn 4. september, kom frv. (A 525) til 3. umr.
Frv. var umræðulaust samþykkt með 10 atkv. gegn 1 og afgreitt til forseta Nd.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7. sept. kom frv. (A 555) til 1. umr.
Ráðherrann: Háttv. Ed. hefur gjört þá aðalbreyting á stjórnarfrumv., að láta ákvæði þess að eins ná til þeirra landssvæða, sem landið eða hið opinbera hefur eignarrjett á; deildin vildi ekki samþykkja, að námurjettur væri »*regale*«, heldur vill láta hann fylgja almennum eignarrjetti yfir jörðinni, og sá sjer ekki fært að setja neinar reglur um námagröpt í landi, sem er »privat«manna eign.

Jeg álít, að breyting þessi sje til afarmikilla skemmda. Meginþorri jarða hjer á landi er einstakra manna eign, og sje um nokkra málmun að ræða yfir höfuð hjer á landi, getur hún vissulega verið eins mikil í einstakra manna landareign eins og á opinberum eignum.

En um málmgröpt allan í miklum hluta landsins vantar öll ákvæði eptir sem áður, þó að samþykkt verði þetta frumv. eins og háttv. Ed. hefur útleikið það. Þeir hagsmunir, sem nást áttu með stjórnarfrumv., bæði fyrir málmleitarmenn og landið í heild sinni, eru svo takmarkaðir með þessu móti, að lögin koma ekki að hálfu gagni.

Jeg vil þó ekki segja, að ekki sje nokkur bót að frumv. eins og það nú er, ef það yrði að lögum. En hún er miklu minni, en hún hefði orðið, ef frumv. hefði verið samþ. eins og það kom til Ed. frá stjórninni.

Það er svo áliðið þingtímann, að fyrirsjáanlegt er, að frumv. muni daga uppi, ef það verður að breyta því aptur. Ef til vill skiptir það ekki miklu.

En ef það verður samþ., þá má ganga að því vísu, að þess verði ekki langt að bíða, að lögin verði endurskoðuð og sett aptur í sama form, eins og frumv. var áður en það kom til Ed.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Á 47. fundi Nd., miðvikudaginn 11. september, kom frv. (A 555) til 2. umr.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Það er leiðinlegt að láta jafnmerkilegt mál sem þetta ganga umræðulaust gegnum deildina. Það er hinn mikli stefnumunur á frumv. stjórnarinnar og niðurstöðu Ed. Í 1. gr. stjórnarfrumv. er ætlazt til, að rjettur þeirra, sem náma leita, nái til allra jarða á landinu. En Ed. hefur breytt því þannig, að rjetturinn nái að eins til opinberra jarðeigna, þjóðjarða, kirkjujarða og afrjetta og almenninga. Þetta er mikill stefnumunur, og fyrir því nauðsynlegt að fram komi hjer í deildinni, hvorri stefnunni menn eru samþykkir. Hæstv. ráðh. hefur getið þess, að ekkert ákvæði væri í þessu frumv. um námurjett í jörðum einstakra manna, og yrðu lögin því að endurskoðast á næsta þingi til þess ákvæði þessa frumv. gæti einnig náð til jarða einstakra manna, sem virðist alveg óþarft. Ed. hefur byggt þessa breytingu sína á því, að einstaklingurinn teldist eiga rjett til málma í jörðu sinni, eins og hefur verið skoðun manna frá landnámstíð. Þessi skoðun hefur margsinnis sýnt sig frá því fyrst var talað um að námur væru hjer. Í fyrsta skipti voru námur hjer seldar 1851 að mig minnir. Það voru Krísuvíkurnámurnar. Sú sala var þinglesin, og hafði hið opinbera ekkert að athuga við söluna og skoðaði námurnar sem eign mannsins, sem landið átti. Eins hefur námurjettur verið leigður einstökum mönnum, bæði á »prívat«jörðum og einnig á kirkjujörðum, með leyfi stiptsyfirvalda. Og þó að stjórnin sje þeirrar skoðunar nú, að landið eigi námurjettinn, þá man jeg, að hæstv. ráðh. var þeirrar skoðunar á síðasta þingi, að rjetturinn heyrði landeigendum til.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það hafi litlar afleiðingar fyrir landssjóð, hvorri stefnunni fylgt er. Þó tel jeg rjettara, að fylgja Ed., því að ef til þess kæmi, að hjer yrðu námur reknar, þá væri ávallt hægurinn hjá, að leggja tolla á þann atvinnurekstur eða

tekjuskatt, eins og hverja aðra atvinnu. Auðvitað er það dálítið hapt á þeim, sem leita málma, að hafa ekki rjett sinn óskoraðan; einnig rjett til að leita að málmunum í jörðum einstakra manna, en vitanlega verða þær jarðir verðmætari, þar sem námur finnast, þó að ekki fylgi þær jörðinni, og af þeim ástæðum ætti það ekki að valda neinum erfiðleikum, að geta samið um námurjett við einstaka menn. Við sölu jarða í fornöld var hafður sá formáli, að þeim fylgdi allt, sem í þeim fyndist í jörðu og á. Þar með hefur verið átt við allt, sem í og á jörðunni fælist, málma og annað. Jeg þykist vita, að Skallagrími gamla mundi hafa brugðið í brún, ef nágrannar hans hefðu bannað honum að brenna járn úr sinni eigin jörð, af því að þeir hefðu fundið það fyrri en sjálfur eigandinn; eins hygg jeg, að jarðeigendur nú mundu una því illa, ef lög eins og þetta frumvarp er, tæki til jarða þeirra.

Það, sem einkum mælir með því, að námurjettur fylgi einstökum jörðum, er það, að þar með er eigendum gefin hvöt til málmleitar. En jeg get ekki hugsað mjer, að málmar finnist í jafn stóru og fjöllóttu landi, sem Ísland er, *ef jarðeigendurnir sjálfir* ekkert gjöra til þess, að leita að sjerkennilegum steintegundum, sem efnafræðisstofa tæki svo við til rannsóknar.

Jeg skal líka geta þess, að stjórnarfrumv. fer lengra en norska löggjöfin, sem það er tekið eptir. Það er að miklu leyti orðrjett þýðing á námulögum Norðmanna að svo miklu leyti sem hjer gat átt við. En stjórninni hjer hefur yfirsjezt, að taka tillit til laganna norsku frá 17. júní 1869, þar sem ákveðið er, að gullnámur, sem finnast í lausum sandi, leir eða möl, svo nefnt »alluvialgull«, skuli vera eign *landeigenda*. Hver fátæklingur getur þvegið laust gull úr sandi; til þess þarf ekkert veltufje nje dýr áhöld, og þess vegna lætur norska löggjöfin landeigenda njóta þessara náma, sem venjulega eru þær arðvænlegustu. Að sjálfsögðu hefði þó þetta ákvæði átt að standa í stjórnarfrumv., úr því það er sniðið eptir norsku löggjöfinni. Stjórnarfrumv. er því miklu ófrjálslegra og gengur nær eignarrjetti manna, en norsku lögin.

Enda þótt jeg sje ekki alveg samþ. frumv., eins og það nú er orðið í sumum smáatriðum, þá hef jeg þó ekki komið með neina breyt.till. við það, af því jeg sje fram á, að ef farið væri að breyta því nú, þá gæti það ekki komizt í gegnum þingið; þá galla mætti laga á næsta þingi. Það hefur dregizt of lengi, að fá lög um þetta efni og gott, að málinu hefur verið hreyft. Það eru að vísu smá agnúar á frumv. eins og t. d. tveggja ára leitarfresturinn, sem mjer sýnist allt of stuttur eins og hjer hagar til í samanburði við það, sem er í öðrum löndum. Eins hefði kaflinn um, að jarðeigandi skuli hafa tilkall til að taka einn fimmta hlut í reksturskostnaðinum, mátt falla burtu, því ákvæðin, sem þar að lúta, valda miklum vafningum, en kemur jarðeiganda sjaldan eða aldrei að notum, því hver mundi hafa ráð á hjer á landi, að reka námu að $^1/_5$ hluta eða hafa markað fyrir þann rjett. En þrátt fyrir þá smágalla, vil jeg þó ráða hinni háttv. deild til að samþ. frumv. eins og það nú liggur fyrir. Jeg lít svo á, að ef frumv. nú verður samþ., þá sje þar með slegið föstu, að námulögin eigi nú og framvegis að ná að eins til þeirra jarða, sem frumv. ákveður. En jeg skal geta þess í sambandi við þetta, að mjer fyndist rjett, að á næsta þingi

væru sett ýms almenn ákvæði, sem næðu eins til þeirra, sem þessi lög ekki ná til, t. d. það, að samningar um notkun náma fjelli úr gildi, ef námurnar ekki væru notaðar víst árabil, því það er aðalatriði, að námurnar sjeu ekki bundnar þannig, að enginn hafi rjett til þess, að nota þær.

ATKV.GR:

1. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.
2. gr. — — — 16 —
3. gr. — — — 16 —
4. gr. — — — 16 —
5. gr. — — — 16 —
6. gr. — — — 16 —
7. gr. — — — 16 —
8. gr. — — — 13 —
9. gr. — — — 13 —
10. gr. — — — 13 —
11. gr. — — — 13 —
12. gr. — — — 13 —
13. gr. — — — 14 —
14. gr. — — — 14 —
15. gr. — — — 14 —
16. gr. — — — 14 —
17. gr. — — — 14 —
18. gr. — — — 14 —
19. gr. — — — 14 —
20. gr. — — — 15 —
21. gr. — — — 15 —
22. gr. — — — 15 —
23. gr. — — — 15 —
24. gr. — — — 15 —
25. gr. — — — 15 —
26. gr. — — — 15 —
27. gr. — — — 15 —
28. gr. — — — 16 —
29. gr. — — — 16 —
30. gr. — — — 16 —
31. gr. — — — 16 —
32. gr. — — — 16 —
33. gr. — — — 16 —
34. gr. — — — 16 —
35. gr. — — — 16 —
36. gr. — — — 16 —
37. gr. — — — 14 —
38. gr. — — — 14 —
39. gr. — — — 14 —
40. gr. — — — 14 —
41. gr. — — — 14 —
42. gr. — — — 15 —
43. gr. — — — 15 —

Fyrirsagnir kaflanna samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 atkv. gegn 3.

Á 50. fundi Nd., föstudaginn 13. september, kom frumv. (A. 555) til 3. umr.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg skal leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir mínu atkv. í þessu máli við þessa síðustu atkvæðagreiðslu um það, því jeg mun nú sem fyr verða á móti því. Jeg álít nefnilega, að þetta frumv. eigi ekki að verða að lögum eins og það liggur fyrir, af því jeg hygg, að það verði alls ekki til rjettarbótar.

Eins og menn vita, ná ákvæði frumv. um eignarrjett á námum að eins til opinberra eigna, en ekki til eigna einstakra manna. Mjer sýnist, að námulög sjeu minnst nauðsynleg með tilliti til opinberra eigna, því ef einhver vill leita að málmum í opinberri eign, þá getur það opinbera ætíð haft hönd í bagga, og þá þarf engin hætta að stafa af því. Aptur á móti er nauðsynlegt að setja sem fyrst lög um námur í landareign einstakra manna. Og það væri rjett að reisa skorður við því, að jarðir, sem námur væru í, yrðu seldar út úr landinu, að minnsta kosti væri það ekki minni nauðsyn um námur, heldur en um fossana, sem nýlega var verið að semja lög um. Þó er einn galli á þessu námulagafrumv., sem í mínum augum er verstur, en hann er sá, að það virðist gengið út frá því í

frumv., að námur eða fje, sem finnst í jarðeignum einstakra manna, skuli vera eign landeigendanna, en ekki hins opinbera. Jeg hef áður lýst þeirri skoðun minni, að mjer finnst nauðsyn til bera, að löggjöfin búi svo um hnútana, að *allar* námur, sem kunna að finnast hjer á landi, verði eign landssjóðs. Jeg treysti mjer ekki til að fara að halda langa ræðu um þetta mál nú, því tíminn er naumur og ekki líklegt að jeg hafi mikinn tíma til að líta eptir, hvernig hún yrði skrifuð. En jeg veit það með vissu, að ef til þess kemur, að hjer verði mikill námurekstur, þá mun koma sá tími, að menn iðrast þess að hafa látið ónotað tækifærið til að slá því föstu, að landið ætti allar námur. Það er að vísu ekki líklegt að hjer finnist eins afarmikið fje í jörðu og t. d. í Ameríku, en þar er geysimikið böl að því, að allar þarlendar námur eru í fárra manna höndum. Þannig eru allir hinir svo kölluðu »hringir« undirkomnir, t. d. steinolíuhringirnir, sem eru til kúgunar, ekki að eins þar, heldur eru þeir jafnvel farnir að gjöra vart við sig hjer. Ef ríkið ætti steinolíunámurnar, þá væri um enga slíka kúgun að ræða. Þegar verið er að gjöra lög um þetta efni, þá þarf að gjöra það með svo mikilli fyrirhyggju, að lögin verði þannig úr garði gjörð, að ekki sjeu líkindi til, að íbúar Íslands, afkomendur vorir á komandi öldum, bíði tjón eða óþægindi af vorum gjörðum.

Það er því mín tillaga, að frumv. þetta verði fellt að þessu sinni, en tekið rækilega fyrir á næsta þingi.

Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.): H. þm. Sfjk. (J. J.) tók það fram, að nauðsynlegt væri að gjöra sem fyrst ákvæði, til þess að hindra það, að erlendir menn geti fengið eignarrjett á námum hjer á landi. Jeg er honum samdóma um þetta, og jeg álít sjálfsagt, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp um það efni. Aptur á móti get jeg ekki verið samdóma háttv. þm. Sfjk. (J. J.) um það, að allir málmar, sem finnast kunna í jörð hjer á landi, skuli vera eign hins opinbera, en ekki eign jarðareigendanna. Jeg skil ekki, að hann hafi gjört sjer þetta atriði ljóst, eða íhugað það vel, því jeg fæ ekki sjeð, að þingið gæti samþykkt slík lög, þar sem námur í jörð *eru* eign landeiganda eptir gildandi lögum; í Jónsbók segir, að jarðeigandi eigi allt, sem finnst í hans landareign »í jörðu og á«. Mjer virðist þingið einnig sjálft hafa viðurkennt þenna rjett jarðeiganda með þjóðjarðasölu- og kirkjujarðasölulögunum, því í báðum þessum lögum er það tekið fram, að námur í jörð skuli undanskildar, ef jarðirnar eru seldar. Þar hefur þingið því talið víst, að eignarrjetturinn á námunum gengi til kaupenda, ef ekki væri annað sjerstaklega tekið fram í *afsals*-brjefinu. Ef þingið hefði samþykkt lög, þar sem því hefði verið haldið fram, að námurjetturinn væri eign hins opinbera, þá álít jeg, að slík lög hefðu farið í bága við stjórnarskrána, sem segir, að eignarrjetturinn sje friðhelgur, og að enginn verði sviptur eign sinni, nema gegn fullu endurgjaldi. Og þrátt fyrir slík lög, efast jeg ekki um, að landeigandi, þar sem námur fyndust í jörðu, mundi ekki sleppa rjetti sínum, fyr en hann hefði leitað álits dómstólanna, því að slíkt lagaákvæði gæti ekki svipt hann rjetti sínum.

Að öðru leyti virðist og rjettur hins opinbera vera nægilega tryggður, að því er námur snertir, því eins og hv. 1. þm. G,-K. (B. Kr.) tók fram við 2. umr., getur hið opinbera lagt gjöld á námur, eptir því sem þurfa þykir, og það er í lófa lagið, að haga

því svo, að landið missi ekki mikils, þó að einstakir menn eigi námurnar. Enn má og geta þess, að meiri líkur eru til þess, að leitað sje að málmum, ef einstakir menn geta átt von á ágóðanum af þeim námum, sem kunna að finnast í landareign þeirra.

Jeg er því þess vegna mjög hlynntur því, að þetta frumv. sje samþykkt óbreytt, enda er það búið að ganga í gegnum Ed. og 2 umræður hjer í deildinni. Næsta þing gæti þá tekið til athugunar það atriði, sem háttv. þingm. Seyðf. (J. J.) drap á, að reyna að tryggja það, að námur vrrði eigi eign erlendra manna.

Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra þá örstuttu athugasemd, að enda þótt hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fullyrði, að það sje lög hjer á landi, að landeigendur eigi allar námur, er í jörðu kunna að finnast, þá er víst, að ekki eru allir þeirrar skoðunar. Væri það lög, þá verður þingsályktunartillaga sú, er samþykkt var hjer á þingi í hitt eð fyrra um þetta efni, að teljast allsendis óþörf. Og í öðru lagi skal jeg leyfa mjer, að benda á, að í frumv. því, er stjórnin lagði fyrir þingið í sumar, er auðsælega bent í gagnstæða átt. Af því þykist jeg mega ráða það, að margur sje á annari skoðun um þetta efni, en háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt með 13 atkv. gegn 4, og afgreitt til ráðherra, sem lög frá alþingi.

XLVI. Túngirðingar a.

Á 6. fundi Ed., mánudaginn 8. júlí, kom frumv. til laga um frestun á framkvæmd laga 19. desember 1903 um túngirðingar o. fl. til 1. umr.

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Á 9. fundi Ed., miðvikudaginn 10. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls og var því gengið til atkv.

Frumvarpsgreinin var samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 11. fundi Ed., föstudaginn 12. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg held nú að vísu að það hafi litla þýðingu, þótt jeg fari að tala um þetta frumv. nú, þar sem jeg sje, að þetta er 3. umr. málsins, og hygg jeg, að það muni verða samþ. með yfirgnæfandi atkvæðafjölda. En jeg skal þó leyfa mjer að láta þess getið, að 3 þingmálafundargjörðir úr mínu kjördæmi liggja nú fyrir þinginu, sem allar ganga í öfuga átt við þetta frv. og fara allar fram á það, að þessum lögum verði *ekki* frestað, heldur verði þau látin gilda fyrir næsta fjárhagstímabil, og enda þótt jeg ekki hafi átt neinn þátt í áskorunum frá þessum 3 þingmálafundum, er jeg áður gat um, þá verð jeg að segja, að þessar áskoranir falla mjög vel saman við mína skoðun á þessu máli. Jeg hygg, að það

sje engin ástæða til, að fresta þessum lögum ár eptir ár. Ef lögin eru gagnleg, þá álít jeg rjett að láta þau verka, en ef þau eru til ógagns, þá er betra að nema þau hreint og beint úr gildi.

Þingmálafundir þeir, sem jeg áðan nefndi, tóku það fram, að það hafi verið til mikils skaða, að framkvæmd þessara laga hefur verið frestað, og jeg fyrir mitt leyti er fyllilega sannfærður um, að svo hafi verið; enda hefur sú litla byrjun, er gjörð hefur verið á framkvæmd þeirra, sýnt það, að þau hafa verið til góðs, en þessar fyrirfram greiðslur á andvirðinu hafa dregið mjög úr framkvæmdum hjá ýmsum fátækum mönnum. Menn eiga ekki alltaf svo hægt með, að leggja út peninga fyrirfram, enda sje jeg þá enga ástæðu til, að ónáða stjórnina með þessar pantanir; jeg hygg ekki, að hún leysi það betur af hendi, en einstakir menn. Jeg hef sjálfur reynzlu fyrir því, þar sem jeg hef staðið fyrir pöntunum, og þar á meðal á girðingaefni og fengið það allt eins ódýrt, og þurfti þó ekki að leggja út peningana löngu fyrirfram.

Menn kunna nú að segja, að vegna þess að túngirðingalögin eru bindandi, þar sem mönnum er sagt að haga girðingunum svo og svo, þá munu menn síður nota þau, og hafa girðingarnar heldur eptir sínu eigin höfði. Þetta kann nú að vísu satt að vera, en þrátt fyrir það getur það ekkert gjört til, þó lögin sjeu í gildi, því sjeu þau ekki notuð, þá geta þau vankvæði ekki komið í ljós, sem að líkindum liggja til grundvallar fyrir þessari svæfingartilraun, en ef einstöku menn kynnu heldur að vilja nota þau, þá er það kostur, að geta notað þau sem fyrst. Auk þess ber þess að gæta, að þó lögin sjeu bindandi með því að setja reglur um girðingarnar, þá eru þau líka bindandi í þá átt, að láta verkið vera forsvaranlega af hendi leyst.

Pantanir landsstjórnarinnar utan túngirðingalaganna hafa gjört það að verkum, að hver hefur farið eptir sínum geðþótta, og sumir girt ofan á gamla hlykkjótta túngarða, þannig að fje hefur getað skriðið undir vírinn og rifið af sjer ullina. Það er þess vegna illa farið, að landstjórnin útvegi efni til mannvirkja, sem eru handasmán og skaðræði fyrir dýrin. En þar sem farið hefur verið eptir fyrirmælum laganna, hefur allt farið betur.

Það má ef til vill segja, að agnúar sjeu á lögunum, en þá er betra að laga þau, en láta þau sofa ár eptir ár. Það er ekki gott að segja, hve lengi það getur gengið, að fresta þeim þannig, og álít jeg þá, að hreinlegast sje, að afnema þau með öllu, ef þau eru álitin til skaða.

Í stærsta hreppi Strandasýslu, Bæjarhreppi, var að eins einn, sem pantaði girðingarefnið á fyrsta árinu og fjekk það eptir lögunum, og girti að öllu leyti tún sitt, og var hann þó bláfátækur maður, leiguliði á prestsseturs-hjáleigu. En síðan lítur út fyrir, að hagur hans hafi batnað, og virðist hann nú í talsverðum uppgangi og góð fyrirmynd í búnaði, einkum að því er endurbætur á býli hans snertir. Og í þessu var hann sannarlega tekinn sem fyrirmynd, því nú eru flestir hreppsbúar búnir að feta í fótspor hans og girða tún sín með gaddavír. Og jeg þykist viss um, að eptir 1—2 ár verður þar ekkert tún ógirt, og auk þess mjög stórir túnankar á hverjum bæ. Og þetta verður svo í þeim hreppi, hvað sem við túngirðingalögin verður gjórt, því þó þeir þar á fundi sínum að Bæ kæmu fyrstir

hjeraðsbúa með þessa áskorun til þingsins, að fresta framkvæmd laganna ekki lengur, þá var það ekki þeirra vegna — því þeim getur ekkert aptrað hjeðan af — heldur af því að þeir sáu, hvað frestunin hafði mikið tafið fyrir framkvæmdum í þessu efni, og sjá svo afar vel, hvað endurnýjun laganna hrindir þessari þýðingarmestu jarðabót áfram.

Jeg veit ekki, hvort það á við — því jeg hef ekki sett mig svo inn í hin nýju þingsköp — að stinga upp á því, að málið sje sett í nefnd, en þess hefði jeg helzt óskað. (*Forseti:* Jú, það er fullkomlega leyfilegt). Jeg skal þá leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Tillaga um 3 manna nefnd samþ. með 7 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Sig. Jensson,	Björn M. Ólsen,
Eiríkur Briem,	Ágúst Flygenring,
Guðj. Guðlaugsson,	Stgr. Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	Valtýr Guðmundss.,
Jón Jakobsson,	Þorgr. Þórðarson.
Sig. Stefánsson,	
Þórarinn Jónsson.	

Kosningu hlutu:

Guðjón Guðlangsson með 7 atkv.

Eiríkur Briem með 5 atkv.

Steingrímur Jónsson, með 5 atkv.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Guðjón Guðlaugsson skrifari og framsögumaður.

3. umr. málsins frestað.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. september, kom frumv. til framhalds 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strand.): Frumv. þetta var til umr. snemma á þinginu, var sett í nefnd fyrsta daginn, sem jeg sat á þingi í sumar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að þetta frv. ætti að fá að hvíla sig, þó að það væri ekki beint fellt, og bjóst við, að stjórnin tæki það aptur. Frv. var lagt til hliðar, og nefndin lagði það til, að annað frumv. væri samþykkt. Hún vildi taka til greina mótbárur þær, sem fram höfðu komið gegn þessu frumv., og þannig mæta mönnum á miðri leið, gjöra lögin aðgengilegri fyrir landssjóð. Hjer í Ed. var frumv. vinsælt og var samþ. með nægum atkvæðamun, en svo var frv. fellt í Nd. Jeg hygg, að það hafi nokkuð stafað af því, að menn vissu ekki, hvað þeir voru að gjöra. Þá var allt á ringulreið. Sumir háttv. þm. Nd. voru staddir hjer, en sumir voru ekki við á þinginu. Daginn áður var »agiterað« fyrir því að fella frumv. Átti það víst að vera hefnd fyrir það, að hjer í deildinni var fellt frumv., sem Nd. ungaði úr sjer. En það frv. var svo mikið lítilræði, að ekki var vert að taka með í reikninginn, hvort það lifði eða dó. Af því að Nd. felldi það frumv., þá er þetta frumv. ekki alveg komið í gröfina, og jeg vona, að því sje ekki dauði ákveðinn, og að það komist ólímlest í gegnum deildina. Jeg þykist vita, að hv. Nd. vilji telja sjer mikinn sigur, ef þetta frv. kæmist fram með breytingunum. Frumv. er komið í líkt horf og hitt. Það leggur á landssjóð líkar byrðar, $^1/_5$ af því, sem landsmönnum hefur verið lofað í túngirðingalögunum.

Breyt.till. fer fram á, að fresta lögunum, að eins til 31. des. 1908, í stað þess, að áður var þeim frestað svo lengi sem þau höfðu nokkurt lífsmark. Nefndin áleit ekki rjett að fara lengra. En verði frumv. fellt, þá eru túngirð-

ingalögin í fullum krapti, sem jeg álít einnig rjettast. Þar sem frumv. gjörir ráð fyrir, að landssjóður leggi til 100 þús. kr., verði þetta frv. að lögum, þá á hann að leggja til 200 þús. kr. eptir túngirðingalögunum, en nefndin tók það ráð að fara hjer meðalveg.

Hjer er að eins um þá smáformbreytingu að ræða, að frestað sje framkvæmd 1. gr. í lögum 19. desember 1903 til ársloka 1908, og í samræmi við það er aðaltill. orðuð; af því að það gat ekki átt sjer stað, að þó að þingið sje búið að samþ. frumv. um frestun á framkvæmd laga, sem ómögulegt er að fresta, heldur að eins á fyrstu gr. þeirra laga, þá var það bara hreinn og beinn misskilningur, því að meiningin var að eins sú, að fresta framkvæmd 1. gr.

Jeg þarf eiginlega ekki að tala frekar fyrir þessum brtill. nefndarinnar, en vona, að háttv. deild samþykki þær, bæði vegna þess, að hún hefur samþ. frumv. um samkynja efni, og er það ekki á ábyrgð þessarar háttv. deildar, þótt það væri fellt í Nd., og í öðru lagi vona jeg, að þessi deild sje ekki samþ. því, að leggja í gröfina þau lög, sem hafa, að allra þeirra dómi, sem nokkurt skyn bera á þetta mál, reynzt hin þörfustu lög, og sem hafa verið kæfð í fæðingunni, með því að taka af þeim allan lífskrapt eptir eins árs tilveru.

Í þriðja lagi vona jeg, að þessi hv. deild samþ. þessar breyt.till. vegna þess, að að minnsta kosti $^{9}/_{10}$ partarnir af því, sem þessum lögum hefur verið fundið til foráttu, eru byggðir á misskilningi og ranghermi, og sem lítur út fyrir að vera sprottið af »pólitiskum« ofsóknum, og sú mótspyrna, sem lögin hafa mætt af hálfu sumra blaða, er að miklu leyti sprottin af »pólitiskum« ágreiningi, og sýnir það ekki eða sannar, að lögin sjeu ónýt, heldur var það annað atriði, nefnilega *girðingarefnið*, sem átti að stinga svo marga, en nú er fengin næg reynsla fyrir því, að það er hreinasti hjegómi, og allra helzt að gaddavír, sem keyptur er eptir þessum lögum, stingur ekki hvassara eða sárara en gaddavír sá, sem keyptur er á annan hátt fyrir dýrari peninga. Auk þess vona jeg, að háttv. deild taki tillit til þess, að hjer er um það mál að ræða, sem snertir sterkustu stoðina undir hinum stærsta og staðbezta atvinnuvegi landsins, nefnilega landbúnaðinum, og sú stoð er túnræktin og grunnmúr hennar er girðingarefnið. Með þetta fyrir augum get jeg ekki vonazt til minna af háttv. deild, en að hún samþykki þessar brtill., og að hún taki ekki hv. Nd. sem skólakennara eða siðameistara í því, hvernig hún eigi að hegða sjer, að því er snertir afstöðu hennar til þessa máls, meðfram sökum þess, að jeg hef heyt, að Nd. muni ekki taka Ed. sem siðameistara, að því er snertir þær brtill. á fjárlagafrumv., sem samþ. voru hjer í deildinni í gær.

Jeg hygg líka, að jeg hafi reynslu fyrir mjer í því, og það er hið fimmta atriði, sem jeg framber til stuðnings þessum breyt.till., að það girðingarefni, sem hjer ræðir um, sje hið eina girðingarefni, sem er bæði ódýrast og endingarbezt, og líklegast til þess að verða ekki troðið undir fótum, ekki einu sinni af þeim mönnum, sem vilja nota það til þess að troða það undir fótum.

Í sjötta lagi og ekki sízt, má taka það fram, að hjer er um tilboð að ræða, sem skilyrðislaust hefur verið hafnað, og að eins verið ákveðið, að þeir, sem notuðu það, ættu að haga sjer svo eða svo, en ekki að þeir ættu að vera svo eða svo margir, sem not-

uðu það. Jeg get tekið dæmi upp á þetta. Ef einhver vildi ganga út á veggsvalirnar hjer á þinghúsinu, og kalla niður til mannfjöldans hjer á götunum, að þessum mönnum . . . .[1]

Nú hefur á 3 af 11 þingmálafundum þess verið krafizt, að gaddavírslögunum ekki væri frestað. Þetta sannar, að fleiri muni nota þetta girðingarefni. Jeg vona, að háttv. deild líti svo á, að hjer sje að eins um tilboð eða loforð að ræða. Meira hef jeg svo ekki að segja þessu máli til stuðnings, en vil að endingu að eins taka það fram, að þó að einn háttv. þm., sem greiddi atkv. með gaddavírslögunum hjer frá þessari háttv. deild um daginn, sje hjer ekki viðstaddur nú, þá vona jeg samt, að hv. deild leyfi þessu frumv. að komast til Nd., til þess að hún geti fengið færi á að umskapa það, eða ef til vill, til þess að fella það, ef hún vill svo vera láta.

Ráðherrann: Jeg skal leyfa mjer að benda háttv. flutningsmanni þessarar breytingartill. á það, að jeg er hræddur um, að hún nái ekki tilgangi sínum, ef hún er orðuð eins og hún stendur á þgskj. 560. Jeg er hræddur um, að eptir því, sem 2.—3. grein túngirðingalaganna eru orðaðar, þá geti þetta ekki staðizt, að fresta að eins framkvæmd 1. greinar, því í 2. gr. laganna stendur hiklaust, að hver, sem vill algirða tún sitt, geti fengið til þess lán úr landssjóði, og í 3. gr. stendur, að á jörðum einstakra manna og stofnana leggi landssjóður fram $^3/_4$ af verði girðingarefnisins, en á öllum landssjóðsjörðum og kirkjujörðum skuli verð fyrir girðingarefni að öllu leyti lagt fram af landssjóði. Væri nú að eins frestað framkvæmd 1. gr. laganna, þá væri að eins tekin burtu takmörkunin, að landssjóður ljeti eigi meira en 100,000 kr. í 5 ár, en hin almennu boð yrðu eptir.

Af því að jeg þykist vita, að þetta muni ekki vera meining hins háttv. flutningsmanns, þá vildi jeg skjóta því til hans, hvort hann ekki vildi biðja háttv. forseta um, að taka málið út af dagskrá, svo að tími vinnist til þess að orða breytingartillöguna öðru vísi, t. d. á þann hátt, að á árinu 1908 skuli ekki veita nein lán eða leggja fram neitt fje af landssjóði samkvæmt túngirðingalögunum.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir þessa bendingu hans. Jeg vissi ekki annað, en að hjer væri að eins átt við pantanir, þar sem um fyrirfram borgun er að ræða; en ef háttv. forseti vill taka málið út af dagskrá, til þess að það geti verið yfirvegað nánar í nefndinni og breytingartillögunni breytt í þá átt, sem hæstv. ráðherra benti á, þá skal jeg vera honum þakklátur fyrir það.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. september, kom frumv. til framhalds 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Samkvæmt bendingu hæstv. ráðherra á síðasta fundi hefur nefndin komið fram með nýja breytingartillögu á þgskj. 579 og er það endurprentað þgskj., með því að á fyrra þgskj. hafði fallið úr. Þessi breyt.till. er gjörð samkvæmt bendingu ráðherra og leyfir nefndin sjer að taka aptur br.-till. á þgskj. 560, sem var til umr. á síðasta fundi, en leggur til, að háttv.

[1] Þannig í handritinu.

deild samþykki í hennar stað breyt.-till. á þgskj. 579. Jeg ætla svo ekki að orðlengja meira um málið, enda vil jeg ekki lengja tímann.

ATKV.GR.:

1. og 2. breyt.till. á þgskj. 560 teknar aptur.

Breyt.till. á þgskj. 579 samþ. með 7 atkv. gegn 1.

Framv. þannig breytt samþ. með 8 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 46. fundi Nd., þriðjudaginn 10. septbr., kom frv. (A 608) til 1. umr.

Forseti fjekk samþykki deildarinnar og ráðherra til þeirra afbrigða frá þingsköpunum, að þetta frumv. væri tekið til umræðu, þótt eigi væru liðnar 2. nætur frá framlagning þess.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg álít, að það hafi verið mjög svo óheppilegt, að fellt var túngirðingafrv., er var til umræðu hjer í deildinni á dögunum, enda er það nú komið á daginn, er jeg þá spáði.

Nú þykist jeg vita, að þeir, sem voru á móti hinu frumv., muni vilja greiða atkvæði með þessu, því að hjer er farið fram á, að túngirðingalögin frá 1903 komi ekki til framkvæmda á árinu 1908, heldur að eins á árinu 1909, svo að það skiptir miklu fyrir þá, sem eru á móti túngirðingalögunum, að þetta frumv. nái fram að ganga. Jeg get ekki sjeð annað, en að ella sje víst, að túngirðingalögin frá 1903 hljóti að koma til framkvæmda á öllu fjárhagstímabilinu; en það mundi ekki vera heppilegt, eins og fjárhagsástæðurnar eru nú. Jeg vona, að hin háttv. deild hafi athugað þetta mál vel, svo að eigi þurfi frekar um það að ræða.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17. samhlj. atkv.

Á 47. fundi Nd., miðvikudaginn 11. september, kom frumv. (A 608) til 2. umr., að fengnu samþykki deildarinnar og ráðherra til afbrigða frá þingsköpunum.

Enginn tók til máls.

Frumvarpsgreinin var samþykkt með öllum atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 50. fundi Nd., föstudaginn 13. september, kom frumv. (A. 608) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþykkt með 17 atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XLVII. Löggilding Bakkabótar.

Á 4. fundi Nd., föstudaginn 5. júlí, kom frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð til 1. umr.

Frv. var umræðulaust vísað til 2. umr.

Á 6. fundi Nd., mánudaginn 10. júlí, kom frv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. m. 11. atkv.

2. gr. frv. samþ. með 16 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3, umr. með 17 atkv.

Fjarverandi voru Einar Þórðarson (veikur) og Ólafur Ólafsson og Þórhallur Bjarnarson með leyfi þingdeildarinnar.

Á 8. fundi Nd., miðvikudaginn 10. júlí, kom frv. til 3. umr.

Frv, var umræðulaust samþ. með 17 atkv. gegn 1 og afgreitt til forseta Ed.

Á 12. fundi Ed., laugardaginn 13. júlí, kom frumv. (A 69) til 1. umr.

Frv. var vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 13. fundi Ed., mánudaginn 15. júlí kom frv. (A 69) til 2. umr.

Enginn tók til máls og var gengið til atkv.

1. gr. frv. var sþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. frv. var sþ. með 12 shlj. atkv,

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

A 15. fundi Ed., miðvikudaginn 17. júlí, kom frv. (A 69) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

B. Felld.

I. Alþingiskosningar.

Á 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júlí, kom frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. október 1903 til 1. umr.

Ráðherrann: Fyrir löngu hefur það verið viðurkennt af þinginu, að nauðsyn bæri til að breyta kjördæmaskipun landsins. Hin núverandi kjördæmaskipun kemur mjög svo misjafnt niður, og veldur misrjetti milli kjósenda, sem sannað hefur verið með tölum í aths. við frv. það til kosningarlaga, er lá fyrir þinginu 1905. Hvert þingið eptir annað hefur látið í ljósi óskir í þá átt, að bráðlega yrði bót ráðin á þessu vandkvæði. Er það tilefnið til þess, að stjórnin hefur lag fram frv. um breytingar á kosningarlögunum bæði á síðasta þingi og nú.

En þótt allir sjeu á það sáttir, að breytinga þurfi við, eru skoðanir manna mjög svo skiptar um það, hverjir vegir sjeu heppilegastir í þessu efni. Einstöku raddir hafa heyrzt fyrir tvímenniskjördæmum. En flestir hafa þó látið í ljósi, bæði í sýslunefndum og á hjeraðsfundum, að þeir aðhyllist helzt einmenniskjördæmi. Enn eru nokkrir, er ætla það affarasælast, að innleiða hlutfallskosningar, og þyrfti þá að skipta landinu í stærri kjördæmi.

Með því að stjórnarráðið hefur að-

hyllzt hið síðastnefnda, er þetta frv., jafnt og frv. í fyrra, byggt á hlutfallskosningum, og stungið upp á, að skipta landinu í 7 kjördæmi alls.

Á þinginu 1905 var stungið upp á, að viðhafa hina almennu aðferð við hlutfallskosningar, samskonar og þá, er lögleidd hefur verið við kosningar til bæjarstjórnar. Frv. var athugað í nefnd, en lengra komst það aldrei. Í áliti nefndarinnar, er jeg þykist vita að muni hafa haft talsverðan stuðning þm. að baki sjer, var frv. fundið það til foráttu, að erfitt mundi að koma á samkomulagi um kjörlistana. Til þess að geta sett upp lista, þar sem kjósendur sjeu bundnir við nafnaröð þingmannaefna þannig, að sá sitji fyrir atkv., er fremstur er á listanum, mundi þurfa talsverðan undirbúning, er staðhættir hjer á landi gjörðu erfiðan. Enn fremur var frv. fundið það til foráttu, að hjer á landi sje flokkaskipting sjaldan svo glögg nje flokksagi svo mikill, að gjörandi sje ráð fyrir, að menn kynnu að beygja sig fyrir ákvæðum flokksstjórnar um röðina; þeir mundu verða fjöldamargir, er gætu ekki fengið af sjer, að láta persónulegt álit á mönnunum sjálfum lúta í lægra haldi fyrir flokksfylginu.

Jeg játa, að þessar ástæður hafi mikið til síns máls. Hlutfallskosningar með því fyrirkomulagi hefðu ef til vill ekki getað komið að tilætluðum notum.

En þegar nú stjórnarráðið tók kosningarlagabreytingarnar til athugunar, gat það ekki vikið frá fyrri skoðun sinni, að hlutfallskosningar væru engu að síður rjettlátastar og æskilegastar, og gat ekki stungið upp á öðru fyrirkomulagi fremur. En hins vegar var því ljóst, að þeim yrði að haga á annan hátt, þannig að synt væri fyrir þau sker, er bent var á á síðasta þingi.

Og það er gjört í frv. því, er hjer liggur fyrir. Þar er stillt svo til, að þingmannaefni geti sjálfir komið sjer saman um kjörlistana, enda sjeu kjósendur ekki bundnir við nafnaröðina, heldur megi þeir haga henni eptir vild. Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum og gengið inn í kjörklefann, gjörir hann stryk við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði sitt; og vilji hann breyta nafnaröðinni á þeim lista, þarf hann ekki annað, en marka það nafn, er hann vill hafa fremst, með tölunni 1 o. s. frv. Því næst eru í frv. sett ákvæði um, hvernig marka megi fylgi hvers þingmannsefnis innan hvers flokks. Eru atkvæðin talin saman á þann hátt, að sá, er merktur er með tölunni 1, fær 1 atkv., sá er merktur er með tölunni 2, fær ½ atkv., sá er merktur er með tölunni 3 fær ⅓ atkv. o. s. frv.; þegar svo einingarnar og brotin eru lögð saman, kemur út atkvæðatala í rjettu hlutfalli við það fylgi, er hvert þingmannsefni hefur haft á listanum.

Með þessum og öðrum breytingum álít jeg girt fyrir þá galla, er þóttu á frumv. 1905. Reikul flokkaskipun getur á þennan hátt engri truflun valdið. Kjósendur þurfa engin fundarhöld til undirbúnings kjörlistunum. Ekki þurfa heldur þingmannaefnin að leggja allt kapp á, að standa fremstir á blaði. Kjósendur ráða röðinni þegar þar að kemur. Þeir fá frjálsar hendur hver um sig, til að kjósa þann, er þeim er helzt að skapi, og öðlast jafnframt rýmra kjörfrelsi að öðru leyti. Þeir þurfa ekki að beygja sig undir vilja flokksstjórnar, heldur að eins ákvarða sig til, hverjum lista þeir vilji helzt fylgja.

Loks er það ákveðið, að fái þingmannsefni atkv. á fleirum en einum framboðslista, skuli þau öll talin saman.

Með þessu fyrirkomulagi er unnið allt það, er til var ætlazt í frumv. 1905 og yfir höfuð að tala, má vinnast með hlutfallskosningum. Hjer er komið í veg fyrir þau rangindi, er vel geta átt sjer stað eptir núgildandi lögum, að jafnvel minni hluti kjósenda geti algjörlega ráðið úrslitum kosninga, og þeirri hættu hrundið á bug, að nokkur flokkur innan hvers kjördæmis fái meira fulltrúamagn, en honum ber að tiltölu. Jafnframt er hverjum flokki veitt trygging fyrir því, að geta komið að fulltrúum eptir rjettu hlutfalli, og þjóðkunnum mönnum, er vel má vera að skorti kjörfylgi í einstakri sýslu eða kaupstað, enda þótt þeir hafi talsvert fylgi viðsvegar, greiddur vegur til þingsetu, án þess þó, að rjetti einstakra hjeraða til að framfylgja sínu þingmannsefni sje í nokkru misboðið.

Jafnskjótt sem frumv. var tilbúið frá stjórnarráðinu, var það sent viðsvegar út um land, til þess að almenningi gæfist kostur á, að kynna sjer það. Hafa síðan margar góðar ritgjörðir birzt um það í ýmsum blöðum.

Jeg hef heyrt því fleygt, að á sumum þingmálafundum hafi komið fram ummæli í þá átt, að enn sje ekki tími til kominn, að innleiða hlutfallskosningar hjer á landi. Og víst eru þau ummæli eðlileg. Málið er þannig vaxið, að það er ofætlan almenningi, að geta sett sig inn í það í skjótri svipan; það er þungskilið og þarf talsverða hugsun til að skilja það út í æsar. Þar að auki er það ekki nema náttúrlegt, að margir vanafastir menn vilji halda í kjördæmaskiptinguna gömlu, og geti ekki að fyrra bragði fundið til þeirra yfirburða fram yfir hana, er hið nýja fyrirkomulag hefur til brunns að bera. En síðar meir, þá er til reyndanna kemur, mundu menn fljótt átta sig á þeim.

Jeg leyfi mjer að benda á dæmi annara þjóða í þessu efni, þar sem hlutfallskosningar eru óðum að ryðja sjer til rúms. Í Belgíu hafa þær verið í lögum síðan 1899. Og Finnar ljetu það vera sitt fyrsta verk, er þeir fengu löggjafarþing, að innleiða hlutfallskosningar. Engum getur blandazt hugur um, að þær eru í fullu samræmi við stefnu tímans.

Fari nú svo ólíklega, að hin háttv. þingdeild vilji eigi aðhyllast tillögur stjórnarinnar um þetta efni, þá skal jeg taka það fram, að menn mega samt engan veginn láta þetta mál undir höfuð leggjast, heldur þá setja önnur ákvæði í stað þeirra, er ábótavant þykir. Gallarnir á núgildandi kosningarlöggjöf eru svo tilfinnanlegir, að lengur er ekki við þá unandi. Jeg skal sjerstaklega nefna tvo af göllum þeim, sem undir öllum kringumstæðum þarf að laga strax. Samkvæmt kosningarlögunum er framboðsfrestur útrunninn mánuði fyrir kjördag. Sjeu nú tveir í kjöri, og deyi annað þingmannsefnið á mánuðinum, er líður frá framboði til þess er kosning á fram að fara, eða verði forfallað á annan hátt, og það einmitt sá maðurinn, er meira fylgið hefur, þá verður minni hluta maðurinn sjálfkjörinn; engin kosning fer fram; meiri hluti kjósenda verður að láta sjer nægja í 6 ár fulltrúa, er þeir vildu alls ekki hafa. Þetta er í mesta máta ranglátt, og jafnframt hættulegt. Ef mikið kapp væri um kjörið, gæti þetta orðið til þess, að freista manna til þess að koma þingmannsefni fyrir kattarnef á einhvern hátt. Enda mun hjer vera um vangá eina að ræða í lögunum.

Annar galli er það, að kjördagurinn, 10. september, er óheppilega valinn. Mjer hafa borizt óskir úr mörgum áttum um, að færa kjördaginn fram í

október, enda er það miklu hentugri tími; þá er heyönnum lokið, sjómenn eru komnir heim til sín o. s. frv. Og hvað snertir veðráttu og færð í októbermánuði, er engin átæða til þess að óttast það, þar sem kosningin fer fram í hverjum hreppi, og ferðalög leiða því engin af henni nema innanhrepps. Auk þess eru hreppaskilaþing haldin í októbermánuði, og gæti það tvennt sumstaðar fallið saman til mikils hægðarauka fyrir kjósendur. Þetta atriði þarf að laga, hvernig sem um þetta frumv. fer að öðru leyti.

Ef þetta frumv. næði framgangi, væri komið í veg fyrir þau rangindi, sem nú geta átt sjer stað, að minni hluti kjósenda geti, þegar atkv. dreifast, ráðið kosningu tveggja þingmanna í tvímennis kjördæmum, þar sem eigi er lengur heimtaður meiri hluti greiddra atkvæða til þess að kosning sje gild.

Jeg býst við, að hinni háttv. deild þyki þetta mál svo mikilsvert, að hún kjósi nefnd í það; og færi svo, að sú nefnd gæti ekki aðhyllzt þá kosningaraðferð og þá kjördæmaskipun, sem hjer er farið fram á, þá þyrfti hún ekki þar fyrir að ráða til að fella frv., heldur gæti hún komið öðrum tillögum að í breytingartillagaformi. Jeg skal vera fús á að gefa þeirri væntanlegu nefnd allar þær upplýsingar, sem jeg get. Jeg fyrir mitt leyti vona reyndar, að meginstefna þessa frumvarps vinni sjer vini og fylgismenn í þinginu, og svo að frumvarpið nái fram að ganga. En þó að það ekki fengi nægan byr, þá er þó óhjákvæmilegt að breyta eitthvað til frá því, sem nú er. Með þessum orðum vildi jeg svo mæla fram með frumvarpinu, og óska, að hin hv. deild ráði því til góðra úrslita.

Guðlaugur Guðmundsson, (þm. V.-Skapt.): Mig furðar á því, að enginn skuli taka til máls í jafn-þýðingarmiklu máli, eins og þetta er. Jeg ætti reyndar sízt að þurfa að gjöra grein fyrir mínu atkvæði, þar sem jeg áður hef látið skoðun mína á þessu frumvarpi í ljósi opinberlega.

Jeg er stjórninni fyllilega samdóma um það, að það fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, er rjettlátt og að líkindum engum verulegum vandkvæðum bundið í framkvæmd. Þeir gallar, sem voru á frumv. 1905, og sem nefndin þá benti á, eru hjer leiðrjettir, og geta því engan höggstað gefið á því frumv., sem hjer liggur fyrir.

En það er rjett, eins og hæstv. ráðherra tók fram, að þekking almennings hjer í landi er á því stigi, að engin von er til, að alþýða geti gjört sjer fullkomlega ljósar þær meginreglur, sem liggja til grundvallar fyrir þeim miklu breytingum, sem hjer er farið fram á, og hvaða tryggingu þær veita hinum ýmsu skoðanaflokkum í landinu. En það er einmitt stærsti kostur þessa fyrirkomulags, að það tryggir sjerhverjum minni hluta, sem nokkurt verulegt atkvæðamagn hefur, að fá fulltrúa inn á þing þjóðarinnar. Með þessu móti yrði þingið rjettastur og sannastur spegill af vilja þjóðarinnar. Af skiljanlegum og eðlilegum ástæðum á þessi skoðun ekki eins marga fylgendur og hin, sem er henni gagnstæð, að hvert einstakt kjördæmi sendi sinn fulltrúa. Það, sem menn almennt vilja, mun vera þetta, að hvert kjördæmi hafi *sinn* mann, er það geti að nokkru leyti skoðað sem *sína eigin eign*, og beitt fyrir sig í þeim sjerstöku málum, sem kjördæmið varða. Það hefur verið ljóslega sýnt, að það fyrirkomulag — einmenningar — getur samt sem áður orðið ranglátt gagnvart skoðanaflokki, sem er í minni hluta, leitt til flokksharðstjórnar; fyr-

irkomulag það, sem hjer liggur fyrir, er því í raun rjettri bæði frjálslegra og rjettlátara.

Í þessu máli verður stjórninni því ekki með rjettu brugðið um apturhald eða flokksharðstjórn; hún hefur gengið feti framar en jafnvel þeir, sem telja sig frjálslyndustu menn í landinu. Hitt getur verið, að það sje engan veginn heppilegt, að þröngva málinu fram að svo komnu, ef til vill á móti vilja margra kjósenda; en málið er svo afar þýðingarmikið, að jeg vil gjöra það að uppástungu, að kosin sje í það 7 manna nefnd, að lokinni 1. umr.

Ráðherrann: Jeg ætla að eins að bæta fáeinum orðum við það, sem hjer hefur verið sagt. Það mun vera alveg rjett hjá háttv. þingmanni, að margir muni líta svo á, að hvert hjeraað eigi að eiga sjer sinn þingmann, sem það geti skoðað sem sína eign, og beitt fyrir sig í hjeraðsmálum, og að þessir menn muni vera hræddir um, að þessi sjerstaki »eignarrjettur« yfir fulltrúanum missist eða takmarkist við stækkun kjördæmanna. Jeg vil nú ekki fara út í það, hve rjettmætt þetta »eignartilkall« er, eða hve holl slík skoðun á verkefni þjóðarfulltrúanna er í sjálfu sjer. En hins vildi jeg geta, að með því fyrirkomulagi, sem nú er stungið upp á, er það engan veginn útilokað, að hvert hjeraað geti komið sínum trúnaðarmanni á þing; það þarf ekki annað, en að kjósendurnir komi sjer saman um, að setja töluna 1 við nafn þess manns, sem þeir vilja hafa; þá fá þeir hann, ef þeir hafa svo mikið atkvæðamagn, að þeir eigi löglegt tilkall til þess, að hafa fulltrúa á þingi. Sá, sem hefur svo öruggt fylgi sinna sýslunga, þarf ekki að ferðast víða um kjördæmið; hann getur látið sjer nægja, að halda fund með þeim, sem vilja kjósa hann fyrstan og fremstan.

Jeg er samdóma hinum háttv. þingmanni um það, að mörg atriði í þessu frumv. muni ekki vera almenningi fyllilega ljós. En jeg er hins vegar hræddur um, að þess verði langt að bíða, að menn setji sig svo vel inn í málið, að það verði almennt áhugamál, að gjöra þessa nýbreytni.

En þeir, sem hafa sjerstaka köllun og sjerstakt tækifæri til, að setja sig inn í málið, verða að ganga á undan, og komist þeir að þeirri niðurstöðu, að það sje gott, þá mega þeir ekki kynoka sjer við, að fylgja því fram, þó að einhverjir sjeu, sem ekki hafa getað myndað sjer rökstudda skoðun um það.

Jeg er sannfærður um það, að þeir, sem nú kunna að vera því mótfallnir, munu síðar viðurkenna, að þetta er stór framför í áttina til hins rjettara og betra, og tel það þess vegna hættulaust, að lögleiða það nú þegar.

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Stungið var upp á 7 manna nefnd og sú uppástunga samþykkt. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þingmönnum, og voru þeir þessir:

Stefán Stefánsson, 2. þingm. Skgf., Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Ólafur Thorlacíus, Magnús Andrjesson og Árni Jónsson.

Síðan voru með hlutfallskosningu kosnir í nefndina:

Pjetur Jónsson,
Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Thorlacius,
Jón Jónsson (þm. Seyðf.).

Í nefndinni var Pjetur Jónsson kos-

inn formaður og Jón Magnússon skrifari. Framsögumaður meiri hlutans var kosinn Jón Magnússon og framsögumaður minni hlutans Pjetur Jónsson.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 28. ágúst, kom frumv. til 2. umr.

Allir á fundi nema þingm. N.-Ísf. Skúli Thoroddsen.

Framsögumaður meiri hlutans Jón Magnússon, þingm. Vestm.: Eins og hæstv. ráðherra hefur tekið fram bæði á þinginu 1905 og í ár, er þetta frumv. að minnsta kosti hvað kjördæmaskiptinguna snertir komið fram eptir ósk þingsins sjálfs. Nefnd sú, er hafði kosningarlagafrumv. til meðferðar í Nd. 1901, ljet í ljósi, að hún vænti þess, að stjórnin kæmi svo fljótt sem föng væru á með tillögu um nýja kjördæmaskipun, með rjettri hliðsjón af íbúafjölda, kjósendatölu og landsháttum. Á alþingi 1902 kom fram tillaga um, að skipta landinu í 30 einmennis kjördæmi, eða jafnmörg og þá voru þjóðkjörnir þingmenn. Úr því varð samt ekkert, en þá samþykkti Nd. þingsályktun um, að skora á stjórnina, að leita álits hjeraðsstjórna um nýja kjördæmaskipun eða skipting kjördæma í einmenni. Tillögur hjeraðsstjórnanna voru ekki komnar nógu snemma til þess, að þær yrðu lagðar fyrir þingið 1903, en það þing gekk að því vísu, að ný kjördæmaskipun kæmist á bráðlega, og kemur það ljóslega fram í sjálfum lögunum um kjördæmi fyrir þá 4 nýja þingmenn. 1905 leggur svo stjórnin fyrir frumv., sem hafði inni að halda ákvæði um nýja kjördæmaskiptingu, en auk þess annað mikið nýmæli, hlutfallskosningu, er umsteypir alveg kosningarlögunum frá 1903. Í athugasemdum frv. var gjörð grein fyrir tillögum hjeraðsstjórna um kjördæmaskiptingu, og málið reift þannig þar, að þinginu gat verið innan handar, að taka upp skipting í einmenniskjördæmi. Það er máske of mikið sagt, að það hafi verið varatillaga stjórnarinnar, að það ráð væri tekið þá, en bending var það um, að þann veg mætti fara.

Frumv. þetta var lagt fyrir Nd., kosin nefnd í það, og liggur fyrir nefndarálit, en komst lítið lengra áleiðis þá, var mjög lítið rætt. Nefndin gat ekki ráðið til, að samþykkja frv. að svo stöddu, einkum af þrem ástæðum:

1., af því, að hjer væri um stórmikið nýmæli að ræða, er almenningur ekki þekkti;

2., af því hlutfallskosning væri því að eins heppileg, að flokkaskipting meðal kjósenda sje skýr og ákveðin, en það þótti nokkuð efasamt, að svo væri hjer, og loks

3., af því að hlutfallskosning sje því að eins framkvæmanleg, að kjósendur nái greiðlega saman, en því sje ekki að heilsa hjer utan kaupstaða og kauptúna.

Svo þótti það annmarki á frumv., að vegna stærðar kjördæmanna yrðu kjósendur ókunnugir þingmannaefnum.

Þessar ástæður eru hinar sömu, er víðar hafa komið fram gegn hlutfallskosningum og þar af leiðandi stórum kjördæmum.

Nú liggur fyrir háttv. deild frumv. stjórnarinnar um sama efni, og er það í aðal-atriðum hið sama, sem frumv. 1905; þó eru gjörðar þær breytingar hjer, að segja má, að bætt sje að nokkru úr göllum þeim, sem nefndin 1905 þóttist finna á frumv. þá.

Aðalefni frumv. þessa er hlutfallskosning, og þarafleiðandi fækkun og stækkun kjördæmanna. Hinni núver-

andi kjördæmaskipting er fundið til forátttu ójöfnuður milli kjördæmanna að íbúatölu, og misrjettið, sem fram kemur við það, að sum kjördæmi eru tvímenn, sum einmenn; hingað til hefur þannig lítill meiri hluti í (tvímennis)kjördæmi getað ráðið kosningu tveggja þingmanna, og eptir nýju kosningarlögunum getur jafnvel minni hluti kjósenda ráðið kosningu tveggja þingmanna. Það viðurkennist nú, að úr þessu hvorttveggju bætir frumv., en auðvitað má laga þetta á annan hátt. Aðalkostur þessa frumv., eins og annars yfir höfuð allra þjóðþingahlutfallskosninga er sá, að reynt er að tryggja hverjum skoðanaflokk, sem ekki er allt of fámennur hjá þjóðinni, hlutfallslega rjetta tölu umboðsmanna á þjóðþinginu, þannig að þingið verði rjett ágrip af þjóðinni, eins og kallað er, eða rjett spegilmynd hennar. Þetta er auðvitað í sjálfu sjer rjett og gott, en framkvæmanlegt er það að eins á þennan hátt, ef flokkaskipting er nokkurn veginn föst og þjóðin pólitiskt þroskuð, því að það er víst, að hlutfallskosning verður eptir eðli sinu að byggja á flokkaskiptingu. Aðalmótbáran móti frumv. er að minni skoðun sú, að kjördæmin verða of stór, og þó er farið heldur of skammt en of langt í því efni. Hið rjetta væri, að hafa landið eitt kjördæmi. Samvinnan milli þingmannaefna og þingmanna og kjósenda getur ekki orðið góð, einkum í svo strjálbyggðu landi. En einmitt slík samvinna og áhrif hvers á annan er þýðingarmikið atriði. Að þessu leyti stendur mótbára nefndarinnar 1905 að minni skoðun óhögguð. Að öðru leyti skal jeg ekki fara frekara út í þetta atriði. Meiri hluti nefndarinnar verður að viðurkenna, að frumv. sje prýðilega úr garði gjört frá almennu sjónarmiði, en er ekki fyllilega sannfærður um, að það eigi við hjer á landi að svo stöddu. Að minnsta kosti finnst oss ekki rjett, að samþykkja það á þessu þingi, og ætti það að vera ærin nóg ástæða, að ekki verður betur sjeð, en að kjósendur landsins yfirleitt sjeu mótfallnir því, að hlutfallskosning og þar af leiðandi fækkun og stækkun kjördæmanna verði lögleidd á þessu þingi. Það hafa að vísu ekki allir þingmálafundir frá vorinu í vor verið lagðir fram á lestrarsalinn, en jeg hygg, að það sje nærri lagi, að á rúmum 30 þingmálafundum (í 20 kjördæmum) hafi verið samþykkt ályktun um málið, og að þær ályktanir gangi allar móti þessu frumv. nema 3. Í einu kjördæmi var engin ályktun gjörð. Eptir því, sem fram er komið, virðist mega telja tvö kjördæmi með þessu frumv., tvö hvorugu megin og 17 á móti. Allvíða virðist samt svo sem kjósendur sjeu ekki svo mótfallnir frumv. sjálfu, heldur óski að eins eptir því, að málið verði látið bíða, þangað til sjeð verður, hvort eigi verður bráðlega breyting á skipun efri deildar, sem gæti haft áhrif á þetta mál.

Af þessum ástæðum hefur meiri hluti nefndarinnar eigi getað ráðið til að samþykkja frumv. stjórnarinnar á þessu þingi, en hefur fallizt fyllilega á varatillögu hæstv. ráðh., ef jeg mætti kalla það svo, að skipta til bráðabirgða tvímennu kjördæmunum, og gjöra úr þeim einmenniskjördæmi. Nefndin er og þeirrar skoðunar, að rjett sje að flytja kjördaginn, og að eitthvað þurfi að ákveða um það, hvernig að skuli fara, ef einn eða fleiri af tveimur eða fleirum frambjóðendum forfallast á undan kosningu, að liðnum framboðsfresti. Fleiri breytingar virðist nefndinni ekki beint nauðsynlegt að gjöra að svo stöddu.

Jeg skal taka það fram um viðaukatillögu meiri hluta nefndarinnar við 23. gr. kosningarlaganna, að það mætti vel hafa hana öðru vísi, ef svo sýndist, og leggur nefndin ekki áherzlu á það. Sömuleiðis mundi meiri hluti nefndarinnar fús á að breyta eitthvað kjördæmaskipuninni, eins og nefndin leggur til um hana, ef færð verða rök að því, að skipting nefndarinnar sje ekki rjettlát að einhverju leyti eða heppileg.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Við höfum orðið tveir í minni hluta í nefndinni, og er nefndarálit okkar minnihlutamanna svo ýtarlegt, að jeg get að mestu leyti sparað framsögu í þessu máli; jeg get þess vegna lofað að vera stuttorður, því jeg hef eiginlega engu við að bæta þetta, sem jeg hef skrifað.

Hinn háttv. þm. Vestm. skýrði líka málið mjög vel fyrir nefndarinnar hönd. Hann tók fram þær ástæður, sem nefndin 1905 færði móti því, að samþ. frumv., sem þá var til meðferðar, að svo komnu máli. Hann hjelt því fram, að hlutfallskosning nyti sín ekki fullkomlega, nema flokkaskiptingin í landinu væri skýrari, en hjer á sjer stað, og »pólitískt« líf meira þroskað. Þetta er satt að vísu. En sama má alveg eins segja um núgildandi kosningaraðferð; hún nýtur sín eigi heldur án slíks þroska. Og heimti hlutfallskosningaraðferðin öllu meiri þroska, þá miðar hún líka þeim mun meira að því að efla hann, og yfir höfuð hina betri þætti »pólitíska« lífsins, eins og jeg hef bent á í nefndaráliti minni hlutans, en kefja margt illt, sem blasti á kosningarbaráttuna eptir núgildandi aðferð.

Jeg er því sannfærður um það, að þessi kosningaraðferð mun einmitt verða til þess að efla *sannan* »pólitiskan« þroska í landinu. Þetta er nú kannske eins og annar spádómur, sem margir hverjir ekki trúa á að rætist. En það, sem þm. Vestm. færði sem meginástæðu fyrir sínu máli, að kjósendur væru yfirleitt þessu fyrirkomulagi mótfallnir, finnst mjer vera mjög ljettvægt. Það hafa viðurkennt nálega allir, sem á þetta mál hafa minnzt, að hlutfallskosning er sú rjettlátasta kosning, sú kosning sem leyfir flestum skoðunum að koma fram á sjónarsviðið á eðlilegan hátt, ef þær hafa nokkurt verulegt fylgi í landinu, í stuttu máli fegursta kosningaraðferðin. Spurningin verður því að eins, hvort hún er framkvæmanleg. Þetta gæti maður því sagt með fullum rjetti að væri hinn eini auglýsti þjóðarvilji viðvíkjandi kosningaraðferðinni í sjálfri sjer. En þó að alþýða manna telji vandkvæði á framkvæmdinni, þá er naumast hægt, að taka mikið mark á því, því framkvæmdahliðin er svo flókin, að það er engin von á því, að almenningur geti áttað sig á henni, fyr en reynslan sker úr. Það er aptur á móti hægt, að ætlast til þess af þeim, sem hafa kynnt sjer þá »tekniskU« hlið málsins. Þess vegna er það okkar alþingismanna, en ekki almennings, að skera úr því, hvort þessi aðferð sje framkvæmanleg; og ef sú hugmynd, sem á bak við liggur, er almennt viðurkennd að vera rjettlát og góð, og við álítum, að hún sje framkvæmanleg, þá er það okkar skylda að hrinda málinu áfram. Jeg skal svo ekki tefja umræðurnar frekar að þessu sinni, en vona, að hin háttv. deild taki þessu máli eins vel eins og það á skilið.

Ráðherrann: Þær umr. sem hjer hafa farið fram, hafa allar verið um aðalefni málsins, og hefðu því eigin-

lega átt að fara fram við 1. umr.; en einstök atriði þess hafa verið litið rædd.

Þær brtill., sem meiri hluti nefndarinnar hefur gjört, breyta gjörsamlega stefnu frumv.; þær eru að eins varaskeifan, sem fyrst getur komið til greina, og eru reyndar nauðsynlegar, ef hin háttv. deild ekki getur aðhyllzt frumv. sjálft.

Jeg álít það nú tilgangslaust, að fara að tala mikið um einstök atriði frv., því þm. hafa víst allir ákveðið, hvernig þeir greiða atkv. í þessu máli. Og að tala fyrir þingtíðindin sýnist mjer heldur ekki vera ástæða til, úr því jeg hef sagt allt, sem jeg hef um frumv. að segja í aths. þeim, sem prentaðar verða í þingtíðindunum ásamt frumv., svo jeg get lofað því, að vera stuttorður.

Hinn háttv. þm. Vestm. sagði í ræðu sinni, að sú breyting, sem stjórnin hefði gjört á þessu frumv. frá 1905, bætti það að nokkru, en þó væri ekki bætt úr þeim höfuðgalla, að þegar kjördæmin væru svona stór, gætu kjósendur ekki þekkt nægilega þá, sem byðu sig fram. Þessi mótbára gat átt við frumv. 1905, en ekki við frumv. í því formi, sem það nú hefur. Hver kjósandi á ekki rjett nema á einum fulltrúa, til þess að »representera« sig eða sína skoðun á þingi, og þann rjett á hann sameiginlegan við marga aðra. Ef hann nú setur töluna 1 við nafn þess þingmannsefnis, sem hann sjerstaklega vill að nái kosningu, fær sá frambjóðandi heilt atkv. þessa manns. Hin atkvæðabrotin hafa miklu minna að segja. Það er annars ekki rjett, að hjer sje um mjög stór eða margmenn kjördæmi að ræða. Annarsstaðar eru kjördæmin miklu stærri. Í Finnlandi eru t. d. 14—18 þm. í hverju kjördæmi.

Önnur mótbára hv. þm. Vestm. (J. M.) var sú, að þessi kosningaraðferð ætti ekki við, nema þar sem væri skýr »pólitísk« flokkaskipting. Þessi mótbára gat líka átt við frv. 1905, en ekki þetta. Hver maður getur sett númer við þingmannaefnin á listanum, og hann getur sett töluna 1 við þann, sem hann vill helzt, án þess að segja til þess, *af hverju* hann vilji hann helzt. En eptir þessari aðferð hefur kjósandi meira svigrúm, þar sem hann hefur um svo marga að velja í stað eins eða tveggja, eins og nú er. Það má segja, að hlutfallskosningin sje byggð á því, að það sjeu skiptar »pólitiskar« skoðanir í landinu; en það eru líka og verða skiptar skoðanir á »pólitík« í landinu, eða að minnsta kosti skiptar skoðanir á *mönnum*, sem fást við »pólitík«.

Aðalástæða stjórnarinnar til þess að halda fram hlutfallskosningu er það, að hún vill, að allar »pólitiskar« stefnur, sem nokkurt mark er að, eigi sjer fulltrúa á þingi. Það er rjettur þeirra manna, er sjálfstæðar skoðanir hafa, og aldrei nema gott fyrir heildina, að hver stefna, sem nokkurt verulegt fylgi hefur, komi fram, og hver sá maður, sem getur aflað sjer nægilega margra manna trausts, fái sæti á þingi. Það er ófrelsisstefna, að halda áfram kosningaraðferð, sem getur hindrað það, að skoðanir komi fram, þótt talsvert fylgi hafi, og mjer er óskiljanlegt, að nokkur minni hluti skuli setja sig á móti frv. eins og þessu, sem með rjettu má segja að búið sje til fyrir minni hlutann, eða *minni hlutana* í landinu. *Allt* nýtt, sem er *satt og rjett*, er upphaflega í minni hluta. Því er skylda að tryggja minni hlutanum einhvern rjett. Það er alls ekki meining mín, að sá minni hluti, sem nú er hjer í þinginu, hafi til að bera neitt nýtt, eða

neitt framtíðarfræ, er vernda þurfi. Jeg hugsa alls ekki um það, hvor okkar flokkanna á þingi nú kunni að hafa gott af breytingunni. Fyrir mjer er að eins um »principið« að ræða. Jeg skil ekki, að sú heiðraða »opposition« skuli telja það sóma sinn, að fylkja sjer á móti sliku.

Það er ekki til neins upp á það að gjöra, að jeg gjöri þetta ekki að »kabinets«-spursmáli. Fyrir mjer er málið of helgt, til að þvinga það fram með hótunum. Jeg hef bent á leið til þess að bæta úr verstu göllunum á núverandi fyrirkomulagi, ef svo færi, að þessu sanngjarna og rjettláta frv. yrði hafnað af þinginu í þetta sinn. Hin háttv. »opposition« getur fyrir því fellt það að *jeg* fer ekki af þeirri ástæðu frá embættinu. Önnur verkefni liggja fyrir, og tækifærin til þess verða nóg.

Það hefur verið sagt, að þingmálafundirnir hafi yfir höfuð verið þessu mótfallnir. En jeg segi það, að ekki einn tuttugasti af þeim mönnum, sem þá fundi hafa sótt, hefur haft nokkurt vit á þessu máli. Þeir bændur, sem komu á þingmálafundi í maí og júní í vor, hafa fæstir sett sig svo inn í þetta mál, að þeirra dómur um það sje nokkurs virði. Ef menn vilja bíða eptir því, að þingmálafundir krefjist þess, að hlutfallskosningar, með því fyrirkomulagi, sem hjer er um að ræða, verði í lög leiddar, mega menn víst bíða lengi. Hjer eiga hinir vitrari menn að ganga á undan — bæði hjer og annarsstaðar. Fulltrúar þjóðarinnar eiga að vera leiðtogar hennar, en ekki leiddir af henni.

Háttv. framsm. meiri hlutans sagði, að þm. mundu skoða huga sinn um þetta frv., áður en þeir samþ. það, af þeirri ástæðu, að margir byggjust við því, að skipun Ed. mundi breytast innan skamms, og þá þyrfti einnig að breyta kjördæmaskipuninni. Jeg get ekki skilið, að kjördæmaskipunin þurfi að vera svo »konstant«, að ekki megi breyta henni, og það jafnvel þegar á næsta þingi. Enda sýnir skoðun hv. þm. sjálfs, að ekki er vert að gjöra mikið úr þessari mótbáru, þar sem hann sjálfur kemur fram með gagngjörða breytingu á kjördæmaskipuninni. Jeg get ekki sjeð, hversvegna það ætti að vera háskalegra, að breyta kjördæmaskipuninni eptir að hlutfallskosningar eru komnar á, en áður. Það er jafnrjettmætt, að samþ. breytingar á stjórnarskrá vorri, eptir hvaða reglum sem kosið er til þings.

Jeg er sannfærður um það, að þess verður ekki langt að bíða, að hlutfallskosning kemst á hjer í landi, og jeg skal bæta því við, að það er einlæg ósk mín, að það verði sem allra fyrst, hversu svo sem ræðst um áhrif þeirrar aðferðar, að því er kosningaúrslit snertir. Þegar samþ. var hlutfallskosning til bæjarstjórna hjer, þá sagði einn háttv. þm., sem nú er hjer í salnum, að hann vonaði þess, að bráðum yrði einnig svo háttað við »pólitiskar« kosningar. Jeg tók í huga mínum undir þá ósk þá, og jeg hef síðan af veikum mætti reynt að vinna að því marki.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Jeg stóð eingöngu upp til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvað hann á við, þar sem hann talar um »minni hluta«. Er það minni hluti nefndarinnar í þessu máli, eða þingsins? Ef hann á við minni hluta þingsins, andstæðinga stjórnarinnar, þá er þetta talað út í bláinn, því að þeir tveir af þeim, sem eru í þessari nefnd, eru í meiri hluta hennar, og þar er einn stjórnarmanna, einn af skrifstofustjórum ráðherrans, framsögum. En ef hann á við minni hluta nefndarinnar, þá verða óskiljanleg orð hans um, að minni hlutinn

hafi í hyggju að steypa stjórninni, því að þar er um þá menn að ræða, sem ekki er vel trúandi til slíkra hluta, því dyggari fylgendur á stjórnin varla.

Ráðherrann: Jeg skil eigi, að háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) spyrji svo af því að hann viti eigi það, sem hann er að spyrja um. Auðvitað átti jeg við háttv. andstæðingaflokk stjórnarinnar á þingi, því að það er almælt, að hann hafi tekið sig saman um að greiða atkv. móti þessu frumv. Ef það er eigi sönn fregn, þá skyldi það gleðja mig. Það fáum vjer nú að sjá í dag eða í öllu falli við 3. umr.; í dag verða því miður engin endanleg úrslit. Reynist svo, að þetta hafi verið sagt of snemma, þá mun hryggð mín út af því, að jeg hafi sagt of mikið áðan, hverfa fyrir gleðinni yfir því, að frumv. sje borgið.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Jeg ætla þá að gleðja hæstv. ráðh. með því, að lýsa fyrir hönd andstæðingaflokksins yfir því, að þetta hefur alls ekki verið gjört að flokksmáli þar. Atkv. hvers einstaks þingm. úr þeim flokki fer því eingöngu eptir skoðun hans á málinu og sannfæringu.

Fyrir mitt leyti get jeg lýst yfir því, að þótt mjer geðjist eigi alls kostar að frumv., þá álít jeg þó miklar rjettarbætur í því fólgnar, en er óráðinn í því enn þá, hvoru megin jeg greiði atkv.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg hef skrifað undir nefndarálit minni hlutans með fyrirvara. Jeg er ekki sem bezt undir það búinn að ganga nú nákvæmlega inn á einstök atriði frv., enda er jeg ekki búinn að átta mig fullkomlega á málinu. Málið hefur sem sje eigi verið rætt eins rækilega í nefndinni, eins og það hefur verið þar lengi á döfinni.

Á þingi 1905 veittist mjer sá sómi, að vera skrifari og framsögum. þeirrar nefndar, er þá fjallaði um þetta mál. Nefndin þóttist finna ýmislegt athugavert við frumv. og lagði til, að það yrði ekki samþykkt, enda fór deildin eptir því.

Stjórnin hefur nú tekið sjer fyrir hendur að setja undir helztu lekana, sem nefndin þóttist finna á frumv. þá, og skal jeg játa það, að stjórninni hefur orðið nokkuð ágengt hvað þetta snertir, en þó ekki til fulls, að því er jeg held. En auk þess eru nú komin fram tvö ný atriði, sem fremur mæla á móti en með framgangi frv. Fyrst hefur nú verið stórum rýmkað um kosningarrjettinn og í annan stað má búast við því, að fyrir þinginu 1909 liggi stórt nýmæli, sambandsmálið, sem enginn veit, hvaða stefnu kann að taka.

Að svo vöxnu máli er nokkuð athugavert, að leggja út í nýja kjördæmaskipun og kosningaraðferð, sem engin reynsla er fengin um hjer á landi og lítil erlendis.

Jeg hef ekki afráðið, hvernig jeg muni greiða atkv. við 3. umr., en jeg er ráðinn í að greiða atkv. með frumv. í dag. Málið hefur skýrzt nokkuð við það, að háttv. ráðh. og nefndar-meirihlutinn hafa leitt saman hesta sína, og það skýrist væntanlega enn betur við frekari umræðu.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hef áður tekið það fram, að jeg áliti frumv. stjórnarinnar sjerlega góða rjettarbót, og að jeg er því fylgjandi, að það verði að lögum sem allra fyrst. Ástæðurnar fyrir þessari skoðun minni hef jeg talið áður, og þarf ekki að taka þær upp aptur. Jeg stóð að eins upp út af þessum fáu orðum, er fjellu milli hæstv. ráðh. og háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) um »pólitíska« afstöðu flokkanna gagnvart þessu máli. Það gladdi mig mjög að heyra þá yfirlýsingu frá háttv. 2. þm. Skagf., að þetta

mál hefði ekki verið tekið upp af stjórnarandstæðingum sem flokksmál. Og jeg ætla á hina hliðina, að taka það fram, að enda þótt margir af meiri hlutanum líti á þetta mál, eins og ráðh., þá hefur þó málið ekki verið skoðað sem flokksmál, og sú krafa eigi verið gjörð til ráðh., að hann viki úr sæti, þó að það gangi eigi fram að þessu sinni. Sjerstaklega fyrir þá sök, að þjóðin hefur eigi getað kynnt sjer þetta mál til hlítar, þá hefur ekki þótt ástæða til, að leggja svo mikla áherzlu á málið, í von um, að þegar menn hafa áttað sig betur, muni mál þetta vinna fylgi allra þeirra, er kynna sjer það til fulls.

Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Jeg skal láta þess getið, að jeg er í engum vafa um, hvernig jeg eigi að greiða atkv. í þessu máli, og að jeg er eindregið fylgjandi minni hluta nefndarinnar. Jeg get ekki annað sjeð, en að rök stjórnarfrumv. og minni hlutans sjeu svo ljós, að það geti ekki verið neinum vafa bundið, að sú kosningaraðferð hafi mjög mikla yfirburði fram yfir allar þær kosningaraðferðir, er stungið hefur verið upp á. Jeg get ekki betur sjeð, en að frumv. gjöri öllum hlutaðeigendum góð skil, að það sje mjög rjettsýnt, annars vegar gagnvart einstökum kjósendum, að því leyti sem það tryggir vel rjett þeirra, sem eru í minni hluta, og gjörir mönnum mögulegt að sameina sig í flokk, þótt þeir eigi ekki heima í sama kjördæmi, og hinsvegar gagnvart einstökum kjördæmum. Það hefur að vísu verið sagt, að þegar kjördæmin sjeu orðin svo stór, sje örðugt fyrir einstök hjeruð, að fá fulltrúa, er sje hold af þeirra holdi og bein af þeirra beinum, með öðrum orðum, að fulltrúar, sem kosnir eru í stærri kjördæmum, hafi ekki eins mikla hvöt, til að hlynna að sjerstökum hagsmunum einstakra hjeraða. En þó nú svo væri, að það tækist misjafnlega, þá er ekki víst, að með því væri mikill skaði skeður, heldur verð jeg miklu fremur að álíta, að með því sje fengin ólíkt betri trygging fyrir því, að þingmenn yfirleitt vinni með rjettlæti og sanngirni að almennings heill. Það er ekki alls kostar heppilegt, að hver einstakur þingmaður sje að ota sínum tota og toga sinn skækil, í stað þess að hafa það fyrir augum, hvað landinu í heild sinni sje fyrir beztu, og þá um leið hinum einstöku kjördæmum. Jeg get ekki betur sjeð, en að fyrirkomulag frumv. veiti einmitt meiri tryggingu fyrir því, að þingið vinni að því einu, er þjóðfjelaginu í heild sinni er fyrir beztu, sjerstaklega að því, er snertir fjárhagsmálin. Opt og einatt mun þeim, er hlustað hafa á fjárlagaumr. á þingi, hafa komið til hugar, að stundum sje það ekki sem heppilegast, að þingmenn einatt skoða sig fremur sem fulltrúa einstakra kjördæma, en sem fulltrúa þjóðarinnar, og láta hag þeirra sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum landsins í heild sinni.

Andmælendur frumvarpsins játa, að til grundvallar fyrir því liggi frjálslyndi, rjettlæti og hagsýni. En þeir segja, að ekki sje enn tími til kominn að innleiða slík lög sakir þess, að þjóðin sje þeim andhverf. Jeg get ekki sjeð, að fullgild ástæða sje til, að byggja eingöngu á undirtektum þingmálafundanna um þetta mál. Auk þess, sem menn hafa naumast haft tíma til, að athuga frumv. þetta svo rækilega sem skyldi, er ekki hægt að ætlast til, að almenningur hafi lagt á sig svo mikla hugsunarþraut, að hann hafi getað gjört sjer fullkomlega ljós öll ákvæði frumv. og samband þeirra hvert við annað. Og ekki nóg með

það, að menn verði að leggja á sig þunga hugsunarþraut til þess að brjóta málið til mergjar, heldur er jafnvel ómögulegt, að gjöra sjer fulla grein fyrir, hvernig einstök ákvæði verða í framkvæmdinni, fyr en búið er að fá reynsluna. Það væri því mikilsvert, að geta komið þessum lögum sem fyrst í framkvæmd, til þess að þau geti sýnt sig í reyndinni. Líklega þyrfti að breyta þeim að einhverju leyti eptir 1—2 kjörtímabil, og þá væri bezt, að reynsla gæti fengizt heldur fyr en síðar. Og þó menn haldi því fram, að breyting á skipun Ed. útheimti breyting á þessum lögum, þá get jeg ekki sjeð, að það sje neitt sjerstakt fyrir þau, heldur er auðsætt, að fyrirhuguð breyting á skipun þingsins hlyti að hafa áhrif á hvaða kosningarlög, sem væri. Enda er það ekkert nýstárlegt, að breyta þurfi lögum, eptir því sem reynslan kennir að bezt fari.

Ráðherrann: Það gladdi mig innilega, að heyra háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) lýsa því yfir fyrir hönd stjórnarandstæðinga, að þeir ætli sjer ekki að gjöra þetta mál að flokksmáli. Og síðar sannfærðist jeg enn betur um það af ræðu háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.), að þær sögur, sem gengu, muni ekki hafa verið á rökum byggðar. Enda ætti það líka bezt við, að þetta mál nyti jafnt fylgis beggja flokka, og ekki síður andstæðingaflokksins, minni hlutans, sem einmitt hefði átt að finna hjá sjer sjerstaka köllun, til að koma fram með þetta frumv. Hjer liggur ekkert það á bak við, er miði til að draga taum neinna sjerstakra flokka í landinu, heldur vill frumv. tryggja sem bezt rjett allra flokka jafnt.

Og þar sem nú þess er bersýnilega þörf, með því að frumv. hefur fengið svo lítinn byr hjá þjóðinni, að koma inn hjá henni rjettum skilningi á stefnu þess og gildi, þá á það vel við, að geta sannað samkomulag þingmanna með því, að það kæmist á, án þess að neyta flokksbolmagns.

Jeg er þakklátur háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) fyrir ummæli hans, og vona, að þau megi skoða sem gott »omen« fyrir framgangi málsins á þinginu.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Þegar jeg tók til máls áðan, talaði jeg að eins um frv. í heild sinni, en vjek ekki að einstökum atriðum þess. Enda hef jeg lítið um þau að segja að sinni. Jeg vildi að eins gjöra nokkra grein fyrir breyt.till minni hluta nefndarinnar til skýringar þeim háttv. þm., sem ef til vill hafa eigi haft tíma til að lesa þær saman við frumv.

Fyrsta breyt.till. er þess efnis, að fella burtu nokkur orð úr lögunum sem ofaukið verður. Hinar eru líka að eins orðabreytingar og fara fram á að fella nokkur orð, er láðst hefur að taka upp í lagafrumv. til úrfellingar úr kosningarlögunum. Engin þeirra er efnisbreyting.

Við tókum til íhugunar í nefndinni eitt atriði, er sjerstaklega gæti komið til álita. Það er kjördæmaskiptingin. Ef hafa á fleira en eitt kjördæmi — sem ef til vill væri það æskilegasta — þá kom til álita sú hugsun, að fjórðungarnir gömlu væru heppilegast valdir til kjördæma. Þetta tókum við til nánari athugunar og kom þá í ljós, að meira en helmings munur er á þeim fjórðungum, er flesta og fæsta kjósendur hafa. Þessi mismunur mundi valda því, að dálítil skekkja yrði á því, hvernig hlutfallskosningin nyti sín í hverjn kjördæmi. Aptur á móti gjörði stækkun kjördæmanna örðugleikann enn meiri á því, að kjósendur þekktu þingmannaefnin, sem þeir kjósa,

og var þá nær, að hallast að *einu kjördæmi fyrir land allt.* Enda eru líkur til, að þessi kafli kosningarlaganna komi til breytinga innan skamms, sökum væntanlegra breytinga á tölu þjóðkjörinna þingmanna og máske fleira.

Hvað snertir það, að hafa landið eitt kjördæmi, þá virðist mjer það illa framkvæmanlegt, og þá verða þeir enn þá fleiri, sem ekki þekkja þann, sem þeir eiga að kjósa. Undirbúningur undir kosningar verður þá mjög erfiður, mun erfiðari en hann er nú. Mjer virðist frumv. stjórnarinnar hafa farið meðalveginn í þessu efni.

Framsögumaður meiri hlutans Jón Magnússon, (þm. Vestm.): Háttv. framsm. minni hlutans sagði, að hlutfallskosningar mundu efla »pólitískan« þroska hjá þjóðinni. Jeg skal ekki um það segja; jeg vona, að þroski þjóðarinnar fari vaxandi, bæði »pólitiskur« þroski og annar þroski, hvort sem hlutfallskosningar komast á eða ekki. Annars er það einmitt haft á móti hlutfallskosningum, að þær sjeu ekki vel fallnar til að efla »pólitískan« þroska. Þroskinn er skilyrði, sem þarf að vera undanfari hlutfallskosninga, til þess að þær lánist vel. Allt tal um, hvernig þetta fyrirkomulag muni reynast hjer, er auðvitað spádómar, eins og háttv. þm. sagði. En mönnum getur þó komið saman um það, að þingmenn í einmenniskjördæmum geta haft meiri áhrif á kjósendur og haldið þeim betur vakandi, og jafnframt hafa líka kjósendur meiri áhrif á þá, heldur en þegar kjördæmin ná yfir mörg hjeruð og þingmenn eru margir.

Annars má vel vera, að sú aðalbreyting, sem frumv. fer fram á, sje í sjálfu sjer góð, en jeg hef ekki þótzt geta komizt hjá því, að minnast á þau mótmæli, sem hlutfallskosningar hafa mætt annarsstaðar, af því að jeg álít tíma kominn til, að taka þetta fyrirkomulag til mjög ítarlegrar umhugsunar hjer á landi.

Það hefur verið mikið talað um, að fækkun kjördæmanna og stækkun muni meðal annars góðs hafa það í för með sjer, að »hreppapólitíkin« svonefnda detti úr sögunni. Jeg er nú ekki svo sannfærður um, að hin svonefnda »hreppapólitík« sje allt af svo skaðleg, sem menn vilja halda fram, en hvað sem um það er, er jeg hræddur um, að lengi eimi eptir af henni hjá oss, hver aðferðin sem er höfð.

Hæstv. ráðherra sagði, að sá galli væri á, ef kjördæmin væru höfð enn stærri en frumv. gjörir ráð fyrir, einkum ef landið væri allt eitt kjördæmi, að kjósendur þekktu ekki þingmenn og þingmannaefni nógu vel. Þetta er alveg rjett athugað, en mundu kjördæmin, eins og frumv. ákveður þau, ekki hafa þennan galla í allmiklum mæli? Hann hjelt því ennfremur fram, að hver kjósandi ætti ekki rjett nema til eins fulltrúa eða þingmanns. Jeg álít, að hver kjósandi eigi part í þeim báðum, eða öllum. En það skiptir nú ekki miklu. Tilvitnunin til fyrirkomulagsins í Finnlandi hefur ekki getað sannfært mig. Það er of stutt síðan, að sú breyting komst þar á, til þess að um nokkra reynslu geti verið að tala, sem byggjandi sje á. En við kosningarnar síðustu varð útkoman öðruvísi, en búizt var við; getur vel verið, að hún hafi verið góð, en hið gagnstæða er heldur ekki útilokað.

Hæstv. ráðherra sagði, að illt væri, ef menn væru of fastheldnir. Það er sjálfsagt rjett. En jeg held, að ekki sje hægt að saka oss um það, að vjer sjeum of fastheldnir við það sem er. Vjer Íslendingar höfum oft orðið nógu fljótir að breyta til.

En sem sagt, jeg finn enga köllun hjá mjer og hef ekkert umboð frá nefndinni til að mótmæla frumv. í sjálfu sjer, enda verður maður að játa, að þó að hægt sje að finna að hlutfallskostningum sitt hvað, þá má og segja sama um allar aðrar kosningaraðferðir. Jeg ímynda mjer, að enginn af fylgendum frumv. segi það fullkomið; það er það auðvitað ekki, en aðferð þess er ef til vill í sjálfu sjer einna gallaminnst.

Mjer finnst rangt að samþykkja þetta frumv. nú þvert ofan í yfirlýstan vilja þingmálafundanna, því að hvers vegna er verið að bera mál undir kjósendur, ef ekki er tekið til greina, hvað þeir leggja til. Það er líklega rjett, að varla hefur nema svo sem 1/20 partur kjósandanna verulegt vit á frv. eða haft nægilegt færi á að kynna sjer það, en þá er ráðið að kynna þeim málið, og sannfæra þá um gagnsemi þess, svo að það geti orðið samþykkt með þeirra vilja. Fulltrúar mega yfirleitt ekki ganga á móti yfirlýstum vilja kjósenda sinna í mikilvægum málum.

Einhver þm. nefndi ritsímann. En um það er allt öðru máli að gegna. Ritsímamálið var fjárhagsmál, en kosningarlög ganga næst því að vera stjórnarskrármál, enda er líka svo sumstaðar, að kosninrgalög eru stjórnarskrár-atriði.

Eins og hæstv. ráðherra tók fram, býst jeg ekki við, að nokkuð þýði að deila um þetta frekara. Jeg ímynda mjer, að flestir háttv. þingdeildarmenn hafi gjört sjer ljósa grein fyrir öllum atriðum þessa máls. En því mótmæli jeg fastlega, að þetta mál sje svo vaxið fremur en önnur mál, að fara megi ofan í vilja kjósenda.

Guðmundur Björnsson: Það er nú komið á daginn, að þetta mál hefur ekki verið gjört að flokksmáli. En heyrt hefi jeg þó hins vegar, að það eigi að deyja hjer í deildinni í dag, svo að nú er ef til vill í síðasta sinn kostur að minnast á það, ef það er satt, að því sje bani búinn. Jeg veit ekki, hvort svo er, en altalað er það.

Þetta er einsætt mál. Allir segja, að það sje þarfleg rjettarbót, sem eigi að komast á bráðlega! Ekki er málið heldur athugavert kostnaðarins vegna, því að ekki eykur það útgjöld landssjóðs, svo að þess vegna sje ástæða til þess, að veita því mótspyrnu. Yfir höfuð eru allar þær ástæður, sem bornar hafa verið fram í því skyni, að fresta málinu, mjög ljettvægar. Það er sagt, að þjóðinni sje málið ekki kunnugt, og það er rjett, en því er svo farið, að alþýða *getur* ekki kynnzt þessu nýmæli, fyr en hún *reynir* það. Þess vegna skiptir það afar litlu, hvað samþykkt hefur verið með örfáum atkvæðum á þingmálafundum í þessu máli.

Þá er sagt, að þessi kosningaraðferð geti ekki blessast nema flokkaskipting í landsmálum sje vel glögg. Jeg get ekki sjeð, að flokkaskipting hjer á landi sje óglögg — líkara, að hún sje stundum of glögg.

Aðrar mótbárur eru mjer enn óskiljanlegri, t. d. strjálbyggðin, er á að vera því til fyrirstöðu, að þingmannsefni geti kynnzt kjósendum, ef kjördæmin eru stór. Halda menn, að landið minnki eða verði innan skamms tíma orðið miklum mun þjettbýlla en nú; eða halda menn, að hjer verði lagðar járnbrautir um land allt á komandi árum, eða ferðalög á annan hátt gjörð miklum mun greiðari en nú gjörist, Nei, nei. Fólkinu fjölgar hægt, samgöngur batna seint — þeir, sem álíta, að frumv. sje gott, geta ekki

verið þekktir fyrir aðrar eins hjegóma-mótbárur.

Það hefur hins vegar verið sagt, að þessi aðferð miði að því, að þingið verði sönn ímynd þjóðarinnar. En er þá nokkur *sjerstök* ástæða til þess, að *flýta* því, láta það ekki dragast, að breyta svo kosningarlögunum, að þingið verði sem sönnust ímynd þjóðarinnar? Þeirri spurningu verð jeg að svara játandi. Á næstu þingum verður að líkindum gjört út um mál, sem þjóðina varðar miklu, varðar mestu allra mála, og er hörmung til að vita, ef þingið er þá ekki rjett líking þjóðarinnar. Þess vegna er það geysimikill ábyrgðarhluti fyrir þingið, að *fresta* þessu máli.

Jeg heyrði einhvern segja, að vafasamt muni vera, hvort þessi nýja vjel verki vel. Það skal jeg ekki þrátta um; menn getur greint á um það, hvort þjóðfjelagið ráði hyggilega fram úr velferðarmálum sínum. En hvort heldur þessi vjel verkar vel eða illa, þá er það víst, að hún verkar *rjett*, því að hún tryggir það, að *meiri hluti* þjóðarinnar ráði úrslitum allra mála á þingi; hún tryggir þjóðræði, tryggir hið sanna þingræði. Ef þetta frumv. verður *ekki* samþykkt nú, getur svo farið, að meiri hluti á næsta þingi sje í minna hluta hjá þjóðinni: svo ófugum úrslitum geta núgildandi kosningarlög valdið. Þess vegna er háskalegt, að *fresta* þessu máli.

Ráðherrann: Háttv. frmsm. meiri hlutans lagði áherzlu á það, að frv. væri í móti vilja kjósenda. Jeg hygg, að það sje of djúpt tekið í árinni, því að vitanlega er kjósendum ekki svo kunnugt þetta frumv., að þeir geti látið í ljósi neinn rökstuddan vilja sinn um það. Sem sagt, sanna þessir þingmálafundir í vor ekkert um dóm þjóðarinnar um frumv.

Um það er jeg fullkomlega samdóma sama háttv. þm., að þingið eigi ekki að vera á móti vilja þjóðarinnar, ekki af því, að þingmenn sjeu bundnir við annað en sannfæringu sína, því að það er þeim tryggt með stjórnarskránni, heldur af því, að ganga verður út frá því, að kjósendurnir hafi kosið mann, sem í öllum aðal-atriðum er meira hluta þeirra samdóma — eða þeir honum.

Jeg er sannfærður um, að ef þjóðin þekkti þetta mál og hefði sett sig svo vel inn í það eins og þeir menn, er það hafa bezt gjört, þá mundi hún vera því fylgjandi.

Háttv. frmsm. meiri hlutans gat þess, að sú mótbára, að stór kjördæmi gæfust illa af því, að hvert hjerað vildi hafa sinn fulltrúa, væri ekki frá honum, heldur frá stóru löndunum. Hjer liggur það til svars, að hvergi hefur verið leidd í lög þessi kosningaraðferð með tölusetning þingmannaefna á kjörseðli, sem frumv. fer fram á, nema hvað í Finnlandi er ný-byrjað svipað fyrirkomulag, og hef jeg hvergi fundið þá mótbáru gegn því, að kjördæmin væru of stór. Það er allt annað, sem þar er fundið til foráttu, og kemur ekki við aðalefni málsins. Enda finnst mjer það, sem jeg er margbúinn að segja um, að hver sýsla geti fengið sinn fulltrúa með hæfilegum samtökum, vera svo augljóst, að um það þurfi ekki að tala frekar.

Háttv. framsm. gat þess, að á Finnlandi væru menn misjafnlega ánægðir með þetta fyrirkomulag; en það er ekki hlutfallskosningaraðferðin, sem óánægjunni veldur, heldur afleiðing kosninganna. Úrslit þeirra urðu á allt annan veg, en nokkur ætlaði, og það var vegna kvennfólksins. Margan Finna iðrar þess sáran, að þar var kvennfólki veittur kosningarrjettur og

kjörgengi. En það er víst og áreiðanlegt, að kvennfólkið hefur herfilega brugðizt þeim flokki, sem rjeði því, að konur fengu kosningarrjett og kjörgengi, og það þykjast menn vita, að hefðu konur haft kosningarrjett í Finnlandi fyrir 5—6 árum, þá væri ekki svo komið fyrir »kvennfrelsis«-mönnum, eins og nú er.

Þar sem háttv. framsm. loks minntist á ritsímamálið og gat þess, að fremur þyrfti að leita samþykkis þjóðarinnar í þessu máli og öðrum »pólitiskum« »prinsipmálum«, en í fjármálum, svo sem í ritsímamálinu, þá held jeg, að það sje einmitt öfugt. Það er fremur nauðsyn að leita vilja þjóðarinnar í málum, sem snerta mikil fjárframlög, en um efni, sem sjerfróðleik þarf að hafa til þess að geta skorið úr. En hvort sem er, þá er það beinasti vegurinn til þess að menn kynnist málinu, að menn reyni það.

Jeg er miklu glaðari nú, en við byrjun umræðnanna, því að þá hafði jeg litlar vonir um, að frumv. mundi reiða vel af. Þykir mjer þó vera nokkur von til þess, að málið verði rætt einnig við 3. umr.

ATKV.GR:

1. og 2. brtill. meiri hluta nefndarinnar felld með 16 atkv. gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Þórðarson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Ólafsson,	Hermann Jónasson,
Ólafur Thorlacius,	Jón Jónsson,
St. Stefánsson,	Eyf. Magn. Andrjesson,
	Magn. Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stefánss., Skgf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Björn Kristjánsson og Lárus H. Bjarnason greiddu eigi atkv. og teljast með meiri hlutanum.

1. gr. frv. samþ. með 15 atkv.

2. gr. frv. samþ. með 16 atkv.

Brtill. minni hluta nefndarinnar, að á eptir 2. gr. komi ný grein, samþ. með 15 atkv.

3. gr. samþ. með 15 atkv.
4. gr. — — 15 —
5. gr. — — 17 —
6. gr. — — 17 —
7. gr. — — 17 —
8. gr. — — 17 —
9. gr. — — 17 —
10. gr. — — 17 —
11. gr. — — 17 —
12. gr. — — 17 —
13. gr. — — 17 —
14. gr. — — 17 —

Brtill. minni hluta nefndarinnar við 15 gr. samþ. með 14 atkv.

15. gr. breytt samþ. með 16 atkv.
16. gr. samþ. með 16 atkv.
17. gr. — — 16 —
18. gr. — — 16 —
19. gr. — — 16 —

Brtill. minni hluta nefndarinnar við 20. gr. samþ. án atkv.gr.

20. gr. breytt samþ. með 17 atkv.
21. gr. samþ. með 14 atkv.
22. gr. — — 14 —
23. gr. — — 14 —
24. gr. — — 14 —
25. gr. — — 16 —
26. gr. — — 16 —
27. gr. — — 16 —
28. gr. — — 16 —
29. gr. — — 16 —
30. gr. — — 16 —
31. gr. — — 17 —
32. gr. — — 17 —

33. gr. samþ. með 17 atkv.
34. gr. — — 17 —
35. gr. — — 17 —
36. gr. — — 17 —
37. gr. — — 17 —
38. gr. — — 17 —

Frv. vísað til 3. umr. með 17 atkv. gegn 2.

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 31. ágúst, kom frumv. (A. 438, 444, 449, 471) til 3. umr.

Þorhallur Bjarnrason (þm. Borgf.): Jeg á líklega einna stærstu breyt.till. við þetta frumv., svo það er rjett, að jeg riði á vaðið. Jeg skal játa það, að það er ekki heppilegt, að koma með svo stóra breyt.till. sem þessa við 3. umræðu. En ástæðan er sú, að jeg bjóst ekki meir en svo við því, að málið kæmist til 3. umræðu, og því bjó jeg mig ekki út með breyt.till. fyr.

Jeg greiddi atkvæði með því, að þetta frumv. gengi til 3. umr. Þetta er gott og gófugt mál, þótt sitt hvað kunni mega finna að búningnum, sem það nú hefur, en sem þó er stórum bættur frá í hitt eð fyrra.

Jeg varð þess var við 2. umr., að þetta frumv. hleypti töluverðum hita í menn, sem er alveg nýstárlegt á þessu svefnuga þingi í sumar; ýmsar orsakir mætti rekja til þess. Fyrir mjer eru góð hlutfallskosningarlög hita- og kapps-mál, því þau eru runnin af rót rjettlætis-hugsjónar.

Þá hef jeg játað skoðun mína á aðal-stefnunni og efni málsins. Og við vil jeg bæta ánægju-yfirlýsing yfir því, hvað þetta frumv. er vandað að íslenzku orðfæri. Á það hefur tíðum brostið, sem kunnugt er, og það enda líka á stundum hjá vorri innlendu stjórn, eptir að Hafnar-skrifstofunni er eigi lengur til að dreifa.

Það, sem jeg hef mest að athuga við þetta kosningalagafrumv., er kjördæma skiptingin.

Jeg ímynda mjer, að það geti ekki varist, að þetta sje að meira eða minna leyti handahófs-skipting, það eru settar saman í kjördæmi byggðir, sem standa hvor annari afar-fjarri, og hafa sem ekkert sameiginlegt; jeg skal nefna til dæmis Borgarfjörð og Barðaströnd, Strandir og Svarfaðardal, Árskógsströnd og Langanesstrandir; þar get jeg ekki skilið, að nein samfjelags-meðvitund sje á milli.

Breytingartillaga mín vill ráða bót á þessu. Jeg hygg, að heppilegt sje, að fara af stað með því, að halda sjer við gömlu fjórðungaskiptin. Það hefur allt til þessa tíma verið svo mikil samvinna í hinum einstöku fjórðungum, að menn kenna þess, að þeir eiga sameiginleg fjelagsmál, og þannig er öll ástæða til að halda, að þeir geti tekið vel hinni stórn nýjung og geti sameinað sig í hvirfingum um kosningar til alþingis.

En um leið finnst mjer hyggilegt, að gjöra að sinni ekki meiri breytingar en það, að halda sömu þingmannatölunni í hverjum fjórðungi og nú er. Nú er í ráði stórkostleg kjósendafjölgun, og svo kemur kvennfólkið með. Hvað verður þá um hina hárfínu kjördæma-skipting stjórnarfrumv.?

Jeg vil einmitt, að þiugið kannist við það, að það sje ekki að svo stöddu fært um að gjöra endanlega kjördæmaskiptingu, en hlutfallskosningu vilji það reyna, og velji til þess brotaminnstu aðferðina, slá saman fjórðungunum og halda óbreyttri þingmannatölunni úr hverjum fyrir sig. Sennilega yrði ekki

nema einu sinni kosið með þeim hætti. Þær breytingar standa til hjá oss.

Því enn er eitt ótalið til stórmikils stuðnings því, að fara eigi nánar í kjördæmaskiptinguna, og það er hið fyrirsjáanlega afnám konungkjörinna þm., sem hlýtur að valda breytingu á tölu þjóðkjörinna þm. Í minu kjördæmi var frumv. andmælt af því að það væri ekki tímabært, að minnsta kosti eigi fyr en hinir konungkjörnu þingmenn væru lagðir niður, enda mundi þá þurfa að breyta bæði tölu hinna þjóðkjörnu alþm., og einnig kjördæmaskipuninni á einhvern veg. Einmitt þetta gjörir, að jeg tel tjaldað til einnar nætur með kjördæmaskiptinguna.

Útnefning hinna kgk. þm. á ekki að eiga sjer stað lengur, enda hygg jeg, að það sje einhuga skoðun þings og þjóðar, að dagar þeirra sjeu taldir. Og með þessa fullvissu fyrir augum, er ekki hyggilegt að fara út í smáskiptingar uú þegar, en halda sjer við gömlu fjórðungaskiptin, því mundi þjóðin taka bezt.

Þetta eru ástæðurnar, sem liggja að því, að jeg kom fram með þessa breyt.till.

Hinar breytingarnar leiða af þessari aðalbreytingu. Í stjórnarfrumv. er reynt að leysa hnútinn viðvíkjandi yfirkjörstjórnunum, en með fjórðungaskiptingunni leggur það sig sjálft, að bæjarfógetinn í hverju af fjórum höfuðkauptúnunum verður oddviti.

Á Norður- og Austur-landi getur hver sýslan kosið sinn manninn í yfirkjörstjórn. En á Suður- og Vesturlandi, þar sem sýslurnar eru fleiri en mennirnir í yfirkjörstjórninni, þá vil jeg leysa hnútinn svo, að taka menninа úr næstu sýslunum við Reykjavik og Ísafjörð; það sparar ferðakostnað, að taka þá úr nærsýslunum. Enda hefur líkt vakað fyrir stjórninni í frumv. hennar.

Það er nú komin breyt.till. frá hv. þm. Snæf. (L. H. B.) við till. mína, sú, að gjöra meiri jöfnuð á þm. tölunni meðal kjördæmanna, eptir kjósendatölu þeirra. En jeg þykist hafa fært góð rök fyrir því, að láta nú í bráð þm.töluna halda sjer, eins og hún er í hverjum fjórðungi.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg get ekki fallizt á, að rjett sje, að samþ. að þessu sinni þetta frv. stjórnarinnar. Ekki fyrir það, að jeg sjái ekki, að það hefur ýmsa yfirburði yfir hið núverandi fyrirkomulag, heldur af því að þjóðin hefur ekki látið í ljósi, að hún óski eptir þannig lagaðri breytingu. Þvert á móti hafa komið frá flestöllum sýslufundum og amtsráðunum óskir um einmenniskjördæmi, og hið sama er að segja um álit flestra þeirra þingmálafunda, er um málið hafa fjallað. Með öðrum orðum, álit þjóðarinnar á málinu gengur í gagnstæða átt við frv.

En þar sem það nú samt sem áður virðist hafa talsverðan byr hjer í þinginu, þá hef jeg leyft mjer að koma fram með brt. á þgskj. 471, sem fer fram á, að Svarfaðardalshreppur fylgi með hinum öðrum hreppum Eyjafjarðarsýslu, sem ætlazt er til að heyri undir 6. kjördæmi. Mjer virðist það óeðlilegt, að þessi hreppur sje tekinn út úr, eður skilinn frá hinum öðrum hlutum hjeraðsins í kosningum til alþingis, þar sem það er sjáanlegt hverjum manni, að hann er í óslítanlegu sambandi við hina aðra hreppa sýslunnar í öllum hjeraðsmálum, atvinnurekstri og fjelagslífi, en á ekkert skylt við hið fyrirhugaða 5. kjördæmi, sem aðallega samanstendur af Stranda-, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum; það

vill líka svo vel til, að 5. kjördæmi hefur töluverða íbúatölu fram yfir það, sem því að rjettri tiltölu ber eptir þm. fjölda, en 6. kjördæmi aptur á móti vantar nokkuð á tilsvarandi íbúatölu, eptir því er skýrslur þær, er fyrir liggja, sýna yfirleitt.

Áleit jeg mjer því skylt, og fullkomlega rjettmætt, að fara fram á þetta, og jeg hefði tekið Þóroddstaðahrepp með inn í tillöguna, ef ekki hefði verið með því raskað um of töluhlutfalli kjósenda, því að það dylst mjer ekki, að sá hreppur á meira sameiginlegt með Eyjafjarðarsýslu, heldur en með hinum öðrum þrem sýslufjelögum (5. kjördæmi), er jeg þegar hef nefnt.

Það er tekið fram í ástæðum stjórnarinnar fyrir frv., að hún hafi fylgt þeirri reglu, að þær sýslur, er liggja við sama fjörð eða flóa, heyri til sama kjördæmi, en úr því þetta er nú gjört gagnvart sýslufjelögunum, sem jeg tel í fyllsta máta eðlilegt og sjálfsagt, því þá ekki að fara eins að við hin einstöku sveitarfjelög?

Jeg þykist með þessu hafa fært full rök fyrir því, að þessi brt. mín sje í fullu samræmi við alla staðhætti og sömuleiðis við reglur stjórnarinnnar sjálfrar, og vona því, að deildin samþ. tillöguna.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg hef ekkert lagt til þessara mála við 1. og 2. umr., en nú langar mig til þess að syngja frv. úr hlaði, að góðum og gömlum sið, því að hjeðan fer það úr deildinni í dag, með hvaða hætti sem það verður.

Jeg skal verða manna fúsastur til þess að játa það, að frv. þetta hefur ýmsa kosti, og mundi, ef það yrði að lögum, verða til þess, að ráða bót á sumum misfellum, er nú eiga sjer stað. En mjer getur þó ekki heldur dulizt hitt, að þó að kostirnir sjeu margir og miklir, þá eru þó ókostirnir líka miklir í mínum augum, og jeg hygg í augum fleiri manna.

Eptir þeirri kjördæmaskiptingu, sem ráð er gjört fyrir í frumv., met jeg það stórgalla, hve þingmannaefnunum er gjört örðugt fyrir um framboð. Jeg sje, að háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) hristir höfuðið, en jeg hef full rök fyrir mínu máli, það er að segja, handa þeim, er nokkrum rökum vilja taka. Það verður ekki fyrir hvern og einn að bjóða sig fram eptir þessum kosningarlögum. Tökum t. d. 2. kjördæmi; það nær frá því hjerna megin við Kolviðarhól og austur að Kúðafljóti eða fremur þó austur að Skeiðarársandi. Það verður ekki áhlaupaverk fyrir þá, sem ætla að bjóða sig fram, að koma í alla hreppa á þeirri leið og eiga þingmálafundi við hændur, því að það þykist jeg viss um, að þegar kjósa á í hverjum hreppi, þá ætlist bændur til þess; það er ekki fyrir þá, sem hafa mikið að gjöra, að standa í slíkri kosningabaráttu.

Það er kvartað mikið yfir því, hve mikið hrúgast inn á þing af embættismönnum í hlutfalli við bændur, og er mikið til í því.

En jeg er hræddur um, að þetta frv. verði ekki til þess að fjölga bændum á þingi; það verður einmitt til þess að hjálpa embættismönnunum til þingmennsku, en gjörir mörgum bændum ómögulegt með að bjóða sig fram.

Jeg veit ekki, hvernig þeir ættu að fara að því, að taka sig upp frá heimilum sínum og ferðast um svo stór hjeruð, að sjálfsögðu að sumrinu eða vorinu til. Jeg held, að þeir hafi annað að gjöra um sumartímann, einkum þegar þess er gætt, að þeir ættu svo fyrir höndum að vera burtu frá heimilum sínum mikinn part vetrar á þinginu sjálfu. En það álít jeg engan smá-

ræðis skaða, ef aðalstjett landsins ætti tæplega kost á því, lögum samkv., að sitja á þingi. Kosningarlög þessi gætu orðið til þess, að ýmsir mjög nýtir menn gætu alls ekki sinnt þingmennsku; það væri mikið tjón fyrir þingið, og sá skaði bitnaði á endanum allur á þjóðinni sjálfri.

Þá álít jeg ennfremur, að frv. þetta komi fram á mjög óhentugum tíma. Öll þjóðin er sammála um það, að vilja afnám konungkjörnu þingmannanna, en ef þetta frumv. er samþ., eins og það nú liggur fyrir, þá er jeg hræddur um, að það verði skoðað sem endileg úrslit um lengri tíma. Konungkjörnu þingm. geta verið góðir drengir, en þeir eru þó ekki vinsælli hjá þjóð vorri en svo, að hún vill helzt sem fyrst sjá í spor þeirra út af þinginu, og það er vonandi, að þess sje nú ekki langt að bíða. En ef þá verður búið að hafa fyrir því, að skipta landinu nákvæmlega niður í kjördæmi; hvar á þá að ætla þeim mönnum sæti, sem koma í þeirra stað? Þá yrði strax að breyta öllu upp á nýtt.

Auk þess er frumv. að sumu leyti svo úr garði gjört, að ekki er víst, hvað gott verður að koma fyrirmælum þess í framkvæmd; kosningaraðferðin er vandasöm, og þjóðin þarf að eiga kost á því, að átta sig vel á henni, svo að kosningarnar mistakist ekki.

Nú við næstu kosningar bætist við fjöldi nýrra kjósenda, sem ekki hafa kosið áður, og eptir því, sem kosningar hafa gengið hjer áður hjá gömlum kjósendum, þegar það hefur gengið illa fyrir þeim að átta sig á því að setja krossinn við nafnið, þá má geta því nærri, hvort ekki getur eitthvað farið í handaskolum hjá þessum nýju kjósendum. Og væri það sízt að furða. Mjer fyrir mitt leyti blandast ekki hugur um það, að ef nú ætti að fara að kjósa um land allt eptir þeim, þá yrði úr því óbotnandi kosningahrærigrautur.

Það hefur verið sagt af háttv. sessunaut mínum (G. B.) hjer um daginn, að ef frv. þetta næði fram að ganga, þá yrðu kosningarnar, sem færu fram eptir þeim lögum, sannur spegill hins rjetta þjóðarvilja; en jeg er af þeim ástæðum, sem jeg hef tilgreint, þvert á móti sannfærður um það, að þær kosningar yrðu, að minnsta kosti í fyrsta sinni, sannur *spjespegill* hins rjetta þjóðarvilja.

Það er og vitanlegt, að á flestum þingmálafundum hefur þjóðin tjáð sig mótfallna þessu frumv. Jeg játa það að vísu, að það kom seint fram, svo að lítill tími var til þess að átta sig á því, en hæstv. ráðh. byggði ekki svo mikið á þessu, heldur hinu, að þjóðin hefði ekki vit á málinu. Það kann að vera nokkuð til í þessu, eins og nú er, en jeg vil einmitt gefa þjóðinni tíma til þess að fá vit á því, og hún er ekki það heimskari en aðrar þjóðir, að henni verði skotaskuld úr því, ef hún fær tíma til þess. Hæstv. ráðh. sagði, að í þessu máli ættu vitrir menn að ráða, og ganga á undan öðrum; það vil jeg líka, en jeg vil láta þá gjöra það á annan hátt en hann ætlast til.

Hann vill, að þeir ráði alveg fyrir þjóðinni og samþ. það, sem þeim sýnist, hvort hún vill eða ekki. Jeg vil aptur á móti, að þessir vitru menn fari út á meðal þjóðarinnar og gefi henni kost á að fá rjettan skilning á málinu; þá get jeg vel ímyndað mjer, að hún muni samþ. þessu lík lög, þegar búið er að fræða hana um grundvallaratriði þeirra, og hún búin að hugsa þau; þá á líka strax að samþ. lögin, en

fyr ekki; það á ekki að vera að þrengja þeim upp á hana af fulltrúum hennar, áður en hún er búinn að átta sig á þeim. En vilji hún þá ekki samþ. lögin, eptir að hún er búin að velta málinu fyrir sjer, þá er ekki leyfilegt, að fulltrúarnir samþykki þau hjer. Það er þjóðin, sem á að ráða; hún á að vera æðsti dómstólinn í þessu efni. Vilji hún eitthvað, sem er henni til tjóns, þá ber hún ábyrgðina á því og það kemur henni í koll, ef hún fer illa að ráði sínu. Eins og enginn fer að svipta fullveðja mann fjárráðum, þótt hann þyki fara óskynsamlega með fje sitt (Svo?), þannig á og þjóðin rjett á því, að fá að ráða sjer sjálf.

Mjer dettur nú í hug, það sem Lúðvík konungur 14. sagði:

»Jeg er ríkið«.

Þetta táknaði það, að hann fór sínu fram, hvað sem þjóðin sagði. Nú munu flestir konungar vera hættir því, að hafa slík einkunnarorð, en það eru aðrir, sem virðast vera farnir að vilja beita þeim í þeirra stað, og það eru *stjórnarráð* og þing landanna. En það er misskilningur, að þau sjeu sama sem ríkið; það er þjóðin sjálf, sem á að vera húsbóndinn á heimilinu, og meðan hún segir um eitthvað: »Jeg vil það ekki, að svo stöddu«, þá hefur enginn hvorki þing nje stjórn nje aðrir leyfi til þess að troða því upp á hana; einkum þarf hún að fá hæfilegan tíma til að átta sig á stórmálunum, áður en þeim er ráðið til lykta.

Jeg skal nú ekki fara um þetta mikið fleiri orðum að sinni, það er mitt álit, að málið eigi að bíða, að frumv. eigi ekki í dag að fara hjeðan sem lög, heldur út til þjóðarinnar, til þess að hún geti rætt það og íhugað til næsta þings; og þá er að vita hvort hún verður því meðmælt eða ekki.

Það má vel vera, að þessi andróður á þingmálafundum sje sprottinn af því, að þjóðin hafi enn þá ekki fengið nægan tíma til þess, að átta sig á þessu, en þá er það eina ráðið, að gefa henni þann tíma.

Jeg ætla því að lúka ræðu minni með því, að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta rökstudda dagskrá, sem jeg ætla svo að afhenda honum, hún hljóðar svo:

»Með tilliti til þess, að frumv. til laga um breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1905 breytir gagngjört núverandi fyrirkomulagi við kosningar, en þjóðin á hinn bóginn hefur sýnt á síðustu þingmálafundum, að hún hefur enn ekki áttað sig á málinu, og væntanlegt afnám konungkjörinna þingmanna mundi innan skamms krefja nýrrar breytingar á kjördæmaskipun landsins, þó frv. yrði að lögum — og með trausti til þess, að stjórnin gjöri ráðstafanir til að málið verði sem bezt kunnugt og til umræðu meðal þjóðarinnar til næsta þings — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg á hjer brtill. á þskj. 444, sem fer fram á, að breyta lítilsháttar skipun kjördæmanna, þannig, að V.-Sk. verði ekki klofin sundur í miðju, heldur fylgi óskipt þeim fjórðungi, sem hún hefur um langan aldur fylgt, Sunnlendingafjórðungi. Jeg vil benda á það, að það er afar óheppilegt, að skipta þessu hjeraði á þá leið, sem farið er fram á í frumv. stjórnarinnar, að eystri hlutinn fylgi sjöunda kjördæmi, en vesturhlutinn 2. kjördæmi, því að þar með eru báðir hlutarnir gjörðir með öllu áhrifalausir. Allur samfjelagshugur og öll kynni þessa hjeraðs vita vestur á við, til Rangárvallas. Þessir hlutar ættu því báðir að vera

í heild í 2. kjördæmi, og gæti hjeraðið þá haft nokkur áhrif. Að austan getur sambandið ekki staðizt, því að samgöngur eru þar litlar, enda er af náttúrunni hamlað, þar sem Skeiðarársandur, Öræfin og Breiðamerkursandur liggur þar í milli. Það eru því engin kynni, fjelagslegir hagsmunir eða samfjelagshugur í hjeraðinu, sem stefnir í austurátt.

Hæstv. ráðh. tók fram, að einstök hjeruð gætu vel fylgzt að, þó að lögskipuð væru stór kjördæmi, og hæglega komið að manni eða mönnum, ef þau væru sammála. En þetta gildir ekki hjer. Með þessu frumv. er girt fyrir, að hjeraðið geti haft áhrif á kosningu nokkurs manns, og lítil líkindi til að maður þaðan geti náð kosningu. Rjettur hjeraðsins er í þessu efni mjög fyrir borð borinn, enda var á almennum fulltrúafundi sýslunnar 17. júní þ. á. þessari skiptingu mótmælt afdráttarlaust, og telur fundurinn, að eðlileg takmörk kjördæmisins sjeu um Skeiðarársand.

Það má segja í móti þessari brtill. minni, að við hana aukist fólksfjöldi í 2. kjördæmi, en álitamál er það, hvort betra er, að þetta hlutfall raskist lítið eitt, eða að heilu hjeraði væri gjört ókleift að njóta sín í hinu stækkaða kjördæmi.

Nú vil jeg vita, hvað hinn háttv. minni hluti nefndarinnar, sem nú hefur orðið meiri hluti í deildinni, segir við þessari breyt.till. minni, því að jeg hugsa, að jeg gjöri hana að beinu skilyrði fyrir atkv. mínu í þessu máli. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji, að frumv. verði fellt; en jeg vil heldur, að málinu sje frestað, þó að jeg meti málið mikils, en að kjördæmi mitt sje rangindum beitt.

Ráðherrann: Háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) kvaðst vilja syngja þetta frumv. úr hlaði. Það var aldrei nema hans von og vísa. Honum fórst það að vanda vel. Hvort sem frumv. er á leiðinni upp til hæða Ed. eða niður í ruslakistu fallinna eða sofnaðra frumv., þá fer það væntanlega í þetta sinn alfarið úr Nd. í dag, og þakka jeg háttv. þm. gestrisnina, er frumv. hefur sætt í hans garði, áður en það fer úr deildinni.

Mótbárur hans voru litlar og ljettvægar. Sú var hin fyrsta, að eptir frumv. mundi ekki vera fyrir alla að komast að; hætt væri við, að bændum veittist það örðugt. Það væri ekki við þeirra megn, að ríða í hvern hrepp í svo stórum kjördæmum um há-bjargræðistímann, og mundu því embættismenn, blaðamenn og »gasprarar, sem víða eru kunnir« verða þeim yfirsterkari. En þetta er óþarfa uggur. Í mörgum tilfellum mundi hlutfallskosningin einmitt vera vegur til að koma bændum á þing. Jeg hef áður sýnt fram á, að hvert einstakt þingmannsefni þarf ekki að halda á nema vissri hlutfallstölu kjósenda í hverju kjördæmi, til þess að eiga kosning vísa. Hámark þeirrar atkvæðatölu getur hann auðveldlega reiknað út fyrirfram, og eptir því getur hann hagað kosningarundirbúningi sínum. Jeg held, að fáir yrðu til þess, að halda fundi í öllum þeim 30—40 hreppum, sem eru í því fyrirhugaða kjördæmi, er háttv. þgm. sjerstaklega nefndi, því síður að ganga fyrir hvers manns, eða hverrar konu hnje til atkvæðabeiðslu á öllu því flæmi. Slíkt mundi hverfa »úr móð«. Að því er sjerstaklega snertir horfur fyrir bændur, til þess að ná kosningu, virðist mjer auðsætt, að þær yrðu betri, en ekki verri með hinu nýja fyrirkomulagi. Eins og nú er ástatt, og eins og

ástatt yrði með einmenningskjördæmum, er einsætt, að hafi »blaðamaður eða annar gasprari« að eins einu atkv. meira en bóndinn, sem býður sig fram á móti honum, þá fellur bóndinn, en »gasprarinn« kemst að. Þetta getur eins átt sjer stað í 5 samanliggjandi einmenningskjördæmum, eins og í einu. En sje nú þessum 5 einmenningskjördæmum slegið saman í eitt hlutfallskosningarkjördæmi, sem kýs 5 þm., þá verður allt annað uppi á teningnum. Setjum, að í hverju einmenningskjördæminu kjósi 300 kjósendur, og 30 atkv.munur sje í hverju þeirra milli bónda og viðkunnara »gasprara«. Þá væru á öllu þessu svæði samanlögðu 645 atkv. með bændunum, en 825 með hinum. Væri nú á þessu svæði kosið í einu lagi með hlutfallskosningu, og kæmu þeir menn, sem fylgja bændunum í hverju einmenningskjördæminu, sjer saman um, að setja þá alla á einn framboðslista, — rjettara: fyndi einhver upp á því, að setja upp slíkan bændalista, og hver kjósandi, sem í einmenningskjördæmunum mundi hafa kosið bóndann, merkti þann lista, og setti töluna 1 við þann af þeim, sem hann vill helzt af bændunum, þá væri alveg óhjákvæmilega víst, að tveir bændur næðu kosningu, þar sem með núverandi fyrirkomulagi enginn bóndinn yrði kosinn, eptir því sem dæmið er upp sett. Og þessu dæmi má breyta á ýmsa vegu, með miklu meiri atkvæðamun; samt kemur sama út; tveir bændur á þessu svæði ná kosning með hlutfallskosningar fyrirkomulagi, en enginn með núverandi fyrirkomulagi. Þessi mótbára háttv. þgm. er því »úr sögunni«.

Önnur mótbáran er sú, að honum þótti tíminn óhentugur. Hann áleit, að ef frumv. kæmist í gegn, þá yrði það skoðað sem endileg úrslit, og þá yrði erfitt að snúa sjer við, ef breytt yrði um konungkjörna þingmenn, þannig, að allir þingmenn yrðu þjóðkjörnir. Jeg held, að það verði að engu leyti erfiðara að koma hinum nýju þingmönnum fyrir, þótt hlutfallskosning væri komin á. Þar væri að eins um breyting á einni grein — um kjördæmaskiptinguna — að ræða, og er sú breyting engu hægri undir núverandi fyrirkomulagi. Í öllu falli má segja, að nógur tími sje til að hugsa um þá nýju kjördæmaskipun, þegar slík stjórnarskrárbreyting væri vís orðin. Það snertir alls ekki aðalstefnu þessa frumv.

Í þriðja lægi fann hann það að, að kosningin yrði margbrotin og vandasöm. En það er kosningin alls ekki, það er með rökum sýnt í athugasemdunum við frumv. Það er að eins starfi kjörstjórnarinnar, sem er vandasamur, en kjörstjórnirnar geta fengið sjer reikningsfróða menn til aðstoðar, svo starf þeirra á ekki að geta orðið að neinum vandræðum, hversu litlir reikningsmenn sem kjörstjórarnir væru. Kjósendur fengju ekki erfiðara starf, en þeir hafa nú. Það er alls ekki hættara við »kosningarhrærigraut«, heldur en nú. Þess hafa verið dæmi, að 6 þingmannaefni eða fleiri hafa verið í kjöri, en eptir þessu frv. verður mestur þingmannafjöldi 6 í einu einasta kjördæmi, annars 5 og 4. Það er alls eigi meiri vandi fyrir kjósendur, að tölumerkja nöfn 5 frambjóðenda á framboðslista við hlutfallskosningu, heldur en að velja — segjum tvo — úr 5 þingmannsefnum við heimulega kosning með núverandi fyrirkomulagi. Hinn háttv. þm. gjörir allt of lítið úr vitsmunum kjósenda með því að halda fram, að þeir skilji ekki slíkt. Að

kosningin verði spjespegill, eins og hinn háttv. þm. sagði, finnst mjer, svo hljómfagurt og smellið sem orðið er, vera móðgun gagnvart kjósendum að ástæðulausu, því að íslenzk alþýða hefur sýnt, að hún á það ekki skilið.

Fjórða mótbáran var sú, að nokkrir þingmálafundir hefðu verið frumv. mótfallnir. Hann vildi gefa almenningi kost á að hugsa sig um, bíða eptir því, að alþýða manna ljeti í ljósi ósk um, að þetta nýja fyrirkomulag væri upp tekið, láta vitra menn sannfæra almenning um kosti frumv., áður en alþingi segði af eða á um sína skoðun. Það hefur verið reynt, að gjöra frumv. almenningi kunnugt, þó að lítið hafi upp úr því hafzt. Jeg hef áður leitt rök að því, að þetta mál er þess eðlis, að ekki er við að búast, að almenningur setji sig inn í hugtak eða einstök atriði þessa fyrirkomulags að fyrra bragði; fyrirkomulagið er að vísu hvorki þungt nje margbrotið í framkvæmd, en það þarf þó margs að gæta, til þess að skilja það allt út í æsar; menn hafa almennt ekki tíma nje tök á því, að setja sig inn í slíkt. Þess vegna mætti lengi bíða, ef ekki mætti gjöra neitt í þessu máli, fyr en þetta væri orðinn almennur vilji þingmálafundanna, eða rjettara sagt: fyr en kjósendur hefðu kennt þingmönnum sínum að skilja, hvað rjett er í þessu efni.

Háttv. þm. fór fögrum orðum um það, að »þjóðin« ætti að ráða því, hver lög væru samþykkt; fulltrúar hennar ættu ekkert með að þröngva upp á hana lögum, »þjóðin« ætti að vera æðsti dómstóllinn í þessu efni, o. s. frv. Hann sagði, að svo framarlega sem »þjóðin« vildi gjöra eitthvað, sem henni væri til tjóns, þá mætti hún það. Enginn mætti varna henni að fara sjer að voða, ef hún vildi. Hún bæri ábyrgðina á því, og ætti rjett á því að gjöra sjer tjón, alveg eins og hver einstaklingur mætti »gjöra við sig hvað sem hann vildi«, án þess að neinn ætti með að varna honum þess. En er háttv. þm. nú alveg viss um, að það sje algild regla, að einstaklingarnir megi gjöra sjer sjálfum það mein, sem þeim sýnist? Jeg er hræddur um, að svo sje ekki. Það er einmitt borgaraleg skylda að varna því, að menn fari sjálfum sjer að voða eða gjöri sjer tjón. Ef háttv. þm. t.d. fyndi upp á því, að gjöra sjer sjálfum eitthvað illt, segjum t. d. hengja sig, þá væri jeg lagalega skyldur að skera hann niður, ef jeg gæti, ef jeg vildi ekki verða sekur eptir hegningarlögunum. Jeg er því hræddur um, að á þessari samlíking hans sje lítið að græða. Að því er snertir þjóðina, veit jeg ekki betur, en að það sje einmitt fulltrúaþing hennar, sem lætur í ljósi vilja hennar; »vilji þjóðarinnar« er orð, sem mjög má misbeita. Ályktun nokkurra þingmálafunda hefur ekkert einkaleyfi til þess að heita »vilji þjóðarinnar«. Ef alþingi álítur, að ályktanir þingmálafunda farí fram á eitthvað, sem þjóðinni er til tjóns, þá er auðvitað skylda þess, að varna því, eins og það er skylda hvers borgara, að reyna að varna því, er hann hyggur þjóð sinni til voða.

Hjer er auðvitað enginn voði á ferðum, þótt þetta frumv. yrði ekki samþ.; það er að eins spurning um missi eða drátt á hagsmunum, svo allt þetta tal um rjett þjóðarinnar til þess að gjöra sjálfri sjer tjón er úti á þekju þegar af þeirri ástæðu. Háttv. þm. misbeitir að minni hyggju orðinu »þjóð« í þessu sambandi. Það er engin sönnun fyrir því, að þjóðin, í rjettum skilningi, sje þessu máli mótfallin; þvert á

móti þykist jeg alveg viss um, að mikill meiri hluti hugsandi manna í landinu vilji fá framgengt einmitt slíkum umbótum, sem er tilgangur þessa frv. að ná, þótt aðferðin hljóti að vera mörgum ennþá ókunn, og að málið sje þegar nægilega hugsað og undirbúið, til þess að ráða því nú til lykta.

Hv. þm. endaði með því, að lesa upp rökstudda dagskrá þess efnis, að málið fengi að sofna. Er þá meiningin að láta kosningarlögin óendurbætt? t. d. þann mikla galla, að í tvímenningskjördæmum getur stærsti minni hlutinn ráðið kosningu tveggja þingmanna, eða það að margir kjósendur eru sumstaðar hindraðir frá kosningu af því að kjördagur er illa settur; eða þá hitt, að maður, sem lítið eða ekkert fylgi hefur, getur orðið sjálfkjörinn þm. vegna þess að annar frambjóðandi deyr, eptir að framboðstíminn er útrunninn. Þegar viðurkennt er, að gallar eru á lögunum, þá á ekki að skella skollaeyrum við umbótum á þeim með rökstuddri dagskrá.

Menn hafa reynsluna fyrir sjer, er síðasta alþingi sendi með rökstuddri dagskrá fræðslumálið frá sjer til almennings, til þess að fá þannig æðri og betri þekking. En jeg hygg, að ekki hafi breytzt skoðun neins þm. á því máli, þó að því þannig væri skotið á frest, til tjóns fyrir fræðsluástandið í landinu.

Jeg er eindregið á móti þessari rökstuddu dagskrá, og vona, að hv. þm. greiði atkv. í móti henni í samræmi við atkv.gr. við 2. umr. málsins.

Þá skal jeg víkja nokkuð að brt.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) hefur komið fram með brt. í þá átt, að hin gamla amtaskipun ráði kjördæmaskiptingu, og þingmannatalan haldist eins og hún nú er í hverju amti. Hann gat þess, að í frv. stjórnarinnar væri skiptingin gjörð af handahófi. Það get jeg ekki kannast við. Það hefur verið haft mikið fyrir þessu frv., eins og skýrslurnar í aths. við frv. sýna. Það, sem haft var fyrir augum, var að slíta ekki um of í sundur það sem saman heyrir, þó svo að kjósandatala hjeldist í sem rjettustu hlutfalli við fulltrúamagn.

Tilefnið til þess, að þetta frv. er fram komið, er eins og jeg hef opt tekið fram áður, misrjetti það, sem nú á sjer stað í kjördæmaskipuninni, og tilgangurinn er að skipta fulltrúum sem jafnast niður á kjósendur, jafn framt því sem kosningaraðferðinni er breytt. Eptir því hefur verið farið í ákvæðunum um kjördæmaskipunina. En eptir till. hv. þm. Borgf. verður jafn ójafnt skipt sem áður, þó að minna beri á því, af því að kjördæmin ná yfir stærra svæði.

Jeg er samdóma hv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) um það, að sú nýbreytni, sem almenningur mundi eiga bágast með að átta sig á og sætta sig við í fyrstu, sje einmitt það, hve kjördæmin eru gjörð stór. Því stærri sem kjördæmin eru, því betur nær hlutfallskosningin tilgangi sínum.

Í frumv. stjórnarinnar er því farið svo langt í því, að hafa marga menn á lista, sem að ýtrast þótti fært. Og margir álíta jafnvel, að 6 menn sje of mikið. En í breyt.till. háttv. þm. Borgf. (Þ. B,) er farið fram á 7 þm. í einu kjördæmi og 11 í öðru. Jeg álít það allt of geyst farið af stað. Jeg er hræddur um, að menn gætu síður áttað sig á kosningunni og fyrirkomulagið yrði óvinsælt í byrjun þegar af þessari ástæðu.

Hinn háttv. þm. sagði, að hjer væri svo að segja verið að tjalda til einnar nætur, því að nú væri stjórnarskrárbreyting líklega í aðsigi, er aptur gæti haft breyting á kjördæmaskipuninni í

för með sjer. En í því sje jeg enga ástæðu fyrir því, að byrja samsteypuna svona geyst. Mjer finnst einmitt þess vegna vera ástæða til þess, að fara varlega í það, að gjöra kjördæmin of ómeðfærileg í byrjun; það verður að leggja aðal-áherzluna á það í byrjuninni, að gjöra mönnum eins auðvelt fyrir og hægt er, meðan menn eru að átta sig á þessu fyrirkomulagi. Það er alveg eins hægt, að breyta aptur því fyrirkomulagi, sem stjórnarfrumv. fer fram á, eins og því fyrirkomulagi, sem tillaga háttv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) fer á flot, ef tilefni verður til breytingar vegna nýrrar skipunar efri deildar.

Jeg get fullvissað hina háttv. þingdeild um það, að kjördæmaskiptingin í stjórnarfrumv. er ýtarlega hugsuð, og ekki neitt handahófsverk.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.), skal jeg geta þess, að ástæðan fyrir því, að þessir þrír hreppar úr Vestur-Skaptafellssýslu voru teknir frá, var að eins sú, að með því urðu fólksfjölda hlutföllin rjettari. Jeg áleit, að það stæði á sama, þó skipt væri við Kúðafljót; en það, sem háttv. þm. fer fram á, er engin aðalbreyting, svo að jeg get vel gengið inn á hana, ef honum er þetta áhugamál. Sama er að segja um tillögu háttv. þm. Eyf. (St. St.). Að vísu er mjer sárara um hana, því hún gjörir meiri ójöfnuð, en hin tillagan, en jeg álít það þó enga frágangssök, að ganga að henni, ef það er skilyrði fyrir fylgi hans við málið að öðru leyti.

Jeg skal svo ekki þreyta menn lengur; jeg vona, að frumv. fái nú að ganga fram í hinni háttv. deild.

Framsögumaður minni hlutans Pjetur Jónsson (þm. S.-Þ.): Jeg hef nú ekki mikla ástæðu til þess, að standa upp, en jeg vildi þó segja nokkur orð. Fyrir hönd okkar tveggja, sem urðum í minni hluta í nefndinni, get jeg lýst yfir því, að við fellum okkur við brt. þeirra háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) og háttv. þm. Eyf. (St. St.); jeg hefði álitið minni þörf á þeirri breytingu, sem háttv. þm. Eyf. (St. St.) stingur upp á, en jeg sem kunnugur verð þó að játa, að tillaga hans hefur við töluverð rök að styðjast. Breytingarnar raska að vísu dálítið íbúatölunni í kjördæmunum. En síðan þetta frv. var upphaflega undirbúið, hafa ýmsar breytíngar orðið á fólkstölu meiri en þessi og verður framvegis; er ekki hægt við því að gjöra — jeg vildi biðja hæstv. forseta, að halda reglu í salnum, svo að jeg geti heyrt til sjálfs mín, að minnsta kosti.

Þá er breyt.till. háttv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) um, að hafa kjördæmin að eins 4. Þessa tillögu get jeg ekki fellt mig við. Eins og hæstv. ráðherra tók fram, er ekki heppilegt, að fara lengra í því, að stækka kjördæmin, en í frv. er gjört. Auðvitað væri rjettlátast, að landið væri eitt kjördæmi, en á því eru stórir annmarkar. Jeg lít svo á, að kjördæma-skiptingin hljóti að breytast af ýmsum ástæðum, einkum, ef breytt yrði tölu þingmanna; hún gæti líka breytzt af misjafnri fólksfjölgun, fólksflutningi til kaupstaðanna, og margt gjörir það að verkum, að skiptingin verður breytingum undirorpin. Í bráð er því rjettara, að fara hægt í stækkuninni.

Gagnvart háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) þá vil jeg taka það fram, að það er minni fyrirhöfn, að breyta kjördæmaskiptingunni eins og hún er í frumv., heldur en ef kjördæmin væru 34 eins og hann vill, Ef kjördæmin eru 34, þá eru 33 skiptilínur; en ef þau eru 7, þá eru að eins 6 skiptilínur, sem þarf að færa til. Sjá allir, að það er

örðugra að þurfa að þoka til um 33 skiptilínur, en um 6.

Viðvíkjandi ástæðu háttv. þm. Árn. (Ó. Ó.), að þjóðarviljinn væri þessu mótfallinn, þá skal jeg geta þess, að jeg get ekki farið eins mikið eptir ummælum þingmálafunda í vor eins og ummælum þingmanna nú um það einmitt, hvað er vilji þjóðarinnar í þessu máli. Það er álit þingmanna flestra, ef ekki allra, að hlutfallskosning sje sú æskilegasta og fegursta kosningaraðferð, ef að hægt sje að koma henni við. Og þeirrar skoðunar mun þjóðin líka vera, eða þeir, sem um það mál hafa hugsað; og það eru þó nokkuð margir, sem það hafa gjört, því hlutfallskosningunni hefur einu sinni verið lýst í riti af Páli heitnum Briem, og þar sýnt fram á, hve rjettlát og fögur hún væri. En ef það er skoðun þjóðarinnar, að hlutfallskosningin sje góð, ef henni verður komið við, þá verð jeg að segja, að við þingfulltrúarnir ættum að hafa betur vit á því, en almenningur, hvort hún er framkvæmanleg. Á þetta er lögð áherzla í nefndaráliti okkar minni hluta manna.

Það hefur víst frekar verið þessi hlið málsins, sem almenningur hefur látið í ljós skoðun sína á, en hin; en þar ætti að vera meir að marka kjörnu fulltrúa þjóðarinnar.

Við hljótum að hafa þá ábyrgðartilfinning, að það sjeum við, sem eigum að dæma um þá »teknisku« hlið þessa máls og skera úr.

Eggert Pálsson (1. þm. Rang.): Það kemur mjer undarlega fyrir, að þetta frumv., skuli ekki hafa mætt meiri andmælum, en það hefur gjört. Við 2. umr. var það að eins framsögum. meiri hluta nefndarinnar, háttv. þm. Vestm. (J. M.), sem andmælti því, en þá urðu ýmsir ræðugarpar til þess að halda langar lofræður um frv. og stefnu þess, og það hafði þau áhrif, að það marðist gegnum deildina við 2. umr. Hinn háttv. þm. Árn. hefur nú hreyft allmiklum mótmælum, og jeg er samþykkur honum í flestu. En mjer þykir undarlegt — segi jeg — að því skuli ekki hafa verið andmælt frekar, því jeg veit fyrir víst, að það hefur þó ekki í raun og veru fullt fylgi deildarinnar. Það er eins og það liggi einhver mara yfir hugum manna, og að þeir vilji ekki vera á móti því, þó að þeir sjeu því ekki samþykkir. Jeg get ímyndað mjer, að margir óski helzt, að það slysaðist gegn um deildina einhvern veginn, en hefðu eigi á móti því, að það dagaði uppi, eða sálaðist í háttv. Ed. Það getur nú reyndar verið, að þetta sje röng ímyndun, en jeg get ekki gjört að því, að jeg lít nú svona á málið og að það horfi þannig við. En sje nú þessi skoðun mín rjett, þá finnst mjer þetta harla óviðfelldið og hræsniskennt. Tel jeg því, að bezt muni vera og affarsælast, svo í þessu máli sem öðru, að vera annaðhvort hrár eða soðinn, að vera annaðhvort af tvennu: með eða móti.

Það hefur verið sagt, að þetta frv. sje svo fallegt og vel hugsað, að fyrir þá sök sje synd að vera á móti því. Jeg get nú tekið í sama strenginn, að frumv. sje skarplega hugsað; en það eitt er ekki nóg; það verður jafnframt að innihalda einhverjar verulegar og góðar rjettarbætur, ef það á að hafa rjett til þess að komast gegnum þingið og verða að lögum. En þetta finnst mjer einmitt vanta í frumv., og þess vegna hef jeg greitt og greiði atkv. á móti því. Þetta er nú engin sjervizka úr mjer einum. Það eru fjöldamargir menn víðs vegar um lönd, sem telja annmarkana á svona löguðum kosningum, meiri en kostina, og þess vegna

hefur líka þessi kosningaraðferð að eins komizt á í sárfáum löndum. Og þar sem engin reynsla er fyrir þessari kosningaraðferð enn, þá held jeg. að það væri ekki skaðlegt, þó við biðum og sæjum, hvernig hún gefst þar sem hún er komin á.

Mjer sýnist enginn vafi geta á því leikið, að þetta fyrirkomulag. sem frv. inniheldur, miðar að því að draga valdið úr höndum strjálbyggðu hjeraðanna og yfir á hin þjettbýlli. Það er nú kannske sanngjarnt, að nokkru leyti. En það getur þó verið varhugavert. Það er enginn vafi á því, að hjer myndast sem annarsstaðar smátt og smátt stórbæir eða borgir, og þar sem borgir eru, þar myndast einnig ómenntaður ruslaralýður eða skríll. En nú er kosningarrjetturinn á leiðinni að verða almennur, og við það fær almúginn og þá skríllinn í borgum eða bæjum betri og betri tök. Ef svo yrði ástatt, að stór bær með mörgum kjósendum væri í sama kjördæmi og strjálbyggt hjerað, þá gefur að skilja, að bærinn getur alveg ráðið kosningunni og hinn hluti hjeraðsins hefur lítið eða ekkert að segja. Það hefur verið sagt, að strjálbyggðu hjeruðin gætu notið sín með samtökum. En það er hægra sagt en gjört, að koma slíkum samtökum á. Og því erfiðara sem strjálbyggðin er meiri. Í þjettbýlinu eða bæjunum er aptur á móti hægra að koma samtökunum við og útiloka þannig á síðustu stundu þá, sem bærinn ekki vill hafa í þingmannssætin. Með því að stækka kjördæmin eins og farið er fram á, minnka og eðlilega kunnugleikar þingmanna við kjósendur sína og þekking á kringumstæðum og þörfum hinna ýmsu landshluta; það hefur nú einmitt verið brestur á slíkri þekkingu hingað til, en nú yrði það margfalt verra, ef þetta frumv. yrði samþ. Það æskilegasta hefði verið, að þroskastig þjóðarinnar hefði verið svo hátt, að búsettir menn í hverju hjeraði hefðu ætið getað tekizt á hendur þingsetu fyrir sín hjeruð.

En það hefur ekki verið því að heilsa, og því hefur opt orðið að velja menn, sem búsettir hafa verið utan kjördæmis og ókunnugir högum þess og kringumstæðum, og hafa kjördæmin opt goldið þess. En ekki bætir stækkun kjördæmanna úr skák, hvað þetta snertir. Það hefur verið sagt, þessu frv. til meðmæla, að slík lög sem þessi mundu verða til þess að drepa »hreppapólitíkina.« En jeg er á þeirri skoðun, að »hreppapólitíkin« muni aldrei verða drepin með lögum. Geti nokkuð á annað borð unnið bug á henni, sem mjög er vafasamt, þá er það að eins menntun og »pólitískur« þroski almennings. Og sje hún til nú, þá nýtur hún sín ekki síður fyrir það, þótt kjördæmin verði stækkuð. Og jafnvel þó þau yrðu ekki nema fjögur, eins og hv. þm. Borgf. leggur til, þá er jeg þó hræddur um, að einhverntíma mundi bóla á því, að fjórðungarnir vildu togast á. En ef það á annað borð er álitið að horfa til heilla að stækka kjördæmin, því er þá ekki sporið stigið fullt og allt landið gjört að einu kjördæmi? En það lítur út fyrir, að formælendum þessa frv. ói við sinni eigin hugsun úr því að enginn hefur stungið upp á því. Því hvort landinu er skipt í sjö eða fjögur eða eitt kjördæmi, þá byggist það á hinni sömu grundvallarhugsun, að stækkun kjördæmanna sje til góðs. Og sýnist þá, að ef stækkunin horfði á annað borð til bóta, þá væri rjett að fylgja henni fram til fulls.

Við höfum fyrir okkur dæmin, þar

sem sýslunefndirnar eru. Í þær er kosinn sinn maðurinn úr hverjum hrepp, af því talið er víst, að hver þekki bezt til í sinni sveit. Sýslunefndirnar, þær eru nú ekki annað en þing sýslnanna innan vissra takmarka, og ef það er nauðsynlegt, að á þeim þingum sitji kunnugir menn sem víðast að úr sýslunni, þá er það ekki síður nauðsynlegt, að á alþingi sitji menn sem víðast að af landinu. Það hefur verið bent á það, að þingmálafundir hafi verið þessari kjördæmaskiptingu mótfallnir, og það er meðfram þess vegna, að mjer finnst óþarfi að lögleiða hana nú. Það má ávallt síðar, ef það sjest við nákvæmari athugun, að stefnan sje holl. Og jeg held, að það sje mjög varhugavert, að lofa mönnum ekki að átta sig fyllilega á þeirri stefnu, sem hjer um ræðir, og það því fremur, þar sem það hefur komið í ljós, að jafnvel mestu skýrleiksmenn hjer á þinginu segjast ekki vera búnir að átta sig fyllilega á frv. enn þá.

Allt þetta og margt fleira gjörir það að verkum, að jeg get ekki að svo stöddu greitt atkv. með frv. þessu.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg ímynda mjer, að það þýði ekki mikið að vera að lengja umræðurnar, hjer mun hver sitja við sinn keip, eins og optast gengur. Jeg vildi að eins gjöra stutta aths. við ræðu hæstv. ráðherra. Hann vildi gjöra gaman að því, sem jeg sagði um það, að þjóðin ætti að vera sjálfráð, jafnvel þótt hún vildi eitthvað það, sem henni væri skaðlegt. Þetta stend jeg við. Jeg talaði aðeins um almenn mál, en fór ekki út í boðorðin eins og flestir munu skilja. Jeg álít, að hún hafi leyfi til þess að koma vilja sínum fram, t. d. í kosningum. Hún hefur leyfi til þess að kjósa ónýta menn á þing, og þola vonda eða ónýta stjórn. Jeg er ekki endilega að meina þetta til stjórnarinnar, sem nú er hjer, og hún hefur líka leyfi til þess, að steypa góðri stjórn, leyfi til þess, svo að jeg brúki sömu líkingu og hv. ráðherra — það var hann, sem hleypti þeim asna inn í herbúðirnar — leyfi til þess, segi jeg, að búa til hengingarról á ráðherrann.

Hæstv. ráðherra sneri þessu upp í gaman, og er það ekki að lasta. Hann sagði, að enginn hefði leyfi til að hengja sig, og að hann mundi skera mig niður, ef hann sæi mig hanga. Jeg er honum sjerlega þakklátur fyrir það. Og skal jeg aptur á móti fullvissa hann um, að allir Íslendingar mundu fljótir að skera niður hinn góða og elskulega *mann* Hannes Hafstein, ef hann sæist hanga. Hitt er aptur undir hælinn lagt, hvort öll þjóðin mundi eins fljót til að skera niður *ráðherrann* Hannes Hafstein. Jeg vona, að þetta nægi nú, að því er gamanyrðin um hengingarnar snertir, og að hæstv. ráðherra sannfærist um það, að það er þjóðin, sem á að ráða sjer sjálf í öllum málum.

Að svo mæltu skal jeg hætta, og er það nú undir áliti hv. deildar komið, hvort þetta verður líksöngurinn yfir frv. eða ekki.

Ráðherrann: Vegna fjarveru upp í Ed. hef jeg ekki heyrt vel allt, sem sagt hefur verið, en einu hjó jeg eptir, og það var það, að sterk mótspyrna ætti að vera á móti slíkum lögum annarsstaðar í menntalöndum heimsins. Þetta er ekki rjett; það er einmitt sterk hreyfing í þessa átt víða erlendis og sumsstaðar, þar sem þess konar lög hafa enn eigi verið samþ., kemur það af sjerstökum ástæðum. Svo er t. d. í Danmörk; þar mundi margur vilja koma á hlutfallskosningu við ríkisdagskosningar, ef ekki hagaði svo til, að kosningarrjetturinn til landsþingsins er að hálfu bundinn við all-

hátt skattgjald, svo að ef hinir hærri gjaldendur ættu, auk þeirra miklu áhrifa, sem þeir hafa á skipan landsþingsins, einnig að hafa hlutfallsleg áhrif á þjóðþingiskosningarnar eptir hlutfallskosningaraðferð, þá fengju þeir enn meiri »pólitísk« áhrif gagnvart hinum almennu kjósendum, en þeir hafa nú, tiltölulega of mikil áhrif. En undir eins og breytt verður kosningarskilyrðunum til landsþingsins og kosningarrjetturinn gjörður almennur, þá má ganga að því vísu, að þess verði ekki langt að bíða, að lögleidd verði hlutfallskosning, því að flestum mun koma saman um það þar, eins og annarsstaðar, að það er bezta og rjettlátasta aðferðin.

Hjer á landi er engin slík ástæða fyrir hendi gegn hlutfallskosningunum. Við höfum allir jafnan kosningarrjett, en enga »privilegeraða« kjósendur, sem sjeu til fyrirstöðu. Þess vegna geta hlutfallskosningar orðið innleiddar hjer nú þegar, og jeg er viss um, að þær verða það innan skamms, hvernig sem fer á þessu þingi. Bezt væri, að næstu kosningar færu fram samkvæmt þeim.

Háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) var eitthvað að tala um hengingaról, sem »þjóðin« ætti rjett á að snúa að hálsi mjer, og mjer heyrðist hann hafa góð orð um að hann mundi vilja skera mig niður, ef jeg væri ekki ráðherra. En það skal hann ekki halda, að þetta frv. verði nokkurn tíma að »pólitískri« hengingaról fyrir stjórnina. Þvert á móti; þetta frv. mun verða talið stjórninni til gildis, þegar farið verður að meta gjörðir hennar. Með þessu er jeg ekki að hrósa sjálfum mjer, því að þótt stjórnin hefði ekki orðið til þess að halda fram hlutfallskosningu til alþ., þá er jeg öldungis viss um það, að einhverjir aðrir af hv. þm., ef til vill jafnvel úr mótflokki stjórnarinnar, hefði gjört það. Jeg er viss um, að þetta hefði hlotið að koma fram, af því að það liggur í loptinu allsstaðar, þar sem »pólitískar« jafnrjettiskröfur eru að ryðja sjer til rúms í heiminum, og það byggist á rjettlæti og sanngirni við alla, eins þá sem fámennari eru og minni máttar.

Jeg vona því, að hv. 2. þm. Árn., sem annars hefur augun opin fyrir því, sem fagurt er og gott, snúist sem fyrst á þetta mál og vilji ekki stuðla að því til lengdar að láta gamla sleifaralagið haldast.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg kann ekki við, að þetta mál fari svo út úr deildinni, að jeg láti ekki í ljósi álit mitt á því, vegna þess að það verður að teljast svo þýðingarmikið og varðandi almenning svo miklu, að hann eigi heimting á, að sjá ekki einungis atkv. fulltrúa sinna í því, heldur einnig skoðun þeirra á einstökum atriðum þess.

Jeg skal geta þess strax, að jeg mun ekki greiða atkv. með neinni af þeim breyt.till., er fram eru komnar, nema breyt.till. 2. þm. Eyf. (St. St.) á þgskj. 471, því að mjer finnst sanngjarnt, að Svarfaðardalur fylgi Eyjafirði. Aptur á móti er jeg mótfallinn breyt.till. háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), ekki af því, að jeg telji það órjett eða ósamkvæmt staðháttum, að Vestur-Skaptafellssýsla fylgi öll 2. kjördæmi, heldur sakir galla á breyt.till. sjálfri. Má vera, að háttv. flutningsm. hafi ekki athugað hann, og því vil jeg leyfa mjer, að benda honum á hann. Hann hlýtur að hafa gleymt að lagfæra þingmannatöluna um leið og hann gjörði till., þannig að 7 eða að minnsta kosti 6 kæmu í staðinn fyrir 5, því að ef till. næði fram að ganga eins og hún er,

þá mundu þessi hjeruð hafa 1 þgm. færra en þau hafa nú. Og það væri ekki sanngjarnt; því það er áreiðanlegt, að eptir kjósendafjölda á Árnessýsla rjett til 3 þm., og Rangárvallasýsla til 2, og þá væri ekki ósanngjarnt, að Vestmanneyjasýsla og öll Vestur-Skaptafellssýsla ætti tilkall til 1—2 þm., þannig, að 2. kjördæmi hefði alls 7 þm., eða að minnsta kosti 6. En ef breyt.till. nær fram að ganga, verða að eins 5 þm. í þessu 2. kjördæmi.

Um hina viðtæku breyt.till. háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) á þskj. 449 ætla jeg ekki að tala. Jeg er á móti kjördæmaskiptingu stjórnarfrumv. og þá eigi síður á móti þessari till., því að eptir henni álít jeg, að Reykjavík fái eindregin yfirráð yfir 5—6 sýslum, og er það miklu verra en þó hún bæri eina sýslu ofurliða, eins og verða mundi eptir stjórnarfrumv.

Jeg held það sje engum vafa bundið, að þótt kjördæmin sjeu ekki stærri, en ætlazt er til í stjórnarfrumv., þá mundu bændur eiga erfitt með, að koma fulltrúum úr sínum flokki inn á þingið. Ummæli hæstv. ráðh. um það atriði, voru alls eigi á rökum byggð. Það geta verið nýtir menn úr bændastjett, er hafa eins og nú er háttað eindregið fylgi í 6—7 hreppum í sinni eigin sýslu. En ef þeir eiga að sækja kjörfylgi í stærri kjördæmi, er hætt við, að hver sýslan haldi fram sínum bónda. Það hefur löngum reynzt nógu erfitt, að koma á samtökum í einni sýslu, og hvað mundi þá reynast, ef um fleiri sýslur væri að ræða. Það er alllíklegt, eins og hæstv. ráðh. komst að orði, að »gasprarar« og blaðamenn, og þess háttar fólk, sem víða eru kunnir, þótt misjafnlega sje sumir hverjir, mundu verða tiltölulega betur settir en aðrir, svo að frá því sjónarmiði ættu blaðamenn ekki að vera á móti frumv. En það stoðar ekki, að hver og einn líti á það, hvað bezt er fyrir hann persónulega, heldur ber að líta eingöngu á hitt, hvað almenningi er fyrir beztu. Og það er mín skoðun, að bændur eigi að hafa sem flesta fulltrúa á þingi. Nú eru eptir hinum nýju gildandi kosningarlögum líkur til, að þeirra fulltrúum fjölgi nokkuð. Áður stóðu aptur á móti heldri mennirnir, svo sem sýslumenn og aðrir valdsmenn, bezt að vígi, meðan eigi voru lögleiddar leynilegar kosningar. Það var hrein og bein undantekning, ef bóndi komst á þing, því að almenningi var vorkunn, þótt hann heyktist á því, að greiða atkv. gegn sýslumanni sínum upp í opið geðið á honum. Þau fáu dæmi þess, að sýslubúar risu á móti kosningu sýslumannsins og felldu hann, eins og t. d. átti sjer stað í Rangárvallasýslu, eru svo virðingarverð, að þeirra ber að minnast með lofi. Fleiri núgildandi kosningarlög, er innleiða leynilegar kosningar, hafa ekki getað sýnt sig enn, svo að teljandi sje. En það er enginn efi á því, að ef haldið væri áfram að kjósa eptir þeim, mundi bændum fjölga, en embættismönnum fækka á þingi.

Ennfremur mundu þingmannaefni, eptir þessu frumv., eiga erfitt með að afla sjer nægra kunnugleika. Það er ómögulegt fyrir allflesta frambjóðendur, að ferðast fram og aptur um svo stór kjördæmi, og eiga tal við bændur. Þingmálafundir mundu falla niður. Raunar hefur stundum verið lítið gjört úr áliti og vilja almennings, er fram hefur komið á þingmálafundum; en stundum hefur líka verið mikið úr því gjört, allt eptir því hvað bezt hefur komið að notum málstað manna í það og það skiptið. Jeg fyrir mitt leyti tel það illa farið, ef þingmála-

fundir fjellu niður, og álít, að mikið tillit megi taka til þeirra skoðana, er þar koma fram. Hæstv. ráðherra gjörði reyndar lítið úr undirtektum þingmálafunda, og kvað þær fara mest eptir því, hvernig málin væru reifð. Og sjerstaklega gjörði hann lítið úr vilja þeirra um þetta mál. Jeg skal fúslega játa, að almenningur geti ekki gjört sjer fulla grein fyrir einstökum atriðum í kosningaraðferðinni. Því að hún er töluvert vandasöm. En það er ekki hún, sem sjerstaklega hefur mætt andmælum. Nei, það er annað, sem kjósendur strax sjá í; það er aðalstefna frumv., að því leyti sem það slengir mörgum hjeruðum saman í eitt kjördæmi. Hjer er verið að breyta margra alda hjeraðaskiptingu, rótgrónu fyrirkomulagi. Þessi hjeruð, sýslurnar, hafa um langan aldur verið eins og ríki út af fyrir sig, með sjerstakri stjórn og sjerstöku fyrirkomulagi. Þetta halda menn fast við, eins og vonlegt er. En nú segir stjórnin: »Þennan múr er rjett að rífa niður«. En jeg segi: »Svo er rjett að rífa niður garða granna á milli að með beggja leyfi sje«. Að gjöra það að hlutaðeigendum nauðugum, miðar ekki til að efla samúð og samtök milli sýslufjelaganna, heldur þvert á móti. Úr því mundi verða sama togstreitan, og ekki minni, eins og nú er milli einstakra hreppa í hverri sýslu. Hvert sýslufjelagið mundi halda sínu fram, en rífa hitt niður og fella frambjóðendur þess. Svona mundi nú samkomulagið verða, ef þetta yrði gjört að lögum að þjóðinni nauðugri.

Jeg verð að skoða þetta sem nokkurs konar valdboð, sem þröngva á að þjóðinni. Almenningur fær ekki skilið, að þessi lög sjeu svo bráðnauðsynleg, að eigi megi skjóta þeim á frest.

Það er enginn efi á því, að fyrsta kastið verða hin mestu vandræði og rekstur út úr kosningunum. Til dæmis vil jeg taka, þó lítið sje, þegar kjósandinn fær lista með mörgum nöfnum, og á svo að raða þeim eptir því, sem hann vill kjósa. Jeg býst helzt við, að margur mundi sleppa alveg að raða nöfnunum, og þá gilti stafrófsröð, eða einhver tilviljunarröð af handahófi, og atkvæði fjellu þó alls ekki eptir sönnu kjörfylgi. Og fari kjósandinn að raða, er mjög hætt við, að hann sjái sig um hönd á eptir og vildi hafa raðað öðru vísi. Það þarf töluverða umhugsun, að ákveða, hver á að vera fyrstur, og hvernig röðin á að vera. Þegar svo kjósandinn sjer, að hann hefur kosið vitlaust, þá fer hann að breyta og krota ofan í. Á þennan hátt má búast við, að kjörseðlar verði ógildir hrönnum saman.

Enn er eitt. Þessi fjölmennu kjördæmi fá yfirtök yfir hin fámennari og þar sem sjávar- og sveitabændur eru í sambandi um kosningar, þá ræður sjávarlýðurinn lögum og lofum. Sveitirnar hafa ekkert bolmagn þar í móti. Jeg sje ekki, að núgildandi kosningarlög hafi svo stórkostlega galla eins og margir halda fram. Það hefur verið tekið fram, að stundum geti minni hluti ráðið kosningunum. Það er rjett, ef meiri hlutinn getur ekki haldið saman, og þá er það honum mátulegt og samtakaleysi hans að kenna. Þá er eigi alvara í þeim hluta, að hafa sitt mál fram.

Hæstv. ráðherra hefur sagt, að ef bíða ætti eptir vilja þjóðarinnar, þá kæmust þessi lög aldrei á. Þetta er undarleg skoðun. Alþýða hjer á landi er svo skýr og hefur vit fullkomlega á borð við alþýðu í öðrum löndum, og fái hún tíma til, að hugsa málið,

verður hún því fylgjandi, ef henni þykir það gott. Það er athugavert, þegar um stór-breytingar er að ræða, að fara móti vilja almennings, en þessi vilji kemur ljósast fram á þingmálafundum. Jeg vil spyrja hæstv. ráðherra, hvaða mál, sem merk megi heita, og ekki hafa beinlínis verið fjárhagsmál, hafi verið knúð fram móti vilja þjóðarinnar síðan 1874. Jeg veit ekki til, að þess sje nokkurt dæmi.

Jeg get vel skilið, að ráðherra fylgir þessu fast fram, hann er kappsmaður í þessu sem öðru. En í þessu tilfelli álít jeg ekki rjett, að knýja málið fram með kappi. Jeg viðurkenni, að frv. hefur margar góðar hliðar, og það getur verið gott á sínum tíma. En sem stendur á hvorki stjórn nje þing að smella þessum stórvægilegu breytingum á þjóðina gegn eindregnum mótmælum hennar.

Það getur verið, að þjóðin söðli um eða breyti skoðun sinni á þessu máli, ef t. d. sú reynsla verður á núgildandi kosningarlögum, að þau sjeu óhagkvæm og óheppileg. Næstu kosningar geta því einmitt orðið til, að flýta fyrir þessu máli. Nýju kosningarlögin eru svo lítt reynd enn, að ekki verður neitt um það sagt, hvernig þau reynast í framkvæmdinni, og er þá rjettast að bíða átekta og fara ekki að kollvarpa þeim að óreyndu, enda er þessu máli ekki svo háttað, að það þoli ekki bið. Er því sjálfsagt, að láta það hvíla sig til næsta þings, og þá getur stjórnin tekið það upp aptur, enda getur vel verið, að þá blási byrlegar en nú, og fylgi þjóðarinnar við það aukist til þess tíma.

Jeg mun því óhikað greiða atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá um, að fresta málinu, en verði hún felld, þá mun jeg greiða atkvæði gegn frumv. í þetta sinn.

Jeg ætla að láta þetta nægja að sinni, en jeg mun taka aptur til máls og fara nákvæmar út í málið, ef að umræðurnar gefa ástæðu til þess.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Hæstv. ráðh. tók nokkuð óstinnt upp þau orð mín, að það væri handahófsskipting á kjördæmunum í stjórnarfrv. Hafi hann skilið það svo, að jeg áliti, að kastað hefði verið til þess höndunum, þá hefur hæstv. ráðh. ekki skilið mig rjett. Jeg veit, að mikil vinna hefur verið í það lögð. Það sem jeg meinti var það, að öll áherzla hefði verið lögð á, að fá sem jafnasta kjósendatölu í kjördæmunum, eins og hún er í augnablikinu eptir gildandi lögum, en hins ekki verið gætt, sem þó er allt eins mikilsvert, að taka til greina hina gömlu sögulegu hjeraðsskiptingu. Í því efni er mín breyt.till. til bóta.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) lagði fyrir mig þá spurningu, hvort mjer væri þetta kappsmál. Það er svo sem það er virt, en mjer er það ekki kapplaust. Jeg hef frá því fyrsta elskað þessa stefnu, og deilt töluvert við kjósendur mína um þetta mál, og þeir hallast að því, að breytingin yrði sett í samband við afnám hinna konungkjörnu þingmanna. Því er mjer sjerstaklega annt um, að fá þá lögun á frumv., að allir sjái, að það er ekki nema til bráðabirgða, er bíður umskipunar við afnám konungkjörinna þingmanna. Og fái jeg í áheyrn deildarinnar yfirlýsing hæstv. ráðh. um, að hann álíti og óski, að sá tími sje nærri, er hinir konungkjörnu þingmenn detta úr sögunni, þá gæti jeg eptir þá yfirlýsing gefið frv. atkv. mitt, þótt jeg þykist vita, að till. mín verði felld.

Þegar háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) talaði, þá datt mjer ýmislegt í hug til athuganar í gamni og alvöru, en háttv. þm. var svo brátt til málsins í annað

sinn, að hann er nú dauður, og sleppi jeg því þá rjett öllu. Hann sagði, að bændur mundu fækka á þingi. Jeg fæ nú ekki sjeð, að frumv. gjöri neina breyting í því efni. Ef 2—300 bændur í Árnessýslu vilja einhvern góðan innanhjeraðsbónda og halda saman um hann, þá fá þeir hann, eptir þessu frv. engu síður en eptir gildandi lögum. En þegar háttv. 2. þm. Árnesinga (Ó. Ó.) var að tala um, að við embættismennirnir værum að eyða bændum af þingi, en komast sjálfir að, þá getum við nú ekki tekið hart á því, þar sem við 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) höfum báðir, hvor um sig, steypt bónda.

Af agnúunum er það sjerstaklega einn, sem jeg hef hugsað mikið um, og það er, að tiltölulega munu fleiri kjósa í kaupstað, en í sveit, með kjósendafjölguninni, og jeg hef spurt sjálfan mig: Verður þetta ekki til að raska hlutfalli milli sveitar og sjáfar á komandi þingum? Þetta er alvarlegt íhugunarefni. Jeg hugga mig við það, að það geta orðið aðrar breytingar, sem vega þetta upp, t. d. að allur vinnuhjúa lýðurinn í sveitinni fái kosningarrjett. Það jafnaði mikið upp. Jeg veit og það, að fjöldi manna er hjer í Reykjavík, sem hafa meiri samhug með sveitamálum en sjávar, og svo hygg jeg vera í fleiri kaupstöðum. Rosknir menn, sem einhverra orsaka vegna hverfa til kaupstaðanna, eru þó áfram í sveitalífinu með hálfan hugann. Ekki vildi jeg í einu nje neinu beita atkvæði mínu til þess að hnekkja áhrifum sveitalífsins. Í sveitinni er kjarni þjóðarinnar, og frá sveitunum er komin og kemur stöðugt bezta vörn þjóðernis og tungu.

Ef jeg gæti fengið yfirlýsing frá hæstv. ráðh. um forlög hinna konungkjörnu þingm., og hún gengi í þá átt, að hlutfallskosningarlögin flýti fyrir niðurlögum þeirra, þá get jeg greitt atkv. með frumv. En jeg verð ekki með rökstuddri dagskrá. Það eru vafningar; þá get jeg eins greitt atkvæði á móti frumv.

Ráðherrann: Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) setti frumv. í samband við afnám hinna konungkjörnu þingmanna. Jeg skil ekki fullkomlega röksemdaleiðslu hans, og er það sjálfsagt mjer að kenna. En jeg sje ekki, hvernig þetta verður fremur bráðabirgðafyrirkomulag, þótt afnám konungkjörinna þingmanna stæði fyrir dyrum. Mjer finnst það atriði gjöra hvorki til nje frá, hvað þetta frumv. snertir.

Háttv. þm. beindi fyrirspurn til mín um það, hvernig jeg liti á það atriði, afnám hinna konungkjörnu þingmanna. Jeg álít ekki að svo komnu máli tíma til að segja af eða á um það efni. En svo mikið get jeg sagt, að einmitt hlutfallskosningar, ef þær væru rjett notaðar, ættu að geta gjört mögulegt, að fá sæmilega skipaða Efri deild, sem gæti myndað gætnari hluta þingsins og fullnægt því, sem skipun hinna konungkjörnu þingmanna nú á að tryggja.

Ef það yrði ofan á, að sleppa konungkjörnum þingmönnum, þá mundi jeg fyrir mitt leyti telja það heppilegast fyrirkomulag, að Efri deild öll væri kosin í einu lagi með hlutfallskosningu um allt landið sem eitt kjördæmi, en jafnframt væru aðrar kröfur gjörðar til kjörgengis og kosningarrjettar, þó ekki á þann hátt, að miðað væri við ákveðið skattgjald eða eign, heldur hærra aldurstakmark. Einmitt með hlutfallskosningum er hugsanlegt, að það gæti lánast, að fá í Efri deild sanna mynd af vilja reyndari og eldri manna í landinu. Aptur á móti finnst mjer ekki takandi í mál að sleppa þeim konungkjörnu upp á

þau skipti, að Efri deild verði skipuð alveg eptir geðþótta Neðri deildar. Þá væri betra og einlægara, að hafa að eins eina deild eða málsstofu. Slik tviskipting, eins og farið er fram á í frumv. því, sem liggur hjer fyrir deildinni í sumar, gefur enga tryggingu fyrir meiri festu nje forsjá, heldur en í Neðri deild, og er ekki nema tiverknaðarkák til málamynda.

Jeg vona, að þetta svar fullnægi háttv. þm. Borgf. (Þ. B.). Jeg get að svo stöddu ekki sagt annað en þetta: að svo framarlega, sem á að afnema konungkjörnu þingmennina og skipa Efri deid öðru visi en nú er, vona jeg að það verði mögulegt, að finna eitthvert fullnægjandi fyrirkomulag, og jeg álít, að hlutfallskosningarnar sjeu einmitt nauðsynlegur forskóli þess. Jeg treysti því, að háttv. þm. Borgf., vegna þess sambands, sem hann setti á milli þessa kosningarlagafrumv. og afnáms konungkjörinna þingmanna, út frá þessu sjónarmiði greiði atkvæði með frumv., eins og mjer reyndar skildist á honum að hann mundi gjöra. Hann sagði, að þetta væri gott mál og sjer hjartfólgið, og jeg veit, að þessi háttv. þm. ann svo mjög öllu því, sem honum finnst gott eg satt, að hann metur það meira en allt annað og fylgir því fram eptir megni.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg þarf ekki að tala frekar til stuðnings brtill. minni, þar sem hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að hann sæi ekkert á móti því, að hún yrði samþ., og háttv. framsm. minni hlutans hefur mælt með henni.

Háttv. 2. þm. Árn. var að tala um, að brtill. mín væri ekki á rökum byggð, og greinargjörð mín engu betri. Það er auðvitað rjett, að 2. kjördæmið ætti að hafa einum þm. fleira, en ástæðan fyrir því, að jeg ekki tók það með í breyt.till., var sú, að þá hefði orðið að taka þennan þm. frá 2. kjördæmi, og það hefði líklega mælzt illa fyrir, og tæplega orðið samþ. Enda er gjört ráð fyrir, að þessi skipting, sem hjer er farið fram á, taki bráðlega breytingum, og þá mætti laga þetta ásamt fleiru ef með þyrfti.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg er undir öllum kringumstæðum á móti rökstuddri dagskrá, því jeg er þeirrar skoðunar, að þetta frumv. sje til bóta. Og svo framarlega sem þessi galli verður lagfærður, sem brtill. mín miðar að, þá greiði jeg atkv. með frumv.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg gæti verið stuttorður, ef jeg að eins minntist á brtill. mína á þskj. 482, sem er gjörð við brtill. háttv. þm. Borgf. á þskj. 449, og miðar til að ráða bót á því misrjetti, sem hann stofnar til á milli einstakra kjördæma. Eptir hans till. fengi Suðurland of fáa, en Austurland of marga alþm. Eptir síðustu manntalsskýrslum yrðu hlutföllin þau, að Suðurland ætti að fá $12^1/_2$ þm., ef miðað væri við kjósenda fjölda, en ca. $13^1/_4$ ef miðað er við mannfjölda, þar sem Austurland ætti ekki að fá fleiri en 4.7, ef miðað er við kjósendatölu, en 5.7, ef miðað er við fólksfjölda. Mín brtill. fer fram á, að taka einn þm. af Austuramtinu og bæta honum við Suðuramtið. Jeg gæti fellt mig dálítið betur við brtill. hv. þm. Borgf., ef mín brtill. yrði samþ., og þó lízt mjer ekki á hana, og því síður á það, hvernig hann talaði fyrir henni.

Með rökstuddri dagskrá get jeg ekki greitt atkv.; það er engin vissa fyrir því, að málið skýrist til muna, þó það verði látið bíða næsta þings.

Mjer þætti sök sjer, að taka málið út af dagskrá í þetta sinn. Það liggur ekki ljóst fyrir öllum enn þá, þó það hafi verið lengi á döfinni hjer á þingi. Það hefur sínar fögru hliðar, og jeg gæti hugsað, að einmitt sú fallega hugsun, sem felst í frumv., ráði ef til vill atkv. sumra. En það eru líka agnúar á frumv.

Stjórnin hefur breytt frumv. frá 1905 aðallega í tveim atriðum; í fyrsta lagi eiga þingmannaefnin sjálf nú að búa framboðslistana til, og í öðru lagi geta kjósendur nú sett nöfnin á framboðslistunum í þá röð, sem þeir sjálfir vilja. En kjósendur verða að geta náð hver til annars, ef nokkurt vit á að verða í kosningunni; það dugir ekki að þeir fari sinn í hverja áttina, en þess stærra sem kjördæmið er, þess meiri erfiðleikar verða á því, að þeir geti talað sig saman. Kjósendur geta flutt nöfn frambjóðenda til á listanum, en það er ekki nóg, ef þeir engan vilja hafa, sem á listanum stendur. Ef vel ætti að vera, ættu þeir að geta bætt nöfnum inn á listann, eins og þeim er ætlað að mega stryka nöfn út af listanum. Hjer við bætist, að lögmálið um hreina listakosningu er brotið, þar sem telja á saman atkv., sem sami frambjóðandi fær á mörgum listum.

Eitt er það enn, sem gjörir frumv. athugavert, sem sje það, að nú á að fjölga með lögum tölu kjósenda í landinu að miklum mun, og má því líkja þessu fyrirkomulagi við vjel, sem er óreynd og óreyndir menn eiga að þjóna. Og þegar á það er litið, að fyrir þingið 1909 verður líklega lagt mál, sem er mikilsverðara en nokkurt annað mál, sem nokkru sinni hefur verið til meðferðar á þingi, þá finnst mjer það geta verið vafasamt, hvort rjett sje að setja svo mikið mál í óreynda vjel, sem óreyndir menn eiga að stjórna.

Einnig má líta á það, að eptir því sem kjördæmin stækka, eptir því verður það erfiðara og kostnaðarsamara fyrir þingmannaefnin að kynnast kjósendum sínum. Því mundu fylgja ferðalög, sem opt gætu orðið svo dýr að það drægi úr mönnum að bjóða sig fram.

Líklega hefur það verið tilgangur stjórnarinnar, að reyna að útiloka hreppa»pólitíkina«. En jeg efast um, að það sje yfir höfuð að tala mögulegt, því hreppa»pólitíkin« stafar líklega ekki síður af því, hvaðan þingmannaefnin eru, en af því, hvar þeir eru kosnir, enda lægi beinast við eptir hugsun stjórnarinnar, að gjöra eitt kjördæmi úr öllu landinu.

Það hafa verið talin helztu vandkvæði á einmenningskjördæmunum, að með því móti væri hreppa»pólitíkinni« sjerstaklega hampað, en eins og jeg hef bent á, er nokkuð efasamt, að fyrirkomulag stjórnarfrv. bæti úr því.

Þá hefur það verið fundið að einmenningskjördæmaskipaninni, að hin ýmsu kjördæmi landsins væru misjafnlega »representeruð« á þingi í samanburði við kjósendatölu og mannfjölda; en úr þeim agnúa mætti væntanlega bæta með nýrri kjördæmaskipan, en út í þá sálma hefur stjórnin ekki farið, enda þó að bæði þing og hjeraðsstjórnir hafi bent til þess.

Þrátt fyrir það, þó jeg nú fremur hafi rakið ókosti frv. en kosti, þá er jeg þó alráðinn í því bæði að vera á móti rökstuddri dagskrá og greiða atkv. gegn till. hv. þm. Borgf. (Þ. B.). Jeg mundi óhikað styðja að því, að frv. kæmist til Ed., vegna þess hvað hugsunin í því er falleg, ef jeg hefði ekki

grun um, að deildin hefði þegar tekið sig saman um að ráða málinu til lykta nú, því að bæði skýrist málið við það, að fleiri augu líta á það, og svo eiga kostirnir og agnúarnir á frv. það skilið, að þeir sjeu metnir af þinginu í heild sinni, og það því fremur, sem frv. komst ekki til Ed. á síðasta þingi.

Mjer kom dálitið undarlega fyrir, að hv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) var að snupra sýslumenn og hrósa Rangæingum fyrir það eitt, að hafa einu sinni fellt sýslumann frá þingmennsku. Honum finnst, að við sýslumennirnir sjeum ekki heppilegir á þingi, og það má vel vera, að við sjeum ekki jafnsnjallir ritstjórunum; en benda vil jeg hinum hv. þm. á það, að sumir sýslumenn, sem á þingi hafa setið, hafa þó notið þess sóma, að þykja skipgengir í augum þm., t. d. Benedikt Sveinsson. Annars er það ekki rjett, að vera að ala upp þann hugsunarhátt, sem þegar er til hjá sumum mönnum, að líta á stjettina en ekki manninn.

Jeg gjöri ekki mikið úr þeirri ástæðu fyrir einmenningskjördæmunum, að sú skipting sje margra alda gömul. Og líku máli er að gegna um kjördæmaskiptingu eptir ömtum eða landsfjórðungum, einkum nú er hið eina band, sem áður batt fjórðungana saman, amtsráðin, er að slitna.

Ráðherrann: Jeg hef aldrei búizt við því, að þetta frv. yrði álitið alfullkomið; það eru að sjálfsögðu angúar á því að einhverju leyti. En þeir agnúar, sem hv. þm. Snæf. (L. B.) nefndi, t. d., að landið væri ekki allt gjört að einu kjördæmi, eru fullkunnugir. Jeg get vel viðurkennt, að það fyrirkomulag væri það hugsunarrjettasta, en það strandar á »praktiskum« erfiðleikum. Jeg sje ekki, að það fyrirkomulag sje framkvæmanlegt fyrst í stað, og þess vegna er nauðsynlegt, að skipta landinu í fleiri kjördæmi, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Að öðru leyti hef jeg ekki heyrt þessu frv. mikið fundið til foráttu. Það er auðvitað, að það þarf allsstaðar eitthvað fyrir að hafa, áður en kosning fer fram, hvernig sem kosningarmátinn og kjördæmaskiptingin er, en fyrirhöfnin verður ekki meiri með þessu fyrirkomulagi en öðrum. Þingmálafundi og annan undirbúning þarf auðvitað jafnt eptir og áður. Það er nóg fyrir hvern einstakan frambjóðanda, ef svo mikill fjöldi kjósenda styður kosningu hans, að sú tala samsvari tiltölulegum hluta móts við tölu kjósenda og þingmannaefna í því kjördæmi. Jeg skil naumast, að þeir yrðu *neyddir* til þess, að gjöra sjer langar ferðir til þess að kunngjöra skoðanir sínar, því mjer finnst óliklegt, að aðrir bjóði sig fram, en þeir, sem geta búizt við, að þeir sjeu þekktir í einhverju hjeraði kjördæmisins að minnsta kosti.

Hv. þm. Snæf. sagði, að þessu fyrirkomulagi mætti líkja við óreyndar vjelar, sem stjórnað væri af óreyndum mönnum; jeg ímynda mjer, að þessir óreyndu menn mundu ekki reynast betur, þó þeir ættu að kjósa eptir núgildandi, gölluðum kosningalögum, því ef hætta stafar af því, að menn kjósi viðvaningslega, þá ætti sú hætta að minnka, ef þeim væri fengið í hendur gott verkfæri í stað lakara.

Sami hv. þm. fann að því, að þetta væri eigi fullkomin listakosning, en þar til er því að svara, að þess er hvergi getið í frv., að það eigi að vera fullkomin listakosning, heldur að það eigi að vera fullkomin hlutfallskosning, þar sem gengið er út frá listakosningu í aðalefninu. Það er þess vegna ekkert »principbrot« í því, og það getur því ekki kallast agnúi.

Hv. þm. Snæf. tók ekki fram, að

fleiri agnúar væru á frv. og jeg skil þess vegna ekki í því að hann þurfi að hafa samvizkubit af því, þó hann styðji að því, að frv. komist til Ed. Sú deild fer svo með frv. eins og henni þykir það eiga skilið.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Hæstv. ráðh. sagði, að þeir menn, er kjörfylgi hefðu í einstökum hjeruðum hinna nýstofnuðu kjördæma, gætu búizt við, að halda því við næstu kosningar. Þetta er að eins að nokkru leyti rjett. Við skulum taka t. d. kjördæmi með 1,500 kjósendum samtals, er á að hafa 5 þm. Þar þarf að vísu ekki nema 300 atkv. til að komast að. En þar sem nú einhver einstök sýsla ekki er svo margmenn, að hún hafi 300 kjósendur, eða þm. hefur ekki fylgi svo margra kjósenda í sýslu sinni, þá getur hann ekki búizt við, að verða kosinn. Með öðrum orðum, að eins sá á vist, að komast á þing, er hefur almennt fylgi í svo fjölmennri sýslu, að kjósendafjöldi hans nemi meiru, en meðaltölu miðað við tölu kjósenda og þingmannaefna í hinu nýja kjördæmi. Þeim má standa á sama um breytinguna, en hinum ekki: *(Þórhallur Bjarnarson:* Þennan útreikning er ekkert að marka!). Jeg skal gjarnan gjöra dæmið nákvæmara, ef hinn háttv. þm. óskar þess. Jeg set svo, að eitt kjördæmi hafi 1,500 kjósendur, og í því sjeu 5 sýslur. Ein sýslan hefur 500 kjósendur, og af þeim skipa sjer 400 utan um einn þm. Hann er vís. Hinar 4 hafa samtals 1,000 kjósendur, ein 300. Fylgi þeir allir sama frambjóðanda, er hann og vís. Tvær sýslur hafa 250 kjósendur hvor, og hin 200. Þó að kjósendur í hverri þessara 3 sýslna um sig fylgdu einum og sama frambjóðanda, gætu þeir ekki komið honum að af eiginn rammleik. Skilur háttv. þm. þetta?

En auðvitað á það ekki að ráða atkv. manna í þessu máli, hvort þeir eru persónulega vissir eða ekki. Það játa jeg.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta nýja fyrirkomulag væri gott. Um það eru deildar meiningar. Jeg hef aldrei kallað það illt. En þar fyrir á hann eptir að sanna, að það sje gott. Það er einmitt það, sem á vantar. Og það veitir honum vafalaust erfitt. Að minnsta kosti gafst það ekki vel á Finnlandi. En þrátt fyrir þetta get jeg greitt atkv. með frumv. til Ed., og það því fremur, sem jeg einmitt nú hefi heyrt það af vörum eins háttv. efrideildarmanns, að forlög þess sje ekki ráðin þar í deildinni. En skjóta vildi jeg því að hæstv. ráðh., hvort ekki væri rjett, að taka það út af dagskrá í dag.

Ráðherrann: Jeg vil ekki tefja tímann með því, að fara út í reikningsdæmi hins háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Það hefur enga þýðingu fyrir málið, hvort sæti núverandi þm. eru tryggð eða ekki. Enda voru útreikningar hans ekki rjettir. Það get jeg sýnt honum síðar. Nú er ekki tími til þess.

Hinu vil jeg leggja móti, að málið verði tekið út af dagskrá. Jeg álít ekkert unnið við það, svo mjög sem það hefur verið rætt.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá frá 2. þm. Árn. svo látandi.

»Með tilliti til þess, að frumv. til laga um breytingar á og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. oktbr. 1903, breytir gagngjört núverandi fyrirkomulagi við kosningar, en þjóðin á hinn bóginn hefur sýnt á síðustu þingmálafundum, að hún hefur ekki enn áttað sig á málinu, og væntanlegt afnám konungkjörinna þm. mundi innan skamms krefja nýrrar

breytingar á kjördæmaskipun landsins, þó frumv. yrði að lögum — og með trausti til þess, að stjórnin gjöri ráðstafanir til, að málið verði sem bezt kunnugt, og til umr. meðal þjóðarinnar til næsta þings — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

var felld með 13 atkv. gegn 12 að viðhöfðu nafnakalli.

Já sögðu:	*Nei sögðu:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Guðl. Guðmundss.,
Eggert Pálsson,	Guðm. Björnsson,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinss.,	Herm. Jónasson,
Jóhannes Ólafsson,	Jón Jónsson,
Magnús Andrjess.,	L. H. Bjarnason,
Ólafur Ólafsson,	Magn. Kristjánss.,
Ólafur Thorlacius,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
St. Stefánss., Eyf.	Tryggvi Gunnarss.,
St. Stefánss., Skagf.,	Þórh. Bjarnarson.

Jón Magnússon greiddi eigi atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Forseti leitaði samþykkis deildarinnar til, að breyt.till. á þgskj. 475 og 482 mættu koma til greina við atkv.-gr., og var það leyft í e. hlj.

Breyt.till. á þgskj. 482 við breyt.till. á þgskj. 449 felld með 13 atkv. gegn 6.

Brtill. á þgskj. 449 við 1. gr. frumv. felld með 18 atkv. gegn 1.

Brtill. á þgskj. 449 við 2. og 6. gr. þar með fallnar.

Brtill. á þgskj. 471 við 1. gr. samþ. með 13 atkv. gegn 2.

Brtill. á þgskj. 444 við 1. gr. felld með nafnakalli með 13 atkv. gegn 12.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Björnsson.,	Eggert Pálsson,
H. Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónsson,	Hermann Jónasson,
L. H. Bjarnason,	Jóhannes Ólafsson,
Magnús Andrjesson,	Ólafur Ólafsson,
Magn. Kristjánss.,	Ólafur Thorlacius,
Ólafur Briem,	Skúli Thóroddsen,
Pjetur Jónsson,	St. Stefánsson, Eyf.,
Tr. Gunnarsson,	St. Stefánsson, Skgf.
	Þórh. Bjarnarson.

Brtill. (475) samþ. án atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum fellt með nafnakalli með 14 atkv. gegn 11.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Björnsson,	Björn Bjarnarson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hermann Jónass.,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson,	Einar Þórðarson,
L. H. Bjarnason,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Kristjánss.,	Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Briem,	Magnús Andrjess.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Tr. Gunnarsson,	Ólafur Thorlacius,
Þórh. Bjarnarson.	Skúli Thoroddsen,
	St. Stefánsson, Eyf.,

Guðlaugur Guðmundsson og Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf. greiddu eigi atkv., og teljast með meiri hlutanum.

II. Almennur kosningarrjettur.

Á 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um almennan kosningarrjett til 1. umr.

Ráðherrann: Í stjórnarskipunarlögunum frá 3. oktbr. 1903, er það heimilað, að fella úr gildi með almennum

lögum aukaútsvarsgreiðslu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og þegar það er fellt burtu, þá er kosningarrjetturinn orðinn almennur í venjulegum skilningi þessa máls. Vitanlega er hann ekki almennur í raun og veru, meðan »betri hluti mannkynsins«, kvennfólkið, hefur hann ekki; en það er ekki til neins að fara út í þá sálma í almennum lögum, því að til þess þarf stjórnarskrárbreytingu.

Það virðist liggja í augum uppi, að með þessari takmörkun kosningarrjettar við 4 kr. útsvarsgreiðslu getur ekki fengizt nein trygging fyrir meiri þroska eða sjálfstæði kjósenda; það er óeðlilegur mælikvarði, og getur valdið miklum misrjetti. Útsvarið er lagt á menn eptir álitum og ágizkunum, og fer auk þess alls ekki eingöngu eptir efnahag, heldur einnig eptir þörfum sveitarfjelaganna. Maður, sem í einum hrepp ekki borgar 4 kr. útsvar, borgaði kannske miklu meira útsvar, ef hann væri búsettur í öðrum hreppi, þar sem meiri fátækrabyrði væri. Og þó menn vildu miða kosningarrjett manna við gjöld þeirra til almennra þarfa, yrði útsvarið samt skakkur mælikvarði, því mest af því, sem til almenningsþarfa er greitt, eru óbein gjöld, sem ómögulegt er að vita með vissu hvernig koma niður.

Jeg skal svo ekki segja meir um frumvarpið að þessu sinni, en jeg vona, að hin háttv. deild taki það til góðrar meðferðar.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og sömuleiðis til nefndarinnar í kosningarlagamálinu (næsta máli á undan).

Á 20. fundi Nd., fimmtudaginn 25. júlí, kom frumv. (A. 128) til 2. umr.

Framsögumaður Jón Magnússon, (þm. Vestm.): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur nefndin ekki getað orðið samferða í þessu máli; að vísu verður ekki annað sjeð af álitinu, en að minni hlutinn telji þá breytingu, sem í frumv. er fólgin, rjettmæta, en fari að eins ekki nógu langt.

Jeg skal ekki vera langorður. Hjer er að eins um það að ræða, hvort þessi breyting eigi að verða samferða stjórnarskrárbreytingu eða ekki, en þar sem nú flestir munu játa, að það sje að minnsta kosti allvafasamt, að stjórnarskrárbreyting nái fram að ganga á þessu þingi, þá virðist meiri hluta nefndarinnar rjett, að samþykkja nú þegar afnám skattgjaldsskilyrðisins, sem flestallir munu telja ósanngjarnt og lítt á rökum byggt. Auk þess mætti þetta frumv. vel ná fram að ganga nú, þó að stjórnarskrárbreyting yrði gjörð á þessu þingi.

Hirði jeg eigi að orðlengja um þetta atriði, og læt mjer nægja, að vísa til nefndarálitsins og athugasemdanna við frumv. sjálft.

Eggert Pálsson, (1. þm. Rangv.): Háttv. framsm. gat þess, eins og nefndarálitið ber með sjer, að nefndin hafi klofnað um þetta frumv. Hann gat þess og, sem er, að minni hluti nefndarinnar væri ekki andvígur stefnu frv. En það er annað, sem við finnum frv. til foráttu, það er, að það er með öllu óþarft. Það liggur nú beint í loptinu, að lögleiddur verði fullkomlega almennur kosningarrjettur, jafnt vinnumanna sem lausamanna og kvenna sem karla. Og þó að slíkur almennur kosningarrjettur kunni ekki að verða nú þegar lögleiddur, þá treystum við því, að þess verði ekki langt að bíða að svo verði. Á það er og að líta, að það mundu að eins verða örfáir menn, sem kosningarrjett öðluðust við það, að skilyrði þetta, sem hjer um ræðir, væri afnumið, því að þeir

lausamenn mundu víst vera fáir, sem gjalda ekki 4 króna útsvar. Jeg ímynda mjer einnig, að þeim, sem væri það áhugamál að ná kosningarrjetti, mundu hæglega geta fengið hreppsnefndir, hverjar sem væru, til að setja sjer 4 kr. útsvar; þær mundu vafalaust verða fúsar til þess. Auk þess hygg jeg, að þeir lausamenn, sem fullnægja ekki þessu skilyrði, muni helzt vera hringlanda-fólk, sem sífellt er á flugi frá einu landshorni til annars, svo að hreppsnefndum er ekki kunnugt um hagi þeirra eða ástæður, og þora því ekki að leggja á þá. En um slíka menn er og mjög óvíst, hvar þeir dvelja, þegar kosningar fara fram, og hæpið, að þeir eigi kosningarrjett á þeim stöðum, sem þeir eru þá staddir á. Þetta misrjetti, að veita lausamönnum þann rjett, sem góðum og gildum vinnumönnum er neitað um, á jeg mjög bágt með að fella mig við. Það er eins og þar með sje sú skoðun látin uppi, að lausamenn sjeu miklu þarfari og hollari mannfjelaginu en vinnumen. Og að einmitt löggjafarvaldið verði til þess, að láta þá skoðun uppi, og það á þessum tímum, verð jeg að telja mjög óheppilegt. Eins og jeg hef þegar tekið fram, treystum við því, að ekki verði þess langt að bíða, að fullkominn almennur kosningarrjettur komist á, svo að vinnufólki og kvennmönnum gefist jafnt sem öðrum kostur á að taka fullan þátt í öllum landsmálum, þar eð álíta má með fyllsta rjetti, að hæfilegleikinn til þess geti verið hjá þeim engu síður en öðrum. Og þess vegna álítum við, að lausamenn þeir, sem með frumv. þessu er verið að veita kosningar- og kjörgengisrjett, geti að skaðlausu beðið þess tíma.

Í 17. gr. stjórnarskrárinnar, ef mig minnir rjett, er svo ákveðið, að allir bændur, sem grasnyt hafa og gjalda til allra stjetta, skuli hafa kosningarrjett. En nú getur það tilfelli vel komið fyrir, að bóndi hafi grasnyt, en nái ekki skiptitíund, búi á tíundarfrjálsri jörð, og haldi ekkert hjú. Og sje svo ástatt, þá geldur hann ekki til allra stjetta, og á slíkum bónda hvílir sem sje ekki nokkurt hið minnsta gjald til kirkju. Og gæti það því vel komið fyrir, að kjörstjórn, samkvæmt beinum orðum stjórnarskrárinnar, synjaði slíkum bónda um kosningarrjett. Og kæmi þá fram stórkostlegasta misrjetti, þar sem slíkur maður væri gjörður rjettlægri en lausamaður, sem ekkert útsvar væri álitinn að vera fær um að bera.

Af þessum ástæðum, sem jeg hef nú talið, leggjum við, minni hlutinn í nefndinni til, að frumv. verði frestað þar til er algjör almennur kosningarrjettur verður í lög tekinn.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Hv. 2. þm. Rangv. (E. P.) hjelt því fram, að breytingin kæmi að eins örfáum að gagni, og þá helzt lausamönnum. Þetta er ekki rjett. Breytingin nær til margra annara, til að mynda margra kaupstaðarborgara og tómthúsmanna. Það er ekki gott að segja, hve margir fengju kosningarrjett eptir lagafrumv. þessu, þeir er ekki hafa hann áður, en allmargir verða þeir, það er áreiðanlegt.

Hv. þm. sagði enn fremur, að breytingin væri ósanngjörn gagnvart bændum. Aldrei hef jeg orðið var við, að bóndi hafi verið útilokaður frá kosningarrjetti fyrir það, að þeir hafi eigi skatt goldið, ef hann hefur uppfyllt önnur skilyrði fyrir kosningarrjetti til alþingis. Væri gott ef háttv. þm. gæti bent mjer á eitt einasta dæmi. (*Eggert Pálsson:* Jeg hef ekki yfirfarið kjörskrárnar). Ef stjórnarskránni verður

breytt í þá átt, að kosningarrjetturinn verði almennur, þá verður auðvitað óþarft sjerstakt ákvæði um það atriði, sem frumv. ræðir um, en skaða gjörir það engan. Annað finn jeg ekki ástæðu til að taka fram út af ræðu háttv. 1. þm. Rangv.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg stend upp að eins til þess að þakka stjórninni fyrir frumv. þetta. Þótt það sje einna stytzt af frumv., er það eigi að síður eitt hið merkasta þeirra. Öll löggjafarákvæði, sem auka rjettindi manna, almenn mannrjettiudi, ber að skoða sem einkar merkileg. Jeg er því eindregið með frumv., og jeg skil ekki í, að nokkur verði á móti því. Þó að kosningarrjettinum sje breytt nú, stendur ekkert í vegi fyrir því, að væntanleg stjórnarskrárbreyting gjöri hann enn víðtækari. En það eru engin rök fyrir því, að bíða þurfi með þessa rjettarbót þangað til.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 15 atkv. gegn 2.

2. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 atkv. gegn 1.

Á 22. fundi Nd., mánudaginn 12. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust sþ. með öllum þorra atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 29. fundi Ed., laugardaginn 17. ágúst, kom frumv. (A 201) til 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Þótt frumv. þetta sje eigi langt, og því fljótlegt að líta yfir efni þess, og þótt það hafi verið athugað í nefnd í háttv, Nd., þá er engu að síður ástæða til, að athuga málið vandlega einnig í þessari deild, því að það er þýðingarmikið og all athugavert. Vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á, að skipuð sje í það þriggja manna nefnd, að loknum umræðum.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj., og voru kosnir í hana með hlutfallskosningu:

Þórarinn Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Jóhannes Jóhannesson.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður og Þórarinn Jónsson skrifari og framsm.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. september, kom frumv. til 2. umr.

Framsögumaður Þórarinn Jónsson (5. kgk þm.): Svo slysalega hefur viljað til, að nefndin hefur klofnað, og það er ekki laust við, að minni hlutinn gjöri glens til okkar fyrir það, að við sjeum óþægir stjórninni og höfum snúist á móti henni. Nefndarálitið tekur fram skoðun meiri hlutans á málinu. Við álítum, að þar sem frumv. veitir ekki kosningarrjett nema nokkrum hluta þeirra, sem hafa hann ekki nú, þá sje ekki rjett, að það gangi fram. Sjerstaklega er einni stjett, vinnumönnunum, mjög misboðið. Það er ranglæti við þá, sem eru miklu betri stjett en lausamenn, og það mundi koma losi á hana, svo að hún jafnvel hyrfi alveg. Það er ekki ástæða til þess, að knýja vinnumennina til að kaupa lausamennskuleyfisbrjef. Enda er það líka ætíð rangt að verzla með rjettinn. Fleira getur krenkt þennan rjett en útsvarsskyldan. Þegar lausamennirnir t. d. eru á Seyðisfirði, þá telja þeir sig til heimilis í Reykjavík, og þegar þeir eru í Reykjavík, þá til heimilis á Seyðisfirði. Það

má þannig nærri segja, að þeir sjeu fyrir utan lögin. Geti þeir ekki goldið 4 kr. til sveitar, þá eru þeir naumast hæfir til að taka þátt í landsmálum. Í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu er tekið fram, að útsvarsskyldan sje ekki rjettur mælikvarði, sjerstaklega af því, að útsvarið sje opt handahófsgjald. En það er margt fleira, sem getur verið handahófsgjald en þetta. Lauslega er vikið að því í nefndarálitinu, að þetta frumv. krenkti rjett manna meira en hitt, og yrði ekki lagfært nema með stjórnarskrárbroti. Jeg þekki marga menn, sem komið hafa upp mörgum börnum, en hafa orðið fyrir óhöppum og slysum, og komizt við það í sveitarskuldir. En þessir menn hafa barizt heiðarlega og komið upp börnum, og það hafa verið beztu borgararnir. En að láta lausamannalýðinn hafa kosningarrjett fremur vinnumönnum, þar sem þeir eru hálf-flakkandi um landið, það álít jeg ekki rjett. Minni hlutinn hefur í nefndaráliti sínu tekið dæmi af lækni, sem neiti að lækna sjúkling, sem fengið gæti fulla heilsu strax, fyrri en hann gæti hjálpað öðrum sjúklingi, en það gæti ekki orðið fyr en eptir nokkur ár. Jeg skil ekki þennan »pólitíska« læknisdóm hins háttv. þm. Vil jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta.

Jóhannes Jóhannesson (þm. N.-Múl.) Út af orðum hins háttv. framsögum. (Þ. J,) um, að hann hefði stutt stjórnina í nauðsynlegum og rjettum málum, þá getur hann ekki sagt það sama, eptir að hann hefur snúizt á móti henni í þessu máli. Stjórnin á þakkir skyldar fyrir, að hafa komið með þetta frumv., og jeg tel frumv. mikla rjettarbót. Eina ástæðan, sem háttv. framsm. (Þ. J.) bar fram, var sú, að vinnumannastjettin mundi eyðileggjast, ef lausamönnunum væri veittur þessi rjettur. En hann minntist ekki á húsmennina, að þeim væri veittur þessi rjettur á undan. Þar sem meiri hlutinn álítur, að útsvarsskyldan verði ekki talin rjettur mælikvarði fyrir kosningarrjettinum, en vill þó ekki að svo stöddu afnema hann sem skilyrði, þá skil jeg ekki þá röksemdaleiðslu. Jeg hef meira álit á vinnumannastjettinni en svo, að jeg óttist, að hún taki það illa upp, þó að þingið nemi ekki skilyrðin strax í burtu, þar sem að hún veit, að það er ekki hægt nema með stjórnarskrárbreytingu. Jeg sje því ekki, að ástæður meiri hlutans sjeu á rökum byggðar. Jeg vona, að háttv. deild samþ. frumv. eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. felld með 7 atkvæðum gegn 3.

2. gr. frumv. felld með 7 atkvæðum gegn 3.

Frumv. þar með fallið.

III. Nafnbætur æðri kennara.

Á 30. fundi Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, kom frumv. til laga um breytingar á gildandi ákvæðum um prestaskólann, lagaskólann og læknaskólann (A. 294) til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. er stutt

og fer ekki fram á miklar breytingar; það er að eins farið fram á, að þeir embættismenn, sem frumv. greinir, sem samkvæmt gildandi ákvæðum bera útlenda embættistitla, er ekki gefa rjetta hugmynd um embættisstöðu þeirra nje eðli þeirra stofnana, sem þeir eru við eða veita forstöðu, skuli eptirleiðis bera annan embættistitil, sem annarsstaðar með menntaþjóðum fylgir tilsvarandi embættum við samskonar skólastofnanir. Er þessi nafnabreyting sjerstaklega ætluð til þess, að hefja álit þessara menntastofnana gagnvart útlendum mönnum. Það hefur áður komið til orða, að breyta embættisheitum þessum, en að frumv. um það kemur nú fram, stendur í sambandi við konungskomuna. Þetta kostar ekki neitt, en miðar til þess, að hinar æðri menntastofnanir vorar sjeu einnig að þessu leyti í samræmi við svipaðar stofnanir í öðrum löndum, og gjöra veg þeirra meiri. Í Danmörku hafa kennarar við landbúnaðar- og dýralæknaháskólann með lögum verið gjörðir að prófessorum, og frumv. eins og þetta er því engin nýlunda.

Jeg vona því, að háttv. deild taki frumv. vel, og leyfi því að ganga fram. Það mundi gleðja marga, er vilja sýna menntastofnunum vorum sóma.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg legg til, að háttv. deild felli þetta frv., og vona jeg, að enginn þeirra manna, sem prófessors-nafnbót eiga að fá, taki sjer það nærri, því að þetta er það mesta hjegóma-mál. Hefði stjórnin komið með frumv. um, að banna hjerlendum mönnum, að bera krossa og nafnbætur, það hefði legið nær, og þá hefði jeg verið henni þakklátur, en frumv. þetta getur ekki leitt neitt gott af sjer, fremur en krossar og titlar yfirleitt, heldur getur allt þetta orðið til þess, að æra upp í mönnum hjegómagirndina, og koma inn hjá þeim þeirri skoðun, að þeir sjeu eitthvað öðrum fremri. En allir menn eru jafnir, og verða engu meiri, hvað mörgum krossum, sem að þeir tildra utan á sig. Jeg get því ekki sjeð, að nokkuð þýði, að samþykkja þetta frv. Það á að vera til þess, að hefja skólana í augum útlendinga, en við getum kallað kennara vora hvaða íslenzkum nöfnum, sem við viljum, og varðar í raun og veru harla lítið um skoðun útlendinga í þessu efni.

Hæstv. ráðherra sagði, að þetta stæði í sambandi við konungskomuna. 4eg skal ekkert um það segja. Það getur vel verið, að konungur hafi ætlað að gjöra gott með þessu; en hann hefur þar miðað við skoðanir, sem eru ríkjandi í Danmörku á krossum og titlum, og þess konar glingri.

Jeg ætla þá að láta hjer staðar numið, en legg til enn á ný, að frv. verði fellt.

Ráðherrann: Þessi tillaga á ekkert skylt við krossa eða titla. Það er verið að breyta lögboðnum embættisheitum; nú heitir forstöðumaður prestaskólans lector, en kennari við læknaskólann docent; á þessu er gjörð breyting eins og tilvitnanirnar í frumvarpsgreininni sýna. Til þessa er sjerstök ástæða, því að annarsstaðar eru nöfnin docent og lector skilin tilheyra óæðri kennendum eða óæðri kennslustofnunum. Þetta á að tákna, að vjer lítum svo sjálfir á, að vjer viljum að aðrir út í frá skilji, að hinar æðri menntastofnanir vorar sjeu á borð við æðri menntastofnanir erlendis og hafi sams konar kennendur.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) getur auðvitað komið með tillögu um, að

banna krossa og nafnbætur; en það er þessu frumv. alveg óviðkomandi. Þeir titlar eða nafnbætur, sem hann á við, eru alls ekki embættisheiti. Að vísu er orðið »prófessor« einnig notað sem nafnbót, en aðallega er orðið allsherjarnafn um víða veröld á kennurum við hinar æðri menntastofnanir. Þegar háttv. þingm. skilja þetta rjett, þá vona jeg að þeir sannfærist um, að frumv. er ekki þýðingarlaust, og lofi því áfram tálmunarlaust.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg mun jafnan vera þakklátur stjórn og þingi fyrir allt, sem gjört er til, að auka gengi menntastofnana landsins. Því að það vil jeg, og það ættu allir að vilja, að þær verði sem bezt úr garði gjörðar. Þær eru einn þátturinn í sjálfstæðismáli landsins, og sú var tíðin, að efling þeirra þótti vera höfuðatriði í sjálfstæðisbaráttunni. Lagaskólinn var talinn eitt af mestu velferðarmálum þjóðarinnar, og yfir höfuð þótti það nauðsynlegt skilyrði fyrir sjálfstæði voru, að gjöra æðri skólana sem fullkomnasta til þess, að sem fæstir leituðu til útlendra kennslustofnana, og menntunin yrði í sem flestum greinum innlend og þjóðleg. Það var meira að segja áhugamál um land allt, að stofnaður væri háskóli hjer, og háskólastofnunin var talin sjálfsögð, þegar 3 höfuðskólarnir væru fengnir. Þeir ættu þá að mynda eina heild, er hjeti háskóli undir einni yfirstjórn. Jafnframt var talað um, að bæta við nýjum fræðigreinum, skipa háskólakennara í sögu landsins og tungu þjóðarinnar, og koma á sjerstakri sjálfstæðri kennslu í heimspeki, en hafa ekki til þess einn af guðfræðiskennurum prestaskólans eins og nú gjörist. Eru þá allar þessar hugsjónir grafnar og gleymdar?

Hvað læknaskólann snertir, þá þyrfti að greina forstöðu skólans frá landlæknisembættinu. Öllum hlýtur að vera ljóst, að landlæknisembættið er orðið svo stórt, störf landlæknis svo mörg og mikil, að honum er of vaxið að hafa önnur embættisstörf á hendi, og þyrfti að öllu leyti að losna við læknaskólann. Að vera forstöðumaður læknaskólans er að vísu ekki mikið starf, en kennslustarfið, sem því fylgir, er mjög mikill ábætir á önnur störf landlæknis. Enn fremur hlýtur öllum að vera ljóst, að ef sameina á alla skólana og stofna háskóla, þá þarf að reisa hús handa þeim, háskólahús; því verður ekki hjá komizt. Læknaskólinn hefur nú til leigu hús, sem ef til vill verður selt ofan af honum, þá og þegar. Prestaskólinn er í gömlu hússkrifli. Lagaskólanum er ætlað, að leigja sjer herbergi einhversstaðar úti í bæ.

Í þessu frumv. er ekki farið fram á neitt, sem til umbóta horfir fyrir skólana. Jeg lít svo á, að læknaskólinn hefði haft ólíkt meira gagn af því, að ekki hefði verið klipnar 200 kr. af því fje, sem hann bað um til áhaldakaupa, heldur en að tylt sje prófessorsnafnbót á einn af kennurunum. Má vera, að nafnbæturnar auki veg skólanna í augum útlendra manna, til þess munu þær ætlaðar. En í öðrum löndum eru *margir* prófessorar við hvern æðri skóla; hjer á hver skóli að skreyta sig með *einum* prófessor, auðvitað fremur til athlægis, en upphefðar í augum útlendra manna.

Nei, ef þessi er tilgangurinn, þá verður að gjöra fleiri að prófessorum. Jeg er sjálfur mjög þakklátur stjórninni fyrir það, að forstöðumaður læknaskólans er ekki settur á bekk með prófessorunum; meðan jeg gegni því embætti, er mjer ljúfast og tel mjer mesta sæmd í því, að halda hinu

gamla íslenzka embættisheiti. En hjer geta margir aðrir komið til greina.

Hvers vegna eru ekki föstu kennararnir við prestaskólann gjörðir að prófessorum, eins og fasti kennarinn við læknaskólann? Og hvers vegna eru ekki allir kennarar lagaskólans gjörðir að prófessorum? Læknaskólinn á og marga duglega kennara auk fasta kennarans, sem allir vita, að er mesti dugnaðar- og sómamaður, og því vel að vegtillum kominn. En því þá ekki fleiri sómamenn? Hjeraðstæknirinn hjer er líka fastur kennari við skólann, og spítalalæknirinn í Laugarnesi sömuleiðis. Annars vil jeg vekja athygli á því, að þessi prófesorstitill er nú ekki eins mikils virði og áður. Margir fá þessa nafnbót, eins og aðrar nafnbætur, án verðleika, og í stórlöndunum úir og grúir af sjálfgjörðum prófessorum, mönnum sem litla eða enga menntun hafa, en lifa á einhvern hátt á táli og prettum, og kalla sig prófessora. Það er ekki ósennilegt, að sumir skottulæknar hjer á landi fari bráðum að kalla sig prófessora. Bezti vitnisburðurinn, sem þessu frumv. getur hlotnazt, er sá, að það sje bæði meinlaust og gagnslaust. En jeg býst við að greiða atkv. með því til 2. umr., af því að jeg ætla mjer þá að gjöra brtill. eða einhverja till. til þess að sjá, hvort þingi og stjórn er alvara í því, að hefja æðri menntastofnanir vorar til meira vegs og gengis; sjá hvort vonast má eftir frekari umbótum, þarfari umbótum, íslenzkari umbótum, en þessum útlendu embættisheitum, sem frumv. á að leiða í lög og land.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg ætla að eins að gjöra örstutta fyrirspurn til háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Jeg hjó eptir því, að hann sagðist mundi kunna stjórninni þakkir, ef hún bannaði krossa og titla, sem einungis væri til að æsa hjegómagirnd manna. Nú vil jeg spyrja háttv. þm., sem orðinn er riddari að nafninu til, og hefur borið krossinn tvisvar, hvernig á þessu standi. Vissi hann ekki, að engum er skylt að taka við krossum, eða stóðst hann ekki freistinguna þegar til kom, eða getur hann nú ekki unnað öðrum sama góðgætis? Mjer er spurn!

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Út af orðum hæstv. ráðh. skal jeg geta þess, að það er ekki rjett hjá honum að halda því fram, að frumv. þetta snerti ekki titla og metorð, og geti því ekki orðið til þess, að æsa metorðagirnd manna. Síðast í greininni er þess getið, að konungur ákveði metorð þessara manna. Það er því verið að þoka þeim ofar í metorðastigann. (*Ráðherrann*: Jeg sagði þetta ekki). Jeg skildi það svo.

Ræða háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) og fyrirspurn hans, var efni máls þessa óviðkomandi, og er jeg því ekki skyldur að svara henni. En jeg get vel gjört það samt, úr því að jeg er staðinn upp. Háttv. þm. gat þess, að enginn væri skyldur til að taka við þessum krossum. Það er rjett. En það er sá hængurinn á, að það geta verið þær ástæður, að ekki sje vel hægt að neita, nema styggja aðra um leið. Að því er mig snertir, stóð svo sjerstaklega á, að Hans Hátign konungurinn gjörði boð eptir mjer, til að afhenda mjer krossinn sjálfur, og jeg gat ekki neitað að taka við honum, án þess að styggja konung, sem var gestur vor. En ef háttv. þm. hefur, eins og hann sagði, sjeð mig bera krossinn tvisvar, þá hefur verið einhver glýja á augum hans. Jeg hef

að eins einu sinni hengt þetta stáss á mig, að því er mig minnir, og það var þegar jeg fór í veizlu til Hans Hátignar, til þess að styggja hann ekki persónulega. Jeg vona, að háttv. þm. sjái mig ekki opt með þetta stáss, nema líkt standi á. Jeg lít svo á, að háttv. deild verði sóma síns vegna að fella þetta hjegómafrumv.

Ráðherrann: Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur ekki heyrt hvað jeg sagði áðan. Jeg hafði á móti því, að hjer væri um nafnbætur að ræða og með rjettu. Frumv. fer fram á, að breyta embættisnöfnum, sem ekki eru titlar. Orðin: »Metorð þeirra ákveður konungur« eru sett af því, að embættistign (Rang) er ekki íslenzkt löggjafarmál. Það heyrir undir sameiginleg mál, svo að þessi athugasemd hins háttv. þm. fer fyrir ofan garð og neðan.

Mig furðar á því, að háttv. 2. þm. Rvk, (G. B.) skyldi fara að fetta fingur út í þetta frumv., þar sem hann fyrstur manna í mín eyru talaði um, að breyta þyrfti þessum embættisnöfnum; reyndar gat hann þess við mig í sambandi við aðrar breytingar á læknaskólanum. En jeg hugði, að einmitt hann mundi telja sjer skylt að styðja þetta mál. Auðvitað bæri honum sjálfum þessi titill sem forstöðumanni læknaskólans, en hann hefur þegar annan embættistitil eins veglegan og meira einkennandi stöðu hans, og metorð jafnhá háskólaprófessorum, og var því hans stöðu sleppt hjer.

Ástæðan til þess, að fleiri kennarar eru ekki teknir með, er sú, að laun þeirra eru svo lág, að þau svara naumast til þess titils, enda er álitamál, hve langt á að fara í sliku. Það er vissulega ekki af neinu vantrausti á þeim *mönnum*, sem í embættunum eru, að þau eru ekki tekin með, heldur vegna embættanna, hvernig þau eru. Það er engin ástæða á móti frumv., þó að einstöku trúðar eða loddarar í öðrum löndum gefi sjálfum sjer þetta nafn. Menn geta líka fundið upp á því, að kalla sjálfa sig ranglega greifa og baróna og allskonar heiðursnöfnum, og missa þau heiti ekki sitt sjerstaka gildi fyrir það. Ekki man jeg betur, en herra Sölvi Helgason kallaði sig ýmsum fögrum nöfnum, án þess það felldi neina rýrð á þau heiti. Á þessu og öðru eins er því harla litlar *mótbár*ur að byggja.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það er satt, að jeg hef talað við hæstv. ráðherra um breyting á kennslufyrirkomulagi við læknaskólann; en það var breyting á kennslukröptunum en ekki á nöfnum kennaranna. Jeg hef kannske látið í veðri vaka, að það væri rjett, að gjöra núverandi 1. kennara læknaskólans, Guðmund Magnússon, að prófessor, en það var ekki aðalbreytingin, sem jeg fór fram á, heldur að eins lítilfjörlegt aukaatriði. En sú breyting, sem jeg fór fram á, er í því fólgin, að landlæknirinn sje leystur frá kennslustörfum og nýr kennari skipaður í hans stað. Nú sem stendur er við skólann einn aukakennari með 2,000 kr. laun (augnlæknirinn) og mætti þá gjöra úr þeirri stöðu fast embætti og hækka launin. En þessari breytingu var frestað, einkum vegna þess, að það er erfitt að fá kennara í þeim »fögum«, sem landlæknirinn kennir við skólann.

Önnur athugasemd hins hæstv. ráðherra var sú, að það ætti ekki við, að þeir, sem hefðu prófessorsnafnbót, hefðu mjög lítil laun. Launin eru nú ekki svo lítil; þau eru svipuð á læknaskólanum og á lagaskólanum tilvonandi og prestaskólanum. Og

mjer finnst það lítilsvirðing á þeim, sem settir eru hjá, ef nokkrir fá nafnbótina, en aðrir ekki.

Annars er leiðinlegt, að tala um svona mál í alvöru; ef það á að fara að dubba menn upp í prófessora, þá held jeg að það sje bezt, að dubba sem flesta og hafa þá einu sinni gildi, svo að muni um það.

Ráðherrann: Mjer heyrðist hv. 2. þm. Rvk halda því fram síðast í ræðu sinni, að launanna vegna gætu allir jafnt borið þessa nafnbót. En þar við er að athuga, að hinn fasti kennari við læknaskólann hefur sem mikilsmetinn læknir sjerstaka stöðu, og vegna þeirrar stöðu tekjur, sem líklega eru eins miklar og hin föstu embættislaun hans,

Það sem hann sagðist hafa talað við mig um, var rjett hermt, en jeg gat þess líka áðan, að hann hefði talað um það við mig, að veita forstöðumanni læknaskólans prófessors nafnbót, *í sambandi við annað.*

Annars finnst mjer að þetta ætti að vera útrætt; jeg get ekki sjeð, að þetta eigi nokkuð skylt við hjegómaskap, nje að þessvegna sje nokkur ástæða til að fella það. Sumir kýma að öllu, hvort sem nokkuð er kýmnislegt við það eða ekki; slíkt hefur aldrei þótt neitt vísdómsmerki, og tel jeg slíkt lítt að marka.

Hjer er ekki farið fram á neina hækkun í »Rang«. Það stendur að eins, að metorð þessara manna skuli ákveðin með konungsúrskurði, eins og tíðkazt hefur hingað til um íslenzk embætti.

Jeg vona, að hin háttv. deild skilji þetta eins og það er meint; jeg vona, að hún sjái, að hjer hefur stjórnin ekki haft neitt annað fyrir augum, en að gefa rjettari hugmynd um menntastofnanir vorar gagnvart öðrum þjóðum.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Magnús Andrjess.,
Eggert Pálsson,	Ólafur Briem,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Thorlacius,
Hannes Hafstein,	Skúli Thóroddsen,
Hannes Þorsteinss.,	St. Stef., þm. Eyf.,
Hermann Jónass.,	Tryggvi Gunnarss.
Jóhannes Ólafss.,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Kristjánss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

2. þm. Skgf. Stefán Stefánsson var fjarverandi með leyfi, og þm. S.-Þing. Pjetur Jónsson var ekki viðstaddur við atkv.gr.

Á 36. fundi Nd., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frv. til 2. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk:) Jeg gat þess við 1. umr., að jeg mundi greiða atkv. með því, að þetta mál fengi að ganga til 2. umr., með því að jeg þá mundi gjöra brt., sem horfa mundu til bóta. Einhverja brt., sem væri þannig löguð, að stjórn og þingi gæfist tækifæri til að sýna það, hvort þeim er alvara að hefja æðstu menntastofnanir vorar til meira vegs og gengis, en hingað til. Jeg hef nú samt ekki sjeð mjer fært að koma með neina brt.; því að hún hlyti að gleypa frv. En till. til þingsál. hefur verið útbýtt hjer í deildinni, og fer hún að vísu í líka átt og frv., en miklu lengra. Hún tekur upp þá stefnu, sem lengi hefur ríkt áður bæði innanþings og

utan, en þar sem hún fer svo miklu lengra en frv. (nú má ekki ræða hana hjer), þá hefði jeg helzt óskað þess, að frv. yrði tekið út af dagskrá, því að ef þingsál. till. verður samþ., þá er frv. þýðingarlaust, og verði hún ekki samþ., þá ætti helzt að bíða algjörlega til næsta þings með það, að hreyfa við þessu máli. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni, en gjöri mjer von um, að þingsál. till. komi til umr. áður en það fer út úr deildinni.

Ráðherrann: Jeg get ekki sjeð, að þingsályktunartill., sem háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) talaði um, komi í bága við frumv., heldur finnst mjer, að þau geti vel staðið hvort við annars hlið. Það getur ekki staðið í vegi fyrir því, að byrja að undirbúa háskólafrumv., þó að eitthvað sje áður gjört til þess, að reyna að hefja þessar menntastofnanir vorar til vegs og virðingar. Þvert á móti álít jeg, að þessar menntastofnanir stæðu þá betur að vígi en áður, til þess að verða háskóladeildir.

Jeg þarf ekki að taka það upp aptur, sem jeg sagði við 1. umr. Hjer er ekki farið fram á annað en það, að leyft sje, að nota um þessa embættismenn sömu heiti og embættisbræður þeirra hafa annarsstaðar við alla þá skóla, sem geta gjört stúdenta að kandidötum. Jeg skil ekki, hvaða mein þinginu ætti að vera að þessu; það kostar ekki einn eyri, en getur hafið virðingu skólanna út á við, og hjálpað þannig fram hugmyndinni um háskólann, sem háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) talaði um. Auk þess getur það í vissum tilfellum orðið til hagsmuna fyrir þá menn, sem hjer eiga hlut að máli, og ætti það sízt að fæla menn frá þessari tilbreyting.

Jeg vona það, að háttv. deild, sem sýndi þessu máli þann velvilja, að láta það ganga til 2. umr., muni sýna því sömu velvild nú, og greiða fyrir því það, sem eptir er. Þeim, sem til þess hafa stofnað og með því mælt, gengur ekki annað en góðvild til.

Fleiri töluðu ekki, og var því gengið til atkvæða, og var frumv. fellt með 12 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss.,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Herm. Jónasson,	Magn. Kristjánss.,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
L. H. Bjarnason,	Ólafur Thorlacius,
Magn. Andrjesson,	Skúli Thóroddsen,
Pjetur Jónsson,	St. Stefánsson, Eyf.,
Þórh. Bjarnarson.	Tr. Gunnarsson.

Stefán Stefánsson þm. Skgf. var eigi viðstaddur og greiddi því eigi atkv.

C. Ekki útrædd.

III. Almennur ellistyrkur.

Á 4. fundi Nd., föstudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um almennan ellistyrk til 1. umr.

Ráðherrann: Sú skoðun hefur á síðari tímum rutt sjer meira og meira til rúms meðal menntaþjóða heimsins, að það sje siðferðis- og menningarskylda að stilla svo til, að fólk á gamals aldri geti orðið styrks aðnjótandi í elli sinni eða veikindum, án þess að það sje talinn sveitarstyrkur, er læging sje að þiggja. Danir og Þjóðverjar hafa samþykkt mjög víðtæk lög um ellistyrk, og Norðmenn eru að undirbúa samskonar lög.

Nefnd sú, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 13. nóv. 1901, til þess að íhuga og koma fram með till. um fátækra- og sveitastjórnarmál, samdi að vísu ekki frumv. um þetta efni. En nú fyrir skömmu er komið frumv. til stjórnarráðsins, er nefndin hefur látið prenta eptir uppkasti, er einn af nefndarmönnum hafði samið og sniðið eptir lagafrumv. Norðmanna.

Áður en frv. þetta kom frá nefndinni, hafði stjórnarráðið ákveðið, að leggja fyrir þingið frumv. það, er hjer liggur fyrir. Það stefnir að sama takmarkinu, að bæta þannig kjör gamalmenna, að þau geti fengið styrk, er ekki sje talinn sveitarstyrkur, en veiur aðra leið. Jeg skal ekki fara frekari orðum um það, af hverjum ástæðum stjórnarráðið áleit ófært að aðhyllast frumv. það um eptirlaun hinnar íslenzku þjóðar, sem jeg gat um að nefndin hefði sent. Læt jeg í því efni nægja, að skírskota til athugas. við þetta frumv., er stjórnin samdi í þeim tilgangi, að ná líku takmarki á umsvifaminni og hagfelldari hátt.

Það sem hjer er farið fram á, er bæði miklu minna og ekki eins nýstárlegt almenningi. Frumv. ætlast til þess, að takmarkinu verði náð, með því að efla alþýðustyrktarsjóðina, gjöra þá almennari, og láta greiða til þeirra árlega upphæð úr landssjóði. Skuli síðan úthluta á ári hverju $^2/_3$ af gjaldinu, hálfum landssjóðsstyrknum og hálfum vöxtum af styrktarsjóðum fyrir næsta ár á undan. Ef farið er eptir tölu karla og kvenna á aldrinum frá 18 til 60 ára, eins og hún var síðast, þá er manntal var tekið hjer á landi, þá mundu tillög karla nema 34 þús., en kvenna 19 þús. Það er samtals 53 þús. Landssjóðsstyrkur, 50 aura á ári fyrir hvern gjaldskyldan mann, mundi nema 18 þús. Væri nú úthlutað $^2/_3$ af árstekjunum, kæmu þegar á næstu árum til úthlutunar 46 þús. kr. Að vísu er það ekki mikið fje, en mörgum mætti það þó koma að liði. Sjóðirnir mundu vaxa mjög fljótt. Að óbreyttri gjaldendatölu og rentufæti mundi geta komið til úthlutunar eptir 50 ár um 95 þús. kr. á ári.

Jeg býst við því, að mörgum muni þykja það allmikill byrðarauki, er tvöfaldað er gjald karlmanna og meir en tvöfaldað gjald kvennmanna. En mjer finnst upphæðin, einar 2 kr., ekki svo há, að hún geti gjört nokkrum manni erfiðara að komast af. Og ætla mætti, að mönnum sviði ekki mjög gjaldið, er þeir vita, að það rennur í sjóð, er kemur þeim sjálfum að notum á elliárum. Ennfremur hlýtur það að auka vinsældir styrktarsjóðanna, að gjaldið til þeirra er ekki bundið við vissar stjettir, heldur gjört almennt og látið ná til allra, er náð hafa 18 ára aldri,

ef þeir hafa ekki tryggt sjer styrk á annan hátt. Fellur þá og burtu sú óvissa, sem nú á sjer stað um gjaldskyldu til alþýðustyrktarsjóðanna, sem mörgum erfiðleikum og óánægju hefur valdið.

Á þennan hátt eru lögin gjörð alþýðlegri. Og þótt frumv. sje ekki alveg eins fullkomið nje geti giört ráð fyrir jafn ríflegum fjárframlögum og tíðkast í auðugri löndum, þar sem slík lög eru komin á, þá vona jeg þó, að verði frumv. þetta gjört að lögum, muni þau lög gjöra talsvert gagn og verða mörgum manni að liði. Leyfi jeg mjer því, að mæla fram með því við hina háttv. deild.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Jeg vil að vísu ekki vekja umræður á þessu stigi málsins, en hins vegar dylst mjer ekki, að málið er allstórvægilegt og þýðingarmikið, og þarf rækilegrar íhugunar, hvort heldur litið er á það frá mannúðarhliðinni, eða tekið er tillit til þess byrðarauka, er það hefur í för með sjer fyrir almenning.

Hugsunin, sem frumv. byggist á, er góð og markmið þess gott og heilbrigt, enda er sú grundvallarskoðun, er hjer kemur fram, víða í nálægum löndum að ryðja sjer til rúms. En þess verður líka að gæta, hvort efnahagur þjóðarinnar er svo, að þessi vegur sje fær, því frumvarpið leggur mönnum mjög þungar byrðar á herðar, þar sem hjer er um að ræða »nefskatt« nál. 50,000 kr. á ári. Og auk þess fylgir stjórnarfrumv. sami gallinn, sem alþýðustyrktarsjóðslögunum gömlu, sem sje sá, að þeir, er í sjóðina leggja hafa enga tryggingu fyrir því, að þeir sjálfir njóti nokkurn tíma styrks úr þeim.

Jeg tel því nauðsynlegt, að mál þetta verði athugað í nefnd, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd, þá er umræðum er lokið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í. e. hlj.

Stungið var upp á 5 manna nefnd og sú uppástunga samþ. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þm., og voru þeir þessir: Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., Ólafur Thorlacíus, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Ólafur Ólafsson og Árni Jónsson.

Síðan voru með hlutfallskosningu skipaðir í nefndina:

Björn Bjarnarson,
Lárus H. Bjarnason,
Magnús Andrjesson,
Pjetur Jónsson,
Hermann Jónasson.

Í nefndinni var Björn Bjarnarson kosinn formaður og Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögumaður.

Á 30. fundi Nd., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frv. (A. 209) til 2. umr.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Nefndinni þykir þetta frumv. yfirleitt gott að efninu til, en sýnist ekki eins vel farið með efnið, því málið á frv. er ekki vel vandað.

Nefndin hafði viljað ganga skör lengra en stjórnin; hún hefði feginsamlega viljað útvega öllum einhverja björg, sem bágstaddir eru og þurfandi, en af sömu ástæðum og stjórnin, þá hefur hún þó ekki getað aðhyllzt tillögur milliþinganefndarinnar í fátækramálum. Þess vegna hefur nefndin fallizt á tillögur stjórnarinnar.

Frumv. stjórnarinnar byggir aðallega á grundvelli alþýðustyrktarsjóðanna samkv. lögum 11. júlí 1890 og 18. des. 1897 og þó með nokkrum afbrigðum, er jeg nú skal nefna.

Eptir frumv. eru allar stjettir gjaldskyldar, en eptir alþýðustyrktarsjóðslögunum að eins hjú og lansamenn. Eptir alþýðustyrktarsjóðslögunum er

aldurstakmarkið að neðan 20 ár, en eptir frumv. stjórnarinnar er það 18 ár. Í alþýðustyrktarsjóðslögunum er gjaldið ákveðið 1 kr. fyrir hvern karlmann og 30 aur. fyrir hvern kvennmann, en stjórnin hefur fært það upp í 2 kr. fyrir karlmanninn og 1 kr. fyrir kvennmanninn. Nú er ekkert lagt til alþýðustyrktarsjóðanna úr landssjóði, en stjórnin ætlast til, að landssjóður leggi til 50 aura fyrir hvern gjaldskyldan karlmann og kvennmann. Eptir frv. á að úthluta tveim þriðjungum af árgjöldunum og 1/2 af landssjóðsframlaginu og vöxtunum, en eptir alþýðustyrktarsjóðslögunum er úthlutað 1/2 af árgjaldi og vöxtum. Og loks kemur aðal-breytingin. Alþýðustyrktarsjóðslögin ætlast til þess, að bæði heilsulitlir og ellihrumir geti fengið styrk af sjóðunum, en stjórnin ætlast til, að styrkur sje að eins veittur ellihrumu fólki fullra 60 ára gömlu eða þar yfir.

Nefndin hefur fallizt á tillögur stjórnarinnar í flestu. Að eins vill nefndin, að allir geti gjört sjer vonir um, að verða aðnjótandi styrksins, sem í sjóðinn leggja. Nefndin vill því ekki binda styrkveitinguna við 60 ára aldurstakmarkið, heldur vill hún, að allir gjaldendur njóti styrksins, hvort heldur þá þjáir elli eða annar lasleiki, sem gjörir þá ófæra til vinnu. Samkvæmt þessu hefur nefndin lagt það til, að nafni frumv. verði breytt. Það heiti frumv. til laga um öryrkjastyrk, en ekki frumv. til laga um almennan ellistyrk. Orðið er nýtt, en þó væntanlega ljóst. Öryrki á að merkja mann, sem er úr yrkju, líkt og »öreigi« merkir fjelausan mann og »örendur« látinn.

Nefndinni virtist því meiri ástæða til þess, að gjöra þessa aðalbreytingu á frumv., sem ekki er hægt að segja, að »elli« út af fyrir sig eigi að vera rjetthærri í þessu efni, en hver önnur ósjálfráð bilun. Og í annan stað verður almenningi eflaust ljúfara, að inna svona mikil gjöld af hendi, ef hver og einn getur gjört sjer von um, að fá að njóta styrksins. Og til þess, að gjöra mönnum þetta enn ljúfara, þá leggur nefndin það til, að tillag landssjóðs sje hækkað úr 50 aur. fyrir karlmanninn upp í 1 kr. Með því móti verður framlag landssjóðs helmingur af árgjaldi karls og konu.

Flestar breyt.till. á þingskj. 209 eru orðabreytingar og afleiðingar af breytingunni »öryrkjastyrkur« fyrir »ellistyrkur«.

Efnisbreyting er 1. breyt.till., að fyrir »ellihrumu fólki« komi: »öryrkjum«.

2. breyt.till. er líka efnisbreyting; hún hækkar framlag landssjóðs. Hinum háttv. deildarmönnum til leiðbeiningar, skal jeg geta þess, að tala gjaldskyldra karlmanna á landinu er hjer um bil 17,000, og þar sem landssjóðsgjaldið hækkar um 50 aura fyrir hvern gjaldskyldan karlmann, nemur sú hækkun alls 8,500 kr. á ári frá því, sem stjórnarfrumv. setti það.

Enn fremur er breyt.till. um það, að upphaf c-liðs í 2. gr. falli burt, efnisbreyting, en eðlileg afleiðing af því, að 60 ára aldurs-takmarkinu er sleppt. Efnisbreytingar eru einnig flutningar á tímatakmörkunum í 4., 6. og 7. gr. Í 7. gr. er áskilið, að þeir, sem goldið hafa tillag sitt á tveim stöðum, skuli ganga eptir því fyrir lok júnímán. hjá hlutaðeigandi sýslumanni. En það getur ekki staðizt, því í sumum sýslum er ekki skylt, að halda manntalsþing fyrr en í júlímánuði, enda sýnist nóg, að gengið sje eptir því áður en reikningur sjóðsins er saminn. Um

hinar breytingarnar á tímatakmörkunum má eflaust segja bæði með og móti, en nefndin telur sínar þó heppilegri. Nefndin ætlast til, að framtalsskýrslurnar sjeu samdar í janúar og liggi frammi til sýnis frá 1.—7. febr.

Stjórnin ætlast til, að sje einhver ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega sleppt þar, skuli kæra um það komin til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 14. mars. Í samræmi við áður talda brt. nefndarinnar, um að skrárnar liggi frammi til sýnis dagana frá 1.—7. febr., leggur nefndin til, að þetta tímatakmark sje flutt aptur til 15. febr. Aptur á móti hefur stjórnin ekki sett neitt tímatakmark um það, hvenær skjóta megi í síðasta lagi úrskurði hreppsnefndar til sýslumanns. Nefndin leggur til, að það skuli gjört innan 15. dags marzmánaðar. Loks leggur nefndin til, að leiðrjettar skýrslur skuli sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir 15. apríl, í staðinn fyrir innan loka marzmán.

Út af 6. breyt.till. vil jeg eptir tilmælum nefndarinnar geta þess, að nefndin leggur nokkra áherzlu á, að prentuð verði eyðublöð undir skýrslurnar, og býst hún við, að þau tilmæli hafi framgang, þar sem það er lítill kostnaðarauki, en veitir hins vegar tryggingu fyrir, að skýrslurnar verði rjettari og skipulegri, en ef hver og einn á að skrifa þær eptir sjálfvöldu formi. Nefndin ætlast líka til, að auglýst verði, hvar framtalsskýrslur, er þessu gjaldi við koma, liggi frammi.

Þá kem jeg að brtill. nefndarinnar við 13. gr., og er það aðalbreytingin. Nefndin leggur til, að sú gr. sje orðuð upp aptur. Nefndin lítur svo á, að sje 60 ára takmarkið sett sem skilyrði fyrir styrkþágunni, geti fæstir þeirra, er til sjóðanna gjalda, gjört sjer von um að njóta góðs af þeim, og leggur því til, að allir gjaldskyldir öryrkjar skuli eiga heimting á styrk úr sjóðnum. Málsliðirnir a, b og c eru teknir upp úr dönsku styrktarsjóðslögunum frá 1891, og þótti nefndinni vel mega sleppa þeim. Að minni hyggju hefur þess eigi verið gætt, að sá styrkur, er stjórnin fer hjer fram á að stofnað sje til, er allt annars eðlist en styrktarsjóðurinn danski. Þessi styrkur verður veittur að eins með *höppum* og glöppum, lítill skerfur hverjum styrkþega í senn. En eptir dönsku lögunum fær hver, sem styrktur er á annað borð, svo mikinn styrk, sem hann þarfnast og heldur honum meðan lífskjör hans breytast ekki.

Af því að nefndin leggur það til, að styrkurinn nái til fleiri, en gjört er ráð fyrir í frumv., þá gjörir hún það líka að till. sinni, að aptan af 15. gr. falli hámarkið 200 kr. Það er ekki við því að búast, að nokkur geti fengið svo háan styrk fyrst um sinn, sízt er fleiri er gefin von, og er þá ekki til neins að halda upphæð þessari á pappírnum.

Um hinar breytingarnar, sem allar eru orðabreytingar, finn jeg ekki ástæðu til að tala. Að eins vil jeg leiða athygli hæstv. forseta að því, að í nefndarálitinu er ein prentvilla, »6 krónur«, í staðinn fyrir »5 krónur«, og aðra prentvillu hef jeg rekið mig á í 16. brt.; þar stendur »ellistyrktarsjóðs« og »öryrkjasjóðs« í staðinn fyrir »ellistyrktarsjóði« og »öryrkjasjóði«.

Skúli Thoroddssen, (þm. N.-Ísf.): Jeg vona, að hin háttv. deild hugsi sig vel um, áður en hún samþykkir sum ákvæði þessa frumv. Að vísu álít jeg, að menn megi vera stjórninni þakklátir fyrir, að hún hefur komið fram með frumv., að því leyti sem hún vill láta landssjóð styrkja þessa

sjóði, enda er það í raun og veru eðlilegt, að jafnframt því, sem hver einstaklingur leggur til þeirra af mörkum, þá taki hið opinbera þátt í því til móts við þá, svo að sjóðirnir geti fyr og betur, en verið hefur, fullnægt ætlunarverki sínu.

En þess ber og að gæta, að stjórnin hefur um leið lagt það til, að hin núverandi alþýðustyrktarsjóðsgjöld verði hækkuð að miklum mun; þau gjöld hafa til þessa verið 1 kr. fyrir karlmann og 30 aurar fyrir kvennmann, en nú á að færa það upp í 2 kr. fyrir karlmann og 1 kr. fyrir kvennmann. Þetta verður allhár beinn skattur á heimilunum. Vjer skulum t.d. hugsa oss heimili með 5 manns skattskyldum, 2 karlmönnum og 3 kvennmönnum. Af því heimili yrði gjaldið 7 kr. Það er að vísu svo, að gjald þetta hvílir á hverjum einstökum, en húsráðendum er þó skylt að inna gjaldið af hendi fyrir alla, sem á heimili þeirra eru, og verður því ekki neitað, að hjer er um alltilfinnanlegan nefskatt að ræða, einkum þar sem um fátæk sveitaheimili er að ræða. Hjer við bætist og, að þeir, sem gjald þetta greiða, hafa alls enga tryggingu fyrir því, að verða nokkurn tíma nokkurs styrks aðnjótandi. Það eru hreppsnefndirnar, sem styrkinn veita, og til þeirra verða umsóknirnar að sendast. Þær veita styrkinn gamalmennum, er ella þörfnuðust sveitarstyrks, og hjer er því verið að ljetta á sveitarsjóðunum, með því að færa nokkuð af gjaldabyrðinni yfir á einstaklingana sem nefskatt. Nú er þess að gæta, að aukaútsvörunum er jafnað niður eptir efnum og ástæðum. En þetta gjald greiða allir jafnt. *Hjer er því verið að ljetta á efnamönnunum með því að leggja bein gjöld á fátæklingana*, húsmenn, vinnukonur, fátæka bændur o. s. frv. Þetta er óeðlileg og ranglát meginregla, sem þingið ætti engan veginn að hallast að.

Jeg er því á móti því, að gjöld einstaklinganna til alþýðustyrktarsjóðanna sjeu hækkuð. Hitt get jeg aptur á móti fellt mig við, að gjaldendum sje fjölgað, og aðhyllist því ummæli frv. um það atriði, hverjir gjaldskyldir skuli vera. Og jafnframt skal jeg geta þess, að mjer virðist mega fara lengra um framlag úr landssjóði til þessara styrktarsjóða, en gjört er í frumv. stjórnarinnar. Á þann hátt geta þeir vaxið fljótar og orðið þess betur um komnir, að inna af hendi tilgang sinn.

Oss, sem hjer sitjum, stoðar ekki að líta á það, þótt við sjeum færir um að greiða þessi gjöld, heldur verðum við að líta á hag fjöldans. Sú mundi raunin verða á, að margur húsfaðir mundi verða að inna gjaldið af hendi fyrir allt heimilisfólk sitt, og mundi mörgum veita það allörðugt. Mönnum ætti að vera kunnugt, hversu opt þarf að beita fjárnámi til þess að ná inn jafnvel lítilsháttar gjöldum, t. d. til kirkna og sveitarsjóða. Og þá má nærri geta, hvernig um innheimtu gjalda þessara færi.

Á þingmálafundinum, er haldinn var í mínu kjördæmi á næstl. vori, voru menn á móti allri hækkun alþýðustyrktarsjóðsgjaldsins. en vildu hins vegar, að landssjóður legði sjóðunum styrk. Jeg mun því við 3. umr. koma fram með breyt.till. í þá átt, sem jeg hef vikið að í ræðu minni.

Ráðherrann: Háttv. frmsm. lýsti því yfir, að nefndin gæti verið samþykk meginreglum stjórnarfrumv. En jeg verð þó að álíta, að það sje ein af meginreglum þess, er nefndin vill breyta með tillögu sinni um 13. gr.

Því fer fjarri, að stjórnarráðið hafi

með tillögum sínum viljað þröngva rjetti öryrkja eða draga úr, að þeir gætu orðið hjálpar aðnjótandi. Þvert á móti vildi það stuðla sem mest að því, að menn, er í það ástand komast, gætu fengið sem greiðasta og ríflegasta hjálp, án þess að hana mætti telja til sveitarstyrks.

Fyrir stjórnarráðinu vakti hinsvegar þetta, að upphæðirnar, er til úthlutunar kæmu, mættu eigi verða svo litlar, að þær gætu ekki að neinu gagni komið, heldur hlytu að hverfa í sandinn.

Í athugasemdunum við stjórnarfrv. eru færð rök fyrir því, að með því að binda styrksveitingarnar þeim takmörkum, sem þar eru sett, geta þær upphæðir komið að talsverðum notum, og þeir hinsvegar orðið töluvert margir, er rjett hafa til styrkþágu.

Það er mikill munur á að styrkja af slíkum sjóðum ellihrum gamalmenni eða unga menn, sem lasburða verða á einhvern hátt um tíma. Um ungu mennina eru líkur til, að þeir megi verða heilir heilsu aptur, og geti af sjálfsdáðum goldið þá skuld, er þeir kunna að komast í við áfall sitt. Öðru máli er að gegna um gömlu mennina, er hafa slitið út kröptum sínum um langa ævi, og stefna að öllu heilsufari niður á við. Þeir geta sagt eins og gamalmennið sagði við barnið:

»Þess batnar þjer,
en þeygi mjer«.

Þeir geta ekki gjört sjer vonir um, að tíminn auki þeim mátt.

Og vissulega er það sjerstaklega sorglegt um menn, sem um langan aldur hafa barizt heiðarlega fyrir sjer og sínum, og ef til vill komið upp mikilli ómegð, þegar þeir á gamalsaldri verða að þiggja styrk, er þeim þykir minnkun að, og hefur í för með sjer missi borgaralegra rjettinda.

Jeg hygg, að á meðan ekki eru samin lög, er hafi í för með sjer jafnmikil gjöld og gjört er ráð fyrir í frv. því, er milliþinganefndin sendi stjórnarráðinu, þannig, að tekjurnar geti orðið miklu meiri en hjer er farið fram á, sje öldungis nauðsynlegt að takmarka styrkveitingarnar á þann hátt, er stjórnarráðið hefur gjört. Má vera, að færa megi aldurstakmarkið úr 60 árum niður í 50 ár. En að dreifa svo mjög kröptunum, sem nefndin gjörir í tillögu sinni, tel jeg óráðlegt. Með þeim hætti mundu styrkveitingarnar ekki koma að tilætluðu gagni, og menn út um land mundu ekki eins vel finna, að hjer sje um stofnun að ræða, er vert sje að styðja.

Jeg hef ekki getað sannfærzt um það af rökum háttv. framsm., að ekki sje rjett að halda þeim takmörkum, er sett eru í 13. gr., eða því sem næst. Mjer skilst að vísu, að greinin, eins og nefndin vill orða hana, eigi að segja eitthvað svipað. En hún er miklu óskýrari með því orðalagi. Að minnsta kosti er rjettast, að halda þessum 4 skilyrðum, er talin eru í grein frumv., enda þótt gengið væri inn á að víkka aðganginn að styrkþágunni.

Viðvíkjandi ummælum h. þm. N.-Ísf. (Sk.Th.) um upphæð gjaldsins, skal jeg láta þess getið, að enda þótt sumir húsbændur kunni hingað til að hafa haft þann sið, að leggja sjálfir fram alþýðustyrktarsjóðsgjald fyrir þá, er hjá þeim hafa heimilisfang, þá er það engin skylda, enda er mjer kunnugt um, að sumir hafa eigi gjört það, eða að minnsta kosti dregið það af kaupi hjúa sinna og innheimt það af þeim lausamönnum, er þar töldust til heimilis. Og svo mundu menn almennt gjöra, er gjaldið væri aukið.

Þar sem háttv. sami þm. sagði, að stefna frumv. væri sú, að kasta gjalda-

byrðinni af ríku mönnunum yfir á fátæklingana, þá verð jeg að vera á gagnstæðri skoðun. Tilgangur þessa gjalds er allt annar en sveitarsjóðanna. Stefnan er einmitt sú, að hjálpa mönnum, sem ekki leita til sveitasjóðanna þó bágt eigi. Hjer er um mannrjettinda mál að ræða. Þetta er til þess gjört, að gamlir, lasburða og hrumir menn geti notið fjár, er þeir finna að þeir eiga rjett til, og þurfi ekki að þiggja nauðsynlega lífsbjörg sem náðargjöf, er hafi í för með eptirtölur, álitsrýrð og missi borgaralegra rjettinda.

Háttv. þm. skírskotaði til þingmálafunda í kjördæmi sínu, og kvað menn þar hafa álitið rjettara, að leggja heldur meira fram úr landssjóði, en að hækka gjaldið, Því get jeg vel trúað. Það er almenn stefna hjer á landi að vilja láta landssjóð borga sem mest, en á hinu verða meiri erfiðleikar, að fá peningana inn í landssjóð. Jeg get því ekki gjört mikið úr þeirri ástæðu hins háttv. þm. Hins vegar get jeg fallizt á, að hækka megi tillagið úr landssjóði eins og nefndin hefur stungið upp á.

En svo framarlega sem till. nefndarinnar um að breyta verksviði sjóðanna þannig, að gjöra þá að almennum styrktarsjóðum, er allir hafi aðgang að frá 18 ára aldri, nær fram að ganga, verð jeg að álíta, að með því sje gjörsamlega raskað grundvallarstefnu frumv. Og þó að frumv. að vísu þannig breytt horfi til bóta á því ástandi, sem nú er, þá var það þó allt önnur hugsjón, er vakti fyrir stjórnarráðinu, er það samdi þetta frumv.

Jeg vona því, að svo framarlega sem hin háttv. deild álítur tilgang frumv. rjettan, þá hafni hún till. nefndarinnar um 13. gr.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. N.-Ísf. fann sjerstaklega tvennt að frumv., og þá jafnframt að till. nefndarinnar, fyrst það, að gjöldin væru hækkuð, og í öðru lagi, að gjaldskyldan væri að miklu leyti flutt af efnamönnum yfir á fátæklingana.

Rjett er það að vísu, að gjöldin eru hækkuð, tvöfalt fyrir karlmenn og þrefalt fyrir kvennmenn eða vel það, en honum gleymdist að geta þess, að styrkur sá, er menn eiga von á eptir frumv., er margfalt hærri en eptir alþýðustyrktarsjóðslögunum. Það er ekkert undarlegt, að auknum rjetti fylgi aukin gjöld; þannig er það, og þannig mun það jafnan verða.

Hinu atriðinu, að gjaldskyldan sje með þessu frumv. flutt yfir á fátæklingana, verð jeg alveg að mótmæla. Eptir alþýðustyrktarsjóðslögunum hvíla gjöldin nærri því eingöngu á fátæklingum, sem sje á hjúum og lausamönnum. Nú eru þau aptur á móti flutt yfir á *allar* stjettir, jafnt þær, er í reyndinni aldrei munu fá einn eyri úr sjóðnum, svo sem eru embættismenn, kaupmenn og efnaðir bændur, í stuttu máli allir bjargálna menn. Og í því er einmitt hinn »demokratiski« grundvöllur frumv. fólginn, að allir gjaldi jafnt og hafi jafnan rjett; en í reyndinni verður það svo, að þeir, sem betur eru staddir. hlaupa undir bagga með hinum bágstaddari.

Ekki get jeg gjört mikið úr tilvitnunum sama háttv. þm. til þingmálafundanna í kjördæmi hans. Maður þyrfti að minnsta kosti fyrst að vita, hvaðan sú alda er runnin. Af 11 þingmálafundum, er jeg hjelt í mínu kjördæmi, var að eins á einum einasta vikið að þessari skoðun, er hinn hv. þingm. hjelt fram. Yfir höfuð að tala fara undirtektir þingmálafunda nokkuð eptir því, hvernig málin eru reifð.

Hæstv. ráðherra fannst mjer gjöra

helzt til mikið úr breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. Hann segir sjálfur í athugasemd sinni við 1. gr. frumv. um þá breytingu frá alþýðustyrktarsjóðslögunum, að útilykja frá styrkþágu heilsubilað fólk, er ekki hefur náð sextugu, að það sje fremur orðabreyting en efnisbreyting. En nú, er nefndin leggur til, að færa þetta atriði aptur nær alþýðustyrktarsjóðslögunum, kallar hann það svo mikla efnisbreytingu, að hún raski gjörsamlega grundvelli frumv., og megi teljast mjög svo óráðleg. Hann er hjer í fullri mótsögn við athugasemdir sínar um frv. Jeg get ekki betur sjeð, en að breytingin sje í rauninni ekki mikil, því þegar farið verður að beita þessum lögum, þá er það í lófa lagið fyrir veitingarvaldið, að fylgja þeirri reglu, að láta að öðru jöfnu ellihruma menn sitja fyrir, alveg eins og nú tíðkast.

Hæstv. ráðherra talaði fremur til hjartans en höfuðsins, er hann hjelt því svo fast fram, að styrkurinn ætti að eins að ná til gamalmenna, því að um það geta sannarlega verið deildar meiningar. Sumum mun ef til vill þykja meiri ástæða til, að styrkja unga menn, sem fatlast að ósjálfráðu um lengri tíma. Ungi maðurinn á óbrúkaðan höfuðstól, sínar hraustu hendur, sem hann getur brúkað sjer og landi sínu til nytsemdar. Og það er ekki ósárara og að minnsta kosti ekki óskaðlegra þjóðfjelaginu, að ungur, velvinnandi maður verði að leita sveitarsjóðs fyrir stundarbilun, en þó að gamalmenni verði að gjöra það. Því að unga manninum fer þá opt, eins og lögbrjótnum, sem einu sinni hefur verið hegnt; hann álítur sjer ekki framar uppreistar von.

Hæstv. ráðherra þótti ekki rjett af nefndinni, að vilja fella burt skilyrði 13. gr.; þar til er því að svara, að nefndin heldur aðalskilyrðinu, því, að styrkþegi skuli eiga framfærslurjett hjer á landi. Hin skilyrðin eru sumpart óþörf, skilyrðin undir a og b, en skilyrðið undir c beinlínis ósanngjarnt. Annars má geta þess, að aðalskilyrðinu er í *rauninni* haldið í grein nefndarinnar, þar sem taka á tillit til þess, hvort maðurinn hafi verið »reglusamur og vandaður«.

Skilyrði stjórnarinnar undir b fyrir styrkþágu, að umsækjandi hafi eigi gjört sig að öreiga til hagsmuna fyrir börn sín eða aðra, er svo nauða»ópraktist«, að á það þarf ekki að minnast frekara.

Og þriðja skilyrði stjórnarinnar í 13. gr., að öryrki hafi haft aðsetur hjer á landi 10 síðustu árin áður en hann sótti um styrkinn, er með öllu ranglátt. Setjum t. d. svo, að maður hafi goldið í sjóðinn 2 kr. á ári í 30 ár, fari síðan til Ameríku, dvelji þar 1 ár og komi svo hingað aptur. Það væri fallegt rjettlæti, að útilykja þann mann frá öllum styrk.

Frá sjónarmiði nefndarinnar horfir því málið svo við, að a og b mega missa sig, en c á alls ekki að standa. Jeg veit ekki, hvernig hin háttv. deild tekur í tillögur nefndarinnar, sjerstaklega í tillögur hennar um 13. gr., en það veit jeg, að þegar þetta var athugað í nefndinni, þá var öll nefndin á einu máli um það, að halda greininni þannig lagaðri fram.

Gengi frumv. í nefndinni stóð og fjell með þessari aðal-breytingu, og jeg býst við því, að svo sje það enn.

Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg er samdóma hæstv. ráðh. um það, að fagurt og æskilegt sje, að tryggja elli fólks, svo að það þurfi ekki, að leita til sveitasjóðanna. En mig furðar á því, að hann skuli ekki sjá, hversu ósamkvæmt þessu það er, að gjöldin

skuli lögð á allan almenning. Í annan stað er þess að gæta, hversu margir geti fengið styrkinn. Allir geta að vísu lifað í voninni um að fá styrk, en sjóðirnir geta ekki veitt öllum, sem þörf hafa til þess. Með því móti yrði þá allur fjöldi fátækra manna látinn greiða árlegt gjald, til að tryggja aðra fátæklinga. En í okkar löggjöf nú er það »princípið«, að efnameira fólkið styrki hið fátækara, sem kemur fram í aukaútsvari. En það »princíp«, er nú brotið með þessu frumv., og að því er jeg álít, einnig með alþýðustyrktarsjóðslögunum gömlu. Jeg hef skrifað um það rækilega í blaði, að æskilegt væri, að landssjóður styrkti þessa sjóði, því að það er aðgætandi, að menn verða að sækja til hreppsnefndanna um styrkinn, og yrði það þá eins konar náðarveiting, en margir eru svo lyntir, að þeim mundi þykja leiðinlegt, að þurfa að sækja um þennan styrk, jafnvel eins leiðinlegt og að sækja um sveitarstyrk, þó að þessi styrkur svipti þá ekki borgarrjettindum.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) lagði áherzlu á, að lágmarkið hefði verið fært upp úr 6 kr. í 20 kr. Jeg veit ekki annað, en hreppsnefndum hafi verið fullheimilt að veita meira, enda mundi svo lágur styrkur hafa að litlum notum komið.

Þá gat sami háttv. þm. þess, að á þingmálafundum í vor hefði þetta mál verið lítt rætt; það er eðlilegt, því að almenningi hefur ekki verið það kunnugt fremur en önnur stjórnarfrumv. Auðvitað hefur nú í vor verið nokkur bót frá því, sem áður hefur verið, svo að menn hafa getað kynnt sjer þau fyrir þing, en það er ekki nóg. Fæstir menn í hjeruðum hafa átt hægt að afla sjer vitneskju um þau fyrir þingmálafandi.

En þar sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) kom með getsakir um það, að hann vissi hvaðan aldan væri runnin, er kom fram á þingmálafundi Norður-Ísfirðinga í því, að fundurinn tjáði sig mótmæltan hækkun gjaldsins, þá var jeg auðvitað á móti hækkun gjaldsins, en því mótmæli jeg fyrir hönd kjósenda minna, að menn geti ekki í jafn ljósu og óflóknu máli myndað sjer sjálfstæða skoðun. Það er auðvitað, að í þungum og flóknum málum verða menn að treysta þeim, sem vit hafa á málunum. En í máli, sem jafnmikið snertir hag almennings sem þetta og er jafn einfalt, er það óviðurkvæmilegt að segja, að menn láti leiðast af öðrum.

Ráðherrann: Mig furðar á því, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skuli halda því fram, að með frumv. þessu sje gjöldunum varpað af efnamönnum á fátæklinga. Stefna þess er einmitt þessu gagnstæð. Frumv. fer fram á, að gjöra það gjald, sem áður hefur eingöngu hvílt á hinum efnaminni, að almennu gjaldi. Áður hefur alþýðustyrktarsjóðsgjaldið hvílt á vinnufólki og lausafólki eingöngu, en nú er farið fram á, að það hvíli á öllum, jafnt konum sem körlum, hverrar stjettar sem eru. Það hefði því verið rjettara að segja, að það gjaldið, sem áður hefði hvílt að eins á fátækum, væri nú fært yfir á efnamenn, því að það er sannleikanum nær. Og að efnamennirnir þurfa minni útsvör að greiða, ef þetta kemst á, álít jeg mjög lítið sannleiksbrot, því í fyrsta lagi rennur fjeð eða á að renna til annara en þeirra, sem vanir eru að þiggja fátækrastyrk af sveitarsjóðum, enda er svo guði fyrir þakkandi, að útsvör manna ganga ekki eingöngu nje aðallega til fátækrabyrðar. Sveitarsjóðirnir hafa önnur gjöld uppi að halda jafnframt, vegamál, fræðslu-

mál, almenn sýslugjöld, o. s. frv. Þó þessu fje væri rangvarið til þess að verja sveitarsjóðina, með því að styrkja menn, er liggja við sveit, þá mundi það aldrei höggva stórt skarð í útsvör efnamannanna.

Háttv. framsm. gat þess, að stjórnin hefði sagt í athugas. við frumv., að það væri fremur orðabreyting en efnisbreyting, að styrkurinn væri að eins veittur sextugu fólki eða þar yfir. Meiningin var sú, að hingað til hafa peningar verið svo litlir, að naumast hefur verið neitt til handa öðrum, en gamalmennum. En er upphæðin vex, er úthluta má, getur orðið um verulega efnisbreyting að ræða með þessari takmörkun, Hinsvegar mætti færa aldurstakmarkið niður síðar, þegar sýnt er, hvernig lögin verða í framkvæmdinni.

Annars hættir oss Íslendingum ætið við, að dreifa kröptunum of mikið. Oss hættir til að vera of marglátir, of brjóstgóðir, vilja sinna öllum, píra sinni ögninni í hvern, en svo verða stundum agnirnar svo smáar, að þær koma ekki að tilætluðum notum. Af slíkum brjóstgæðum hlýzt opt ógagn. Það er opt nauðsynlegt, að geta takmarkað sig, hafna sumu, að minnsta kosti í bráð, til þess að geta með meira krapti snúið sjer að öðru og framkvæmt og leitt til lykta eitthvað, sem veigur er í.

Þetta vakti fyrir stjórninni, þegar hún setti ellistyrkstakmarkið 60 ár; hún taldi, að með því mundi styrksins verða fyllri not, þar sem hann kemur niður, heldur en ef honum væri mjaltað út til margra, og enginn fengi svo mikið, að hann munaði verulega um það.

Jeg verð þó að játa, að þó að jeg áliti, að till. hv. nefndar skemmi frv., þá eru þær þó bót frá núgildandi lögum. En það verð jeg að taka fram, að ef menn una því ekki, að takmarkið sje 60 ár, þá er betra, að færa það niður t. d. í 50 ár, heldur en að gjörbreyta ákvæðum frumv. um úthlutun styrksins. Jeg get ekki búizt við því, að gjaldið verði vinsælla fyrir það, þó ungum mönnum sje gefinn rjettur til að fá styrkinn, ef þeir alls ekki geta átt von á, að fá neitt af honum, eins og mjer helzt skildist á háttv. framsm. Það yrði þá að eins rjettindi á pappírnum og vonbrigðin mundu naumast gjöra lögin vinsælli. Mjer er nær að halda, að lögin yrðu þvert á móti óvinsælli, ef þeir við framkvæmd þeirra þættust fá ástæðu til að skoða ákvæði þeirra sem hyllingar einar, sem í engu væri treystandi.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það er öllum ljóst, að þetta mál er mikilsvert og varðar almenning mjög miklu. Því að með því er eigi að eins bent á nýja frumreglu í forsorgun alþýðumanna, heldur eru og lagðar á almenning persónulegar kvaðir, sem margir hafa ekki borið áður. Að minni hyggju hefði því verið æskilegra, að alþýða manna, sem gjöldin á að bera og því varðar mestu framkvæmd þessa máls, hefði átt betri kost á að hugleiða málið, áður að lögum yrði. Mjer er næst að halda, að málefni þessu hefði verið fullt svo vel borgið, ef þess hefði verið kostur að ræða það meðal almennings um lengri tíma, en nú hefur kostur á verið, frá því að frv. kom út skömmu fyrir alþingistímann.

Það virðist liggja hjer í landi, að öll persónuleg gjöld eru fremur óvinsæl. Þannig var því einnig farið í fyrstu um alþýðustyrktarsjóðsgjaldið, og það orð ljek á, að á sumum stöðum hefði það dregizt um nokkur ár, frá því er lögin gengu í gildi, að gjald þetta væri

innheimt og sjóðir kæmust á fót. En illa væri það farið, ef sú yrði einnig afleiðing af, að hrapa að því, að ráða þessu máli til lykta. Því verður og eigi neitað, að hjer er farið fram á mikla hækkun á þessu gjaldi. Það er sett 100% hærra á karlmönnum og meira en 200% hærra á kvennmönnum. Þar við bætist, að gjaldskyldan er færð út, svo að eptir frv. er ætlazt til, að allir menn frá 18—60 ára aldurs sjeu gjaldskyldir, að örfáum undanteknum, sem annaðhvort eru á sveit eða heilsulausir. Þetta eru miklu þrengri takmörk, heldur en nú gilda um gjaldskyldu til styrktarsjóðanna.

Með breytingu þeirri, sem nefndin leggur til að gjörð sje á 13. gr., þá virðist mjer koma fram stefnumunur frá frumv. stjórnarinnar. Mjer virðist stjórnarfrumv. ætlast til, að úthlutun styrksins úr sjóðum þessum eigi að vera nokkurs konar eptirlauna kvittun fyrir ellihruma og heilsubilaða fátæklinga. En nefndin gjörir þetta viðtækara, einkum með því að færa aldurstakmarkið niður í 18 ár, og mjer virðist breytingar hennar stefna að því, að styrkurinn verði hafður til þess, að ljetta undir sveitarsjóðunum og fátækraframfærslunni.

Jeg vil bæta því við, að þessi ágreiningsatriði eða stefnumunur milli nefndar og stjórnar hafa mikla þýðingu fyrir framkvæmdina. Ef þetta eiga að vera nokkurs konar eptirlaun, þá verður frumv. að sníðast í það horf, að þetta verði föst laun, sem menn geti gengið að vísum. Hinn hæstv. ráðh. talaði um það, hve sorglegt það væri, að sjá gamalt fólk, sem búið væri að slíta sjer út á stritvinnu alla sína æfi, neyðast til þess að sækja um styrk, sem svipti það borgaralegum rjettindum. En það er því leiðinlegra, að það skuli þá ekki geta átt styrkinn vísan, skuli þurfa að sækja um hann; skuli þurfa að eiga það undir ýmsum atvikum og mati hreppsnefnda, hvort það fái nokkurn ellistyrk eða engan.

Jeg tek það aptur fram, að eptir tillögum nefndarinnar, þá verður þetta nokkurs konar stuðningur til þess að ljetta af sveitarstyrknum; og frá því sjónarmiði er það eðlilegt, að hafa ekkert aldurstakmark. Jeg hallast yfirleitt að tillögum nefndarinnar. En eitt er það, sem jeg vildi vekja athygli á. Í 11. gr. stendur: »í kaupstöðum og hreppum *skal* útbýta $^2/_3$ af gjöldunum, sem greiðast til sjóðsins, og $^1/_2$ af landssjóðsstyrknum og vöxtunum«. Er ekki hjer með fyrirskipað, að úthluta styrknum, hvort sem sótt er um hann eða ekki, hvort sem nokkur í hreppnum er þurfandi fyrir hann eða ekki? Eða hvað á þá að gjöra? Ef þessi sjóður á að styðja sveitirnar, þá ætti kannske að geyma það sem umfram er umsóknir sem varasjóð, þangað til þörf væri á að úthluta meiru.

Í 14. gr. er til tekið, hvenær eigi að sækja um styrkinn, og í 15. gr., hvenær hann eigi að veitast; en það er ekkert tiltekið um það, hvenær umsóknirnar og veitingin eigi að sendast til sýslumanns, eða hvenær hann skuli borga styrkinn. Það hefði átt að taka það upp úr gömlu lögunum, að landsstjórnin setti nákvæma reglugjörð um það, hvernig á að framkvæma þessi og ýms önnur ákvæði. Að þessu vildi jeg leiða athygli hinnar háttv. deildar.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Jeg stend aðallega upp til þess að gjöra fyrirspurn til nefndarinnar, sem fjallað befur um þetta frv. og til hæstv. ráðh. En fyrst skal jeg leyfa mjer í fám orðum að lýsa afstöðu minni til málsins í heild sinni. Jeg get sagt, að jeg sje þessu

frumv. fylgjandi í öllum aðalatriðum. Frumv. hefur auðvitað þann galla, sem bent var á við 1. umr., eins og alþýðustyrktarsjóðslögin nú, að þeir sem gjalda í sjóð þennan, hafa enga tryggingu fyrir því, að þeir fái sjálfir að njóta styrks úr honum. Þetta frumv. er byggt á þeirri grundvallarhugsun, sem kom fram á þinginu 1901 í áliti nefndar þeirrar, sem þá hafði málið til meðferðar, og undirbjó skipun milliþinganefndar í fátækra- og sveitarstjórnarmálum.

Nefndin 1901 benti, eins og sumir háttv. þm. ef til vill muna, á fleiri en eina leið til þess, að hjálpa öryrkjum og gamalmennum. Hún benti á stofnun *Tryggingarsjóðs* eða á það að efla alþýðustyrktarsjóðina, eða að stofna *styrktarsjóði* fyrir ellihruma á þann hátt. Til þess ætlaðist nefndin, að landssjóður legði styrk til, hver leiðin sem kosin yrði; það má færa hverju um sig margt til gildis. Milliþinganefndin hefur hallazt að tryggingarsjóðnum (frv. Páls sál. Briems), en stjórninni hefur þótt heppilegra að stofna styrktarsjóði. Jeg sem formaður og frsm. nefndarinnar 1901, jeg lít nú á þetta mál alveg eins og þá, og vil þess vegna styðja frumv. Auk þess get jeg vitnað í yfirlýsingu kjósenda minna, að þeir eru mjer alveg samdóma í þessu.

En fyrirspurn, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra, er út af 8. gr. frumv. Hvernig stendur á, að stjórnin heldur áfram í þá skökku stefnu, að demba þessum störfum á sýslumenn, þar sem þau í raun rjettri væru betur komin í höndum alþýðumanna? Jeg sje ekki, að það sje til annars, en tefja sýslumenn að óþörfu, og spilla dýrum vinnukrapti í landinu. Þetta mál var í upphafi vega sinna falið hreppstjórum, og það var rjett. Það var fyrstu árin kvartað undan því, að hreppstjórum færi ekki sem bezt úr hendi reikningshaldið yfir alþýðustyrktarsjóðina. En það er orðin mikil breyting á bæði þessu máli og hreppstjórunum síðan 1891; þá voru lögin ný og óþekkt og ekki allstaðar vinsæl. Nú er allt öðru máli að gegna, nú verða þessi lög eflaust vinsæl, fyrirkomulagið er öllum orðið kunnugt, og hreppstjórar munu nú betur geta leyst þessi störf af hendi, en 1891. Hvað er þá því til fyrirstöðu, að hreppstjórar taki þetta mál að sjer? Mjer finnst það liggja næst, að byrja hjer á þeirri breytingu, að fela alþýðumönnum fleiri störf, en þeir hingað til hafa haft; því það er hreinn óþarfi, að vera að kasta þessum nauða óbrotnu verkum á sýslumennina, þar sem aðrir menn geta eins vel gegnt þessum starfa, sem eru miklu ódýrari. Og svo þegar þessi störf tífaldast, og ábyrgðin og fyrirhöfnin eykst að sama skapi, þá er borgunin til sýslumanna fyrir innheimtu, ábyrgð og reikningshald færð niður um fullan helming.

Þess vegna vil jeg spyrja í fám orðum: Hvernig stendur á því, að hreppstjórar eru ekki látnir hafa þessa innheimtu á hendi? og hvernig rökstyður stjórnin það, að borgunin er færð niður um helming, en segir um leið í athugas. við 8. gr. frumv., að hjer sje um enga breytingu að ræða?

Ráðherrann: Jeg get svarað háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) í fám orðum. Það eru gildandi lög, að sýslumenn innheimti nú alþýðustyrktarsjóðsgjaldið, og stjórnin hefur ekki sjeð nægа ástæðu til að breyta því, þó gjaldið væri útvíkkað og aukið. Að því, er snertir innheimtulaunin, þótti stjórninni ástæða að taka til greina, að nú verður upphæðin svo miklu hærri en áður, að 2% af henni verða mikið meira en 4% af þeim gjöldum,

sem áður voru innheimt til alþýðustyrktarsjóðsins; og svo þótti ástæða til að spara sem mest fyrir sjóðina. Lækkunin á innheimtulaununum er þó stjórninni ekkert kappsmál.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hafði ekki trú á þessum nýju till. nefndarinnar. Hann sagði, að þær væru ekki til annars en þess, að gefa öllum von um styrk, en fáum styrkinn sjálfan. Það er eins og hann hafi ekki tekið eptir því, að gjöldin til sjóðanna aukast afarmikið. Til að sannfærast um þetta, þarf ekki annað en að bera saman það, sem nú er goldið í alþýðustyrktarsjóðina og það, sem gjalda á í öryrkjasjóðina. Til alþýðustyrktarsjóðanna eru að eins hjú og lausamenn gjaldskyld og eptir upplýsingum, sem mjer berast í þessu augnabliki, nema árstekjur allra þeirra sjóða nú að eins 6,489 kr. Í frumv. stjórnarinnar eru gjaldskyldir karlmenn til ellistyrktarsjóðs taldir 17,000 en kvennmenn 19,000. Eptir till. stjórnarinnar og viðauka nefndarinnar, verðu tekjur öryrkjasjóðanna aptur á móti þessar:

Árgjald 17,000 karlm. 34,000 kr.
Framlag landssjóðs
fyrir þá . . . . . 17,000 — 51000 kr.
Árgj. 19000 kvenna 19,000 kr.
Tillag landssjóðs
fyrir þær . . . . . 9,500 — 28,500 kr.
Eða saman lagt fyrir karla
og konur alls: . . . . . 79,500 kr.

Á þessu getur háttv. þm. N.-Ísf. sjeð, hve miklum mun meira öryrkjasjóðirnir geta miðlað fátæklingum en alþýðustyrktarsjóðirnir nú. Það er hvorki meira nje minna en 12 sinnum meira.

Það er því engin ástæða til þess að tala um vonbrigði, og það er þannig fullkominn misskilningur hjá hæstv. ráðh. og háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.), að almenningur hafi eptir till. okkar að eins von um að fá styrk á pappírnum. Jeg býst að vísu við, að, að öllu öðru jöfnu, verði hinir eldri látnir sitja fyrir; en það er auðsjeð, að eptir því, sem tekjur sjóðanna hækka, eptir því geta fleiri notið styrks úr þeim. Og það er því síður ástæða til örvæntingar fyrir hönd hinna yngri manna, sem það er, sem betur fer, ótítt, að ungir menn verði öryrkjar til langframa.

Háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) taldi það ókost, að sækja yrði um styrk þennan til hreppsnefndar og bjóst við, að styrkurinn mundi verða veittur og skoðaður sem nokkurs konar náðargjöf, en til þessara athugasemda liggja þau svör, að hreppsnefndir veita nú styrk úr alþýðustyrktarsjóðum, og að frumv. ætlast allstaðar til þess, að styrkurinn skuli veittur, þegar um hann er sótt og lögmælt skilyrði eru fyrir hendi.

Að vísu er ekki við því að búast, að allir, sem um styrkinn kynnu að sækja, geti fengið hann. Það er ekki lögunum að kenna, heldur því einu, að sjóðirnir hafa *takmarkaðar* tekjur og geta því ekki veitt ótakmarkaða hjálp, sízt fyrst um sinn meðan þeir eru að álnast.

Hæstv. ráðh. heldur því enn fram, að breyting nefndarinnar á 13. gr. sje stórmikil efnisbreyting, en segir þó í athugasemdum sínum um 1. gr. frv. Með leyfi hæstv. forseta:

»Auk þess að styrktarsjóðunum er ætlað að ná til allra landsmanna, er í gr. þessari gjörð sú efnisbreyting frá lögum um styrktarsjóði alþýðufólks 11. ágúst (á að vera 11. júlí) 1890, að styrkur úr sjóðunum er að eins ætlaður fólki, sem komið er yfir sextugt, en áður mátti veita bæði heilsubiluðu

og ellihrumu alþýðufólki styrk. En *þetta* er frekar *orðabreyting* en efnisbreyting, því sjóðirnir komast ekki yfir að styrkja alla þessa menn, og mundu þá gamalmennin, eins og hingað til, verða látin sitja í fyrirrúmi.«

Hjer kallar hæstv. ráðh. það orðabreyting, að breyta alþýðustyrktarsjóðslögunum í þá átt, að láta heilsubilaða sitja hjá, en veita styrkinn að eins ellihrumum. En þegar nefndin vill hverfa aptur að alþýðustyrktarsjóðslögunum og veita styrkinn bæði heilsubiluðum og ellihrumum, þá á þetta allt í einu að vera orðin stór efnisbreyting!

Um hitt þarf ekki orðum að eyða, að lögin mundu verða vinsælli, ef till. nefndarinnar um að veita fleirum von um styrk en stjórnarfrumv. gengju fram. Það er deginum ljósara, að maður leggur fremur fram fje, ef maður á von um að fá eitthvað fyrir það, en ef lítil eða engin von er til þess.

Út af því, sem háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) sagði, að þjóðin hefði ekki haft langan tíma til þess, að ræða þetta mál, þá skal það að vísu játað, en slíkt er ekkert óvanalegt. Jeg veit ekki betur, en að tollum og kvöðum hafi opt rignt yfir menn án þess að þjóðin hafi átt kost á því, að segja álit sitt um þá. Hjer er þó sú bót í máli, að frumv. þetta er orðið kunnugt almenningi fyrir nokkrum mánuðum, enda hafa vafalaust margir þingmenn, altjent við þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) borið það undir kjósendur okkar. Og hjer er auk þess ekki að ræða um skatt í venjulegum skilningi, heldur um nokkurs konar iðgjald eða ábyrgðargjald, sem gjaldandi fær endurgoldið sjálfur í styrk, verði hanu styrkþurfi.

Háttv. þm. spurði, hvort það mundi verða álitið rjett, að veita styrk úr sjóðunum, án umsóknar. Vafalaust ekki. Það er allstaðar gjört ráð fyrir því í lögunum, að sótt sje um styrkinn, enda er það eigi til of mikils mælzt, þótt menn verði að segja til þurftar sinnar.

Út af orðum háttv. þm. um, að rjett væri að stjórnin setti reglugjörð um úthlutun styrksins, get jeg lýst því yfir, að jeg er þar alveg á sama máli, enda munu ákvæði þar að lútandi hafa fallið úr frumv. fyrir vangá stjórnarinnar. Það stendur í alþýðustyrktarsjóðslögunum. Og nefndinni hefur skotizt yfir að taka það upp.

Annars er jeg þakklátur háttv. þm, fyrir það, að hann er heldur með till. nefndarinnar, en móti þeim, og er honum alveg sammála um, að afleiðing af tillögum nefndarinnar muni leiða til mikillar minnkunar á fátækrabyrðinni, enda þó að það væri ekki beint tilgangurinn. Og er sú góða afleiðing enn ein ástæða til að lögleiða þessar góðu tillögur.

Að endingu skal jeg taka það fram, að það er ekki alls kostar rjett, sem stendur í aths. stjórnarinnar við 8.—12. gr., sem sje, að ákvæði þeirra greina sjeu í fullu samræmi við gildandi lög um alþýðustyrktarsjóði, því að eptir þeim lögum hafa sýslumenn 4% í innheimtulaun, en ekki 2%, eins og þeim nú er ætlað. Háttv. þm. V.-Sk. þarf jeg ekki að svara. Hæstv. ráðh. hefur gjört það.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þ.): Jeg hef hjer að vísu litlu að bæta við það, sem háttv. framsm. sagði, en þó vildi jeg víkja dálítið að ræðu hæstv. ráðh. af því að mjer finnst hann gjöra ofmikið úr breytingum nefndarinnar.

Auðvitað stöndum við hjer auðum höndum, hvað það snertir, að vita um tölu öryrkja á öllu landinu á ýmsum aldri, og þá einkum tölu fátækra öryrkja. En úr því hæstv. ráðh. vill ganga inn á 50 ára aldurstak-

markið, þá skil jeg ekki annað, en tiltölulega lítill hluti fátækra öryrkja sje fyrir neðan það takmark. Þeir, sem eru taldir öryrkjar, eru þeir menn, sem ekki geta unnið fyrir framfæri sínu, og þeir mundu langflestir verða yfir 50 ára. Og þegar þess er gætt, að nefndin leggur það til, að tekjur sjóðsins hækki um fullar 9,000 kr., eða að nál 8. parti, þá vegur þessi viðbót upp á móti allmiklum flokki fátækra öryrkja, og mjer þykir furða, ef mikið meira en 1/8 af öryrkjum landsins verður fyrir neðan 50 ára aldur. Fyrir norðan hef jeg einmitt heyrt þeirri aðfinningu hreyft við þetta frumv., að aldurstakmarkið væri of hátt, það er að segja, ef nokkurt aldurstakmark ætti að vera.

Þá þykir mjer ráðh. í öðru lagi gjöra of lítið úr því, sem sjóðurinn hefur úr að miðla. Það er í raun og veru ekkert smáræði. Það er að vísu ekki mikið, sem alþýðustyrktarsjóðirnir geta gjört nú, en þó má hjálpa nokkrum með því, að minnsta kosti hefur verið talsverð hugnun að því í sumum sveitum, Nú er samkv. skýrslum úthlutað um 5,000 kr. á ári, en eptir stjórnarfrumv., að viðbættum till. nefndarinnar, ættu að koma til útbýtingar 55,000 kr. þegar á fyrsta ári. Það verður með öðrum orðum meira en tífalt hærra, en nú á sjer stað. Og nú getur orðið vafamál, hvort eigi að útbýta öllu í sumum sveitum, þar sem eru fáir öryrkjar. Þetta atriði gæti verið ástæða til athugunar við 13. gr., þar sem stendur svo: »styrk þann er úthluta *skal* ár hvert«, o. s. frv.

Í þriðja lagi vildi jeg benda á, að það vakti fyrir nefndinni, að þetta ætti að vera vísir til annars meira, spor til áframhalds í áttina frá alþýðustyrktarsjóðunum að því takmarki, að fyrirbyggja örbyrgð í landinu, fyrirbyggja það, að einstakir menn þurfi að líða örbyrgð, sult og seyru fyrir óviðráðanlegar orsakir. Og jeg tel engan vafa á því, að þetta ætti að geta myndað góða undirstöðu undir þá sjóði, sem væru þess megnugir.

Ráðherrann: Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði um orðin: »skal úthluta«, skal jeg taka það fram, að þau verða að mínu áliti ekki skilin öðru vísi en svo, að það sje skylda, að láta styrkinn af hendi, ef menn eru í umdæminu, sem fullnægja skilyrðunum. Jeg álít rjett, að þetta sje einmitt þannig ákveðið, því að hitt, að segja, að úthluta *megi*, gæti gefið tilefni til þess, að farið yrði með styrkveitinguna eins og náðarsök, eða líkt og sveitarstyrk. Menn eiga einmitt að geta haft hina tilfinninguna, að það sje rjettur, en ekki náð, að fá styrkinn.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg skal að eins taka það fram, að jeg hef skilið svo þessi orð, sem hæstv. ráðherra minntist á, að því að eins skuli úthluta fjenu, að umsóknir komi fram. Það er allstaðar í frumv. gjört ráð fyrir því, að sótt sje um styrkinn.

Fleiri tóku ekki til máls og var þá gengið til atkvæða.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. 1. málsgr. samþ. með 15 atkvæðum á móti 6.

2. breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. 2. málsgrein, samþykkt með 14 atkv. á móti 2.

1. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv.

3. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. 1. málsgrein samþ. með 15 atkv.

4. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. málsgrein c. samþykkt með 17 atkv. á móti 7, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Björnsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Skúli Thóroddsen,
Hermann Jónasson,	Þórh. Bjarnarson.
Jóhannes Ólafsson,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánss., Eyf.,	
Tryggvi Gunnarss.	

2. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv.

5. breyt.till. við 3. gr. samþ. án atkvgr.

3. gr. breytt samþ. með 15 atkv.

6. breyt.till. við 4. gr. 1. lið samþ. með 13 atkv.

2. liður samþ. án atkv.gr.

3. liður samþ. með 16 atkv.

4. liður samþ. með 15 atkv.

4. gr. breytt samþ. með 15 atkv.

7. breyt.till. við 5. gr. 1. málsgr. sþ. án atkvgr,

5. gr. breytt samþ. með 16 atkv.

8. breyt.till. við 6. gr. 1. lið samþ. án atkvgr.

2. liður sömuleiðis.

3, liður samþ. með 16 atkv.

6. gr. breytt samþ. með 16 atkv.

9. breyt.till. við 7. gr. 1. lið samþ. án atkvgr.

2. liður sömuleiðis.

3. liður samþ. með 16 atkv.

4. liður samþ. með 16 atkv.

5. liður samþ. án atkvgr.

6. liður samþ. með 14. atkv.

7. gr. breytt samþ. með 16 atkv.

10. breyt.till. við 8. gr. samþ. án atkv.gr.

8. gr. breytt samþ. með 17 atkv.

11. breyt.till. við 9. gr. samþ. án atkv.gr.

9. gr, breytt samþ. með 17 atkv.

12. breyt.till. við 10. gr. samþ. án atkv.gr.

10. gr. breytt sþ. með 17 atkv.

13. breyt.till. við 11. gr. samþ. án atkv.gr.

11. gr. breytt sþ. með 17 atkv.

14. breyt.till. við 12. gr. samþ. án atkv.gr.

12. gr. breytt sþ. með 17 atkv.

15. breyt.till. við 13. gr. samþ. með 15 atkv.

13. gr. breytt sþ. með 15 atkv.

16. breyt.till. við 14. gr. samþ. án atkv.gr.

14. gr. breytt sþ. með 13 atkv.

17. breyt.till. við 15. gr. samþ. með 18 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Guðm. Björnsson,
Björn Kristjánsson,	Jóhannes Ólafsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Einar Þórðarson,	St. Stefánsson, Eyf.,
Guðl. Guðmundss.,	Þórh. Bjarnarson.
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ól, Thorlacius.	
Pjetur Jónsson,	
Tr. Gunnarsson.	

Hannes Hafstein og Skúli Thóroddsen greiddu eigi atkvæði, og töldust því með meiri hlutanum.

15. gr, sþ. með 16 atkv.

18. breyt.till. við 16. gr, samþ. án atkv.gr.

16. gr. breytt samþ. með 16 atkv.

17. — — — 16 —

Frumv, vísað til 3. umr. með 16 atkv. gegn 3.

Á 35. fundi Nd,, miðvikudaginn 28. águst, kom frumv. (A. 373, 395, 404) til 2. umr.

Forseti (Magnús Stephensen): Við þetta frumv. er breyt.till., og er flutningsmaður hennar ekki viðstaddur. Hann hefur því óskað þess, að það yrði tekið út af dagskrá. Það vil jeg ekki gjöra upp á mitt eindæmi, með því að það hefur verið tekið út af dagskrá áður.

Vil jeg því bera þetta undir atkvæði deildarinnar.

Samþykkt að taka málið út af dagskrá með 16 atkv.

Á 36. fundi Nd., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frumv. (A. 373, 395, 404) til 3. umr.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf): Jeg hef ekkert að segja annað en það, að nefndin mælir auðvitað fram með tillögu sinni á þgskj. 404. Sú tillaga er tekin upp eptir tilmælum háttv. þingm. N.-Þing. (Á. J.) Hún hafði fallið úr, og enda stjórninni sjest yfir, að taka hana upp í frumv. sitt.

Út af tillögu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), þá skal jeg að eins geta þess, að nefndin leggur öll á móti henni. Að öðru leyti ætla jeg að bíða með það, að mæla frekar móti henni, þar til jeg hef heyrt ástæður háttv. þm. fyrir henni.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra nokkrar spurningar, viðvíkjandi þessu frv., því að nefndarálitið er stutt og ekki vel fallið til þess að skýra málið.

1. Hvað miklu mun það nema, sem landssjóði er ætlað að horga eptir 1. gr. frv.? Það er í mínum augum mjög óljóst.

2. Hvað er öryrki? Það kann ef til vill að þykja heimskulega spurt. Einhver ákveðin merking verður að vera lögð í orðið, og það vil jeg vita, sjerstaklega í sambandi við 11. gr., þar sem ákveðið er, að svo og svo miklu fje *skuli* úthlutað. Hugsanlegt er, að í sumum hjeruðum verði enginn öryrki, þar væri þá gat í lögin, þó að líklega mætti hugsa sjer, að ef engum væri veittur styrkurinn, legðist hann við stofnupphæðina.

Þetta var það, sem jeg vildi fá skýringu á, áður en til atkv.gr. kemur. En úr því að jeg stóð upp, skal jeg víkja að öðru.

Jeg er á sama máli sem nefndin um það, að brt. háttv. þm. V.-Ísf. (J. Ó.) stefni að því að setja sjóðinn á landssjóð. En jeg er algjörlega mótfallinn því, að landssjóður verði fátækrasjóður. Eptir því, sem meira af fátæku fólki kemst á landssjóð, eptir því ljettir á sveitunum. Ef hún hefði gjört landssjóðstillagið lægra, þá væri öðru máli að gegna um hana. Það að láta kvennmann gjalda 30 aura í tryggingarsjóð er beint hlægilegt eptir því kaupgjaldi, sem nú tíðkast.

Aptur eru ákvæði frumv. í sumum greinum allhörð. T. d. hjón, sem eiga mörg börn, ala þau vel upp og kosta kapps um að gjöra þau að nýtum mönnum, það er hart, að þau þurfi að gjalda í sjóðinn jafnframt því, sem þau ala börnin upp. Sama er að segja um vinnukonur, sem framfæra börn. Jeg þekki vinnukonur, sem eiga börn og framfæra þau einar. Það

væri nokkuð hart, að taka 1 kr. af svo lágu kaupi, sem slíkar vinnukonur hafa, þó að kaupgjald sje nú orðið hátt víðast hvar.

En aðalatriðið fyrir mjer er þetta, hvað á landssjóður að borga? Til þess að vita það þarf að gjöra skýrslur og áætlanir, sem byggja má á. Og svo þarf að vita, finnst mjer, hvað margir þessir svo kölluðu öryrkjar eru, til þess að ákveða nær hófi um tillög til sjóðsins.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Af því að jeg talaði svo langt mál í dag, get jeg með góðri samvizku verið stuttorður nú. Þessar upplýsingar, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) bað um, voru gefnar við 2. umr., en jeg skal fúslega endurtaka þær. Í stjórnarfrumv. er gjört ráð fyrir, að á landinu sje 17,000 gjaldskyldir karlmenn, en 19,000 kvennmenn. Stjórnin ætlaðist til, að landssjóður legði fram 50 aura fyrir hverja gjaldskylda persónu, svo að tillag landssjóðs yrði þá eptir því 18,000 kr.

Nefndinni þótti rjettara að hækka gjaldið um 50 aura fyrir hvern karlmann, og yrði þá framlag landssjóðs helmingur af árgjaldi karls og konu, eða alls fyrir bæði kynin 26,500 kr. á ári hverju.

»Öryrki« er að vísu ekki gamalt orð, það er: að minnsta kosti líklega í lagamálinu. Það er myndað á sama hátt og »örendur« og »öreigi«. »Öryrki« táknar eptir því mann, sem er úr yrkju eða frá verki. Jeg held, að það hugtak sje nokkurn veginn ákveðið.

Jeg er háttv. þingm. sammála um breyt.till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.); þær geta ekki komið til mála, en jeg geymi að mótmæla þeim, þangað til hattv. þm. talar fyrir þeim.

Háttv. þingm. þótti lögin hörð og gjaldið koma of hart niður á vinnukonum, er hefðu börn í eptirdragi. Það er ekki hægt, að undanskilja barnamennina, enda geta þeir gjört sjer von um, að njóta styrks úr sjóðunum fyrir sjálfa sig eða uppkomin börn þeirra. Og ef til vill mætti undanskilja einstaka fátæklinga, er hefðu ómaga. En yfirleitt er 1 kr. gjald á viunukonu ekki of hátt, enda kannaðist háttv. þm. við það, að kaup þeirra hefði stigið mjög á síðari árum, og það stígur víst enn meir.

Sjálfur hef jeg orðið að borga vinnukonum um og yfir 100 kr. síðastliðin ár, en fyrir 3—4 árum ekki nema 40—50 kr., og jeg vil benda öllum háttv. þm., sem þykir gjaldhæðin of mikil, á, að það er ekki eins og fólkið kasti þessu í sjóinn; það er mikið, sem það getur átt von á í aðra hönd. Sjóðurinn er ekki að eins fyrir ellihruma, heldur er hann líka eins konar sjúkrasjóður eða vátrygging fyrir þá, sem á vinnandi aldri falla í valinn. Erlendis eru sjúkrasjóðir algengir og þykir því gjaldi, sem í þá er greitt, vel varið, enda er það gjald einskonar iðgjald fyrir vátrygging. (*Jón Jónsson*, Eyf.: 11. grein). Já, jeg hafði nærri gleymt 11. gr., en jeg tók það fram við 2. umræðu, að frumv. byggir allstaðar á umsókn. Ef enginn sækir, þá er sjálfsagt, að fjeð rennur í sjóðinn. (*Guðm. Björnsson*: En ef einn sækir?) Þá fer styrkupphæðin eptir mati á högum umsækjanda. Sje þörf hans mikil, fær hann alla úthlutunar-upphæðina, eða svo mikið af henni, sem með þarf. Hitt, sem um fram er, verður kyrt í sjóðnum.

Skúli Thoroddsen: Mjer þykir leitt, að breyt.till. mín hefur ekki fengið betri byr hjá nefndinni og háttv. þm. Sfjk. (J. J.). Satt að segja þarf jeg þó ekki að mæla fyrir henni að þessu sinni af því, að jeg gjörði það all-

ítarlega við síðustu umr. Jeg hef þá skoðun, að efnahag almennings sje svo háttað, að hann geti ekki goldið há, bein gjöld, enda eru bein gjöld yfirleitt mjög óvinsæl, t. d. gjöld til prests og kirkju, sýsluvega- og hreppavegagjald, og hundaskatturinn. Jeg álít því rjett, að hafa þetta gjald óbreytt eins og alþýðustyrktarsjóðsgjaldið. Þegar litið er t. d. á það, að vinnukonukaup utan kaupstaða er ekki nema 50—60 kr., þá er það naumast meira en svo, að þær geti klætt sig sómasamlega, og að taka 1 kr. af þessu litla kaupi, það er þungur skattur, og það því fremur, sem ekki er víst, að þær verði nokkurn tíma nokkurs styrks aðnjótandi, og eiga allt undir náð hreppsnefndarinnar, ef þær þurfa á styrknum að halda. Jeg tók það fram við 2. umr., og tek það fram að nýju, þótt það sje leiðinlegt, að þurfa að endurtaka, að aðalástæðan til þess, að jeg vil ekki hækka gjaldið, er sú, að jeg álít ekki rjettlátt, að láta fátæklinga greiða jafnhá gjöld til þess að tryggja stjettarbræður sína. Það er sama sem að ljetta gjöldum af efnamönnunum, og leggja þau á fátæklingana, því að að því skapi, sem öryrkjasjóðirnir eflast, verða þeir æ færri og færri, sem þurfa að leita til sveitarsjóðanna. Aðrir fá ekki styrkinn, en þeir, sem sveitarsjóðirnir annars hefðu þurft að styrkja; en aukaútsvörunum er jafnað niður eptir efnahag manna og þess vegna er ljett gjöldum af efnamönnunum, en þyngt á fátæklingunum, ef alþýðustyrktarsjóðsgjöldin eru hækkuð svo sem frumv. fer fram á.

Þar sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) gat þess, að rjettast væri að taka landssjóðsgjaldið burtu, þá get jeg eigi talið það rjett, þegar þess er gætt, að gjaldmátinn til sjóðanna hefur í raun og veru aldrei verið rjettlátur.

Alþýðustyrktarsjóðsgjaldið mæltist heldur ekki vel fyrir í fyrstu, þó að menn sjeu nú farnir að þola það möglunarlaust eða möglunarlítið; en óánægjan byrjar á ný, ef þetta gjald er hækkað.

Jeg ætla svo ekki að fara um þetta fleirum orðum, en jeg vona, að ýmsir deildarmenn sjeu svo sanngjarnir, að styðja till. mína, þó að nefndin hafi ekki verið henni samþykk.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Ef till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) nær fram að ganga, þá missa þessir sjóðir ekki svo lítinn spón úr aski; þeir fá þá 30,300 kr. minna en frumv. fer fram á. Ef þetta verður ofan á, þá er jeg samdóma h. þm. Sfjk. (J. J.), að þá beri líka að taka landssjóðstillagið burtu og þá situr allt við sama keip og nú. Því það er sannarlega ekki ástæða til fyrir landssjóð, að hjálpa þeim, sem ekki vilja hjálpa sjer sjálfir.

Jeg þekki engin bein gjöld til sýslusjóðs. *(Skúli Thóroddsen:* Sýsluvegagjald.) Það er ekki beint gjald. Það gelzt sýslusjóði úr hreppssjóði, rjett eins og regluleg sýslusjóðsgjöld. Prestsgjöldin eru illa sjeð, það er rjett, en þau koma inn fyrir því, enda er allt öðru vísi ástatt um þau, en árgjöld þau, sem hjer er um að ræða. Gjaldandi fær ekkert áþreifanlegt fyrir dagsverkið og lambsfóðrið, en hjer á hann von á álitlegum styrk í elli sinni eða veikindum.

Jeg skil ekki, því er verið að fárast um, þó vinnukona borgi 1 krónu á ári. Er það ekki mikils virði fyrir hana, að geta tryggt sjer að komast hjá vonarvöl, ef sjúkdóm ber að höndum hennar? Henni er nær að borga eina krónu til þess, heldur en að fleygja út mörgum krónum fyrir hanzka og

annað búðarglingur. Og alveg er mjer óskiljanleg þessi látlausa upptugga þm. á því, að hjer sje verið að lækka gjöld á efnamönnum en hækka á fátæklingum; þetta getur háttv. þm. boðið mönnum á þingmálafundum, en hjer stoðar það ekki, enda búið að marghrekja þessa langloku.

Frumv. gjörir *alla* gjaldskylda til sjóðanna, en vitanlega fá að eins fátæklingarnir styrk úr þeim, og það er það fagra við frumv., að efnamönnunum er lagt á herðar að hjálpa öðrum, sem fátækari eru.

Háttv. þm. sagði, að gjaldið mundi ekki mælast vel fyrir; jeg skal ekki um það segja, en í minu kjördæmi var frumv. vel tekið á öllum þingmálafundum, sem jeg hjelt, nema einum. Undirtektir manna á þingmálafundum fara víst nokkuð eptir því, hvernig málið er reift. Jeg hef ekki heyrt menn telja eptir sjer að greiða alþýðustyrktarsjóðsgjaldið, og jeg hygg, að þetta gjald verði ekki óvinsælla.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg gjörði nokkrar athugas. við frumv. við 2. umr., og þykir mjer vænt um, að nefndin hefur að nokkru tekið það til greina. Nú vil jeg leyfa mjer, að gjöra nákvæmar grein fyrir skoðun minni á málinu. Hvað 2. gr. snertir, tek jeg undir með háttv. þm. Sfjk. (J. J.), að þetta gjald kemur ákaflega hart niður. Gjaldskyldan er allt of víðtæk, því að engir eru undanteknir nema þeir, sem eru á sveit, sæta hegningarvinnu eða eru ósjálfbjarga á sál eða líkama. Það er ekki tekið neitt tillit til þess, að það geta verið bæði menn og konur, sem berjast fyrir eigin framþróun, þó að þau liggi rjett við sveit. Þegar svo er ástatt, væri rjett að gjöra undantekning, en það er ekki hægt.

Jeg held, að það hefði verið rjett, að láta þau ákvæði haldast, sem standa í lögunum um styrktarsjóði handa alþýðufólki, frá 11. júli 1890. Jeg veit ekki betur, en þau ákvæði hafi reynzt vel, og jeg er viss um, að þau yrðu miklu vinsælli, en þessi hörðu ákvæði, sem nú á að setja inn. En þar eru fyrirmælin þessi: »Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubresti eða af öðrum ástæðum ekki geta unnið fyrir kaupi«.

Jeg veit það, að eptir því, sem til hagar í sveit, kemur þetta gjald harðara niður á marga fátæklinga, heldur ur en þau gjöld, sem þeir til þessa hafa greitt. Þetta gjald á að heimta af fátækum foreldrum, sem eru að berjast fyrir börnum sínum, og sem engum dettur í hug að láta leggja nokkuð til sveitarþarfa. En í *þennan* sjóð á að knýja þau til að borga 3 krónur á ári, og getur það orðið tilfinnanlegt gjald fyrir þau. Sama er að segja um skólapilta — eða ungar stúlkur og pilta — sem opt hafa engin efni við að styðjast, en eru að berjast áfram með eigin kröptum; þeim getur fundizt þetta gjald koma hart niður á sjer.

En látum nú vera, að þetta sje rjettmætt, ef tilganginum verður náð, að þetta verði tryggingarsjóður eða sjúkrasjóður. En eptir 14. gr. laganna eru þau ákvæði sett um úthlutun úr sjóðnum, að hún fer ekki eptir því, hve mikið menn hafa borgað í hann, hvort heldur menn hafa borgað í 3 ár eða 30 ár., heldur eptir *umsóknum*. Og þær umsóknir má senda að eins í einum mánuði ársins, septembermánuði. Nú er septembermánuður einmitt aðal-uppskerutíminn, sá tími, sem menn almennt eru bezt stæðir, bæði til sjávar og sveita; þá koma

menn heim með fiskinn úr sjónum og sumarforðann úr sveitunum. Þá er því allra sizt ástæða til að biðja um styrk eða veita styrk. Þeir mánuðir, sem menn eru mest styrks þurfandi, eru útmánuðirnir, eða svo er það að minnsta kosti til sveita. En ef þessi styrkur á að verða til þess, að forða mönnum frá, að þurfa að þiggja sveitarstyrk — og það er meining laganna, annars er lítil meining í því, að leggja svo þung gjöld á menn og á landssjóðinn — þá eru þessi ákvæði mjög óheppileg.

Jeg skal enn fremur aptur taka fram það, sem jeg minntist á við 2. umr., að þar sem stendur í 11. gr., að styrknum »*skal*« úthlutað á ári hverju, þá sýnist mjer það vera of ákveðið; það er eins og það eigi að úthluta styrknum, hvort sem hreppsnefnd álítur nokkurn umsækjanda styrks þurfandi eða ekki, eða jafnvel hvort nokkur umsókn liggur fyrir eða engin. Mjer finnst vera eitthvað svo lítil festa eða eðlilegt samanhengi í þessu frumv. Það eru komin inn í það — að mínu áliti — ýms ólík ákvæði, sem gjöra það ruglingslegt og jafnvel óljóst, bæði að efni og búningi. Það er ekki hægt að sjá, hvort þetta á að vera lífeyrir eða bráðabirgðabjörg í bágindum; en ef svo á að vera, þá er — eins og jeg tók fram — úthlutunartíminn afar óheppilegur. Mjer finnst yfir höfuð, að þessi lagasmíð sje til lítilla bóta, og jeg gæti þess vegna hallast að tillögum hins háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um, að færa gjöldin niður. Þá hefði að vísu átt að færa landssjóðstillagið niður líka, því að jeg álít, að það ætti þá ekki að vera hærra en helmingur á móts við hin gjöldin.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg gjöri ráð fyrir, að háttv. framsögum. taki til máls, en jeg vildi þó segja það, að mjer þætti raunalegt, ef þetta frumvarp yrði felt nú við 3. umræðu. Jeg held, að menn hafi ekki vel áttað sig á málinu enn og er það leiðinlegt, því málið er tiltölulega vel undirbúið. Eins og kunnugt er, hefur milliþinganefndin í fátækramálum gjört tillögur um öryrkjalífeyri eða eptirlaun hinnar íslenzku þjóðar með skýringum og athugasemdum. Þetta rit er fróðlegt og eptirtektarvert og jeg ímynda mjer, að þeir, sem það lesa, átti sig betur á málina eptir en áður. Þingnefndin tók fyrst til athugunar tillögur milliþinganefndarinnar um eptirlaun hinnar íslenzku þjóðar; hún taldi það æskilegt, að hver maður, sem kominn er yfir visst aldurstakmark, ætti vís eptirlaun, þegar hann einhverra ósjálfráðra orsaka vegna væri hættur að geta unnið fyrir sjer. Þetta ætti því að vera það takmark, sem löggjöfin stefndi að, þó að því ekki yrði náð í bráðina. Nefndin áleit samt ekki hægt eða fært, að stiga sporið svo langt nú þegar; það vantaði upplýsingar um það, hve margir öryrkjar væru í landinu, á hvaða aldri o. s. frv. Vantaði yfir höfuð nákvæmar skýrslur, sem hægt væri að byggja reikninga á. En á hinn bóginn var frumvarp stjórnarinnar lítið, en þó dálítið spor í áttina, og þótti þá nefndinni rjett, að stíga það millispor. Hún fjellst því á tillögur stjórnarinnar í aðalatriðunum, en breytti »ellistyrknum« í stjórnarfrv. í »öryrkjastyrk«. En af því að þetta hafði í för með sjer nokkuru meiri útgjöld fyrir sjóðinn, hækkaði hún landssjóðstillagið.

Tilgangur þessa frumv. er auðsær. Hann er sá, að fyrirbyggja eða að

minnsta kosti að minnka það böl, sem af örbirgðinni leiðir yfir þá, er sökum elli eða langvarandi heilsubrests ekki geta unnið fyrir sjer. Nú virðist mjer, að hjer komi fram úr ýmsum áttum mótbárur gegn þessu háa gjaldi, og er það undarlegt, að þær skulu ekki hafa komið fyr en nú við 3. umr. málsins. En mjer sýnist þessar mótbárur ekki vera á rökum byggðar. Þegar litið er á það, að þetta er iðgjald gegn fullkominni kröfu fyrir hvern mann, sem af ósjálfráðum orsökum lendir í fátækt, um að fá styrk, þegar hann ekki getur unnið fyrir sjer lengur, þá get jeg ekki betur sjeð, en að þetta gjald sje mjög lágt í samanburði við það, sem á móti kemur. Ekkert lífsábyrgðargjald er jafnlágt, sem gefur jafnmikið í aðra hönd; og svo er að gæta að því, að það er ekki lagt nema á fullvinnandi menn. Það er því ekki lagt nema örlítill partur af árstekjum þeirra og getur naumast orðið tilfinnanlegt nema þá fyrir bláfátæka fjölskyldumenn, en þeir standa þá aptur næst því að fá styrkinn á sínum tíma. Þeir, sem eru í góðum efnum, borga eins og hinir, þó að víst megi telja, að þeir aldrei fái einn eyri úr sjóðnum, og svo leggur landssjóður drjúgan skerf til. Það var hugsun nefndarinnar, að ef þessum sjóði yxi fiskur um hrygg, þá ætti ekki að líða á löngu þangað til takmarkinu væri náð, að allir, sem ófærir eru til vinnu, geti átt vís eptirlaun. Menn ættu að athuga það, hvort ekki er haft ofmikið eptirlæti á þeirri lítilmannlegu hugsun, að menn eigi að fá það og það fyrir lítið eða ekkert. Það væri leitt, ef sú smásálarhugsun yrði að fótakefli eins góðu máli og þessu, eins nytsömu, eins háleitu að tilgangi! Hve miklu er ekki eitt í óþarfa, glingur og vitleysu?

Það var ein athugasemd hjá háttv. þm. N.-Þing. (A. J.), að þetta ákvæði í 11. gr. frumv. »í hverjum hreppi *skal* úthluta« o. s. frv., væri óviðfelldið. Þetta »skal« kunni jeg líka illa við, því ef það er skilið bókstaflega, getur svo farið, að hreppsnefnd verði að veita mönnum styrk, sem ekki eru styrkþurfar. Nú vildi jeg spyrja hæstv. ráðh. hvernig þetta beri að skilja og í sambandi við breyt. 404, hvort landsstjórnin muni, ef hún setur reglur um útbýtingu styrksins, þykjast geta sett í þær reglur undanþágu frá nefndu ákvæði, ef fáir eða engir styrkþurfar væri til í hreppi. Fái jeg yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. um, að þetta sje hægt, þá mun jeg fyrir mitt leyti geta fellt mig við ákvæðið.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það hefur verið sagt, að alþýðustyrktarsjóðsgjöldin hafi ekki verið illa þokkuð, eða sjeu það að minnsta kosti ekki nú; þetta má satt vera. Húsbændurnir borga þetta gjald og draga það svo venjulega ekki af kaupi hjúa sinna, þetta er svo lítið, að menn borga það möglunarlaust, eða að minnsta kosti möglunarlítið. Það yrði nú líklega öðru máli að gegna um þau gjöld, sem farið er fram á í þessu frumv. Þau eru svo há, að húsbændur mundu ekki borga þau úr eigin vasa, mundu draga þau af kaupi hjúa sinna, og þá mundi alþýða fara að hugsa um það, til hvers þessum árgjöldum væri varið. En umhugsunin mundi óðar leiða í ljós, að þetta er ekki annað en sveitarútsvar, sveitarútsvar, sem þó ekki er lagt á menn eptir vanalegum reglum eptir efnum og ástæðum, heldur nefskattur, það er að segja gjörsamlega ranglátur skattur. Það er satt, sem einn háttv. þm. segir, að allir borga og fátæklingar einir fá styrk; en þegar hann kallar þetta fallegt og nýtt, þá hætti jeg að skilja; borga ekki allir í

fátækrasjóð? Og fá ekki fátæklingarnir einir úr honum; hjer er ekkert fallegt, og ekkert nýtt, nema það, sem ljótt er og óviðfelldið — að þessu er útbýtt sem sveitarstyrk. Því hvert á að sækja um styrkinn? Til sveitarstjórnar. Hver skammtar hann úr hnefa? Sveitarstjórnin. Hver er tilgangurinn? Að spara sveitarfjeð, eða forða mönnum frá að þiggja af sveit, eins og einn háttv. þm. orðaði það áðan. Einasti munurinn á þessum styrk og sveitarstyrk er sá, að þeir sem þiggja þennan styrk, missa ekki borgaraleg rjettindi.

Einn háttv. þm. vildi líkja þessum öryrkjasjóði við sjúkrasjóði í öðrum löndum. En það hefði hann ekki átt að gjöra, ef honum er annt um málið, því þessi samlíking ætti einmitt að verða banamein þessa frv. Erlendir sjúkrasjóðir eru *tryggingar*sjóðir, og þeim sjóðum er allt öðruvísi háttað. Til þeirra þarf ekki að »sækja« um neitt; þar eiga menn *rjett* á *ákveðinni* upphæð. Tryggingarsjóðir eru margskonar; menn geta tryggt líf sitt, eða tryggt sjer lífeyri, tryggt sig fyrir slysförum, eða tryggt heilsu sína yfirleitt. Lang algengastir eru sjúkrasjóðirnir. En það skal háttv. deild ekki halda, að menn eigi það undir náð einhverrar »nefndar« hvort þeir fá nokkuð eða ekki neitt. Nei, *allir borga jafnt, og allir fá jafnt*, ef þeir verða veikir, það er *rjettur*, en ekki *náð*. Allir sjúkrasjóðir eru stofnaðir á þessum grundvelli; menn eiga *heimting* á styrk þegar þeir verða veikir, en þurfa alls ekki að sækja um hann. *Það* er menning og framför. (*Ólafur Ólafsson:* Það er alveg sama). Nei, það er allt annað. Að vera í sjúkrasjóði, er fyrir þann, sem veikist, sama sem að eiga fje í sparisjóði; mundi ekki h. sessunautur minn heldur vilja eiga slíka tryggingu, heldur en þurfa að »sækja um styrk« til einhverrar »nefndar?«.

Eins og jeg gat um, eru tryggingarsjóðir margskonar. Menn geta líka tryggt sjer ellistyrk, þó að það sje kannske óalgengara. En þeim sjóðum er álíka háttað; menn borga ákveðið iðgjald og fá svo ákveðna upphæð á ári, þegar menn eru komnir yfir ákveðinn aldur.

Hjer á landi hafa menn byrjað á öfuga endanum. Menn hafa ekki byrjað á því, er alþýðu manna í öðrum löndum þykir mestu varða, að tryggja sig fyrir sjúkdómum. Nei. Hjer hafa menn byrjað á ellistyrktarsjóð.

En í þessu frumv. er öllu blandað saman í einn graut, sjúkdómum, slysum, ellilasleik o. s. frv., og jafnframt er svo um hnútana búið, að enginn sá, er í sjóðinn greiðir, fær *vissu* fyrir neinum styrk. Hann veit bara, að ef hann verður sjúkur, slasast eða verður svo ellihrumur, að hann fær ekki unnið fyrir sjer, þá getur hann *sótt* um styrk; hitt hefur hann ekki hugmynd um, hvort hann muni fá mikið eða lítið, eða ekki neitt. Það er alveg óútreiknanlegt, hvað mikið hann getur gjört sjer vonir um; það fer allt eptir því, hvar hann á heima, hvort í því hreppsfjelagi, sem hann tilheyrir, eru fáir eða margir öryrkjar í samanburði við tekjur sjóðsins.

Þess vegna er jeg viss um, að þetta gjald verður ákaflega óvinsælt, þar sem það bæði er hátt og styrkvonin allsendis óviss.

Og til þessa á landssjóður að leggja fram 26,500 kr. á ári!

Aptur á móti mundi jeg kalla þessu fje vel varið, ef það væri lagt fram í þeim tilgangi að örva alþýðu manna til að koma sjer upp, ekki nýjum sveitarsjóðum, heldur sjúkrasjóðum,

slysfarartryggingum eða öðru því um líku. Jeg vil líka segja, að því væri vel varið, ef í stað þessa væri leidd í lög almenn ellitrygging. Með öðrum orðum: jeg gæti fellt mig við, að samin væru lög um eptirlaun hinnar íslenzku þjóðar, þar sem hverjum og einum væri gjört að skyldu, að greiða eitthvert gjald árlega til styrktar sjer á elliárum sínum. Úr þeim sjóði ætti svo hver og einn, þegar hann er kominn í háa elli, að einhverju ákveðnu aldurstakmarki, *heimting* á styrk, í rjettu hlutfalli við það, sem hann hefur goldið, hvort sem hann væri þá styrkþurfi eður ei. *Það* mundi verða vinsælt, og *það* væri vert að styrkja með fje úr landssjóði. En að demba svona lagaðri gjaldabyrði á þjóðina og landssjóð, það ætti þingið ekki að gjöra án þess að hugsa sig betur um. Það bezta, sem hægt er að gjöra við þetta mál að sinni, er því að láta það bíða næsta þings.

Ráðherrann: Um háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) má segja eins og þar stendur: »Höggur nú sá, er hlífa skyldi«. Eptir allri lífsstefnu háttv. þingm., þá mætti búast við, að hann veitti því fremur liðsinni, en andróður, að koma á stofn sjóðum í þeim tilgangi, að forða örkumluðum mönnum og ellihrumum frá því, að þurfa að þiggja af sveit. Allt þetta tal um of hátt gjald og óvissar vonir er gjörsamlega ástæðulaust. Það er ómögulegt, að færa rök fyrir því, að á nokkurn hátt megi líkja því við gjöld til vátryggingar eða sjúkrasjóða, þótt menn gjaldi 1—2 kr. á ári í svona lagaða styrktarsjóði. Öll þau hin stóru orð, er kveðið hafa við gegn þessu frumv., virðast mjer harla innantóm. Þau hljóta að vera sprottin af misskilningi, og þá helzt á þessu atriði, er verið hefur efst á baugi í ræðum sumra háttv. þingmanna, að styrktarsjóðsgjaldið er hækkað um helming á karlmönnum og þrefaldað á kvennmönnum. En þess gæta menn ekki, að þrátt fyrir þreföldunina verður þó kvennmannsgjaldið ekki nema 1 kr. á ári, eða með öðrum orðum 30 kr. á heilum mannsaldri — minna en veitt yrði opt í einu stuttu sjúkdómstilfelli.

Getur verið, að þeir hafi nokkuð til síns máls, er finna að því, að hreppsnefndirnar skuli eiga að úthluta styrknum og telja hann af þessari ástæðu líkjast of mikið almennum sveitarstyrk. En vegurinn til þess, að lagfæra þetla, er ekki sá, að hamast á móti frumv., heldur að reyna að finna einhverja heppilegri tilhögun. Það mætti t. d. fela úthlutunina sýslunefndum eða þá sjerstökum mönnum, er til þess væru valdir og traust mætti bera til. Jeg mundi ekki hafa á móti breyt.till. í þá átt. Ástæðan til þess, að stjórnarráðið og síðan nefndin hölluðust að þessu fyrirkomulagi, sem mælt er fyrir um í frumv., er sú, að það er hin gildandi lagaregla um alþýðustyrktarsjóðina, og stofnun þessara sjóða var hugsuð sem útvíkkun þeirra, enda er þetta fyrirkomulag kostnaðarlaust, en sjóðirnir bera ekki mikinn útbýtingarkostnað.

Háttv. þm. S.-Þing, (P. J.) spurði, hvernig jeg skildi ákvæðið um, að úthluta *skuli* styrknum á ári hverju, og hvort taka mætti upp í reglugjörð, er stjórnarráðið setti um þessa sjóði, svolátandi fyrirmæli, að styrkurinn þyrfti ekki að koma til úthlutunar undir vissum kringumstæðum, þegar sveitarstjórn þætti svo við horfa. Jeg álít, að eins og ákvæðið er orðað, sje skylt að úthluta styrknum svo framarlega, sem nokkur verður til að sækja um hann, er fullnægir öllum skilyrðum. En ef þetta stendur fyrir

atkvæði hins háttv. þingm., og ef vill fleiri, þá get jeg gengið inn á þá breytingu, að bætt sje við »að jafnaði« eða því um líku.

Ur því þetta er 3. umr. málsins og útlit er fyrir, að menn óski breytinga á frumv., þá vil jeg gjöra það að tillögu minni, að þessari umræðu sje frestað um 1—2 daga, og málið tekið út af dagskrá, þegar framsögum. hefur talað.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) þótti gjaldskylduákvæði frumv. of hörð. En hann verður að gæta að því, að fyrsta krafan til nýrra skattalaga er sú, að skýrt sje kveðið á um, hverjir eigi að svara skattinum. Slík lög geta aldrei tekið tillit til sjerstakra atvika í högum einstakra gjaldenda.

Sama háttv. þm. fannst umsóknartíminn óheppilega valinn. Það ákvæði er tekið úr núgildandi alþýðustyrktarsjóðslögum. Þetta á heldur ekki að vera neinn sveitarstyrkur. Það er ekki *tilgangurinn* að ljetta á sveitarsjóðunum. Annað mál er það, að sú getur *afleiðingin* orðið, og það er ekki nema gott. Og víst getur elli, sjúkdómar og slys bagað jafnt á haustin sem á öðrum tímum árs.

Hann lét þess enn getið, að lítil bót væri að þessum lögum frá því, sem er. Jeg skal ekki senna við hann um það, heldur láta tölurnar tala. Eptir alþýðustyrktarsjóðslögunum, sem nú eru, er lágmark styrks 5 kr., en eptir stjórnarfrumv. er það 20 kr. Árið 1904 kom alls til úthlutunar úr alþýðustyrktarsjóðum um 4,400 kr., en eptir þessu frumv. kemur til úthlutunar þegar á fyrsta ári rúmar 53,000 kr., að ótöldum $^1/_2$ vöxtum af sjóðunum. Það má þó kalla verulega hjálp móts við það, sem nú er.

Mig furðar á því, hversu blóðþyrstur háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) er í dag. Fyrst drepur hann prófessórana, og nú leggst hann á öryrkjana. Seinast leggst hann líklega á náinn. Slíkt slátrunarstarf er þó sízt samkvæmt lífsköllun hans. Annars get jeg goldið honum lík svör og háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.). Hann kvað alþýðustyrktarsjóðsgjaldið lágt, en þetta gjald hátt. En á það eitt ber sannarlega ekki að líta, heldur jafnframt á hitt, að hlutaðeigendur geta vænzt miklu hærri styrks í notum þessa gjalds. Og því skrítnari þykja mjer þessar prjedikanir háttv. þm. um, að alþýða manna sje ofþyngt með þessu gjaldi, sem enginn barlómur heyrðist í honum, þegar hann var að berjast fyrir auknum gjöldum til læknanna. Þá var almenningur nógu ríkur. En nú þegar ræða er um lítilfjörlega hækkun á gjaldi til styrktar sjúkum, örkumla eða ellihrumum mönnum, þá kemur annað hljóð í strokkinn. Hann sagði,að öryrkjasjóðsstyrkurinn yrði ekkert annað en sveitarstyrkur, og þótti sjerstaklega varhugavert, að láta sveitastjórnir úthluta honum. En er það nokkuð varhugaverðara að sveitastjórnir úthluti þessum styrk en hinum núverandi alþýðustyrki? Að minnsta kosti er það ekki varhugaverðara en að læknar kveði sjálfir á um, hverjir sjeu of fátækir til að borga sjer hæsta læknisgjald, og hverjir nógu ríkir til þess. Annars skal jeg geta þess, að nefndin hjelt þessu ákvæði hinna núgildandi alþýðustyrktarsjóðslaga af því, að hún vildi spara útgjöldin til sjerstakra stjórnenda.

Háttv. þm. gjörði mikið úr því, að jeg hefði jafnað þessum sjóðum til sjúkrasjóða, en hann hefði getað sparað sjer allt það langa umtal, því að jeg sagði að þetta væru *nokkurs konar* sjúkrasjóðir, að því leyti sem sje, sem þeir væru ætlaðir til tryggingar fyrir

ýmsum meinum, er baga mega vinnukrapt manna.

Ennfremur fann háttv. þm. að því, að ákvæði vantaði um það, hvað háan styrk menn gætu búizt við að fá úr sjóðum þessum; hjer væri allt komið undir mati og náð hreppsnefnda, en það er ósköp eðlilegt, að slíku verði ekki slegið föstu meðan sjóðirnir eru í bernsku, og geta ekki fullnægt öllum, er styrks þarfnast. En eptir því, sem sjóðirnir álnast, verða þeir betur færir um að fullnægja þörfum manna, og að sama skapi minnka erfiðleikarnir við að skammta rjett.

Úr því fresta á umræðunni, sje jeg ekki ástæðu til að tala fleira að svo stöddu.

Skúli Thoroddsen, (þm. N.-Ísf.): Það er ekki rjett, er háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að í þessu frumv. væri engu breytt um gjaldskylduákvæðin frá því, sem er í alþýðustyrktarsjóðslögunum, að því undanteknu, að aldurstakmarkið væri fært niður í 18 ár, og að það væri nú einnig lagt á bændur, og efnamenn. Eptir alþýðustyrktarsjóðslögunum eru undanþegnir gjaldinu fjelausir menn, sem fyrir ómaga eiga að sjá. Og það er alls ekki óverulegt atriði. Vjer skulum t. d. hugsa okkur ógiptan kvennmann, sem á krakka, eins og eigi er dæmafátt hjer á landi. Annaðhvort baslar hún með hann sjálf, eða barninu er komið fyrir, og hún verður að greiða með því í meðlag 30—40 kr. árlega af kaupi sínu, og þá fer nú að verða lítill afgangur af kaupinu í þarfir hennar sjálfrar, og því verður ekki neitað með rökum, að fyrir hana er 1 kr. þungt gjald. — Eða tökum t. d. ekkju, er baslar ein með barnahrúgu sína, og leitast við að bjarga sjer frá sveit. Hana munar um hverja krónuna. Og þó hún eigi t. d. tvær dætur uppkomnar, auk yngri barna, þá verður það eigi síður tilfinnanlegt fyrir hana, að greiða 3 krónur.

Það er allt af hægurinn hjá fyrir þá, er við allsnægtir eiga að búa, að leggja fram lítilsháttar gjöld. En öðru máli er að gegna um fátæklingana, er að vetrinum vita stundum eigi, hvað þeir eiga að borða næsta daginn. Það er ekki allt lífið sumra alþýðumanna í sjóþorpum og kauptúnum hjer á landi. Viðurværið er svart kaffi og púðursykur, blautfiskur og brauð, með ljelegu margaríni, eða jafnvel þurt, vatnsgrautar, og annað keimlíkt góðgæti. Fólk, sem við slík kjör á að búa, dregur það ekki lítið, að borga svona gjald. Þó að vjer, sem hjer erum samankomnir, sjeum svo vel staddir, að oss munar það minnstu, hvort við borgum 1 krónunni meira eða minna, þá megum vjer ekki gleyma því, að fyrir fátæklinga, er verða að hafa sig alla við, til þess að hafa í sig og á, er þetta gjald þung byrði.

Annars tel jeg óþarft, að fara frekar út í þetta mál. Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) tók það svo glöggt fram, hvað hjer er verið að gjöra, að því þarf ekki að lýsa nánara. Hjer er verið að flytja gjaldskylduna af efnamönnunum yfir á fátæklingana, því verður ekki mótmælt.

Sú ástæða háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að það sje einmitt það fallega í þessu frumv., að efnamönnunum sje ætlað að hjálpa fátæklingunum, er því ekki rjett. Það er að vísu rjett, að gjaldið er líka lagt á efnamennina, en það leiðir til þess, að gjöld þeirra til sveitarsjóðanna verða miklu ljettari, en ella mundi.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að hjer væri um nokkurskonar lífsábyrgð-

arsjóð, að ræða. Það er allsendis röng skoðun. Enginn, er geldur til öryrkjasjóðanna, getur gjört sjer vissa von um styrk, og það því síður, sem styrkþágan er, eptir ákvæðum 13. greinar, þeim skilyrðum bundin, að umsækjandi hafi verið reglusamur og vandaður maður. Verði það t. d. upplýst, að honum hafi einhvern tíma þótt gott í staupinu, sem því miður eigi er fátítt hjer á landi, þá hefur hann, eptir þessum ákvæðum, fyrirgjört rjetti sínum. En þegar einhver er hjálparþurfi, ber að líta á þörf hans en ekki á hitt, hvernig þörfin hefur skapazt.

Að síðustu skal jeg geta þess, að af því að jeg er hlynntur ýmsum ákvæðum frumv., t. d. því, að landssjóður styrki þessa sjóði, sem og ákvæðum frumvarpsins um það, að sjúkrahjálp skuli eigi skoðast sem sveitarstyrkur, þá er jeg því yfirleitt hlynntur, en tel nauðsynlegt, að tillaga mín um lækkun gjaldsins nái fram að ganga.

Þegar hjer var komið, var umræðunum eptir ósk meiri hluta þingdeildarmanna frestað.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. septbr., kom frumv. (A 373, 395, 404, 465, 473, 487, 501, 518) til framhalds 3. umr.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Nefndin hefur reynt að átta sig á öllu því fjaðrafoki af breyt.-till., sem fram hafa komið nú við framh. 3. umr. og hefur hún tekið þær flestar til íhugunar. Jeg skal nú fyrir hönd nefndarinnar gjöra grein fyrir afstöðu hennar til breytinga þessara.

Nefndin leggur einróma á móti breyt.till. á þgskj. 395 frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), því hún yrði til þess, að fella alla von um verulega hjálp úr sjóðnum. Hins vegar mælir nefndin auðvitað með viðaukatill. sinni um, að stjórnarráðið setji reglugjörð um útbýtingar úr sjóðnum.

Þá er breyt.till. frá háttv. þm. N.-Ísf. á þgskj. 465; nefndin getur ekki, að óheyrðum ástæðum hans, verið því samþykk, að binda landssjóðsstyrkinn um nokkurn fyrirfram fastákveðinn tíma. Það eru fleiri breyt.till. á þessu sama þgskj., en þær eru flestar eðlileg afleiðing af fyrstu breyt.till. og standa og falla með henni. Nefndin getur heldur ekki verið með varatill. sama háttv. þm. af þeirri ástæðu, að hún mundi draga að mun úr hjálparmætti sjóðsins. Hinsvegar gengur nefndin inn á 5. breyt.till. hans um að fjelausir menn, sem hafa fyrir ómögum að sjá, gjaldi ekki til sjóðsins, enda fer þessi till. í sömu átt og 2. breyt.till. frá hæstv. ráðh. Þetta ákvæði er líka í alþýðustyrktarsjóðslögunum, og er því ekki nema eðlilegt að halda því hjer. Till. um að fella burtu kröfurnar um, að þeir, sem styrksins njóta, sjeu vandaðir og reglusamir, getur nefndin ekki aðhyllzt, og ekki heldur till. hæstv. ráðh. um að þeir eigi að vera »verðugir« styrksins, sem hann fá. Bæði er „verðugur« óskýrara, en »vandaður og reglusamur«, og svo er það hræmulega ljótt.

Út af misskilningi sumra á »öryrki«, skal jeg enn þá einu sinni taka það fram, að öryrki er sá einn, sem sakir langvinns heilsuleysis eða ellilasleika ekki getur unnið fyrir sjer; það þýðir sama og »Invalid«, ef menn skilja það betur, eða sama sem Páll Briem kallaði »ófæring«. Þennan skilning leggur nefndin í orðið »öryrki«, og ætlast þannig ekki til, að maður, sem um stundarsakir fatlast frá verki, verði á-

litinn öryrki, enda liggur sú merking beinlínis í orðinu. Hinsvegar telur nefndin ekkert á móti því, að samþykkja skýringu hæstv. ráðh., þó að hennar sje ekki bein þörf.

Nefndin getur ekki fallizt á, að nauðsynlegt sje að leita ráða sóknarprests og hjeraðslæknis um úthlutun styrksins. Að vísu mun það hafa vakað fyrir hæstv. ráðh., að læknir einn gæti dæmt um, hvort umsækjandi væri veikur til langframa, en jeg hygg, að þess háttar veikindi eða bilun sje svo sýnileg, að eigi þurfi læknisvottorðs við, enda væri ærið fyrirhafnarsamt og kostbært að vitja læknis og jafnvel prests, sjerstaklega nú er prestaköllin stækka að miklum mun, fyrir tiltölulega litinn styrk. Hins vegar er nefndin því samþykk að sveitarskuld eigi að útiloka umsækendur frá styrkþágu.

Um breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. B.) á þgskj. 518 get jeg ekki sagt neitt fyrir hönd nefndarinnar, en nefndinni hefur ekki gefizt kostur á, að bera sig saman um hana, en hún sýnist í fljótu bragði leiða til röskunar á þeim grundvelli, sem nefndin byggir á. Nefndin vill að eins veita þeim styrk, sem ekki geta unnið fyrir sjer vegna heilsubilunar eða ellilasleika. En ef þar við ætti að bætast þeir, sem till. hans á við, þá fjellu þar undir menn, sem af sjálfráðum atvikum eru komnir svo, að þeir geta ekki unnið fyrir sjer, t. d. drykkjumenn, letingjar o. s. frv.

Hins vegar aðhyllist nefndin brtill. frá sama háttv. þm. á þgskj. 487, um að engu skuli úthluta, sæki enginn um styrk, og að það, sem afgangs kann að verða hinu úthlutaða, skuli aptur renna í sjóðinn. Að vísu er þetta sjálfgefið, þótt ósagt sje, en það skaðar ekki að taka það beint fram. Af sömu ástæðu getur nefndin aðhyllzt 3. og 4. breyt.till. háttv. þm. V.-Ísf. (J. Ó.) á þgskj. 473 við 11. og 13. gr., að í staðinn fyrir »skal« komi: »má« en jeg vil þó benda til þess, að þær verða allþarfar, gangi breyt.till. á þgskj. 487 fram.

Jeg hef svo ekki meir að segja þangað til jeg heyri hvað háttv. tillögumenn hafa fram að færa.

Ráðherrann: . Sú stefna, sem jeg hef viljað fylgja í brtill. mínum á þgskj. 501, er að takmarka verksvið sjóðanna þannig, að styrkveitingarnar geti komið að sem beztum notum, þeim er verða þeirra aðnjótandi, og að greina þær sem mest frá venjulegum sveitarstyrk.

Eins og orðalagið á frumv. er nú, þar sem ekki er skilgreint, hvað í orðinu »öryrki« liggur, mætti búast við, að svo yrði litið á, sem verja mætti styrknum í öllum tilfellum, einnig til þeirra, er veikir verða eða á einhvern hátt ófærir til að vinna fyrir sjer um stundarsakir, en sjóðirnir eru allt of litlir til þess að geta komið að notum sem almennir sjúkrasjóðir. Þeir verða að vera aðallega ellistyrktarsjóðir, og rjettast hefði verið, að takmarka sig fyrst um sinn alveg við það verkefni eins og stjórnarfrumv. gjörði. En úr því að því fæst nú ekki framgengt, þá verður að láta sjer lynda, að fara sem næst því.

Breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. B.) á þgskj. 518 fara enn þá lengra frá stefnu stjórnarfrumv., heldur en nokkurn tíma orðalag frumv. eins og það er nú, því að ef skýra á orðið, »öryrki« í lögum þessum þannig, að það tákni hvern þann, er getur ekki unnið fyrir sjer og skylduliði sínu, þá er maður þar með kominn beint inn í verkahring sveitarsjóðanna. Það er þó ekki meiningin, að þessir sjóðir eigi að vera fátækrasjóðir við hliðina á hinum eldri sveitarsjóðum, heldur er það meiningin að til sjeu sjóðir, er

veita megi styrk af, án þess að þeir, er styrkinn þiggja, eða aðrir hafi það á tilfinningunni, að verið sje að veita þeim fátækra fje.

Orðið »*örvrki*« er sá maður, sem er *frá verki*, það er: sem getur ekki unnið, og í 1. breyt.till. minni er lagt til, að í þessum lögum skuli það að eins tákna þá, sem geta ekki unnið fyrir sjer vegna ellilasleika eða annarar slíkrar langvinnrar heilsubilunar; hygg jeg, að með þessari skýringu orðsins fáist nokkur takmörkun, sem geti gjört styrkmagn hvers einstaks verulegra.

Að hinu öðru atriði, við aðgreina styrk úr þessum sjóðum sem mest frá sveitarstyrk, miða breyt.till. að 11. og 13. gr. Það hafa komið fram raddir hjer í deildinni um það, að ófært sje að ákveða, að úthluta *skuli* styrknum árlega, og jeg veit, að sumir háttv. þm. vilja gjöra það að skilyrði fyrir atkv. sínu, að sett sje í 11. gr. »úthluta má« í stað »úthluta skal«, eins og fleiri breyt.till. eru fram komnar um. En jeg er þeirrar skoðunar, að ef styrkveitendum er alveg í sjálfsvald sett, hvort fjenu er úthlutað eða ekki, þótt verðugir umsækendur hafi gefið sig fram, þá verða styrkveitingarnar allt of mikil náðarsök, allt of líkar sveitarstyrk, og þess vegna hef jeg stungið upp á þeim miðlunarvegi í brt. við 11. gr., að úthlutun *skuli* fara fram á ári hverju »að jafnaði, ef verðugir umsækendur hafa gefið sig fram«. »Verðugir«, þýðir auðvitað í þessu sambandi: »Sá sem fullnægir þeim skilyrðum fyrir styrkþágunni, er lögin ákveða«. Breyt.till. 5. við 13. gr., að styrknum skuli eigi útbýtt af hreppsnefndum einum, eins og gjört er ráð fyrir í frumv., er af sömu rótum runnið, sem sje þeirri viðleitni, að gjöra þennan styrk sem ólíkastan fátækrastyrk. Það er ekki aðallega sprottið af því, er háttv. framsm. ímyndaði sjer, að læknisvottorð sjeu óhjákvæmileg í þessu efni, heldur er ástæðan miklu fremur sú, að fá með þessu móti annað styrkveitingavald en það, sem sveitarstyrk veitir, sjerstaka nefnd, sem er skipuð mönnum, er ekki eru bundnir við hrepps hagsmuni í hverju einstöku tilfelli, og held jeg, að þetta verði fyrirhafnarminnst með því móti, að láta hlutaðeigandi prest og lækni jafnan eiga atkv. með hreppsnefndum um styrkveitinguna; þeir þekkja vanalega vel til þarfanna, og þeir eru ekki háðir sömu tilhneigingu og hreppsnefndin, að reyna að ljetta undir með sveitarsjóðnum.

Breyt.till. mín við 2. gr., um undanþágu frá gjaldskyldu til sjóðanna, snertir sama efni og 5. brtill. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á þgskj. 465, að fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá, skuli undanþegnir gjaldskyldu. En síðari hlutinn af þessari brtill. hans álít jeg ekki sem heppilegastan; hann hnýtir aptan við svo felldu ákvæði: »sem og þeir, sem fyrir heilsubrest, eða af öðrum ástæðum, eigi geta unnið fyrir kaupi«. En sams konar ákvæði er þegar komið í *a*-liðnum (»þeir sem ekki geta unnið fyrir sjer vegna veiklunar á sál og líkama«) og þarf því ekki að bætast við undir *c*. Hins vegar er rjett að hafa einhverja nánari takmörkun heldur en orðið »fjelausir«, sem skýra má talsvert misjafnt, og hef jeg því lagt til, að liðurinn orðist svo, að undanþegnir skulu »fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá, *og ekki greiða neitt útsvar*«.

Háttv. framsm. nefndarinnar hefur lýst því yfir, að nefndin muni samþ. brtill. mínar við 13. gr., og þarf jeg

því varla að fara mörgum orðum um þær. Um 6. brtill. skal jeg geta þess, að hún felur ekki í sjer neina nýbreytni að efni til, heldur orðar að eins skýrara þá hugsun, er vakað hefur fyrir mönnum; það liggur í augum uppi, að það er ekki nóg, þótt umsækjandi hafi engan sveitarstyrk þegið árið áður, ef hann stendur í skuld við sveitarsjóðinn frá fyrri árum.

Viðvíkjandi öðrum breyt.till., er fram hafa komið, skal jeg geta þess, að jeg gæti fellt mig við breyt.till. háttv. þm. V.-Ísaf. (Jóh. Ól.) á þgskj. 473, um að færa gjaldið fyrir karlmenn niður í kr. 1,50 og fyrir kvennmenn niður í 50 aura, en heimta í þess stað af hlutaðeigandi sveitarsjóði 50 aura fyrir hvern karlmann og 25 aura fyrir hvern kvennmann, ef það fyrirkomulag hefði eigi þann ágalla, að styrkurinn verður líkari sveitarstyrk, því hræddur er jeg um, að margir kynnu þeir að verða, sem ekki gætu í bráðina komizt upp á að skoða slíkt gjald úr sveitarsjóðnum sem hvert annað framlag til nytsamlegs fyrirtækis.

Jeg get ekki aðhyllzt breyt.till. háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) um að takmarka landssjóðstillagið og úthlutunina af því við fyrstu 8 árin. Ef menn að 8 árum liðnum álíta, að hægt sje að komast af með minna framlag af landssjóðs hálfu, þá má gjöra breytingu á því með nýjum lögum. Rjettast væri ef til vill að hnýta aptan við þessi lög ákvæði um, að þau skuli endurskoðuð eptir 5 ár. En nauðsynlegt er það ekki, því að allt af má taka þau til endurskoðunar, þótt ekkert sje ákveðið um það.

Á þgskj. 404 er till. frá nefndinni um, að ný málsgrein bætist við 15. gr., þess efnis, að landsstjórnin setji nánari reglur um úthlutun styrksins. Sá viðauki er sjálfsagður, enda er það í gildandi lögum um alþýðustyrktarsjóðina. Sömuleiðis finnst mjer viðaukatill. háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) á þgskj. 487 við 15. gr. heldur til bóta; að vísu er hún ekki nauðsynleg, því að það liggur í hlutarins eðli, að afgangurinn, ef nokkur yrði, væri lagður við innstæðu sjóðsins, en það skemmir ekki, að það sje skýrt tekið fram.

Jeg vil að endingu endurtaka það, að jeg álít ekki heppilegt, að orða ákvæðið um úthlutunina sem leyfi til úthlutunar, heldur sje það samkvæmara tilgangi laganna, að úthlutun *skuli* að jafnaði fara fram, ef umsækendur eru fyrir hendi, sem fullnægja öllum skilyrðum og nefndin álítur verða styrksins.

Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Það var út af breyt.till. minni á þgskj. 518 sem jeg vildi tala nokkur orð.

Á þgskj. 501 er orðið »öryrki« skýrt þannig, að það merki mann, sem er frá verki, sökum ellilasleika eða langvinnrar heilsubilunar. Með þessu er því slegið föstu, að enginn sá geti fengið styrk úr öryrkjasjóði samkv. þessum lögum, sem ekki hefur annanhvorn þessara eiginleika. Það er nú fyrst og fremst til þessa að segja, að í framtíðinni munu þessir sjóðir eflast svo mikið, að jeg álít, að það muni eigi verða unnt að verja öllu því fje, sem til úthlutunar kemur, til svo einskorðaðs markmiðs. Það getur hugsazt, að opt verði það enginn, eða mjög fáir, sem fái styrkinn eptir þessari reglu. Í öðru lagi hef jeg ekki getað sannfærzt um það, að þetta fólk, sem þessi fyrmæli ná til, eigi að hafa ekki einungis forrjettindi til styrksins fram yfir alla aðra, heldur jafnvel einkarjettindi til hans, eins og tilætlunin er samkv. br.-till. á þgskj. 501.

Breyt.till. á 518 miðar að því, að gjöra hugtakið, sem liggur í orðinu »öryrki«, viðtækara, þannig, að það

taki yfir alla þá, sem af ósjálfráðum orsökum geta ekki unnið fyrir sjer og sínum. Tilgangurinn er sá, að sjóða þessara skuli ekki þeir einir hafa not, sem gamlir eru og heilsubilaðir, heldur og yngra fólk, sem einhverra orsaka vegna er komið svo í þrot, að það þyrfti annars að neita sjer um nauðsynleg lífs-þægindi, eða segja sig til sveitar. Það vill svo vel til, að meðal fátæks fólks er ríkari tilhneiging til þess, að giptast á ungum aldri, en meðal efnaðri stjettanna, og er það að mörgu leyti hollt. Afleiðingin af því er það, að börn þessa fólks komast snemma upp, svo að líkur eru til þess, að þau verði orðin sjálfbjarga áður foreldranna missir við og geti fremur stutt þau, ef þau verða lasburða af elli. En á hinn bóginn er það ákaflega mikið böl, er ungt fólk kemst í þrot, af því að á það hleðst ómegð, svo að það verður að segja sig til sveitar, og missa við það rjettindi sín í mannfjelaginu og komast í þá niðurlægingu, sem það seint á uppreisnarvon úr. Mjer finnst, að það ætti einmitt að vaka fyrir mönnum, þegar slíkir sjóðir, sem þessir, eru stofnaðir, að hjálpa slíku fólki, ekki síður en gamalmennunum, svo að ekki þyrftu aðrir að fara á sveit, en þeir, sem verða ósjálfbjarga sakir leti, ómennsku, slarks eða óknytta einhvers konar.

Við 2. umræðu þessa máls vakti háttv. þm. Sfjk. (J. J.) athygli á því, og bað menn, að athuga það vel, hvort það væri ekki viðsjárvert, að landssjóður sje látinn leggja talsvert fje fram til þessara sjóða og þar með taka að sjer óbeinlínis allmikinn hluta af fátækraframfærslu í landinu, og að sama skapi losa sveitarsjóðina við þá byrði. Jeg lít svo á, að það sje einmitt heppilegt, að láta þenna styrk, sem enginn vansi eða rjettindamissir fylgir, koma í staðinn fyrir sveitarstyrkinn, þar sem það á við. Það er gott, að sjá vel fyrir gömlu fólki og heilsubiluðu, en sú stefna getur orðið of einhliða, og ef hún á að verða til þess, að útiloka heilbrigt fólk frá þeim hlunnindum, sem það er jafn-rjettborið til, þá gengur hún of langt. Þessi mannúðarstefna, að gjöra allt fyrir sjúkt fólk, getur þannig orðið hættuleg. Mannfólkið veiklast, ef sjúkum mönnum og veikfeldum endist langur aldur og þeir auka kyn sitt, einkum ef ekkert er þá gjört jafnhliða til þess, að efla hreysti þjóðarinnar fyrst og fremst með líkamsæfingum, og í annan stað með því, að hlynna sem bezt að heilbrigðu fólki, og gjöra því sem greiðast fyrir, að geta útvegað sjer það, sem til hollustu heyrir, svo sem hentug húsakynni, holt viðurværi og góðan útbúnað yfirleitt, og í þá átt mundu þessir sjóðir stefna, þegar þeim ykist afl og þroski, ef verksvið þeirra væri orðið jafnvíðtækt, sem farið er fram í breyt.till. minni.

Breyt.till. mín á þgskj. 487 er aðallega gjörð í því skyni, að 11. og 13. gr. frumv. geti haldizt óbreyttar. Jeg kann betur við, að þeim verði haldið óbreyttum til þess að sýna, að úthlutun styrksins eigi ekki að vera komin undir geðþekkni þeirra, sem fyrir úthlutuninni standa, heldur skuli styrktarfjeð úthlutast, nema gildar ástæður sjeu því til fyrirstöðu.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Það er með sjerstöku leyfi forseta, að jeg tek til máls í þriðja sinn við þessa umr. Fyrir brtill. minni á þgskj. 395 þarf jeg að vísu ekki að gjöra frekari grein, en jeg hef gjört áður. Ástæðurnar voru þær, að mjer þóttu þessi gjöld: 2 kr. á karlmann, og 1 kr. á kvenmann, of þung á almenning, og

ekki rjettlát, því að þó að hæstv. ráðh. tæki fram, að öryrkjastyrkur væri ekki fátækrastyrkur, mun raunin þó verða sú, að hreppsnefndirnar hyllast til, að veita styrkinn fátæklingum, er ella leituðu sveitarsjóðs, svo að öryrkjasjóðurinn ljettir á efnamönnunum, sem til sveita eiga að gjalda eptir efnum og ástæðum, því að byrðar sveitarsjóðanna verða minni, og þannig verður það hinn fátækari hluti þjóðarinnar, sem látinn er styrkja hina fátæku, og er það miður rjettlátt.

Brtill. á þskj. 465 eru miðaðar við frv., eins og það var samþ. við 2. umr. Að hafa tillagið úr landssjóði hærra fyrstu 8 árin, eins og lagt er til í 1. brtill., er sprottið af því, að alþýðustyrktarsjóðirnir eru stofnaðir með lögum 1. júní 1890, og hafa því starfað í 16 ár; það er því sanngjarnt, að landssjóður leggi til hærra gjaldið í fyrstu 8 árin, því að niðurstaðan verður þá, eins og landssjóður hefði lagt til helming móts við alþýðustyrktarsjóðsgjöldin frá því fyrsta; auðvitað hafa þá rentur af því tapazt, en gjaldskyldan nær nú og til fleiri. Það hefði verið sanngjarnt, að landssjóður hefði styrkt sjóðina frá byrjun, eins og nú er viðurkennt af stjórninni, að því er framtíðina snertir.

Í samræmi við brtill. við 1. gr., er brtill. við 11. gr., því að ekki var meiningin, að hið aukna tillag fyrstu 8 árin yrði eyðslufje, heldur legðist við sjóðinn til eflingar honum.

Um varatill. mína er ekki annað að segja en það, að ef mönnum þykir tillag landssjóðs of hátt, þegar tillagi gjaldenda er haldið óbreyttu, eins og í núgildandi lögum, þá sje það eigi haft hærra, en stjórnin lagði til í frv. sínu. Ef sú till. verður ekki sþ., mun jeg greiða atkv. með brtill. háttv. þm, V.-Ísf.

Ráðherrann: Jeg get ekki verið h. þm. N.-Ísf. samdóma um, að öryrkjasjóðirnir ljetti skyldum af sveitarsjóðunum, og þannig spari hinum efnaðri útsvör á kostnað þeirra, sem gjalda til öryrkjasjóðanna. Sje öryrkjastyrknum varið samkvæmt tilgangi laganna, þá á hann ekki að hafa nein veruleg áhrif á gjöld sveitarsjóðanna, því verksvið hans er annað. Tilgangurinn er að styrkja þá, sem *ekki* vilja leita sveitarinnar um styrk. Margur vill heldur mikið illt þola, en fara á hreppinn; að vísu getur styrkur þessi bjargað mörgum frá sveit; en aðaltilgangur hans er að gjöra lífið bærilegra gamalmennum og öðru heilsubiluðu heiðarlegu fólki, jafnvel þótt það sje ekki svo fullkomlega á flæðiskeri statt, að það geti ekki á einhvern hátt kvalizt áfram, án þess að þiggja styrk, er þeir telja sjer til minnkunar. Hjer er ekki heimtuð nein »aðsjón« eða önnur særandi rannsókn á högum manna. Úthlutunarnefndin dæmir um það eptir atvikum, hver umsækenda hafi brýnasta þörf eptir sínum högum, og má þar margt til greina taka. Jeg játa að vísu fúslega, að eins og 13. gr. nú er orðuð, eru ákvæðin um styrkveitingar ekki sem heppilegust; en það stendur til bóta.

Einmitt af þessari ástæðu, að verkefni öryrkjasjóðanna er annað en sveitarsjóðanna, álít jeg alveg misráðið það, sem farið er fram á í nokkrum brtill., að fella alveg burt kröfuna um heiðarleik og reglusemi. Að vísu er það rjett athugað hjá hv. þm. N.Ísf., við 2. umr., að orðin »hefur verið« í 2. málsgr. 13. gr. eru ekki heppileg. Þar á auðvitað að standa »er«, eins og jeg hef leyft mjer að leggja til í 7. brtill. minni. Það verður ekki álitið, að þeir, sem ekki fullnægja því skilyrði, að geta talizt vandaðir og reglu-

samir menn, taki sjer það eins nærri að leita til sveitarsjóðanna í þörf sinni, eins og hinir, sem þrátt fyrir heiðarlegt strit og stríð óverðskuldað verða hjálpar þurfar, enda ekki ástæða til, að styrknum sje eytt frá þeim síðarnefndu til þess að styrkja menn, misyndismenn, að eins til þess að forða sveitarsjóði frá byrði af þeim. Jeg vil því fastlega leggja á móti því, að þetta skilyrði sje látið burtu falla.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg skal fyrst geta þess, að á þgskj. 473 er prentvilla í 2. breyt.; þar stendur, kvennmaður greiði 50 aura í sjóðinn á ári, en á að vera 1 kr.

Jeg skal byrja með að taka það fram, að mjer virðist það alls ekki rjett, að láta hreppssjóðina ekki greiða neitt gjald í sjóð þennan. Málið er svo vaxið, að öryrkjasjóðurinn hlýtur með tímanum, eða þegar fram líða stundir, að lækka gjöld til sveitarsjóða. Þess vegna hef jeg lagt til, að sveitarsjóðir legðu til helming til móts við landssjóð. Jeg þykist vita, að mönnum muni vaxa það í augum, hversu mikið gjald komi á sveitarsjóðina, og hef jeg því reynt að gjöra mjer grein fyrir, hversu mikið það verður til uppjafnaðar. Landssjóður leggur til 26,500 kr., eptir áætlun, samkvæmt frumv.; þá koma 13,250 kr. á sveitarsjóðina. Af Íslendingum búa um 15,000 manns í bæjum; þá koma á sveitirnar um 65,000 manns. Þetta gjald mundi þá nema um 60 kr. á hvern hrepp. Í mínum hreppi eru um 700 íbúar. Á hann mundi þá koma um 120 kr., ef hlutfallið milli gjaldenda er í samræmi við fólkstöluna. Jeg er viss um, að sá hreppur mundi leggja það til með ánægju, ef landssjóður legði þó ekki væri nema annað eins á móti. Og yfirleitt er mjer nær að halda, að það mundi ekki verða til fyrirstöðu þessu, að slík tilhögun sæti óvild manna.

3. og 4. breyt. get jeg tekið aptur, ef breyt.till. á þgskj. 487 verður samþykkt, því að þá eru þær óþarfar.

Aptur á móti er jeg ekki samdóma hæstv. ráðh. um 5. breyt.till. mína, sem fer fram á, að burt falli þessi orð í annari málsgrein 13. gr.: »og hvort hann hefur verið reglusamur og vandaður maður«. Það getur vel verið, að maður, sem hefur þessa galla, eigi konu og börn, sem styrkinn eigi skilið, og get jeg vel hugsað mjer, að hreppsnefndir geti sjeð um, að slíkar fjölskyldur njóti þessa fjár, án þess slíkir menn geti náð í það til þess að sóa því. Þetta skilyrði hygg jeg því, að ætti að falla burt. Ef sveitarsjóðirnir gjalda í sjóðinn, þá má fremur búast við því, að hreppsnefndirnar verði íhaldssamari á fjenu, og mundu þá brúka það þar sem bezt kæmi niður. Það er eitt af því góða, sem fylgir því, að hrepparnir mundu ekki verða eins bruðlunarsamir, og ef fjeð væri eingöngu úr landssjóði. Það er nú einu sinni svo, að ef landssjóður er annars vegar, þykir sjálfsagt að draga ekki af kröfunum eða að fara ekki mjög sparsamlega með það fje.

Það mætti tala langt mál um þetta atriði, en þar sem jeg hygg að háttv. þingm. hafi hugsað þetta mál og yfirvega ástæður með og móti þessari breyt.till., finn jeg ekki ástæðu til þess, að fara um hana fleiri orðum að þessu sinni.

Jeg get ekki verið meðmælltur brt. hæstv. ráðh. um að hafa prest og lækni nokkuð við þetta riðna. Það getur vel staðið svo á, að prestur eða læknir sje ungur í hjeraðinu, kannske nýkominn frá skólaborðinu, og er þá auðvitað alls ekki jafnfær, og t. d.

hreppsnefndin ætti að vera, til þess að dæma um þörf hreppsbúa. Auk þess eru prestar og læknar venjulega meðal hæstu gjaldenda og má þá búast við því, að þeir yrðu íhaldssamir, eða vilji frekar láta þá menn njóta styrksins, sem hætt er við að annars mundu komast á sveit. Jeg álít ekki heldur breyt.till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) til bóta. Mjer hefur alltaf fundizt, að gjöldin til alþýðustyrktarsjóðsins væru of lág. Og þessi galli sem margir hafa fundið að frumv., að öryrkjar einir fá styrk, hann hefur ekki mikla þýðingu fyrir samþ. frumv., því að, eins og hæstv. ráðh. tók fram, standa þessi lög til bóta, og væri kannske hægt að styrkja fleiri síðar; en fyrst um sinn álít jeg rjett sje að fara varlega, spara sjóðinn þangað til honum vex fiskur um hrygg.

Ráðherrann: Mjer þykir illt, ef háttv. þm. ekki geta fallizt á skilyrðið um, að styrknjótendur sjeu reglusamir og vandaðir menn; því það skilyrði snertir vissulega aðalefni málsins. Það verður að stríða móti þeirri freistingu, sem sveitastjórnirnar gætu haft til þess að láta þá menn sitja í fyrirrúmi, sem annars er hætt við að yrði að styrkja úr sveitarsjóði; því tilgangur þessara laga er allt annar en að verja sveitarsjóðina gjöldum, eins og jeg opt er búinn að taka fram. (*Skúli Thoroddsen:* Í »praxis« verður það svo). Þetta ákvæði á einmitt að fyrirbyggja, að það verði svo í »praxis«, að þessi sjóður ljetti af sveitasjóðunum gjöldum, sem þeim að rjettu lagi ber að borga!

Með rjettri brúkun er jeg viss um, að þessi sjóður styrkir örsjaldan þá menn, sem annars mundi detta í hug að sækja um sveitarstyrk, Jeg vildi þess vegna mjög mælast til þess, að þetta ákvæði fengi að standa. Jeg skildi hinn háttv. framsm. svo, að nefndin hefði fallizt á það, og jeg vil biðja hann að skýra frá því, hvort jeg hef ekki skilið hann rjett.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg get nú ekki verið að karpa lengur við háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um breyt.till. á þgskj. 395, því hann má ekki tala optar; enda hef jeg gjört grein fyrir því, að það er misskilningur hjá háttv. þm., sem hann hefur tekið upp aptur og aptur, að frumv. þetta yrði til þess að íþyngja fátæklingum, en ljetta á efnamönnum.

Mjer finnst 1. breyt.till. háttv. þm. á þgskj. 465 ekki geta komizt að af formlegum ástæðum. Annars er jeg alveg sammála hæstv. ráðh. um þau önnur atriði, sem mæla móti því, að samþ. 1., 2., 3., 4., 6. og 7. breyt.till. háttv. þm. á nefndu þgskj.

Nefndin getur ekki mælt með 1. breyt.till. V.-Ísf. (Jóh. Ó.) á þgskj. 473, um að sveitarsjóðir leggi fram helming á móts við tillag landssjóðs af því, að nefndin er hrædd um, að það ákvæði verði til þess að binda sveitarsjóðina og öryrkjasjóðina saman í meðvitund manna. Úr því að hæstv. ráðh., sem á frumv. þetta að mestu leyti, mótmælir ekki lækkunartillögum háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) á árgjaldinu, þykir nefndinni ekki rjett, að setja það fyrir sig, hvort árgjaldið verður 50 aurar fyrir kvennmann og kr. 1,50 fyrir karlmanninn eða 1 kr. og 2 kr. eins og hún hafði stungið uppá.

Út af spurningu hins hæstv. ráðh. um það, hvort það væri ekki rjett skilið, að nefndin væri meðmælt því, að halda skilyrðinu um, að umsækjandi sje »vandaður og reglusamur«, er nóg að geta þess, að nefndin setti það inn í frumv. Aptur á móti álítur nefndin,

eins og jeg þegar hef tekið fram, óþarft að leita ráða presta eða lækna um styrkveitingarnar. Hjer verður ekki um neina heilsubilun að ræða, sem þurfi læknisskoðunar við. Vilji stjórnin hins vegar áskilja það, getur hún gjört það í reglugjörðinni.

Út af ummælum háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), þar sem hann sagði, að þessi sjóður mundi eflast svo mjög. að ekki yrði hægt að koma út öllum styrknum, þegar tímar liðu fram, vildi jeg að eins segja það, að nógur tíminn er til þess, að setja undir þann leka, þegar lekinn er dottinn á.

Ráðherrann: Jeg álít, að það megi vel setja í reglugjörð, að leita skuli álita læknis og prests. En það er rjettast, að það standi í lögunum. Jeg hefði helzt viljað, að þeir sæktu beinlínis fundi með hreppsnefndunum til úthlutunar. En jeg orðaði tillöguna svona vegna þess, að jeg vildi, að það væri hægt að leita þeirra skriflega, svo að þeim ekki yrði bakað ómak og sjóðunum kostnaður frekar, en nauðsyn krefur.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg legg ekkert kapp á þetta; en mjer sýnist ekki mega ætlast til þess, að læknar og prestar þekki svo hvern mann í umdæmum sínum, að þeir geti dæmt um ástæður umsækjanda að ósjeðu.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.) Þegar þetta mál var til umræðu um daginn, benti jeg á ýmsa galla og suma mjög stóra, sem mjer þóttu vera á þessu frumv. Það lítur nú út fyrir, að bendingar mínar hafi borið ríkulegan ávöxt, því að nú við 3. umr. málsins eru komnar 23 — tuttugu og þrjár — breyt.till. Því miður hafa þessar breyt.till. ekki ráðið fulla bót á þeim miklu göllum, sem á frumv. voru, en sumar hafa þó nokkuð bætt um þá verstu.

Jeg gat þess þá, að þessi alþýðugjöld mundu verða óvinsæl, ekki af því, að þau væru of há, heldur af hinu, að þeim er svo að segja fleygt í sjóinn; fyrir alþýðu er hjer um að ræða hátt styrktarsjóðsgjald annars vegar, en hins vegar hefur enginn neina tryggingu fyrir því, að fá styrk, ekkert lögskipað, ákveðið tilkall.

Verkafólk í öðrum löndum borgar miklu hærri gjöld, en þau gjöld veita tryggingu; þar á hver maður heimtingu á ákveðnum styrk, ef hann veikist eða slasast. En hjer eiga menn að borga þessi gjöld alveg út í óvissu, án þess að hafa nokkra hugmynd um — og optast án þess að hafa nokkra von um — að fá neitt í aðra hönd.

Jeg tel því, eins og málið nú horfir við, þær breytingar til bóta, sem miða að því, að lækka gjöldin, og eins þær, sem miða að því, að takmarka tölu styrksnjótenda, til þess að heldur muni um styrkinn; jeg greiði því atkvæði með þeim tillögum, að karlmenn borgi 1 kr. 50 aura og kvennmenn 50 aura. Sömuleiðis með þeirri tillögu, að landssjóður greiði að eins 50 aura fyrir hvern gjaldskyldan mann.

Það, sem mest hefur verið talað um, eru þær breyt.till., sem lúta að því, hverjir eigi að njóta styrksins. Tillögur stjórnarinnar í því efni eru glöggar; hún vill veita styrk gamalmennum yfir sextugt, vill, að styrkurinn sje ellistyrkur eða eins konar eptirlaun. Það ætti að vera viðráðanlegt. En nefndin vill láta veita styrkinn öllum »öryrkjum«. En »öryrkjar« eru allir vinnandi menn, er fatlast frá verki vegna veikinda um stundarsakir eða til langframa. Sjóðurinn verður því eins konar sjúkrasjóður, eins og líka

háttv. framsm. tók fram. En ef sjóðurinn á að styrkja alla þá, sem á unga aldri verða öryrkjar til langframa og um stundarsakir, þá sýnist mjer það augljóst, að hann hlýtur að verða sitómur og skammtarnir úr honum svo smáir, að engan munar um þá. Jeg tel því tillögur hins hæstv. ráðherra til bóta, þar sem hann vill skýra »öryrki« á þann hátt, að það sjeu að eins þeir, sem til *langframa* verði ófærir til vinnu.

Aptur á móti sýnist mjer tillagan á þgskj. 518 ganga beint í þá átt, að gjöra þetta að sveitarstyrk, gjöra öryrkjasjóðinn að nokkurs konar viðlagasjóði sveitarsjóðanna. Hún fer út fyrir grundvöll þessa frumv.; henni greiði jeg því ekki atkvæði.

Sama er að segja um þá tillögu, að veita styrkinn jafnt reglumönnum og óreglumönnum, jafnt vönduðum og óvönduðum. Jeg felli mig betur við tillögu hins hæstv. ráðherra — úr því að allir eiga ekki jafnt tilkall — þá að útiloka misindismenn; jeg á ekki við, að það eigi að fara að rifja upp gamlar syndir, að það verði farið að taka tillit til þess, þó að maðurinn t. d. hafi einhvern tíma verið kallaður óreglumaður; enda býst jeg ekki við, að þetta ákvæði yrði skilið á þann veg. En jeg álít þá tillögu til bóta, af því að hún takmarkar verkefni sjóðsins.

En svo er úthlutunin, hún hlýtur æfinlega að verða ranglát og óvinsæl, þar sem sveitarstjórnirnar eiga að úthluta styrknum. Freistingin til þess að veita mönnum styrk úr sjóðnum, til þess að halda þeim frá sveit, er allt of mikil og auk þess getur ekki hjá því farið, að kunnugleikar og skyldleikar verði því valdandi, að sveitarstjórnirnar dragi taum einstöku manna, hver síns vinar og vandamanns. Úthlutunin verður ranglát og sjóðurinn óvinsæll.

Jeg er þakklátur háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) fyrir það, að hann vildi láta læknana hvergi nærri koma, því að það mundi að eins verða þeim til leiðinda og erfiðisauka. En um það get jeg ekki verið honum samdóma, að það sje svo augljóst, hverjir heilsubilaðir sjeu, að ekki þurfi lækni til þess að segja um það. Því fer fjarri, að það sje augljóst, hverjum og einum. Það er almenn reynsla lækna, að menn *ímynda* sjer opt, að þeir sjeu heilsulausir og geti ekki unnið, og sumir gjöra sjer jafnvel upp veiki og vilja svo fá vottorð hjá lækninum um, að þeir sjeu ekki vinnufærir. Hvernig eiga nú aðrir en læknar að geta dæmt um það, hvort styrkbeiðendur skýra rjett frá heilsu sinni og orku. Út af þessum ummælum hins háttv. þm., að allir gætu sjeð, hverjir væru heilsulausir og hverjir ekki, datt mjer í hug, að þá er gjöra skyldi holræsi hjerna í bænum og talað var um að mæla þyrfti hallann, ljet einn háttv. borgari bæjarins þau orð sjer um munn fara, að það væri hreinn og beinn óþarfi að vera að mæla hallann; eins og allir sæju ekki, hvert vatnið rynni.

En þakklátur er jeg honum engu að síður fyrir, að hann vill losa læknana við þessa kvöð, þótt mjer hins vegar sje eigi ljóst, hvernig þeir geti losnað við hana, því að vitanlega mundu skynsamar hreppsnefndir, hvort sem þetta ákvæði stæði í lögunum eða ekki, leita álits hjeraðslæknisins um heilsufar umsækenda.

En lakast þykir mjer, að engin af breyt.till. bætir úr þeim ágalla frumv., að það hlýtur að verða mjög mismunandi, hvað mikinn styrk menn geta fengið, eptir því í hvaða hreppi hver á heima. Vitanlega greiðist misjafn-

lega mikið í sjóðina í hinum ýmsu hreppum; sumstaðar lítið og sumstaðar mikið. En þar sem nú ekki má útbýta öðru í hverjum hreppi en því, sem koma á til úthlutunar úr sjóðdeild *þess* hrepps, þá liggur það í augum uppi, að styrkhæð hvers umsækjanda hlýtur að fara eptir því, í hvaða hreppi hann á heima, hversu margir gjaldendur þar eru til sjóðsins og hversu margir öryrkjar. Sjálfur hef jeg ekki komið fram með breyt.till. í þá átt sakir þess, að jeg get ekki vikið frá því, að skynsamlegasta tillagan um þetta frumv. er að mínu áliti sú, að láta það bíða næsta þings. Jeg játa að vísu, að atkv.gr. um þessar 23 breyt.till. getur farið svo, að frumv. ætti það skilið að fá að ganga til Ed. En þar þyrfti það að taka enn meiri umbótum og helzt fá sjer væran dúr til næsta þings.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.) Háttv. 2. þm. Rvk. hafði talið brtill., og þóttist góður af að geta talið upp að 23, eins og við því hefði verið búizt af honum, að hann kynni ekki að telja upp að 23. Ræða hans bar annars vott um, að hann er maður vanur að horfa í gegnum stækkunargler, vanur að sjá tvöfalt, enda gætti hann þess ekki, að margar till. eru afleiðingar hver af annari. Það var þó vandalaust að sjá, t. d. um brtill. hv. þm. N.-Ísf.

Hann kvað það verst, að ákvæði frumv. gæfu enga tryggingu í aðra hönd fyrir þá, er í sjóðina gjalda, en það gjörir stjórnarfrumv. heldur ekki, og bar hann þó töluvert lof á það. Þar er styrkveitingin bundin því skilyrði, að umsækjandi sje sextugur. En hver á þess vissa von að verða sextugur? Yfir höfuð að tala, getur enginn verið viss um að fá að njóta ávaxta af verkum sínum eða fjárframlögum.

Annars fannst mjer hinn háttv. þm. yfirleitt ekki hugsa jafn rökrjett og við hafði mátt búast af honum. Hann hjelt því fram, að tryggingin fyrir því að fá styrk úr sjóðunum, væri ekki góð, en bætti því svo við, að þær till. líkuðu sjer bezt, er færu fram á að minnka framlögin. Það liggur þó í hlutarins eðli, að eptir því sem framlögin eru minni, eptir því verða sjóðirnir að leggja fram minna til hjálpar styrkþurfandi mönnum. (*Guðmundur Björnsson*: Ekki, ef verksvið þeirra er takmarkað!). Hann kvað það of langt farið að ætla styrkinn bæði ellihrumum mönnum og þeim, sem frá verki eru fyrir sakir langvinnrar heilsubilunar. En jeg get þó ekki betur sjeð, en að því fleiri geti gjört sjer von um, að verða styrksins aðnjótandi, sem hringur styrkþiggenda er færður út.

Nefndin var öll á því máli, að *öryrkjar* væru þeir menn einir, sem »úr yrkju« væri, það er, hættir væru að »yrkja«, hættir að vinna; með öðrum orðum þeir menn, er annaðhvort vegna ellilasleika eða heilsubilunar eru frá verki. Með heilsubilun er hjer auðvitað ekki átt við stundarkvilla, svo sem fingurmein eða magapínu, heldur langvarandi heilsubilun. Þess vegna er óþarfi, að hjeraðslæknarnir hafi hjer nokkur afskipti af. Það leynir sjer ekki þegar menn hafa verið lengi veikir, eru t. d. orðnir krepptir af gigt; um það þarf ekkert læknisvottorð.

Jafn óþarft er í rauninni, að slá þann varnagla í lögunum, að þeir skuli sitja í fyrirúmi, er vandaðir sjeu og reglusamir, því að vitanlega verður það svo í framkvæmdinni, að þeir verða, að öðru jöfnu, látnir ganga fyrir hinum, hvort sem svo er fyrirmælt í

lögunum eða ekki, en eðlilega hefur nefndin, sem setti ákvæði þetta inn í frumv., ekki á móti því að það standi áfram.

Háttv. þm. fann að því, að hreppsnefndum og bæjarstjórnum væri falið að hafa úthlutunina á hendi; þar gætu óskir einstakra manna og kunningsskapur ráðið of miklu. En með leyfi að spyrja, mundi ekki kunningsskapur geta ráðið nokkru líka hjá læknum og prestum? Hitt þarf ekki að óttast, að þeir verði settir hjá, er ekki eiga framfærslurjett í htutaðeigandi hreppi, því að þeir hafa beina kröfu til styrkþágu eptir lögunum án tillits til þess, hvar þeir eru sveitlægir, að eins að þeir sjeu framfærsluskyldir hjer á landi.

Annars skal jeg játa, að vel má vera, að nefndinni hafi verið mislagðar hendur um þetta frumv., enda átti háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) ekki sæti í henni. Allt um það vona jeg, að hinni háttv. deild þyki frumv. þess vert, að leyfa því að komast til Ed., og það því fremur sem sá mikli maður lagði ekki á móti því, að það kæmist svo langt.

ATKV.GR.:

Brtill. á þskj. 518 við brtill. á þskj. 501 felld með 15 atkv. gegn 6.

Brtill. 1. á þskj. 501 við 1. gr. samþ. með 16 atkv.

Brtill. 1. á þskj. 465 við 1. gr. felld með 14 atkv. gegn 3.

Brtill. 1. á þskj. 473 við 1. gr. felld með 14 atkv. gegn 4.

Brtill. 2. á þskj. 465 við 1. gr. felld með 15 atkv. gegn 3.

Brtill. 3. á þskj. 465 við 1. gr. talin fallin án atkv.gr.

4. Varatill. á þskj. 465 við 1. gr. felld með 14 atkv. gegn 3.

Brtill. 5. á þskj. 465 við 2. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 7.

Brtill. á þskj. 395 við 2. gr. felld með 16 atkv. gegn 1.

Brtill. 2. á þskj. 473 við 2. gr. felld með 13 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon.	Björn Kristjánsson,
Jóh. Ólafsson,	Guðl. Guðmundss.,
Magn. Kristjánsson,	Guðm. Björnsson,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Thorlacius,	Hannes Þorsteinss.,
Skúli Thóroddsen,	Herm. Jónasson,
St. Stefánsson, Eyf.,	Jón Jónsson,
Tr. Gunnarsson,	L. H. Bjarnason,
Þórh. Bjarnarson.	Magn. Andrjesson,
	Ólafur Briem,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stefánsson, Skgf.

Brtill. 3. á þskj. 473 tekin aptur.

Brtill. 4. á þskj. 473 tekin aptur.

Brtill. 5. á þskj. 501 við 11. gr. sþ. með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Kristjánsson,	Herm. Jónasson,
Guðm. Björnsson,	Jóh. Ólafsson,
Hannes Hafstein,	L. H. Bjarnason,
Hannes Þorsteinss.,	Magn. Andrjesson,
Jón Jónsson,	Ólafur Briem,
Magn. Kristjánsson,	Ólafur Thorlacius,
Ólafur Ólafsson,	Pjetur Jónsson,
St. Stefánsson, Skgf.,	Skúli Thóroddsen,
Tr. Gunnarsson,	St. Stefánsson, Eyf.
Þórh. Bjarnarson.	

4. brt. við 13. gr. (501) samþ. með 20 atkv.

5. brt. við 13. gr. (501) felld með 13 atkv. gegn 7.

6. brt. við 13. gr. (501) sþ. með 13 atkv. gegn 4.

5. brt. (473) felld með 15 atkv. gegn 3.

7. brt. (501) samþ. með 20 atkv.

Brt. (404) við 15. gr. sþ. með 20 atkv.

Brt. (407) við 15. gr. sþ. með 21 atkv.

Brt. (487) við 15. gr. sþ. i e. hlj.

Frv. þannig breytt sþ. með 18 atkv. og afgr. til forseta Ed.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. sept., kom frv. (A 534) til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.) stakk upp á að kosin yrði 3 manna nefnd i málið, að loknum umr., og var sú uppástunga samþ. Í nefndina voru tilnefndir með hlutfallskosningu:

Eirikur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Sigurður Stefánsson.

Í nefndinni var Eirikur Briem kosinn formaður og Sigurður Stefánsson skrifari.

Frá nefndinni kom ekkert álit.

II. Þingmannafrumvörp.

A. Samþykkt.

1. Manntal í Reykjavík.

Á 8. fundi Nd., miðvikudaginn 10. júlí, kom frumv. til laga (A. 56) um breyting á lögum um manntal í Reykjavík, nr. 18, 13. septembr. 1901 — flutningsmenn: Guðmundur Björnsson og Tryggvi Gunnarsson, til 1. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvík): Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur óskað þess, að breyting yrði gjörð á núgildandi lögum 13. sept. 1901. Breytingin, sem farið er fram á, er sú, að manntalstíminn sje færður nær áramótum. Nú er svo fyrir mælt, að manntalið skuli fara fram í október, en til þess að manntalið beri sem rjettast vitni um fólksfjöldann, álítur bæjarstjórnin heppilegast, að það fari fram sem síðast á árinu, helzt við áramót. En það er aptur of seint til þess, að niðurjöfnunarnefnd geti haft gagn af skýrslunum, og hefur því millivegurinn verið valinn, að láta manntalið fara fram í síðara hluta nóvembermánaðar. Jeg get ekki hugsað mjer, að hin háttv. deild hafi nokkuð á móti því, að verða við ósk bæjarstjórnarinnar, og frumv. er svo einfalt og óbrotið, að jeg álít óþarft að setja það í nefnd. Vil jeg því leyfa mjer, að fara þess á leit við hina háttv. deild að því verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 9. fundi Nd., föstudaginn 12. júlí, kom frumv. (A. 56) til 2. umr.

Enginn tók til máls og var því strax gengið til atkv.

1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

2. gr. — — í einu hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 11. fundi Nd., mánudaginn 15. júlí, kom frumv. (A. 56) til 3. umr.

ATKV.GR.,

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 16. fundi Ed., fimmtudaginn 18. júlí, kom frumv. (A. 88) til 1. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 17. fundi Ed., laugardaginn 20. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

2. gr. — — í — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 22. júlí, kom frumv, til 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust sþ. með öllum atkv, og afgreitt til ráðherrans, sem lög frá alþingi.

II. Löggilding verzlunarstaðar að Kirkjuvogi.

Á 10. fundi Nd., laugardaginn 13. júlí, kom frumv. til laga (A. 59) um löggilding verzlunarstaðar að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu — flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Hermann Jónasson — til 1. umr.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Íbúar Hafnarhrepps hafa farið fram á það við sýslunefnd Gullbringusýslu, að stuðla að því, að Kirkjuvogur verði löggiltur verzlunarstaður. Á sýslufundi, sem var haldinn 15. apríl, var það samþykkt, að mæla fram með því við þingið, og hefur formaður sýslunefndarinnar sent mjer brjef og afrit af sýslunefndargjörð, þar sem mælt er fram með þessu. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp lítinn kafla úr brjefi formanns sýslunefndarinnar: »Það er hvorttveggja, að löggildingin mundi greiða fyrir verzlunarviðskiptum hreppsbúa, en einkum er þó beiðni þessi komin fram fyrir þá sök, að í ráði er, að stofna þar fiskiveiðastöð, en í það verður þó ekki ráðizt nema löggilding fáist«. Jeg hef ekki önnur meðmæli en þetta, enda álít jeg þess ekki þurfa við, þar sem ekki hefur verið venja, að hafna þess konar umsóknum hjer á þinginu. Jeg skal geta þess, að Kirkjuvogur liggur skammt fyrir innan Reykjanes, það er fyrsta vikin, sem maður kemur á frá Reykjanesi. Höfn er þar álíka góð og í Keflavík, svo við hana er ekkert að athuga. Það hefur líka enga þýðingu, hvernig alþingi dæmir um hafnir á Íslandi, enda heptir það ekki siglingar hingað til lands, þó hafnir sjeu alveg ólöggiltar, eins og jeg hef áður tekið fram hjer á þinginu. Jeg vona, að hin háttv. deild taki þessu frumv. eins vel og hún hefur tekið öðru frumv. um sama efni, sem nýlega er sloppið út úr deildinni. Jeg skal svo leyfa mjer, að leggja það til, að málinu sje vísað til 2. umr., þegar þessari umræðu er lokið.

ATKV.GR.: Frumv. var vísað til 2. umr. með 17 atkv. gegn 2.

Á 11. fundi Nd., mánudaginn 15. júlí, kom frumv. (A. 59) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 20 atkv. gegn 2.

2 gr. frumv. samþ. með 20 atkv. gegn 1.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 atkv. gegn 2.

Á 13. fundi Nd., miðvikudaginn 17. júlí, kom frumv. (A. 59) til 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust sþ. með 13 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta Ed.

Á 17. fundi Ed., laugardaginn 20. júlí, kom frumv. (A. 98) til 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust vísað til 2. umr.

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 22. júlí, kom frumv. (A. 98) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með öllum atkv.

2. — — — — — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 19. fundi Ed., miðvikudaginn 24. júlí, kom frumv. til 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. var umræðulaust samþykkt með 10 samhlj. atkv., og afgreitt til ráðherrans, sem lög frá alþingi.

III. Löggilding verzlunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd.

Á 14. fundi Nd., fimmtudaginn 18. júlí, kom frv. til laga (A 85) um löggilding verzlunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu — flutningsmenn Ólafur Briem og Stefán Stefánsson, þm. Skgf. — til 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 17 atkv. gegn 1.

Á 17. fundi Nd., mánudaginn 22. júlí, kom frv. (A 85) til 2. umr.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg tel víst, að þetta frv. komist hindrunarlaust gegnum þingið eins og önnur frv. sams konar. Jeg vil að eins taka það fram til leiðbeiningar fyrir þá, sem ekki þekkja til, að á þessum stað er góð skipalega; fyrir innan Þórðarhöfða er ágætt hlje fyrir norðaustan veðrum. Enn fremur er þar stórt vatn, hentugt bátalægi og jafnvel fyrir lítil skip. Verkfræðingur hefur athugað staðinn og litizt vel á hann. Það er lítið um skipalægi á Skagafirði, væri því gott að fá þennan stað löggiltan. Síðustu árin hafa bæði strandferðaskip og önnur flutningaskip komið þar við, og alltítt að skip leyti þar hafnar í illviðrum og liggi þar af sjer veður, og eru þar vafalaust mörg skilyrði fyrir verzlunarstað. Jeg hef fengið erindi frá 23 bændum, sem óska þess, að höfnin verði löggilt. Ber það vott um, að mönnum þar í nágrenninu er þetta áhugamál. Að svo mæltu vil jeg mælast til, að háttv. deild samþ. frumv.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 21 shlj. atkv.

2. — — — í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 19. fundi Nd., miðvikudaginn 24. júlí, kom frv. (A 85) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frv. var umræðulaust samþ. með 18 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 10. ágúst, kom frv. (A 166) til 1. umr.

ATKV.GR.:

Frv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi Ed., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frv. (A 166) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. frv. sþ. með 9 atkv.

2. — — — — 9 —

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv. gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Á. 29. fundi Ed., laugardaginn 17. ágúst, kom frv. (A 166) til 3. umr.

Frv. var umræðulaust samþ. með 9 samhl. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

IV. Löggilding Tjaldaness.

Á 21. fundi Nd., föstudaginn 26. júlí, kom frumv. til laga (A 143) um löggilding verzlunarstaðar að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu — flutningsmaður Jóhannes Ólafsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Því miður get jeg ekki stært mig af, að hafa neinar skriflegar áskoranir í höndum um þetta mál, en jeg vona, að hin háttv. þingdeild trúi mjer til þess, að jeg flyt þetta erindi að vilja hjeraðsbúa.

Í fljótu bragði kynni svo að virðast, sem það væri að bera í bakkafullan lækinn, að fara að löggilda nýjan verzlunarstað í þessum hreppi, þar sem ekki eru nema 14 ár liðin, síðan þar var löggiltur annar verzlunarstaður. En seinna hefur komið í í ljós, að sá staður er óhæfur til þess. Aptur á móti mælir margt með þeim stað, er hjer er farið fram á að löggilda: honum er vel í sveit komið, þar er gott byggingarstæði og ágæt höfn, staðurinn liggur við einn af fiskisælustu fjörðum landsins, og síðast en ekki sízt má nefna, að þar mun hin væntanlega Vestfjarðaálma ritsímans liggja yfir Arnarfjörð. Síðan gufubátsferðir fóru að tíðkast þangað vestur frá Ísafirði, hefur báturinn að eins komið við í þessum hreppi á hinn gamla löggilta verzlunarstað; en þaðan er óhægt til aðflutninga og póstsendinga sakir þess, að hann liggur mitt á milli bæja, og enginn býr á þessum stað. Formaður bátsins fæst ekki til að koma við að Tjaldanesi, fyr en þar er orðinn löggiltur verzlunarstaður.

Með því að fundurinn er orðinn ærið langur, skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, heldur að eins lýsa þeirri von minni, að hin háttv. deild leyfi frumv. að fylgjast áleiðis með öðrum systkinum sínum.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 1.

Á 24. fundi Nd., miðvikudaginn 14. ágúst, kom frv. (A 143) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 15 atkv.
2. — — — — 16 —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 atkvæðum,

A 26. fundi Nd., föstudaginn 16. ágúst, kom frumv. (A 143) til 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umr.laust sþ. m. 17. atkv, og afgreitt til forseta Ed.

Á 33. fundi Ed., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A 282) til 1. umr.
ATKV.GR.: Frv. var umr.laust vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 35. fundi Ed., laugardaginn 24, ágúst, kom frumv. (A 282) til 2. umr.
Enginn tók til máls.
ATKV.GR,:
1. gr. frumv, samþ. í e. hlj.
2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Á 37. fundi Ed., þriðjudaginn 27. águst, kom frumv. (A 282) til 3. umr.
ATKV.GR.: Frv. var umr.laust sþ. m. 10 samhlj atkv. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

V. Löggilding Kalmannsáróss.

A 23. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv. til laga (A. 132) um löggilding verzlunarstaðar að Kalmannsárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu — flutningsmaður: Þórhallur Bjarnarson — til 1. umr.

Flutningsmaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Fyrir þinginu hefur legið löggildingarbeiðni, undirrituð af hreppstjóra, oddvita og presti í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Beiðni þeirri fylgir lýsing á höfninni, og er mjer kunnugt um, að þar er rjett skýrt frá í alla staði. Höfnin er ágæt, og hefur hún verið notuð af skipum um mörg undanfarin ár. Staðurinn er undan Kalastaðakoti.

Ástæðan til þess, að þessi beiðni kemur nú fyrst fram, er aðallega sú, að í vor neitaði norskur skipstjóri, að fara þangað með timburfarm, og hann bar það fyrir sig, að höfnin væri ekki löggilt. Staðurinn hefur, eins og jeg þegar hef tekið fram, öll þau skilyrði, er nauðsynleg eru, og málið er vel í hendur búið þinginu, og vona jeg því, að jeg þurfi ekki að tala frekar um þessa löggilding.

Fleiri tóku ekki til máls, og var því gengið til atkv.
ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkv.

Á 25. fundi Nd., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. (A. 132) til 2. umr.
Enginn tók til máls.
ATKV.GR.:
1. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.
2. gr. — — — 17 —
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Á 27. fundi Nd., laugardaginn 17. ágúst, kom frumv. (A. 132) til 3. umr.
ATKV.GR.: Frumv. var umræðulaust samþ. með 17 atkv. gegn 1, og afgreitt til forseta Ed.

Á 33. fundi Ed., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A. 281) til 1. umr.

ATKV.GR.: Frumv. var umræðulaust vísað til til 2. umr. með 10 atkv.

Á 35. fundi Ed., laugardaginn 24. ágúst, kom frumv. (A. 281) til 2. umr.
Enginn tók til máls.
ATKV.GR.:
1. gr. frv. samþ. með 8 samhlj. atkv.
2. gr. — — — 8 — —
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Á 37. fundi Ed., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv. (A. 281) til 3. umr.
ATKV.GR.: Frumv. var umræðulaust samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

VI. Löggilding Hnífsdals.

Á 24. fundi Nd., miðvikudaginn 14. ágúst, kom frv. til laga (A 188) um löggilding verzlunarstaðar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu — flutn.m. Skúli Thoroddsen — til 1. umr.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg hef leyft mjer að bera fram þetta frv. samkvæmt ósk frá íbúunum í Hnífsdal. Sú ósk hefur legið frammi hjer á lestrarsalnum, og vænti jeg þess, að háttv. þm. hafi kynnt sjer hana.

Hnífsdalur er, eins og kunnugt er, fiskiþorp skammt frá Ísafirði. Hingað til hefur verið rekin þar sveitarverzlun, og þykir því heppilegra, að þar sje löggilt kauptún, svo að þeir, sem vilja, geti rekið þar verzlun.

Höfn er þar góð og skipalega hentug. Íbúar þorpsins eru nú hátt á þriðja hundrað, og ef frv. þetta yrði að lögum mundi það verða til þess, að framfarir þar yrðu meiri, eignir manna mundu hækka í verði og hægra yrði þá að fá strandferðabátana til þess að koma þar við.

Með því að háttv. deild hefur yfirleitt tekið vel löggildingarmálum, vænti jeg þess, að jeg þurfi ekki að tala frekar fyrir þessu frv.

Fleiri tóku ekki til máls, og var gengið til atkv. og frv. vísað til 2. umr. með 18 atkv. gegn 1.

Á 27. fundi Nd., laugardaginn 17. ágúst, kom frv. (A 188) til 2. umr.
Enginn tók til máls.
ATKV.GR.:
1. gr. frv. sþ. með 18 atkv.
2. – — — — 18 –
Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

A 28. fundi Nd., mánudaginn 19. ágúst, kom frv. til 3. umr.
ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust sþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 33. fundi Ed., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frv. (A 300) til 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 35. fundi Ed., laugardaginn 24. ágúst, kom frv. (A 300) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 10 atkv.
2. — — — — 10 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Á 37. fundi Ed., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frv. til 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust sþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

VII. Löggilding Króksfjarðarness.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 10. ágúst, kom frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi (A 139) — flutningsmaður Sigurður Jensson — til 1. umr.

Flutningsmaður Sigurður Jensson (þm. Barð.): Jeg hef verið beðinn af kjósendum mínum að flytja þessar 2 löggildingar, er hjer liggja fyrir, og hef jeg viljað verða við þessum óskum þeirra, af því það er ekki svo margt, sem jeg get gjört fyrir þá að öðru leyti.

Að því, er snertir löggildingu Króksfjarðarness, þá er þar þegar komið verzlunarfjelag, sem hefur sína bækistöðu þar. Og á þingmálafundi, sem haldinn var á Stað á Reykjanesi kom fram ósk um, að staður þessi yrði löggiltur. Að því, er höfnina snertir, þá heyri jeg sagt, að hún sje fremur góð og betri en á Salthólmavík, sem nýlega hefur verið löggilt. Að vísu hefur innsiglingin enn ekki verið uppmæld, hvorki þangað nje að Salthólmavík. En þar eru margir menn, sem þekkja leiðina vel og vonandi verður hún mæld upp innan skamms. Gæti þess vegna komið sjer mjög vel að hafa þar löggiltan verzlunarstað, ekki að eins fyrir Barðastrandasýslu heldur einnig fyrir Strandasýslu í hafísárum. Jeg vona þess vegna, að þingið verði ekki á móti þessum löggildingum, eptir þeirri stefnu, sem það hefur tekið sjer í slíkum málum.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það er óneitanlega satt, að það er nokkuð óviðkunnanlegt, að berjast á móti einni löggildingu, þar sem allar löggildingar hafa verið samþykktar af þinginu, hvort sem þær hafa verið á viti byggðar eða ekki. En jeg verð þó að segja, að jeg sje ekki minnstu ástæðu til þessarar löggildingar, sem hjer um ræðir. Vildi jeg gjarnan fá frekari upplýsingar um, hvað vinnist við það. Þessi staður er innarlega í Gilsfirði og ekki meira en á að gizka 1/4 mílu frá ný löggiltum stað, Salthólmavík. Verzlunarsvæðið, sem hjer getur verið um að ræða, er að eins 2 hreppar. Að höfninni fljóta að vísu bátar, jafn vel stórir bátar, en til þess þarf flæði og nákunnugan mann, svo að það sje ugglaust. En væri hjer um nokkra nauðsyn að ræða eða gagn fyrir þá hreppa, sem þar eiga hlut að máli, þá væri ekki ástæða til að hafa

á móti þessu máli. En jeg get ekki sjeð annað en svona lagaðar löggildingar sjeu einber hjegómi byggðar á misskilningi. Annars get jeg ekki sjeð, hvað þessir löggiltu staðir hafa fram yfir hina. Verzlunarfjelag það, sem hefur bækistöð sína á Salthólmavík, er að eins deild úr verzlunarfjelagi Dalasýslu, en verzlunarfjelagið í Króksfjarðarnesi er aptur að eins kvistur úr þessari deild, sem kallast Kaupfjelag Saurbæinga. Og er öll verzlunin á að gizka 3—4 þúsund krónur. Nú hefur verzlunin í Króksfjarðarnesi getað gengið vel, þó ekki sje þar löggilt kauptún. Kaupfjelög geta fengið verzlunarleyfi og bændur sveitaverzlunarleyfi hvar sem vera skal, og má selja þar allt nema áfengi. En það er ekki fáanlegt, þó staðurinn sje löggiltur. Hið eina, sem jeg get sjeð að þessi löggilding geti haft í för með sjer, væri það, að útlendur kaupmaður setti þar upp selstöðuverzlun, og klófesti með því verzlun bænda. Jeg var með í því hjer um árið að löggilda Óspakseyri. Þar er góð höfn, eins og þær eru beztar á Vesturlandi. En með því hefur ekki unnizt annað en það, að sá kaupmaður, sem var voldugastur þar um slóðir, náði í alla verzlunarlóðina, en verzlar þar þó ekkert fremur en áður, en hefur til óþæginda tekið beztu lóðina frá öðrum, sem kynnu að vilja setjast þar að. Þessi löggilding gæti því orðið að eins til þess, að styrkja útlenda selstöðuverzlun, en útiloka innlend verzlunarfjelög. Jeg held því, að þessi ósk sje byggð á misskilningi. Menn halda, að skip komi fremur á löggilta höfn en ólöggilta, en það er misskilningur, að það eitt gjöri nokkuð í því efni. Uppsigling á hafnir fer eptir því, hvort leiðirnar eru uppmældar og færar og hafnirnar svo djúpar og góðar, að á þeim verði legið.

Það, sem Gilsfirðinga vantar, er ekki fleiri löggiltar hafnir, heldur uppmælingu inn að Salthólmavík, svo að skip fengjust þangað með þær nauðsynjar, sem þær sveitir þurfa, er liggja að firðinum, og flyttu þaðan aptur afurðir þeirra.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): H. þm. Strand. (G. G.) talaði á móti frv., þótt óvanalegt sje nú orðið, þegar um löggilding nýrra verzlunarstaða er að ræða. Hann spurði að því, hvaða ástæða væri til að löggilda höfn þessa. Það er alveg sama ástæðan fyrir því hjer eins og annarsstaðar. Sú ástæða að greiða fyrir verzlun og samgöngum. Jeg get þó nefnt eina ástæðu, sem er sjerstakleg hjer. Menn eru hræddir um, að verði höfn eigi löggilt hjer, þá geti það komið fyrir við eigendaskipti, að jarðareigandinn kunni að banna alla verzlun á þessum stað, og kippa þannig fótunum undan þeirri verzlun, sem þar er þegar byrjuð. En þetta getur hann ekki gjört, ef höfnin er löggilt. Löggildingin verður því auðsjáanlega til að tryggja verzlun á þessum stað.

Háttv. þm. (G. G.) gat þess, að Salthólmavík væri nálægt þessum stað. Það er satt, að þar er ekki langt á milli; en eins og háttv. þm. veit, þá er innsigling þangað allt annað en trygg, og því hefur eigi verzlun getað þrifizt þar. Hjer á nú að gjöra tilraun og sjá, hvort henni reiðir ekki betur af. Mjer hefur verið sagt af kunnugum manni, að höfn sje örugg á þessum stað, og jeg sje enga ástæðu til að rengja hann.

Háttv. þm. Strand. (G. G.) sagði, að löggilding þessi sje hjegómi, en hið sama má þá segja um margar aðrar löggildingar. Jeg ímynda mjer, að stefna sú, sem nú er ráðandi á þingi um löggilding verzlunarstaða, byggis

á því, að þingmenn telji sig ekki hafa nægan kunnugleik til að skera úr því, hverjir staðir muni vera bezt til verzlunar fallnir, og því muni rjettast að synja ekki um löggilding verzlunarstaða, þar sem farið sje fram á hana, en láta reynsluna skera úr, hvar verzlun muni þrífast á þessum stöðum og hvar ekki.

Jeg var upphaflega fremur mótfallinn þessum mörgu löggildingum, en jeg er nú farinn að hallast að því, að hyggilegast muni vera að sporna ekki á móti löggildingum, heldur láta reynsluna skera úr, hvar þær geti komið að haldi. Háttv. þm. (G. G.) hafði það á móti löggilding þessari, að svo gæti farið, að útlendur selstöðukaupmaður klófesti alla verzlunarlóðina. Jeg held það sje ekki svo mikil hætta á þessu, því að þótt svo færi, að einhver sölsaði undir sig alla lóðina, þá veit háttv. þm. (G. G.), að sá hinn sami er skyldur að láta af hendi við aðra til verzlunarafnota, það sem hann getur sjálfur misst frá sinni verzlun, og svo naumt verður verzlunarlóðin ekki afmörkuð, að þar komist ekki fyrir nema ein verzlun.

Jeg sje yfir höfuð enga ástæðu fyrir háttv. þm. (G. G.) að hafa fremur á móti löggilding þessa verzlunarstaðar, en annara verzlunarstaða, sem hann hefur látið afskiptalausa.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Þingið hefur nú að undaförnu aðhyllzt þá stefnu, að löggilda verzlunarstaði, þegar þess hefur verið farið á leit, og hef jeg ekkert út á það að setja. En nú liggja hjer fyrir þessari deild 3 frumv. um löggilding verzlunarstaða og von á fleirum frá háttv. Nd. Mjer sýndist því betur fara, að skipuð væri nefnd til að taka öll þessi frumv. til meðferðar og koma þeim í eina heild. Það er bæði viðkunnanlegra og þægilegra að hafa þau öll saman en sitt í hverju lagi. Svo gæti þessi nefnd einnig tekið löggildingarmálið í heild sinni til skoðunar. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd, að loknum umræðum, en skal þó taka það fram, að jeg býst við, að þingið muni halda áfram, eins og að undanförnu, að leyfa löggildingar verzlunarstaða, þegar þess er óskað.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Mjer sýnist ekki þörf á, að setja nefnd í þetta mál, til þess að íhuga, hvort þörf sje á þessari löggildingu, því að það er reynslan, sem er þar beztur dómari og mun skera úr því, hvort þörfin er til staðar eða ekki. Jeg man eptir því, að þing þóttist gjöra þarft verk og nauðsynlegt, þegar hafnirnar í Skaptafellssýslu, svo sem Dyrhólaey og Ingólfshöfði voru löggiltir, en nú hefur reynslan sýnt, að þetta gjörði ekkert gagn; þegar svo síðar kom inn á þingið frumv. um að löggilda Vík, þá voru ýmsir, er að eins hlógu að því, en greiddu þó atkv. með því, svo að það gekk í gegn, og svo hefur reynslan einmitt sýnt það, sem engum fyrirfram datt í hug, að það var Vík, sem hafði skilyrðin til þess fremur öllum öðrum stöðum á því svæði, að verða að verzlunarstað; löggilding hennar hefur komið að miklu gagni.

Ef rannsaka ætti þörfina eða nauðsynina fyrir löggildingu verzlunarstaða, þá þyrfti til þess miklu kunnugri menn, en þingm. eru yfirleitt í þeim efnum. Reynslan mun sýna oss, hvort hjer er um þarft mál að ræða eða ekki, en jeg álít, að vjer eigum ekki að hika við að samþ. það, því að þótt reyndin yrði sú, að löggildingin gjörði ekki gagn, þá gjörir hún ekki heldur mein, svo að engu er þá tilspillt.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.):

Jeg held, að háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) hafi misskilið orð mín síðast, því að jeg er honum alveg samdóma um, að það sje reynslan, sem bezt sker úr því, hvort þörf eða nauðsyn sje til þess, að löggilda einn eða annan verzlunarstað, en nefndinni stakk jeg upp á af því, að ólögulegra er, að þessi aragrúi af löggildingarfrumv. sje sitt í hverju lagi, jeg vildi heldur fá þau saman í eina heild, og svo ætlast jeg til, að nefndin eptir föngum kynni sjer ástæðurnar fyrir því, að málin væru fram komin.

Sigurður Jensson (þm. Barð.): Jeg er samdóma háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) um það, að jeg álít ekki rjett, að vera að setja nefnd í þetta mál. Nú er liðið svo langt á þingtimann, að ekki eru líkur til, að fleiri frumv. komi um löggildingar, og gæti því nefndarskipunin að eins orðið til þess, að mál þessi strönduðu hjer nú, enda sje jeg ekki annað, en eins vel fari á því, að þessi mál sjeu hvort útaf fyrir sig. Vjer höfum haft með svo mörg frumv. um löggildingu verzlunarstaða að gjöra, að ekkert munar um, þótt þessi 2 eða 3 bætist við.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Tillaga um að skipa nefnd í málið felld með 7 atkv. gegn 4.

Á 27. fundi Ed., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 9 samhlj. atkv.
2. gr. — — — 9 — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi Ed., laugardaginn 17. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust samþ. með 9 atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 31. fundi Nd., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A 297) til 1. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 15 atkv. gegn 2.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A 297) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 20 atkv.
2. gr. — — — 16 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 28. ágúst, kom frumv. (A 297) til 3. umr.

ATKV.GR: Frv. var umr.laust samþ. með 15 atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

VIII. Löggilding Eysteinseyrar.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 10. ágúst, kom frv. til laga (A 140) um löggilding verzlunarstaðar að Eysteinseyri við Tálknafjörð — flutningsmaður Sigurður Jensson — til 1. umr.

Flutningsmaður Sigurður Jensson (þm. Barð.): Hinar sömu ástæður liggja til þess, að jeg kom fram með frumv. þetta, og þær, er jeg skýrði frá við síðasta frumv., sem sje þær, að jeg hef fengið beiðni eða áskoranir frá kjósendum mínum um að flytja þetta mál.

Viðvíkjandi þessum stað, skal jeg geta þess, að jeg er ekki í neinum vafa um, að hjer sje um ágæta höfn og ágætt skipalægi að ræða; þar sem vissa er fengin fyrir þessu, vona jeg að háttv. þm. hafi ekkert á móti þessu máli og lofi því fram að ganga.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Á 27. fundi Ed., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. (A 140) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 10 atkv.
2. — — — — 10 —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

A 29. fundi Ed. kom frumv. (A 140) til 3. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra ofurlitla fyrirspurn til háttv. flutningsmanns þessa frumv. um það, hvar þessi Eysteinseyri liggi. Það stendur að vísu í frv., að hún liggi við Tálknafjörð, en hún finnst ekki í landsuppdrætti (kortinu) og jeg man ekki betur, en tvær aðrar eyrar við fjörð þennan hafi áður verið löggiltar, Suðureyri og Sveinseyri. Mig langar yfir höfuð til að vita, hvaða ástæða er til að biðja um löggildingu á þessum stað. Það er yfirleitt undarlegt, að biðja um löggildingu á hverri hundaþúfu, þótt litlar eða engar líkur sjeu fyrir því, að þar geti komið verzlun. Þarna eru líka tveir stórir verzlunarstaðir til beggja hliða, Patreksfjörður og Bíldudalur; verzlunarsamkeppni er þar talsverð og viðskiptalíf allfjörugt, enda hefur það sýnt sig, að engin verzlun hefur getað þrifizt á hinum áður umgetnu og löggiltu eyrum, enda þótt beztu skilyrði sjeu fyrir hendi, hvað höfnina snertir. Þessar löggildingar eru að vísu meinlausar og gjöra ekki skaða. Það þykist jeg líka vita, að muni vera eina ástæða flutningsmanns, en jeg vil fá einhverja aðra ástæðu, því að broslegt er að setja lög um hluti, sem ekki ná tilgangi sínum og eru með öllu þýðingarlausir.

Flutningsmaður Sigurður Jensson (þm. Barð.): Það er alveg satt hjá háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.), að 2 aðrir staðir eru áður löggiltir við Tálknafjörð, en þar eru nú víst engar verzlanir. Þessi umræddi staður liggur innar við fjörðinn, en Suðureyri og Sveinseyri, og eptir því sem jeg hef þekkingu til og heyrt sagt, þá mun þar vera enn þá betri höfn, en á hinum tveimur stöðunum. Ástæðan til þess, að beðið er hjer um löggildingu, er sú, að kaupmaður einn hefur nýlega keypt þessa jörð og sett þar á stofn verzlun, sem að vísu enn er í smáum stíl en ætti að geta stækkað. Mjer sýnist ekkert á móti því, að löggilda þá staði, sem beðið er um, og lofa svo mönnum að velja þann stað-

inn úr, sem hefur mest og bezt skilyrði, til þess að verzlun geti þrifizt þar. Jeg sje því ekki að það sje neinar ástæður á móti þessu frumv., þó að Sveinseyri og Suðureyri hafi áður verið löggiltar, því að skeð getur, að það sýni sig nú með tímanum, að þessi staður sje þeim báðum betur fallinn til verzlunar.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Á 31. fundi Nd., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A 298) til 1. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 2.

Á 3. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst, kom frv. (A 298) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 18 atkv.

2. — — — 18 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 28. ágúst, kom frumv. (A 298) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust samþ. með 14 atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

IX. Verzlunarlóð Keflavíkur.

Á 16. fundi Nd., laugardaginn 20. júlí, kom frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar og hafnarinnar í Keflavík (A. 97) — flutningsmaður Björn Kristjánsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Í 4. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóvbr. 1905 er ákveðið, að kauptún eða þorp hafi rjett til, að fá sjerstaka sveitarstjórn og verða hreppur út af fyrir sig, ef þau hafi 300 íbúa eða fleiri.

Með því að svo sjerstaklega stendur á um Keflavíkur-kauptún, að það liggur í tveim hreppum, þá var á síðastliðnu ári gjörð fyrirspurn til stjórnarráðsins þess efnis, hvort að sá hluti kauptúnsins, sem stærri er og eldri, gæti út af fyrir sig fengið þessi rjettindi, að hafa sjerstaka sveitarstjórn. Stjórnarráðið kvað nei við því, sakir þess að 4. gr. áðurnefndra laga tæki ekki fram neitt það, er benti til, að hluti úr kauptúni gæti orðið sjerstakur hreppur. Svo stendur á, að meiri hluti kauptúns þess, sem hjer er um að ræða, liggur í Rosmhvalanesshreppi en minni hluti þess í Njarðvíkurhreppi. Nú fóru Keflavíkurbúar fram á, að Njarðvíkingar gæfu það eptir, að þeirra hluti af kauptúninu mætti falla inn undir væntanlegan Keflavíkurhrepp, en það vildu þeir ekki. En hitt ljetu þeir í ljósi, að þeir mundu fúsir til, að slá öllum hreppnum saman við kauptúnið, ef heimild fengist til. Þess vegna er þetta frv. framkomið. Ef það næði fram að ganga, þá væri

ekkert því til fyrirstöðu, að Njarðvíkurhreppur og Keflavík gætu orðið einn hreppur.

Bæði jeg og hlutaðeigandi sýslumaður hafa enn á ný borið þetta undir stjórnarráðið og fengið þau svör, að ekkert væri því til fyrirstöðu.

Þetta er aðalástæðan til þess, að jeg hef komið fram með frumv., og vona jeg, að hin háttv. þingdeild taki því vel, þar sem þetta mun vera eins dæmi, að sama kauptúnið liggi í tveim hreppum. Að Njarðvíkurbúar hafa eigi viljað gefa eptir sinn hluta kauptúnsins er ekki nema eðlilegt, þar sem hreppurinn er mjög fámennur og fátækur. Tel jeg þess því vísa von, að frumv. nái fram að ganga.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 18 atkv. gegn 1.

Á 18. fundi Nd., þriðjudaginn 23. júlí, kom frumv. (A. 97) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.

2. — — — - - —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 20. fundi Nd., fimmtudaginn 25. júlí, kom frumv. (A. 97) til 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. var umræðulaust samþykkt með 19 atkv., og afgreitt til forseta Ed.

Á 28. fundi Ed., föstudaginn 16. ágúst, kom frumv. (A. 174) til 1. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þetta frv., sem komið er frá Nd., er að vísu smá-mál, en það hefur þó sína þýðingu fyrir hlutaðeigandi kauptún. Í sveitarstjórnarlögunum frá síðasta þingi er ákveðið, að kauptún og sjávarþorp, sem hafa yfir 300 íbúa geti orðið sjerstakt sveitarfjelag og gjört ýmsar samþykktir. En hjer stendur alveg sjerstaklega á, þar sem þetta kauptún, Keflavík, er í tveimur hreppum, Rosmhvalaness- og Njarðvíkurhreppum, og því örðugt, að koma ákvæði sveitastjórnarlaganna í framkvæmd, og því er nú þetta frumv. fram komið, sem vill ráða bót á þessum vandkvæðum með því, að stækka verzlunarlóðina (í Keflavík) þannig, að sá hluti úr Njarðvíkurhreppi, sem liggur utan kauptúnsins, náist inn í það.

Spursmálið um, að ráða fram úr þessu ástandi, sem víst er eins dæmi í landinu, hefur verið borið undir stjórnarráðið. Og þótt sá vegur væri til, að breyta sveitarstjórnarlögunum, svo að ákvæði þeirra gætu átt hjer við, þá áleit þó stjórnarráðið, að þetta væri tiltækilegasti vegurinn: að stækka verzlunarlóðina og þar með höfnina, og sá vegur hefur verið valinn. Frumv. hefur nú gengið í gegn í Nd., mótmælalaust. Vonast jeg því til, að það fái að ganga hindrunarlaust gegnum þessa deild; vitanlega verður verzlunarlóðin nokkuð stór með þessum hætti, sem frumv. ætlast til, en í það verður ekki horft, er þetta eitt getur að haldi komið.

Ágúst Flygenring (4. kgk.): Jeg skil ekki vel, hvernig á þessu frumv. stendur, og er satt að segja hissa á því, ef Keflavík hyggst að vinna eitthvað mikið við þetta.

Mjer þykir það og stórum kynlegt, ef það er satt, að stjórnin geti gengið inn á þessa miklu stækkun verzlunarlóðarinnar. Löggilda heila sveit í viðbót við þá kaupstaðarlóð, sem nú er ákveðin. Og stækka höfnina, eins og það heitir í frumv., inn að Vogastapa.

Það kom algjörlega flatt upp á mig, að menn skyldu fara fram á þetta, og því get jeg alls ekki lofað atkv. mínu með þessu frumv. Hvað er unnið með því? Jeg vil að minnsta kosti fá að vita, hvort Njarðvíkurhreppur ekki geti verið sjerstakur hreppur eptir sem áður, þó Keflavík myndi hrepp fyrir sig og þessi litla sneið af landi, sem liggur inn í verzlunarlóð Keflavíkur og að mestu leyti má heita nýbyggð, sje tekið af honum. Mjer virðist hinn forni Njarðvíkurhreppur standa að mestu óhaggaður fyrir því. Menn verða að gæta þess, að hreppsfjelagið missir tiltölulega eins mikið af tekjum, eins og það losnar við skuldir og kvaðir. Enda standa smáir hreppar sig yfirleitt betur en stórir og mannmargir.

Vilji Keflvíkingar mynda hreppsfjelag fyrir sig, þurfa þeir samkvæmt gildandi lögum, ekki að setja það fyrir sig, hvort Njarðvíkingum eða öðrum, er það ljúft eða leitt. Þeir geta blátt áfram krafizt þess, og verða að fá það. Hitt atriðið, að löggilda höfnina inn að Vogastapa, er byggt á misskilningi einberum. Það er landið, sem löggilda má til verzlunar, en sjóinn ekki; er því það atriði þýðingarlaust »humbug«. Auk þess getur það verið varhugavert, að hafa verzlunarlóðir mjög afarstórar, eins og hjer er farið fram á; það verður örðugra til framkvæmdar ýmsum sjálfsögðum og nauðsynlegum störfum, einkum viðkomandi afgreiðslu skipa. Ekki mundi t. d. umboðsmaður sýslumanns í Hafnarfirði, sem er í Keflavík, standa neitt betur að vígi með sóttvarnareptirlitið, ef hann ætti að hafa eptirlit með skipum, er kæmu á Njarðvík, og að sjálfsögðu, ef það væri talinn verzlunarstaður, heimtaði afgreiðslu þar, heilbrigðisvottorð og því um líkt.

Yfirleitt er frumv. þetta talsvert athugavert, og atkv. mínu get jeg sem sagt ekki lofað því, fyr en jeg hef borið mig saman við flutnm. þess.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg verð að taka undir með háttv. 4. kgk. þm., hvað þetta frumv. snertir; jeg tel það algjörlega óþarft, að vera að fara til löggjafarvaldsins með þetta, og það er líka miður vel til fallið gagnvart löggjafarstarfi síðasta þings, er samþ. lögin frá 10. nóv. 1905 (Nr. 61). Þar er gjört ráð fyrir, að stjórnin ákveði verzlunarsvæði, en ekki þingið, sem ekki getur það í mörgum tilfellum, skortir upplýsingar, sem stjórninni er innan handar að afla sjer, uppdrætti af lóð og þess háttar. Og það er beint ofan í tilætlun laganna frá 1905, að fara nú að löggefa um þetta atriði.

Nauðsynin er heldur engin fyrir hendi, því að eptir því, sem 4. gr. sveitarstjórnarl. ákveður, þá getur það þorp, sem hefur 300 íbúa eða fleiri, tekið sig út úr, og myndað sjerstakt sveitarfjelag. Til þessa hefur þá Keflavík rjett og þennan rjett getur hún notfært sjer; eptir sveitarstjórnarlögunum kemur þetta ekkert löggjafarvaldinu við, en Keflvíkingar verða að snúa sjer til sýslunefndar.

Eins og málið horfir við, er því engin þörf til þess, að vera að fást við það hjer; sýslan getur víst ekkert haft á móti því, að þessi hluti af Njarðvíkurhreppi gangi inn í kauptúnið, og það er eins gott að fá því framgengt með samþykki hlutaðeiganda, eins og með valdboði frá löggjafarvaldsins hálfu.

Jeg vil því helzt, að þetta frumv. nái hjer ekki fram að ganga.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg held það sje dálitill misskilningur, að kalla frv. þetta alveg óþarft. Það

er að vísu satt, að Keflavík getur tekið sig út úr sem sjerstakt sveitarfjelag, hvenær sem vera skal, en þá er þess að gæta, að það, sem eptir verður af Njarðvíkurhrepp, verður þá svo veikbyggt, að ætla má, að sýslunni yrði það að handbendi, ef Keflavík næði að eins yfir það svæði, sem nú er ákveðin verzlunarlóð. Þetta hafa margir athugað, bæði sýslumaðurinn í Gullbringusýslu o. fl. Hann sneri sjer til stjórnarráðsins, og áleit, að nægja mundi, að gjöra þar á breytingu »administrativt«. En það var ekki álitið gjörlegt, eptir því sem stjórnarráðið leit á, og varð því annað tveggja, að gjöra breytingu á hinum nýju sveitarstjórnarl., eða fara þessa leið. Jeg fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti því, að nefnd væri skipuð í málið, til þess að leita upplýsinga, úr því umboðsmaður hæstv. ráðh. er hjer ekki viðstaddur, til að láta þær í tje, því að það var einmitt hann, sem leitað var ráða til um þetta efni. Og samkvæmt þeim lögum, sem jeg benti á, áleit hann ógjörlegt, að ráða fram úr þessu á annan hátt. Og þegar stjórnarráðið sjálft sjer enga aðra leið, þá er ekki að búast við, að aðrir gjöri það.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 2.

Á 35. fundi Ed., laugardaginn 24. ágúst kom frumv. (A 174) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 6 atkv. gegn 2.

2. gr. frumv. samþ. með 6 atkv. gegn 2.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Á 37. fundi Ed., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv. (A 174) til 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. umræðulaust samþ. með 7 atkv. gegn 5 og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

X. Útflutningur hesta.

Á 13. fundi Nd., miðvikudaginn 17. júlí, kom frumv. til laga um útflutning hesta (A 83) — flutningsmenn Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Eggert Pálsson og Hermann Jónasson — til 1. umr.

Flutningsmaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Samkvæmt landshagsskýrslunum hefur verið flutt frá Íslandi til annara landa að meðaltali á ári í 10 ár, 1895—1905, 3,000 hross, og verð hvers hross numið að meðaltali að frádregnum kostnaði, 55 kr.; útflutningurinn á einu ári 165,000 kr. Sýnir þetta, að hrossasala er ekki óveruleg atvinnugrein í landbúnaðinum. Að vísu geta verið skiptar skoðanir um það, hvort hrossasala sje arðvænleg þegar alls er gætt, ekki eingöngu vegna hins beina kostnaðar, heldur og hins óbeina tjóns og áhættu, sem opt getur komið fyrir. Aptur á móti efast enginn um það, að með áhuga og samtökum megi gjöra söluna bæði tryggari og arðvænni í framtíðinni, því að um hross gildir hið sama og

um hverja vöru; því betur sem varan er vönduð, því betur selst hún. Reyndar er vöruvöndun mest komin undir hverjum einstaklingi, en þó getur löggjafarvaldið stutt viðleitni manna í þá átt, og eru lögin um yfirmat á fiski ljóst dæmi þess, en ávinning þeirra má telja í þúsundum króna.

Með þetta fyrir augum höfum vjer flutningsmenn þessa frumv. leyft oss að koma fram með frumv. Aðalmarkmið þess er, að tryggja söluna, bæði með því að varna því, að markaðurinn spillist með sölu þeirra hrossa, sem gölluð eru, of gömul o. s. frv, og með nauðsynlegu eptirliti. Hjer er ekki einungis að ræða um hagnað þeirra hjeraða, sem mest flytja út af hrossum, heldur snertir þetta sóma landsins og mannúð gegn þeirri skepnu, sem kölluð hefur verið með rjettu »þarfasti þjónninn«.

Á hinn bóginn skal jeg játa það, að það er vandasamt að fara meðalveginn milli þess að ná tilgangi laganna annars vegar, og þess hins vegar, að setja ekki of háar kröfur, ganga ekki of nærri einstaklingnum; þess vegna skal jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að kosin verði 3 manna nefnd til að íhuga frumv., að lokinni þessari umræðu.

Forseti (Magnús Stephensen): Mjer hafa borizt um þetta mál, eins og flest önnur, þegar nefndir eru kosnar, tveir listar yfir nefndarmenn, A og B, sinn frá hvorum flokki, A-listinn frá heimastjórnarflokknum og B-listinn frá hinum flokknum; nú vildi jeg leita samþykkis hinnar háttv. deildar til þess, að ekki þurfi að kjósa í hvert skipti, heldur virðist vera heppilegra, til þess að spara tímann, að telja svo, að A-listinn hafi 17 atkvæði, en B-listinn 8 atkvæði; það er að segja ef enginn verður til þess að mótmæla því í einstakt skipti.

Samþ. í einu hljóði.

ATKV.GR. um frumv.:

Frumv. vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Nefnd samþ. í einu hljóði.

Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Pjetur Jónsson,
Hermann Jónasson,
Ólafur Briem.

1 nefndinni var Pjetur Jónsson kosinn formaður og Ólafur Briem skrifari og framsögumaður.

Á 19. fundi Nd., miðvikudaginn 24. júlí kom frumv. (A. 83, 106) til 2. umr.

Framsögumaður Ólafur Briem, (1. þm. Skgf.): Í tillögum sínum um málið hefur nefndin einkum haft tvennt fyrir augum; í fyrsta lagi að raska ekki grundvelli frumv., sem er sá, að tryggja útflutning hrossa; í öðru lagi að leggja ekki tálmanir á útflutninginn nema sem fæstar, og þær að eins, sem til bóta mega teljast. Samkvæmt þessari stefnu hefur nefndin komið fram með nokkrar br.till.

1. breyt.till. við 1. gr. gengur í þá átt, að leyfður sje útflutningur skjóttra hrossa. Nefndin lítur svo á, að þó að þau sjeu ekki útgengileg, muni þau naumast spilla fyrir sölu hrossa.

2. breyt.till. við sömu grein lýtur að því, að banna ekki með öllu útflutning hrossa, sem yngri eru en 4 vetra, því að þó að nefndin vilji gjöra það að aðalreglu, þá þykir henni samt hlýða, að gjöra undantekningu frá því, þegar um efnileg hross er að ræða.

Breyt.till. við 2. gr. hnígur að því, að banna ekki með öllu útflutning

hrossa á þilfari, því að þó að á því kunni að vera nokkur hætta, þá sparar það kostnaðinn að nota rúmið. Annars er það, að fróðra manna sögn, ekki svo hættulegt, ef skaplega gengur ferðin.

Nokkrar fleiri breyt.till. hefur nefndin gjört; eru þær ekki mikilvægar, en þó vonar nefndin, að þær sjeu til bóta. Það er að eins síðasta breyt.till., að lögin öðlist gildi 1909 í stað þess að í frumv. stendur 1910, sem skiptar skoðanir kunna að verða um. Nefndinni þótti skaði að hverju ári, sem liði svo, að lögum um þetta yrði ekki beitt, og nefndin sá enga erfiðleika á því, að þeim yrði komið til framkvæmdar. En samt vill nefndin ekki gjöra þetta atriði að kappsmáli. Aðalatriðið er, að þessi rjettarbót komist á eptir skamman tíma, og vonar nefndin, að það fái greiðan og góðan framgang á þinginu.

Eggert Pálsson, (1. þm. Rangv.): Jeg skal ekki vera langorður um frv. þetta, og mjer kemur ekki heldur til hugar að andæfa því, sem nærri má geta, þar sem jeg var einn þeirra manna, er fluttu það inn í háttv. deild. Í frumv. þessu eru miklar bætur fólgnar; má segja, að aðaltilgangur þess sje þrennskonar. Í fyrsta lagi að fækka óþarfa hrossum, sem viða gjöra stórtjón, skemma jörðina, og hindra, að orðið geti full not af henni. Í öðru lagi er tilgangurinn sá, að bæta hrossamarkaðinn, því að sjálfsögðu verður markaðurinn því betri, sem hrossin eru færri, fallegri og föngulegri. En að þau sjeu falleg og fönguleg stendur í sambandi við meðferðina, sem ætti að geta verið þeim mun betri sem þau væru færri. Í þriðja lagi er tilgangurinn sá, að bæta meðferð hrossanna í flutningnum, og má segja, að frumv. gangi að því leyti í dýraverndunaráttina. Þessi þrenns konar tilgangur frumv. verður því að teljast mjög svo góður og lofsverður.

En eina breyt.till. hefur hin háttv. nefnd gjört við frumv., sem naumast getur talizt til bóta; getur meira að segja orðið einstökum mönnum til mjög mikils skaða, og mun hún þó víst ekki hafa verið borin fram í því skyni. Það er breyt.till. um, að lögin öðlist gildi 1909, en ekki 1910, eins og í frumv. stóð. Það er bersýnilegt, að einstökum mönnum getur staðið hið mesta tjón af þessu. Eptir frv. verða ekki seld önnur hross en þau, sem eru 4 vetra, nema afbrigði sjeu. Þau fryppi, sem sett hafa verið á í vetur og eru glaseygð eða að einhverju leyti gölluð, geta því eigi selzt 1909 sem markaðshross, og verða eigendur þeirra því að neyðast til að skera þau, ef þau verða ekki notuð til innlendrar brúkunar. Það hefur verið markaðsvenja að taka ekki yngri hross en 3 vetra, nema afbrigði væru, svo að ekki er mögulegt fyrir eigendur, að vera búnir að koma slíkum tryppum út fyrir vorið 1909.

Lögin mundu fyllilega ná tilgangi sínum, þó að árið væri látið halda sjer, eins og í frumv., og þar með væri það unnið, að einstökum mönnum yrði ekkert tjón gjört með frumv., en sem getur átt sjer stað, ef breyt.till. nefndarinnar verður samþykkt.

Af þessum ástæðum greiði jeg atkvæði á móti breyt.till.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Það er langt frá því, að nefndin vilji gjöra að kappsmáli það atriði, sem h. 1. þm. Rangv. (E. P.) talaði um. En ef bæta á markaðinn, hvers vegna á þá að framlengja tímann til þess, að hægt sje að koma út gölluðum og glaseygum hrossum, gefa mönnum þannig átyllu til að flytja út þá gripi, sem sköðuðu markaðinn í heild sinni?

Það hugsunarrjetta er, annaðhvort að samþ. frumv. ekki, eða þá að gefa mönnum ekki undir fótinn með sölu gallaðra hrossa. *(Eggert Pálsson:* Hvers vegna ættu þá lögin ekki að öðlast gildi strax?) Því skal jeg svara á þennan veg. Ef gætt væri fullrar mannúðar gagnvart skepnunum, þá mundi enginn, sem þekkir til þeirrar meðferðar, sem hrossafarmar verða stundum að sæta, og í hve hryllilegu ásigkomulagi einstöku hross hafa verið send út, hika við að greiða atkv. með því, að lögin gengju í gildi nú þegar. En nefndin hefur viljað þræða bil beggja, milli mannúðarinnar og hagnaðarins, sem hrossaeigendum kann að verða af frestinum. En það fæ jeg með engu móti skilið, hvers vegna það ætti að vera nauðsynlegt eða heppilegt að senda út á árinu 1910 hross, sem glaseyg eru og gölluð.

Eggert Pálsson, (1. þm. Rangv.): Jeg ætla mjer ekki að fara að þrátta við minn háttv. sessunaut um þetta atriði. Það sem fyrir mjer vakti, var að gjöra mönnum jafnt undir höfði. Það sem okkur greinir á, er einungis þetta: Hann vill gjöra eigendum tveggja vetra glaseygða og gallaðra tryppa mögulegt, að losna við þau á markað áður en lög þessi ganga í gildi, en jeg vil, að þeir, sem kunna að eiga veturgömul tryppi, eins á sig komin, njóti sama rjettar.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Munurinn er eingöngu í því fólginn, að jeg álít, að menn geti skorið niður gölluð folöld í haust og etið þau í vetur. Ef þau eru þar á móti ógölluð og efnileg, þá koma þessi lög ekki í bága við sölu þeirra.

ATKV.GR.: 1. brt. (106) við 1. gr. 1. lið sþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr. þannig orðuð sþ. í e. hlj.

2. brt. (106) við 2. gr. sþ. í e. hlj.

3. brt. (106) við 2. gr. sþ. með 17 atkv.

4. brt. (106) við 2. gr. sþ. í e. hlj.

5. — — — — — — - — —

2. gr. þannig orðuð sþ. í e. hlj.

6. brt. (106) við 3. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

7. brt. (106) við 3. gr., orðabreyting, talin sþ. án atkvgr.

3. gr. þannig orðuð sþ. í e. hlj.

4. gr. frv. sþ. í e. hlj.

5. — — — - — —

8. br. (106) við 6. gr. sþ. með 15 atkv. gegn 6.

6. gr. þannig orðuð sþ. með 15 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 21. fundi Nd., föstudaginn 26. júlí kom frumv. (A 165) til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.: Viðaukatill. á þgskj. 169 samþ. með 18 atkv.

Frumv. samþ. með 20 atkv. og afgr. til forseta Ed.

Á 29. fundi Ed., laugardaginn 17. ágúst, kom frv. (A. 184) til 1. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg vildi að eins leyfa mjer, að taka það fram, viðvíkjandi þessu frumv., sem komið er hingað frá hv. Nd., að mjer finnst það þess vert, að það væri athugað í nefnd.

Vil jeg því leyfa mjer, að stinga upp á því, að kosin verði þriggja manna nefnd í það, að lokinni þessari umræðu. Það eru nokkrar breytingar, sem mjer virðist þurfa að gjöra á frv., sjerstaklega á 1. gr. þess. Það er í annari málsgrein bannað, að flytja út hross yngri en 4 vetra, en svo er það ákveði strax tekið aptur í sömu málsgrein, og síðan er það enn tekið aptur

seinna með því, að veita búnaðarfjelaginu leyfi til, að gjöra tillögur til undanþágu frá sama ákvæði. Þetta finnst mjer mjög óviðkunnanlegt. Aðalstefnan í frumv. þessu er sú, að láta að eins flytja út góð hross og tamin.

Frá minu sjónarmiði er þetta ekki rjett álit, því að jeg tel það verzlun landsins fremur til skaða en ábata. Má geta nærri, hvort það er nokkur ábati, að ala vel upp hross og temja, og selja þau svo fyrir 50—60 krónur. Útlendingar verðsetja hross vor afarlágt. 1 hestur hjá þeim er seldur hærra verði, en 10 okkar; svo mikinn mun gjöra þeir á sínum og öðrum hestum.

Finnst mjer eins hentugt, að snúa bara við frumv. og segja, að að eins megi flytja á útlendan markað hross, sem væru glaseygð, glámótt o. s. frv. Álít jeg það feiknalega varhugavert, að banna, að flytja út hross á öðrum aldri, en milli 4 og 10 ára af því, að vjer fáum ekkert fyrir þau hvort eð er. Það mun því borga sig illa, að flytja út hross á þessum aldri eingöngu, en sitja svo sjálfir eptir með tryppin og húðarbykkjurnar. Enda er mjer eigi ljóst, að vjer höfum nokkurn tíma haft hagnað af hrossasölunni. Útlendingar hafa opt fengið frá okkur góða hesta, heila hópa, en borgað þá skammarlega lágt, einkum á síðari árum; álít jeg því ekki, að vjer þurfum neitt að tylla okkur á tær gagnvart þeim í þessari vöruvöndun, því að þeir virða það að engu. Jeg held því, að betur borgaði sig fyrir oss eins og nú er ástatt, að selja sem fæsta hesta út úr landinu, heldur jeta þá hjer, ef ekki er önnur þörf fyrir þá. Annars er fjölgun hrossa um fram þarfir til brúkunar í landinu eða til útflutnings ekki búhnykkur, því að uppeldi þeirra skeður auðvitað á kostnað annara bústofna, sem eru miklu arðvænlegri, nefnilega sauðfjár- og nautpeningsstofninn. Ákvæði frumv. um meðferð á hrossunum álít jeg mjög til bóta.

Jeg get vel verið með því, að ekki megi flytja út sármögur hross eða á annan hátt óhraust, og finnst mjer það yfir höfuð vera sjálfsagt og rjett, að löggjafarvaldið setji bæði reglur um það, og að þau ekki sæti illri meðferð.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg get verið alveg á sama máli og hv. 4. kgk. þm. (Á. Fl.) um það, að ýmislegt sje að athuga við þetta frumv., og get jeg að mestu leyti skírskotað til þeirra aths., er hann gjörði við sum ákvæði þess; sjerstaklega er fyrsta grein þess nokkuð athugaverð, þar sem ákvæðin, viðvíkjandi aldrinum, sem eru gefin í fyrstu málsgrein, eru næstum afnumin í næstu málsgrein, og þyrfti þetta að athugast. Aptur á móti get jeg ekki verið samdóma hv. sama þm. um það, að hrossasalan til útlanda hafi ekki verið til góðs fyrir landið, og held jeg ekki, að hv. þm. hafi rjett fyrir sjer, að því er þá aths. hans snertir. Að minnsta kosti fá landsmenn enn þá, að því er hestana snertir, mesta peninga fyrir tiltölulega litla fyrirhöfn, því að í beztu hrossahjeruðum landsins hefur hrossauppeldið áður fyr varla kostað neitt. Þannig hefur í Skagafirði verið talið á við 20 hundraða jörð að eiga góða stóðmeri. Að vísu hefur verðið á hrossum lækkað nokkuð á síðari árum, en þó eigi svo, að ástæða sje til að banna fyrir það allan útflutning á íslenzkum hestum. Þar sem hv. 4. kgk, þm. talaði um, að útlendingum þætti lítið varið í íslenzku hestana, sem fluttir eru til útlanda, og gæfu allt af minna

og minna verð fyrir þá, þá hygg jeg það koma meðfram af því, hvernig útflutningnum er hagað; en þetta frumv. yrði einmitt til þess, að auka álit íslenzku hestanna á erlendum markaði, með því að koma í veg fyrir hið hörmulega ástand, sem hingað til hefur verið á útflutningnum, en jeg er hv. þm. fyllilega samdóma um það, að ástæða sje til, að frv. sje athugað í nefnd. Það, sem aðallega hefur vakað fyrir mjer, er það, að þessar aumingja skepnur sæti betri meðferð hjer eptir, en hingað til hefur átt sjer stað; því að það eru hörmungasögur, sem opt og tíðum hafa gengið um þá óforsvaranlegu og hryllilegu meðferð og aðbúnað, sem þessar vesalings skepnur hafa orðið að sæta; með ákvæðum frumv. um þetta atriði mundi töluverð bót verða á þessu, en jeg fyrir mitt leyti hefði gjarnan óskað, að gengið hefði verið enn þá lengra en gjört er í frv., í því að tryggja skepnunum mannúðlegri meðferð í flutningnum, en hingað til hefur átt sjer stað.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal að eins lýsa því yfir, að jeg get ómögulega verið með þessu frumv. að því, er snertir þau ákvæði þess, sem ganga í þá átt, að hepta verzlunina, en jeg mun samt greiða atkvæði með því, að frumv. verði látið ganga til 2. umr., og að það verði athugað í nefnd. Jeg álít ekki rjett, að leggja með lögum hapt á verzlunina, og að markaðurinn eigi að laga sig sjálfur.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um að skipa 3 manna nefnd sþ. í e. hlj.

Með hlutfallskosningu voru kosnir í nefndina:

Þórarinn Jónsson,
Björn M. Ólsen,
Sigurður Stefánsson.

Í nefndinni var Þórarinn Jónsson kosinn formaður og framsm. og Sigurður Stefánsson skrifari.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frumv. (A 184, 402) til 2. umr.

Framsögumaður Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Frumv. þetta er komið frá Nd. og var samþykkt þar með talsvert miklum atkvæðamun. En eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur nefndin hjer í deildinni ekki getað orðið sammála, og er það aðallega 1. gr. frumv., sem sundrungin hefur orðið um. Meiri hlutinn álítur, að frumv. byggist að miklu leyti á henni og að nauðsynlegt sje, að bæta álit á íslenzkum hrossum í útlöndum og reyna að koma þeim í meira verð. Meiri hlutinn byggir einnig álit sitt á því, að hrossum fjölgar svo í sumum hjeruðum landsins, að til stórra vandræða horfir, svo að þegar harðnar í ári, þá verða þau til að fella annan búpening, en í góðu árunum veita menn því enga eptirtekt, hve mikið þeim fjölgar. Auk þess eyðileggur þessi hrossagrúi bithaga bæði í heimalöndum og á afrjettum, og þetta atriði hefur einmitt stórmikla þýðingu. En þegar þau eru alin upp á þennan hátt, þá er að búast við, að þau verði misjöfn og líti illa út og seljist illa á erlendum markaði. Meðalverð á íslenzkum hrossum í útlöndum mun á árunum 1895—1904 hafa verið 53 kr. og á þeim árum lægst 46 kr. Þetta sýnir ljóslega, að hjer hefur eigi verið farin rjett leið. En kostnaðurinn við að senda hrossin út er svo mikill, að hann hefur á stundum orðið um 40

kr. á hverju hrossi, og ef verðið er svo ekki nema 46 kr., þá sjá allir, að þetta er ekki góð verzlun. Það sem meðalverðið hefur orðið hæst, var árið 1905: 71,50 kr. í Danmörku, og lítur nú út fyrir, að markaðurinn ætli að fara að verða beztur þar. Þar er nú stofnað fjelag, sem hefur það markmið, að reyna að útvega smábændum þar sem bezta hesta frá útlöndum, og hefur það einkum sýnt áhuga á að reyna íslenzka hesta. Og er það ekki vafasamt, að þar muni reynast góður markaður, ef við förum fyrir alvöru að hugsa um að bæta hross þau, sem útflutt eru.

Árið 1905 voru fluttar út nær 4 þús. hrossa. Ef verðið á þeim hefði verið t. d. 20 kr. hærra, þá hefðu þannig græðzt 80,000 kr. En líkur eru til, að hækkunin verði talsvert meiri. Jeg vil í sambandi við þetta nefna dæmi upp á, hve langt er gengið nú orðið í að flytja út slæm hross, að síðastliðið vor voru hjeðan úr Reykjavík flutt svo slæm hross, að eptir sögn mjög kunnugra manna, gátu þau vægast talað kallast *máttlítil*. Svo eru hrossin flutt út, of ung, en af því leiðir, að þau þola ver ferðina, en þau sem eldri eru, og er þetta allt mjög til að spilla áliti íslenzkra hrossa í útlöndum.

Annar tilgangur frv. er sá, að bæta meðferðina á hrossunum á leiðinni til útlanda. Hún hefur opt verið mjög bágborin, eins og sjezt hefur meðal annars af fregnum í útlendum blöðum; sýnir það, að þar er ekki allt með felldu, ef þau drepast mörg á leiðinni eða troðast undir þegar í land kemur. Finnst mjer ekki nema sjálfsagt, að löggjafarvaldið taki hjer í taumana, og ráði bót á þessu.

Þá skal jeg snúa mjer að ágreiningi þeim, sem orðið hefur í nefndinni. Háttv. minni hluti álítur 1. gr. eigi rjetta, og vill ekki leggja þetta hapt á verzlunina, en vill að hún lagi sig sjálf. Þetta væri gott, ef það gæti látið sig gjöra, en jeg þekki svo vel, hvernig verzluninni er háttað út um land, að slíkt er alveg ómögulegt. Þar sem kaupmenn hafa ætlað að reyna að koma á vöruvöndun, þá hefur það ekki tekizt. Þá hafa alltaf komið einhverjir menn með slæma vöru, sem hafa þótzt hafa töglin og hagldirnar við kaupmanninn, og sagt sem svo: »Ef þessi vara verður ekki nr. 1, þá er úti um okkar viðskipti«. Jeg hefði jafnvel ekki haft á móti því, að teppa alveg útflutninginn 1—2 ár, ef samkomulag hefði getað orðið milli útflutningsfjelaga landsins og annara, til þess að auka eptirsókn eptir íslenzkum hrossum, til þess að bæta hrossin. En samtök þau, sem háttv. minni hlufi talar um, eru alveg ómöguleg eins og nú er ástatt. Verður því meiri hlutinn að álíta 1. gr. frumv. alveg ómissandi. Flutningsmenn þessa frumv. í Nd. eru þingmenn fyrir einhver mestu hrossahjeruð landsins. En öllum finnst það nú ganga svo villt, að þeir sjá ekki önnur ráð, en að löggjafarvaldið taki í taumana. Það er líka hægt að benda á eitt sjerstakt atriði, sem mikið hefur haft að segja í því tilliti, að flutt væru út slæm hross. Það er fyrirkomulag hrossaverzlunarinnar hjá pöntunarfjelögunum. Menn lofa fyrirfram að láta svo og svo mörg hross, og er plássið í skipinu miðað við hrossafjölda þann, sem lofað er. Ef þeir svo, þegar til kemur, ekki hafa nóg hross til að efna loforð sín, þá er þeim sagt, að þeir verði jafnt að borga fargjaldið fyrir þau eptir sem áður. Þetta hefur orðið til þess, að menn hafa látið allt, sem þeir hafa getað, til þess að verða ekki fyrir þessum útlátum. Þessi venja hefur þannig mikið stutt að því, að

menn hafa látið allar mögulegar ómyndir í fjelögin.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar þá er 1. breyt.till. við 2. gr. frumv., að á eptir orðunum »til útlanda, skal« í 2. lið greinarinnar bætist inn í: »skipstjóri sanna, að hann hafi nægilegan mannafla, til að gæta hrossanna á leiðinni«. Þar hefur fallið burtu »og skal« nefnil. »og skal vera«, en jeg býst við, að það megi laga í prentuninni. Nefndin álítur sjálfsagt, að það verði reglugjörðarákvæði, hve margir menn yrðu að álítast nægir til að gæta svo og svo margra hrossa. Þá er 2. brtill. við fyrirsögn frumv., að í stað »hesta« komi »hrossa«. Er þessi brtill. framkomin vegna þess, að allstaðar annarsstaðar í frumv. er talað um hross en ekki hesta, og þótti nefndinni því fara betur á því, að það stæði einnig í fyrirsögninni. Jeg vona að lokum, að háttv. deild líti á það, að hrossaeigendurnir sjálfir vilja fá þessi lög til þess að koma lagi á markaðinn, og vona jeg því, að hún verði ekki á móti frumv.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Eins og háttv. framsm. meiri hlutans tók fram, hef jeg ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumvarp þetta nema að nokkru leyti. Mín skoðun er, að það sje mjög varhugavert að leggja þau höpt á útflutning hrossa, sem gjört er í 1. gr. frumv. Jeg vil ekki leggja nein óeðlileg höpt á þessa verzlun og álít, að hún eigi, að svo miklu leyti sem unnt er, að vera frjáls »sem vindur á vog og vorblær í fjallshlíðar runni«, eins og skáldið sagði. Frjáls verzlun verður almenningi hagfelldust.

Jeg álít, að það sje ekki útflytjendum ofvaxið, að bindast samtökum um, að flytja ekki út nema góða og gallalausa hesta á bezta aldri. Eins og kunnugt er, hafa menn bundizt samtökum um að flytja ekki út nema góðar vörur á síðari árum; þannig hafa menn gjört samtök um að vanda kjöt, sem flutt er út úr landinu, og hefur það þegar haft töluverðan árangur í þá átt, að verðið á íslenzku kjöti hefur hækkað töluvert erlendis, og get jeg ekki sjeð, að þau samtök standi betur að vígi í þessu efni en samtök um útflutning á hrossum. Auk þess er jeg hræddur um, að þessi bannlög í 1. gr. frumvarpsins yrðu ekki heppileg, þegar til framkvæmdanna kæmi, og að þau mundu, ef til vill, fremur verða til þess að lækka enn þá meira verð á íslenzkum hestum, og þar að auki mundu þessi ákvæði frumv., ef þau yrðu að lögum, valda talsverðum kostnaði fyrir landssjóð, og þó er ekki víst að þau næðu tilgangi sínum. Jeg hef ekki neina tröllatrú á umsjónarmönnum þeim, sem frumv. gjörir ráð fyrir að hafi eptirlit með útflutningnum, og er jeg hræddur um, að þeir reynist ekki nógu strangir í að vísa frá óhæfum hrossum, þegar til kemur. Það er kunnugt, hve meinlausir menn geta verið um þess konar mál, þegar um sjálfa þá eða kunningja þeirra er að ræða, án þess að jeg þar fyrir vilji efast um drengskap þessara manna. Jeg set svo, að maður, sem er kunnugur umsjónarmanni, komi til hans með hross, sem er annaðhvort of ungt eða of gamalt, eða á einhvern hátt gallað, og biðji hann um, að gjöra hrossið ekki rækt, og er jeg þá hræddur um, að umsjónarmaðurinn kunni, í einstökum tilfellum, að verða of eptirlátssamur eða vægur í kröfum, þegar svo stendur á. Auk þess er alveg ómögulegt fyrir umsjónarmenn

að sjá um, að engin hross sjeu flutt út eldri en 10 vetra, úr því að þau mega vera svona gömul; því að eptir 7 vetra aldur eru aldurseinkenni hesta óáreiðanleg. En ef sú skyldi nú raunin á verða, þegar lögin koma í gildi, að annmarkar yrðu á hrossunum, bæði að því er aldur og aðra eiginlegleika snertir, þrátt fyrir ákvæði laganna, þá mundi það spilla enn þá meira trausti á íslenzkum hestum á markaðinum, en nú á sjer stað, og síðari villan verða argari hinni fyrri. Mín skoðun er, að markaðurinn eigi að laga sig sjálfur eptir hagsmunnm seljanda og kaupanda. Þess vegna legg jeg til, að 1. gr. sje felld úr og allt það í frumv., sem stendur í sambandi við hana, þar á meðal umsjónarmennirnir með útflutningi hrossa, sem þá verða óþarfir, og sparast landssjóði við það nokkurt fje. Jeg skal geta þess, að jeg hef orðið samdóma meðnefndarmönnum mínum um, að æskilegt sje, að mannúðarákvæðin í 2. gr. um útbúnað á hrossaflutningsskipum og meðferð hrossanna á leiðinni verði að lögum, en þá álít ieg nægja, að það sje undir umsjón lögreglustjóranna, og í samræmi við það hef jeg lagað 3. gr., þar sem sett eru nánari ákvæði um skoðun á skipunum, hestafjölda þann, sem taka megi í skipin, og ef skipið tekur hross á fleiri höfnum en einni, að skoðun þess fari fram á hinni fyrstu höfn, og hef jeg lagað þessi ákvæði eptir þeim ákvæðum, sem gilda um mannflutninga hjeðan af landi til útlanda, og í sambandi við þetta stendur líka breytingin við 4. gr. Í frumv. greininni stendur, að ráðherra Íslands skuli semja nánari reglur um útflutning hrossa, sjerstaklega um meðferð þeirra á leið milli landa o. s. frv. Þessu orðalagi hef jeg breytt svo, að ráðherra semji nánari reglur um útbúnað skipa þeirra, er höfð eru til að flytja út hross og um meðferð hrossanna. Breytingin við 6. gr. stendur líka í sambandi við þetta. Mjer finnst, að þegar ekki er um annað að ræða, en þessi mannúðarákvæði í lögunum, þá sje ekkert á móti því, að lögin komi í gildi um næsta nýár, í stað þess að meiri hlutinn ætlast ekki til, að þau komi í gildi fyr en 1. janúar 1909.

Framsögum. Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Hv. frmsm. minni hl. byrjaði ræðu sína með því, að tala um frjálsa verzlun. En hvernig er það frelsi, sem hann var að tala um? Það er ekki frelsi í orðsins sönnu og rjettu merkingu. Það frelsi, sem hv. minni hluti talaði um, mundi verða til þess, að menn hafi af sjer mjög mikinn hagnað í sölunni. Hvað er þá á móti því, að löggjafarvaldið taki í taumana og hjálpi mönnum til þess að hrinda þessari verzlun í betra horf en nú á sjer stað, og hvert árið, sem líður, hefur hina mestu þýðingu í þessu tilliti? Þar sem háttv. minni hluti gat þess, að ákvæði 1. greinar gætu orðið til þess, að lækka enn meira verð á íslenzkum hestum, þá er mjer ómögulegt að skilja, hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu.

Þá talaði háttv. minni hluti um það, að umsjónarmennirnir mundu verða svo »partiskir«, að taka gölluð hross. Jeg gjöri ráð fyrir, að hrossin muni öll verða með númerum, þegar þau eru seld, og þar af leiðandi auðvelt, að vita hvaða nr. er kallað gallað á útlenda markaðinum, og ef svo verður, þá muni umsjónarmaður, ef kvartað er yfir, að þau sjeu gölluð, verða að gjöra grein fyrir því, og þar sem sektarákvæði eru fyrir því í lögunum, að taka og senda út gölluð hross, þá get jeg varla skilið, að það þurfi að

gjöra ráð fyrir því. Að því er aldurstakmarkið snertir, þá er það að vísu satt, að það er erfitt að ákveða aldurseinkenni hrossa eptir 7 vetra aldur; þó er það nokkurn veginn hægt um 11 ára aldur, sem er rjett við aldurstakmark frumvarpsins. En að segja það, að vegna þessara ákvæða 1. gr. þá sjeu öll líkindi til, að þessi lög hafi fremur spillandi en bætandi áhrif á verð og álit íslenzkra hesta, það nær engri átt. Jeg þarf svo ekki að minnast frekar á það, sem háttv. minni hluti sagði um brtill. sínar, því að það hefur enga þýðingu, nema það, sem hann sagði um síðustu brtill., um það, hvaða ár lögin eigi að ganga í gildi, og þar sem meiri hlutinn áleit rjett, að láta lögin ekki ganga í gildi fyr en um nýár 1909, þá er það af þeirri ástæðu, að hann áleit, að menn gætu þá verið búnir að hreinsa til hjá sjer, en hins vegar ekki svo mikil þörf, að setja þetta tímatakmark síðar, eins og var í hinu upphaflega frumv., því að nú er orðið talsvert vanalegt að nota hrossakjöt til manneldis, og þá gætu menn slátrað því, sem ekki væri notað til útflutnings.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg get ómögulega sjeð, að rjett sje af löggjafarvaldinu að fara að gjörast »formyndari« einstakra manna, enda mundi þessi stefna verða til þess, að hindra samfjelags-kaupskapinn, sem þó ótvírætt gæti orðið til mikils góðs fyrir land og lýð.

Í Danmörku mundu menn telja þetta »barbarí«, að fara að setja lög um þetta efni; þar mundu menn sjálfir laga sig eptir markaðinum á Englandi eða annarsstaðar, en engum mundi detta í hug að fara að gjöra lög um það efni. Hv. 5. kgk. þm. minntist á, að hross hefðu fjölgað svo mjög nú á síðari árum, að öðrum bústofni gæti verið hætta búin, en miðar það til þess, að hindra fjölgun hrossa, að banna útflutning á gölluðum og gömlum hrossum, mjer skilst þó, að heldur fækki við hvert hrossið, sem út er flutt, svo að þetta bann á útflutningnum yrði heldur til þess, að fjölga hrossunum, eða að minnsta kosti skil jeg ekki þessa röksemdafærslu háttv. þm.

Þá skal jeg taka það fram, að svo framarlega sem 1. brtill. min við 1. gr. er felld, sem jeg vona að ekki verði, þá tek jeg hinar síðari brtill. aptur, því að þær standa í sambandi við þá fyrstu, svo að það, sem háttv. 5. kgk. þm. sagði um árið, er lögin skyldu öðlast gildi á, kemur þá ekki til athugunar.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg hef litlu við að bæta við það, sem háttv. framsögumaður sagði fyrir hönd meiri hlutans um þetta mál, en 1. gr. þessa frumv. álít jeg mjög nauðsynlega. Það dugar ekki þó sagt sje, að það megi koma þessum bótum á með samtökum; menn hafa reynt þessi samtök í sumum hestahjeruðum landsins undanfarin ár og það hefur ekki dugað, og nú koma einmitt þingmenn þessara hjeraða fram með þetta frumvarp, til þess að leita aðstoðar löggjafarvaldsins í þessu efni.

Ekki álít jeg rjett af háttv. framsögumanni minni hlutans, að vantreysta svo mjög þeim eptirlitsmönnum, sem yrðu skipaðir; jeg sje ekki nokkra ástæðu til þess, en ef ástæða væri til þess, þá ætti maður eins að geta vantreyst lögreglustjórum til þess að hafa það eptirlit, er háttv. 3. kgk. þm. ætlar þeim að hafa.

Bæði meiri og minni hluti nefndarinnar er sammála um þau mannúðarákvæði, sem felast í frumv., en mjer þykir nú dregið úr mannúðarákvæð-

unum, ef 1. gr. frumv. er felld í burtu því að það er ekki hægt að kalla það mannúðarlegt, að flytja út meidd, hölt, gömul eða gölluð hross; þær skepnur þola ekki þá meðferð, sem fyrir flestum þeirra liggur, er til útlanda kemur. Það er allt annað en íslenzka markaðinum til gagns eða landinu til sóma.

Ekki get jeg fallizt á það, sem hv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) sagði, að lög þessi væru »barbarisk«, og þar sem hann vitnaði til þess, sem við gengist í öðrum löndum, þá er það ekki rjett. Jeg veit ekki betur, en í Danmörku sje útflutningur á smjöri og svínakjöti einmitt háður opinberu eptirliti. Í Norvegi er sömuleiðis strangt eptirlit með útflutningi á hetsum.

Þetta eptirlit er heldur ekki til þess að hindra frjálsa verzlun, heldur til þess að efla góða og frjálsa verzlun, enda hafa Danir, sem er við brugðið fyrir hagsýni í landbúnaði, fyllilega viðurkennt þetta með eptirlitsreglum, er þeir hafa sett um útflutning á ýmsum vörum.

Við þurfum heldur ekki að sækja dæmið suður til Danmerkur, við höfum sjálfir dæmið með fiskimatið hjá okkur. Jeg veit ekki betur, en að það hafi mælzt mjög vel fyrir, og kaupmenn hjer telja það ekki ófrjálslegt og horfa ekki í kostnaðinn, þótt fiskur sá, er þeir senda til Spánar og Ítalíu, sje skoðaður af lögskipuðum eptirlitsmönnum; enda hefur þetta eptirlit, þar sem það hefur verið notað, orðið til þess, að bæta verðið á fiskinum að mun.

Jeg vona, að hin háttv. deild samþykki frumv. þetta eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til, því að ef breyt.-till. minni hlutans yrðu samþykktar, þá yrði þeim aðaltilgangi frumv. þessa spillt, að koma verzlun þessari í betra horf, en hægt hefur verið hingað til. Þessi frjálsu samtök, er minni hlutinn er að tala um, hafa ekki komizt á í þessi 50 ár, sem hrossaverzlun vor Íslendinga við útlönd hefur staðið.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Þar sem háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) tók það fram, að það væru lika mannúðarákvæði í 1. gr. frumv., þá er það satt, en það er ekki hægt að færa það sem mótbáru gegn minum breyt.till., því að jeg ætlast ekki til, að slík hross, sem þar er getið um, sjeu flutt út, heldur að menn með samkomulagi sjái um, að þau verði ekki flutt af landi burt. Að öðru leyti álít jeg, að jeg þurfi ekki að svara mörgu, er hv. þm. sagði, en drepa skal jeg á það, er hann minntist á fiskimatsmennina.

Þessir fiskimatsmenn hafa ekki verið mikið notaðir á Ísafirði, og sú reynsla mun að minnsta kosti háttv. þm. Ísfjk. kunn. Jeg sje því ekki, að þessir fiskimatsmenn geti verið nein ástæða á móti tillögum minum.

Framsögumaður Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.) Það eru að eins örfá orð, sem jeg þarf að segja, því háttv. þm. Ísfjk. hefur svarað flestu því, er háttv. minni hluti tók fram.

Háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) minntist á, að fiskimatsmennirnir hefðu ekki verið notaðir að mun við Ísafjarðardjúp, og þar af leiðandi ekki komið að miklum notum þar, en þingsályktunartillagan, sem hjer er á dagskrá í dag, bendir einmitt á þá óánægju, sem er út af því, að þeir skuli eigi hafa verið notaðir, og á hún að ráða bót á því. Að eptirlitsmenn með útflutningi hrossa yrðu ekki notaðir, kemur ekki til orða.

Háttv. 3. kgk. vill láta samfjelagskaupskapinn gjöra allt, og skal jeg ekki draga í efa, að hann gæti orðið til mikils góðs, ef hann kæmist á sterkur, en einmitt þetta frumvarp, ef

það yrði að lögum, eins og jeg legg til, mundi verða hin bezta lyptistöng þess fjelagsskapar.

ATKV.GR.:

Breyt.till. minni hlutans á þgskj. 402 við 1. gr. (að hún falli burtu) felld með 8 atkv. gegn 2.

1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

1. breyt.till meiri hlutans, (402) við 2. gr. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

2. gr. þannig orðuð samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Breyt.till. minni hlutans við 3., 4. og 6. gr. teknar aptur.

4. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

5. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

6. gr. samþ. með 11. samhlj. atkv.

Breyt.till. meiri hlutans við fyrirsögn frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin þannig breytt samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 9 atkv. gegn 1.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 31. ágúst, kom frumv. (A 454) til 3. umr.

Framsögumaður Þórarinn Jónsson, (5. kgk. þm.): Jeg álít ekki ástæðu til þess, að fara fleiri orðum um þetta frumv. en þegar hefur verið gjört; og vona jeg, að hin háttv. deild lofi frv. að ganga greitt þennan síðasta áfanga.

ATKV.GR:

Frumv. í heild sinni samþ. með 10 atkv. gegn 1, og afgreitt vegna breytinga til forseta Nd.

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. septbr., kom frumv. (A 489, 490) til einnar umr.

Framsögumaður Ólafur Briem, (1. þm. Skgf.): Nefndin hefur engu að bæta við nefndarálitið og leggur til, að frumv. verði samþ.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XI. Afnám fátækrahlutar af fiskiafla.

Á 15. fundi Nd., föstudaginn 19. júlí, kom frumv. til laga (A 92) um afnám fátækrahlutar af fiskiafla — flutningsmaður Jón Magnússon — til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Sýslunefndin í Vestmannaeyjum hefur beðið mig að flytja þetta frumv., og hef jeg orðið við þeim tilmælum, því að mjer finnst það rjettlátt, að þetta gjald, fátækrahluti af fiskiafla opinna báta á helgum dögum, verði afnumið. Eins og háttv. þingdm. vita, komst fátækrahlutinn á með fátækra tilskipun frá 1834. En ekki liðu nema tvö ár, áður menn voru farnir að finna til þess, hversu ósanngjarnt þetta gjald var, og fengu að nokkru leyti undanþágu frá því með konungsbrjefi 28. apríl 1836, er undanskilur suðurkjálka Faxaflóa að nokkru leyti.

Nú eru ákvæðin um fátækrahlutinn tekin upp í sveitarstjórnarlögin frá 1905, og síðan þau lög komu í gildi verður líklega að líta svo á, að ívilnunin fyrir Faxaflóa sje fallin á burt. Þetta

hafa hlutaðeigendur samt ekki getað fellt sig við, svo að eptir því, sem jeg veit bezt, hefur eptir sem áður samt verið fylgt konungsbrjefinu frá 1836.

Það sem einkum gjörir fátækrahlutinn ósanngjarnan nú, er þetta, að hann er goldinn að eins af opnum bátum, svo að mótorbátar að jafnaði sleppa undan þessu gjaldi, því að þeir eru allflestir með þilfari. Eins og kunnugt er, hafa menn nú í flestum hinum stærri fiskiverum tekið upp mótorbáta að miklum mun, og fer þá svo undarlega, að þeir bátarnir, er versta hafa aðstöðuna, bera einir gjaldið. Þetta misrjetti milli báta, er sækja sjó úr sömu verstöðinni, að sumir greiði fátækrahlut en sumir ekki, er með öllu óhafandi.

Jeg skal ekki flytja langt erindi um þetta mál. Það ætti að liggja hverjum manni í augum uppi, hversu ranglátt þetta gjald er í sjálfu sjer. Annaðhvort ættu menn að hafa leyfi til að róa á helgidögum eða alls ekki; hitt nær engri átt að leyfa það, en leggja á hinn bóginn við svo sem sekt við því.

Og það er ekki einungis gagnvart mótorbátunum, að ósanngjarnt er að leggja þetta gjald á opna báta, heldur er þetta og mikið misrjetti, er litið er til annara þiljubáta og þilskipa, sem að ósekju fiska helga daga sem virka, og ekkert gjald þurfa að greiða. Jeg vona því, að háttv. þingdeild leyfi þessu frumv. greiðan framgang fyrst um sinn til 2. umr.

Því hefur verið skotið að mjer, að frumv. væri ef til vill ekki heppilega orðað að því leyti, sem ekki er tekið fram, hvaða lögum er breytt með því. En á því leikur nokkur vafi, hvað tilgreina skuli, hvort heldur nýjustu sveitastjórnarlögin eða einnig kgsbr. 1836; ef til vill gæti líka fleira komið til greina hjer, en þessu má breyta við meðferð málsins, ef þurfa þykir.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skaptf.): Jeg ætla ekki beinlínis að fara að ráðast á frumv. við þessa umræðu. En jeg tel því mjög ábótavant, og er mótfallinn stefnu þess. Mjer hefði fundizt nær, að víkja að eins lítilsháttar við ákvæðum laganna um fátækrahlut. Ef það er rjettur skilningur á þeim, að þau ákvæði nái að eins til opinna báta, þá virðist helzt ástæða til, að rýmkva þau svo, að þau nái einnig til mótorbáta og jafnvel líka til gufuskipa, er nótaveiðar stunda. Jeg veit dæmi til þess, að gufuskip hefur farið út til síldveiða laugardagskvöld og komið inn aptur síðla á sunnudegi, og boðið ótilkvatt að borga fátækrahlut. Enda held jeg, að þetta gjald sje ekki almennt skoðað sem sekt, heldur sem nokkurs konar skattur til guðs þakka fyrir þessa sjerstöku veiði.

Þess vegna er jeg því mótfallinn, að frumv. þetta verði að lögum, og leyfi mjer að skjóta því að háttv. flutningsmanni til 2. umræðu, hvort ekki væri heppilegra, að víkja því við og gjöra heldur hin eldri ákvæði viðtækari.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Það er auðvitað, að ef þetta gjald, hinn svonefndi fátækrahlutur, á að haldast áfram, þá ætti að láta gjaldið ná til annara báta en opinna og til þilskipa. En hitt er víst, að sem stendur er ekki að lögum hægt að heimta fátækrahlut af öðrum en opnum bátum, því að það er beint tekið fram í lögum vorum, að það nái að eins til þeirra.

En þótt frumv. væri vikið við í þá átt, er háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) benti til, og það fengi almennt fylgi í því formi, þá er jeg hræddur um, að

illt mundi verða, að framfylgja þeim ákvæðum, t. d. að heimta hlut af skútum, sem færu að veiðum á helgidegi úti á hafi, eða t. a. m. af síldveiðagufuskipum, og það jafnvel þótt þau færi út til veiða á laugardagskvöldum.

En hvað, sem öðru líður, þá skil jeg ekki, hvernig hægt er að afsaka það, að láta ákvæðið ná að eins til opinna báta. Það yrði þá að minnsta kosti líka, að láta það ná til mótorbáta og reyndar, ef sanngirni er gætt, lengra.

Ef ástæða þykir, þá mætti skipa nefnd í það við 2. umr.

Jeg skal enn bæta því við, að jeg fæ eigi skilið, hvers vegna menn ættu fremur að leggja til guðs þakka af fiskafla, en af svo mörgum öðrum afla, er fenginn er á helgum dögum.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.) lagði það til, að skipuð yrði þriggja manna nefnd í málið, þá er lokið væri umræðu, en fjell aptur frá þeirri tillögu, er flutningsmaður kvað það eins mega við 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með öllum þorra atkvæða.

Á 18. fundi Nd., þriðjudaginn 23. júlí, kom frumv. (A 92) til 2. umr.

Flutningsmaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg gat þess við 1. umræðu, að dálitlar breytingar hefðu orðið á því gjaldi, er hjer er um að ræða, frá því er það kom fyrst í lög.

Í reglugjörð fyrir fátækramálefni 8. jan. 1834 var ákveðið, að »einn fimmti hluti af alls konar fiskaveiði, er skeður á helgidögum, á bátum, hvort heldur þeir útreiðast með færum og önglum eður með netum«, skyldi greiðast til fátækra. En með konungsbrjefi frá 28. apríl 1836 var þessu breytt þannig, að af netaafla á helgidögum í Njarðvíkurflóa og þeim hluta Faxaflóa, er Suðuramtið nær að, skyldu fátækrasjóðirnir að eins fá jafnan hlut við hvern mann á bátnum.

Eptir þessum ákvæðum hefðu mótorbátar með þilfari líka getað komið til greina sem gjaldskyldir.

En í sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 er ákvæðið bundið eingöngu við opna báta. Þar er komizt svo að orði, að greiðast skuli til sveitarsjóðs »fimmtungur af alls konar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum«.

Jeg benti á það við 1. umr., hversu ósanngjarnt það væri, að þetta gjald næði að eins til opinna báta, en ekki til mótorbáta — þeir eru nú svo að segja undantekningarlaust með þilfari — þrátt fyrir það, að þeir hafa allvíðast miklu betri aðstöðu. En því skal jeg bæta við fyrri ummæli mín, að ekki sýnist rjettlátt, að heimta þetta gjald eingöngu af bátum, en ekki af þilskipum.

Jeg vona, að háttv. deildarmönnum skiljist það vel, að hjer er ekki að ræða um tekjur, er neinu muna fyrir fátækrasjóðina. Mjer hefur verið sagt, að þetta gjald sje jafnvel mjög óvíða heimt inn, og ef til vill hvergi nema hjer sunnanvert við Faxaflóa, á Stokkseyri og í Vestmannaeyjum, það er að segja af róðrarbátum. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þá hefur verið logið að hinum háttv. þm.!). Getur verið, að það sje ekki nákvæmlega rjett greint. En hitt er víst, að ákvæðinu er óvíða framfylgt. Jeg tel hjer ekki með þann ólöglega skatt, er háttv. þm. V.-Sk. sagðist hafa tekið af einhverju þilskipi!

Að endingu leyfi jeg mjer að láta þá von í ljósi, að frumv. nái samþ. hinnar háttv. deildar.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra örstutta athugasemd við ræðu háttv. þm. Vestm., því að annars ætlaði jeg mjer ekki að taka til máls að sinni. Hann vitnaði til þess, að jeg hefði tekið ólöglegan skatt af gufuskipi. Þar fór hann ekki með rjett mál, hinn háttv. þm. Sá skattur var ekki heimtaður, heldur boðinn fram að fyrra bragði.

Annars upplýsti háttv. þm., að ákvæðið um, að einungis opnir bátar skuli gjaldskyldir um fátækrahlut, hafi ekki verið í lögum fyr en sveitastjórnarlögin frá 1905 komu í gildi. En nú vill svo til, að einmitt háttv. þm. Vestm. er framast allra faðir að þeim lögum, svo að þetta frumv. er einungis fram komið til að bæta úr misrjetti, sem hann sjálfur er sök í. Ekki er furða þó að hann sæki málið fast.

Enn fremur skal jeg láta þess getið, að svo framarlega sem einhver hefur sagt háttv. þm., að áðurnefndu ákvæði sje ekki framfylgt nema milli Faxaflóa og Vestmannaeyja, þá hefur sögumaðurinn ekki farið rjett með. Jeg veit með vissu, að því er framfylgt víðar.

Að öðru leyti læt jeg frumv. afskiptalaust. Jeg hef þegar tekið fram, að rjettara væri að minu áliti, að afnema ekki fátækrahlutinn, heldur rýmkva ákvæðið þannig, að goldinn skuli hlutur af fleirum förum en opnum bátum.

Jón Magnússon, (þm. Vestm.): Jeg vona, að enginn hafi skilið svo orð mín, að jeg áliti gjaldið rjett, ef það væri líka lagt á mótorbáta. Jeg gat þess við 1. umr., að hvort sem gjaldið væri lagt á fleiri eða færri, væri það ranglátt.

Einn háttv. þm. hefur spurt mig, hvort frumv. næði til hlutar af hafveiði á helgum dögum; út af því skal jeg geta þess, að það nær vitanlega að eins til fiskiveiða á róðrarbátum.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Á 20. fundi Nd., fimmtudaginn 25. júli, kom frumv. (A. 92) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust samþ. með 17 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 28. fundi Ed., föstudaginn 16. ágúst, kom frumv. (A. 92) til 1. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 8 atkv. gegn 2.

Á 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. (A. 92) til 2. umr.

Ágúst Flygenring, (4. kgk. þm.): Af því að þetta frumvarp gekk að eins með eins atkvæðismun til 2. umræðu, og vegna þess að mjer virtust margir háttv. þingmenn hjer í deildinni vera fremur á móti því, þá vildi jeg að eins með örfáum orðum lýsa nauðsyninni á því. Þetta gjald er að eins bundið við opna báta. Ástæðan fyrir því, að frumv. er komið fram, er sú, að nú eru orðnir jafnmargir eða fleiri með þilfari, sem stunda veiðar á helgum dögum, auk alls þess stóra flota af gufubátum og öðrum skipum, er gjöra slikt hið sama. Þetta frumv. er þess vegna komið fram til þess að gjöra jafnrjetti milli allra þeirra manna, sem stunda þenna atvinnuveg; og af því að ekki er hægt að ná þessu

gjaldi jafnt af öllum, þá er rjettara að afnema það með öllu.

Jeg hygg, að það hafi verið konungsbrjef 1777, sem veitti undanþágu frá því, að gjalda þenna 1/5 hluta, þegar einn hlutur gekk til fátækra við sunnanverðan Faxaflóa. Jeg vona, að þessi lög, þótt það sje ekki tekið fram í frumv., nái líka til þessa fátækrahlutar.

ATKV.GR.:

Meginmál frumvarpsins samþ. með 9 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 35. fundi Ed., laugarduginn 24. ágúst, kom frumv. (A. 92) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust samþ. með 9 samhlj. atkv., og afgreitt til ráðherra, sem lög frá alþingi.

XII. Breyting á útflutningsgjaldi af síld.

Á 16. fundi Nd., laugardaginn 20. júlí, kom frumv. til laga (A 114) um breyting á lögum nr. 18, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald — frá skattanefndinni — til 1. umr.

Frumv. var ekki á dagskrá þessa dags, en í byrjun fundarins skýrði forseti frá því, að sjer hefði borizt erindi frá þessum 6 þingmönnum.

Lárusi H. Bjarnasyni,
Birni Kristjánssyni,
Jóni Jónssyni,
Stefáni Stefánssyni, Eyf.,
Pjetri Jónssyni og
Jóhannesi Ólafssyni,

þar sem þeir láti í ljósi þá ósk, að framannefnt frumv. yrði tekið á dagskrá þennan dag sem 7. mál á dagskránni. Forseti bar tillöguna undir atkv. deildarinnar og var hún samþ. með 18 atkv. gegn 1. Ráðherrann samþ. einnig þessi afbrigði frá þingsköpunum.

Framsögumaður Ólafur Briem, (1. þm. Skgf.): Mjer hefur verið falið af skattanefndinni, að skýra afstöðu nefndarinnar til þessa frumv., og skal jeg þá byrja mál mitt á því, að í núgildandi lögum er útflutningsgjald af síld 20 aurar af hverri tunnu. Þegar nú er tekið tillit til þess, að vanalegt verð á síld er í útlöndum 15—20 kr. tunnan, stundum hærra og stundum lægra, og hjer á landi kringum 10 kr., þá er það ekkert óeðlilegt, að þær skoðanir hafi komið fram, að þessi tollur væri of lágur, og hafa ýmsar ástæður verið færðar fyrir því. Ein af þessum ástæðum er sú, að þeir, sem mest stunda síldfiski hjer við land og tollhækkunin því mest kæmi niður á, eru ekki landsmenn sjálfir, heldur Norðmenn. Síldarveiðar Norðmanna hafa mjög aukizt á síðustu árum, eins og sjá má af því, að frá Siglufirði, þar sem síldarveiði er langmest á Íslandi, og frá Akureyri voru árið 1903 fluttar út 35,000 tunnur, árið 1904 voru fluttar þaðan út 65,000 tunnur, árið 1905 105,000 tunnur og árið 1906 nam útflutt síld frá Siglufirði 195,000 tunnur. Hvort síldarútvegurinn heldur áfram að auk-

ast að sama skapi, er auðvitað óvíst, en þó eru líkindi til, að hann fremur vaxi en minnki. Síldfiski er víðar hjer við land en á Siglufirði, þó ekki sje það jafnmikið, þannig er t. d. töluverð síldveiði bæði á Ísafirði og sumstaðar á Austfjörðum. Af því, sem flutt var út frá Siglufirði og Eyjafirði í fyrra (195,000 tunnur), höfðu Íslendingar veitt hjer um bil 15,000 tunnur, en Norðmenn 180,000 tunnur eða með öðrum orðum lang mestan hluta síldarinnar. Þó ekki væri gjört ráð fyrir meiri síldarútflutningi frá öllu landinu heldur en frá Siglufirði einum í fyrra, þá væri þó sá tekjuauki, sem landssjóður hefði af þessari tollhækkun, sem hjer er farið fram á, úr 20 aurum í 50 aura af tunnu, nálega 60,000 kr. á ári, og þó að aflafar geti breytzt á báðar hliðar, þá er það sýnilegt, að hjer væri von á allmiklum tekjuauka, sem sízt er ástæða til að slá hendinni á móti, eins og nú er ástatt fjárhag landsins. Jeg vona, að máli þessu verði vel tekið; skattanefndin hefur athugað það rækilega og býst því við, að það fái góðar undirtektir hjá hinni háttv. þingd.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Það rignir ýmsum frumv. niður í deildina í dag, sem ekki er gott að átta sig á í svipinn; meðal þeirra er þetta eitt. Jeg veit ekki, hvort jeg á að skoða það sem fjörkipp framfaranna, eða hvort þau eru fram komin til að vekja eptirtekt, en svo mikið er víst, að eptir því, sem mjer í fljótu bragði lízt á þetta frumv., álít jeg, að það muni ekki verða til gagns. Því hefur verið haldið fram hjer í deildinni, að tolla- og skattamál landsins væru þýðingarmikil mál, sem þyrfti að íhuga sem allra bezt og að ekki væri rjett, að gjöra á þeim þær breytingar, sem segja mætti að ekki væru annað en kák, eins og jeg ætla að þetta yrði. Þar sem nú stendur til að skipa milliþinganefnd, til þess að íhuga tolla- og skattamál landsins, eða í öllu falli að leggja þau í hendur mönnum, sem búast má við að beri gott skyn á þau, þá er það eitt nægileg ástæða fyrir því, að mál þetta fari ekki lengra í þinginu en það er komið. Og ef það yrði ofan á, að skipa nefnd í þetta frumv., yrði það að öllum líkindum skattanefndin, sem fengi það til meðferðar, svo það væri ekki annað en að koma því aptur til föðurhúsanna, sem það kom frá. Jeg vil því leggja það til, að þetta mál sje fellt, en ef jeg ætti að telja upp allar ástæður, sem jeg hef fyrir því, þá yrði það of langt mál. Þó skal jeg lítillega drepa á eitt atriði. Það hefur komið fram skýrsla um, að frá Siglufirði hafi síðasta ár verið fluttar út 15,000 tunnur af síld, sem landsmenn hafi veitt. Nú má gjöra ráð fyrir, að þessi skýrsla sje ekki sem nákvæmust, en þó hún væri nákvæm, þá er mikið af hinni útfluttu síld keypt af landsmönnum sjálfum, og tollhækkunin mundi því koma þar fram á seljanda. Mjer finnst þetta útflutningsgjald eins og yfir höfuð útflutningsgjald af sjáfarfangi óeðlilegt; það hef jeg drepið á fyr hjer á þinginu. Það hlýtur ætið að koma þyngst niður á framleiðanda, og að hækka það eins og hjer er farið fram á, það er sama og að gjöra tilraun til að eyðileggja þann vísi, sem kominn er til þess að innlendir menn geti tekið þátt í þessum atvinnuvegi og staðið í samkeppni við útlendinga um hann. Jeg gæti talið upp fjölmargar ástæður á móti þessu frumvarpi, en jeg ætla ekki að tefja tíma þingsins á að fara frekara út í það að sinni. Og sú ein ástæða er nægileg til þess að hepta framgang þessa frumv, að það getur að mínu áliti alveg eins beðið eptir því að verða

tekið til íhugunar í milliþinganefndinni, eins og önnur skatta- og tollmál landsins.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Þetta atriði, sem hv. þm. Ak. tók fram, að gjaldið kæmi að nokkru leyti niður á þeim Íslendingum, sem stunda síldveiði, kom einmitt til athugunar í nefndinni og því var hreyft þar, hvort ekki gæti komið til tals, að veita þeim Íslendingum, er þessa atvinnugrein stunduðu, einhverja ívilnun, til þess að bæta þeim skaðann; en úr því varð þó ekki, að nefndin gjörði tillögu í þá átt.

Viðvíkjandi hinu, sem hinn hv. þm. sagði, að Norðmenn keyptu mikla síld af Íslendingum, og mundu þeir gefa því minna fyrir hana, sem tollurinn hækkaði, þá tel jeg það alls ósjeð, að hve miklu leyti sá tollur mundi koma niður á Íslendingum; það er samningsmál milli seljanda og kaupenda; jeg trúi ekki, að þetta litla útflutningsgjald hafi mikil áhrif á söluverðið.

Ein ástæða hv. þm. var sú, að það væri ekki rjett, að taka þetta eina atriði fyrir nú, þar sem í ráði væri að skipa milliþinganefnd til þess að íhuga og gjöra tillögur um skattamál landsins yfirleitt. Þessu get jeg svarað þannig, að sú milliþinganefnd er nú fyrst og fremst óskipuð enn; en þó hún yrði skipuð eptir þetta þing, þá á það mjög langt í land, að hennar tillögur verði að gildandi lögum. Það er óvíst, að hún geti lokið störfum sínum fyrir næsta þing, og má þess vegna ekki gjöra ráð fyrir, að tillögur hennar verði lagðar fyrir þing fyr en 1911, og þá eru 4 eða 5 ár þangað til þær gætu orðið að lögum. En þar sem tekjur landssjóðs af þessu mundu verða mjög miklar, sjálfsagt 50—60,000 kr., þá er skaði að drættinum, hvert ár sem líður; og það er því minni ástæða til þess að hika við að leggja toll á síldarútflutning Norðmanna, þar sem aðflutningstollur á íslenzkum varning í Noregi er gífurlega hár. Jeg tek til dæmis tollinn á saltkjöti og á hestum; hann er 11 kr. á hverja tunnu af saltkjöti og 50 kr. eða þar yfir á hvern hest; sá tollur, sem hjer er farið fram á að lögleiða, vegur nú lítið á móti þessu, enda er ekki til þess ætlazt, þó að það reyndar sje engan veginn óþekkt meðal þjóða, að ef ein sýnir annari óbilgirni, reyni sú að verja sig með þeim meðulum, sem hún hefur og getur beitt. En hjer er ekki um neina óbilgirni að ræða; jeg veit einmitt, að Norðmenn sjálfir, hvað þá heldur aðrir, furða sig á því, hve lágt útflutningsgjaldið sje, og þeir hafa enda fyrir löngu búizt við, að það yrði hækkað að mun.

Ráðherrann: Jeg verð að taka í sama streng eins og hv. þm. Ak. (M. A.) í þessu máli; það þykir nú ef til vill ekki sitja á mjer, að slá hendinni á móti því að auka tekjur landssjóðsins. En þó hjer væri um vísa tekjuvon að ræða í svipinn, þá finnst mjer þó þessi aðferð ekki heppileg, því að hún gæti orðið til þess að hnekkja annari affarasælli og frambúðarbetri tekjuvon fyrir landið. Jeg álít varhugavert, að leggja þröskuldi í veginn fyrir byrjandi atvinnuvegi landsins.

Auk þess tel jeg mjög tvísýnt, að svona gífurleg hækkun auki tekjur landssjóðsins; hún gæti jafnvel gjört þvert á móti. Þetta mundi verða óvinsælt af útlendingum, og þeir mundu frekar en nú reyna að koma sjer undan greiðslu á lögmætu útflutningsgjaldi; og það er því miður svo afarhægt fyrir þá, en örðugt fyrir okkur að hafa hendur í hári þeirra fyrir það; auk þess gæti það orðið til þess að sumir hættu að stunda hjer síldveiðar á þann hátt, að útflutnings-gjaldskylda falli á

veiðina. Hitt er þó auðvitað aðalástæðan, sem jeg nefndi fyrst; gjaldið kemur svo óheppilega niður á þessum byrjandi atvinnuvegi landsmanna, sem kannske alls ekki má við því; það er högg, sem hittir, ef jeg mætti svo segja, bæði vini og óvini. Það á að vera til þess að klekkja á aðkomumönnum, en klekkir ósjálfrátt einnig tilfinnanlega á einstökum innlendum dugnaðarmönnum. Jeg get ekki að því gjört, að mjer dettur í hug sagan um kerlinguna, sem ætlaði að drepa fluguna á nefinu á karlinum sínum með fiskasleggjunni; hún steinrotaði karlinn, en flugan flaug. Jeg er hræddur um, að okkur mundi fara líkt og þessari kerlingu; við mundum ef til vill gjöra okkur skaða, sem væri meiri en sá tekju-auki, sem landssjóður kynni að fá í svipinn, með því að hepta eða lama í byrjun innlenda síldveiði í stærri stíl. Jeg vildi þess vegna, að háttv. deild hugsaði sig vandlega um, áður en hún samþ. þetta frv. Jeg held, að það mætti gjarnan bíða þangað til milliþinganefndin, sem nú er í ráði að skipa, til þess að athuga tolla- og skattamál, getur tekið það til íhugunar.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Það er ekki mikið, sem jeg þarf við að bæta að þessu sinni. Mjer þykir mikið í það varið, að hæstv. ráðh. lítur svo á þetta mál, sem hann gjörir, og jeg álít, að það geti ekki stafað af öðru, en hugsunarleysi og fljótfærnisflani, ef frumv. þetta verður að lögum. Það er óneitanlegt, að þessi stefna mundi leiða til þess, að gjöra þenna innlenda atvinnuveg, sem líkindi eru til að annars yrði landinu að stórmiklu gagni, alveg ómögulegan. Landið yrði þá eingöngu verstöð fyrir útlendinga, og álíta menn að það sje hollt? Því neita jeg.

Háttv. framsm. (Ó. Br.) tók það fram, að þar sem Norðmenn hafa tollað kjöt, þá geti það verið hvöt fyrir oss til þess, að lögleiða einhvern annan toll, er gæti vegið upp á móti því. En hjer er sá stóri munur á, að Norðmenn hafa eigi lagt þennan toll á sjálfa sig, svo að þessu er eigi samanjafnandi.

Eitt er enn, þótt aukaatriði sje. Þetta eitt fyrir sig mundi gjöra tollheimtuna enn þá óeðlilegri, með því fyrirkomulagi, sem nú er á henni. Þannig mætti lengi halda áfram, en jeg býst við því, að það sje heppilegast, að ónáða menn eigi lengur, en láta það bíða 2. umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Jeg skal játa það, að það, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) tók fram er á nokkrum ástæðum byggt. En jeg get ekki sjeð, að tollurinn sje svo gífurlega hár, þar sem útlendingar eiga í hlut þrátt fyrir hækkun þá, sem frumv. fer fram á, Þótt því sje haldið fram, að afleiðingin af þessari tollhækkun verði sú, að útlendingar fælist hjeðan, þá er það hvorttveggja, að engin átylla er til þess, að ætla það, enda er, þó svo færi, lítill skaði skeður, því að lítil gleði er að yfirgangi þeirra hjer við strendur landsins, að minnsta kosti meðan standvarnirnar eru ekki betri en þær eru.

Viðvíkjandi hinu, að varasamt sje, að íþyngja landsmönnum sjálfum með hækkuðum síldartolli, skal jeg benda á, að hafa mætti þá aðferð, að láta nokkurn hluta af hinum auknu tolltekjum renna í Fiskiveiðasjóðinn, er svo ætti sjerstaklega að styrkja þennan atvinnuveg landsmanna. Það gæti verið álitamál, að ganga inn á þessa breytingu, og láta þá Íslendinga, er síldveiði stunda, njóta einhverra hlunninda úr Fiskiveiðasjóðnum í notum þess, að þeir borga hið hækkaða út-

flutningsgjald. En hitt verð jeg að álíta að sje fullkomlega rjett frumregla, að láta útlendinga, er grípa hjer upp auðæfi, sem í raun rjettri eru eign landsmanna, gjalda eitthvað til almenningsþarfa, jafnvel fram yfir þá, sem eru búsettir í landinu.

Jeg verð því að álíta það mikinn skaða, ef frumv. fellur. eða miklar breytingar eru gjörðar á því.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg ætlaði ekki að tala í máli þessu við 1. umr., og skal því ekki tala mikið, þar eð umræður eru teknar að gjörast nokkuð langar.

Jeg get ekki annað en álítið, að það sje heppilegt og nauðsynlegt, að leggja þetta gjald á, til þess að landið nái þó einhverjum dálitlum hagnaði af öllum þeim ógrynnum, sem útlendingar grípa hjer upp úr sjónum árlega, svo að segja upp í landssteinunum.

Jeg get því ekki sjeð, að það sje nein fljótfærni af flutningsm., að koma fram með tillögu þessa; og ekki heldur, að það muni gjöra innlendar síldveiðar ómögulegar, því að auk þess, sem gjaldið er alls ekki hátt, má ætið koma í veg fyrir það, að það komi þungt niður á landsmönnum.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hefur selt fleiri síldartunnur, en jeg, svo að hann þekkir verðlagið sjálfsagt fullt eins vel og jeg. Vanalegt verð á mældri tunnu hefur verið 8—10 kr. síðari árin. *(Magnús Kristjánsson.* Opt ekki nema 6). Jeg get tilfært nöfn margra manna, sem í fyrra höfðu gjört fastan samning fyrirfram um, að selja útlendum útvegsmönnum aflann af skipum sínum, og sem hafa samkvæmt þeim samningum selt alls mörg þúsund tunnur á 10 kr. hverja. Þetta er sanngjörn sala á nýjum afla, þegar gangverð á útlendum markaði er c: 20 kr., eins og var í fyrra haust. Þessi afli, sem í fyrra var fluttur út frá Eyjafirði og Siglufirði, og sem hafði verið tekinn upp úr sjónum á 10—12 vikum, hefur því í útlöndum selzt á c. 4 milj. kr. Ekki er það nema sanngjart, að landssjóður njóti ofurlítils góðs af þessum gullstraumi. —

Ekki get jeg skilið, að útlendingum komi þessi tollur á óvart, eða veki óánægju, því jeg hef átt tal við Norðmenn, sem sjálfir hafa legið stjórn og þingi á hálsi fyrir það, hve tollur þessi er lágur, og álitið það skort á þeim hyggindum, sem heimtuð eru af fjármálastjórnum allra landa, og ekki get jeg skilið í því, að landsstjórnin hafi á móti 60—70 þús. kr. tekjuauka fyrir landssjóð á ári, aðallega frá útlendingum. Jeg treysti þinginu vel til þess, að bæta landsmönnum skattinn, og efast ekki um, að málið fái að ganga áfram til 2. umr.

ATKV.GR.;

Var svo málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Á 17. fundi Nd., mánudaginn 22. júlí, kom frumv. (A. 114) með afbrigðum frá þingsköpunum til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 18 atkv. gegn 2.

2. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 16 atkv. gegn 1.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 atkv. gegn 1.

Á 18. fundi Nd., þriðjudaginn 23. júlí, kom frv. (A. 114, 131) til 3. umr.

Forseti bar undir atkvæði þingdeildarinnar, hvort mál þetta mætti koma til umræðu, þótt eigi væru liðnar tvær nætur frá því, er það var til 2. umr., og var það samþykkt með 24 samhlj. atkvæðum.

Hæstv. ráðherra gaf og til þess leyfi sitt.

Magnús Kristjánsson (þingm. Ak.): Við 1. umræðu þessa máls færði jeg fullgildar ástæður fyrir því, að æskilegast væri, að það yrði ekki útkljáð á þessu þingi.

Þessar ástæður standa enn óhaggaðar, og skal jeg því ekki tefja tímann með því, að taka þær upp aptur.

Jeg hefði að sjálfsögðu komið fram með breyt.till. við 2. umr., ef að jeg hefði ekki skilið háttv. frmsm. skattamálanefndarinnar (Ó. Br.) svo, sem hann mundi gangast fyrir því í nefndinni, að gjörðar yrðu breytingar, er miðuðu til, að bæta úr því ranglæti — það mun vera óhætt, að við hafa það orð — er hjer kemur fram gagnvart þeim mönnum, er af veikum mætti leggja fram krapta sína, til að auka framleiðslu í landinu, og keppa il þess við útlendinga, að hagnýta sjer auðsuppsprettur landsins og varna því, að auðæfi hafsins verði útlendingum einum að bráð. En sú von mín brást. Samt sem áður þykist jeg fullviss um, að nefndin muni vera fús til þess, að stuðla að því, að þetta geti komizt í lag. Vona jeg að öllum sje ljóst, hvílík hætta er hjer á ferðum.

Eins og allir vita, fækkar þeim mönnum, er vinna að framleiðslustarfinu, sem þó er undirstaðan undir framtíð landsins, en hinum fjölgar, er kjósa heldur, að komast hjá því, að leggja hart á sig við líkamlega vinnu, og vilja heldur framfleyta sjer á bóklegum lærdómi, sem þeir að sumu leyti hafa aflað sjer á landsins kostnað. Er því varlega í það farandi, að gjöra mönnum erfiðara fyrir að reka þennan atvinnuveg, sem eykur framleiðsluna, með því að leggja þeim hindranir í veginn.

En þrátt fyrir allt virtist mjer helzt útlit fyrir, að þetta mál mundi ná fram að ganga í deildinni. Og því leyfði jeg mjer ásamt 2 háttv. þingmönnum, að koma fram með viðaukatillögu þá, er prentuð er á þgskj. 131, þótt hún að vísu gangi helzt til skammt. Á þgskj. 133 er komin fram önnur breyt.till., er sýnir, að fleiri líta á málið líkt og jeg. En hún hefur nú verið tekin aptur, svo að ekki þarf að minnast hennar frekar.

Sjávarútvegurinn hefur til skamms tíma eigi átt mörgum talsmönnum að fagna á þinginu, enda þótt nokkuð hafi verið gjört honum til fyrirgreiðslu nú síðustu árin. Aptur á móti hefur landbúnaðurinn verið þeim mun betur settur, að hann hefur átt þar marga bæði mikilsmetna og mikilsmegandi talsmenn, er hafa borið hann fyrir brjósti.

Nú vil jeg leyfa mjer að beina þeirri spurningu til þessara manna, hvort þeim mundi eigi þykja það tilfinnanlegt, ef að álíka kvaðir yrðu lagðar á landbúnaðinn og farið er fram á með þessu frumv. með tilliti til sjávarútvegsins, t. d. 1 kr. á hverja útflutta sauðkind, 4 kr. á hross, álíka á hverja kjöttunnu og 5—6 aurar á hvert smjörpund o. s. frv. Ekki mundi mjer koma það á óvart, þótt þessum mönnum þætti það ærið tilfinnanlegt.

Vona jeg því, ef að þeir vilja stinga hendinni í sinn eiginn barm, að þeir lái mjer ekki framkomu mína í þessu máli, heldur muni þeir stuðla að fram-

gangi breyt.till. minnar, svo að hún megi verða til þess, að minnka þá óánægju, er ákvæði frumv. hljóta að vekja hjá þeim mönnum, er þennan atvinnuveg stunda.

Í trausti til þess, skal jeg láta útrætt um hana að sinni.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Viðaukatill. háttv. þm. Ak. á þgskj. 131 er að nokkru leyti í samræmi við það, er jeg benti á við 1. umr. þessa máls, að nokkur hluti hins hækkaða síldartolls mætti ganga til þess, að veita þeim mönnum hlunnindi, er innlendan síldarútveg stunda.

Að eins skal jeg taka það fram, að mitt álit var og er enn, að þetta ætti heldur að koma fram sem breyting á lögum um Fiskiveiðasjóð Íslands. Á það benti jeg líka háttv. flutnm. En engin þörf er á, að fjölyrða um þetta atriði út af fyrir sig, með því að það snertir fremur form en efni.

Háttv. þm. Ak. gat þess við 1. umr. málsins, að útflutningsgjald það, er hjer ræðir um, kæmi að allmiklu leyti niður á innlendum mönnum. Um það getur skattamálanefndin ekki verið honum samdóma, því eptir upplýsingum frá háttv. þm. V.-Sk., þeim manni, er allra manna er kunnugastur þessu efni, þá nemur síldveiði innlendra manna á Siglufirði, stærstu síldveiðastöð landsins, að eins 1/13 af allri síldveiðinni, eða 15 þús. tn. af 195 þús. tn.

Orðalagið á viðaukatill. þykir mjer ekki alls kostar viðfelldið. Þar stendur svo: »því fje skal varið til eflingar síldarútveg innlendra manna«. Skattamálanefndin hefur litið svo á, að ekki væri rjett að útbýta öllu fjenu, heldur setja sumt af því á vöxtu sem höfuðstól og veita lán til stuðnings þessum atvinnuvegi.

Á þessum grundvelli vill skattamálanefndin aðhyllast till. háttv. þm. Ak., og leggja það til, að hún nái samþ. deildarinnar.

Að endingu leyfi jeg mjer að mótmæla þeirri sneið, er háttv. þm. stakk þinginu, er hann kvað það láta sjer lítt annt um sjávarútveginn. (*Magnús Kristjánsson*: Jeg gat þess, að mikið hefði verið gjört fyrir hann). Ummæli þm. í þessa átt verð jeg að telja í alla staði ómakleg með tilliti til þeirra miklu fjárframlaga, er Fiskiveiðasjóði Íslands hafa verið veitt úr landssjóði, í þeim eina tilgangi, að efla þennan atvinnuveg.

ATKV.GR.:

Brtill. (133) við viðaukatill. á þgskj. 131 tekin aptur.

Viðaukatill. (þskj. 131) sþ. með 23 shlj. atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 22 shlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 20. fundi Ed., fimmtudaginn 21. júlí, kl. 9 f. h., kom frumv. (A 147) með afbrigðum frá þingsköpunum til 1. umr.

Ágúst Flygenring, (4. kgk. þm.): Jeg hygg að vísu, að það muni vera til lítils gagns fyrir mig að taka til máls í þessu máli, en vildi þó að eins með fám orðum lýsa vanþóknun minni á frumv.

Jeg lít svo á, eins og nú er ástatt og búizt er við, að breyting komist á þannig, að eptirlit með útlendum fiskimönnum, sem frumv. er stílað til, verði betra. Því vitanlega er meining flutnm. að ná einhverju af þeim ránsfeng, er Norðmenn nú taka í landhelgi. Þó verður þetta frumv. ekki til neins sóma fyrir oss, og efast jeg um, að landssjóður hafi miklar tekjur

af því í framtíðinni. Frumv. er aðallega stílað til Norðmanna, sem reka síldveiðar hjer við land. Og þótt jeg ekki vilji leggja neitt gott til málanna fyrir þeirra hönd, þá álít jeg, að við ekki megum ganga allt of langt í því, að tolla afla, er þeir fá utan landhelgi. Og finnst mjer, að þar sem lagður er tollur á síld, veidda utan landhelgi og löglega með farna, að það líkist fremur ráni en skatti. Við vitum það, að mörg undanfarin ár hafa bæði Hollendingar og Frakkar stundað fiskiveiðar hjer við land. Þeir koma iðulega inn á hafnir til þess að fá nauðsynjar sínar, og sleppa við öll gjöld nema skipagjöld, sem gjarnan mættu vera hærri. Enda mundi ekki geta komið til mála, að láta þá borga toll af fiski þeim, sem fiskaður er fyrir utan landhelgi. Norðmenn hafa nú skip til að taka á móti aflanum á höfnum inni, og þess verða þeir að gjalda, að þeir salta síldina í landhelgi, samkvæmt frumv. Afleiðingarnar af þessu frumv. yrðu að eins sú breyting, að þeir tækju upp þá aðferð að hafa stærri skip til veiðanna, láta verka síldina í hafi, og koma að eins til hafna til þess að umhlaða verkaða síldina í milliferðaskip. Það hefðu þeir fullkomið leyfi til eða eins vel leyfi til og Frakkar. Enda sýnist svo, að ef frumv. er aðallega stílað á móti því, að þeir verki síldina í landi, þá lægi beinast við, að þeir tækju hina aðferðina, sem jeg áðan nefndi og yrði það þá enginn ágóði fyrir landssjóð. Við verðum að gæta hófs í þessu og álít jeg þetta sama sem að bægja þeim frá að nota hafnir vorar. Væri það misráðið, því þá færum við á mis við þann töluverða útflutningstoll, sem þegar er orðin hefð að greiða. Einnig er þess að gæta, að með vaxandi útflutningsgjaldi er einnig hætt við tollsvikum. En til þess að hafa eptirlit með því, þyrftum við að hafa bát, til lögregluleptirlits á sjónum. Hygg jeg, að lítið væri á því að byggja, að tollurinn kæmist til skila með öðru móti. Yrði það nokkuð dýrt og tæki aptur meira en lítið af þeim gróða, sem tollaukinn hefði í för með sjer. Enn fremur skal bent á það, að innlendir útvegsmenn líta ágirndaraugum til þessa veiðiskapar, sem nú er að eins í byrjun hjá okkur. Hafa menn hjeðan af Suðurlandi hugsað sjer í samlögum að reka síldveiði nyrðra að sumrinu. Vjer höfum nokkur skip, sem mætti nota til þess, en brostið hingað til fólk, sem kann til þeirra veiða. Er það því leiðinlegra, sem þessi veiðiskapur — ef hann er stundaður af þekkingu — mun vera hinn arðvænlegasti, nema ef vera kynnu hvalveiðarnar, eins og þær voru, meðan þær stóðu í blóma sínum. Að vísu er nokkuð bæft úr annmörkum þessa frumv., þar sem ákveðið er í 2. gr., að nokkur hluti af þessu gjaldi skuli renna í Fiskiveiðasjóð Íslands, til eflingar síldarútveg innlendra manna. Menn hafa sjeð, að þetta horfði til vandræða, og að hjer væri gengið á rjett innlendra manna, og því farið þessa krókaleið, sem bæði er þó óeðlileg og ekki er laust við að leggi stein í götu þeirra manna, er þetta vilja gjöra að atvinnu sinni. Athugavert er og að menn geta ekki treyst svo vel löndum sínum, að einhverjir þeirra fáist ekki til að vera leppar útlendinga, fáist til að eigna sjer afla þeirra, og verður þá þessi leið til lítillar ánægju.

Þetta kann að vera, að eitthvað náist af tollauka þessum í ár, en til frambúðar verður þetta aldrei »solid« tekjugrein fyrir landssjóð. Það er miklu meira vanhugsað, en nokkuð annað, sem fram hefur komið í toll-

lögum vorum. Ef ekki hefði verið flýtt svo mikið þessu máli og verið samþykkt, að það kæmist með undanþága frá þingsköpum svo fljótt í gegn um deildina, þá hefði jeg fyrir mitt leyti helzt stungið upp á nefnd í það, en eins og nú er komið, veit jeg. að það hefur engan árangur.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi Ed., fimmtudaginn 25. júlí kl. 1½ e. h., kom frumv. (A 147) með afbrigðum frá þingsköpunum, samþykktum bæði af deildinni og ráðh., til 2. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg skal að eins leyfa mjer að skírskota til þess, sem jeg sagði um mál þetta á síðasta fundi hjer í morgun og hef jeg þar engu við að bæta. Hvort sem lög þessi verða oss heppileg eða ekki í bráðina, þá hygg jeg, að þau verði það aldrei til lengdar, og þær stundartekjur, sem við ef til vill fáum fyrir þau, munu ekki vega upp á móti þeim skaðlegu afleiðingum, sem þessi hækkun á útflutningsgjaldi getur haft í för með sjer.

Ráðherrann: Jeg hef lýst afstöðu minni til þessa máls í Nd. og get jeg skírskotað til þess. Háttv. 1. þm. N.-M. (Jóh. Jóh.) tók það fram í öðru máli hjer í deildinni, að stjórnin hefði ekki getað látið sjer hugkvæmast að koma fram með frumv. þetta, og fann hann henni það til foráttu. En jeg verð að segja, að þó að jeg ekki setji mig á móti þessu frumv., þá er jeg þó mjög ásáttur með, að þingið hafi allan veg og vanda af því, því að jeg álít mjög varhugaverða þá braut, sem frumv. fer inn á, að leggja þung gjöld á byrjandi atvinnugrein, sem hægt er að gjöra sjer von um að yrði landinu til mikilla heilla, ef hún næði að blómgast.

Einnig er jeg hræddur um, að sumir þeir, sem nú borga útflutningsgjald undandráttarlítið af allri síldveiði sinni, muni ef til vill síður láta sjer fyrir brjósti brenna, að reyna að koma sjer hjá að borga það, að meiru eða minna leyti, þegar gjaldið hækkar, og eru til þess ýmsir vegir, sem lögreglustjórn vorri kynni að verða erfitt að teppa. Ákvæðin, sem sett voru í Nd. í frumv. þetta, um það, að 10% af útflutningsgjaldinu skuli renna í Fiskiveiðasjóðinn og ganga til að styðja innlendar síldveiðar, bæta frumv. að mun, og álít jeg, að það sje sú ákvörðun, sem gjörir frumv. aðgengilegt, svo að það getur orðið samþ. nú; en að líkindum líður ekki á löngu, áður en mál þetta kemur aptur til athugunar á þingi.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 10 atkv. gegn 2.
2. — — — — 10 — — 2.
3. — — — — 10 — — 2.
4. — — — — 10 — — 2.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 22. fundi Ed., föstudaginn 26. júlí. kom frv. (A 147) með afbrigðum frá þingsköpunum til 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust samþ. með 10 atkv. gegn 1 og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XIII. Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Á 8. fundi Ed., þriðjudaginn 9. júli, kom frumv. til laga (A 52) um bæjarstjórn í Hafnarfirði, — flutningsmenn Valtýr Guðmundsson og Ágúst Flygenring, — til 1. umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Mál þetta er ekkert nýmæli hjer á þingi, þar sem það hefur bæði verið til meðferðar á þinginu 1903 og 1905, og hefur því verið flutt af kappi miklu og dugnaði, svo að varla er við að búast, að hægt sje að koma með margar skýringar í viðbót við það, sem áður er komið. Jeg hef kynnt mjer allrækilega allar þær mótbárur, sem fram hafa komið gegn frv., og satt að segja finnst mjer engar þeirra svo veigamiklar, að þær hefðu átt að geta orðið málinu að falli.

Einna helzta ástæðan er sú, að ef kaupstaðurinn Hafnarfjörður yrði greindur frá sýslufjelaginu, þá veiktist það svo mjög, að það mundi varla getá staðið straum af nauðsynja fyrirtækjum sínum, svo sem vegagjörðum. En fyrst er þess að gæta, að jeg get ekki sjeð, að sýslufjelagið mundi ekki allsæmilega geta borið sig án Hafnarfjarðar, og í öðru lagi væri það harla óeðlilegt, þótt svo kynni að vera, að það væri látið lifa á einum hreppi, hann látinn gjalda meira í sýsluþarfir en að rjettri tiltölu við það, sem hann bæri úr býtum, og honum beinlínis og óbeinlínis staðið fyrir þrifum með því að halda honum fjötruðum við sýslufjelagið.

Nauðsynin fyrir Hafnarfjörð á að vera út af fyrir sig, fer árlega vaxandi, fólkið fjölgar þar óðum, og með vaxandi fólksfjölda og vaxandi velmegun fylgir þar, eins og annarsstaðar, aukin störf í þarfir hins opinbera, og aukin þörf á því að vera sem óháðastur með fjárframlög handa bæjarfjelaginu og framkvæmdir innan þess. En hjer kreppir skórinn æ fastara og fastara að oss.

Jeg veit, að á síðasta þingi voru samþykkt lög, sem áttu að vera eins konar plástur á verstu meinsemdir kauptúnanna, en hann reynist mjög ófullnægjandi.

Hreppsnefndarstörf hafa aukizt svo mjög í Garðahreppi síðustu ár, að engin hreppsnefnd annar því að leysa þau af hendi svo vel sem skyldi, það er líka óhætt að fullyrða, að störf hreppsnefndarinnar þar sjeu eigi minni en störf sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Þetta eitt út af fyrir sig ætti að vera næg ástæða til að breyta fyrirkomulagi því, sem nú er. Jeg get varla skilið í því að þingið setji svo fyrir sig að hækka laun sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, að það vilji fyrir þá sök hindra framgang málsins, og því síður trúi jeg því, þar sem þessi sýslumaður hefur lág laun í samanburði við ýmsa aðra sýslumenn; og hann hefur ekki meiri annir en svo, að hann mundi geta bætt á sig bæjafógetastörfum í Hafnarfirði. Hann þarf hvort sem er, að hafa opna skrifstofu handa sýslubúum og það væri verulegt hagræði fyrir Hafnfirðinga að geta jafnan snúið sjer þangað í málum, sem bæinn snerta, auk þess sem að yfirstjórn og forgöngu sveitarmálanna hlýtur að vera betur borgið að öðru jöfnu í höndum manns, sem getur varið verulegum tíma til hennar, heldur en hreppsnefndar, sem hlýtur að hafa þau í hjáverkum. Vjer skoðum þetta svo mikið nauðsynjamál, að þótt eigi hafi blásið byrlega fyrir því hingað til á þinginu, þá teljum vjer oss skylt, að reyna að bera það fram enn að nýju,

og vona jeg, að því verði nú betur tekið en fyr, og að þingið bindi sig ekki fast við það, að eigi beri að veita fleiri verzlunarstöðum kaupstaðarrjettindi en einum í hverjum landsfjórðungi; með því mundi verða staðið fyrir eðlilegum framförum ýmissa kauptúna og það veit jeg að ekki muni vera tilgangur þingsins.

Jeg skal svo að þessu sinni ekki fjölyrða um málið; mjer mun gefast kostur á að skýra það betur síðar, einkum ef það sætir andmælum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um að skipa 3 manna nefnd í málið var samþ. í e. hlj.

Í nefndina voru kjörnir með hlutfallskosningu

Ágúst Flygenring,
Steingrímur Jónsson,
Valtýr Guðmundsson.

Í nefndinni var Steingrímur Jónsson kosinn formaður og Ágúst Flygering skrifari og framsögumaður.

Á 28. fundi Ed., föstudaginn 16. ágúst, kom frumv. (A 52, 137) til 2. umr.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg get verið fáorður um málið sjálft, og látið mjer nægja að skírskota til nefndarálitsins, og þess, sem jeg sagði um frumv. við 1. umr. þess.

Jeg sje ekki, að það geti bakað neinum óþægindi, að mál þetta fái fram að ganga, nema ef vera skyldi Hafnfirðingum sjálfum.

Reynslan ein verður að skera úr því, hvort það verði þeim til ills eða góðs; sjálfir hafa þeir þá trú, að það verði þeim til mikils góðs, og lang líklegast er, að svo verði. En að sjálfsögðu er Hafnarfjörður háður sömu forlögum sem aðrar sveitir, að tíðarfar, aflabrögð og ýms önnur atvik ráða mjög framförum og apturför.

En víst er um það, að það er óeðlilegt, að Hafnarfjörður, eins stór og hann nú er, standi í sambandi við ekki stærra sýslufjelag en Gullbringusýsla er, og beri allar byrðar með henni; slíkt er viðlíka óeðlilegt, eins og að Reykjavíkurbær væri í sýslufjelagi með Gullbringusýslu. Vegagjörðir suður í sýslu, í Höfnum, Njarðvíkum o. s. frv. koma Hafnarfirði ekki fremur við en Reykjavík. En á meðan Hafnarfjörður er í sambandi við suðursýsluna, verður hann að leggja tiltölulega langmestan skerf til vegagjörða þessara; og líkt er ástatt með önnur sýslugjöld. Nefndin hefur leyft sjer að gjöra nokkrar breytingar á frumv., og skal jeg minnast á hinar helztu þeirra.

Við 1. gr. höfum vjer komið með þá brtill., að síðasta setning greinarinnar: »og hefur hann að launum 500 kr. úr landssjóði«, falli burt. Þetta er eigi gjört af því, að vjer álítum það eigi gott og gilt, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sje og bæjarstjóri í Hafnarfirði, heldur af hinu, að það hefur verið þyrnir í augum þingsins, að bæjarfógeta í Hafnarfirði væri launað úr landssjóði fyrir bæjarfógetastörfin. Þar sem nú Reykjavík hefur riðið á vaðið, og boðizt til að launa borgarstjóra sínum úr bæjarsjóði, þótti oss rjettara, að fara fram á hið sama um Hafnarfjörð, með því að vjer vonum, að málið fái greiðari framgang á þann hátt. Síðar munum vjer koma fram með till. um, að hætt verði að launa bæjarfógetum hjer á landi úr landssjóði, jafn óðum og bæjarfógetaembættin losna. Jafnframt því sem vjer leggjum til, að bæjarstjóranum sje launað starf sitt úr bæjarsjóði,

ætlumst vjer til, að hann sje kosinn af bæjarfulltrúunum. Vjer höfum ekki ákveðið neitt um laun bæjarstjórans, en ætlumst til, að það sje samningamál milli hans og bæjarstjórnar, og komi þinginu ekki við. Vjer gjörum ráð fyrir, að bæjarstjóri hafi ekki atkvæðisrjett á bæjarstjórnarfundum, nema því að eins, að hann sje og bæjarfulltrúi, og fyrir því er ákveðið að bæjarfulltrúar skuli vera 7.

Þá höfum vjer komið með breyt.till., að bæjarfulltrúar skuli kosnir til 6 ára en ekki 3, eins og gjört er ráð fyrir í frumv. Jeg álít það óheppilegt, að mjög opt sje skipt um; það hefur í för með sjer reikulleik og stefnubreytingar í stjórn bæjarmálefnanna, en það liggur í augum uppi, hvað skaðlegt það er, þegar mikil brögð gjörast að slíku. Það er jafnvel betra að hafa ljelega fulltrúa nokkuð lengi, en að vera að skipta iðulega um þá.

Þá höfum vjer stungið upp á, að rýmka nokkuð kosningarrjettinn til bæjarstjórnar; vjer höfum numið burt lágmark skattgjaldsins í bæjarsjóð, sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og viljum gefa giptum konum kosningarrjett. Þar mun nefndin þó meir hafa borizt fyrir straumnum, en að henni sje þetta mikið áhugamál. Jeg fyrir mitt leyti skoða þetta sem hálfgjört »humbug«, en það er móðins nú sem stendur.

Við 20. gr. höfum vjer bætt nýjum lið, sem veitir heimild til, að leggja gjald á hvalveiði og síldveiði með nót, þótt þessi atvinna sje rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu, og sama heimild er veitt til gjaldálögu á kaupfjelög og pöntunarfjelög, ef þau hafa leyst borgarabrjef, og hafa opna sölubúð og vörur til sölu. Það eru nú sem stendur ekki mikil líkindi fyrir, að þessar heimildir þurfi að nota, en það þótti þó rjettara, að setja þetta til að fyrirbyggja allan vafa, ef á þyrfti að halda.

Hinar breytingarnar, sem nefndin hefur gjört, eru annaðhvort orðabreytingar, eða breytingar til að laga málið, eða þá að það eru breytingar, sem standa í sambandi við aðalbreytingar þær, sem jeg hef nefnt, svo sem að bæjarstjóri er settur í stað bæjarfógeta.

Það má vel vera, að enn þyrfti að laga nokkuð málið á frumv. á stöku stað, og mun nefndin fúslega taka móti bendingum í þá átt.

Björn M. Ólsen, (3. kgk. þm.): Jeg skal undireins taka það fram, að jeg er máli þessu hlynntur. Mjer finnst öll sanngirni mæla með því, að Hafnfirðingar fái að ráða málum sínum sjálfir, sjerstaklega þar sem þeir ætla að borga sjálfir öll þau auknu gjöld, sem af því leiða. Það, sem jeg hef helzt á móti, er breytingartill. nefndarinnar um rýmkun á kosningarrjetti, og óska jeg, að sú breyt.till. hefði ekki fram komið; ekki er það svo að skilja, að jeg sje beint á móti kosningarrjetti kvenna, en jeg álít, að frumv. um rýmkun kosningarrjettarins eigi að koma fram fyrir allt landið í einu, en er á móti öllum undantekningum í því efni, að því er einstök sveitarfjelög eða bæjarfjelög snertir.

Eitt atriði í 23. gr., síðari hluti greinarinnar, finnst mjer vera óþarft. — »Ef einhver þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga«. — Jeg veit ekki betur, en að það sje heimilt eptir almennum lögum, og er hálf-hlægilegt að vera að taka það fram. Jeg veit, að það muni standa svo í lögunum, sem þessi lög eru sniðin eptir, en nefndin hefur breytt frá þeim lögum í ýmsu, og finnst mjer, að hún hefði einnig átt að gjöra það í því, að sleppa þessu.

32. grein finnst mjer óviðkunnan-

lega orðuð, þar sem talað er um, að ráðherrann gjöri ráðstafanir til, að lög þessi öðlist gildi 1. júní 1908. Það er víst sjálfsagt, að ráðherrann gjöri ráðstafanir til þess, og er óþarft að taka það fram, álít jeg nóg, að segja eins og vanalega, að lög þessi öðlist gildi o. s. frv. Þessu vildi jeg skjóta til nefndarinnar, ef hún vildi laga það.

Það sem jeg annars hef að athuga er fremur ómerkilegt, og snertir það einkum málið; það er sumstaðar óviðkunnanlegt; nokkuð af því hefur nefndin lagað, en jeg skal leyfa mjer að benda á fleira. 2. gr. frumvarpsins hefur nefndin lagað, og þarf jeg því ekki að tala um hana. Í 7. gr. stendur, »er bæjarstjórnin til þess kýs«, ætti að vera, »er bæjarstjórnin kýs til þess«, hitt finnst mjer dönskuleg orðaskipun.

Í 9. gr. 4. línu stendur — »skal málinu skjóta til —«. Þar kann jeg betur við að hafa — »skal skjóta málinu til —«.

Í 11. grein næstsíðustu línu stendur — þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, bera kæru sína undir ráðherrann o. s. frv.« Þetta orðalag kann jeg ekki við, betra er að segja. »Kæra til ráðherrans«.

Í 14. gr. er prentvilla — »barnaskólanefadarinnar« — á að vera barnaskólanefndarinnar.

Í 19. gr., 1. málslið, 5 línu er: »að standast straum af o. s. frv.«; það hygg jeg ekki rjett mál, heldur: — »að standa straum af einhverju«. —

Í 21. gr. finnst mjer enntremur vera dálítið ógreinilega orðað, þar sem stendur: »Síðan fara frá á hverjum þriggja ára fresti 3 og 2 nefndarmenn«, þar vil jeg, að bætt sje við — »á víxl, þeir, sem lengst hafa setið í nefndinni«. Jeg ímynda mjer, að það sje hugsunin með þessu.

Í 22. gr. II. lið stendur: »Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun o. s. frv.« Jeg kann ekki við að hafa hjer forsetninguna gegn og vil heldur hafa — kærur út af eða kærur yfir —.

Meun segja varla kærur gegn skjali eða eða verki, en aptur á móti kærur gegn mönnum. Í sömu gr. næstsíðasta lið í 4. línu er prentvilla, og sömuleiðis síðast í 25. gr.

Í 28. gr. eru sömuleiðis tvær prentvillur. Þetta vildi jeg benda nefndinni á, svo að hún geti látið laga prentvillurnar á skrifstofunni, og sömuleiðis, ef hún vildi taka aðrar athugasemdir mínar til greina til 3. umr. málsins. —

Steingrímur Jónsson, (6. kgk. þm.): Nefndin er þakklát hinum háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) fyrir bendingar þær, sem hann hefur gefið viðvíkjandi frumv. þessu. Eru það fyrst upptalningar í málvillum ýmsum, er slæðzt hafa inn í frumv. Nefndin hafði og tekið það atriði til yfirvegunar, og gjört uppástungur um breytingar, en ef til vill hefur hún ekki gjört það eins nákvæmlega og ástæða hefði verið til.

Í annan stað er það fram að færa gegn aths. þm. við 23. gr., ákvæði hennar í síðasta lið, að það er tekið af flutningsmönnum úr eldri lögum, og það er álit okkar, að þó að það sje í sjálfu sje óþarfi, að hafa svona ákvæði í lögunum, þá hafi það ekki verið nein fjarstæða að taka þetta skýrt fram. Á þessu sviði hafa sem sje takmörkin milli úrskurðarmála og dómsmála verið nokkuð reykul, og því ekki úr vegi að benda á, að þetta sje dómsmál, og get jeg því varla talið rjett, að nema ákvæðið burt.

Svipað er að segja um 32. gr., það ákvæði er og tekið upp úr fyrri lögum, ef mig minnir rjett. Það er nauðsynlegt, að ýmsar ráðstafanir sjeu

gjörðar, áður en lögin geta gengið í gildi, svo sem full skil og skifti milli sýslunnar og bæjarfjelagsins; að því leyti er greinin nauðsynleg. Jeg get ekki sjeð, að formið á greininni sje neitt óheppilegt; ráðherrann verður að gjöra eitthvað í þessu efni, því að án þess komast lögin ekki í gildi. Annars mun þetta allt verða tekið til nákvæmari íhugunar til 3. umr.

Háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) athugaði líka við breyt.till. nefndarinnar um kosningarrjettinn, en jeg get tekið þar undir með háttv. framsm., að við höfum í því eiginlega borizt fyrir straumi. Jeg álít ekki heldur neitt varið í, að halda þessu 4 króna takmarki; sú upphæð er ekkert betri en hver önnur upphæð, sem vera skal. Allar ákveðnar upphæðir geta verið ósanngjarnar. Þó hygg jeg ekki rjett, að sleppa algjörlega skattgjaldaskilyrðinu, jeg vil ekki sleppa gjöldunum alveg, þau mega vera lág, 50 aura, 1 kr., o. s. frv., en eitthvað verður það að vera. Hins vegar get jeg ekki sjeð neitt á móti því, að giptar konur hafi kosningarrjett, og álít því ákvæði breyt.till. um það mjög vel til fallið.

Breyt.till. nefndarinnar í þessu efni, eru yfirleitt það ýtrasta, sem jeg vil ganga nú í kosningarrjettinum, og nefndin er því gagngjört mótfallin að ganga lengra í þessu efni en hún hefur gjört.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (137) við 1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

1. gr. breytt samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. við 2. gr. samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. breytt samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. við 4. gr. samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. við 5. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 2.

6. breyt.till. við 6. gr. samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. við 7. gr. samþ. í e. hlj.

7. gr. breytt samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. við 8. gr. samþ. án atkv.gr.

8. gr. breytt samþ. í e. hlj.

9. breyt.till. við 9. gr. samþ. í e. hlj.

9. gr. breytt samþ. í e. hlj.

10. breyt.till. við 10 gr. samþ. í e. hlj.

10. gr. breytt samþ. í e. hlj.

11. gr. samþ. í e. hlj.

11. breyt.till. við 12., 13., 15. og 16. gr. samþ. án atkv.gr.

12. gr. breytt samþ. í e. hlj.

13. gr. — — - — —

14. gr. — - — —

15. gr. — — - — —

16. gr. — — - — —

17. gr. — - — —

12. breyt.till. við 18. gr. samþ. án atkv.gr.

18. gr. breytt samþ. í e. hlj.

13. breyt.till. við 19. gr. samþ. í e. hlj.

19. gr. breytt samþ. í e. hlj.

14. breyt.till. við 20. gr. samþ. í e. hlj.

15. breyt.till. við 20. gr. samþ. í e. hlj.

20. gr. breytt samþ. í e. hlj.

16. breyt.till. við 21. gr. samþ. í e. hlj.

21. gr. breytt samþ. í e. hlj.

22. gr. samþ. í e. hlj.

17. breyt.till. við 23. gr. samþ. í e. hlj.

23. gr. breytt samþ. í e. hlj.

24. gr. samþ. í e. hlj.

18. breyt.till. við 25. gr. samþ. án atkvgr.

25. gr. breytt samþ. í e. hlj.

19. og 20. breyt.till. við 26. gr. samþ. án atkv.gr.
26. gr. breytt samþ. í e. hlj.
27. gr. — - — —
28. gr. — - — —
29. gr. — - — -
21. breyt.till. við 30. gr. samþ. án atkv.gr.
22. breyt.till. við 30. gr. samþ. í e. hlj.
30. gr. breytt samþ. í e. hlj.
23. breyt.till. við 31. gr. samþ. í e. hlj.
24. breyt.till. við 31. gr. samþ. í e. hlj.
31. gr. breytt samþ. í e. hlj.
32. (og ákvæðin um stundarsakir) samþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 33. fundi Ed., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A. 286, 315) til 3. umr.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þingm.): Netndin í þessu máli hefur enn leyft sjer, að koma fram með nokkrar breyt.till. við þetta frv.; en með því, að breyt.till. þessar, sem eru á þgskj. 315, eru ýmist orða-breytingar, sem miða að því, að fegra málið, eða rjettritunar breytingar, sem hagga málinu ekkert, þá sje jeg ekki ástæðu til, að ræða hverja einstaka af þeim.

Breyt.till. miða allar að því, að gjöra málið á frumv. sem bezt og skýrast, og vona jeg því, að hin háttv. deild samþykki þær, sem og frumv. í heild sinni.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg er hræddur um, að í 1. breyt.till. á þgskj. 315 hafi orðið ein óaðgætnisvilla. Í þeim orðum, sem þar eru talin upp, að eigi að falla burtu úr niðurlagi 11. gr. frumv., hefur láðst að taka orðið »bera« með, sem þannig verður ofaukið í greininni, en sjálfsagt er hægt, að laga þetta á skrifstofunni.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. (315) við 11. gr. (að í stað: »bera kæru sína undir ráðherra«, komi: »kæra til ráðherra«).
Samþykkt með öllum atkvæðum.
2. breyt.till. (315) við 17. gr. samþ. með öllum atkv.
3. breyt.till. við 19. gr. samþ. með öllum atkv.
4. breyt.till. við 19. gr. samþ. með öllum atkv.
5, breyt.till. við 22. gr. samþ. með öllum atkv.
6. breyt.till. við 22. gr. samþ. með öllum atkv.
7. breyt.till. við 30. gr. samþ. með öllum atkv,
Frumv. breytt samþ. með öllum atkvæðum, og afgreitt til forseta neðri deildar.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 28. ágúst, kom frv. (A. 376) til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Þetta mál hefur verið hjer til umræðu á undanförnum þingum, síðast á þinginu 1905, en þá fjell það með litlum atkvæðamun, 12 atkvæðum gegn 11 hjer í deildinni. Það, sem þá varð því að falli, var það, að Hafnfirðingar vildu, að bæjarstjóri væri launaður af landssjóði eins og í öðrum kaupstöðum landsins. Nú horfir málið öðru vísi við, þar sem bæjarbúar í Hafnarfirði vilja nú taka á sig allan kostnað, sem af þessu leiðir; íbúatala í Hafnarfirði er nú 1,300, en 1905 voru þar að eins 900 íbúar. Í Ed. hefur þetta mál verið samþykkt í einu hljóði, og

þar sem Hafnfirðingar vilja nú taka að sjer, að borga bæjarstjóranum, þá gjöri jeg ekki ráð fyrir, að þetta þurfi mikilla meðmæla við. Viðkomandi hreppur og sýsla hafa mælt með þessu máli, svo frá þeirri hlið er ekkert til fyrirstöðu. Í sambandi við íbúatöluna vildi jeg geta þess, að verzlunarumsetning er þar meiri en víðast hvar annarsstaðar að tiltölu við fólksfjölda. Árið 1903 var flutt út 334 þús. kr. virði og innflutt fyrir 247 þús. krónur. Á síðari skýrslum er ekki hægt að sjá hve mikið flutt hefur verið út og inn í hverjum einstökum kaupstað.

Vegna þess, að hagfræðisskýrslunum hefur verið breytt til hins verra í þessu efni, er ekki hægt að sjá hve mikið vörumagnið hefur aukizt síðan, sjerstaklega vegna þess, að innlendar vörur eru opt fluttar þaðan til Reykjavíkur og síðan fluttar út sem vörur þaðan.

Þessi staður hefur margt og mikið fram yfir mörg önnur kauptún landsins. Hann hefur góðan, nýjan barnaskóla og svo gagnfræðaskólann, mikla útgjörð, vatnsveitu, verksmiðju og raflýsingu, sem ekki er títt hjer á landi. Að vísu hefur verið bætt dálítið úr með frumv., er samþykkt var á síðasta þingi, og sem veitti kauptúnum dálitið meiri sjálfstjórn, en áður var. En bær eins og þessi þarf að hafa enn þá meiri sjálfstjórn. Hann getur ekki bætt höfnina, tekið lán til nauðsynlegra fyrirtækja í bænum eða ráðizt í neitt stórvirki upp á eigin spýtur, og það er stirt, að þurfa að fá til þess samþykki sýslunefndarinnar, sem venjulega kemur ekki saman nema einu sinni á ári.

Jeg hygg, að það sje óþarfi, að þetta mál sje sett í nefnd, en auðvitað skal jeg ekki hafa á móti því, ef að háttv. deild vill það. Þetta mál er margíhugað áður hjer á þingi, og ef menn vilja breyta einhverju, þá er ekki annað, en að koma með breyt.till.

Jeg skal taka það fram, að ekki er ætlazt til þess í þessu frumv., að ganga eins langt, hvað snertir kosningarrjett og kjörgengi, eins og gjört var í frv. því, er samþykkt var hjer nýlega í deildinni, í frv. um breytingu á tilskipun bæjarstjórnarmálefna í Reykjavík. Þessu mætti breyta með einfaldri breyt.till., ef háttv. deild áliti ástæðu til þess, að fara lengra í því, en Hafnfirðingar hafa sjálfir óskað.

Að svo mæltu finn jeg ekki ástæðu til þess, að segja meira um þetta að sinni. Jeg vona, að málið verði látið ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst, kom frumv. (A. 376) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr.	samþ.	í e.	hlj.	
2. gr.	—	- —	—	
3. gr.	—	- —	—	
4. gr.	—	- —	—	
5. gr.	—	- —	—	
6. gr.	—	- —	—	
7. gr.	—	- —	—	
8. gr.	—	- —	—	
9. gr.	—	- —	—	
10. gr.	—	- —	—	
11. gr.	—	- —	—	
12. gr.	—	- —	—	
13. gr.	—	- —	—	
14. gr.	—	- —	—	
15. gr.	—	- —	—	
16. gr.	—	- —	—	
17. gr.	—	- —	—	
18. gr.	—	- —	—	
19. gr.	—	- —	—	
20. gr.	—	- —	—	

21. gr. samþ. í e. hlj.
22. gr. — - — —
23. gr. — - — —
24. gr. — - — —
25. gr. — - — —
26. gr. — - — —
27. gr. — - — —
28. gr. — - — —
29. gr. — - — —
30. gr. — - — —
31. gr. — - — —
32. gr. — - — —

Ákvarðanir um stundarsakir samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. september, kom frumv. (A. 376) til 3. umr.

Jón Magnússon (þm. Vestm.). Jeg vil leyfa mjer að benda hinni háttv. deild á, að í þessu frumv. eru önnur ákvæði um kosningar og kjörgengi til bæjarstjórnar, heldur en í frumv. sem nýlega er farið frá deildinni, um breyting á bæjarstjórnartilskipun Reykjavíkur. Jeg hefði talið rjettara, að bíða með þetta frumv. þangað til sæist hvort háttv. Ed. breytir hinu frumv., nokkuð eða ekki, því það gæti hugsazt, að sú háttv. deild vildi breyta ákvæðunum um kjörgengi og kosningar til bæjarstjórnar í sama horfið hjer og hún hefur samþ. að vera skyldi í Hafnarfirði. En ef hún samþykkir frumv. um bæjarstjórn í Reykjavík, eins og það kom hjeðan úr deildinni, þá þykir mjer fyrir mitt leyti óviðkunnanlegt að hafa allt annað fyrirkomulag þar en hjer.

Jeg ímynda mjer, að það geti ekki spillt neitt fyrir þessu máli, þó það sje látið bíða nokkra daga, þangað til sjest um fullnaðarúrslit hins frv. Þetta frv. komst greiðlega í gegn um 2. umr., og jeg sje ekki ástæðu til, að því geti hlekkzt á úr þessu, enda er Hafnarfjörður orðinn svo stór, og hefur öðlazt þau skilyrði, að sennilegt er að honum verði veitt bæjarrjettindi.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.); Jeg sæi ekkert á móti því, að taka frv. út af dagskrá í einn eða tvo daga, ef jeg áliti að þess þyrfti. En jeg get ekki sjeð, að þess sje nein þörf, af því að ákvæðin um kjörgengi og kosningar eru í því öldungis samhljóða því, sem Hafnfirðingar óska. Og í annan stað hef jeg rjett nýlega heyrt, að meiri hluti nefndarinnar í háttv. Ed. vilji breyta ákvæðunum um kosningar og kjörgengi í Reykjavík í samræmi við það, sem er í þessu frumv. Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til að þetta mál verði tekið út af dagskrá.

Jon Magnússon (þm. Vestm.): Ef svo hefði verið, að háttv. Nd. hefði látið standa ákvæðin, sem bæjarstjórnin í Reykjavík setti um kosningar og kjörgengi þar, þá hefði verið ástæða til að gjöra eins um Hafnarfjörð. En háttv. Nd. hefur einmitt breytt þessum ákvæðum um Reykjavík, og þá finnst mjer fyrir mitt leyti rjettast að gjöra Hafnarfirði jafnt undir höfði.

En mjer er þetta ekki kappsmál að neinu leyti, jeg hreyfi þessu að eins til þess að vekja athygli háttv. deildar á því, hvort henni þyki ekki óeðlilegt að hafa önnur ákvæði um kosningar og kjörgengi í Hafnarfirði, en í Reykjavík.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Mjer finnst það rjett hjá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að fyrst Hafnfirðingar vilja sjálfir hafa þessi ákvæði, eins og þau eru í frumv., þá sje rjett að fara eptir því, og breyta ekki frá því. Jeg

get heldur ekki sjeð að það sjeu nein fyrirmyndarlög, sem samþykkt voru hjer í deildinni, um kosningar og kjörgengi í Reykjavík, svo vert sje að gjöra sjer leik til að þrengja slíku upp á aðra, þeim nauðugt.

Forseti (Magnús Stephensen) kvaðst enga ástæðu sjá til þess að taka málið út af dagskrá, þar eð enginn þingdm. gjörði það að beinni tillögu sinni, og bar hann því frumv. upp til atkvæða; fór atkv.greiðslan svo að

frumv. var samþ. í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XIV. Hafnsögugjald á Ísafirði.

Á 29. fundi Ed., laugardaginn 17. ágúst kom frumv. til laga (A 187) um breyting á 1. gr. í lögum 3. október 1903, um hafnsögugjald í Ísafjarðarkaupstað — flutningsmaður Sigurður Stefánsson — til 1. umræðu.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Bæjarstjórnin í Ísafjarðarkaupstað hefur með brjefi, dags. 22. júlí þ. á., skorað á mig að taka að mjer flutning þessa máls.

Eins og kunnugt er, var með lögum 3. október 1903 lögleitt hafnsögugjald í Ísafjarðarkaupstað. Var þetta skyldugjald fyrir öll skip, nema herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip. Nú hefur afleiðingin orðið sú, að bærinn hefur misst mikla verzlun og atvinnu við lög þessi, af því að fiskiskip utanríkismanna leita þangað miklu minna en áður vegna þessarar kvaðar, sem á þeim liggur. Þetta getur skipt mjög miklu fyrir kaupstaðinn, og er enginn vafi á, að verzlun og atvinna bæjarbúa mundi aukast að mun, ef ekkert slíkt hapt væri. Frá því sjónarmiði er því mjög eðlilegt, að bæjarstjórnin vill fá þessu fyrirkomulagi breytt, þannig, að ekki að eins íslenzk fiskiskip sjeu undanþegin þessu gjaldi, heldur einnig útlend fiskiskip. Þetta er svo einfalt mál, að jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða frekar um það, en vona, að háttv. deild lofi því að ganga sinn lögskipaða gang svo fljótt, sem unnt er. Hjer er að ræða um beiðni bæjarstjórnarinnar sjálfrar, og ætti hún að vita, hvað kaupstaðnum er fyrir beztu í þessu efni.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 33. fundi Ed., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A 187) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Meginmál frumv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 35. fundi Ed., laugardaginu 24. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. var umræðulaust samþ. í einu hljóði og afgreitt til forseta Nd.

Á 36. fundi Nd., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frumv. (A 403) til 1. umr.

ATKV.GR.:
Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umræðu með 22 atkv.

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 31. ágúst, kom frumv. (A 403) til 2. umr.
Enginn tók til máls.
ATKV.GR.:
Megiumál frumv. samþ. í einu hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. september, kom frumv. til 3. umr.
ATKV.GR.:
Frumv. var umræðulaust samþykkt í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XV. Húnavatnssýsla, tvö sýslufélög.

Á 26. fundi Ed., miðvikudaginn 14. ágúst, kom frv. til laga (A 193) um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufjelög — flutningsmenn Jón Jakoksson og Þórarinn Jónsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg finn ekki ástæðu til þess, við þessa umr., að tala langt mál. Jeg vildi þó, áður en frv. hefur göngu sína gegnum deildina, sem jeg vona að það fái að halda slysalaust, skýra með örfáum orðum frá undirbúningi málsins heima í hjeraði. Það hefur verið tilkynnt frá forsetastól hjer í deildinni, að komið hefði til þingsins útdráttur úr gjörðabók sýslunefndar Húnavatnssýslu, þar sem haldinn var fundur um skipting sýslunnar.

Þann 7. júnímán. síðastliðinn var fundur haldinn á Bergsstöðum í Miðfirði, og voru á fundi allir sýslunefndarmenn vestursýslunnar, og úr austurhlutanum var 1 mættur. Var þar í einu hljóði skorað á oddvita sýslunefndarinnar að kveðja til aukafundar í sýslunefndinni, og var sá fundur haldinn að Blönduósi 15. júní. Komu þar allir sýslunefndarmenn sýslunnar, 2 þeirra að vísu að áliðnum fundi, eptir að nefnd var skipuð í málið, til að athuga það. Eins og vant er að vera, varð meiri hluti nefndarinnar úr austurhluta sýslunnar.

Nefndin var málinu heldur hlynnt; þeir 2 sýslufulltrúar úr vesturhlutanum fengu málið fram í nefndinni, með því að hinir 3 úr austurhlutanum greiddu ekki atkvæði móti því.

Hugsunarháttur manna í austurhlutanum er nú á síðari árum orðinn ærið breyttur að því, er þetta mál snertir, enda hefur það nú verið uppi á teningnum öðru hvoru um nálægt 30 ára skeið.

Það er nú líka sannast að segja, að sýslan yrði litlu minni heild, þótt skipting yrði. Hagsmunir austur- og vesturhlutans eru orðnir nokkuð mismunandi, og misjöfnum augum á þá litið í hvorum hlutanum fyrir sig. Mundi því skiptingin verða hagnaður hjeraðinu í heild sinni.

Tillaga sýslunefndarinnar, er um þetta fjallar, var samþ. með 6 atkv. gegn 4, og undirskrifaðir eru 9 af 13 sýslunefndarmönnum. Þar sem mál þetta er nú komið svo vel á veg innan sýslu, þá höfum við, jeg og meðflutnings-

maður minn, tekið það til greina með frv. því, sem liggur nú fyrir deildinni. Og þar sem menn úr austurhluta Húnavatnssýslu ekki hafa viljað setja sig á móti þessu, þótt þeir hefðu atkvæðamagn til þess og um þeirra hagsmuni sje hjer að ræða, þá vona jeg, að aðrir, og þar á meðal háttv. deildarmenn, sem hagsmunalega eru þessu óviðkomandi, setji sig ekki á móti framgangi þessa máls. Jeg vona, að deildin sýni þá góðvild og sanngirni, að taka fyllilegt tillit til þessa eindregna vilja í vesturhluta sýslunnar.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi Ed., föstudaginn 23. ágúst, kom frv. (A 193) til 2. umr.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er að bera í bakkafullan lækinn, að tala langt mál um eins lítið frv. og þetta er, þar sem svo afarlangar umræður hafa orðið um næsta mál hjer á undan, en jeg skal þó leyfa mjer að geta þess, að máske hefði farið betur á, að röðinni í öðrum hluta fyrstu greinar hefði verið breytt þannig, að fyrst hefði verið talinn Þorkelshólshreppur o. s. frv., svo að þar hefði verið byrjað að austan, eins og í fyrri hluta greinarinnar. En þetta er lítilfjörlegt atriði. sem hægt er að breyta við prentunina. Jeg hygg, að jeg hafi gjört grein fyrir þessu frv. við 1. umr. Skiptingin er um Gljúfrá og fellur hún saman við skiptingu sýslunnar í læknishjeruð.

Þetta er engin nýjung hjer á þingi, að sýslum sje skipt, slíkt hefur áður skeð með Skaptafellssýslu, Ísafjarðarsýslu og Kjósar- og Gullbringusýslu, og vona jeg, að hv. þm. þyki það næg ástæða fyrir frv., að fyrir þessari skipting er sterkur vilji í vesturhluta sýslunnar, og fáir í austuhlutanum, sem vilja greiða atkv. á móti svo eindregnum vilja vestursýslubúa.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. — — — - - —
3. — — — - - —

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 26. ágúst, kom frv. (A 193) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frv. var umræðulaust sþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst, kom frumv. (A 427) til 1. umr.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Ástæðan til, að frumv. þetta er komið fram, er sú, að síðastliðið vor óskaði meiri hluti sýslunefndarinnar, að haldinn yrði aukafundur til að ræða um skipting sýslunnar. Þessi aukafundur var haldinn 15. júlí, og var skiptingin samþ. með miklum meiri hluta atkv. Jeg tel víst, að háttv. þm. hafi kynnt sjer málsskjölin, en jeg skal samt taka það fram, að Gljúfrá er látin ráða skiptum; verða þá 6 hreppar í vestursýslunni, en 7 í austursýslunni. Þetta hefur verið ósk margra lengi af þeirri aðalástæðu, að ekkert er sameiginlegt fyrir austur- og vestur-sýsluna, að því er snertir vegi og aðflutninga. Vestursýslan sækir á Hvammstanga, lítill hluti á Borðeyri, en austursýslan sækir á Blönduós og Skagaströnd.

Það sem sjerstaklega hratt málinu af stað, var bygging Blönduósbryggjunnar, því að þótt hún sje nauðsynleg fyrir austursýslunna og landið, þá hefur hún ekki meiri þýðingu fyrir

vestursýsluna, en aðra landsparta. Þetta fjekk menn til að hugsa alvarlega um að fá skipting á sýslufjelaginu.

Jeg dreg engar dulur á, að mjer hefði verið kærara, að þetta frumv. hefði ekki komið fram, því að þótt margt mæli með því, þá er líka annað, sem mælir í móti. En úr því frumv. nú er komið af stað, og þetta er einróma álit sýslunefndarmanna í vestursýslunni og allra sýslubúa, þá álít jeg rjett, að fara að dæmi hv. Ed. og samþ. það, en taka ekki fram fyrir hendurnar á sýslubúum í vestursýslunni, sem eru þessu fylgjandi. Því að þótt þetta sje ekki ósk manna í austursýslunni, þá er krafan svo sanngjörn, að austursýslan segir ekki nei við henni. Jeg ætla svo ekki að tala meira fyrir málinu, og vona, að hv. deild sþ. það.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 1. umr. í e. hlj.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. september, kom frumv. (A 422) til 2. umr.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg sje ekki ástæðu til, að tala neitt um þetta mál við þessa umr. Það gekk með öllum þorra atkv. til 2. umr., og jeg treysti því, að hin háttv. deild sjái enga ástæðu til að setja sig á móti því, heldur gefi því sþ. sitt.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 14 atkv.
2. — — — 14 —
3. — — — 14 —

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. september, kom frumv. (A 422) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust sþ. með 18 atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XVI. Farandsalar og umboðssalar.

Á 22. fundi Ed., föstudaginn 26. júlí, kom frumv. til laga (A 144) um farandsala og umboðssala — flutningsmenn Ágúst Flygenring og Steingrímur Jónsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Eins og háttv. deild er kunnugt, þá heimsækir einn flokkur manna þetta land, sem kallaðir eru agentar eða umboðsmenn. Það er skammt síðan þeir tóku að reka atvinnu sína hjer, að undanteknum einum eða tveimur, en þeim fjölgar óðum þessi árin. Menn þessir bjóða fram vörur fyrir sjálfa sig og aðra, eða hvorttveggja; þeir koma hingað helzt á vorin og fara aptur af landi burt á haustin eða fyr, og jeg veit ekki til þess, að þeir borgi hjer nein gjöld af atvinnu sinni. Af því að aðgangur er svo greiður að reka þessa atvinnu, þá flykkjast þeir hingað, og af því að kaupmannastjett vor er ung og lítt þroskuð, þá er töluverð hætta á, að þeir gjörist ofjarlar hennar, að því leyti sem sumir hinna yngri kaupmanna munu hafa stundum ginnst til að skrifa sig fyrir fleiri vörum, en þeim

var nauðsynlegt. Menn þessir eru þannig settir, að þeir eiga allhægt með að ná góðum tökum á fólki, og það þrátt fyrir það, þótt þeir setji vörur sínar, margir hverir, hærra verði en góðu hófi gegnir. Væri nú svo, að þessir menn greiddu á einhvern hátt fyrir verzluninni, þá væri mjög varúðarvert að þrengja að kosti þeirra, en því er fjarri að svo sje, heldur má hitt segja, að þeir sjeu í þann veginn að verða landplága hjer. Þeir hafa ýmsir þeirra einatt umboð fyrir verzlunarhús, sem ekki eiga það skilið, að fá hjer fótfestu, og hafa vörur að bjóða, sem eru til engra þjóðþrifa, þeir byrjuðu hjer á víni og bitterum og nú eru þeir komnir með grafófóna. Yfir höfuð slægjast þeir til að flytja hingað ýmsan óþarfa varning, sem þeir græða á 100% og þaðan af meira, en láta kaupmanninn í friði með nauðsynjavarninginn, sem lítil gróðavon er á.

Þó er það ekki tilgangurinn með frumv. þessu að hepta atvinnu manna þessara, heldur sá, að þeir verði að greiða gjöld af verzlun sinni eins og aðrir verzlandi menn. Af því að engar kvaðir hvíla á þeim, hvorki til landssjóðs, sýsluþarfa nje til hreppa, þá sýnist það sanngjarnt að lagt sje á þá hærra leyfisbrjefagjald, en á kaupmenn. Einnig tel jeg það rjett, að tekið sje af þeim sjerstakt gjald fyrir hverja verksmiðju eða verzlunarhús, sem þeir hafa umboð fyrir. Jeg gjöri ráð fyrir að gjald þetta muni draga nokkuð úr tölu farandsalanna, en þá munu einkum hverfa úr sögunni umboðsmennirnir fyrir minni og rýrari verzlunarhúsin, en umboðsmenn stærri og betri verzlunarhúsanna halda áfram eptir sem áður, og ef svo fer, sem vænta má, þá verka lögin einmitt eins og þau eiga að verka, verða til þess að koma farandsölunni í hollara horf án þess þó að útrýma henni.

Frumv. þetta er samið með hliðsjón af norskum og dönskum lögum um þetta efni, en sniðið eptir staðháttum hjer. Jeg get búizt við, að það sjeu ýms atriði málsins, sem háttv. deild vilji taka til íhugunar, og leyfi jeg mjer því að stinga upp á að skipuð sje í það þriggja manna nefnd, að loknum umræðum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana skipaðir með hlutfallskosningu:

Ágúst Flygenring,
Guðjón Guðlaugssón,
Jóhannes Jóhannesson.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður og Ágúst Flygenring skrifari og framsögumaður.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A. 144, 359) til 2. umr.

Framsögumaður Ágúst Flygenring, (1. kgk. þm.): Jeg sleppi alveg að minnast á frumv. þetta í heild sinni, þangað til það mætir andmælum. Frá þýðingu þess hef jeg skýrt við 1. umr., og leyfi mjer að öðru leyti að vísa til nefndarálitsins. Jeg skal því að eins leyfa mjer að gjöra grein fyrir þeim breytingartillögum, sem nefndin hefur komið fram með á þingskj. 359.

Nefndin fann ekkert athugavert við stefnu frumv., eða einstök atriði þess, að undanteknu því, að vjer álítum aukagjald það, er farandsölum ber að greiða, er þeir hafa umboð fyrir fleiri en eitt »firma«, of hátt, og hefur hún lækkað það um helming, þannig, að það verði 50 krónur í stað 100 kr.

Frumgjaldinu, 200 kr., hefur nefndin haldið, og er gjald þetta ákveðið svo, með hliðsjón til þess, er á sjer stað í Danmörku. Í sumum öðrum löndum er gjald þetta miklu hærra, t. d. í Noregi; og virðist gjald þetta því ekki vera of hátt hjá oss, með tilliti til þess rjettar, er það veitir.

Önnur breyt.till. er að eins örlítil orðabreyting, sem jeg þarf ekki að gjöra grein fyrir.

Með 3. breyt.till. vill nefndin lækka sektarlágmarkið úr 50 kr. niður í 10 kr., og er það sjerstaklega gjört með tilliti til þess, ef ákvæði 7. gr. væru brotin. Nefndinni fannst nokkuð hart að binda sektarlágmarkið við 50 kr., ef hinn seki að eins seldi einhverjum öðrum en lögin gjöra ráð fyrir, og komst því að þeirri niðurstöðu, að lágmarkið skuli ákveðið 10 kr. En jafnframt gengur nefndin út frá, að þessu lágmarki verði ekki haldið, ef um önnur brot er að ræða, t. d. því, að skjóta sjer undan að kaupa sjer leyfisbrjef; þá yrði lágmark sektarinnar auðvitað að vera miklu hærra. Að öðru leyti áleit nefndin lögin til bóta og nauðsynleg. En til þess að tryggja það, að farandsalar geti ekki skotið sjer undan þessu háa gjaldi, með því að búsetja sig hjer, þá hefur nefndin komið fram með frumvarp um breyting á lögum frá 7. nóv. 1879 um sigling og verzlun á Íslandi, þannig, að verzlunarleyfi verði sett upp í 200 kr., og verða þá farandsalar og umboðssalar að greiða hið sama gjald.

Jeg fjölyrði svo ekki frekar um þetta frumv., því, eins og jeg tók fram við 1. umr., miðar það að því, að þeir menn, sem reka hjer þessa farandsöluverzlun og ekkert gjalda nú til almennra þarfa, sleppi þó ekki framvegis alveg við öll gjöld.

Á annan hátt en með sölu leyfisbrjefa verður ekki hægt að ná gjaldi af þessum mönnum. Lög þessi eru sniðin einkum eptir dönskum lögum, sem eru reyndar orðin nokkuð gömul, og mundi gjaldið þar að líkindum fært upp, ef lögunum yrði breytt.

Þetta leyfi í Danmörku er takmarkað við einstaka kaupstaði, en hjer verður það frjálsara, að því leyti sem það gefur farandsölum rýmra svið og meiri rjett, en dönsku lögin.

Björn M. Ólsen (3. þgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að gjöra fáar athugasemdir við *málið* á frumv. þessu.

Í 1. gr. stendur: »eða gjöra um kaup á vörum«. Fyrst, þegar jeg las frumv., skildi jeg ekki þetta orðatiltæki, en á háttv. flutningsmanni hefur mjer skilizt, »að gjöra« þarna sje sama og »að fullgjöra«; og vildi jeg skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún vildi ekki koma með breytingu í þá átt við 3. umr. Og illa kann jeg við orðatiltækið »að leysa leyfisbrjef«, eins og kemur fyrir í 1., 6., 7., og 8. gr. Í stað þess ætti að vera »að kaupa leyfisbrjef«.

Í 4. gr. 1. lið er prentvilla.

Að því er *efni* frumv. þessa snertir, hef jeg á móti 7. gr. Mjer sýnist ekki frjálslegt, að banna þessum farandsölum að útvega einstökum mönnum vörur. Jeg er lögunum hlynntur, en get þó ekki gefið þessari gr. atkvæði mitt. Ekki fæ jeg heldur sjeð, að kaupmönnum yrði neinn sjerstakur óhagur að þessu, því að farandsalar mundu sjá hug sinn í því, að verzla sem mest við kaupmenn. Ef kaupmenn kæmust að því, að einhver farandsali verzlaði við einstaka menn, þá þyrftu kaupmenn ekki annað, en að eiga ekki kaup við hann; en ófrjálslegt álít jeg að það sje, að banna mönnum að panta vörur hjá farandsölum.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg var annar flutningsmaður þessa frumv., enda er jeg samdóma meginatriðum þess. Að eins get jeg fallizt á það með háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.), að 7. gr. frumv. sje í raun rjettri ofaukið. Jeg álít ákvæði þessarar greinar vart nógu frjálslegt eptir því, sem til hagar hjá oss. Að vísu eru sams konar ákvæði í dönskum lögum, en þau eru gömul og samsvara naumast tiðarandanum þar. Þá er einnig hætt við, að hjer á landi mundi þeim ekki verða hlýtt, þótt þau væru látin standa. Jeg vil því helzt fá þessu breytt, en að öðru leyti er jeg frumv. hlynntur.

Að því er snertir athugasemdir h. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) við málið á frumv., skal jeg játa það, að orðið »kaupa« sje betra enn að »leysa«, eins og stendur í frumv. og mun varla vera fyrirstaða, að því sje breytt. En aptur lít jeg svo á, að »gjöra um kaup« sje góð íslenzka, og áður en farið sje að breyta því, vil jeg fá að heyra eitthvað annað í þess stað, sem jafn glöggt taki fram hugmyndina, sem hjer á að skilgreina.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Nefndin mun taka fúslega á móti öllum leiðrjettingum á málinu á frumv., einkum þó að því er snertir prentvillur og val einstakra orða. En hvað snertir það, að fara að breyta í 1. grein orðatiltækinu að gjöra kaup um eitthvað, þá þykir mjer tvísýnt, að breyt.till. háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) bæti það að nokkru. Það getur að vísu verið, að hægt sje að finna einhver fallegri orð; en það er ekki höfuðatriðið, að vera að flúra út lög vor með orðskrúði eða fornyrðum og gömlum orðatiltækjum, sem fæstir skilja. Höfuðsökin er, að lögin sjeu sem skiljanlegust og greinilegust. Það sýnist opt við lagasmíðina hafa verið tekið meira tillit til þess, að fallegt mál væri á lögunum, en hins, að þau væru svo greinileg, að þau yrðu ekki misskilin. Lög eiga ekki fyrst og fremst að vera fyrirmynd að fögru máli, heldur að því, hvað skilmerkileg þau eru og ótvíræð. Það er svo sem sjálfsagt, að kappkosta að hafa gott mál á þeim, en það má þó ekki sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru. Nefndin mun taka bendingar háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) til íhugunar og vita hvort hún geti fundið annað fallegra orðatiltæki og þó jafnframt jafnskýrt í staðinn fyrir »gjöra kaup um«.

Jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að sagt sje að leysa leyfisbrjef, það táknar sama sem að kaupa; bæði orðin að leysa og að kaupa eru gömul og góð norræn orð, og jeg sje ekki ástæðu til að fráfælast orðið »að leysa« fyrir það, að samstofna orð er haft í dönsku um þessa sömu athöfn. Menn eru að tala um, að ákvæðin í 7. gr. um það, að farandsalar eða umboðssalar megi eigi selja eða útvega útlendar vörur öðrum en kaupmönnum eða kaupfjelögum, sem leyst hafa borgarabrjef, sjeu ófrjálsleg. Þó er því bætt við, að þeim skuli heimilt að selja vörur til verksmiðju eða handverksiðnar eða annars sjerstaks atvinnureksturs. Ákvæðin eru hjer því ærið viðtæk, hið eina hapt, sem lagt er á, er að »kreti« og »pleti« geti keypt af þeim vörur. Það er hreinn og beinn misskilningur, að hjer sje um nokkurt ófrelsi að ræða. Sje hjer um ófrjálslyndi að ræða, þá kemur það ófrjálslyndi æði víða fram; það er þá líka ófrjálslyndi, að vera að þvinga kaupmenn og farandsala til að kaupa leyfisbrjef til að mega verzla. Þess er hjer að gæta, að þá má ekki leggja tómar skyldur á kaupmenn, og þeir hafa í sannleika ekki svo fáar sjerskyldu kvaðir; það þarf einnig í

einhverju að tryggja rjett þeirra, og ákvæði 7. gr. eru spor í þá átt. Ef vjer viljum ganga inn á þá braut, að afnema ákvæði 7. gr., þá liggur það og beint við að nema burt ýmsar ófrelsiskvaðir, sem á kaupmönnum hvíla. Er það t. d. ekki ófrjálslegt, borið saman við það sem hjer ræðir um, að kaupmenn verða undir eiðstilboð að gefa skýrslu um vörur, sem þeir fá frá útlöndum, og senda. Í orði kveðnu óska menn eptir, að upp komi öflug innlend kaupmannastjett, en um leið er kreppt að henni á ýmsa lund, og hún útpínd; þetta er hættuleg pólitík. Landsmenn eiga svo örðugt með að skoða kaupmannastjettina öðruvísi en »rakkarapakk«; er það sjálfsagt sprottið af gömlum kala, sem enn eldir eptir af hjá þjóðinni, henni til tjóns, til kaupmannanna frá því á einokunartímunum. Menn eru nú fæddir með þessum ósköpum, þeir geta ekki unað því, að nokkuð verulegt sje gjört til að styðja kaupmannastjettina.

Ef 7. gr. er felld úr frumv., þá gef jeg fremur lítið fyrir það, sem eptir er; þá er það tekið aptur með annari hendinni, sem gefið er með hinni. Að því er atvinnulöggjöf vora snertir, þá tek jeg það upp aptur, að ekkert hefur verið gjört til þess, að gjöra kaupmannastjettina öflugri, þjóðlegri eða nýtari í landinu. Það er nýkomin fram þingsályktunartill. um það, að kaupmenn megi ekki senda fisk sinn til Spánar, nema honum fylgi vottorð fiskimatsmanns, sem stjórnin hefur skipað. Jeg álít þetta rjettmætt eins og annað það, sem miðar að því að gjöra vöruvöndun fullkomnari, en óneitanlega leggur það veruleg höpt á kaupmenn. Um þetta er ekki kvartað, en undir eins og farandsali fær ekki að selja Pjetri og Páli tóbak og annan slíkan varning fyrir 10 aura og þaðan af minna, þá er kveinað yfir ófrjálslyndi. Þetta er hættu leið.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg stend upp út af ræðu háttv. flutnm.; hann kvað sjálfsagt, að málið ætti að vera svo skýrt, að það skildist hverjum og einum. En það var einmitt það, sem gjörði, að jeg kom með aths. mína. Jeg skildi ekki, hvað við var átt (í 1. gr.) með þessum orðum: »gjöra um kaup«. Ef það er til og er rjett, þá er það að minnsta kosti mjög óvanalegt, og því ekki vert að viðhafa það, ef menn eiga kost á öðru betra.

Að »leysa leyfisbrjef« getur á íslenzku máli ekki þýtt annað, en að losa utan af leyfisbrjefi, ef það skyldi vera bundið t. d. í krossband hjá lögreglustjóra; en að kaupa leyfisbrjef, eða borga, getur það alls ekki þýtt.

Aths. mín við 7. gr., miðuðu alls ekki að því, að hnekkja að nokkru leyti kaupmannastjettinni eða auka rjett farandsala, heldur var það hagur manna út um landið, sem fyrir mjer vakti. Og nú vill svo til, að annar af flutnm. frumv. hefur snúizt á móti þessari gr., svo að það virðist ekki hafa verið um skör fram, að jeg gjörði þessar aths. mínar.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hef lítið að athuga við þetta frv. Ákvæðin í 3. gr. er jeg þó hræddur við; hygg jeg, að þau sjeu allt of ströng og að hætt sje við, að þau nái alls ekki tilgangi sínum, heldur verði til þess, að útiloka farandsala frá því, að koma hingað. 200 kr. gjald á hverju einasta ári fyrir 1 »firma« er afar hátt gjald, og ef sami maðurinn hefur vörur fyrir mörg »firma«, getur gjaldið komizt upp úr öllu. Jeg skil ekki, að »umsetningin« geti orðið svo mikil, að það borgi sig. Farandsalar þeir, er

búsettir eru hjer, komast að vísu, sbr. 6. gr., undir sömu reglur og innlendir kaupmenn, og er það bót í máli. Jeg er í vafa um, hvort jeg get gefið 3. gr. atkv. mitt, eins og hún er, en ef gjaldið yrði fært niður í 100 kr., þá hefði jeg ekki við það að athuga, og er annars með frumv. yfirleitt.

7. gr. finnst mjer dálitið athugaverð, þar sem sett er skilyrði, að borgarabrjef sjeu leyst. En mjer er spurn: Leysa pöntunarfjelög borgarabrjef? Jeg hygg ekki. Og á t. d. að útiloka Zöllner frá því að panta fyrir þau kaupfjelög, er ekki hafa borgarabrjef?

Eins og jeg hef tekið fram, þá er það aðallega 3. gr. frumv., sem jeg hef að athuga við. Gjaldið er svo hátt, en á aðeins að ákveðast hæfilegt, og ekki má miða við það gjald, sem greitt er í Danmörku eða annarsstaðar, þar sem miklu meiri »umsetning« er.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) fann það að 3. gr., að gjaldið væri of hátt. En það er hreinn óþarfi að álíta, að það útiloki farandsalana frá að koma hingað. Mjer er kunnugt um það, að í Norvegi verða þeir að borga 100 kr. pr. mánuð, og þó er þar aragrúi af þeim. Í Danmörku, þar sem þeir að eins geta fengið leyfi á 6 stöðum í landinu, borga þeir 180 kr. gjald; Danmörk er að vísu fólksfleiri en Ísland, verzlun þar meiri og »trafik«, en farandsalar þar eru víst hlutfallslega eins margir og hjer samt, eptir fólksfjölda. Hjer fjölgar farandsölum meira og meira, í sumar voru þeir hjer víst um 30. 200 kr. er ekki ofmikið gjald, þegar tekið er tillit til, að verzlun hvers skiptir tugum þúsunda, og að önnur gjöld greiða farandsalar hjer ekki en gjald fyrir leyfisbrjefið. Ef erlent verzlunarhús, sem nokkuð má sín, á annað borð vill komast að verzlun hjer, þá mun það ekki setja fyrir sig þetta gjald. Og þótt farandsölunum fækki dálítið, er enginn skaði skeður; þeir eiga margir ekkert annað erindi hingað, en flytja með sjer allrahanda »Skrimmel-Skrammel«, glingur, glysvarning, og annað er vjer vel megum án vera.

Það gjörir því ekki mikið, þó slíkum farandsölum fækki, en heiðarlegar stærri verzlanir mundu halda áfram eins fyrir gjaldinu, enda hafa þær sagt það, að þær væru ekki ófúsar til þess að borga talsvert.

7. gr. þótti hv. þm. varhugaverð, þar sem hann skildi hana svo, að ekki væri leyfilegt, t. d. fyrir Zöllner, að bjóða kaupfjelögum vörur, sem ekki hefðu leyfisbrjef. En þetta stendur hvergi í frv.; það eru að eins farandsalarnir, sem verða að hlíta þessu, en alls ekki verzlanir í öðrum löndum. Komi Zöllner hingað sem farandsali, sje jeg ekkert athugavert við, að lögin nái einnig til hans. Kaupfjelögum er hvergi í gr. bannað að taka vörur sínar beint, og heptir því frv. ekki neina eðlilega verzlun í þá átt.

ATKV.GR.:
1. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
2. — — — 12 — —
1. br.till. (359) við 3. gr. sþ. í e. hlj.
3. gr. breytt sþ. með 12. shlj. atkv.
4. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
5. — — — 12 — —
2. br.till. (359) við 6. gr. sþ. í e. hlj.
6. gr. breytt sþ. með 12 shli. atkv.
7. gr. felld með 8 atkv. gegn 4.
3. br.till. (359) við 8. gr. sþ. í e. hlj.
8. gr. breytt sþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frv. (A 425) til 3. umr.

ATKV.GR.:
Frv. var umræðulaust samþ. með 12 smhlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. september, kom frv. (A 455) til 1. umr.
ATKV.GR.:
Frv. var umræðulaust vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. september, kom frv. (A 455) til 2. umr.
Enginn tók til máls.
ATKV.GR.:
1. gr. frv. sþ. með 17 atkv.
2. — — — — 17 —
3. — — — — 17 —
4. — — — — 18 —
5. — — — — 18 —
6. — — — — 18 —
7. — — — — 18 —
Frv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom frv. (A 455) til 3. umr.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg skal ekki halda langa ræðu. Þetta frv. hefur nú komizt gegn umræðulaust hingað til. En jeg mun fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti því af þeirri ástæðu, að jeg tel það algjörlega órjett, að leggja mikil höpt á atvinnufrelsi manna, enda er það bannað í stjórnarskránni, svo að þeir, sem þetta vilja gjöra, verða að sanna, að almenningsheill heimti það. Jeg skal að eins taka ákvæðið í 4. gr. frv. um, að farandsalar eigi að sýna lögreglustjóra leyfisbrjef; það er mjög ósanngjarnt. Og það er hart að láta þessa menn borga svo miklu meira hjer en annarsstaðar. Í Norvegi horga þeir t. d. 100 kr. fyrir 30 daga. En hitt er þó verra; hugsum okkur, að farandsali kaupi leyfisbrjef í Reykjavík og fari kringum land með strandferðabát. Þá getur hann ekkert selt nema í kaupstöðunum, eða með öðrum orðum, þar sem lögreglustjóri er á staðnum, því annars getur hann ekki náð í sýslumann. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þá getur hann náð í umboðsmenn sýslumanna). Í umboðsmenn þeirra, já, en jeg neita því, að þeir geti nokkuð gjört í þessu efni; það stendur að minnsta kosti ekki hjer. Ef það á að samþykkja þetta, þá sýnist mjer vera nauðsynlegt, að taka það út af dagskrá og laga þetta fyrst. Jeg býst við, að mjer verði svarað á þá leið, að þetta sje ekki á móti stjórnarskránni, það sje lagt á þá eins og nokkurs konar sveitargjald. Jeg skal ekki segja um það. En þetta ákvæði, sem jeg minntist á, er of hart, og auk þess eru ekki umboðsmenn sýslumanna á hverri höfn.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg vil út af því, sem háttv. þingm. Vestm. (J. M.) sagði, benda á aðra leið, sem útlendar verzlanir geta farið, og hún er sú, að nota *innlenda* menn, sem hafa borgarabrjef til þess, að selja fyrir sig. Jeg vildi, að Ísland væri sem lausast við þessa menn, sem eru að flækjast hjer og troða allra handa ruslvörum upp á menn lil láns, og troða þeim upp á þá, sem ekki eru lánstraustsverðir. Það eru venjulega Gyðinga-firma, sem senda þessa menn, og lofa öllu og svíkjast opt um að senda vörur þær, sem þeir lofa, svo smá-kaupmenn standa uppi vörulausir. Mjer sýnist þetta frumv. gott, að því leyti, að það hlynnir að innlendum farandsölum; þeir þurfa ekki annað, en leysa borgarabrjef; þá geta þeir ferðast hjer ár eptir ár, og komizt hjá þessu háa umboðsmanns-gjaldi.

Jeg mæli því með, að frumv. sje samþ. óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 13 atkv. móti 1, og atgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XVII. Áfengisveitingar á skipum.

Á 27. fundi Ed., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. til laga (A. 159), um veitingar áfengra drykkja á skipum á Íslandi — flutningsmaður Ágúst Flygenring — til 1. umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (3. kgk. þm.): Jeg skal fara fljótt yfir sögu þessa máls. Það var fyrst borið upp í háttv. Nd. 1905 og eptir að það hafði þar mætt nokkrum hrakningum og breytingum, var því aptur breytt hjer. Nefndarálit var lagt fram í málinu í báðum deildum og einkum allítarlegt í þessari deild. Leyfi jeg mjer að vísa til þess álits og þess er jeg sagði þá um málið.

Í þeim búningi, er málið fjekk hjer við 2. umr. á síðasta þingi, er það nú flutt, og álít jeg ekki, að um neitt sjerlega athugavert geti verið að ræða, og tel, að litlar eða jafnvel helzt engar breytingar þurfi á því að gjöra. En að þessari umræðu lokinni væri þó máske rjettara, að stinga upp á því, að kosin sje þriggja manna nefnd í málið til þess, að athuga það betur.

Það er kunnugt, að frumv. þetta er fram komið eptir osk fjölda manna víða um land, einkum þar sem vínveitingar ekki eiga sjer stað. Það eru allstór svæði nú orðið hjer á landi, sem vínveitingar eru ekki leyfðar, eða öllu heldur má segja, að vínsölustaðir á landinu sjeu orðnir ör-fáir; því þykir mönnum það ákaflega óviðurkvæmilegt, að selja má vín á útlendum skipum inni á höfnum, ekki sízt, þar sem þau hvorki greiða toll nje skattgjald til landssjóðs fyrir vínsöluna. Á skipum þessum hefur líka átt sjer stað megn óregla, og hefur þetta vakið óánægju manna. Mætti benda á mörg ljót dæmi þessu til sönnunar.

Jeg man ekki eptir, að neinar sjerstakar ástæður hafi komið fram á móti þessu máli. Að vísu hefur verið minnzt á það, að það legði hömlur á persónulegt frelsi manna, þar sem ekki mætti selja farþegum t. d. vín með mat. En þetta er ekki meira ófrelsi en það, að á flestum verzlunarstöðum á landinu er ekki hægt að fá vín, og jeg tel það ekki þungan kross fyrir farþega, er sigla með skipum þessum, þó þeir ekki fái keypt vín um borð meðan skipið liggur á höfn. Þessi ástæða er því einskisverð að mínu áliti. Það er vægast talað mikil minnkun fyrir okkur, að hepta ekki þessa drykkjuskapar-óreglu, er á sjer stað um borð í farþegaskipunum hjer við land, og jeg álít enda, að það sje bein skylda vor samkvæmt lögum þeim um verzlun og veiting áfengra drykkja frá 11. nóv. 1899, að banna allar óleyfilegar áfengisveitingar á höfnum.

Eins og nú stendur, þá töpum vjer beinlínis, þ. e. landssjóður allmiklu fje fyrir þessa óreglu. Um hið óbeina tjón, er kemur niður á fátækum fisk-

ara- og verkalíð, þarf jeg ekki að tala. Þar við bætist svo skömmin, að láta slíkt viðgangast þvert ofan í lög. Verðið á vínföngunum um borð í skipunum er svo hátt, að brytarnir raka saman fje, og það eru okkar eigin lög, sem styðja þá bezt til þess; þeir leggja á fyrir tollinum og það ríflega.

Jeg ætla svo ekki, að tala frekara um málið að þessu sinni. Vona jeg, að það fái góðar viðtökur og að nefnd verði kosin í það, að loknum umræðum.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Samþykkt að skipa þriggja manna nefnd með 11 atkv. gegn 1.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og þessir kosnir í nefndina:

Ágúst Flygenring,
Björn M. Ólsen,
Þorgrímur Þórðarson.

Í nefndinni var Björn M. Ólsen kosinn formaður og Ágúst Flygenring skrifari og framsögumaður.

Á 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frv.(A 159,280,283) til 2. umr.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að skírskota til þeirra almennu orða, sem jeg sagði um frumv. þetta við 1. umr.

Nefndarálitið er að vísu stutt, nálægt því ein lína. Breyt.till. hafa komið fram frá nefndinni og á þgskj. 283 frá þm. G.-K. (V. G.) o. fl.

Af því að mál þetta kom fram á síðasta þingi og þá kom fram nefndarálit, þá gat nefndin ekki nú verið að skrifa sjerstakt álit um það; málið er líka í sjálfu sjer svo einfalt og ljóst, og málefnið svo gott, að það mælir með sjer sjálft. Breyt.till. nefndarinnar er fólgin í því, að heimila farþegum á 1. farrými að fá keypt vín handa sjálfum sjer, þó að skipið liggi inni á höfn. Mjer var þessi breyting að vísu ekki geðfelld, en jeg gekk þó inn á hana til samkomulags í nefndinni, og af því að mjer var talin trú um, að frumv. fengi þá betri byr. Jeg skal játa, að það hefur minni þýðingu, þó að farþegar á 1. farrými megi kaupa vín fyrir sjálfa sig, heldur en það lag, sem nú viðgengst, að menn fara hópum úr landi út á skipin og láta farþega »traktera« sig þar.

Það sem meðnefndarmenn mínir lögðu áherzlu á í þessu efni, var ferðamannastraumurinn, að hann yrði ekki heptur. Þegar ferðamenn dvelja marga daga á skipunum, þykir þeim óþægilegt, að geta ekki eins fengið vín með mat inni á höfnum, eins og t. d. milli hafna hjer, en geta ekki nærri allt af komizt í land, enda víða engin veitingahús í landi. Ýmsir menn mundu máske kunna þessu illa, og ekkert megum vjer gjöra til að hepta ferðamannastrauminn. Hann getur haft nokkra þýðingu fyrir landið í heild sinni, því af ferðamönnum útlendum hefur landið orðið nokkrar tekjur. Vjer mættum ekki á nokkurn hátt setja það inn í lög vor, sem dregið gæti úr ferðamannastraumnum, heldur þvert á móti uppörva ferðamenn og sýna þeim alla velvild, og þannig fremur laða þá að landinu. Eins og jeg gat um áðan, var mjer ógeðfellt að ganga svona langt en sá mjer ekki annað fært, af þessum 2 ástæðum, sem jeg hef tekið fram. Þá er breyt.till. á þgskj. 283 við br.till. nefndarinnar, að nema burt orðin í 1. gr.: »á fyrsta farrými«. Tilgangur þeirrar breyt.till. er sá, að gefa öllum ferðamönnum jafnan aðgang að því að fá keypt áfengi á skipunum. Það má

segja, að þetta sje misrjetti, að einum er leyft það, sem öðrum er meinað, að farþegar á 2. og 3. farrými skuli ekki eiga jafnfrjálst að kaupa vín á höfnum eins og farþegum á 1. farrými. En menn mega ekki missa sjónar á því, að lögin eru aðallega stíluð gegn farþegum á 2. og 3. farrými; því að á þeim farrýmum ferðast fátækari menn-irnir, verkamennirnir og sjómennirnir. Sú drykkja, sem þar hefur átt sjer stað, hefur opt vakið hneyxli. Fátækir menn, sem komið hafa norðan af landi eða austan af Seyðisfirði, hafa opt komið heim hálfþjeflettir vegna drykkjuskaparins á skipunum.

Ef þessi breyt.till. yrði samþykkt, mundu lögin ekki ná tilgangi sínum, og því verð jeg að leggja á móti henni.

Það eru líka fleiri ókostir við það, ef þessi breyt.till. kæmist að. Við lifum það líklega, að einhverntíma verði enn betur hert á ákvæðunum um vínsölubann, en því breiðari sem leiðin verður lögð í upphafi, því erfiðara verður síðar að kippa í lag. Ef farþegaskip fara einhverntíma að staðaldri kring um landið, með reglubundnum ferðum, skip, sem við eigum sjálfir, þá vona jeg, að á þeim skipum verði engin vínsala leyfð; að minnsta kosti ekki nema fullur tollur væri greiddur af öllu áfengi og þau gyldi skatt fyrir vínsöluleyfið. Annars verður að skoða þessi lög í sambandi við lögin frá 11. nóvbr. 1899 um vínveitingar, og sje jeg ekki, að ástæða sje til yfir höfuð að vera vægari með vínveitingar á skipum en í landi.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Breyt.till. mín og 2 annara háttv. þm. á þgskj. 283 hefur ekki fundið náð hjá nefndinni. Verð jeg þó að telja hana fyllilega rjettmæta. Jeg lít nú svo á, sem það sje hlutverk löggjafarvaldsins, að gjöra lögin jöfn fyrir alla, ríka og fátæka. Það er ekki rjett að setja önnur lög fyrir efnaðri mennina, sem hafa ráð á því, að ferðast á dýrara farrými, en fyrir hina fátækari, sem verða að taka sjer far á 2. eða 3. farrými. Það er sýnilegt órjettlæti, sem alls ekki má eiga sjer stað.

Það getur verið, að meiri brögð sjeu að drykkjuskap á 2. farrými en 1. farrými; þó hef jeg hjer á Reykjavíkurhöfn sjeð mjög mikinn drykkjuskap einmitt á 1. farrými. Menn koma úr landi og láta farþegana panta fyrir sig vínið og fara þannig í kringum lögin. En engin leið er að greina hafrana frá sauðunum í þessum efnum.

Jeg get líka hugsað mjer aðra leið, sem nefndin hefur ef til vill ekki athugað. Hún er sú, að skipin kaupi veitingaleyfi og leysi leyfisbrjef eins og veitingamenn í landi; og þar sem skipin greiða engan toll af áfenginu, þá mætti leyfisgjaldið vera hærra fyrir þau. Mjer þykir töluvert hart, að allar vínveitingar sjeu bannaðar, að ekki skuli t. d, vera hægt að fá öl með mat. Þetta er líka alveg tilgangslaust, því að þá mundi verða farið í kringum lögin. Það er ekki bannað að kaupa vín í landi eða á milli hafna, svo að þegar á höfn er komið, eru farþegarnir búnir að byrgja sig að víni, svo að þeir hafa nóg að drekka. Brytinn má selja vín milli hafna og ef hann að eins hefur selt vínið áður en á höfn er komið, þá eru þessi ákvæði þýðingarlaus með öllu. Farþegar geta því haft nóg vín, meðan þeir eru á höfn.

Jeg vil mæla sterklega með breyt.-till. á þgskj. 283 og tek það fram, að það er með öllu óhæfilegt, að löggjafarvaldið sje að greina á milli fátækra og ríkra í þessum efnum. Þessi ákvæði í breyt.till. nefndarinnar mundu

verða til þess, að knýja marga menn til þess að ferðast á 1. farrými, og það tel jeg líka óhæfilegt. Að skömminni til tel jeg skárra, að banna algjörlega alla vínsölu á skipunum, þó að jeg álíti það tilgangslaust.

Jóhannes Jóhannesson (þm. N.-Múl.): Jeg hefði helzt óskað, að þetta frumv. hefði verið samþ. óbreytt, eins og það var lagt fyrir deildina, því jeg álít, að þá hefði það náð bezt tilgangi sínum og mest gagn orðið að því. Jeg ætla þó að sætta mig við frumv., þótt brtill. nefndarinnar nái fram að ganga, af ástæðum þeim, sem háttv. framsm. tók fram, eða sjerstaklega vegna ferðamannastraumsins.

Öðru máli er að gegna um breyt.till. þm. G.-K. (V. G.) og fleiri á þgskj. 283. Ef hún næði fram að ganga, gjörði hún lögin þýðingarlaus; þau yrðu þá að eins pappírsgagn. Hann vildi styðja brtill. með því, að annars væri gjört upp á milli fátækra og ríkra, og fór mörgum orðum um það, hve það væri rangt, að setja slík lög. Það er að vísu að nokkru leyti rjett. En þm. (V. G.) gætir þess ekki, að núgildandi lög í þessu efni verða að teljast lögleysa (»anomali«), þegar þess er gætt, að innlendir borgarar geta ekki fengið fyrir borgun leyfi til að reka þá atvinnu, sem útlendingar nú reka hjer borgunarlaust, og meir að segja án þess að greiða nokkurn toll til landssjóðs af vörum þeim, er þeir selja. Það er óeðlileg löggjöf.

Jeg get gengið inn á það, að gagn kunni að verða að lögunum, þótt farþegar á 1. farrými megi kaupa vín handa sjálfum sjer, en jeg álít, að frv. eigi ekki að ná fram að ganga, ef brt. á þskj. 283 kemst að.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að eini rjetti vegurinn væri sá, að bryt-

inn væri skyldur að leysa leyfisbrjef til þess að mega selja vín á höfnum. En þá vil jeg benda honum á það, að innlendir menn geta ekki fengið leyfi til vínveitinga, nema meir en helmingur atkvæðisbærra manna á staðnum samþ. það; og þeir borga fyrir leyfið í sjóð þess bæjarfjelags eða sýslufjelags, þar sem leyfið er veitt. En þar sem skipin fara hafna á milli, þá mundi leyfið fyrir þau gilda um allt landið, og ætti gjaldið þá að renna í landssjóð og væri erfitt að ákveða, hve hátt það skyldi vera, samanborið við gjöld annara vínveitenda.

Loks vil jeg benda á það, að veitingarnar á 2. farrými eru hættulegri, en á 1. farrými, því að þar er óreglan mest. Þar sem vínsala er ekki í landi, þar fara menn um borð í skipin og drekka venjulegast á 2. farrými, en ekki á 1. farrými, og það kemur opt fyrir, að menn leysa farbrjef á 2. farrými til næstu hafnar, einmitt til þess að geta drukkið um borð, en menn gjöra það miklu síður á 1. farrými, því þar eru farseðlarnir dýrari.

Jeg mæli því sterklega móti breyt.till. á þskj. 283. Jeg er að vísu líka á móti breyt.till. nefndarinnar, en jeg tel hana ekki eins skaðlega, og get því fremur sætt mig við að greiða frv. atkv. mitt, þótt hún nái fram að ganga.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg tjái háttv. þm. N.-múl. (Jóh. Jóh.) þakklæti mitt fyrir það, hvernig hann tók í breyt.till. nefndarinnar og lofaði henni stuðningi sínum.

Jeg ætla að eins að minnast á ræðu háttv. þm. G.-K. (V. G.) móti tillögu nefndarinnar. Það er gjörsamlegur misskilningur, að það beri að skoða ívilnun eða hlunnindi að gefa mönnum kost á að drekka sig fulla. Það mátti nærri skilja hann svo, sem hann

teldi það ókost á frumv., að fátæklingarnir, sem ferðast á 2. og 3. farrými, megi ekki drekka sig fulla undir eins og þeir koma út á skipin, enda geta breytingartill. hans ekki haft annan tilgang. En okkar meining er sú aðallega, að meina ekki efnuðum útlendingum að fá vín á skipunum tyrir sjálfa sig, en jafnframt viljum vjer koma í veg fyrir, að fátæku verkamennirnir og sjómennirnir drekki frá sjer vitið á skipunum, og ef jeg mætti svo að orði komast, köstuðu buddunni sinni í brytann.

Sami háttv. þm. (V. G.) lagði mikið út af því, að lögin yrðu að eins pappírslög, af því að hægt væri að kaupa vín milli hafna. Það gætu menn þó að breyt.till. nefndarinnar kæmist ekki að; það má allt af fara í kringum lögin, og það mun verða farið í kringum öll lagaákvæði í þessa átt, hve ströng sem þau verða. Það verður að minnsta kosti örðugt að koma í veg fyrir það.

Það mætti ætla, að lögin frá 11. nóv. 1899 hefðu, með því að gjöra vínsölustaðina strjálli, orðið til þess að minnka áfengiskaupin. En aðgætandi er, að þar sem enginn vínsölustaður er, þar geta menn pantað sjer áfengið annarsstaðar að, og þó að á einum stað fækki nokkuð vínsölukaupmönnum, þá selja þeir, sem eptir eru, þeim mun meira. Það verður erfitt að komast að takmarkinu strax. Áhrif laganna koma ekki fram fyr en löngu seinna. Þegar lög eru sett um þetta, þá má ekki segja, að þau komi ekki að neinu gagni, því að það verður þá hægra að byggja á þeim síðar.

Jeg get vel ímyndað mjer, að áður langt líður verði þessi skip meðhöndluð eins og veitingastaðir á landi, það er að segja, að þau verði látin leysa leyfisbrjef til vínveitinga og greiða gjald fyrir, líkt og innlendir vínveitingamenn nú verða að gjöra.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg verð líka að leggja á móti breyt.till. á þgskj. 283, þó að jeg játi, að það líti hálfilla út á pappírnum, að gjöra eigi öllum, ríkum og fátækum, jafnhátt undir höfði. Það virðist í fljótu bragði »ódemókratiskt«, en þegar betur er aðgætt, þá er það einmitt »demókratiskt«. Það er svo sem enginn dýrindisrjettur að mega fá áfengi. Jeg, og við allir líklega, sem sitjum í þessari deild, mundum víst fegnir kjósa, að þjóðin okkar neytti alls einkis áfengis. Jeg álít því þessa mótbáru ekki sjerlega þýðingarmikla, þó að hún líti vel út í fyrstu.

Jeg skal minnast á, af hverjum ástæðum nefndin kom fram með breyt.till. sína á þgskj. 280. Hún gjörði það vegna »túristanna«, sem kringum landið ferðast. Enda er það líka hálfóeðlilegt, að þar sem þeir eiga nokkurs konar heimili á skipinu, að þar skuli vera lagt hapt á frelsi þeirra, undir eins og akkeri er fast í botni. Verði breyt.till. nefndarinnar samþ., en breyt.till. á þgskj. 283 felld, þá held jeg líka, að síður verði farið í kringum lögin, og þá verður brytanum miklu hægra að sjá um, að ekki verði öðrum veitt en farþegum. Ef hann á að sjá um, að ekki fái aðrir vín en farþegar, og eptirlit hans á að ná til allra farrýmanna, þá verður slíkt eptirlit honum með öllu ókleift vegna þess, hve mikið aðstreymi er út í skipið af mönnum úr landi á höfnunum. Og brytanum getur með því verið gjört ómögulegt að vita, hvort hann brýtur lögin eða ekki.

Jeg ímynda mjer, að fáir af háttv. deildarmönnum hafi ferðast eins mikið og jeg með strandferðaskipunum, og jeg held, að mjer sje því einna kunnugast um drykkjuskaparóregluna á skipunum. Eptir þeim kunnugleika álít jeg það af »praktiskum« ástæðum

rjett, að banna alla vínsölu á 2. og 3. farrými. Það kostar ekki mikið að leysa farseðil á þeim farrýmum til næstu hafnar; það getur nærri hver vesalingur gjört. Og öllum er þá gjört hægt að fá sjer í staupinu. Af þeim ástæðum tel jeg »ópraktiskt« að samþykkja breyt.till. háttv. þm. G.-K. (V. G.) á þgskj. 283.

Drykkjuskapur á 1. farrými stafar af aðskotadýrum úr landi. Með farþegunum fylgja margir kunningjar þeirra »um borð«, og þá byrjar þar »soll«. Breyt.till. nefndarinnar útilokar alla óreglu, af því að nýir farþegar geta ekki fengið keypt vín á höfnunum, nema að eins fyrir sjálfa sig. Með þessu lagi yrði útrýmt öllum drykkjuskap á 1. farrými.

Farþegum á 1. farrými eru líka gjörð mikil óþægindi með ofdrykkju þessara aðstreymandi manna úr landi.

Breyt.till. nefndarinnar er því »praktisk«; hún lagar það, sem ábótavant er við vínsöluna, og þá verður síður hægt að fara kringum lögin.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Mjer þótti vænt um, þegar jeg sá þetta frumv., því að það fer í rjetta átt í því, að reyna að hepta þá — mjerliggur við að segja — svívirðingu, sem allt af á sjer stað á þessum fljótandi veitingastöðum. Eptirlitið með, að lögum þessum yrði framfylgt, getur að vísu orðið æði erfitt, en hjer er þó farið í rjetta átt, enda má búast við nokkrum árangri.

En breyt.till. nefndarinnar tekur sig í mínum augum illa út, ekki að eins á pappírnum, heldur einnig í framkvæmdinni. Því að mjer finnast það sannarlega undarleg forrjettindi, að efnamennirnir megi drekka, en hinir ekki, sem lægra eru settir í efnalegu tilliti. Þetta er því undarlegra, þegar litið er til þeirra orða háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.), að áfengi er enginn dýrindisrjettur. Nei, það er það sannarlega ekki. Finnst mjer því eigi fremur ástæða til, að veita farþegum á 1. farrými þessa svokölluðu ívilnun, því þeir kunna þó betur að meta hvað gómsætt er.

Jeg veit, að margir yrðu til þess að taka undir með hinum háttv. 3. kgk. þm. og segja, að áfengi ætti yfir höfuð að vera sem minnst um hönd haft, bæði á sjó og landi, en ef leyft er að nota það, þá eru það rökrjettar afleiðingar, að það gangi jafnt yfir alla.

Háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) sagði, að ef breyt.till. nefndarinnar, sem undanskilur farþegana á 1. farrými, væri ekki samþykkt, þá mundi fremur farið í kringum lögin. Þykir mjer háttv. þm. sýna þar farþegunum á 1. farrúmi nokkuð mikið vantraust, því að þar ættu þó að vera menntaðri og siðferðislega þroskaðri menn, og að halda því fram, að þeir fari fremur í kring um lögin en farþegar á 2. farrými, það finnst mjer alveg óskiljanleg fjarstæða. Jeg get með gleði greitt atkvæði með lögum, sem alveg banna áfengissölu á skipum á höfnum inni. En svona lagaðar undantekningar, eins og breyt.till. háttv. nefndar fer fram á, finnast mjer hreint og beint hlægilegar, og mun jeg því hiklaust greiða atkvæði á móti breyt.till., en samþykkja frumv. óbreytt.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Hv. þm., sem síðast talaði, misskildi orð mín, þar sem hann sagði, að jeg hefði sagt, að farþegar á 1. farrými mundu fremur fara í kring um lögin, heldur en farþegar á 2. og 3. farrými. Jeg sagði að eins, að síður mundi farið í kring um lögin, ef breyt.till. nefndarinnar yrði samþ., og farþegum leyft

að kaupa áfengi á höfnum inni, heldur en ef frumv. væri samþ. óbreytt. Jeg bar alls ekki saman löghlýðni farþega á 1. og 2. farrými. Það sjer hvert barnið, að þessir farþegar hafa minni freisting til að brjóta lögin, ef leyft er að veita þeim persónulega. Og jeg held, að háttv. þm. Ísfjk. verði þó að játa, að enn þá síður yrði farið í kring um lögin, ef farþegum á 2. og 3. farrými væri líka leyft það. En hv. 4. kgk. þm. hefur tekið fram þær ástæður, sem gjöra það mjög óhyggilegt, að samþ. brtill. þá, er að því lýtur.

ATKVGR.:

Brt. á þskj. 283 við brt. á þskj. 280 felld með 8 atkv. gegn 5.

Brt. á þskj. 280 við 1. gr. frv. felld með 7 atkv. gegn 5.

1. gr. frv. óbreytt sþ. með 8 atkv. gegn 1.

2. gr. sþ. með 8 atkv. gegn 1.

3. — — — 8 — — 1.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7. atkv. gegn 1.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 28. ágúst, kom frv. (A 159) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust samþ. með 9 atkv. gegn 1 og afgreitt til forseta Nd.

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 31. ágúst, kom frv. (A 437) til 1. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þetta frumv. er að mestu leyti samhljóða frumv., sem samþ. var hjer í Nd. í hitt eð fyrra, en dagaði uppi í Ed. Nú hefur það verið samþ. í Ed. og sent hingað, og jeg hef vissa von um, að hin háttv. deild taki því vel. Jeg sting því upp á, að því sje vísað til 2. umr. án þess að sett verði nefnd í það.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. september, kom frumv. (A 437) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 19 atkv.

2. — — — — 17 —

3. — — — — 17 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A 437) til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Eptir ósk 6 þingdm. var við haft nafnakall við atkvgr. um frv., og var það samþ. með 22 atkv. gegn 2, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Jónsson,
Jón Magnússon,	St. Stefánsson, Skgf.
Björn Bjarnarson,	
Björn Kristjánsson,	
Eggert Pálsson,	
Einar Þórðarson,	
Guðl. Guðmundss.,	
Guðm. Björnsson.,	
Hannes Þorsteinss.,	
Hermann Jónasson,	
Jóhannes Ólafsson,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrjesson,	
Magn. Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	

Já:	*Nei:*
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánsson, Eyf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Hannes Hafstein var eigi viðstaddur.

Frumv. var afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XVIII. Prentsmiðjur.

Á 32. fundi Ed.; miðvikudaginn 21. ágúst, kom fumv. til laga (A 247) um breyting á 2: gr. laga um prentsmiðjur 4. desembr. 1886, — flutningsmaður Jón Jakobsson, — til 1. umr.

Forseti Július Havsteen tók fram, að frumv. væri of seint fram komið og þyrfti að leita samþykkis deildarinnar, til þess að það fengi að koma til umræðu.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg varð heldur naumt fyrir með þetta frumv.; það dróst fyrir mjer að koma með það fyr en rjett eptir að hinn löglegi tími var útrunninn. En þar sem jeg álit það mjög nauðsynlegt, vona jeg að háttv. deild veiti samþykki sitt til þess, að það megi ganga í gegn.

Þeim er það kunnugt, sem eiga að sjá um bókasöfnin, ekki einungis landsbókasafnið, heldur og söfnin úti um landið, að skil á bókum og blöðum frá prentsmiðjunum til safnanna eru hvergi nærri eins góð og þau ættu að vera. Það er mjög leiðinlegt til þess að vita, að það skuli vera ástæða til að ætla, að vöntun sje á íslenzkum blöðum (og bókum) í öllum bókasöfnum landsins, og það er ekki skemmtilegt fyrir framtíðina, að skilin skuli vera svo, að engin trygging er fyrir því, að söfnin verði »komplet« að íslenzku ritmáli.

Bókasöfnin utanlands verða og fyrir þessum vanskilum; yfirbókavörðurinn við konungsbókhlöðuna í Kaupmannahöfn kvartaði undan þessu við mig í fyrra. Með þessu frumv. er reynt að ráða bætur á þessum agnúum; 2. gr. laganna er mjög »ópraktisk«, enda eru allar breytingar mínar við hana; það er t. d. mjög »ópraktiskt«, að þvæla bókum og blöðum, prentuðum á Seyðisfirði, er til Kaupmannahafnar eiga að fara, alla leið til Reykjavíkur inn á stjórnarráðsskrifstofurnar hjer, í stað þess að láta lögreglustjórann á staðnum afgreiða það beint til Hafnar. Hann hefur líka tögl og hagldir í því, getur gengið rækilega eptir, að skil sjeu gjörð. Auk þess er fleira mjög óhentugt í þessum lögum, engar ákveðnar sektir fyrir vanskil o. s. frv.

Jeg vil ekki við þessa umr. fara út í hin einstöku atriði frv., en óska þess, að háttv. deild leyfi frv. að ganga til 2. umr. til frekari meðferðar í deildinni, sbr. gr. 18. gr. þingskapanna.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg vildi þegar við 1. umr. skjóta því til háttv. flutningsm., að mjer finnst það óeðlilegt, þegar farið er að endurskoða þessi lög, og íslenzkum prentsmiðjum er gjört að skyldu að standa skil á bókum og blöðum til konunglegu bókhlöðunnar í Kaupmannahöfn og háskólabókasafnsins, að þá skuli ekki vera farið fram á, að við fáum þær danskar bækur, sem út eru gefnar. Það er misrjetti, að við fáum ekkert í staðinn, að fátækara landið leggi til þess efnaðra, en það ekki til hins aptur á móti. Við eigum að láta 3 eintök af hendi til danskra bókasafna, en fáum ekki neitt þaðan. Við eigum að gjöra það að skilyrði fyrir því, að við látum þessi 3 eintök, að landsbókasafnið fái að minnsta kosti 1 eintak af því, sem út er gefið í Danmörku. Jeg vil ekki, að við sjeum neinar undirlægjur í því efni.

Jeg vil skjóta því til háttv. flutningsm., hvort honum sýnist ekki rjett, að koma ákvæði um þetta inn í 2. umr.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Út af orðum háttv. þm. (G.-K.) skal jeg geta þess, að mjer hafði einmitt komið þetta sama atriði til hugar við breyt. á 2. gr., en hvarf frá því aptur. Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. er það kunnugt, að það var einu sinni gjörð gangskör að því í Danmörku, að eintök af dönskum bókum yrðu látin af hendi við Landsbókasafnið. Formaður landsþingsins, prof. H. Matzen, sneri sjer í þessu efni til Goos, er þá var kirkju- og kennslumálaráðherra; en ekkert varð þá af því, og mun það hafa strandað á bóksalafjelaginu danska. Fram hafðist það þó, að þau »dupliköt«, sem konunglega bókhlaðan ætti, skyldu fara hingað, þó með því skilyrði, að yfirbókaavörður konunglegu bókhlöðunnar samþykkti það. En þá kom þessi »provins«-safnahreyfing í Danmörku og gjörði hún víst glundroða í málinu, með því að Dönum mun hafa þótt sjer nær standa að styðja þau.

Hvað snertir athugasemd háttv. þm., þá vil jeg benda honum á það, að þingsályktunarleiðin mun vera fullt eins rjett, til þess að fá þessu framgengt; það liggur næst, að beina því til stjórnarinnar að gangast í þetta og reyna að fá því kippt í lag.

Annars er það nú ekkert sorglegt, þótt skylda sje að senda eintök til konunglegu bókhlöðunnar; það er þá á einum góðum stað fleira til geymslu af okkar bókum. Annars er jeg þakklátur háttv. þm. fyrir þessar bendingar og mun jeg verða fús til að taka þær til greina, að því leyti, sem fært er.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það er að eins formhlið frumv., sem jeg ætlaði að gjöra örlitla athugas. við. Háttv. flutnm. kallar frumv.: »frumv. til laga um breyting á 2. grein laga um prentsmiðjur«, og svo er það efni laganna að nema alveg burt þessa 2. gr. og setja nýja í staðinn. Jeg kann ekki við formið á þessu. Það er dálítið óvanalegt. Jeg vildi skjóta því til háttv. flutnm., hvort hann getur ekki fundið eitthvert viðfelldnara form.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg get eigi betur sjeð, en að frumv. verði að heita eitthvað líkt því, sem jeg hef nefnt það, annars getum við talað um það seinna, mætti ef til vill nægja, að nefna það einungis frumv. til laga um breyting á prentsmiðjulögunum.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það gleður mig, að háttv. flutnm. (J. Jak.) hefur tekið vel í athugas. minar, og jeg þakka honum fyrir upplýsingarnar. En jeg verð að segja, að mjer

finnast orð hans benda á, að þingsályktunarleiðin sje ekki nægileg, og er hætt við, að málið mundi fá sömu útreiðina og það fjekk áður. Það er líklegt, að »prövins«bókasöfnin verði látin sitja fyrir. Við förum ekki neinn bónarveg, heldur löggjafarleiðina, því að þá er hægt að skylda hlutaðeigendur, og við höfum þá ekkert saman við bóksalafjelagið að sælda. Eins ættu Danir að gjöra, og þurfa þá ekki að eiga neitt undir náð bóksalafjelagsins danska í þessum efnum.

Þótt hjer sje ekki um mikið að ræða, þá munar það þó okkur, að fá þær bækur, sem út eru gefnar í Danmörku. En danskt bókasafn munar lítið um, þótt það fái íslenzku bækurnar. Að senda dönsku bókasöfnunum ókeypis eintök, er dálitil skerðing fyrir bókamarkaðinn íslenzka, því að þau mundu kaupa bækurnar eins fyrir því. Reyndar hef jeg ekkert á móti þessu fyrirkomulagi í sjálfu sjer, ef eitthvað kemur í staðinn. Jeg vil að inn í frumv. sje sett ákvæði um, að 1 eintak danskt komi fyrir 3 íslenzk, en jeg vil ekki fara fram á meira.

Jeg vil skora á háttv. flutnm. (J. Jak.) að koma með breyt.till. í þessa átt.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg mun með ánægju bera mig saman við háttv. þm. G.-K. (V. G.). Jeg álít þingsályktunarleiðina eðlilegasta. Geta þá Danir mætt okkur á miðri leið; þeir fara lagaveginn sín megin eins og við okkar megin. Það er ekki rjett, að við gefum lög, sem taki af þeim rjettinn, áður en við vitum, hvort saman gengur eða ekki. Það er því eðlilegast, að táta stjórnina skerast í það. Jeg játa, að mjer er ekki vel ljóst, hvað háskólabókasafnið hefur með 1 eintak að gjöra, og má því, ef til vill, kippa því burt.

ATKV.GR.:

Samþ. var í e. hlj., að frumv. mætti fram ganga, þó það sje of seint fram komið eptir 18. gr. þingskapanna, og því næst var frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A. 247, 386, 397) til 2. umr.

Flutningsmaður Jón Jakobsson, (2. þm. Húnv.): Þar sem þetta er önnur umræða málsins, þá vildi jeg leyfa mjer að bæta fáeinum orðum við það, sem jeg tók fram við fyrstu umræðu, og skal jeg þá fyrst gjöra lauslega grein fyrir því, í hverju þær breytingar eru fólgnar, sem farið er fram á í þessu frumv., samanborið við 2. gr. laga um prentsmiðjur 1. des. 1886.

Fyrst er þá þess að geta, að jeg hef leyft mjer, að flokka söfnin öðruvísi í þessu frumv. en þar er gjört, þannig að Landsbókasafnið og hin konunglega bókhlaða í Kaupmannahöfn stæðu saman. Í öðru lagi hef jeg bætt inn í þetta frumv. ákvæði um það, að þessi bókasöfn skuli fá 2 eintök af endurprentunum og sjerprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og fannst mjer full ástæða til að taka það fram, vegna þess að menn hafa sumir viljað skilja ákvæði prentsmiðjulaganna frá 1886 svo, að þeir ekki væru skyldir til, að láta þessar endur- og sjerprentanir af hendi. Þá skal jeg geta þess, að jeg hef ekki breytt orðalaginu í 2. gr. laga 1886, þar sem talað er um amtsbókasöfnin; vitanlega eru þau í rauninni ekki lengur til undir því nafni, en jeg hjelt samt, að það mætti svo vera, og að það þyrfti ekki að

koma í bága við hagsmuni þessara safna, þar sem þau mundu verða látin njóta sömu hlunninda hvort sem er, enda býst jeg við, að nafnið haldist. Það hefði auðvitað mátt segja: »bókasöfnin á Akureyri, Stykkishólmi og Seyðisfirði«, en jeg held, að þess þurfi ekki við; auk þess hefði mátt hugsa sjer, að þeim hefði þá verið blandað saman við bæjarsöfnin í þessum bæjum, þótt ekki hefðu reyndar verið mikil líkindi til þess.

Þá hef jeg gjört enn eina breytingu á 2. gr. laganna, viðvíkjandi þeim tíma, sem ákveðinn er til þess að prentsmiðjurnar sendi frá sjer það, sem í þeim er prentað. Í 2. gr. laga 1886 stendur, að það skuli gjört í júní og september; en í stað þess vildi jeg setja, að það skuli gjört í janúar- og júlímánuði, og er það eðlileg breyting, sem leiðir af breyttum og bættum samgöngum; en aðalbreytingin er fólgin í því, að þar sem þar stendur í lögunum frá 1886, að þessi eintök skuli sendast til landshöfðingja, þá er hjer kveðið svo á, að þau skuli sendast lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, og hef jeg þegar áður rökstutt þessa breytingu við fyrstu umræðu málsins.

Að því er Landsskjalasafnið snertir, þá á það heimtingu á að fá blöð og tímarit, sem út koma, og gildir sama ákvæði fyrir það um afhending blaða, sem það á lögum samkvæmt að fá.

Þá hef jeg einnig breytt sektarákvæðunum þannig, að þar sem í lögunum frá 1886 stendur, að vanrækslu á þessu varði sektum eptir atvikum, þá hef jeg sett lágmarkið 5 kr., en hámarkið 500 kr. fyrir vanskil á prentmáli. Sumum kann ef til vill að þykja hámarkið nokkuð hátt ákveðið; en ef menn trássast við að sýna skil í þessu efni, þá finnst mjer ekki nema eðlilegt, að þeir fái að kenna á því með því að greiða háar sektir, einkum af því að það er mjög hætt við, að bækur og blöð tapist alveg af safninu og gæti þá orðið stórmikill kostnaðarauki fyrir safnið að ná í þær seinna.

Þá skal jeg geta þess, að jeg á breyttill. á þgskj. 386, og hef jeg komið fram með hana út af athugasemd háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) við 1. umr. þessa máls, viðvíkjandi fyrirsögn frv., nefnilega að í staðinn fyrir frumv. til laga um breyting á 2. gr. laga, komi: Frv. til laga um breyting á lögum.

Þá sje jeg, að hjer er komin fram all-víðtæk og þýðingarmikil breyt.till. á þgskj. 397 frá hv. 2. þm. G.-K. Jeg skýrði frá því við fyrstu umr. þessa máls, að það væri komin hreyfing á það í Danmörku, að útvega Landsbókasafninu talsvert af þeim bókum, sem út hafa verið gefnar í Danmörku, og þótt það hafi ekki verið gjört enn, þá væri jeg ekki vonlaus um, að úr því rætist síðar. Viðvíkjandi fyrri br.till., þá finnst mjer, eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að það ætti betur við, að taka þetta fram í þingsályktunartillögu formi, heldur en í frumvarps formi, því að málið heyrir undir Ríkisdaginn; en mjer finnst ókurteist að gjöra Dönum þetta að skilyrði með lagaboði, áður en maður veit hvernig Ríkisþingið muni taka í þetta mál, og sjerstaklega þar sem það hefur sýnt sig hlýtt og velviljað gagnvart oss.

Að því, er snertir síðari br.till. á þgskj. 397, þar sem það er gjört að skilyrði, að Landsbókasafnið skuli miðla háskólabókasafninu í Kaupmh. eintaki og hinni konunglegu bókhlöðu 2 eintökum af þeim 5 eintökum, sem Landsbókasafnið fær, gegn því, að það fái ókeypis

1 eintak af öllum bókum og blöðum, sem prentuð eru í Danmörku, þá held jeg satt að segja, að það mundi verða hefndargjöf, því að jeg efast ekki um, að ef við ættum að fá það allt, þá mundi bandið á það gleypa allt tillagið til safnsins úr landssjóði og starfsmanna þess, og skal jeg í þessu sambandi geta þess, að jeg hef opt sent bækur til innbindingar, sem numið hefur 1,000 kr. á ári, og þegar tekið er tillit til þess, hve afarmikið kemur út af blöðum og bókum í Danmörku á ári, þá hygg jeg, að þetta mundu verða lítil hlunnindi fyrir oss.

Jeg hef svo ekki meira um þetta mál að segja að svo stöddu.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.) Þessar breyt.till. minar eru í samræmi við það, sem jeg tók fram við fyrstu umræðu þessa máls. Jeg hef komið fram með þær af því, að jeg vil hafa jafnrjetti milli Dana og Íslendinga í þessu efni, og ekki láta þingið gjöra neitt, sem skerði þetta jafnrjetti, hvorki í þessu atriði eða öðrum. En mjer finnst það vera fullkomið misrjetti, að við, sem erum margfalt smærri og fátækari, sjeum skyldaðir til þess, að láta af hendi 3 eintök af öllum bókum og blöðum, sem prentuð eru hjer á landi, til Danmerkur án þess að fá nokkuð í staðinn. Jeg get ómögulega sjeð, að þetta sje jafnrjetti.

Jeg sje enga ástæðu til, að gjöra íslenzkum atvinnurekendum þetta að skyldu án þess, að eitthvað komi þar í móti frá Dana hálfu.

Eins og kunnugt er, þá hefur þessu máli verið hreyft áður hjer á þingi, en ekkert komið út af því. Jeg skal ekkert um það segja, hvort takmarkið er rjett sett hjá mjer, þar sem ákveðið er, að Landsbókasafnið fái 1 eintak af öllum bókum og blöðum, sem prentuð eru í Danmörku, og vissi jeg ekki vel, hvar takmarkið ætti að vera sett. En jeg hjelt þó, að þetta gæti orðið gott fyrir Landsbókasafnið, að geta valið úr öllum dönskum bókum. En hvað því viðvikur, að það fengi svo mikið af bókum, að það gæti ekki látið binda þær inn, þá get jeg ekki sjeð, að það þyrfti að vera til skaða, því að þá gæti Landsbókasafnið miðlað sýslubókasöfnunum eða amtsbókasöfnunum nokkru, og gæti það verið þeim hagur, að fá þær bækur, sem Landsbókasafnið ekki gæti kostað band á; og að það þyrfti að vera nokkur móstaða móti þessu frá Dana hálfu, get jeg ómögulega skilið, því að mjer finnst, að allir hljóti að álíta það sanngirniskröfu.

Þingsályktunartillögu-leiðinni í þessu máli er jeg að vísu ekki svo mikið á móti, en þó finnst mjer heppilegra, að samþykkja það í frumvarpsformi; en þó gæti jeg til samkomulags gengið inn á, að fara hina leiðina, ef háttv. þingmenn skyldu almennt vera því mótfallnir, að setja ákvæði um þetta inn í lögin strax; en jeg vil ekki láta málið falla niður af því, að jeg álít þetta til hags fyrir Landsbókasafnið.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Eins og háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) ef til vill rekur minni til, þá tók jeg það fram við 1. umr. þessa máls, að mjer væri þessi breyting, sem hann fer hjer fram á, ekki svo mikið kappsmál og að mjer fyndist dálítið misrjetti milli safnanna; en viðvíkjandi jafnrjettinu, sem háttv. þm. talaði um, þá hef jeg þegar áður tekið það fram, að það hefur áður komizt hreyfing á það í Danmörku að senda Landsbókasafninu nokkuð af þeim bókum, sem þar eru gefnar út. Og þegar talað er um jafnrjetti milli þessara þjóða í þessu

efni, þá á Landsbókasafnið Dönum gott upp að unna, og þó að jeg sleppi einstökum stofnunum þar, þá get jeg nefnt einstaka menn, svo sem Geheimeetatsráð Krieger o. fl., sem hafa sent Landsbókasafninu meira af bókum, bæði að vöxtum og gæðum, en nokkur annar hefur gjört fyr eða síðar. Að því er aðferðina snertir, þá hygg jeg, að það sje rjettara að fara samningaleiðina, en löggjafarleiðina í þessu máli, og að það muni vera hægt fyrir stjórnina að koma því fram, þótt ekki sjeu samþykkt lög um það frá Alþingi. Jeg er líka sannfærður um, að ef þessi síðari breyt.till. á þgskj. 397 yrði samþykkt, þá mundi Landsbókasafnið komast í hin mestu vandræði með að hagnýta sjer allar þær bækur og blöð, sem það fengi, og amtsbókasöfnin mundu alls ekki geta tekið á móti öllu því, sem Landsbókasafnið ekki gæti hagnýtt sjer. En jeg skal geta þess, að jeg mun verða fús til að sameina mig um þingsályktunartillögu um þetta mál, sem færi í þá átt, að koma því á rekspöl.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þetta síðasta, sem háttv. flutnm. tók fram, er alveg nýtt fyrir mig. Jeg hjelt, að það væri »officiella« leiðin, sem hann ætti við, og þess vegna vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann væri fús á að fara þess á leit við Dani, að við fengjum þessi hlunnindi frá Dana hálfu, sem farið er fram á í breyt.till. minni gegn þeim hlunnindum frá oss, sem ráð er fyrir gjört, og ef hann tjáir sig fúsan til að styðja það, þá lýsi jeg því hjermeð yfir, að jeg er fús til að taka aptur breyt.till. minar.

Ráðherrann: Það er sjálfsagt, að svo framarlega sem þingsályktunartillaga verður samþykkt í þá átt, sem hjer er um að ræða, þá mun stjórnin ekki láta undir höfuð leggjast að gjöra allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að hrinda þessu máli fram.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra stutta grein fyrir skoðun minni á þessu máli, eins og það nú horfir við. Jeg held, að það verði erfiðara fyrir stjórnina að fá því framgengt, er brt. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) fara fram á; ef frumv. verður samþ., þá hefur löggjafarvaldið ákveðið, að Danir skyldu fá þessar bækur og blöð frá íslenzku prentsmiðjunum; jeg held því, að heppilegra væri, að fá fyrst yfirlýsing frá Dönum um það, hvort þeir vilja verða við þessum óskum, áður en því er á ný ráðið til lykta með lögum, að láta af hendi þessar bækur.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Út af athugasemd háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að þetta mál þolir alls enga bið. Jeg gat þess við fyrstu umræðu þessa máls, að prentsmiðjur hjer á landi hefðu allstaðar sýnt vanskil á að senda það, sem þeim ber, og jeg held, að það komist aldrei lag á þetta, nema því að eins, að lögreglustjóranum í því lögsagnarumdæmi, sem prentsmiðjurnar eru í, sje falið, að annast um það, að ákvæðum laganna sje framfylgt, og að með því sje það Damókles-sverð hangandi yfir höfðum prentsmiðjueigendanna, sem komi þeim til að rækja betur þessa skyldu sína. Hitt álít jeg enga grýlu, þótt frumv. sje samþ. um þetta, því að þinginu er allt af í lófa lagið að breyta þessum ákvæðum, ef þau gæfu tilefni til þess, að ríkisþingið lýsti vantrausti sínu á þeim, og ekki vildi taka óskir vorar til greina, fyr en því væri kunnur árangurinn af þingsályktunartillögu þeirri, sem um hefur verið talað.

ATKV.GR.:
Brt. á þskj. 397 við 1. gr. teknar aptur.
1. gr. frumv. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. frumv. samþ. með 12 shlj. atkv.
Breyt.till. á þgskj. 386 við fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj,
Frumv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frv. (A 419) til 3. umr.
ATKV.GR.:
Frumv. var umr.laust sþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. september, kom frv. (A 456) til 1. umr.
ATKV.GR.:
Frv. var umr.laust vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. september, kom frumv. (A 456) til 2. umr.
Enginn tók til máls.
ATKV.GR.:
1. gr. frv. sþ. með 17 atkv.
2. — — — — 18 —
Frv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A 456) til 3. umr.
ATKV.GR.:
Frumv. var umræðulaust sþ. með öllum atkv. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

XIX. Hlutafje Íslandsbanka.

Á 24. fundi Nd., miðvikudaginn 14. ágúst, kom frnmv. til laga (A 150) um breyting á lögum nr. 66 frá 10. nóvember 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagshanka á Íslandi, — flutningsmaður L. H. Bjarnason, — til 1. umr.

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Á þinginu í hitt eð fyrra voru samþykkt tvenn lög viðvíkjandi hlutafjelagsbankanum og bæði staðfest sama dag eða 15. nóv. 1905. Önnur gáfu hlutafjelagsbankanum heimild til þess að gefa út bankavaxtabrjef, sem alls næmu allt að helmingi meiri upphæð, en hlutafje og varasjóður til samans. Hin færðu þá upphæð, sem vera á til í málmforða, úr 4/8 niður í 3/8, miðað við seðla í umferð.

Nú er farið fram á, að hlutafje bankans sje aukið úr 3 miljónum kr. í 5 miljónir, af því að starfsfje bankans sje ekki nægilegt. Jeg býst við, að mörgum kunni að þykja þetta sífellda kvak bankans nokkuð athugavert. Bankinn má gefa út 2½ miljón kr. í seðlum, en átti við síðastliðin áramót tæpa miljón úti. eða 977,000 kr., og hefði þannig getað aukið starfsfje sitt með rúmri 1½ milj. kr. í seðlum. Hann á nú fram undir miljón í við-

skuldabrjefum samkvæmt lögunum um útgáfu bankavaxtabrjefa, hefur því getað útvegað sjer um miljón króna, með því að gefa út bankavaxtabrjef. Og ennfremur hefði hann átt að geta tekið lán, því þó hann skuldaði mikið við áramót, gat hann samt gefið hlut-höfum 6%. En bankastjórnin þykist ekki hafa nægt starfsfje milli handa og þykir rjettara eða heppilegra, að auka það með aukningu hlutafjárins. Því er frumv. þetta framkomið.

Annars hef jeg heyrt raddir um það, að æskilegt væri, að bankalöggjöf vor yrði öll endurskoðuð sem fyrst, og þá sjerstaklega lögin um hlutabankann og ætti þá að nota til þess tækifæri, er bankinn beiðist nýrrar ívilnunar. Jeg veit t. d., að Danir hafa notað sjer það, að seðlaútgáfurjettur National-bankans er bráðum útrunninn. Þeir heimta 750,000kr.árgjald í ríkissjóð fyrir að framlengja hann; þeir heimta ennfremur ríkissjóði til handa 1/4 af því, sem ágóði bankans nemur fram yfir 6% til hluthafa, nokkurn hluta af þeim seðlum, sem ekki koma fram, og áskilja stjórninni loks rjett til að skipa tvo konunglega bankastjóra. Auk þess óska margir þess, að reynt sje að styðja landsins eiginn banka. Hann vinnur enn, að veðdeildarfjenu einu undanteknu með nær því sömu seðla-fúlgu og hann upphaflega fór af stað með, og hefur engar nýjar ívilnanir fengið, heldur þvert á móti verið til-finnanlega iþyngt með tvöföldun árgjalds hans til landssjóðs 1905.

Jeg tel víst, að málinu verði vísað til 2. umr. og sett verði nefnd í það; það því fremur sem búast má við því, að framkomi innan skamms frumvarp um tilraun til að auka starfsfje landsbankans. Í nefndinni mætti líka athuga skipun fulltrúaráðsins. Fulltrúarnir hafa 1,000 kr. að launum hver, og þar að auki vissan hlut af tekjum bankans. Það má nú vel vera, að þessu sje líkt fyrirkomið annarsstaðar, en það er nú samt óviðfelldið, að alþingisfulltrúarnir, sem eiga að gæta hagsmuna landsins, hafi bæði beinar og óbeinar tekjur af þeim banka, sem þeir eiga að líta eptir, enda getur vel komið fyrir, að hagsmunir bankans rekist að einhverju leyti á hag landsins. Það er náttúrlega ekki hægt að girða fyrir það, að alþingisfulltrúar sjeu hluthafar í bankanum, enda eru þeir það flestir, en fyrir hitt má girða að þeir taki þátt í ágóða bankans. Mjer hefur líka heyrzt það vera ósk manna, að hlutabankinn, sem ekki er annað en einstakra manna fjelag, sje látinn greiða lögboðna skatta og skyldur eins og önnur einstakra manna fjelög, og gæti einnig það komið til íhugunar í nefndinni ásamt mörgu öðru. Hlutafjáraukningin út af fyrir sig er ekki svo mjög íhugunarverð.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg bið ekki um orðið til þess, að hafa nokkuð á móti nokkru því, sem háttv. flutnm. bar fram. Jeg stend að eins upp til þess, að lýsa því yfir, að mjer er það gleði, að hjer kemur fram frumv., sem fer í þá átt, að auka starfsfje Íslandsbanka; því þess getur enginn dulizt, sem tekið hefur eptir rás viðburðanna hjer á landi á síðari árum, að landið þarf á miklu fje að halda, og jafnframt, að það fje, sem bankarnir nú hafa yfir að ráða, er ekki fullnægjandi. Og það mundi engum hafa komið til hugar fyrir fáum árum, að annað eins fje væri nauðsynlegt til ýmsra fyrirtækja, eins og nú er komið á daginn. Auk þess að verzlun landsins vex stórum skrefum, þá er árlega stórfje lagt í byggingar hjer á landi. Það getur verið álitamál, hversu heppilegt það er, en víst er um það, að af

því mundi stafa mikil hætta fyrir landið, ef apturkippur kæmi í þessa hreyfingu, sem gjörir það að verkum, að byggingar fjellu í verði, en svo hlyti að fara, ef peningaskortur yrði í bönkunum. Einnig má telja fje það, sem árlega er lagt í mótorbáta hjer á landi. Jeg hygg, að í þeim liggi nú líklega allt að 2 milj. kr. Einnig má telja ný gufuskip til botnvörpuveiða, sem Íslendingar nú eru farnir að eignast. Þau kosta mikið, og þeim fjölgar vonandi brátt, sömuleiðis hygg jeg, að gjöra megi ráð fyrir, að innlendir menn fari að reyna að eignast skip til að flytja sjálfir menn og vörur með ströndum fram, því á það mál er að koma töluverð hreyfing. Og loks má geta mjög mikilla verklegra fyrirtækja, sem nú er ráðgjört að byrja á í Reykjavík, og má ætla að svo verði í fleiri kaupstöðum; enda allmikið þegar unnið í þá átt á Akureyri og víðar.

Allt þetta gjörir að verkum, að eitt af allra helztu nauðsynjamálum vorum er það, að koma peningastofnunum landsins í sem allra bezt horf, og þá fyrst og fremst gjöra þeim mögulegt að fá og hafa með höndum svo mikið fje sem þarf til þess, að nytsamleg fyrirtæki geti komizt á. Því ef bankana skortir fje, er hætt við að það dragi dáð úr ýmsum þarflegum fyrirtækjum, en sá apturkippur, sem af því leiddi, mundi verða til ómetanlegs tjóns fyrir landið allt. Framtakssami í öllum greinum er nýbyrjuð, og fái hún hnekki, mun það tefja alla framför landsins um langan tíma.

Jeg vil leyfa mjer enn að minnast sjerstaklega á tvö atriði.

Fyrra atriðið er það, að úr því farið var að breyta lögunum um stofnun Íslandsbanka á annað borð, þá furðar mig á, að það skuli vera gjört eins og hjer er farið fram á. Jeg álít það öldungis hættulaust, þótt svo hefði verið tekið til orða, að hlutafje bankans mætti auka, ekki að eins um 2 miljónir, heldur miklu meira, og jeg get enga hættu sjeð af því, þó bankanum væri heimilað að auka hlutafjeð eptir vild og þörfum. Jeg gjöri mjer að vísu von um, að ef þessi útfærsla verður gjörð á starfsfje bankans núna, þá sleppum við líklega óskemmdir yfir næsta tveggja ára tíma, en lengur ekki; og þá liggur ekki annað fyrir, en að löggjafarvaldið verði að rýmkva þessi takmörk meir, þegar á næsta þingi. Það er alls ekki hyggilegt, að löggjafarvaldið leggi verulegar hömlur fyrir peningastofnanir landsins. Öll höpt á bönkum geta verið mjög skaðleg á fjárhættutímum og nú er t. d. í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku komin full raun á, að löghöpt þau, er á bönkum hvíla þar, eru mjög viðsjál, og hefur legið við, að af því hlytist stórtjón, þótt ríkisstjórninni hafi tekizt að afstýra því með snarræði og viturleik. Jeg væri fús á að framfylgja breytingum í þá átt, að Íslandsbanka væri frjálst að auka hlutafje sitt eptir því, sem kringumstæður og þarfir heimta, og sje ekki, að af því geti stafað nein hætta fyrir landið.

Annað atriðið, sem jeg vildi minnast á, var það, að mjer þykir leitt, að ekki skuli hafa komið fram á þessu þingi neinar verulegar ráðstafanir til þess, að löggjafarvaldið reyni að gjöra hag Landsbankans betri en hann er, með því að gjöra ráðstafanir til að útvega honum meira starfsfje. Jeg hef frá þingbyrjun búizt við frumv. eða till. í þessa átt, og eins og jeg álít rjett, að samþ. þá breyting, sem farið er fram á að gjöra á lögum Íslandsbanka, eins hefði jeg talið jafn sjálfsagt, að gjöra ráðstafanir í þá átt, að bæta kjör landsbankans. Mjer sýnist hreyf-

ingin til framtakssemi og framfara, sem risin er í mörgum efnum meðal vor, þannig vaxin, að ástæða sje til að gleðjast yfir því, að sú alda er risin, og það er skylda þingsins, að gjöra allt, sem mögulegt er, til þess að peningastofnanir landsins geti fullnægt þeim kröfum, sem til þeirra eru gjörðar, til þess að styðja framfarir, en hepta ekki.

Eitt vil jeg taka fram enn. Mjer finnst bankarnir ekki hafa farið rjett að með rentuhækkunina. Þeir hefðu átt að hækka rentuna meira en þeir gjörðu, þegar hún hækkaði á heimsmarkaðinum. Það eiga bankar ávallt að gjöra, þegar hörgull verður á peningum, því að það gjörir lántakendur hikandi á að byrja á efasömum fyrirtækjum, og gjörir bönkunum um leið mögulegt að veita lán til góðra og arðvænlegra hluta, og þau fyrirtæki, sem verulegur lífskraptur er í, falla ekki fyrir það, þótt renta hækki um 1 eða 2%. En hvað góð sem þau eru, geta þau fallið, ef þeim er ómögulegt að fá starfsfje. Jeg gæti fært rök að því, að það, að rentan var ekki hækkuð meira hjer, ekki hækkuð í hlutfalli við rentu erlendis, hefur gjört það að verkum, að menn, sem annars hefðu fengið starfsfje erlendis, hafa fengið það hjer heima, af því að það var ódýrara, og af því leiðir aptur, eins og auðsætt er, að bankarnir hafa þeim mun minna fje til annars.

Jeg hef þá ekki meira um þetta frv. að segja að sinni; jeg vænti þess, að málið verði sett í nefnd, þegar umræðunni er lokið, og vona jeg, að sú nefnd telji sjer skylt, að taka málið til rækilegrar íhugunar.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg skal leyfa mjer að geta þess út af orðum hv. þm. Sfjk. (J. J.), að ástæðan fyrir því, að ekki er farið fram á meira en 2 miljón króna hækkun á hlutafje »Íslandsbanka« er sú, að það var ekki mælzt til meiri hækkunar. Og það finnst mjer fullnægjandi ástæða.

Það mun ekki vera regla annarsstaðar, að bankar, sem hafa seðlaútgáfurjett og rjett til þess að gefa út bankavaxtabrjef, megi hafa hlutafje sitt svo hátt eða lágt, sem þeir vilja, enda innanhandar að hækka það seinna, og viðbúið, að bankinn fari fram á það, því að skammgóður vermir varð honum að miljónarhækkuninni um síðustu áramót. Hún gekk öll upp í skuld bankans erlendis.

Þá gat háttv. þm. Sfjk. um það, að rentan hefði ekki verið hækkuð nægilega. En þetta finnst mjer ekki aðfinningarvert, sízt meðan bankinn leysir sæmilega úr þörfum manna. Og að minnsta kosti hefur ríkisþing Dana og stjórn ekki litið á þetta atriði eins og þm. Sfjk., því að þar kom til tals í vetur að fá fjármálastjórninni vald til þess að hafa hönd í bagga með umsetningu vaxtahæðar þjóðbankans.

Annars er jeg hv. þm. Sfjk. þakklátur fyrir undirtektir hans undir frumv. og vona að það fái framgang hjer í deildinni, breytt eða óbreytt.

ATKV.GR.:

Frv. var vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Stungið var upp á 5 manna nefnd, og var sú uppástunga samþ. með 20 atkv. Kom þá fram uppástunga um hlutfallskosningu frá 6 þingmönnum, og voru tilnefndir með hlutfallskosningu í nefndina:

Tryggvi Gunnarsson,
Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnason,
Jón Jónsson,
Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.).

Í nefndinni var Lárus H. Bjarnason kosinn formaður og Jón Jónsson skrif-

ari. Framsögumaður meiri hlutans var kosinn Jón Jónsson og framsögumaður minni hlutans Láius H. Bjarnason.

Á 36. fundi Nd., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frumv. (A 150, 408) til 2. umr.

Framsögumaður meiri hlutans Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Eins og sjest af nefndarálitinu, hefur meiri hluti nefndarinnar lagt það til, að frumv. það, er hjer liggur fyrir, verði að efninu til samþykkt óbreytt.

Um það eru víst lítil eða engin tvímæli, að ástandið í landinu er þannig vaxið, að nauðsyn ber til, að gjöra bönkunum það mögulegt að hafa meira starfsfje en þeir hafa nú.

Ástandið er þannig, að báðir bankarnir skulda töluvert fje erlendis. Og þarf þá ekki í rauninni meiri rök fyrir því að færa, að auka þurfi starfsfje bankanna; nema menn vilji eiga það á hættu, að apturkippur komi í framkvæmdir hjer á landi, og koma í veg fyrir, að nýjar byrji.

Um þetta hygg jeg engan ágreining með meiri og minni hluta nefndarinnar. En orsökin til þess, að nefndin klofnaði var sú, að minni hlutinn vildi setja skilyrði fyrir þessari heimild, en meiri hlutinn lítur svo á, að með því að setja nokkur skilyrði, sje þessu máli telft í voða, og að það megi með engu móti, svo framarlega sem menn annars vilja leyfa aukning á fjármagni því, er bankinn hefur til að starfa með.

Það sem liggur til grundvallar fyrir þessari skoðun meiri hlutans er það, að hann þykist hafa fengið sannanir fyrir því á ýmsa vegu, að hún sje á rökum byggð.

Í fyrsta lagi hefur meiri hlutinn fyrir satt, að bankaráðið sem slíkt muni hafa litið svo á, að engin skilyrði megi setja. Hjer í salnum eiga sæti menn úr bankaráðinu, bæði ráðherrann og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) svo að gjöra má ráð fyrir, að deildin fái að heyra álit bankaráðsins.

Sömuleiðis er það víst, að það er álit stjórnar Íslandsbanka, að engin skilyrði megi setja. Hún hefur nýlega spurt sig fyrir erlendis og fengið svar í þá átt, að ef nokkur skilyrði verði sett, er þröngvi kosti Íslandsbanka, þá muni hluthafar ekki fallast á aukningu fjársins, og þeir er lofað hafa að útvega þetta fje, muni nota sjer þetta og segja sig lausa allra mála.

Í skjali frá kaupmönnum og fleiri fjesýslumönnum hjer í Reykjavík, er tekið í sama strenginn, og meiri hluti nefndarinnar hefur gjört. Þar er látið í ljósi, að þetta sje svo stórvægilegt og alvarlegt mál, að jafnvel atvinnuvegir margra landsmanna sjeu í veði, ef það nær ekki framgangi. Þeir eru sammála meiri hluta nefndarinnar, að engan veginn megi tefla málinu í tvísýnu og voða, eins og nú er ástatt. Þetta loforð um að bæta 2 milj. við hlutafje hankans var gefið í vor, í aprílmánuði, ef mig minnir rjett, og það eru erlendir bankar, sem lofuðu að leggja til þetta fje. Þeir eru nú miklum mun ófúsari til þess en þá, vegna þess, að í staðinn fyrir að þá mátti búast við, að peningamarkaðurinn mundi batna, þá hefur hann nú þvert á móti versnað. Það er því líklegt, að bankarnir muni taka fegins hendi átyllu til að sleppa við loforð sitt. Því er það, að meiri hluti nefndarinnar vill alvarlega ráða háttv. deild að fallast á frumv. eins og það er, en samþykkja ekki till. minni hlutans. Ef þær eru samþykktar mundi það sjálfsagt verða til þess, að fjeð fengist ekki, og ef svo fer, þá er um svo alvarlega hættu að ræða fyrir land og

lýð, að það er skylda alþingis að afstýra henni, ef það er hægt. Þar sem afstaða meiri hluta nefndarinnar er þannig, að hún er á móti öllum skilyrðum, þá hirði jeg ekki að svo stöddu að ræða einstök atriði í till. minni hlutans, jafnvel þó sum þeirra sjeu svo vaxin, að full ástæða væri til að »kritisera« þau útaf fyrir sig.

Breyt.till. meiri hlutans er að eins til þess, að gjöra greinina lögulegri, og ef menn lesa tilsvarandi grein í bankalögunum, munu menn sjá, að síðari partur greinarinnar er óþarfur, eins og nú er komið. Meiri hluta nefndarinnar liggur auðvitað í ljettu rúmi, hvort breyt.till. er samþykkt, eða frv. samþykkt óbreylt.

Jeg treysti því, að háttv. deild ræði málið með stillingu og fallist á frumv.

Framsögumaður minni hlutans, Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það má segja um þetta frumv. eins og um silfrið, að sínum augum litur hver á það. Það er farið fram á, að veita hlutabaukanum leyfi til að auka 2 milljónum við hlutafje sitt eða til að hækka það úr 3 miljónum upp í 5. Því er haldið fram, að þessi aukning sje óumflýjanleg vegna þess, að bankinn hafi ekki nægilegt fje til útlána og geti ekki fengið fje á annan hátt.

Bankinn skuldar nú um 2 miljónir kr. í útlöndum, og bankastjórnin hefur ekki farið leynt með það, að fje það, sem fengist með aukning hlutafjárins, ætti að ganga til greiðslu skulda þessara. En af því leiðir, að starfsfje bankans eykst ekki með þessu móti, því að ekki er hægt að brúka sömu peningana bæði hjer til útlána og erlendis til afborgana.

Það er sagt, að bankinn geti ekki aukið fje sitt á annan hátt, en það er ekki rjett. Síðastliðið ár lifði hlutabankinn að nokkru leyti á lánum og lifði þó sæmilega vel, því að hann gaf hluthöfum samt 6% í hreinan ágóða, og það er ekki óefnilegur búskapur hjá frumbýlingi.

Líka má minna menn á, að seinasta þing heimilaði bankanum að gefa út bankavaxtabrjef. Nú hefur hann samkvæmt heimild þeirri lánað út á fasteignir allt að 1 miljón. Bankinn getur því nú, ef hann vill, aukið fje sitt um 1 miljón, með því að selja brjefin.

Enn fremur má geta þess, að von er um, að þjóðbankinn danski leyfi, að seðlar hlutabankans fái að ganga óhindraðir í Danmörku. Með því móti gæti bankinn haft alla seðlafúlgu sína úti, og þannig aukið starfsfje sitt um $1^1/_2$ miljón, því að nú hefur hann ekki nema tæpa miljón í umferð. Bankinn gæti þannig nú þegar útvegað sjer um $2^1/_2$ miljón auk þess sem hann vafalaust gæti fengið með lánum.

En þetta er ekki komið í kring, hvorki bankavaxtabrjefin seld, nje seðlarnir gjaldgengir í Danmörku, og því mun vera peningaþröng í bankanum, enda var enginn ágreiningur í nefndinni um það, að rjett væri eptir atvikum að leyfa bankanum að auka hlutafjeð. En minni hluti nefndarinnar vill binda aukningarheimildina skilyrðum, enda er það ekki ósanngjarnt, þar sem bankinn í upphafi var stofnaður með vildarkjörum, og síðan hefur fengið ívilnun á ívilnun ofan.

Hlutabankinn sækir þetta mál fast, enda hefur hann sótt allan gróður sinn fast, eða rjettara sagt þeir menn, sem gengið hafa erindi hans. Hann sótti fast, og enda meira en fast að fá seðlaútgáfutímann sem lengstan. Mjer er minnisstætt, með hverju móti sá tími var teygður úr 25 árum upp í 30 ár, enda þó að jeg hirði ekki um að nefna þá aðferð hjer því nafni, sem

hún verðskuldar. Bankinn sótti fast að leggja undir sig sparisjóðinn á Akureyri og Seyðisfirði, og hann hefur náð sömu tökum á spariskildingum manna hjer, enda þó aldrei væri til þess ætlazt, með því að taka á móti slíku fje á »innlánsbók«, sem kallað er. Hann sótti fast 1905, að fá málmforðann, tryggínguna fyrir seðlunum lækkaðan úr $^4/_8$ niður í $^3/_8$. Og sama ár fjekk hann með harðneskju leyfi til að gefa út bankavaxtabrjef, enda þótt það sje einsdæmi um seðlabanka, að þeir láni mikið út á fasteignir.

Frumv. þetta var flutt inn á þingið 1905 af 3 deildarmönnum, og þeir komu því svo fyrir með aðstoð annara vina bankans, að engir aðrir fengu sæti í nefndinni, en flutningsmennirnir sjálfir, og svo var kappið mikið, að málið var að eins í nefndinni eina nótt.

Hví sækir bankinn öll mál sín svona fast? Af því að hann berst eingöngu fyrir hagsmunum sínum og veit, við hverja hann á. Jeg nefni þetta ekki til þess að víta bankamennina; það er ekki að undra, þótt þeir, sem bankann eiga, og bankastjórnin skari eld að sinni köku. Hagsmunir bankans eru eingöngu að græða sem mest, en til þess að græða sem mest þarf hann að eflast sem mest, og því öflugri sem hann verður, þess vesalli verður keppinautur hans Landsbankinn, enda leikurinn kannske meðfram til þess gjörður.

Þetta eru *hagsmunir bankans*, en það *eru ekki hagsmunir lands og lýðs*. Úr því að landið afsalaði sjer seðlaútgáfurjettinum illu heilli, þá er landsbankinn síðasta vonin. Hagsmunir lands og lýðs eru nú undir því komnir, að Landsbankinn ekki að eins standi, heldur standi í hlutabankanum. Það er lífsskilyrði fyrir þjóðina og landið, að samkeppnin haldist í peningaverzluninni eins og annari verzlun. Eða hvað ætli menn segðu við því, að hafa t. d. ekki nema 1 brauðsala í bænum. Samkeppni er skilyrði fyrir efnalegu sjálfstæði og pólitiskt frelsi er ekki mikilsvert án sjálfstæðis í efnalegu tilliti. Við höfum sjeð svo mörg dæmi þess, hvað frelsið gagnar þeim, sem bundinn er á þrælaklafa skuldanna.

Það er alltaf hrópað á peninga, meiri peninga. Og það er satt, að ekki er gott að vanta fje, en peningarnir geta líka orðið of miklir. Eins og menn geta jetið yfir sig og drukkið yfir sig, eins geta menn brúkað peninga um of. Góðir bankar gæta ekki að eins þess, að hafa næga peninga, þeir gæta þess engu síður, að farið sje rjett með peningana. Þeir velta ekki peningunum frá sjer í blindum, stríðum straumum, þeir leiða peningastrauminn rjett, þeir *bjóða* ekki einungis peninga, heldur *halda* þeir einnig í þá þegar svo ber undir. Jeg held, að báðir bankarnir hjer hafi syndgað móti þessu lögmáli, ekki síst landsbankinn. Nú er velmegun hjer í landi eptir því sem gjörist. Reykjavík vex sjerstaklega óðum. Það hefur verið hörkuaðfall að henni nokkur ár. Það hefur aflazt vel um langan tíma, og fiskur verið í háu verði. En hvorttveggja er komið undir atvikum, sem við ráðum ekki við. Mikill hluti veðdeildarinnar er í húsum hjer í Reykjavík, sem mörg eru miður vel gjörð. Ef aflinn bregzt, eða fiskurinn fellur í verði; jeg tala nú ekki um ef hvorttveggja fylgist að, þá fellur jafnhart út úr Reykjavík. Þá tæmast húsin og falla í verði, og bankinn stendur uppi með tóma kofana. Raunar sagði nú einn af bankamönnunum við mig í vor, er þetta bar í tal milli okkar, að skaðinn væri bættur, allt af mætti rífa húsin og selja þau til elds-

neytis. *(Tryggvi Gunnarsson:* Ekki sagði jeg það); en það yrði dýrt eldsneyti ef bankinn ætti að fá sitt og þá líklega ekki útgengilegt. Það er því tími til kominn fyrir bankana, að fara að taka ofurlítið í taumana. Og jeg er ekki alveg sannfærður um, hvort *þeir* — sjerstaklega hlutabankinn þurfi svo mjög á meiru fje að halda. Vanti landið svo mjög peninga, væri því líklega fullt svo hollt, að fá þá gegnum svokallaðan privatbanka, enda mundi slíkur banki sjálfsagt borga sig hjer, eins og annarsstaðar. Þeir bankar eru alveg óháðir, eins og hver önnur búð, og geta því betur hagað sjer eptir öllum atvikum en seðlabankar.

Og vík jeg þá að tillögum minni hluta nefndarinnar. Það hefur verið sagt, að þær væru þegar af þeirri ástæðu óframbærilegar, að þær væru rof á samningnum 1902 eða lögunum um »Íslandsbanka« frá því ári. En sje þetta ekki sagt í hugsunarleysi, þá veit jeg ekki hvað á að kalla það. Að vísu má segja, að lögin sje samningur milli þings og hluthafa. En þá má líka segja við hluthafana: ef þið viljið fá að auka hlutafjeð fram yfir það, sem um var samið 1902, þá verðið þið að sætta ykkur við að við herðum á skilyrðunum. Með þessu eru ekki brotnir neinir samningar. Hluthafar geta gjört hvort sem þeir vilja, auka fjeð og gangast undir skilyrðin, eða láta það vera.

Hv. framsm. sagði, að ef skilyrði fylgdu leyfinu, þá mundi fjáraukningin ekki fást. Hann sagði, að bankaráðið mundi vita eitthvað til þessa, bankastjórnin væri þess fullviss, og nú hefðu hlutaðeigendur eptir fyrirspurn frá bankastjórninni alveg aftekið það, ef nokkur skilyrði væru sett. Og svo klykkti hann út með því að vitna í samhljóða brjef nokkurra Reykjavíkurkaupmanna. Jeg skal nú rekja sannanir! hans lið fyrir lið.

Jeg held að bankaráðið viti lítið um þetta, og af því að hv. frsm. vitnaði til mín og ráðherra, skal jeg leyfa mjer að skýra frá því, sem jeg heyrði og hvernig jeg skildi það. Við ráðherra vorum báðir viðstaddir þar sem — jeg segi ekki hvar það var — ýms skilyrði voru rædd. Jeg hjelt fram meðal annars sömu skilyrðunum, sem nú hafa gefið tilefni til þessara umræðna og þó einkum hækkun á árgjaldinu. Og þegar jeg spurði hlutaðeigandi mann, sem bezt er kunnugur þessu máli og mestu rjeð um það, hvað hann áliti um þessi skilyrði, sjerstaklega hækkun afgjaldsins til landssjóðs, þá sagði hann: »við viljum auðvitað helzt vera lausir við það, og tíminn til þess er ekki vel valinn«. Jeg spurði aptur: Verður þá ekki leyfið notað, ef þetta skilyrði er sett? »Ja, það get jeg ekki sagt neitt um«, sagði hann og endurtók um leið, að þeir »vildu helzt vera lausir við það og að tíminn til hækkunar væri ekki vel valinn«. En hvað er að byggja á þessu, umsögn bankastjórnarinnar og þessu *pantaða* svari þeirra, sem leggja ætla fjeð fram. Þeir finna á þeim, sem þeir eiga að sækja leyfið undir, að þeir muni ekki að eins fá það endurgjaldslaust, heldur muni því verða troðið upp á þá. Og hvað er þá eðlilegra, en að þeir segist ekkert vilja borga fyrir það.

Og líku máli er að gegna um þessa yfirlýsingu nokkurra kaupmanna, sem frsm. nefndi. Hún er ekkert annað en endurtekning á sögusögn hinna. Sannleikurinn verður ekki sannari, þótt hann sje endurtekinn og ósannindin ekki ósannari fyrir það, þó að fleiri taki þau upp. Áskorunin er því markleysa ein. Kaupmenn þessir eiga hjer þar að auki hlut að máli. Þeir halda

sjer borgið, ef þessi aukning fæst, en týnda, ef hún bregzt.

Einn af stærstu kaupmönnum bæjarins sagði nýlega við mig og var mikið niðri fyrir, að hann yrði að »pakka saman«, ef hlutabankinn ekki fengi leyfið skilyrðislaust. Og úr því að frsm. fór að vitna í kaupmenn, þá hefði hann sannarlega miklu fremur átt að vitna í seinni kaupmanna áskorunina, sem *miklu fleiri og flestir* íslenzku kaapmennirnir hafa skrifað undir, auk sumra hinna, sem skrifað höfðu undir hlutabankaáskorunina. Þar er skorað á alþingi, að *efla Landsbankann og gæta hags landsins.*

Jeg þykist nú hafa komið við »ástæður« háttv. framsm. og sýnt, að í þeim er ekki fólgið neitt sönnunargildi. Þær geta ekki kallazt líkur, hvað þá heldur sannanir. Og skal jeg svo víkja að þeim ástæðum, sem jeg hef fram að færa í þeirri von að þjer, hv. samdeildarmenn, getið byggt á þeim »forsendum« fullt eins öruggan dóm og á tölu hv. frsm.

Hlutabankinn er verzlun, einstakra manna peningaverzlun, og því ekki rekin af brjóstgæðum. Þess vegna megið þið vera þess fullvissir, að hinir útlendu auðmenn bjóðast ekki til að auka veltufje þessarar verzlunar sinnar af brjóstgæðum. Þeir höfðu 6% vexti upp úr verzlun sinni í fyrra, og búast við með þessu móti að fá að minnsta kosti jafn mikið eða líklega meira.

Þessir sömu menn, sem nú bjóða fram 2 milj. til aukningar hlutafjenu, höfðu boðizt til þess, að kaupa bankavaxtabrjef fyrir 1 miljón, en setja nú sem skilyrði fyrir þessum bankavaxtabrjefakaupum, að þeir *einir* fái að leggja fram hlutafjáraukann.

Bankavaxtabrjefin gefa í vexti 4½%, en í útlandinu geta þeir fengið 6% í arð af peningum sínum. Það er þess vegna ekki góð »forretning«, að kaupa bankavaxtabrjef ein, en þeir húast við að hlutafjáraukinn kasti *svo miklu* af sjer, að það beri ekki að eins bankavaxtabrjefakaupin, heldur mjólki drjúgum fram yfir. Þeir setja það því sem skilyrði fyrir, að kaupa brjefin, að þeir einir fái að taka alla aukninguna að sjer.

Ætli að Íslendinga-greyin fengju ekki að sitja fyrir einhverju af þessum hlutafjárauka, ef búizt væri við, að hann bæri sig illa? Undanrenningunni hafa þeir þó optast fengið að halda. Nei, þeir telja þetta arðvænlegt fyrirtæki, og vilja því vera einir um hituna. Og einmitt þess vegna get jeg ekki skilið það, að jafn stórri verzlun og hlutabankanum standi það á nokkru, hvort hún borgar fáeinum þúsundum meira eða minna í landssjóð. Það er nokkru öðru máli að gegna um aukningu seðlaútgáfurjettar landssjóðs landsbankanum til handa, enda þó að hlutabankinn ætli ekki að setja hana svo mjög fyrir sig, meðan hann ekki hefur alla sína seðla úti. Hlutabankinn er áreiðanlega arðsamt fyrirtæki eins og stendur, og verður æ því arðsamari, sem landið byggist betur. Þegar að því kemur, að bankinn hefur alla seðla sína — tvær og hálfa miljón — í veltunni, og þess er líklega ekki mjög langt að bíða, þá kemur arðurinn inn ekki í þúsundum heldur í tugum og jafnvel hundruðum þúsunda. Beinn brúttó-hagnaður hans af seðlunum á ári verður þá 150,000 kr.

reiknað með 6% vöxtum.	
Þar frá ganga vextir, 4% af gullforðanum (937,500 kr.) eða	37,500 —
og verður þá beinn hagur af seðlunum einum . . .	112,500 kr.

Ekki að tala um, ef alþingi verður þá eins gott við bankann eins og það hefur verið hingað til, og eykur seðlaútgáfurjettinn enn meira. Væri þessar árstekjur bankans af seðlaútgáfurjettinum gjörðar að höfuðstóli og vextir taldir 4%, koma út 2,812,500 krónur. Þetta — næstum 3 miljónir króna — er þá sú upphæð, sem landssjóður hefur gefið hlutabankanum með seðlaútgáfurjettinum. Það gjörðist á því herrans ári 1901, þegar háttv. minni hluti, sem nú þykist verja landið fyrir útlendum og innlendum óvinum, rjeði lögum og lofum á þinginu. Auk þess lá við, að Landsbankinn væri jafnframt lagður niður við trogið, en því var bjargað, háttv. minni hluta að þakkarlausu. Nú er farið fram á, að auka hlutafjeð um 2 miljónir. Er það þá ósanngjarnt, þó þingið setji nokkur skilyrði fyrir þessari heimild? Landsbankinn borgar 15,000 kr. í landssjóð á ári fyrir að mega hafa úti 750,000 kr. í seðlum. En hlutabankinn borgaði samkvæmt reikningi síðasta árs liðugar 8,000 kr. fyrir að mega hafa úti 2½ miljón í seðlum. Er þetta sanngirni? Ef hann hefði átt að borga að sama skapi og landsbankinn, hefði hann átt að borga rjettar 50,000 kr. í landssjóð á ári.

Einn háttv. þingm. segir, að með auknu veltufje muni landssjóðnum græðast meir. Það er nú að vísu ekki óliklegt, en þó engan veginn víst, því að þær verzlanir, sem hafa lítið fje í veltu, gefa opt meiri arð en hinar, sem meira hafa; en sjerstaklega er það óvíst, þar sem eins stendur á og hjer, að landssjóður fær ekkert fyr en hluthafar hafa fengið sínar 4%.

Jeg skal játa það, að fullt eins mikil ástæða hefði verið til þess, að fara fram á þessa hækkun á þinginu 1905, þegar bankanum var leyft að færa málmforðann niður og að gefa út bankavaxtabrjef. En þá var það ekki gjört, og því rjettast að leiðrjetta þetta nú. Það er því síður viðsjárvert, sem við leggjum það til, að afnumið verði gjald bankans til alþingisfulltrúanna, sem nemur nú rúmum 5,600 kr. á ári. Okkur sýnist það rjettara, að það, sem borgað er fyrir eptirlitið með bankanum, sje borgað af þeim, sem *lætur líta eptir* bankanum, heldur en af bankanum sjálfum, sem *lítið er eptir*.

Jeg flyt þessa tillögu með því meiri ánægju, sem jeg hef heyrt haft eptir sumum hlutabankamönnum, að það væri »svartasta vanþakklæti« af mjer, að vilja setja bankanum nokkur skilyrði, þar sem jeg njóti 1,400 kr. á ári frá honum fyrir lítið starf.

En hvernig sem þetta fer nú, hvort sem tillögur okkar minni hluta manna verða samþykktar eða ekki, þá hef jeg þó að nokkru leyti náð tilgangi mínum. Jeg finn, að þingið er vaknað til varðhalds um hagsmuni lands síns og þjóðar sinnar. Og þá hef jeg ekki talað til einkis.

Ráðherrann: Mig furðar stórlega á, að slíkar umr. skuli geta risið út af þessu litla frumv. um að rýmka hin óeðlilegu takmörk, sem í lögunum eru sett fyrir upphæð hlutafjár Íslands banka. Eins ljóst og sjálfsagt og það er, að takmarka verður seðlaútgáfurjett bankans og setja honum föst skilyrði að því leyti, eins óljóst og torskilið virðist mjer það, hvers vegna sett hefur verið í 2. gr. hlutabankalaganna fast hámark fyrir því, hve mikið megi leggja í bankastofnunina *sem hlutafje*. Jeg get ekki sjeð, á hvern hátt það getur skipt máli fyrir hið opinbera, hvort starfsfje, sem bankinn og viðskiptamenn hans þurfa á að halda, er borgað inn af hluthöfum gegn »aktíum«, eða t. d.

tekið að láni gegn skuldabrjefum eða á annan hátt. Það virðist vera mál, sem mest kemur við hluthafana, hvort þeir vilja auka hlutafjeð eða ekki, enda mun slíkt í öllum öðrum hlutafjelögum hjer á landi vera eingöngu undir þeim komið. Engu öðru hlutafjelagi hjer á landi eru sett nein takmörk um það af hinu opinbera, hve mikið hlutafje það megi hafa. Þegar menn ganga í hlutafjelag, þá ráða þeir sjálfir íhlutunarlaust af hálfu landsstjórnar eða þings, hve mikið fje þeir vilja leggja til þess, og verður þetta alveg eðlilegur rjettur. Jeg skil þess vegna ekki í þessari mótspyrnu eða yfir höfuð í þeirri skoðun, að hjer sje um það að ræða að veita bankanum einhver ný hlunnindi, sem rjett sje að ná sjer niðri á honum fyrir. Sjái stjórn bankans og bankaráðið, að bankinn muni fá ódýrara starfsfje til útlána hjer í landinu með því að auka hlutafjeð, heldur en með lántöku eða mikilli skuldaverzlun við erlenda banka, en að viðskiptalífinu hins vegar sje háski búinn, ef fje er ekki fengið á einhvern hátt til þess að fullnægja brýnustu þörfum, þá sje jeg ekki betur, en að það sje fremur í landsins þágu en hitt, að valin sje sú leiðin sem ódýrari er, og sjálfsagt að losa sem bráðast um öll óeðlileg höpt, er því eru til fyrirstöðu. Jeg held því, að þessi hiti, sem hjer bólar á, hljóti að stafa af misskilningi, t.d. af því, að menn gjöri sjer ekki fullkomlega grein fyrir, hver er munurinn á seðlaútgáfurjetti og rjetti til að auka hlutafje.

Jeg skal þá stuttlega víkja að tillögum hins háttv. minni hluta. Fyrsta tillagan er sú, að það sje gjört að skilyrði fyrir aukning hlutafjár *Íslandsbanka*, að gefa megi út fyrir Landsbankann seðla fyrir 1/4 miljón kr. í viðbót við núverandi seðlafúlgu hans. Í athugasemdum minni hlutans við þetta atriði er það tekið fram, að þar sem Íslandsbanki aldrei hafi notað seðlaútgáfurjett sinn nánda nærri til fulls, þá þurfi ekki að búast við miklum mótbyr af hálfu Íslandsbanka gegn slíkri aukning á seðlaútgáfu Landsbankans. Í þessum ummælum og orðalagi 2. gr. í minni hluta till. liggur, að Íslandsbanki geti með samþykki sínu leyft þessa aukningu, o: geti gjört slíka ráðstöfun lögmæta, með því að nota heimild til hlutafjáraukningar.

Jeg vil nú leyfa mjer með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp ákvæði laganna um það efni:

Í 8. gr. hlutabankalaganna 7. júní 1902 stendur svo:

»Íslands banki skal, meðan lög þessi eru í gildi, vera eina stofnunin á Íslandi, er rjett hafi til að gefa út gjaldmiðil, er komið geti í stað mótaðra peninga, og *er það ákveðið til tryggingar Íslands banka* **og handhöfum seðla hans**, *að* **ekki** *skuli svo lengi sem lög þessi eru í gildi, gefa út eða leyfa að gefa út nokkurn slíkan gjaldmiðil.* Seðlar þeir, sem út gefnir eru af stjórninni fyrir hönd landssjóðs, skulu þó vera í fullu gildi, **en ekki má auka þá fram yfir það, sem nú er**«

(Lárus H. Bjarnason: Þetta er leiðinlegur misskilningur hjá hæstv. ráðh.). Enn þá hef jeg ekki gjört annað, en að lesa upp orðrjett fyrirmæli laganna eins og allir geta sjeð, svo þar getur enginn misskilningur hafa komizt að. Af þessu sjest, að hið tvíþætta loforð laganna: *að ekki skuli* á því 30 ára tímabili, sem Íslands banki hefur seðlaútgáfurjettinn, gefa út eða leyfa að gefa út nokkra aðra seðla, og *að* ekki *megi* auka seðla Landsbankans fram yfir það, sem nú er, er gefið til tryggingar, eigi að eins Íslandsbanka o: eigendum »aktíu«brjefanna, heldur einn-

ig til tryggingar handhöfum þeirra seðla, sem út eru gefnir samkvæmt hlutabankalögunum.

Á þessu loforði frá löggjafarvaldsins hálfu hefur hver einasti maður rjett til að byggja, sem hefur í höndunum seðil frá bankanum, og bankinn (þ. e. aðalfundurinn, hluthafarnir) hafa ekki atkvæðisrjett fyrir handhafa seðlanna. Þessu verður naumast mótmælt; löggjafarvaldið getur ekki breytt skilmálunum og trggingunni fyrir seðlunum eptir að búið er að nota þá heimild, sem þau veita til að gefa út seðla, jafnvel þótt það væri álitið sæmilegt og samboðið löggjafarvaldinu, að »akkordera« við hluthafana um slíkt, og þeir vildu ganga inn á það. Loforð laganna verður að standa. Þetta er afgjörð sök. Hversu mjög sem menn naga sig í handarbökin eða harma það, að seðlaútgáfurjetturinn var þannig gefinn frá landinu 1901, þá verða menn að sætta sig við það, sem orðið er, reyna að bera sig karlmannlega, og gjöra svo gott sem hægt er úr því ástandi, sem er. Að rjettu lagi tekur því 2. gr. í minni hluta till. aptur það, sem heimilað er í 1. gr., ef 2. gr. er ekki markleysa ein, heimild til seðlaútgáfu, sem ólögmætt eða óforsvaranlegt væri að nota. Önnur till. hins háttv. minni hluta (í 3. gr. í till.) er sú að hækka gjald Íslands banka til landssjóðs úr 10% af því, sem umfram er 4% af hlutafjenu, upp í 20%, og í nefndarálitinu stendur, að sú hækkun sje í rauninni allt of lítil í samanburði við það, sem Landsbankinn borgar. Því er haldið fram, að Landsbankinn borgi 15,000 kr. *fyrir sinn seðlaútgáfurjett,* en Íslandsbanki hafi síðastliðið ár að eins borgað rúmar 8,000 kr. fyrir rjett til að gefa út meira en þrefalt hærri seðlaupphæð.

En hjer til er fyrst það að segja, að það er ekki með rjettu hægt að bera saman Landsbankann og Íslandsbanka, að því er snertir greiðslur í landssjóð, því að Landsbankinn er eign landssjóðs að öllu leyti. Það sem honum fjenast, það fjenast landssjóði, og það sem Landsbankinn greiðir í landssjóð eða til landsþarfa, er í rauninni að eins færsla úr einum vasanum í annan. Það er ekki rjett, að Landsbankinn borgi landssjóði 15,000 kr. fyrir *seðlaútgáfurjett,* því Landsbankinn hefur ekki og hefur aldrei haft neinn seðlaútgáfurjett. Landssjóður lánar bankanum 750,090 kr. í seðlum, sem hann o: landssjóður, gefur út og tekur fyrir það 1% vexti. Það gjörir 7,500 kr. Meira borgar bankinn ekki fyrir seðlalán sitt. En auk þess var ákveðið á síðasta þingi, að bankinn skuli greiða árlega 7,500 kr. til byggingarsjóðs Íslands, alls ekki sem neitt gjald fyrir seðlana, heldur var þetta eins og hver önnur ráðstöfun á landsfje, til opinberra fyrirtækja. En það, sem Íslandsbanki greiðir, er skattur á »privatmenn«, eigendur »aktíu«fjársins, gjald, er þeir greiða í notum þeirra rjettinda, er bankinn nýtur, miðað við þann arð, er hann í hvert skipti hlýtur.

En þó svo væri, að háttv. minni hluti nefndarinnar hefði rjett fyrir sjer í því, að Landsbankinn greiddi landssjóði gjald sitt »fyrir að mega gefa út 750,000 kr. í seðlum«, þá er samanburðurinn við Íslandsbanka alls ekki rjettur fyrir því hjá háttv. minni hluta, því þar miðar hann við þá upphæð sem *hæst má gefa út* af seðlum, en ekki við það, sem gefið er út í raun og veru, sem stundum ekki er mikið meira en landssjóðsseðlarnir.

En nú er gjald Íslandsbanka alls ekki miðað við seðlamagnið, heldur arð, 10% af arði, eins og fyr var sagt, og því er hátíðlega lofað í 12. gr, hlut-

abankalaganna, að bankanum skuli aldrei, meðan hann hefur heimild til seðlaútgáfu, íþyngt með nokkru öðru gjaldi eða skatti en þessum 10% samkvæmt 11. gr. Þrátt fyrir það að ganga verður út frá því, að þeir sem keypt hafa hlutabrjef bankans, hafi gjört það í því rjettmæta trausti, að arðsemin yrði ekki skert með álögum, frekar en bankalögin segja, þá fer h. minni hluti fram á, að færa gjald bankans til landssjóðs upp í 20% af arðinum, eptir að 4% af hlutafje er frá dregið. Þykist jafnvel fara mjög vægt í sakirnar, af því *að eins* sje farið fram á, að árgjaldið verði *tvöfaldað*.

Þessi ummæli sín miðar háttv. minni hluti við þá upphæð, sem Íslandsbanki greiddi fyrir síðastliðið reikningsár (1906), 8,042 kr. En það er hætt við, að sú upphæð yrði eigi allítið meiri en tvöfölduð, ef tillagan fengi framgang. Því þess er að gæta. að mestan hluta ársins 1906 var hlutafjeð að eins 2 miljónir; uppfærslan upp í 3 miljónir var ekki samþykkt fyr en síðast í júlímánuði í fyrra, og hefur því ekki verið farin að verka mjög á umsetninguna á síðastliðnu reikningsári. Nú er talað um að auka hlutafjeð enn um 2 miljónir upp í 5 miljónir, og auk þess hefur bankinn loforð fyrir 1 miljón fyrir bankavaxtabrjef. Það liggur nú í augum uppi, að svo framarlega sem bankinn hefur afsetning á öllu þessu starfsfje, og getur hagtært því á sama hátt, og með sama hagnaði eins og fje sínu hingað til, en um það er engin ástæða til að efast, þá hlýtur »*brutto*«-upphæð arðs, sem eptir verður, þegar 4% af hlutafje eru frá dregnir, að verða miklu meiri en sú upphæð, sem af gekk 1906, með svo miklu minna veltufje. Hvað sem er um arð *hluthafanna* umfram hina lögmæltu 4%, þá hlýtur sú upphæð, sem landssjóðsgjaldið á að reiknast af og miðast við, að vera miklu hærri undir öllum venjulegum kringumstæðum, áður en til skiptingar kemur milli hluthafa. Það er því alveg augljóst, að þó hundraðsgjaldið sje ekki hækkað upp úr 10%, þá hlýtur greiðslan til landssjóðs að verða miklu meiri, en hún var 1906, að eins vegna þess, að hlutafjeð og starfsfjeð er aukið. Jeg skal ekkert um það segja, hve miklu hækkunin mundi nema. En segjum t. d., að arðsafgangur allur í heild sinni yrði helmingi hærri en hann var 1906, þá yrði hluti landssjóðs, 10% af þeirri upphæð, kringum 16,000 kr.; væri nú þetta, eins og háttv. minni hluti vill, fært upp í 20%, þá yrði gjald bankans á ári yfir 30,000 kr., og miði maður þá upphæð við seðlaútgáfuna, sem hæst er $1^1/_2$ miljón, þá nemur árgjaldið fullum 2% á hæstu seðlafúlgu, sem úti er. (*Lárus H. Bjarnason:* Dæmið er skakkt sett upp). Þetta er ekkert dæmi, heldur bein röksemdaleiðsla, er sýnir, að tillaga háttv. minni hluta getur ekki staðizt.

Þá er enn tillaga minni hlutans, að fulltrúum bankaráðsins, er alþingi kýs, skuli borgað 600 kr. hverjum á ári *úr landssjóði*. Jeg skil ekki annað en að þessi merkilega ívilnun við bankann hljóti að vera byggð á einhverjum »misskilningi«, svo jeg noti orð háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Jeg hef alltaf litið svo á, og jeg held, að allir hljóti að líta svo á, að bankaráðið sje til fyrir bankann, og eigi að vinna fyrir þá stofnun, og að þau störf sjeu landssjóði óviðkomandi að borga.

Það, að ákveðið var í hlutabankalögunum, að þrír af fulltrúunum skuli kosnir af alþingi, var ekki gjört til þess að setja þá til höfuðs bankanum, nje til þess að þeir drægi ofan af honum

skóinn á neinn hátt, heldur var ástæðan sjerstaklega sú, að gengið var út frá því, að landssjóður yrði eigandi að $^2/_5$ hlutafjárins, enda þótti rjett, að á móti seðlaútgáfurjettinum kæmi það, að landið fengi áhrif á stjórn bankans, svo að trygging væri fyrir því, að bankanum væri stjórnað samkvæmt tilgangi bankalaganna. En hitt, að það sje gjört til þess að halda bankanum í kútnum, það held jeg sje misskilningur. (*Lárus* H. *Bjarnason*: Hver hefur sagt það?). Meiningin hefur vafalaust verið, að þingið kysi þá fyrir hönd landssjóðs sem þess mikla hluthafa, sem ætlazt var til að hann yrði, og einmitt þetta atriði, sem jeg nefndi áðan, að gjört var ráð fyrir og lögheimilað sjerstaklega, að landssjóður væri eigandi að $^2/_5$ hlutafjárins, leysir þá ella óskiljanlega gátu, hvers vegna hámark hlutafjárins hefur verið fastákveðið. Það hefur bersýnilega verið gjört í því skyni, að tryggja landssjóði sem hluthafa nægilegt atkvæðamagn á aðalfundum gagnvart öðrum hluthöfum, með því að girða fyrir, að hlutföllunum milli landssjóðsatkvæðanna og annara hluthafaatkvæða væri raskað með hlutafjáraukning á aðalfundi, án þess landinu jafnframt gæfist kostur á að heimila aukning á hlutaupphæð landssjóðs. Þetta, en ekki hræðsla við hærra hlutafje, veldur takmörkuninni, og þegar ástæðan er burtu fallin við það að landssjóður á ekkert í bankanum, verður því síður ástæða til að strita á móti því, að takmörkun hlutafjárupphæðarinnar sje breytt.

En svo jeg víki mjer aptur að tillögunni um að launa hinum þingkjörnu starfsmönnum bankans úr landssjóði, þá er því *síður* ástæða til þess, sem landssjóður á ekkert í hlutafje bankans. Það væri nýstárleg meðferð á landsfje, að nota það til þess að ljetta launabirði af öflugri *privatstofnun*, og engin ástæða til slíks, þó hinir þingkjörnu fulltrúar hafi jafnframt störfum sínum fyrir bankann sjerstaka skyldu til að gæta þess, að bankinn komi landinu að sem fyllstum, beztum og viðtækustum notum, og brjóti ekki í bága við þann tilgang, sem tiltekinn er í inngangi bankalaganna, í stuttu máli sagt, að gagns og virðingar landsins sje gætt í öllu sem að bankanum lýtur, þar á meðal einnig að haldin sjeu loforð laganna. Jeg hef að vísu ekki svarað öllu því, sem jeg hafði skrifað hjá mjer úr ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), og ástæða væri til að svara. En jeg er búinn nægilega að láta í ljósi álit mitt um þetta mál, og jeg þykist hafa leitt rök að því, að rjett sje að fella tillögu minni hlutans, og samþ. frumv. eins og háttv. meiri hluti nefndarinnar hefur gengið frá því.

Tryggvi Gunnarsson (2. þm. Rvk.): Um þetta mál eru orðnar alllangar umræður, og er það eðlilegt, því bankamál landsins eru mikilsverð fyrir þjóðina. Það er einnig eðlilegt, að meiri hluti nefndarinnar haldi fram sinni skoðun, og að þeir menn, sem um leyfið sækja, vilji fá það sem ódýrast og skilyrðislaust. Það er mikilsvert fyrir þá, og hyggindalegt er það af þeim, að láta það í veðri vaka, að ekkert verði úr aktíukaupunum nema þeir fái leyfið skilyrðislaust, þeir vita að hjer eru menn, sem bara vilja efla hlutabankann hversu mikið sem það kostar landið. En jafnframt er það eðlilegt, þótt þeir, sem er annt um Landsbankann maldi í móinn, og að þeim sárni það, að seðlaútgáfurjetturinn er kominn í hendur útlends gróðafjelags fyrir pólitískt ofurkapp. Það

er skiljanlegt, að kaupmenn óski þess, að peningar sjeu sem mestir í bönkunum, þeir vita, að því meiri lán sem fást í bönkunum, þeim mun meira selja þeir af sínum vörum. Það er eptirtektavert, að þetta brjef, sem hjer liggur prentað, er ekki undirskrifað af neinum atvinnurekendum á landi voru nema kaupmönnum; þó snerta bankamálin fleiri stjettir, en þá eina. Jeg hef ekki heyrt hingað til, að það sjeu kaupmenn, sem gangist mest fyrir þjóðlegum framkvæmdum hjer á landi, svo jeg held, að þeir í nefndu brjefi taki meira tillit til eigin hagsmuna en landsins.

Það hefur verið mikið talað um, að bráðnauðsynlegt sje að fá þessar 2 miljónir í hlutabankann, því annars stanzi allar framkvæmdir hjer á landi, en örðugt mun vera að sanna það, að framfarir í sjávarútvegi og landbúnaði hafi aukizt að sama skapi, sem skuldir landsmanna við bankana. En aptur mun verða auðvelt að sanna það, að talsverður hluti fjárins hefur farið fyrir glys, og minna þarflegar vörur. En horfir það til sannra framfara landsins, að það sleppi miklu af rjettindum sínum í útlendar hendur til þess að kaupmenn geti fengið stór bankalán til slíks? Ef háttv. þm. hefðu staðið á bryggjunum hjer í Reykjavík dálítinn tíma, þá hefðu þeir sjeð, að á tveim mánuðum hafa komið yfir 30 skipsfarmar upp á bryggjurnar en ekki einn einasti vörufarmur er kominn út úr landinu til þess að borga með þessar innfluttu vörur, og margt af vörunum hefur ekki verið til framfara heldur óþarfrar eyðslu.

Þó þessar 2 miljónir fáist, þá má ganga að því vísu, að þeim verður ekki varið öllum til búbóta og framfarafyrirtækja; nokkuð af þeim mun ganga til þess að borga óþarfa vörur og húsabygginga. Þess má einnig geta, þó þetta leyfi yrði veitt skilyrðislaust og 2 miljónir fengjust, þá yrði ekki mikið meira af peningum manna á milli í landinu fyrir það, því talsvert af þeim mundi ganga til þess að borga áfallnar skuldir hlutabankans í útlöndum, svo að á næsta þingi kvæði við sama bjallan um ný rjettindi handa hlutabankanum, landið vantaði peninga, svo nauðsynlegt væri að auka rjettindi hans. Landsbankinn hefur engin önnur tök til þess að auka sinn peningaforða, en reyna að gefa út bankaskuldabrjef; þau verða ekki gjörð af hagsvon fyrir bankann, heldur til þess, að bæta úr peningaskorti landsmanna. Það er haft fyrir grýlu hjer á þingi, að ekki megi setja nokkur skilyrði í frumv., því að þá mundu þeir auðmenn erlendis, sem ætli að hjálpa hlutabankanum og landsmönnum!! kippa að sjer hendinni og hætta við atkiukaupin. En háttv. þm. geta reitt sig á það, að þeir, sem ætla að kaupa þessi hlutabrjef, hafa meira vit en svo, að þeir líti svo skammt fram á veginn. Þessir þaulvönu bankamenn líta ekki á það, hvort þetta borgar sig fyrstu árin, þeir líta dýpra, þeir sjá, að leyfið er til 27 ára og þá geta þeir reiknað út hvers virði það er fyrir allt tímabilið, að fá að auka veltufjeð um 2 miljónir kr.

Það er undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli halda því fram, að þessi 20 promille sjeu mikil útgjöld fyrir hlutabankann; menn hafa víst tekið eptir því, að kostnaðurinn fyrir Íslandsbanka, við það að gefa út 1 miljón kr. í seðlum, er lítið meira en vextir af 1/4 mill. kr.; meira gull þarf hann ekki að láta leggja í kassa rentulaust. Mjer virðist því eigi vera til ofmikils

mælt, þó þingmenn og þjóðin reyni að eignast ofurlítið af gróða þeim, sem hlutabankinn fær fyrir það að landið gaf honum seðlaútgáfurjettinn sællar minningar. Nú borgar hann í landssjóð 8,000 kr. af 3 mill. seðlarjettindum, en Landsbankinn 15,000 kr. af 3/4 miljón.

Jeg tel það fullkomlega áreiðanlegt, að þessir útlendu bankamenn líta svo á, að ef þeir fá þessa aukningu til 27 ára, þá dettur þeim ekki í hug að draga sig til baka fyrir þau meinlausu skilyrði, sem minni hlutinn fer fram á. Þetta er að eins grýla, sem framsm. brúkar til þess, að fá menn til að ganga að öllu óskoruðu ár eptir ár. Eins og jeg sagði áðan, þá er það von, að vinum landsbankans sárni þessi aðferð, þegar þeir sjá, að á hverju þingi er verið að skara eld að köku útlenda bankans, því útlendur er hann, þó hann kalli sig Íslandsbanka, þar sem það eru útlendir menn, er fjeð eiga og taka því nær allan ágóðann. Í fyrra voru honum veitt af þinginu tvenn hlunnindi: 1. var minnkaður gullforðinn, sem átti að liggja í bankanum til tryggingar útistandandi bankaseðlum, og 2. þá var honum gefinn rjettur til að lána út á fasteignir, sem Landsbankinn hefði einn átt að hafa einkarjett til móti því að hlutabankinn hefur rjettinn til útgáfu seðlanna. Þegar Íslandsbanki var stofnaður, þá var það álit allra, að heimila honum ekki að taka við fje í sparisjóð, en sama árið sem hann byrjaði, leggur hann undir sig tvo sparisjóði á norður- og austurlandi, án þess þing eða stjórn mælti í móti. Það lítur svo út, að honum líðist allt, af því að hann er útlendur. Þegar landsmenn sjá þetta, þá er von, að þeir vilji reyna að klóra í bakkann og ná einhverju af rjettindum síns bauka aptur, og af því er till. minni hlutans sprottin.

Hæstv. ráðh. sagði, að minni hluti nefndarinnar færi hjer fram á það, sem væri brot á lögum og leitaðist við að sýna fram á það, að þetta væri ekki leyfilegt að lögum. Jeg get ekki sjeð að svo sje. Eptir núgildandi lögum bankans hefur hann engan rjett til aukningar höfuðstólnum; þann rjett á að útvega honum nú með þessu frumv., en þá get jeg ekki sjeð neitt lagabrot í því, þó skilyrði sjeu sett fyrir nýrri rjettindaaukningu. Við segjum að eins við hluthafa bankans: Ef þið álítið það mikilsvert fyrir ykkar banka, að fá þessar 2 miljónir, þá verðið þið að slaka dálitið til við okkur í staðinn; hjer er sannarlega ekki til mikils mælzt. Þessi breyting verður því eptir samkomulagi við þá þannig, að rjettur beggja er aukinn, en þó miklu meira fyrir hlutabankann, en alls ekki kemur þetta í bága við lögin. Jeg verð að segja það, að jeg hef sjaldan orðið var við í ræðum hæstv. ráðh., að hann líti öfugt á málin, en í þetta sinn virðist mjer það greinilegur misskilningur, þegar hann heldur því fram, að seðlar hlutabankans falli í gildi, ef Landsbankinn bætir við á markaðinn 1/4 milljón kr. af seðlum. Gildi seðlanna er ekki fólgið í því, hvort mikið eða lítið er úti af þeim, heldur hvernig þeir seðlar eru tryggðir, sem úti eru. Hlutabankinn er eptir sem áður skyldur til að innleysa sína seðla með gulli, og þá er handhafa seðilsins fullnægt.

Svo er enn þá eitt á að líta: Ef Landsbankinn fær seðlana aukna um 1/4 miljón, þá fær landssjóður 2% þar af eða 5000 kr. tekjuauka, og er það ekki svo lítið, þegar aukningin kostar landið ekki neitt.

Hæstv. ráðh. byrjaði á því, að honum þætti furðu sæta þær umræður, er orðið hafa um þetta mál, en það er ekki nema eðlilegt, að þingmenn, sem eiga að gæta hagsmuna landsins, hugsi um innleysingarrjett seðlanna; það getur engum dulizt, að því meira, sem mokað er í þenna banka, því verra verður að innleysa seðlana síðar, eða taka við bankanum aptur, þegar einkaleyfistíminn er útrunninn.

Það er eigi svo knýjandi þörf á meiri peningum nú, að lífsspursmál sje að fá þessar 2 miljónir fyrir næsta þing, vegna þess, að nú er hátt verð á innlendri vöru. Þörf verður meiri, þegar harðæri kemur.

Jeg skal ekki tefja meira fyri hinni háttv. deild í þetta skipti. Jeg skal að eins geta þess, að sú till: minni hlutans, að fulltrúarnir í bankaráðinu fái laun sín úr landssjóði er alveg rjett. Það var hjer um árið, í pólitisku hríðinni, að eitt blaðið hjelt því fram, að Danir ættu að launa ráðh. Íslands. Flestir voru á móti því, enda komst það ekki að, sem betur fór. Eins er um þessa menn, sem landið velur til að gæta hagsmuna sinna, að þeir eiga að fá laun sín af landssjóði.

Framsögumaður meiri hlutans Jón Jónsson (2. þm. Sfjk.): Eins og nærri má geta, er jeg mjög þakklátur hæstv. ráðh., því að hann hefur með ræðu sinni gjört það að verkum, að jeg þarf ekki mikið að segja. Hann hefur svarað svo rækilega, að jeg hef þar litlu við að bæta.

Um ræðu háttv. 1. þm. Rvk. er það að segja, að henni er ekki auðvelt að svara. En jeg vil benda á þá ósamkvæmni, sem mjer virðist kenna í ræðu hins háttv. þm. Annars vegar játar hann, að nú sje mikil peningaþörf, eins og frv. um bankaskuldabrjef ber með sjer. En hins vegar telur hann þessarar aukningar enga þörf. (*Tryggvi Gunnarsson:* Skrítinn skilningur). Jeg gat ekki fengið annað út úr ræðu hans.

Annað var það og í ræðu hans, sem var ekki rjett. Hann talaði mikið um hag landssjóðs og hag landsbankans, eins og það væri hvort öðru gagnstætt. En nú er það vitanlegt, að þar sem hagur bankans er, þar er hagur landssjóðs, því að landssjóður á bankann.

Eitt var það enn, sem hann hjelt fram, það var, að þeim bönkum, sem lofað hafa að leggja fram þetta fje, væri mjög annt um að koma peningum sínum á vöxtu hjer, og festa þá hjer, þrátt fyrir það, þó að vitanlegt sje, að peningamarkaðurinn er nú mjög erfiður, og um öll lönd miklu meiri eptirspurn eptir peningum, en hægt sje að fullnægja. Það getur nú hver sagt sjer sjálfur, hve sennileg þessi skoðun hins háttv. þm. er, þegar litið er á þetta ástand. Eins og jeg hef lýst yfir fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, er það ekki hagur Íslandsbanka, sem hjer er um að ræða, heldur þörf landsins, sem heimtar afdráttarlaust meira fje, miklu meira fje. Meðan því er ekki mótmælt með rökum, að þessi nauðsyn eigi sjer stað, eru ástæður nefndarinnar góðar, gildar og óhraktar.

Hæstv. ráðh. tók það fram, að ekki væri rjett að bera það gjald, sem Landsbankinn geldur landssjóði, saman við gjald Íslandsbanka, hvort sem álitið er fyrir seðlaútgáfurjett eða ekki. Um leið og jeg tek í sama strenginn, skal jeg benda á þann aðalmun, að Landsbankinn hefur ekki gull til tryggingar, en það hefur Íslandsbanki, og það töluvert mikið; ef þeim kostnaði, sem af því hlýzt, að liggja með gullið,

er bætt við það, sem bankinn geldur í landssjóð, þá mun mismunurinn ekki verða mikill.

Þá skal jeg víkja að nokkrum atriðum í ræðu háttv. framsm. minni hlutans. Hann sagði, að hið aukna hlutafje mundi ganga til þess, að borga skuldir bankans erlendis, og væri þá einsætt, að ekki yxi starfsfje bankans, og að það fje yrði ekki notað hjer á Íslandi. Það er alveg rjett. En í sömu andránni sagði hann, að bankinn starfaði mest með lánsfje. En þá er og auðsætt, að að sama skapi, sem hlutafjeð vex, er hægara að fá fje að láni, eptir því sem þarfir og atvik heimta.

Þá gat hann þess, að líkur væru til, að Nationalbanken í Kaupmannahöfn mundi leyfa, að seðlar Íslandsbanka gengju í Danmörku á borð við danska seðla. Ef það yrði, væri það gróði fyrir Íslandsbanka, því að þá mundi hann hafa fleiri seðla í veltunni. En ekki getur það aukið starfsfje bankans hjer heima. Það er auðvitað gott og æskilegt, að gróði bankans aukist, því að við það græðir landssjóður, og er vonandi, að þeir, sem að bankanum standa, vinni að því, að efla hag hans svo sem auðið verður.

Jeg skal ekki fara út í það, sem hinn háttv. þm. sagði, að kappi hefði verið beitt á síðasta þingi, til þess að koma fram heimildarlögunum um bankavaxtabrjef. En jeg vil benda á, að frumv. kom seint fram, og þurfti að komast fljótt gegnum þingið. Og ekki var það flutningsmönnum þess að kenna, að það var tafið fram að síðustu stundu, og mun háttv. frsm. minni hlutans vita, hvernig á því stóð.

Sami háttv. þm. sagði, að hagsmunir bankans og landsins væru sitt hvað, og er það að því leyti rjett, að þeir tímar geta komið, sem það ríður í bága hvort við annað. Þess vegna er Íslandi með lögum tryggður meiri hluti bankaráðsins, til þess að það með ráðh. geti kippt í strenginn, þegar hagsmunir bankans ætla að koma í bága við hagsmuni landsins.

Þar sem sami háttv. þm. og háttv. þm. Rvk. sögðu um Landsbankann, að hann hefði allt af orðið að lúta í lægra haldi, eða verið hafður útundan, þá getur það vel verið, en það er ekki rjett að kenna þinginu um það. Jeg veit ekki betur, en að allar till., sem komið hafa fram á alþingi, um að efla landsbankann, hafi fengið góðan byr á þinginu. Og svo mun enn fara. Ef bankastjórnin, sem það liggur næst, finnur ráð til þess að gjöra þessa stofnun sterka og góða, þá er jeg viss um, að ekki mun standa á samþykki alþingis.

Jeg er alveg samdóma háttv. frsm. minni hlutans um það, að »privat«-banki væri heppilegur hjer á landi, og að það væri eptir atvikum líklegur vegur til þess, að koma góðu lagi á peningamál landsins, og halda þeim í góðu horfi. En jeg skal ekki orðlengja um það, því að ekki verður með því tjaldað í bráðina.

Hann lagði áherzlu á það, að bankarnir, sem lofað hafa þessum 2 miljónum, hafa gjört það að skilyrði, að þeir fengju keypta 1 miljón í bankavaxtabrjefum. Mjer fannst hinn hv. þm. bera þetta fram sem ástæðu, til þess að vera í móti frv. En mjer sýnist það þvert í móti vera ástæða til þess, að vera því fremur með frumv. óbreyttu, bæði til þess að tryggja sem bezt, að þessi aukning hlutafjársins fáist, og til þess að bankavaxtabrjefin seljist.

Þegar um seðlana er að ræða, og þann gróða, sem Íslandsbanki hafi af útgáfu þeirra í framtíðinni, þá mun,

eptir ágizkun háttv. framsm. minni hlutans, ekki líða á löngu, áður en bankinn getur gefið út svo marga seðla, sem hann hefur heimild til að gefa út, og ekki standa á þinginu, jafnvel að leyfa aukningu þeirra. Svo mikla trú, sem jeg hef á framförum landsins, þá býst jeg ekki við, að svo mikil breyting verði á atvinnuvegum þessa lands í nánustu framtíð, að öll þessi seðlafúlga, $2^1/_2$ miljón, fái verksvið hjer í landi. Reynslan virðist sýna, að að eins $1^1/_2$ miljón króna í seðlum sje á gangi í landinu til jafnaðar; það, sem fram yfir það fer út úr bönkunum, kemur til þeirra aptur. Takmörk eru vitanlega fyrir gangi seðla, og þetta, að meiri seðlar en svo sem 20 kr. á mann sjeu ekki að jafnaði manna á meðal í landinu, er mjög skiljanlegt, þegar borið er saman við það, sem á sjer stað í öðrum löndum í þeim efnum, og þegar litið er til atvinnuvega vorra, eins og þeir eru nú. Ef stór iðnaðarfyrirtæki koma upp, þá verður fyrst veruleg þörf fyrir meiri seðla í veltu. En jeg býst við, að mörg ár líði áður en atvinnuvegir breytast eða þeim fjölgar svo, að Íslandsbanki nái því hámarki, sem honum er heimilað í útgáfu seðlanna. Mjer er næst að halda, að langt verði liðið á einkaleyfistíma bankans, áður en þess er þörf.

Háttv. framsm. minni hlutans sagði, að ekki væri víst, að landssjóði yxu tekjur, þó að hlutafjeð yrði aukið. Hæstv. ráðh. svaraði þessu, og þó að jeg sje honum ekki að öllu leyti samdóma um það, að tekjur landssjóðs muni vaxa að sama skapi sem hlutafjeð eykst, þá er þessu þó svo farið, að ef þetta er hagur fyrir Íslandsbanka, þá er það auðvitað hagur fyrir landssjóð um leið, þar sem hann fær ákveðinn hluta af gróða bankans. En ef raunin skyldi verða önnur, og gróði bankans og tekjur landsjóðs ekki vaxa við þessa aukning hlutafjárins, þá sannar það einmitt, að ekki er sjerlega fýsilegt, nú sem stendur, að festa fje sitt hjer, og bendir enn í þá áttina, sem við höfum haldið fram, að þeir, er hjer eiga hlut að máli, muni vilja vera lausir við loforð sín, ef þess gæfist færi.

Framsögumaður minni hlutans Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Hæstv. ráðherra byrjaði ræðu sína á því, að sig stórfurðaði á því, hvernig jeg hefði tekið í málið. En mig undrar ekki, hvorumegin hryggjar hann liggur, því að okkur hefur aldrei komið vel saman í þessu máli, þó að svo hafi opt verið í öðrum málum. Hann sagði, að sig furðaði á því, að menn vildu setja skilyrði fyrir þessari aukningu. En þar sem bankinn hefur seðlaútgáfurjett, hefur mikil áhrif á alla peningaverzlun landsins, lánar út á fasteignir og ávaxtar sparisjóðsfje, þá skil jeg ekki, að nokkurn þurfi að undra það, þó að fulltrúum þjóðarinnar þyki ástæða til að skipta sjer af honum. Það er allt öðru máli að gegna um önnur hlutafjelög, sem ekki snerta almenningsheill og engin hlunnindi hafa frá löggjafarvaldinu.

Þá sagði hæstv. ráðherra, viðvíkjandi tillögunni um, að auka seðlamagn landsbankans um $^1/_4$ miljón, að sig furðaði á þeirri tillögu og enn meira á því, að í nefndaráliti minni hlutans stæði, að hlutafjelagsbankinn mundi ekki hafa mikið á móti því. Hann sagði, að þetta væri brot á lögum um stofnun Íslandsbanka frá 7. júní 1902, og las upp part af 8. gr. laganna. En mjer finnst, að það ákvæði sje allt annað en þungt á metunum, því að það er ekki annað en nokkurs konar samningur milli löggjaf-

arvaldsins annars vegar og hluthafanna hins vegar, um, að löggjafarvaldið skuli ekki, meðan sá samningur stendur, leyfa neinum að gefa út seðla, en útilokar engan veginn, að breyting sje gjörð hjer á með samþykki beggja samningsaðila.

Enn sagði hann, að þetta loforð um, að auka ekki seðlafúlgu Landsbankans, væri gefið hlutafjelagsbankanum til þess að tryggja handhöfum seðla hans gildi þeirra, og er það að vísu ekki óliklegt. En hjer er aðgætandi, að bankinn gefur handhöfum seðla sinna aðra tryggingu, og hún er sjerstaklega til vegna seðlanna, en það er málmforðinn. Og handhafar seðlanna voru sannarlega ekki aðspurðir í hitt eð fyrra, þegar það var samþykkt, að bankinn þyrfti ekki að hafa eins mikinn málmforða fyrirliggjandi, og upphaflega var ákveðið, enda stóð hæstv. ráðherra þá ekki upp til að vernda rjett handhafa seðlanna, og þá hefði þó verið miklu meiri ástæða til þess, sjeð frá hans núverandi sjónarmiði. Og það sem var leyfilegt 1905, ætti einnig að vera leyfilegt 1907.

Hæstv. ráðherra var mjög á móti hækkun árgjaldsins og gat þess jafnframt, að það væri ekki rjett, að Landsbankinn greiddi 2% af seðlafúlgu sinni, hann greiddi að eins 1% af henni; sú 1%, er hann greiddi í byggingarsjóð, væri fyrir annað. En hafi nokkur meining verið í, að leggja þennan aukna skatt á Landsbankann í fyrra, þá hlýtur það að hafa verið með tilliti til seðlaútgáfunnar, annars hefði það verið gjört beint út í bláinn. Jeg greiddi raunar atkvæði með því þá, en jeg er nú farinn að iðrast eptir, að jeg gjörði það.

Hæstv. ráðherra gat þess og, að það væri skakkt, að miða upphæðina, sem Íslandsbanki ætti að greiða í landssjóð við það, sem bankinn *má* hafa úti í seðlum. Það ætti að miða við það, *sem bankinn hefði í veltunni*, eins og árgjald Landsbankans væri miðað við þá upphæð. En þetta held jeg að sje beinlínis rangt. Að minnsta kosti er árgjald Landsbankans miðað við þá upphæð, sem bankinn *má* hafa úti. Bankastjórinn hefur sjálfur sagt mjer, að bankinn lægi að jafnaði með 150—200,000 kr. í seðlum. Enda verður bankinn að hafa töluvert fje fyrirliggjandi, þar sem hann ávaxtar um $2^1/_2$ miljón með sparisjóðskjörum.

Hæstv. ráðherra sagði, að 8,000 kr. árgjald hlutabankans væri miðað við 2 milj. hlutafje hans. En jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að það dæmi sje ekki rjett sett upp, enda skildist mjer háttv. þm. Sfjk. (J. J.) vera mjer samdóma um það. Eptir síðasta reikningi bankans voru »brúttó« tekjur hans sjálfs 208,000 kr., og þessar 208,000 kr. hafði bankinn ekki sem afrakstur af hlutafje *sínu einu*, heldur af allri umsetningu sinni, eða af rúmum 6 miljónum. Það er heldur ekki rjett, að tekjurnar og árgjaldið hljóti að vaxa að sama skapi og hlutafjeð.

Ef bankinn hefði 9 miljóna umsetningu, þá yrðu »brúttó« tekjurnar eptir fyrra árs mælikvarða kr. 312,000
Reksturskostnaður — 48,000
Eptir kr. 264,000
Þar af til hluthafa samkvæmt lögum 4% af 5 miljónum — 200,000
Eptir kr. 64,000
Þar af fengi landssjóður 20% eða að eins — 12,800

Árgjaldið til landssjóðs yrði þannig að eins rúmum 4,000 kr. meira en hann fær nú, svo af því sjest, að tekjur landssjóðs vaxa ekki í sama hlutfalli og hlutafjeð.

Það má sýna þetta með öðru dæmi;

setjum svo, að bankinn auki hlutafje sitt um 2 miljónir og gjörum ráð fyrir, að það fje sje tekið að láni gegn 4% vöxtum. Komi bankinn nú ekki fjenu út fyrir hærri rentur en 5½%, þá yrðu »nettó«-tekjurnar af þessum 2 miljónum að eins 30,000 kr., og árgjald landssjóðs með hækkuninni af þessum 2 miljónum næmi þá að eins 6,000 kr. eða 30 aur. af hverjum 100 kr. og það væri ekki ýkja hár skattur. Af þessum dæmum sjest, að gróði landssjóðs vex ekki að sama skapi og hlutafjeð, eða svo þarf að minnsta kosti ekki að fara. Hjer er allt komið undir gróða bankans.

Hæstv. ráðherra lagðist og mjög á móti því, að borga bankaráðsmönnum úr landssjóði. Hann sagði, að fulltrúaráðið væri til *bankans* vegna, því væri skylt að vinna fyrir hann; það væri ekki stofnað til þess að hafa skóinn ofan af bankanum eða til að halda honum í kútnum. En af því að það ætti að vinna fyrir bankann, ætti bankinn líka að launa því. Jeg er nú hins vegar á þeirri skoðun, að ráðherrann og alþingisfulltrúarnir sitji í bankaráðinu *landsins* vegna, og eigi því að hafa laun sín úr landssjóði. Þetta er engin uppáfinding úr mjer. Það stendur með berum orðum bæði í bankalögunum og bankareglugjörðinni. Og ef annars hagsmunir landsins og nokkurrar stofnunar geta komið í bága hverir við aðra, þá er það sannarlega hjer. Jeg mun því, svo lengi sem jeg sit í fulltrúaráðinu, jafnan álíta það skyldu *mína* að líta *fyrst og fremst* á hagsmuni landsins og svo á hag bankans, að minnsta kosti meðan jeg ekki fæ beina skipun frá stjórninni um, að svo skuli ekki vera.

Annars er það ekki annað en getsakir að gefa í skyn, að jeg vilji halda aptur af bankanum, getsakir, sem mjer væri innan handar að launa með sömu mynt, en jeg gjöri það nú samt ekki.

Viðvíkjandi því, sem hv. framsm. meiri hlutans sagði, þá er þess fyrst að geta, að hann hrakti ekki eitt einasta orð í ræðu minni. Hann hafði ekki á móti því, að það væri rjett hermt hjá mjer, að þeir peningar væru ekki brúkaðir til að auka starfsfje bankans, sem gengju til skuldalúkninga í útlöndum. Hitt er ekki annað en orðaleikur, að bankinn eigi þá hægra með að taka fje til láns aptur, því að frv. þetta á að vera komið fram af því, að lántaka sje honum of dýr. Hann neitaði því heldur ekki, að »Nationalbankinn« mundi ekki láta sig það miklu skipta, þó seðlar Íslandsbanka gengju manna á milli í Danmörku hitt sagði jeg aldrei, að það yki starfsfje bankans hjer á landi.

Greinagjörð hans á kappi hans og vina út af bankavaxtabrjefafrv. 1905 var ekki annað en gagnsætt yfirklór.

Hæstv. ráðherra og hv. frsm. sögðu, að bankanum væri að lögum tryggt, að meiri hluti fulltrúaráðsins sjeu alþingismenn, og er það rjett. Því meiri ástæða væri til að halda, að þeir gætu haft yfirtökin í bankaráðinu, ef þeir vildu; og maður skal búast við því, að alþingisfulltrúarnir verði allir á eitt mál sáttir, ef hagsmunir landssjóðs kynnu að verða í veði. En þessu er svo vísdómslega niðurraðað, að fyrstu 9 árin geta alþingisfulltrúarnir ekki komið vilja sínum fram vegna þess, að hluthafarnir áskildu sjer bæði yfirtökin það árabil eða meðan bankinn væri að festa sig í sessi.

Annars finnst mjer það töluvert undarlegt ákvæði í reglugjörðinni, að alþingisfulltrúarnir skuli eiga að fara frá á sama hátt og fulltrúar hluthafa. Í bankalögunum er starfstími þeirra ekki takmarkaður. Hinsvegar er þar ákveð-

ið, að þeir, sem mæta á aðalfundum sem fulltrúar landssjóðs, eigi hann hluti í bankanum, skuli kosnir til 2 ára. Þar af dreg jeg, að alþingisfulltrúarnir hafi átt að eiga þar fasta setu, enda væri hagsmuna landsins betur gætt með því móti, því að hver maður er því sjálfstæðari, því tryggara sem sæti hans er. En reglugjörðin ætlar þeim að eins sama rjett og fulltrúum hluthafanna, eða hverjum um sig að eins 3 ára setu, og býst jeg við, að það sje ekki gjört óviljandi, heldur til þess að þeir eigi undir högg að sækja, hvort þeir verði endurkosnir eða ekki.

Hv. framsm. meiri hlutans sagðist ekki leggja trúnað á, að landið þyrfti bráðlega á 2½ miljón í seðlum að halda. Jeg hjelt nú, að hann væri einn af þeim mönnum, sem hafa trú á framtíð landsins. Og það verð jeg að segja, að eigi landið ekki þá framtíð fyrir höndum, áður en langt um líður, að það geti brúkað þessar 2½ miljón kr. í seðlum, þá verður það bönkunum að kenna. Því fer að líkindum ekki svo mjög fram með sama sjóndeildarhringsleysi og nú á sjer stað í bönkunum, þar sem verzlað mun vera þar að miklu leyti eptir gömlu reglunni, lánað fyrir »sínu pundinu af hverju«. En þegar bankarnir fara að beitast fyrir stórum, heilbrigðum fyrirtækjum, eins og þegar hefði mátt heimta af hlutabankanum, þá verður hola fyrir þessa 2½ miljón.

Annars var varla við öðru að búast, en að maður, sem stendur jafn nærri einum af stærstu hluthöfunum, eins og háttv. framsm., mundi líta nokkuð einræningslega á þetta kappsmál bankans og hluthafanna.

Og skal jeg svo ljúka máli mínu með því að lýsa yfir því, að jeg vil að bankinn fái þessa aukningu, en jeg er viss um, að hún fæst engu síður, þó árgjaldið til landssjóðs sje tvöfaldað, enda getur það ekki riðið neinn baggamun, ef bankinn á annað borð er nokkur »Forretning«, og það vitum við allir, að hann er.

Ráðherrann: Jeg álít tilgangslaust, að vera að kastast á tölustöfum frekar en jeg og háttv. frmsm. minni hlutans (L. H. B.) höfum þegar gjört. Það er erfitt að fylgjast með í tölum og útreikningum í ræðum, og þó jeg engan veginn efist um, að háttv. frmsm. minni hlutans (L. H. B.) sje skýr maður, þá efast jeg samt um, að hann hafi fyllilega fylgzt með í þeim útreikningi, sem jeg setti fram, eða skilið orð mín, og jeg hafði ekki tækifæri til þess, að heyra fullkomlega útreikning hans, svo jeg læt hann að sinni liggja milli hluta.

Hann hjelt því enn þá fram, að ekkert væri við það að athuga frá sjónarmiði laganna, að Landsbankanum væri gefinn kostur á, að auka seðla sína um ¼ miljón; hann sagði, að það væri einföld breyting á lögunum. Það er þá breyting, sem löggjafarvaldið út af fyrir sig ekki er bært um, að svo stöddu, og vil jeg enn á ný leyfa mjer, að skírskota til orða laganna, þar sem því er beint lofað í 8. gr., að ákvæðinu um seðlaútgáfurjettinn skuli ekki breyta; bankanum er lofað einkarjetti og þar af leiðandi er honum lofað, að öðrum ekki skuli verða gefin heimild til, að gefa út seðla, og því er enn fremur lofað, að ekki skuli verða lögð aukin gjöld á bankann. Þessu er öllu skýlaust lofað í lögunum, og úr því bankastofnunin, sala hlutabrjefa og útgáfa seðla meðal almennings er grundvallað á þessum loforðum, þá sæmir þinginu ekki, að víkja frá því. En

um gullforðann voru engin slík loforðsákvæði; það er ekki tekið fram, að þau ákvæði skuli vera ófrávíkjanleg, og standa meðan ‚concessionin' stendur. Af því verður engin ályktun dregin um, að breyta megi loforðinu um seðlaútgáfurjettinn.

Þá gat háttv. frmsm. minni hlutans (L. H. B.) þess, að hann iðraðist eptir því, að hafa greitt atkvæði með því í fyrra, að Landsbankinn borgaði tillag til byggingarsjóðsins; en það finnst mjer mesti óþarfi af honum. Jeg held, að hann hafi opt samþykkt lakari ráðstafanir. Sje gjaldið frá Landsbankanum skoðað sem vextir af láni af landssjóði, sem vel má, þá eru vaxtakjörin vissulega sæmileg, þó rentan sje 2%. En sje bankinn og varasjóður hans skoðað algjörlega sem eign landssjóðs, sem er rjett, þá er hjer að eins að ræða um ráðstöfun á dálítilli upphæð af landsfje, en ekkert skattgjald. Mörgum, sem Landsbankanum unna, þótti vænt um þá ráðstöfun, að láta hann styðja byggingarsjóðinn, einmitt frá því sjónarmiði, að það gjörði lýðum ljóst, hve mikill hagur landinu væri að því, að eiga banka sinn sjálft, öflugan banka, sem hlaupið gæti undir bagga í ýmsum opinberum þarfafyrirtækjum, og hversu mikið ógagn hefði verið unnið landinu 1901 með því, að veita seðlaútgáfurjettinn privatfjelagi og gjöra privat-banka að aðalbanka landsins, í stað þess, að efla landsins eigin stofnun, og gjöra Landsbankann að seðlabanka. En hvernig sem nú á það er litið, þá tjáir ekki, að sakast um orðinn hlut. Þetta er afgjört mál. Við verðum að segja eins og kerlingin sagði: »Hafi jeg sagt það, þá stend jeg við það«.

Jeg get ekki kannast við, að jeg hafi í ræðu minni áðan gjört háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) neinar getsakir. Það var fjarri huga mínum. Ummæli mín um bankaráðið voru almenns efnis. Jeg ljet þess getið yfirleitt, að það væri skylda þeirra manna, er þar eiga sæti, að stuðla að þrifnaði bankans, og þar sem þeir jafnframt væru fulltrúar landssjóðs, þá hafi þeir líka það hlutverk, að sjá um, að tilgangi bankans verði fullnægt, og að hann gjöri ekki neitt það, er komi í bága við hag og heiður Íslands. En þar af leiðir ekki, að þessir starfsmenn eigi að taka laun sín af landssjóði. Hið eina eðlilega er, að þeir taki laun sín af þeirri stofnun, sem þeir vinna fyrir, enda þótt það sje skylda þeirra eins og hvers annars manns ætið og í öllu að gæta heilla og hagsmuna ættjarðar sinnar.

En eitt kemur mjer undarlega fyrir. Úr því minni hlutinn stingur upp á því, að bankaráðsmenn taki laun úr landssjóði, hvers vegna leggur hann þá ekki líka til, að endurskoðunarmaður hlutabankans, sem skipaður er af ráðherra, skuli hafa laun sín af landssjóði? Um hann má með rjettu segja, að hann sje settur til að líta eptir bankanum fyrir hönd landsstjórnarinnar. Hann á meðal annars stöðugt að hafa gætur á því, að gullforðinn sje eins og lög til skilja, og að skilyrðum laganna sje fullnægt. Hinir eru aðallega til þess kjörnir, að stjórna honum, og framkvæma þau störf, er rækja þarf í hans þágu.

Jeg skal ekki fara langt út í þau ummæli háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að það sje eigi rjett, að takmarka starfstíma þeirra fulltrúa, er alþingi kýs, við þrjú ár, og að þar að lútandi ákvæði reglugjörðarinnar sjeu eigi samkvæm tilgangi laganna, heldur ættu þeir að vera kosnir æfilangt. En jeg

efast mjög um, að hann hafi hjer á rjettu að standa. Úr því lögin ekki segja neitt um þetta, þá finnst mjer sjálfsagt, að starfstími hinna þingkjörnu fulltrúa sje settur jafn-langur eins og annara bankaráðsmanna; en það liggur undir verksvið reglugjörðarinnar að ákveða slík fyrirkomulags-atriði. Jeg held, að sú regla, sem sett hefur verið í bankareglugjörðinni, sje samkvæm því, er annarsstaðar tíðkast, og að hitt væri óheppilegt, að innleiða hjer aðra reglu.

Jeg hef ekki getað sannfærzt af neinu í ræðum þeirra háttv. þingm., er andmælt hafa skoðun minni, og hlýt því, að halda henni óbreyttri. Jeg vil enn á ný leggja það til, að frumv. nái fram að ganga óbreytt, nema ef vera skyldi, að einhverjar orðabreytingar mætti gjöra á því.

Framsögumaður minni hlutans Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Mig furðar stórlega á því, að hæstv. ráðh. skuli halda því fram, að það sje brot á loforði, ef alþingi áskilur sjer að setja þessi skilyrði fyrir hinni umbeðnu hækkun á hlutafjenu, nema því að eins að hann hafi ekki lesið frumv. minni hlutans. Þar stendur í 2. gr.: »*Noti* bankinn heimildina, er landsstjórninni heimiluð — —«. Með öðrum orðum: bankanum er í sjálfsvald sett, hvort hann notar heimildina eða ekki. En ef hann notar hana, þá er áskilin heimild fyrir landssjóðs hönd til þess, að auka seðlafúlgu Landsbankans um allt að því 1/4 miljón kr., og til þess að færa árgjaldið til landssjóðs upp í 20% af árlegum »netto«-arði bankans. Alþingi hefur ekki lofað öðru en því, að breyta engu upp á *eigið eindæmi*. En noti nú aðstandendur Íslandsbanka þessa heimild, þá eru það þeir sjálfir, er samningnum breyta; alþingi gjörir sig ekki sekt í neinu broti. Það segir að eins sem svo: Ef þú notar þessa heimild, sem þjer er veitt eptir eigin beiðni, þá verður þú líka að sætta þig við skilyrði okkar. Það er hvorki óleyfilegt nje ókarlmannlegt. Það er svo ljós og skýlaus rjettur þingsins, að enda hæstv. ráðh. getur ekki vefengt hann í augum hugsandi eða bara læsra manna.

Útaf því, sem hæstv. ráðh. sagði um gullforðann, er nægilegt að benda til þess, að hann er hjá seðlabönkum *eina* handtæka tryggingin fyrir seðlunum. Þeir eru skyldir til að skipta hverjum seðli fyrir gull. Á því hvort þeir geta það, veltur ekki að eins heill einstaklinganna, heldur allrar þjóðarinnar. Jeg á því bágt með að skilja það nýja lögmál hv. ráðherra, að breyta megi gullforðanum eptir vild, nema það sje svo að skilja, að frjálst sje að breyta því, sem landinu er í óhag, en bannað að breyta því, sem bankanum væri til baga.

Hæstv. ráðh. furðaði einnig á því, að minni hlutinn hefði ekki stungið upp á því, að stjórnkjörni endurskoðunarmaður bankans skyldi launaður af landssjóði, úr því að svo væri til ætlazt um bankaráðsmennina. Það datt mjer satt að segja ekki í hug. En jeg skal gjarnan taka það upp til 3. umr., ef hv. þm. endilega óska þess. Annars er allt öðru máli að gegna um bankaráðsmennina og endurskoðunarmanninn. Það þarf beinlínis óráðvendni til þess að falsa endurskoðunina, en til hins að vera svona dálítið stimamjúkur við bankastjórnina, enda þó að það kunni að ganga dálítið út yfir land og lýð, til þess þarf ekki beinlínis óráðvendni, til þess þarf ekki annað en þessa alkunnu íslenzku limamýkt gagnvart útlendingum. Og það er enginn

hægðarleikur að sanna slíka eptirgefni. Fölsun á endurskoðuninni er aptur á móti allt af hægt að leggja á borðið.

Um alþingisfulltrúana í bankaráðinu hef jeg litið svo á, og lít svo á enn, að úr því reglugjörðin ekki tiltekur neitt tímatakmark um þá, en aptur á móti um fulltrúa landssjóðs, þá liggi beint við að skilja það svo, sem þeir eigi að vera kjörnir æfilangt. Enda hygg jeg að það væri heppilegra fyrir landið.

Það gladdi mig að heyra, að háttv. ráðherra kannaðist nú við, að alþingisfulltrúarnir í bankaráðinu ættu að líta á hagsmuni landsins, en af því leiðir, að þeir eiga að fá launin úr landssjóði en ekki frá bankanum. Það er allt öðru máli að gegna um fulltrúa hluthafanna, þeir líta og eiga eingöngu að líta á hag bankans.

Um árgjald Landsbankans til landssjóðs er ekkert annað að segja en að það er ekkert annað en orðaleikur að kalla það vexti af láni. Það er og verður skattur, hvaða nafn sem því er valið.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk): Jeg vildi gjarnan minnast á nokkur orð, er fjellu áðan um það, að Íslandsbanki ætlaði að fara að útvega sjer markað fyrir seðla sína í útlöndum. Hjer kemur það enn þá fram, að hjer er að eins verið að hugsa um hag bankans en ekki landsins. Fyrir landið er það betra, að seðlarnir gangi að eins hjer; þar með er þó tryggt, að starfsfje bankans verkar í landinu sjálfu. Ef markaður væri fyrir seðlana í útlöndum, þá gæti farið svo, að peningalítið yrði hjer meiri hluta ársins. Fyrir nokkrum árum, þegar kvikfjársalan var hjer sem mest, voru keyptir sauðir og hestar fyrir mörg hundruð þúsund kr., og allt borgað með gulli, en það rann allt til útlanda samstundis, af því það var gildur gangeyrir þar. Og sama er að segja um það, þegar ein stórverzlun hjer næstliðin ár hafði mikil viðskipti við enska trollara, þá komu inn mörg hundruð þúsund króna í gulli og útlendum bankaávísunum; en allt fór það samstundis út úr landinu aptur. Og svona dæmi má telja fleiri. Það er engin trygging til fyrir því, að peningar haldist meðal manna í landinu, nema því að eins að seðlarnir sjeu ekki gjaldgengir nema í landinu sjálfu. En nú á að fara að nota þetta bragð til þess að opna bankanum tekjugrein í útlöndum. Það er gott fyrir hann sjálfan, en skaðræði fyrir landið; af því leiðir, að peningaekla verður í landinu. Ekki dettur mjer í hug að vilja koma því til leiðar, að seðlar Landsbankans verði gjaldgengir í útlöndum; landsmönnum veitir ekki af því litla fje, sem Landsbankinn hefur til að starfa með.

Háttv. framsm. gat þess, að Landsbankinn hefði aldrei farið þess á leit, að starfsfje hans væri aukið. Ójú. Hann vildi fá heimild til þess á þinginu 1901 að auka $^1/_2$ milj. við veltufje sitt; en eptir mikla mótspyrnu af Valtýingum náðist að eins $^1/_4$ milj. Reyndar vil jeg ekki ásaka þingið um mótspyrnu gegn Landsbankanum beinlínis, en óbeinlínis gjörir það Landsbankanum hnekki, þegar það við hvert tækifæri eflir hlutabankann svo, að hann sýnilega verður ofjarl landsins eigin banka.

Fyrir mitt leyti ætlaði jeg ekki að gjöra þá kröfu til þingsins, að það samþykki bæði viðbót við seðlaútgáfuna og aukning á hundraðsgjaldinu frá Íslands banka. En þetta hvorttveggja er að eins borið fram til þess, að þingmenn geti valið á milli. Mjer

finnst hlunnindi Íslandsbanka vera nóg, þótt annaðhvort yrði samþykkt.

Jeg hafði upphaflega hugsað mjer að greiða atkvæði með því, að hlutafjelagsbankinn fengi heimild til að auka 2 milj. við starfsfje sitt, ef annaðhvort skilyrðið væri samþykkt. En síðan jeg heyrði ræðu hæstv. ráðh., er jeg á báðum áttum. Ef það er satt, að við sjeum þegar svo í klóm Hlutabankans, sem hann gaf í skyn, að hann hefur alla mögulegleikana á sína hlið til þess að gjöra breytingar sjer í hag, en Landsbankinn enga, þá get jeg ekki betur sjeð, en að hann þegar sje okkur svo mikill ofjarl, að þar sje ekki á bætandi, og bezt sje að fara ekki lengra en komið er.

Framsögumaður meiri hlutans Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gat þess í síðustu ræðu sinni, að jeg hefði ekki svarað því neinu, er hann hafi hrakið sannanir mínar fyrir því, að engin skilyrði mætti setja fyrir heimildinni.

Það er satt, að jeg fór ekkert út í þá sálma. En það kom til af því, að jeg hagaði svo orðum mínum í morgun í framsögu minni, að þessar sannanir hafi verið nægar til þess að gefa oss nefndarmönnum fulla vissu. Lengra verður ekki komizt en að fá skýra yfirlýsingu hlutaðeiganda fyrir því, að þeir noti ekki heimildina ef nokkur skilyrði verða sett. Jeg get ekki sjeð að það sje rjett, að krefjast meiri sannana. Eins og horfur eru nú í landinu, mundi það sýna sig þegar farið er að gjöra upp reikningana, að það væri ekki arðvænlegt, að leggja fje í þessa stofnun, ef rjettur hennar væri skerður.

Yfirlýsingin, sem jeg gat um, er þannig tilkomin, að bankastjórnin hjer »telegraferaði« til »Privatbankans« um, að leita umsagnar Arntzens um þetta efni. Svarið, er hún fjekk, hljóðar svo: »Omtelegraferede Forlangende vil ikke blive godkendt af Aktionærerne og annullerer absolut Konsortiets forøvrigt betingede Tilbud«. Það sýnist að vera afdráttarlaust.

Þetta, er í sambandi við líkurnar til, að þessi aukning starfsfjárins muni eigi gefa mikinn arð af sjer fyrir bankann, gjörði það að verkum, að meiri hluti nefndarinnar tók svona í málið.

Það, sem hjer skiptir mestu, er spurningin um það, hvort þörf sje á, að auka peninga í landinu eða ekki. Þetta atriði verða þingmenn að gjöra sjer ljóst, áður en þeir greiða atkvæði í málinu.

Setjum nú svo, að þessi og aðrar tilraunir, til að útvega bönkunum starfsfje, verði heptar. Hver mundi afleiðingin verða? Hún er auðsæ. Það mundi hjer vanta fje til nýrra fyrirtækja. Og mörg þeirra fyrirfækja, sem byrjað er á fyrir lánsfje frá þessum banka, mundu verða að draga saman seglin. Framleiðsla minnkaði í landinu og eignir fjellu í verði. Og því fer fjarri, að þetta mundi verða áhrifalaust fyrir Landsbankann. Þeir, sem þar skulda, mundu af þessum ástæðum ekki geta staðið í skilum; útlán bankans mundu ekki borgast inn. Og þegar svo er komið, að Landsbankinn getur ekki heimt fje sitt inn, þá mundi hann sjálfur ekki getað staðið í skilum með sparisjóðsfje það, sem hann hefur í vörzlum, og þá hlyti að verða heimtað útborgað. Þegar hann nú ekki gæti staðið í skilum, þá mundi reka að landssjóði. Í stuttu máli, afleiðingin mundi verða sú, að blóðrás viðskiptalífsins hjer á landi yrði stífluð.

Framsögumaður minni hlutans Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.). Mjer dettur ekki í hug, að fara að karpa um

það, að hve miklu leyti háttv. frsm. meiri hlutans (J. J.) hefur heppnast að byggja upp aptur þær »sannanir« sínar, er jeg áður hafði hrakið, með því að lesa upp þetta pantaða símrit frá Privatbankanum. En hvernig í dauðanum getur hann búizt við, að þeir menn, sem svo hátt vilja sigla sem þessir, færu að segja annað en þetta, þegar þeir hafa heyrt, að alþingi vill veita heimildina skilyrðislaust? (*Jón Jónsson:* Af hverju hafa þeir sjeð það?). Það hafa þeir getað sjeð t. d. á nefndarálitinu, og fleiru. Svo varlega er ekki farið með skjöl hjer á þinginu, enda er mjer kunnugt um, að háttv. framsm. hefur sagt bankastjórninni og fleirum fyrir nokkuð löngu frá »útbrotunum« í okkur minni hluta mönnum.

Og svo er það heldur ekki rjett hjá háttv. framsm. meiri hlutans, að draga þá ályktun, að ef þessi heimild fengist ekki skilyrðislaust, þá mundi bankinn verða ráðþrota. Hann hefur bjargast svo vel í vetur, þrátt fyrir dýrar lántökur, að hann hefur getað gefið hluthöfum 6% í rentur. Að vera að vekja upp svona grýlur, að vera að mála skrattann á vegginn á jafnbjörtum tíma dags, það er að tefla heldur tæpt. Slíkt mætti ef til vill bjóða börnum, en við fullorðnu mennirnir látum það ekki hafa áhrif á okkur.

Jeg tek það fram enn, að jeg vil að bankanum sje veitt þessi heimild, en jeg vil ekki sleppa að óreyndu kröfunni um hækkun árgjaldsins til landssjóðs, ekki svo mjög af því, að það sje svo mikið peningaspursmál, heldur öllu fremur til þess, að sýna þeim útlendu herrum, að við sjeum farnir að rumska svo við okkur, að ekki sje til neins að heimta allt af meira og meira af okkur.

Orð hv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) skildi jeg svo, að við minni hluta menn óskuðum að vísu þess, að deildin samþykkti hvorttveggja skilyrðið, en værum hinsvegar við því búnir að ekki gengi nema annað fram, og þá líklega fremur árgjaldshækkunin. Í því skyni er þeim skipað niður á þann hátt, er gjört er í frv. okkar. Annars get jeg skilið það, að Íslandsbanki amist fremur við því, að Landsbankinn fái að auka seðlafúlgu sína um $^1/_4$ miljón, en að árgjaldið sje tvöfaldað.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vil að eins stuttlega gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg hef haft mikla tilhneigingu til að aðhyllast skilyrðið um, að Landsbankinn fái nú að auka seðlaútgáfu sína. Jeg hafði gengið út frá því, að bankaráð Íslandsbanka væri fullkominn aðili að því, að veita undanþágu frá einkarjettindum bankans. En eptir að hafa athugað lögin, sje jeg, að bankaráðið hefur ekki heimild til að afsala neinu af þeim rjetti. Eptir því skilst mjer, að betra sje að neita Íslandsbanka hreinlega um aukningu á hlutafje hans, heldur en að veita hana með þessu skilyrði. Jeg skal ekki fara að vekja upp gamlar endurminningar frá því er lögin voru gjörð, þótt nú komi all tilfinnanlega í ljós, hversu þá var um hnútana búið. Jeg get bara ekki betur sjeð, en að skilyrðið sje gjörsamlega á móti lögunum.

Framsögumaður minni hlutans Lárus H. Bjarnason, (þm. Snæf.): Það er að eins stutt athugas. Það er ekki jeg einn, sem álít, að till. okkar sje samrýmilegar lögunum frá 7. júní 1902 um stofnun Íslandsbanka, á sama máli eru aðrir ekki ómerkir lögfræðingar. T. d. hefur Kristján Jónsson yfirdómari lýst yfir sömu skoðun í

viðurvist okkar háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) Þannig les hanu lögin, og þannig les jeg þau, og þannig munu flestir óvilhallir menn lesa þau og skilja, því að þetta er sá eini heilbrigði lestur á lögunum. Til þess þarf ekkert lagavit.

Annars þótti mjer hálfskoplegt að heyra háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) segja, að nú fyrst kæmi í ljós, hvernig Íslandsbanki hefði farið af stað 1902. Jeg hjelt satt að segja og held enn, að *honum* hafi ekki verið það ókunnugt.

Eptir að umr. þannig höfðu staðið yfir í 3 stundir, fór fram

ATKV.GR.:

Breyt.till. minni hluta nefndarinnar við 2. gr. (1. gr.) samþ. með 18 atkv. gegn 7 að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 7 þingmanna.

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon.
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Guðm. Björnsson,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson.
Hannes Þorsteinss.,	St. Stefánsson, Eyf.,
Hermann Jónasson,	St. Stefánsson, Skgf.
Jóhannes Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thóroddsen,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. meiri hlutans á þgskj. 408 við 2. gr. þannig fallin.

2. gr. á þgskj. 408 (brt. minni hlutans) felld með 18 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 7 þingmanna.

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Kristjánsson,
Jóhannes Ólafsson,	Einar Þórðarson,
L. H. Bjarnason,	Guðl. Guðmundss.,
St. Stefánsson, Eyf.,	Guðm. Björnsson,
Tr. Gunnarsson.	Hannes Hafstein,
	Hermann Jónass.,
	Jón Jónsson,
	Magnús Andrjess.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stefánsson, Skgf.

Þórhallur Bjarnarson greiddi ekki atkv. og var talinu með meiri hlutanum.

3. gr. á þgskj. 408 (brt. minni hlutans) felld með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 7 þingmanna.

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Hermann Jónasson,	Guðm. Björnsson,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Hafstein,
L. H. Bjarnason,	Jón Jónsson,
Magn. Andrjesson,	Magn. Kristjánss.,
Ólafur Thorlacius,	Ólafur Briem,
St. Stefánsson, Eyf.	Ólafur Ólafsson,
Tryggvi Gunnarss.,	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánss., Skagf.,
	Þórh. Bjarnarson.

4. gr. á þgskj. 408 (brt. minni hlutans) felld með 21 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 7 þingmanna.

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Árni Jónsson,

Já:	*Nei:*
Hannes Þorsteinss.,	Jón Magnússon,
L. H. Bjarnason,	Björn Bjarnarson,
Tr. Gunnarsson.	Björn Kristjánsson,
	Einar Þórðarson,
	Guðl. Guðmundss.,
	Guðm. Björnsson,
	Hannes Hafstein,
	Herm. Jónasson,
	Jóh. Ólafsson,
	Jón Jónsson,
	Magn. Andrjesson,
	Magn. Kristjánsson,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacíus,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thóroddsen,
	St. Stefánsson, Eyf.
	St. Stefánss., Skgf.,
	Þórh. Bjarnarson.

5. gr. á þgskj. 408 samþ. með 18 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 7 þingmanna.

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Hannes Þorsteinss.,
Einar Þórðarson,	Jóhannes Ólafsson,
Guðl. Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
Guðm. Björnsson,	Tr. Gunnarsson,
Hannes Hafstein,	Þórh. Bjarnarson.
Herm. Jónasson,	
Jón Jónsson,	
L. H. Bjarnason,	
Magn. Andrjesson,	
Magn. Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacíus,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánss., Eyf.,	

Stefán Stefánsson, Skgf. greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þgskj. 408 við fyrirsögnina felld með 21 atkv. gegn 1.

Fyrirsögn frumv. því talin samþ.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. september kom frumv. (A. 452, 470) til 3. umr.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg hef komið fram með dálitla brt. við þetta frv. En með því að þetta mál var rækilega rætt við 2. umr., þá skal jeg ekki eyða löngum tíma til að taka upp þær ástæður fyrir minum málstað, er þá komu fram.

Tilgangur minn með þessari brtill. er ekki beinlínis sá, að koma í veg fyrir, að umrædd heimild verði veitt Íslandsbanka, en jeg kem með hana af því, að jeg álít, að hótanir þær sjeu lítils virði, sem fram hafa komið, um að heimildin verði ekki notuð, ef nokkur skilyrði sjeu sett. Jeg þekki svo mikið til aðstandenda, að jeg má fullyrða, að þeir líta stærri augum en svo á þetta málefni, að þeir láti slíkt smáræði standa sjer í vegi. Þeir líta á það, hversu stórkostlegan hagnað þeir hljóta að hafa af því, að auka starfsfje bankans úr 3 miljónum upp í 5 miljónir, og auk þess sjá þeir, að með því fá þeir að miklu leyti ráðin yfir viðskiptalífi landsmanna.

Þetta, sem hjer er farið fram á, hefur að vísu ekki mikla þýðingu fyrir landssjóð. En verði heimildin veitt alveg skilyrðislaust, þá má búast við, að þessir herrar komi fram með nýja beiðni á næsta þingi, þegar þeir sjá, hversu auðsveipir þingmenn eru, allt er velkomið frá þeim; en verði þessi breyt.till. samþykkt, þá gefur þingið þar með bendingu um, að í næsta

skipti verði þeir að unna landinu einhvers hagræðis í aðra hönd.

Jeg lít svo á, að háttv. þingmenn hafi hvorki á þessu nje síðastliðnu þingi skoðað afleiðingar þessa bankamáls nógu rækilega.

En nú er enn þá eitt, sem jeg vona, að allir þingmenn sjái; að minnsta kosti eiga þeir að sjá það, að það er bæði hneyxlanlegt og landinu skaðlegt, ef það kemst á, að seðlar hlutabankans verða gjörðir gjaldgengir erlendis. Þá kemur það fram, að þingið hefur gefið útlendum auðmönnum seðlaútgáfurjettinn frá landinu um 30 ár, svo þeir geti búið til seðlana hjer, en grætt á þeim í útlöndum. Af þeim seðlum, sem þar ganga, hafa þó landsmenn engin not. Allir hljóta að sjá, hve fráleitt þetta er og að hjer er verið að hugsa um hag bankans en ekki landsins. Það sjest og, að þegar seðlarnir verða gjaldgengir erlendis, þá hafa landsmenn enga tryggingu fyrir því, hvort 1 miljón, ½ miljón eða örlítið af seðlunum gengur í landinu sjálfu.

Þegar allt þetta, sem nú er á seyði, er komið í kring, þá sýnist mjer misrjetti bankanna orðið svo mikið, að þingið geti ekki í framtíðinni, hversu fegið sem það vildi, ráðið við þessa útlendu peningastofnun; hún fær yfirráðin yfir viðskiptum manna á milli í landinu og landsbankinn veslast upp. Hlutafjelagsbankinn hefur nú öll sömu rjettindi og landsbankinn: Hann má hafa sparisjóð, lána út á fasteignir, gefa út víxla, lána gegn sjálfskuldarábyrgð o. s. frv., og svo hefur hann það fram yfir, að hann hefur 5 miljóna »kapital« til lána, en hinn að eins ¾ miljón. Og svo hefur hann seðlaútgáfurjettinn að auki, og getur haft megnið af sínum seðlum utanlands gegn fullum rentum þar, en sjálfum honum eru seðlarnir ekki dýrari en 2½ %. Þess vegna hljóta tekjurnar af hans fje að verða miklu meiri en Landsbankans. Jeg get því ekki sjeð, hvernig þingið gæti bjargað Landsbankanum, þótt það síðar skipti um skoðun, ef hlutabankinn er efldur meira en komið er. Hann hefur 3 ríka banka að baki sjer, er mjög duglegir menn veita forstöðu, en Landsbankinn hefur ekki annað á bak við sig en fátækt land og úrræðalaust þing, sem þegar er búið að gefa frá sjer alla mögulegleika til þess, að efla sinn eiginn banka.

Það hafa komið fram ásakanir, bæði í blöðunum og á þinginu, á hendur bankastjórninni fyrir það, að hún væri ónýt, hefði engan sjóndeildarhring og gjörði ekkert o. s. frv. Jeg skal ekki svara þeim hjer á þessum stað, um það má hver hafa þá skoðun, sem honum sýnist. En það skal jeg taka fram, að þegar búið var að sleppa seðlaútgáfurjettinum, þá var aðalstyrkurinn farinn, sem landið gat látið í tje, til þess að auka starfsfje bankans; var ekki um að velja nema um eitt af þrennu: 1. að taka lán út á ábyrgð landssjóðs, 2. að gefa út bankaskuldabrjef, eins og nú er farið fram á, eða 3. að gjöra bankann að hlutabanka. Jeg fyrir mitt leyti hefði nú verið hinu síðast nefnda fyrirkomulaginu fylgjandi, et jeg sæi þess nokkra von, að landsmenn hefðu vilja og fjármagn til þess, að auka bankann að nokkrum mun. En jeg get ekki sjeð, að hægt sje að gjöra bankann viðunanlega úr garði með því fje, sem er til í landinu; útlendir menn mundu verða til þess að kaupa megnið af hlutunum, svo að bankinn yrði þá jafn útlendur og núverandi hlutabanki; með öðrum orð-

um, í landinu yrðu að eins útlendir bankar, og enginn alinnlendur banki. Menn munu nú ef til vill segja sem svo, að það gjöri ekki mikið til; það sjeu margar bankastofnanir víðsvegar, er starfi með utanríkisfje. Látum svo vera. En það er annað verra við það, að Landsbankinn yrði að hlutafjelagsbanka með útlendu fje. Og það er: að hann með því breytir eðli sínu. Stefna hans yrði þá hin sama og Íslandsbanki hefur nú, og yfir höfuð allir hlutafjelagsbankar, að græða sem mest, svo að hluthafarnir geti fengið sem mesta vöxtu af sínum hlutabrjefum. Og þegar nú báðir bankarnir hjer væru orðnir hlutafjelagsbankar, þá mundu þeir keppa hvor við annan, að haga lánum sínum svo, að hluthafar annars bankans hefðu meiri vexti af sínu fje, en hluthafar hins bankans. Mundu landsmenn lengi verða ánægðir með þetta ástand?

Sem stendur er það svo, að Landsbankinn er búinn að safna sjer svo álitlegum varasjóði, að hann er ekki knúður til að auka hann meira; hann þarf því ekki að hugsa um annað, en að rentan af lánunum sje sem hagkvæmust landsmönnum. En þetta hlyti að hverfa, þegar hann er orðinn hlutafjelagsbanki. Nú þarf hann ekki að líta á annað en að gjöra landsmönnum öll viðskipti sem haganlegust, og renturnar sem lægstar.

Mjer er það kunnugt, að margir hafa ámælt mjer fyrir það, að jeg hef haldið rentunum niðri, og einu sinni verið átalinn fyrir það á þingi. En jeg hef þá skoðun, að landsmönnum er hollast að hafa sem ódýrasta peninga. Fá fyrirtæki hjer á landi eru svo arðsöm, að þau geti borið háar rentur.

Þetta er ástæðan til, að jeg hef ekki komið fram með það á þingi, að breyta Landsbankanum í hlutafjelagsbanka. Og líka skoðun hafa hinir, er í bankastjórninni sitja. Má vera, að hún þyki nokkuð gamaldags. En við það verður að sitja. Jeg ætla að halda við hana, meðan menn geta ekki sannfært mig um með gildum rökum, að annað sje rjettara.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg skal ekki lengja umræðurnar um of. En mjer fannst rjettara, eins og aðrir góðir menn hafa fyrir sið, að gjöra grein fyrir atkvæði mínu um þessa breyt.till., er hjer liggur fyrir. Það er farið fram á, a ð hækka gjaldið, sem bankinn á að svara, ef hann notar heimildina, um 5%, það er: um upphæð, er svarar 3—4,000 kr. á ári, þrátt fyrir það, að því hefur verið skýlaust lýst yfir, og það með rökum, að þetta skilyrði hljóti að verða til þess, að hlutabankinn geti ekki fengið fjeð, af þeirri ástæðu, að þeir, sem lofað hafa að leggja það fram, muni þá draga sig til baka.

Jeg get ekki sjeð, að þetta skilyrði hafi nokkra minnstu þýðingu *fyrir landssjóð*. Ef hann stendur tæpt, þá mundi honum litlu borgnara fyrir það, þó hann fengi 3—4,000 kr. á ári. Í þá stefnu hefur breyt.till. enga þýðingu.

Því hefur verið haldið fram, að það væri skylda þingsins, að hlynna að Landsbankanum. Mikið rjett. En *Landsbankinn* hefur engan stuðning af þessari tillögu. Hann fær engu meiri peninga til umráða, þótt tillagan gangi í gegn og verði þess valdandi, að hlutafjelagsbankinn geti ekki aukið starfsfje sitt.

Jeg get því ekki sjeð, að tillagan hafi minnstu þýðingu í þá átt, að styðja Landsbankann. En hún getur haft þýðingu í þá átt, að fyrirbyggja,

að þessi hlutafjáraukning fáist. Það hefur margsinnis verið tekið fram, að hjer liggur fyrir bein yfirlýsing um, að fjeð fáist ekki, *alls ekki*, ef heimildin er nokkrum skilyrðum bundin. Og það hafa verið færð rök fyrir því, að þessi yfirlýsing er byggð á rjettum ástæðum og ofboð skiljanlegum. Þegar peningunum var lofað — í aprílmánuði í vetur — var peningamarkaðurinn greiðari en nú og hlutabrjefin í hærra verði. Þá var það því ekki ólíkleg hagsvon, að kaupa hlutabrjef í þessum banka. En síðan hafa hlutabrjefin fallið í verði og peningamarkaður í útlöndum orðið allt erfiðari, svo að það, sem þá leit út fyrir að verða mundi til hags, horfir nú til óhags. Það má því teljast mjög eðlilegt, að þessir menn, sem hlutafjenu lofuðu, vilji nú losna við loforð sín, er þá voru ábatavænleg, en nú eru þvert á móti, ef þeir geta fengið minnstu átyllu til að losna við þau. og þetta skilyrði gefur þeim löglega átyllu.

Undir þessum kringumstæðum, þegar skilyrðið er til einskis stuðnings fyrir Landsbankann, og til engra hagsmuna fyrir landssjóð, en verður sennilega til þess, að þeir, sem fjenu hafa lofað, losna við þá skyldu, að leggja það fram, þá er jeg á engum hvörfum með að greiða atkvæði á móti þessari tillögu. Enda mundu landsmenn tapa stórfje, ef hlutafjáraukningin ekki fengist. Peningaeklan er geysilega mikil í landinu í samanburði við vaxandi þarfir og vaxandi kröfur. Það hafa allir rekið sig á, er einhver stór fyrirtæki hafa haft með höndum.

Svo er því haldið fram, að ef nauðsynlegt er að auka peninga í landinu, þá sje það sjálfsögð skylda þingsins, að styðja að því, að Landsbankinn geti fengið þá peninga. Þetta væri rjett; ef fyrirkomulag þess banka ekki væri svo, að það *er ómögulegt*, nema skipulagi hans sje breytt frá rótum. Grundvöllur Landsbankans er ábyrgð landssjóðs á seðlum hans, og veðbrjefum þeim, sem samþykkt hefur verið að hann mætti gefa út; þetta veitir honum *lánstraust* en ekki handbæra peninga, nema gegn vöxtum, svo sem hver annar lánþegi þarf að borga. Landsbankinn getur gefið út fleiri veðbrjef, en ódýrt starfsfje fær hann ekki á þessum grundvelli. Þess háttar fje fær hann að eins af sparisjóðsinnlögunum og innlögum á hlaupareikning landssjóðs. Eins og fjárhagurinn er nú, er óhugsandi, að Landsbankinn geti fengið nokkurt verulegt fje úr landssjóði, sem ódýrt starfsfje. Það er Landsbankanum sjálfum að kenna, að sparisjóðsfje bankans hefur ekki vaxið meira á síðustu árum. Sparisjóðsfjeð er nú $2^1/_2$ miljón, en það gæti verið meira, ef bankinn hefði í tíma hækkað innlánsvextina, þegar útlánsvextirnir hækkuðu; með þeim hætti getur hann fengið ódýrt vinnufje. En það starfsfje, sem hann gæti fengið með ábyrgð landssjóðs, fær hann ekki ódýrara en aðrir bankar fá lánsfje í útlöndum.

Öðru vísi er því varið með Íslandsbanka. Hluthafarnir geta lagt fram fje eptir vild og þörfum bankans, og geta fengið af því sæmilegan arð, því að þeir þurfa ekki fyrst að borga vexti af starfsfjenu; þeir vinna með sínu eigin fje. Að þingið á svo erfitt með að styðja Landsbankann, stafar auðvitað ekki af neinni andvigni gegn bankanum, heldur af grundvelli þeim, sem bankinn er byggður á. Undir eins og skipt er um grundvöll og fyrirkomulag bankans, og hann gjörður að hlutabanka, þá er allt öðru máli að gegna og þá er hægara að styrkja

hann. Jeg hef heyrt og vil skjóta því að háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.), að Landsbankastjórnin hafi haft með höndum frumv. um að gjöra Landsbankann að hlutabanka, en að það hafi strandað á síðasta augnabliki. Jeg álít nauðsynlegt, og vonast til að það reki að því innan skamms, að Landsbankinn verði gjörður að hlutafjelagi. (*Forseti:* Landsbankinn er næsta mál). Það snertir þetta. (*Lárus H. Bjarnason*: Þetta er gamall elgur). Háttv. þm. getur vaðið »elginn« á eptir mjer, ef hann treystir sjer, en jeg vona, að hann reynist honum svo djúpur, að þm. standi ekki upp úr. Það hefur verið sagt hjer, að hlutabankar hugsuðu meira um að græða, en þeir hankar, sem væru opinberar stofnanir. Jeg sje ekki, að það breyti eðli þeirra á nokkurn hátt, hvort þeir eru heldur hlutafjelag eða landseign. Jeg hygg, að Landsbankinn hafi reynt með heiðarlegu móti, að gjöra fje sitt eins arðberandi og hlutabankinn. Af þessum ástæðum, peningaeklunni annars vegar og ómögulegu fyrirkomulagi Landsbankans hins vegar, verður þingið að taka þeim kostum, sem hjer eru boðnir til að fá fje inn í landið til að fullnægja hinum sterku kröfum, sem framkvæmdalífið gjörir til peningastofnana landsins. Peningaekla þýðir stöðvun á öllum framkvæmdum, eyðilegging á þeim fyrirtækjum, sem þegar eru stofnuð, og þeim, sem verið er að stofna í von um stuðning frá bönkunum. Út af ummælum við fyrri umr., sem báru bönkunum það á brýn, að þeir hafi ekki stutt atvinnufyrirtækin sem vera skyldi; skal jeg geta þess, að jeg álít ekki rjettmætt að liggja bönkunum á hálsi fyrir þetta, því að þeir eiga það ekki skilið. Það getur vel verið, að það eigi við í Reykjavík, en á Norðurlandi á það ekki við, þar sem jeg þekki til. Báðir bankarnir þar hafa stutt vel nauðsynleg fyrirtæki, jeg skal nefna vatnsveituna og hafnarbryggjuna á Akureyri, og mótorbátana á Eyjafirði. Hvorttveggja stórkostleg fyrirtæki, sem hafa fengið góðan styrk hjá báðum bönkum, en þau þurfa stuðning áfram til þess að geta staðizt. En ef nú ekki fæst meira fje, hver verður þá afleiðingin? Bankarnir verða að hætta að lána, og krefja inn skuldir sínar, því að þeir eru báðir stórskuldugir erlendis. Fyrirlækin stöðvast, fjöldi manna verða fyrir atvinnumissi og ganga iðjulausir. Fyrirtækin stöðvast, hver verður afleiðingin af því? Atvinnuleysi og eignatjón. Í stað þess, að nú vilja Íslendingar erlendis flytja hingað, þá byrja Íslendingar hjer aptur að flytja burt af landinu. Það er enginn vafi á því. Mörg góð fyrirtæki, sem njóta stuðnings bankanna verða að hætta í miðjum klíðum. Má vera, að sum fyrirtæki í landinu sjeu óhyggilega stofnuð, og má vera, að sumir telji það rjett, að láta þau fyrirtæki fara á höfuðið, sem ekki standast storminn, en hræddur er jeg um, að það muni ekki mælast vel fyrir. Það vekur óhug í landinu, orsakar verðfall á vörum og eignum, og lánstraustið verður ekkert í landinu sjálfu, og ef til vill minnkar lánstraust landsins út á við.

Það er mikið talað um, að Íslandsbanki sje útlend stofnun, og eins um hitt, að ef Landsbankanum verði breytt í hlutabanka, þá verði það útlendir menn, sem muni eignast hlutina. Jeg veit ekki betur, en að margir Íslendingar eigi hluti í Íslandsbanka, og þeim fjölgar óðum, en jeg álít það ekki aðalatriðið, hvort það eru Kínverjar eða Tyrkir eða Danir eða Frakkar eða

Íslendingar, sem eiga fjeð, heldur hvar því er varið, hvar það starfar, og hverjir stjórna því. Allur óbeini hagurinn af þess konar fyrirtækjum er ekki lítill. Það er stórfje, sem rennur til þeirra manna, sem hafa atvinnu og starf við þau, og kemur á þann hátt inn í landið. Þetta er jafnmikið hvaðan sem fjeð er komið. Það eina, sem fer út úr landinu, eru vanalegir vextir af stofnfjenu og það nemur ekki svo ýkja miklu. Íslandsbanki er íslenzk stofnun eins og Landsbankinn, hann starfar á Íslandi, og er stjórnað af Íslendingum. Að leggja svo mikið upp úr því, hvaðan fjeð er, er annaðhvort »atkvæðasmjör« eða barnaskapur.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk): Jeg vildi athuga ýmislegt hjá hv. þm., en það er ef til vill rjettara, að geyma sumt af því til umr. við næsta mál. Menn eru allt af að flagga með því, að þessar 2 miljónir eigi að starfa hjer í þarflegum fyrirtækjum, en vita þó vel, að bankinn skuldar utanlands yfir 2 miljónir, og að þessar 2 miljónir eiga að ganga til þess, að lúka þeirri skuld. Það verður því ekki meira fje manna á meðal en nú er, nema að bankinn taki nýtt lán. Gjöri hann það, þá verður sama hljóð í strokknum á næsta þingi, hann sækir um nýja heimild til að auka hlutafjeð sitt. Að öðru leyti skal jeg geyma það sem jeg vildi sagt hafa, til næsta máls umr.

Framsögumaður meiri hlutans Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg ætla að eins að segja örfá orð. Hjer hefur verið talað á víð og dreif, en mjer finnst, að umræðuefnið ætti að vera fyrst og fremst, hvort þörf er á að fá aukið fje handa peningastofnunum landsins, því að það er það, sem hjer skiptir máli. Mjer skilst flestir vera á þeirri skoðun, að þess sje þörf, þótt sumir leggi minni áherzlu á það en aðrir. En hitt spursmálið er það, hvort þessi litla breyt.till. geti ekki verið því til hindrunar, að fjeð fáist. Jeg stend ekki upp af því, að jeg hafi eiginlega nokkra nýja sönnun fram að bera fyrir því, að þessi skilyrði gjöri fjáraukninguna ófáanlega. En þó vil jeg taka fram ýmislegt, sem bendir á, að þannig sje því í raun og veru háttað. Jeg hygg, að svo sje ástatt, að mörgum þingmönnum hafi ekki gefizt kostur á vegna tímaleysis að hugsa um þetta atriði eins vandlega og skyldi. Jeg vildi því reyna að skýra málið dálítið betur enn þá.

Við 2. umr. tók jeg ásamt fleirum það fram, að ekki væri hyggilegt að setja nokkur skilyrði fyrir heimildinni af því, að komin væri yfirlýsing um, að það yrði málinu til fyrirstöðu. Jeg skal geta þess, vegna þeirra, sem enn kunna að efast um, að þetta sje alvara hlutaðeigandi manna, að síðan hefur verið spurzt fyrir um, hvort þeir sætu enn við sinn keip, og hvort þeir væru ófáanlegir að ganga að einhverjum skilyrðum. Svarið var ákveðið nei við öllum skilyrðum. Jeg býzt við, að þeir, sem ekki trúðu þessu um daginn, munu líklega ekki heldur gjöra það nú; en viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Rvk sagði, að hann þekkti þessa menn að því, að þeir litu stærra á málin en svo, að þessi lítilfjörlegu skilyrði hefðu nokkra verulega þýðingu í þeirra augum, þá skal jeg geta þess, að ef þeir eru svo gjörðir, sem hv. þm. heldur fram, þá kemur mjer það undarlega fyrir sjónir, ef þeir fara að bera fram ósannindi hvað eptir annað. Mjer finnst, að ef menn ætla þeim það, þá sjeu þeir ekki settir hærra en hestaprangarar, sem hittast á förnum vegi og fara í hestakaup; hver dylur gallana á sinni meri og

læst ekki vilja sinna því boði, sem hinn býður, en vill þó raunar út af lífinu hafa hestakaupin.

En það er annað, sem jeg lagði meiri áherzlu á um daginn, og vil nú reyna að gjöra háttv. þingdm. ljóst. Peningaástæður erlendis eru nú þannig lagaðar, að það er ekki að eins eðlilegt, heldur alveg víst, að menn eru ekkert áfram um að setja peninga fasta á Íslandi. Jeg skal leyfa mjer að benda á eitt þessu til sönnunar; ef til vill sannfærast menn nokkuð af tölum, sjeu þeir færir um að draga af þeim skynsamlegar ályktanir. Jeg hef fyrir mjer »Börsberetning« frá 20. ágúst. Þá standa hlutabrjef Íslands banka í 100—101. Þegar nú þess er gætt, að þetta er í ágústmánaðar lok, þá fylgja hlutabrjefunum vextir fyrir síðustu 8 mánuðina eða $^2/_3$ af ársvöxtum, og sjeu þeir gjörðir 6%, þá nemur þetta 4%. Með öðrum orðum, það sanna verð hlutabrjefanna er 96—97%. Mjer sýnist af þessu auðsætt, að engan muni fýsa, að kaupa þessi hlutabrjef bankans fyrir fullt nafnverð, en bankar þeir, er hjer eiga hlut að máli, bundust því í vor, er þeir lofuðu fjenu, að greiða bankanum fyrir þessa nýju hluti fullt nafnverð, eða vel svo það, um næsta nýjár. Mjer finnst þetta svo áþreifanlegt, að háttv. þm. geti ekki komizt hjá því, að draga af því rjettar ályktanir, þær sem sje, að hlutaðeigendur muni að sjálfsögðu helzt kjósa að vera leystir frá loforðinu. Langi þá mjög til að eignast hluti í Íslandsbanka, er auðvitað arðvænlegra að kaupa þau nú fyrir 96—97%, en að kaupa þau um nýjár fyrir 100—101%.

Jeg gjöri nú ráð fyrir, að einhver kunni að segja, að þetta sanni ekki mikið, því kaup og sala hafi ekki farið fram á þessum tíma, og þetta sje því ágizkunarverð. Það er nú ekki auðvelt að segja, hve mikla þýðingu mætti leggja í þessar mótbárur, en ef ætti að liggja í henni bending um, að þeir, sem fyrir »Börsnóteringunni« ráða, haldi þessu þannig, til þess að gjöra alþingi sennilegra, að Íslandsbanki ekki gangi að neinum skilyrðum, þá finnst mjer það ekki ná neinni átt. En til þess að skýra það, að fleiri góð verðbrjef en verðbrjef Íslandsbanka eru nú í lágu verði, skal jeg benda á að »Östifternes Kreditforening«, sem er stór lánsstofnun og í góðu áliti, hefur gefið út skuldabrjef með ákveðnum vöxtum, 4%, líkt og gjört er ráð fyrir, að Íslandsbanki fái, og skuldabrjef þessa fjel. stóðu, sama daginn og jeg nefndi áðan, 20. ágúst, í 90%, og eru þó talin mjög áreiðanleg verðbrjef og í bezta lagi tryggð. Jeg vona, að af þessu sjáist, að það er engin fjarstæða, sem jeg hef haldið fram, að, nú sem stæði, væri miklum erfiðleikum bundið, að fá peninga með þolanlegum kjörum.

Jeg skal þá ekki segja meira á þessu stigi málsins, því jeg ætla ekki að fara að mála ónefnda persónu á vegginn, eins og einn hv. þm. brá mjer um, að jeg hefði verið að gjöra um daginn. Það er auðvitað hægt að draga upp þá mynd, sem hjer yrði í landi, ef ekki væri neitt bætt úr þeim peningavandræðum, sem hjer vofa yfir. Sú mynd gæti orðið all iskyggileg, bæði sú hlið, sem veit að almenningi, og engu síður sú, sem veit að Landsbankanum sjálfum, því jeg held, að það sje einmitt Landsbankinn, sem á mest á hættu, ef ekki verður greitt úr peningavandræðunum og afleiðingarnar yrðu þar af leiðandi iskyggilegri fyrir hann, en nokkra aðra stofnun hjer á landi, þótt háttv. 1. þm. Rvk, ekki geti skilið það.

Framsögumaður minni hlutans Lárus H. Bjarnason (þingm. Snæf.): Jeg

ætlaði ekki að taka til máls, en af því að háttv. 1. þingm. Rvk. (Tr. G.) var svo ógætinn að tala tvisvar, áður en framsögum. talaði og gleymdi ýmsu, sem hann hefði þurft að segja, þá vildi jeg segja nokkur orð.

Það er aldrei skemmtilegt, að jórtra það, sem áður hefur verið sagt, þó það sje að vísu skárra, að jórtra upp eptir sjálfum sjer en öðrum. Jeg skal reyna að sneiða sem mest hjá því, en býst þó ekki við, að komast alveg hjá því, því að flest andmælin eru ekki annað en endurtekningar á marghröktum ástæðum.

Jeg ætla fyrst að víkja að ræðu hv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.), enda þó að það sje allt annað en árennilegt, að leggja út í þann elg, sem að sögn þm. sjálfs var svo djúpur, að tvísýnt er, að í honum verði botnað.

Hann gat þess, að þessar 5% mundu spilla fyrir því, að aukningin fengist. Þetta er alveg sama fullyrðingin, sem slegið hefur verið fram af öðrum hv. þingdeildarm., en hún hefur ekkert meira gildi fyrir það; því að sje hún ósönn, þá styrkist hún ekkert við það, þó fleiri endurtaki hana, og jeg þykist hafa sýnt og sannað, að hún sje ekki rjett, geti ekki verið rjett. Hins vegar er það rjett athugað, að landssjóður verður litlu loðnari um lófana fyrir þessa litlu aukningu, og að Landsbankinn græðir ekkert *beint* á henni, enda styð jeg ekki tillöguna af þeim ástæðum.

En mjer blandast ekki hugur um, að hlutafjelagsbankinn fær allt af skilyrðislaust allt sem hann biður um, ef ekki verður nú tekið í taumana og sýnt, að þing og stjórn er að vakna til meðvitundar um, hvað hjer er að gjörast. Og því meira, sem hlutabankinn er magnaður, því meira dregur úr Landsbankanum. Setji nú þjugið aptur á móti einhver skilyrði, mun hlutabankinn hugsa sig um, áður en hann fer aptur á stúfana.

Því er haldið fram, að það vanti peninga í landið, en, eins og jeg hef margsinnis tekið fram, þá á að borga skuld með þessum peningum, og sömu peningarnir verða ekki brúkaðir til skuldalúkninga og til þess að lána út hjer á landi. Hlutafje bankans eykst ekki fyrir það, nema bankinn grípi aptur til lána, en það er ósennilegt, að hann gjöri það, úr því að hann þykist nú fyrir hvern mun verða að komast úr skuldum.

Það hefur verið talað mikið um, hvort gjöra skyldi Landsbankann að hlutabanka, en það held jeg að væri næsta óheppilegt, því með því móti væri hann ofurseldur hinni sömu lífsreglu og allir aðrir hlutafjelagsbankar, þeirri, sem sje, að hugsa ekki um annað, en að græða sem mest fje. Sá er aðal-munur á hlutabönkum og þjóðbönkum, að hlutabankarnir hafa ekki annað markmið, en að græða sem allra mest, en þjóðbönkunum nægir að geta komizt af, og geta því miklu fremur lagað sig eptir þörfum almennings.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þingm. Sfjk. (J. J.) sagði, get jeg verið stuttorður. Hann hafði handa á milli nýjar yfirlýsingar um, að hin og þessi verðbrjef væru fallin. En hvað er að marka þessar pöntuðu yfirlýsingar? Hið svokallaða »Börsverð« er öldungis þýðingarlaust. Það er flutt til eins og peð á taflborði, eins og bezt þykir henta í þann og þann svipinn. Vilji einhver öflug stofnun láta kaupa verðbrjef sín, þá gjörir hún út legáta sína til þess, að bjóða svo eða svo mikið í þau, og vilji hún, að þau falli í verði, þarf hún ekki annað, en að bjóða fleiri fram, en útgengileg eru. Auk þess

má geta þess, þótt þess ætti ekki að þurfa, að sjeu dagsprísar til á nokkurri vöru, þá er það á kauphallar verðbrjefum, svo að brjef sem standa lágt í dag, geta prýðisvel stigið mikið á morgun. Og seinast en ekki síst vil jeg geta þess, að það er alls engin *vissa* fyrir því, að aukningin fáist, þó að engin skilyrði verði sett. Hlutaðeigendum er að eins heimilað, að auka hlutafjeð, en þeir eru ekki skyldaðir til þess. Þeir auka það því að eins, að þeir hafi mikinn hag af því, og hafi þeir hann, gjörir nokkur þúsund króna hækkun á árgjaldinu hvorki til nje frá. Þeir leggja þá glaðir fram 1 pening til þess, að fá 2 eða fleiri fyrir.

Jeg ætla svo ekki að segja meira; jeg býst við, að hjer sje svo í haginn búið, að það dugi engar tölur, engar sannanir, engar ástæður.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þingskj. 470 felld með 15 atkv. gegn 7.

Frumv. í heild sinni samþykkt með 20 atkvæðum, og afgreitt til forseta Ed.

Á 44. fundi Ed., miðvikudaginn 4. september, kom frumv. (A 513) til 1. umr.

Björn M. Ólsen, (3. kgk. þm.): Jeg verð í stuttu máli að láta þá skoðun mína í ljósi um frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, og fer fram á að heimila Íslandsbanka, að hækka hlutafje sitt um tvær miljónir, að jeg álít ekki, að það sje rjett að veita hlutafjelagsbankanum þessa ívilnun, nema því að eins að Landsbankanum sje veitt samskonar ívilnun um leið. Jeg hefði stungið upp á, að nefnd væri skipuð í þetta mál, ef jeg hefði haldið, að það mundi fá góðan byr hjer í deildinni, en af því að jeg hygg, að það mundi mæta töluverðri mótspyrnu, þá vil jeg ekki gjöra það, enda er þetta mál ekki svo margbrotið, að brýna nauðsýn beri til þess; en jeg hef hugsað mjer að koma með breytingartill. við 2. umræðu í þá átt, sem jeg nú hef tekið fram.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. september, kom frumv. (A. 513) til 2. umr.

Björn M. Ólsen, (3. kgk. þm.): Jeg á breyt.till. á þskj. 559, sem menn munu sjá að eru sprottnar af löngun til þess að sjá hag Landsbankans borgið; þær eru tilraun til að sýna einhverja viðleitni gagnvart honum, jafnframt og ívilnanir eru veittar Íslandsbanka.

Við nánari íhugun og upplýsingar, sem jeg hef síðar fengið, er jeg kominn að þeirri niðurstöðu, að það gæti verið dálitið athugavert, og gæti jafnvel haft hættulegar afleiðingar, að samþykkja þessar till.; hefur mjer þessvegna hugkvæmzt önnur leið, til þess að sýna og gefa öðrum tækifæri til að sýna velvild til Landsbankans, okkar eigin banka. Hugsa jeg mjer að koma með þingsályktunartill. með áskorun til stjórnarinnar, um að leggja fyrir næsta þing frumv. til laga um efling Landsbankans.

Lýsi jeg þess vegna yfir því, að jeg tek aptur breyt.till. mínar og mun koma með þingsál.till. í sömu átt.

ATKV.GR.:

1.—3. breyt.till. á þgskj. 559 teknar aptur.

1. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

2. gr. frv. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.
Frv. visað til 3. umr. með 9 samhljóða atkv.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. septbr., kom frumv (A. 513) til 3. umr..
Frumv. var umræðulaust samþ. með 10 atkv. gegn 1, og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XX. Bankaskuldabrjef Landsbankans.

Á 27. fundi Nd., laugardaginn 17. ágúst, kom frumv. til laga um heimild fyrir Landsbankann í Reykjavík til að gefa út bankaskuldabrjef (A. 252) — flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Þetta frumv. er komið fram í þeim tilgangi, að bæta úr peningaskorti Landsbankans. Eins og mörgum mun kunnugt, er nú svo komið, að enginn dagur líður svo, að ekki sje þar beðið um meira lán, en hægt er að veita. Bankinn hefur nú gengið svo nærri sjer, að hann er kominn í skuld við erlendan banka, sem nemur $1^1/_2$ miljón. Bankinn verður því að fara að draga að sjer útistandandi skuldir, ef ekki er bætt við fjárhaginn. Nú hefur bankastjórninni hugkvæmzt að reyna að bæta úr þessu á þann hátt, að bankinn fái að gefa út bankaskuldabrjef fyrir 2 milj. kr., er landssjóður ábyrgist, og varasjóður bankans sje til aukatryggingar. Hann er nú orðinn 550,000 kr., svo að það sýnist ljetta nokkuð á ábyrgð landssjóðsins. Jeg skal geta þess, að ýmsir háttv. þm., sem jeg hefi átt tal við, hafa látið það í ljósi, að þeim þætti það undarlegt, að allt væri gjört til þess, að verða við óskum útlenda bankans, en lítið gjört fyrir hinn innleuda, en jeg vona það rætist ekki í þessu máli, sem hjer liggur fyrir.

Það eru tvær leiðir til þess, að bæta úr peningaþörf Landsbankans. Önnur er sú, að taka lán gegn ábyrgð landssjóðs, en hin er sú, sem hjer er farið fram á í þessu frumv. Lánið er að því leyti betra, að ef það fengist með 4% rentu í 25 ár, þá yrði rentan, sem bankinn þyrfti að borga lægri þessi næstu 25 ár. Þá leið hefði mátt fara, en jeg hygg heppilegra og skemmtilegra fyrir landið, að það heiti ekki beint lán, heldur sje það orðað þannig, að bankinn hafi heimild til þess, að gefa út og selja bankaskuldabrjef.

Annars er frumv. svo ljóst, að það þarf ekki margra skýringa við. Meiningin er að taka lán, og bankastjórnin hefur nú valið þessa leið til þess. Vildi jeg svo leyfa mjer að leggja það til, að þá er þessari umræðu er lokið verði þessu máli vísað til þeirrar nefndar, sem hefur til meðferðar hlutabankamálið.

ATKV.GR.:
Frumv. var visað til 2. umr. í e. hlj. og síðan til nefndarinnar í málinu um hlutafje Íslandsbanka, sömuleiðis í einu hljóði.

Á 36. fundi Nd., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frumv. (A. 252, 409) til 2. umr.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg gjöri ekki ráð fyrir því, að jeg þurfi að halda langa ræðu til þess að mæla með frumv. Nefndin hefur komið sjer saman um það, eins og menn geta sjeð. Tilgangur þess er að gjöra bankanum kleift að afla sjer meira starfsfjár en hann hefur. En þótt hætt sje við, að erfitt veitist að selja þessi bankaskuldabrjef, eins og stendur, þá hefur þó nefndin lagt til, að þessi tilraun sje gjörð, sem ef til vill kann að verða til einhvers gagns.

Nokkur galli er það á frumv., að ákveðið er, að sem ábyrgð fyrir bankaskuldabrjefunum sje eign bankans og ábyrgð landssjóðsins. Það eru allar líkur til þess, að landssjóður hafi nóg með fje og lánstraust að gjöra, bæði fyrir sjálfan sig og ennfremur til að ábyrgjast meðal annars, stórt lán fyrir Reykjavíkurbæ; en ef landið tekur það upp á sig, er hætt við, að fleiri bæir sigli í sama farið, og er þá ekki vel hægt að synja þeim þess. Það er því full ástæða til þess að landssjóður fari varlega með sitt lánstraust.

Þegar rætt er um bankamál, heyrist það opt, að landinu sje næst að hugsa mest um sína eigin peningastofnun, landsbankann, og er það rjett. Jeg tók það fram í dag, að aldrei mundi hafa staðið á þinginu að styðja Landsbankann. Þetta var ekki alveg rjett. Háttv. 1. þm. Rvk. tók fram, að út af því hefði brugðið á þingi 1901. Jeg mundi það ekki, enda sat jeg þá ekki á þingi. Þetta er því hin eina undantekning. Það hefur allt af verið talið sjálfsagt að hlynna að Landsbankanum. En það, sem vantar á að hann sje studdur, á rót sína að rekja til þess, að enn eru ófundin ráð, sem duga. Öllum ber saman um það, að þetta ráð, sem frumv. ætlast til að reynt sje, hjálpi ef til vill lítið eitt, en sje ekki nægilegt, sje að eins óverulegt stig í áttina. En þessi vöntun verður fyrst og fremst að skrifast á reikning bankastjórnarinnar, því að þeir menn, sem þar eiga sæti, eru kunnugastir högum bankans, vita bezt, hvar skórinn kreppir að. Þaðan er því tillagna að vænta til umbóta, en þær hafa hingað til verið optast nokkuð seint á ferðinni, og auk þess ekki mjög vel fallnar til að efla *verulega* hag bankans. Mjer fellur illa, að fyllri eða alvarlegri tilraun en þetta skuli ekki hafa komið fram nú í þessa átt. Mjer finnst að Landsbankinn, eins og Íslandsbanki, ætti að geta selt hlutabrjef til þess að ná undir sig útlendu fje, og vona að það ráð verði tekið sem fyrst.

Jeg skýt þessu fram um leið og jeg tek það fram, að jeg vona, að undirbúningur verði gjörður til þess, að tillögur komi í tíma fyrir næsta þing, er miði að því að efla Landsbankann verulega, því að það er enginn í landinu, sem annars óskar, en að hann eflist, og megi fullnægja sem flestum peningaþörfum landsins.

Jeg þarf ekki að fara frekara út í það, en vona að þetta frumv. nái fram að ganga.

Ráðherrann: Jeg vona að það, sem háttv. framsm. meiri hlutans (J. J.) sagði, sje á góðum rökum byggt, að allir vilji efla hag Landsbankans. Jeg tek fyllilega undir það, og jeg ímynda mjer, að hægt verði að finna einhverja vegi til þess, þó það sje óundirbúið enn. Það getur verið, að þetta frumv. geti orðið til þess, að efla hag bankans í bráðina, og vil jeg því styðja það fyrir mitt leyti. En jeg álít rjett, að

benda á, að það, sem hjer er farið fram á, er í rauninni ekki annað en lántaka fyrir landssjóð í sjerstökum tilgangi.

Að trygging fyrir bankaskuldabrjefunum sje eign bankans og ábyrgð landssjóðsins, jafnt fyrir höfuðstól og vöxtum, kemur í sama stað niður eins og landssjóður taki lán gegn veði í allri eign Landsbankans, og verji því til útlána gegnum Landsbankann. Nú er hjer gjört ráð fyrir, að taka lánið á þann hátt, að selja skuldabrjef, er bankinn gefur út, með 4½% vöxtum. Væri hin aðferðin höfð, að landið tæki í þessu skyni lán í einu lagi, og afhenti Landsbankanum peningana til meðferðar, gæti hugsazt, að lánið fengist með lægri vöxtum en 4½%, og fengi bankinn þá þeim mun ódýrara starfsfje. En jeg vil þó ekki koma fram með neina breytingu í þessa átt, því að eins og peningamarkaðurinn stendur nú, er þetta svo óvíst; jafnvel þótt bankanum yrði síðar breytt í hlutabanka að einhverju leyti, og landssjóður legði til þess fje á einhvern hátt, þá ættu þau skuldabrjef, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum naumast að verða neinn Þrándur í götu.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. gr. — — - — —
3. gr. — — - — —
4. gr. — — - — —
5. gr. — — - — —
6. gr. — — - — —

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. september, kom frumv. (A 252) til 3. umr.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Það hafa engar breyt.till. komið fram við þetta frumv., og því er ekki ástæða til, að tala lengi um það, enda þykir mjer enginn vafi á því, að það verði samþ. óbreytt.

En engu að síður vildi jeg leyfa mjer í sambandi við það, að líta á sem snöggvast, hvernig hagur Landsbankans mundi verða, ef veruleg peningaþröng yrði í landinu. Við síðustu áramót, þegar reikningar bankans voru gjörðir upp, stóðu á sparisjóði fram undir 2½ miljón, og innistæðufje á hlaupareikningi um ½ miljón, þetta er til samans lítið undir 3 miljónum. Á sama tíma voru í sjóði um 220,000 kr. í bankanum og ef sú upphæð er borin saman við þá fyrri, þá sjest, að hún er ekki meir en 7—8% af allri þeirri upphæð. Þeir peningar, sem bankinn hefur undir höndum, eru því að eins 7—8% af því, sem hann verður að standa skil á nær sem að honum er gengið, eða með litlum fyrirvara. Það getur verið, að nú sje eitthvað minna á hlaupareikningi og »negativa« upphæðin því nokkru minni, en hún verður þó varla undir 2½ miljón, Í annan stað er það kunnugt, að Landsbankinn skuldar 1½ miljón erlendis; jeg veit nú ekki með hvaða samningum það lán er tekið, en jeg gjöri ráð fyrir, að það verði ekki gengið að bankanum með það allt í einu, og að bankinn geti fyrst um sinn ráðstafað því til sinna þarfa.

En þetta, að fyrirliggjandi fje er ekki 10% upp í þær kröfur, sem á bankanum hvíla, er lítið eða alls ekkert viðsjárvert meðan enginn peningaskortur er í landinu, og lánstraustið óveiklað. En þegar peningaskort ber að höndum, þá getur það orðið næsta ískyggilegt fyrir bankana, að hafa kassann nærri tóman. Af peningaskortinum leiðir það, að menn verða að fá það fje, sem þeir eiga í bankanum á

hlaupareikningi eða sparisjóð, sumir til eigin þarfa og sumir til að hjálpa öðrum til þess að standast afborganir o. s. frv. Að sumu leyti getur fjeð verið tekið úr bankanum tyrir þær sakir, að einstakir menn bjóði hærri vexti en sparisjóðurinn, þegar peningaskorturinn sverfur að, og mundi ekki slíkt tákn peningaskortsins þegar vera farið að láta á sjer bera? Það má háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) vita betur en jeg. Af þeim peningum, sem þannig eru teknir út úr bankanum má gjöra ráð fyrir, að nokkuð komi aptur í bankann sem rentur, afborganir, víxlagreiðslur o. s. frv., en mikið af þeim kemur ekki aptur. Þeir eru borgaðir út úr landinu og ýmislegt gjört við þá. Þetta er svo ljóst, að það hljóta allir að skilja, og það er eðlileg afleiðing af peningaskortinum. Og það sjest, að Landsbankinn stendur ekki lengi straum af útborgunum, ef að honum er gengið, það sjer í botn fyr en varir; svo kemur upp kvittur um, að lítið fje sje í bankanum og af því sprettur svo hræðsla »Panik« hjá þeim sem fje eiga inni í honum; »ætli það sje ekki bezt að jeg taki mína peninga út« segir hver og einn, og þegar svo menn koma í hópum hver með sína sparisjóðsbók og heimta sína peninga, þá stenzt Landsbankinn ekki. Það hafa miklu stærri og sterkari peningastofnanir en hann komizt á knjen á þennan hátt. Raunar mun bankinn eiga nokkuð af verðbrjefum, sem koma má í peninga fljótlega ef þörf gjörist. En sú upphæð, er þannig fengist, mundi þó hrökkva skammt, þegar svo væri komið.

Nú kunna menn að segja, að landssjóður hlaupi undir bagga, já, það getur verið, að hann vilji hlaupa undir bagga, en þessi upphæð getur orðið stærri en svo, að hann sje þess megnugur, og þá er ekki nema eitt af tvennu fyrir hendi: Annaðhvort að stöðva útborganirnar, eða að fá fje einhversstaðar utan úr heimi og það þá eflaust með afarkostum.

Þetta er það ástand, sem mjer sýnist ekki ólíklegt, að fyrir geti komið, ef ekki er neitt reynt til að auka veltufje í landinu, og því gat jeg aldrei skilið þá mótspyrnu, sem það frumv. fjekk, sem þessi deild samþykkti áðan, og því tel jeg líka sjálfsagt, að þetta frumv. verði afgreitt sem lög frá þinginu.

Hjer verður að taka kröftuglega í strenginn, því af peningaskortinum gæti hlotizt hið mesta þjóðarböl. Eignir fjellu í verði, fyrirtæki stöðvuðust og einstakir menn og fjelög yrðu gjaldþrota, og af því leiddi, auk fjártjónsins, ósegjanlegt böl og sorg. En versta afleiðingin yrði þó sú, að þetta kastaði Íslandi svo langt aptur á bak hvað allar framfarir snertir, að ómögulegt er að segja, hvert það gæti leitt, eða hvenær það rjetti við aptur.

Svo þýðingarmikið er það mál, sem við höfum ráðið til lykta í dag, og af þessum ástæðum studdi jeg það mál, sem nýlega var bundinn endi á í þessari deild. Og jeg mundi engu síður styðja að því, að auka starfsfje Landsbankans, ef jeg sæi, að það væri hægt með góðu móti. Jeg vona, að augu manna opnist svo til næsta þings, að þeir sjái, að svo búið má ekki standa, að því er landsbankann snertir.

Jeg sje ekki, að vjer getum bjargast með öðru móti út úr þessu ástandi, en með því að búa svo um, að landsbankinn geti í raun og veru fengið meira fje inn í landið. Lántökur

hans, eins og hingað til, nægja ekki. En ef hann seldi hluti, eins og Íslandsbanki, þá kæmi starfsfjeð inn í landið í raun og veru. Og hví skyldi ekki landsbankinn geta fengið fje á þennan hátt, eins og hinn?

Jeg vona að þessu verði sinnt, og svo um hnútana búið, að alþingi þurfi ekki næst að standa í sömu sporum, og við höfum staðið þessa dagana, að eiga allt undir högg að sækja. Mjer hefur ekki þótt það skemmtilegt, þótt nauðsyn hafi knúð oss til að framfylgja því, sem orðið er.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Framsaga hins háttv. þm. í þessu máli, eptir að hitt bankamálið var nýlega um garð gengið, var eitthvað svo einkennileg og óviðfelldin, að henni má ekki vera ómótmælt, og það því síður, sem margir munu hafa skilið hann svo, sem hann væri að benda til þess, ekki að eins hvernig *mætti* fara með Landsbankann, heldur hvernig *ætti* að fara með hann.

Hann sagði, að Landsbankinn hefði eigi nema 7—8% til þess að fullnægja kröfum þeirra manna, sem eiga þar fje með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikningi, en hefði hann viljað vera rjettlátur, hefði hann mátt taka enn þá dýpra í árinni um Íslandsbanka, því að hann hefur meira en helmingi minna fje handbært í því skyni, að eins 3—4%. Hann hafði 31. desember f. á. úti í seðlum 977.000 kr. og 1,437,000 kr. af innláni, sparisjóðs og hlaupareikningsfje, eða skuldaði þannig alls 2,414,000 kr., sem hann er skyldugur til að borga út fyrirvaralaust, eða því sem næst, ef krafizt er.

Jeg tek þetta fram til þess að sýna, hversu einhliða hinn háttv. þm. flutti málið.

Reyndar kom það mjer ekki á óvart af hans hálfu, því að enda þótt Landsbankinn væri í kröggum í hitt eð fyrra, þá bar hann samt sem áður fram kröfu um, að bankinn setti upp útibú á Seyðisfirði, og sýndi í því, sem öðru, að honum stendur annað nær en þjóðbankinn okkar, enda er hann ekki »dispónent« *Landsbankans*.

Jeg hef þegar getið þess, að jeg hefði litla trú á því, að þetta, sem hjer er farið fram á, gæti orðið til nokkurs verulegs stuðnings fyrir Landsbankann. Það er hætt við, að skuldabrjefin gangi annaðhvort alls eigi út, eða þá að eins fyrir niðursett verð. En því meiri sem afslátturinn er frá nafnverðinu, því dýrari verða þeir peningar, sem fyrir þá fást inn í landið. Samt sem áður stóð jeg nú upp í þeim tilgangi, að styðja að framgangi þessa frumvarps, sem litilsháttar viðleitni til þess, að hjálpa upp á Landsbankann.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykkt í einu hljóði og afgreitt til forseta Ed.

Á 44. fundi Ed., miðvikudaginn 4. september, kom frumv. (A 514) til 1. umræðu.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu var vísað til 2. umr., umræðulaust, með 12 samhlj. atkv.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. september, kom frumv. (A 514) til 2. umræðu.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.
2. — — — — 11 — —
3. — — — — 11 — —
4. — — — — 11 — —

5. gr. frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.
6. — — — — 11 — —
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. september, kom frumv. (A 514) til 3. umræðu.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust samþ. í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXI. Bæjarstjórnarlög Akureyrar.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 13. ágúst, kom frumv. til laga (A 146) um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. október 1883 — flutningsmenn Guðlaugur Guðmundsson, Magnús Kristjánsson, Stefán Stefánsson, Jón Jónsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Um þetta frumv. þarf ekki að fara mörgum orðum. Málið er ljóst og alls ekki margbrotið.

Eins og kunnugt er, stafa sífelld vandræði af því fyrir kauptún og bæi landsins, að mönnum hefur, þá er þessir staðir tóku að byggjast, ekki verið það ljóst, að þeir ættu fyrir höndum jafnmikinn vöxt og viðgang, eins og raun hefur á orðið. Ef þeir hefðu vitað það, þá væri margt öðruvísi en nú er. Þá hefði t. d. mátt koma í veg fyrir óreglulega og óhaganlega húsaskipun og margt fleira, sem nú amar að. En aðalmeinið við hið núverandi ástand er það, hvernig einstökum mönnum hefur liðizt að sölsa undir sig margar beztu lóðirnar á ýmsum stöðum. Það er farið að koma betur og betur í ljós, að innan skamms mun þetta hvervetna standa í vegi fyrir nauðsynlegustu framfarafyrirtækjum.

Akureyri er illa sett að því leyti, að þar er mikið land í eign útlendra fjelaga og gróðamanna, sem halda í það dauðahaldi, þótt þeir noti það mjög lítið. Af þessu stafar, að miklir erfiðleikar verða á því, opt og einatt, að koma í framkvæmd fyrirtækjum, sem þegar er byrjað á, og þá ekki síður hinum, sem innan skamms eiga og verða að komast í framkvæmd.

Jeg álít, að nú sje kominn tími til þess, að koma í veg fyrir þetta, einkum er tekið er tillit til þess, að nú ber mjög mikið á viðleitni útlendinga til þess, að ná undir sig, ekki að eins einstöku lóðum, heldur jafnvel heilum kauptúnum. Frumv. þetta gengur í þá átt, að gjöra bæjarstjórninni ljettara að koma í framkvæmd fyrirtækjum, sem nú eru á prjónunum og öðrum í framtíðinni. Jeg get ekki álitið að of nærri sje gengið rjetti einstakra manna, þótt þeir verði að láta af hendi lóðarskika til opinberra þarfa fyrir fullt endurgjald, einkum þegar þeir ekki beint nota landið. Og jeg treysti þinginu til þess, að líta hjer á almennings hag, en ekki einstaklingsins.

Það er ekki ástæða til þess, að fara um þetta mörgum orðum, og jeg held að það sje óþarfi, að stinga upp á nefnd í málið að þessu sinni, það er

svo ljóst. Að fara út í einstöku atriði frumv. á ekki við heldur, á þessu stigi málsins. Að eins skal jeg geta þess, að fyrirtæki þau, sem hjer er um að ræða, geta tæpast komizt í framkvæmd, eða orðið að notum, nema frumv. þetta verði samþ.

Jeg treysti deildinni til þess að láta frumv. ganga fram, fljótt og greiðlega.

Klemens Jónsson umboðsmaður ráðherra: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir til leiðbeiningar fyrir háttv. flutningsm., svo að hann geti lagað frumv. fyrir næstu umræðu. Akureyri er á miklu framfaraskeiði eins og kunnugt er. Meðal annars er í ráði, að þar verði gjörð skipakví. En hún er ekki komin enn þá, og þess vegna má eigi segja: skipa-*kvína*, eins og gjört er víða í frumv. Það er aðallega vegna þessarar fyrirhuguðu skipakvíar, að ákvæðin í 3. og 4. gr. eru gjörð, og þau eru nauðsynleg, svo að þótt ekkert væri annað í frumv., þá er það þó gott. Aptur á móti er jeg ekki sannfærður um, að 1. og 2. gr. þurfi við í þessu frumv. Það er til hafnarreglugjörð fyrir Akureyri, og það hefði mátt koma þessum ákvæðum í hana, þegar hún verður endurskoðuð næst eða enda fyr ef þörf þykir. En ef það þykir nauðsynlegt, að flýta þessu svo mjög, þá skal jeg ekki hafa á móti því þess vegna, að frumv. þetta verði að lögum.

Jeg vildi skjóta því tit háttv. flutn.-manns, hvort ekki er prentvilla í 1. gr., »liggja« fyrir »leggja«; að minnsta kosti er eðlilegast, að hafa þarna orðið leggja.

2. gr. virðist mjer alveg óþörf. Það þarf ekki lagareglur um almenna vatnsveitu, fremur en t. d. um rennusteina og annað, er til þrifnaðar heyrir. Sem stendur er vatnsveitan þar eign einstakra manna, en ætlazt er til, að bærinn taki hana til sín. Það getur verið vafasamt, hvað rjettast er í þessu, að leggja sjerstakt gjald á menn til þessa, eða láta þennan gjaldlið, eins og aðra, berast af almennri niðurjöfnun með hækkuðum útsvörum. En sje því haldið, sem í frumv. stendur, þá er nauðsynlegt, að bæta öðrum lið aptan við greinina, um það, að lögtaksrjettur skuli fylgja þessu gjaldi. Annars er ákvæðið gagnslaust.

Hvað lýsinguna snertir, þá er það ekki ljóst, hvort hún á að vera úti eða inni. Eigi hún að vera úti, þá er það þar til að segja, að hjer í Reykjavík hefur aldrei verið til nein reglugjörð um slíkt.

Að vísu skal jeg ekki hafa á móti því, þess vegna, en það þarf þá að orða þetta nákvæmar.

Þá er eitt enn, sem þarf að breyta. Í 5. gr. frumv. stendur, að lög þessi skuli þegar öðlast gildi. Jeg sje ekki ástæðu til þess, að hraða þessu svo mjög, enda er þetta undantekning, sem ekki á að beita, nema brýna nauðsyn beri til. Annars er það, og á að vera regla, að þeir menn, sem eiga að lifa undir lögunum, fái tíma til að kynna sjer þau, áður en þau ganga í gildi. Hjer er engin knýjandi nauðsyn fyrir hendi, er heimili undantekningu frá þessari almennu reglu. Þetta mál þarf, hvort sem er, undirbúning og reglugjörðir, og þeim undirbúningi má byrja á þegar, er frumv. er afgreitt, til þess að honum geti orðið lokið samtímis því, að lögin öðlast gildi.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg er hæstv. umboðsmanni ráðh. þakklátur fyrir bendingar hans, og skal taka þær til greina, að svo miklu leyti sem mjer virðist ástæða til.

Orðið: »skipakvína« finnst mjer vel

mega standa óbreytt. Að vísu er hún ekki fullgjörð, en hún er þó vel á veg komin. Það er opt tekið svo til orða um hluti, þótt þeir sjeu í smíðum, þegar allir vita, við hvað er átt. Hitt skal jeg játa, að orðið: »liggja« er prentvilla.

Það er sjálfsagt, að hafnarreglugjörðinni má breyta, en þeir, sem hjer eiga hlut að máli, æskja eptir, að ótvíræð lagaákvæði verði sett um þetta efni. Einkum vegna þess, að reglugjörðin nær einungis til hafnarinnar sjálfrar, en æskilegt væri, að ýms mannvirki við höfnina kæmust líka inn undir ákvæði þessara laga. Auk þessa er mjer ekki kunnugt um það, að hægt sje eptir reglugjörðinni, að skipa nokkuð fyrir um það, hvernig skip eigi að liggja á höfninni. En það er nauðsynlegt, því að annars liggja skipin, ef til vill ljóslaus í náttmyrkrum á víð og dreif um alla höfnina, og sjá allir, hve hættulegt það getur verið. Enn fremur má geta þess, að skip leggjast opt svo á höfnum, að þau hindra síldveiði með nót; það þarf einnig að vera hægt að fyrirbyggja.

Má vera að það sje óþarfi, að hafa lagaákvæði um vatnsveituna, en ekki held jeg að það geti sakað. Það getur og verið álitamál, hvort rjettara sje, að kostnaðurinn greiðist í útsvörum. Auðvitað á hann að koma í sem rjettustu hlutfalli niður á notendur sjálfa. Jafnvel þótt ræða hæstv. umboðsmanns ráðh. hafi gefið mjer nokkurt tilefni til að fara út í einstök atriði þessa máls, skal jeg þó leiða það hjá mjer að þessu sinni, vegna þess, að það á ekki við nú við 1. umr., enda gjörist þess ekki þörf, þar eð enn frekari grein mun gjörð fyrir málinu við 2. umr.

ATKVGR.:

Frumv. var vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frumv. (A 149, 343) til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það er eptir bendingu, sem kom fram við 1. umr. frá umboðsmanni ráðh., að brtill. á þskj. 342 eru bornar fram.

1 brtill. er við 1. gr. og miðar að eins til að leiðrjetta prentvillu, og þarf því ekki um hana að tala frekar. Viðaukatill. við 2. gr. er gjörð til þess, að taka það skýrt fram, að gjöldum þeim, sem þar um ræðir, fylgi lögtaksrjettur, og brtill. við 5. gr. fellir burt það ákvæði, að þessi lög gangi í gildi nú þegar.

Að því er snertir skipakvína, gat umboðsmaður ráðh. þess, að rjettara væri að kalla hana »hina fyrirhuguðu skipakví«, og ætti því að breyta orðalagi 1. gr. eptir því. En jeg hef ekki fundið ástæðu til að koma með brtill. um þetta, af því að jeg álít, að þessi skipakví sje þegar svo langt á veg komin, að ekki sje rangnefni að kalla mannvirki þetta skipakví, þótt hún sje ekki fullgjörð að öllu leyti. Auk þess hefur allt verið undirbúið, sem ógjört er, og eptir áætlun Krabbes verkfræðings má telja það víst, að skipakvíin verði fullgjörð á fáum árum. Sá hluti hennar, sem fullgjör verður í haust, kostar um 100,000 kr., en það sem þá er eptir, er áætlað að kosti ca. 40,000 kr. Hjer liggur teikning yfir og áætlun um það verk, sem allir hv. þm. geta kynnt sjer.

Þá skal jeg í stuttu máli víkja að hinum einstöku atriðum frv.

Aðalefni 1. gr. er að heimila stjórnarráðinu, eptir tillögum bæjarstjórnar, að gefa út hafnarreglugjörð, sem setji reglur um notkun hafnarinnar og mannvirkja við hana, og leggi sektir við brotum á reglugjörðinni. Stjórnin hefur heimild til þess, að setja slika reglugjörð, en hitt er heldur vafasamt, hvort það er heimilt að leggja sektir við brotum á slikri reglugjörð, eptir því, sem lögin eru nú. Jeg hef heyrt, að reglugjörð fyrir Reykjavík hafi strandað á þvílíku ákvæði. En þetta er nauðsynlegt, til þess að geta haldið reglu á höfn, sem margir sækja að, og eins er æskilegt að geta ákveðið gjöld fyrir notkun mannvirkja við höfnina með gjaldskrá, sem stjórnarráðið staðfestir eptir tillögum bæjarstjórnarinnar, þannig að gjöldunum fylgi lögtaksrjettur.

Í 2. gr. er farið fram á heimild til þess að setja reglugjörð um vatnsveitu, fráræslu og lýsingu með gas eða rafmagni. Um lýsingu utan húss, vatnsveitu og fráræslu má nú reyndar segja, að það sje reglugjörðaratriði, en víst er um það, að lagaheimild þarf, ef leggja skal á bæjarbúa sjerstakt gjald til einhvers þess, og það er einmitt það, sem farið er fram á í niðurlagi frv. Jeg álít, að hjer sje sæmileg trygging fyrir hendi fyrir því, að gjaldið verði ekki sett of hátt, þar sem bæjarfulltrúarnir sjálfir eiga að gjöra tillögur um upphæðina, og stjórnarráðið að hafa eftirlit með því, að þar verði ekki farið óþarflega hátt, og hvað Akureyri snertir, þá er engin hætta á því, að bæjarstjórnin þar geti farið lengra í þessu, en bæjarbúum þóknast, að minnsta kosti ekki lengur en tvö til þrjú ár, því að þar eru bæjarfulltrúar kosnir þriðja hvert ár og er það miklum mun frjálslegra en hjer í Reykjavík, þar sem þeir eru ekki kosnir nema sjötta hvert ár.

Í 3. gr. og 4. gr. er farið fram á rjett fyrir bæjarfjelagið til þess að taka lóðir með eignarnámi, ef ekki nást samningar við hlutaðeigendur. Það er enginn vafi á því, að öll þau fyrirtæki, sem hjer er um að ræða, miða að því að efla heill almennings og jeg vona, að þetta verði heimilað og jeg er viss um, að þessu ákvæði verður beitt með allri varúð, enda er um leið farið fram á það, að nefndir sjeu tveir menn frá hendi lóðareigenda, tveir frá hendi bæjarstjórnarinnar og einn sem stjórnarráðið tilnefnir, til þess að skera úr slíkum málum, bæði hvað snertir verðupphæðina og nauðsynina á eignarnáminu.

Eins og jeg benti á áðan er skipakvíarmálið þegar komið í það horf, að það hlýtur að komast í framkvæmd innan skamms. Það hefur haft þau áhrif, að lóðirnar meðfram skipakvíarsvæðinu hafa stigið ákaflega í verði. Að svo miklu leyti sem bærinn ekki þarf á þessu svæði að halda í þarfir skipakvíarinnar, þá sjer nú enginn eptir þessu, en að því er snertir landræmuna meðfram skiparkvíarstæðinu, sem nauðsynlegt verður að taka, þá væri það nokkuð hart ef hafnarsjóður ætti að sæta verulegum afarkjörum í kaupum á því landi, sem hækkað hefur í verði eingöngu vegna þeirra fyrirtækja, sem hann hefir stofnað til og kostað. Það er ekki nema rjett, að nokkuð af þeim hagsmunum, er skapazt hafa fyrir hans aðgjörðir, lendi hjá honum sjálfum, sjerstaklega þar sem hjer er um nauðsynlegt skilyrði að ræða fyrir því, að mannvirkið komi að notum. Heimildin er sjalfsögð til þess, að einstökum mönnum eða gróðafjelögum geti ekki haldizt það uppi að fjefletta bæinn eða setja honum stólinn fyrir dyrnar. Hvað vatnsveituna snertir, þá hefur því máli verið nokkuð hreyft á

síðari árum, að bæjarstjórnin ætti að taka að sjer það mál. Nú sem stendur eru það tvö fjelög, sem annast um vatnsveituna í pörtum bæjarins hvorum um sig, og hún hefur ekki verið í góðu lagi, hvorki nægt vatn nje gott. Annað af þessum fjelögum er nú að vissu leyti bæjarins eign með húð og hári. Hitt er í raun og veru privatfjelag, en bærinn stendur þó á bak við það með ábyrgð fyrir láni. Hugsunin hefur nú verið sú, að bærinn taki bæði þessi fjelög að sjer og jyki þau og bætti að miklum mun. Í höndum bæjarstjórnarinnar mundi þetta fyrirtæki bæði koma fleirum að notum og líka verða ódýrara. Hjer er ekki farið fram á neitt lögnám heldur einungis hitt, að ef bærinn tekur þetta að sjer, þá fái hann leyfi til að leggja pípur og grafa skurði í gegn um lóðir einstakra manna, sem auðvitað verður nauðsynlegt. Sama má og segja um fráræsluna.

Hvað lýsinguna snertir, þá á hún nú lengra í land, en talsverðan undirbúning hefur hún þó fengið. Vorið 1906 var »ingenör« Krabbe þar fyrir norðan og mældi upp fyrir vatnsveituskurðum frá Glerá fram yfir brekkurnar, og er nú búið að gjöra áætlun um kostnaðinn við tramkvæmdirnar. Jeg hef fyrir mjer lauslegar skýrslur um þetta, og eptir þeim ætti það ekki að vera ókleift heldur tiltölulega ódýrt í samanburði við árangurinn. Með því að taka Glerá fram yfir hæðirnar má fá 1000 hesta afl. Um kostnaðinn get jeg ekki sagt eins nákvæmlega, því að jeg hef ekki fengið nógar upplýsingar um hann, en málið hefur verið borið undir útlenda verkfræðinga og hafa þeir látið í ljósi þá skoðun, að þetta fyrirtæki mundi vera arðvænlegt eptir kraptinum að dæma, ef nógnr markaður fengist fyrir vinnuaflið. Þetta mál er því sem sagt enn á undirbúningsstiginu, en eptir 2 eða þrjú ár verður það án efa komið á framkvæmdarstigið. Jeg vona, að þetta, frv. eins og það kemur fyrir, fái góðar undirtektir hjá hinni háttv. deild.

Ráðherrann: Við 1. gr. frumv. hef jeg ekkert að athuga. Við 2. gr. getur verið vafamál, hvort tilgangur hennar er sá, að bæjarstjórn Akureyrar skuli geta lagt bæjarbúum þá »obligatórísku« skyldu á herðar, að nota rafljós til lýsingar í húsum sínum og annað slíkt, er þar er talið. Þetta sjest ekki glöggt á orðum greinarinnar. Ef það er meiningin að veita bæjarstjórninni heimild til að þvinga bæjarbúa til að borga gjald, er hún sjálf ákveður, fyrir notkun raflýsingar, þá veit jeg ekki, hvort það getur talizt heppilegt. Um þess háttar efni verða menn helzt að ráða sjálfir. Hver maður virðist eiga að ráða því, hvaða lýsing hann vill hafa í sínum eigin húsum. Enda er hætt við, að mörgum mundi þykja það ofmikið vald til handa bæjarstjórninni, og það með óbundnu hámarki gjaldsins af landsstjórnarinnar hálfu, að setja öllum þannig busa á barka. En svo framarlega sem tilætlunin er ekki sú, að leggja þessa kvöð á íbúa bæjarins, þá væri heppilegra að það sæist skýrar á lagaákvæðinu, hver meiningin er.

Um 3. gr. skal þess getið, að mjer finnst hún ekki standa í rjettu hlutfalli við 4. gr., að því leyti, sem þar (í 3. gr.) er ákveðið, að endurgjald fyrir eignarnám skuli metið af dómkvöddum mönnum, en í 4. gr. er mælt svo fyrir, að rísi ágreiningur milli bæjarstjórnar og eiganda út af eignarnámi, skuli leggja þann ágreining undir úrskurð 5 manna, er tilnefndir sjeu, 2

af hvorum málsaðila og 1 af stjórnarráðinu. Þeir eiga þá að vera eins konar yfirrjettur yfir hinum dómkvöddu mönnum, sem annars eru vanir að vera þeir síðustu, er slíkan ágreining meta. Jeg álít heppilegast að snúa þessu alveg við, þannig að hinir dómkvöddu menn skyldu síðar meta, því að til þeirra mundu dómstólarnir skírskota ef í mál fer.

Enn fremur finnst mjer í 3. og 4 gr. lítil takmörk sett fyrir því, hvenær eignarnám megi gjöra. Það er ekki nóg, að ákveða endurgjald. Það verður líka að gæta fyrirmæla stjórnarskrárinnar um það, að aldrei megi nema eignarnámi nema almenningsheill krefji þess. Og það er harla mikið vafamál, hvort almenningsheill krefji þess, að Akureyrarbær fái raflýsingu.

En aðal-mótbára mín gegn frumv. er sú, er jeg áður gat um, að mjer finnst ekki rjett, að láta hið almenna ákvæði 3. gr. um dómkvadda menn ganga á undan ákvæði 4. gr. um gjörðarmenn. Og í öðru lagi finnst mjer ekki rjett, að láta ótiltekna tölu hinna dómkvöddu manna. Jeg held, að 3. gr. gæti fallið alveg burt, ef að skotið væri inn aptan við 2. gr. almennu ákvæði um það, að eignarnám gæti farið fram, þegar því er slegið föstu af eignarnámsnefndinni, að það sje nauðsynlegt.

Jeg hef því miður ekki haft tækifæri til, að athuga þetta frumv. fyr en nú, og hef því ekki getað komið fram með breyt.till. um, að beina því í það horf, er jeg álít heppilegast. En áður en til 3. umr. kemur, mun jeg athuga það á ný, hvort ekki mætti orða ýms atriði þess á heppilegri hátt.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Höfuð-atriði í ræðu hæstv. ráðherra virtist mjer vera það, hvort það ætti að liggja í 2. gr. frumv., að bæjarstjórninni væri veitt heimild til að leggja á almenning raflýsingarskyldu, þannig, að bæjarbúar skyldu greiða gjald fyrir innanhúss-raflýsingu, hvort sem þeir notuðu hana eða ekki. Það er ekki meiningin. Enda er kveðið svo að orði í niðurlagi greinarinnar, að gjaldið skuli lagt »á notendur«. Að fráræslunni hygg jeg aptur á móti, að allir mundu verða taldir notendur, en jeg hef talið víst, að það gjald yrði lagt á með aukaútsvörum. Jeg hygg, að opnir brunnar mundu verða bannaðir, þegar almenn vatnsleiðsla er komin á, og í rauninni væri nauðsynlegt, að banna þá nú þegar. Að það hefur ekki verið gjört, stafar af því, að vatnsleiðslan, sem nú er, hefur ekki verið nægilega góð. Allir vita, hvílík sóttnæmishætta getur stafað af opnum brunnum, t. d. þegar taugaveiki gengur, og ekki sízt, þar sem þeir eru jafn-illa úr garði gjörðir, eins og segja má um all-flesta brunna á Akureyri. Þess vegna má gjöra ráð fyrir, að enda þótt meiningin beinlínis sje ekki sú með ákvæði frumv., að leggja á menn »obligatóriska« gjaldskyldu fyrir vatnsveituna, að þá verði það svo í rauninni, að allir verði að borga fyrir afnot hennar.

En hvað raflýsinguna snertir, þá hefur það aldrei verið hugsunin, að leggja inn á þann veg, að skylda alla bæjarbúa til að nota raflýsingu í húsum sínum, þótt hún yrði sett á stofn fyrir bæinn.

Um 3. og 4. gr. vil jeg lýsa því yfir, að jeg vil gjarnan ganga inn á þá breytingu, er hæstv. ráðherra álítur nauðsynlega til þess, að koma samræmi á ákvæðin. Fyrir mjer vöktu ákvæði 2. gr. í lögum nr. 57, 10. nóv. 1905 viðvíkjandi eignarnámi fyrir vatnsleiðslu frá Glerá. Þar er mælt

svo fyrir, að skorið skuli úr þeim ágreiningi, er verða kunni milli eigenda og bæjarstjórnar, af 5 manna nefnd. Og þetta mundi koma ljóst fram, ef felld væru aptan af 3. gr. orðin »dómkvaddra manna«. Þetta má laga til 3. umr.

Af því að þetta mál, sjerstaklega að því er til hafnarinnar og vatnsveitunnar kemur, getur haft stórmikla þýðingu, fyrir bæinn, þá vil jeg leggja það til, að það sje látið ganga fram til 3. umr., svo að þetta verði lagfært.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. á þgskj. 343, við 1. gr., talin samþ. án atkv.gr.

1. gr. breytt samþ. með 15 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 343, við 2. gr., samþ. með 14 atkv.

2. gr. breytt samþ. með 16 atkv.

3. gr. samþ. með 15 atkv.

4. — — — 15 —

3. breyt.till. á þgskj. 343, að 5. gr. falli burt, samþ. með 18 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 31. ágúst, kom frv. (A 432, 435, 474) til 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm.V.-Sk.): Við frv. eru komnar fram br.till. á þgskj. 435 og 474. Brt. á þgskj. 435 hef jeg borið upp í samræmi við bendingar hæstv. ráðherra við 2. umr., og miða þær að því að skýra 2. gr. og taka af ósamræmi milli 3. og 4. gr.

Svo sje jeg, að hv. þm. Vestm. (J. M.) hefur gjört 3 brt. við frv. á þgskj. 475. 1. brt. er við 1. gr. og fer fram á, að í stað orðanna í enda greinarinnar: »af mannvirkjum — höfninni og skipakvínni« komi: »af hafnarvirkjum og öðrum mannvirkjum við höfnina«. Þetta má í raun og veru teljast orðabreytingar; auðvitað má segja, að í frv. liggi nokkuð viðtækari þýðing, en jeg hef enga ástæðu til þess að mæla í móti þessari brt.

Brt. við 3. gr. fer fram á, að eptir orðunum: »eður skipakvína« komi: »eða þurfi að taka óbyggða lóð, eða lóðarafnot«. Við þessa brt. hef jeg ekki annað að athuga, en að ef hún verður sett inn eins og hún er prentuð, verður hún bæði málleysa og meiningarleysa. Ef hún á að komast inn og segja það sem hún meinar, verður að fella burt úr greininni »eða« á undan »til þess að koma í framkvæmd«. Ef hægt væri að breyta því við »redaktionina« án þess að gjöra nokkra brt. um það, hef jeg ekkert í móti þessari brt. Hún takmarkar ekkert það, sem í raun og veru er markmið frv.

Loks er á sama þgskj. brt. við 2. gr., sem fer fram á, að felld verði burtu heimild til eignarnáms, ef talsmál væri um að leggja eða koma fyrir lýsingu með rafmagni eða gasljósum yfir lóðir annara manna, og þeir neituðu því. Með samanburði á brt. á þgskj. 435 og frv. sjest að ekki er um aðrar leiðslur að tala en rafmagnsleiðslu utanhúss, svo að ekki er að tala um, að snerta þurfi annað en óbyggðar lóðir. Jeg tók það fram við 2. umr., að rafmagnslýsingin ætti lengst í land og mætti því bíða að heimila eignarnám til þeirra hluta. Frá því sjónarmiði er því ekki neitt að hafa á móti brt.; hún er ekki verulega til meins, en þó ekki heldur til gagns. Í henni kennir þess keims, sem opt má finna, t. d. í tollvörugeymslumálinu og víðar, að aðrir kaupstaðir mega alls ekki taka það upp, sem Reykjavík hefur ekki tekið upp áður, og jafnvel ekki verða samferða. Þetta »irríterar« mínar tilfinningar. Ef Akureyrarbær vill koma þessu fyrirtæki

á fót, þá verður að leita nýrrar heimildar til þess, og það getur tafið málið. Ekki skal jeg samt mæla harðlega á móti brt., hún hefur ekki stórvæga þýðingu. Aðalatriðin í frv. eru höfnin, vatnsveitan og fráræslan.

Jeg tek það upp aptur, að þess kennir allmjög hjá sumum þm., að Reykjavík eigi að ganga fyrir í öllu. Það má ekki gjöra höfn, koma upp tollhúsi eða vatnsveitu eða raflýsingu, nema Reykjavik hafi verið fyrst; mjer liggur við að segja, að ef leyfis þyrfti að leita til þess, að koma upp almennu þarfindahúsi í kaupstað, þá mundu þessir menn greiða atkv. móti því, og reyna að eyðileggja það með brt., af því að ekki er kunnugt, að það sje til í Reykjavík enn þá.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg skal ekki fara út í aths. hv. þm. V.-Sk. (G. G.), en að eins gjöra grein fyrir brt. mínum. 1. brt. miðar að því, að koma samræmi á milli frv. og frv. líks efnis, sem sami hv. þm. bar upp og fram náði að ganga á þingi 1905, og hef jeg reynt að fara þó svo varlega í breytingarnar, sem hægt er. Það ætti að vera sjálfsögð krafa, að samræmi sje í ákvæðum laga vorra um sama efni. Auk þess álít jeg, að niðurlag 1. gr. fari lengra en flutningsmenn hafa beint ætlað sjer. Jeg skil ekki, að meining greinarinnar sje önnur en sú, að stjórnarráðið setji reglugjörð um afnot hafnarinnar. Jeg veit ekki, hvort með geymslusvæðum er átt við eignir kaupmanna, en sje svo, skerðir frv. of mjög eignarrjett einstakra manna, en ef bærinn á þau, er ekki ástæða til að taka fram, að fyrirmælin nái einnig til þeirra. Annars hef jeg ekki ástæðu til þess að fara frekara út í þessa brt., því að hv. þm. V.-Sk. hefur lýst því yfir, að hann hefði ekki neitt á móti henni.

Brtill. við 2. gr. er ekki svo mjög komin fram af því, að jeg sje á móti því, að bæjarstjórninni sje heimilað að beita eignarnámi vegna rafmagns eða gasslýsingar, sem af því, að mjer þykir það beint spaugilegt, að veita bæjarstjórninni í seinna parti sömu greinar heimild til þess að leggja almennt gjald á notendur götuljósa. Bæjarstjórnin hefur að sjálfsögðu heimild til þess að kveða á um götuljós, en ekki leggja almennt gjald á notendur. Og jeg skil ekki, að löggjafarvaldið fari að veita heimild til þess. En ef þetta ætti að standa, þyrfti að breyta meiri hluta 2. gr.

Brtill. við 3. gr. kemur ekki vel heim; »eða« ætti að falla burtu á undan »til þess að koma í framkvæmd«, en það má telja að eins saklausa orðabreyting. Þessi brtill. er fram komin fyrir þá sök, að eptir ákvæðum 3. gr., sýnist sem það væri leyft að taka lóðareignir eða húseignir eignarnámi vegna vatnsveitu, en það er fremur óvenjulegt, þó það komi á hinn bóginn fyrir. En ekki veit jeg til þess, að húseignir hafi verið teknar eignarnámi vegna fráræslu, því að þó að ræsi sjeu sett neðanjarðar, þá þykir ekki fært að fara fram á, að húseigendur leyfi ræsi undir húsum sínum, og það ætti ekki að geta komið fyrir.

Annars er mjer öldungis ekkert kappsmál um þessar brtill., en 2. gr. þarf að breyta, hún getur ekki staðið, eins og hún er.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hef lítið að athuga við ræðu háttv. þm. Vestm. Jeg hef tekið fram, að mjer stendur á sama um brt. við 1. gr. og sömuleiðis um brt. við 3. gr., ef skekkjan, sem hlýzt af brt., er löguð. Og enn hef jeg ekkert verulegt haft á móti brt. við 2. gr. Í rauninni held jeg, að háttv. þm. hafi sjálfur skapað

þessi ágreiningsatriði. En þar sem hann minnist á, að óvenjulegt væri, að veita heimild til að taka eignarnámi húseignir vegna vatnsveitu, þá vil jeg benda á, að í 36. gr. í »Norsk Vasdragslov« frá 1. júlí 1887, er það heimilað. Í frv. því, um landnám vegna vatnsveitu í Reykjavík, sem nú liggur fyrir þinginu, er ekki að eins farið fram á heimild til lóðarlögnáms, heldur og lögnáms á torfi, grjóti og möl, og því ekki eingöngu ónunnu, eins og það er í jörðunni; þar er ekki undan skilið laust grjót, sem höggvið hefur verið til. Það er því engin ástæða til þess, að vera í móti þessu ákvæði frv. af þeirri ástæðu, því að þó að ákvæðin sjeu nokkuð víðtæk, má ganga út frá því, að þau verði aldrei notuð nema þörf sje á, og kostnaðarins vegna aldrei nema með gætni. Jeg vil einnig benda á það, að reistar eru tryggar skorður gegn því, að heimildinni verði misbeitt, þar sem 5 manna nefnd á að skera úr, ef ágreiningur verður, nefnd, sem líkur eru til að verði bæjarstjórninni fremur mótdræg en hitt. Annars læt jeg mjer mikið til á sama standa um þessa brtill.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefði ekki þurft að vera að »citera« norsku lögin, því jeg sagði einmitt, að húseignir væru stundum teknar lögnámi vegna vatnsveitu, en hitt staðhæfði jeg, að varla kæmi fyrir, að húseignir væru teknar lögnámi vegna fráræslu, og það hefur hann ekki hrakið. En þetta er mjer alls ekkert kappsmál, eins og hann segir; brixl hans eiga því alls ekki við þar sem hann er að tala um frumv. um tollgeymsluhús í Reykjavík, þá hef jeg ekki átt neinn þátt í því frumv. Kemur það mjer því ekki við.

Jeg skal að endingu taka það fram að eins, að ekki er rjett að fara lengra í því, að skerða rjettindi einstakra manna, en þörf er á vegna almenningshags, og að jeg get ekki sjeð, hvernig það getur komið til nokkurra mála, að heimila almennan skatt á notendur götuljósa.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (474) við 1. gr. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. 1. samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. (474) við 2. gr. 2. samþ. án atkvgr.

Breyt.till. (435) við 2. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 1.

Viðaukatill. (435) við 2. gr. samþ. án atkvgr.

Breyt.till. (474) við 3. gr. sþ. með 15 atkv.

Frumv. samþ. með 18 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. september, kom frv. (A 502) til 1. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umræðu með 8 atkv. gegn 1.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A 502) til 2. umræðu.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 12 samhlj. atkv.
2. — — — — 12 — —
3. — — — — 12 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 30. fundi Ed., miðvikudaginn 11. september, kom frumv. (A 502) til 3. umræðu.

ATKV.GR.: Frumv. var umræðulaust samþ. í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXII. Brunamál.

Á 25. fundi Nd., fimmtudaginn 15.ág., kom frumv. til laga (A 192) um brunamál — frá brunabótanefndinni — til 3. umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Frumv. þetta er samið af stjórnarráðinu, en brunabótanefndin hefur tekið það að sjer til flutnings, með því að það stendur í nánu sambandi við frumv. um brunabótafjelag Íslands, er nefndin hefur haft til íhugunar.

Tilgangur þessa frumv. er að takmarka brunahættuna með tvennu móti. Fyrst og fremst með því, að setja varúðarreglur um tilhögun á húsabyggingum og fyrirkomulag eldstæða og reykháfa, og í öðru lagi með því, að fyrirskipa slökkviáhöld og slökkvilið, til þess að hepta útbreiðslu eldsvoða, ef upp kann að koma.

Lög um brunamál hafa engin verið til hjer á landi nema fyrir Reykjavík, en engum getur blandazt hugur um, hve afar áríðandi er eptirlit í þessu efni, og verður því nefndin að álíta, að frumv. þessu muni verða vel tekið.

Jeg skal geta þess, að með því að frumv. var svo síðla tilbúið, hefur nefndin ekki haft nægan tíma til að athuga það nákvæmlega í einstökum atriðum, en mun gjöra það á undan 2. umr., og þá koma fram með brtill., ef þurfa þykir.

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Á 31. fundi Nd., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A 192, 323) til 2. umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 323 eru að vísu margar talsins, en fæstar þeirra eru efnisbreytingar, og eiginlega engin veruleg efnisbreyting nema ein, (12. breyt.till., við 28. gr.), sem ræðir um bætur fyrir óvátryggðar húseignir, er skemmdar eru eða rifnar niður, til þess að stöðva útbreiðslu eldsvoða. Það er talsvert vandamál, að finna rjettan grundvöll fyrir slíkum bótum, bæði um það, hve miklar bætur skuli greiddar, og hverjir þær eigi að greiða. Í þessu frumv. er sú regla sett, að hlutaðeigandi sveitarfjelag skuli bæta eiganda skaðann, og það af þeirri ástæðu, að ekki var hægt að benda á annan skaðabótagreiðanda. Á hina hliðina má það kallast ótækt, að ganga svo nærri rjetti einstakra manna, að rífa niður húseignir þeirra bótalaust, enda þótt nauðsyn krefji, og ef bætur skulu greiddar, verður ekki sjeð, að neinum standi það nær, en sveitarfjelögunum sameiginlega?

Í frumv. er mælt svo fyrir, að skaðinn skuli bættur að hálfu. En nefndin hefur stungið upp á $^2/_3$ hlutum verðs, og miðað þar aðallega við lægstu brunabætur, sem greiddar eru fyrir hús, sem eru vátryggð samkvæmt frv. því, er samþ var hjer næst á undan.

16. og 17. breyt.till. miða ekki til efnisbreytinga á sjálfu frumv., heldur bæta þær við ákvæðum, er vöntuðu í það, bæði um það, hvert sektir skuli renna, þegar brot eru framin, og hve víðtækt gildi þessi lög skuli hafa. Um þau 2 atriði er ekkert vafamál, að þeim verður ekki hagað á annan hátt.

Um aðrar uppástungur nefndarinnar er það að segja, að flestar þeirra eru orðabreytingar nema till. undir 4., 6. og 13. tölulið. Undir 4. og 6. tölulið er stungið upp á, að í stað orðanna »bæjarstjórn eða hreppsnefnd« í 18. og 20. gr. komi »lögreglustjóri eða hreppstjóri«. Nefndin áleit eðlilegast, að það eptirlit, sem þar er um að ræða, sje framkvæmt af lögreglustjórum. Annars gjörir nefndin það ekki að kappsmáli. Undir 13. lið er stungið upp á, að á tveim stöðum í 33. gr. komi »bæjarstjórn« fyrir »byggingarnefnd«, enda mun það eiga sjer stað í sumum kaupstöðum hjer á landi, að engin sjerstök byggingarnefnd er til, heldur eru þau störf, sem á byggingarnefnd ættu að hvíla, framkvæmd af bæjarstjórninni sjálfri.

Nefndin vonar, að þetta frumv. fái góðar undirtektir, með því að hjer er um mikilvæg lög að ræða, sem bæði eru þörf í sjálfu sjer og sjerstaklega nauðsynleg í sambandi við stofnun brunabótafjelags, sem nýbúið er að samþykkja.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg vildi leyfa mjer að benda nefndinni á tvö atriði í þessu frumv., sem mjer virðast dálítið viðsjál.

Í 1. gr., þar sem ræða er um eldvarnarveggi, er mælt svo fyrir, að í þeim megi ekki vera neins konar op.

Jeg er því kunnugur frá húsasmíðum, að það getur komið sjer illa, að engin op megi vera á eldvarnarveggjum, enda er alveg hættulaust að gefa leyfi til þess, ef járnhurð er fyrir opinu.

Í 6. gr., þar sem ræða er um smiðjur, er sagt svo, að veggirnir skulu vera úr steini eða steinsteypu, *eða reyrlagðir og kalkaðir innan, ef þeir eru úr trje.* Hjer á landi er það talsvert að færast í tízku að brúka »Kalitzhúð« í stað trjeteina og kalks. Það er járnnet fyllt og sljettað yfir með sementi, kalki og gipsi. Er það talið miklu sterkara og varanlegra en kalkhúð á trjeteinum. Hjer í Reykjavík hefur verið leyft að fóðra smiðjur innan með járnþynnum, og hefur það verið talin nægileg eldvörn, enda liggur mjer við að ætla, að það sje fullt eins gott og kalk. Hitt er víst, að sementshúð er ólíkt traustari en kalkhúð. Annars er svo að sjá, sem nefndin telji járnþynnur full áreiðanlegar til eldvarnar, því að víða er gjört ráð fyrir þeim í þessum lögum, t. d. í 8. gr., þar sem talað er um járnvarin gólf undir eldavjelum, o. s. frv. Aptast í 8. gr., þar sem ræða er um lopt yfir gufukötlum eða vatnskötlum, er enn talað um reyrlagt og kalkað trjelopt, og þætti mjer traustara að í stað þess væri gjört ráð fyrir sementshúð undir loptinu.

Á þessi tvö smáatriði vildi jeg leyfa mjer að benda nefndinni, ef hún kynni að vilja athuga þau til 3. umr.

Loks vildi jeg einnig leyfa mjer að benda á, að ákvæði 11. gr. getur ef til vill verið dálítið varasamt. Ekki svo að skilja, að jeg vilji halda því fram, að nokkur veruleg hætta sje á, að stjórnarráðið misbrúki þá heimild, sem því er þar veitt, heldur er það

hitt, sem fyrir mjer vakir, að þegar um tjærlæga staði er að ræða, geta ónógar upplýsingar orðið til þess, að veittar verði miður heppilegar undanþágur, enda þótt stjórnarráðið hafi fullan vilja á að gæta allrar öryggðar. Yfir höfuð er það optar til tjóns en gagns, að setja inn í lög undanþáguákvæði. Að minnsta kosti hefur svo reynzt um lög, er snerta málefni Reykjavíkurbæjar; þar hafa undanþágurnar jafnan verið til ills eins, hvort sem bæjarstjórnin eða landsstjórnin hefur mátt veita þær.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Nefndin er háttv. 2. þm. Rvk· (G. B.) þakklát fyrir bendingar hans, sjerstaklega viðvíkjandi 6. gr., og mun hún taka þær til athugunar fyrir 3. umr.

Að því er til 1. gr. kemur, hefur það vakað fyrir nefndinni, að undanþágur í líka stefnu, og háttv. þm. gat um, gætu heyrt inn undir 11. gr., þar sem stjórnarráðinu er veitt heimild til að gjöra undantekningar frá ákvæðum laganna, ef staðhættir krefja, og engin brunahætta getur af því staðið. Þó má vera, að betra sje að hafa sjerstakan viðauka við 1. gr.

Um undanþáguákvæðið skal þess annars getið, að nefndin áleit, að ekki yrði hjá því komizt þar sem um algjörð nýmæli er að ræða, því að ekki er gott um það að segja fyrirfram, áður en nokkur reynsla er fengin, hvort öll ákvæðin geti átt við hvívetna í öllum tilfellum. Að minnsta kosti taldi hún betra að taka slíkt undanþáguákvæði upp í lögin, en að eiga það á hættu, að ýms fyrirmæli þeirra yrðu brotin, eða vanrækt fyrir þá sök, að þau kynnu að reynast óheppileg, eins og stundum vill verða, þegar um lög er að ræða, sem eru algjörð nýmæli.

ATKV.GR.:

1. Brtill. við 1. gr. samþ. í e. hlj.
   1. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   2. gr. samþ. í e. hlj.
   3. gr. — - — —
   4. gr. — - — —
   5. gr. — - — —
   6. gr. — - — —
2. brtill. við 7. gr. samþ. í e. hlj.
   7. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   8. gr. samþ. í e. hlj.
   9. gr. — - — —
   10. gr. — - — —
   11. gr. — - — —
   12. gr. — - — —
   13. gr. — - — —
3. brtill. við 14. gr. samþ. í e. hlj.
   14. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   15. gr. samþ. í e. hlj.
   16. gr. — - — —
   17. gr. — - — —
4. brtill. við 18. gr. samþ. í e. hlj.
5. — — 18. gr. — - — —
   18. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   19. gr. samþ. í e. hlj.
6. brtill. við 20. gr. samþ. án atkv.
   20. gr. breytt samþ. í e. hlj.
7. brtill. við 21. gr. samþ. í e. hlj.
   21. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   22. gr. samþ. í e. hlj.
   23. gr. — - — —
   24. gr. — - — —
8. brtill. við 25. gr. samþ. án atkv.
9. — — 25. gr. sþ. með. 22 atkv.
   25. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   26. gr. samþ. í e. hlj.
10. brtill. við 27. gr. sþ. með 22 atkv.
   27. gr. breytt samþ. í e. hlj.
11. brtill. við 28. gr. samþ. án. atkv.
12. — — 28. gr. — — —
   28. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   29. gr. samþ. í e. hlj.
   30. gr. — - — —
   31. gr. — - — —
   32. gr. — - — —

13. brtill. við 33. gr. sþ. með 23 atkv.
14. — — 33. gr. sþ. — 23 —
33. gr. breytt samþ. í e. hlj.
34. gr. samþ. í e. hlj.
15. brtill. við 35. gr. samþ. í e. hlj.
35. gr. breytt samþ. í e. hlj.
16. brtill. við 36. gr. samþ. í e. hlj.
36. gr. breytt samþ. í e. hlj.
17. brtill. við 37. gr. samþ. í e. hlj.
37. gr. breytt samþ. í e. hlj.
Frv. vísað til. 3. umr. í e. hlj.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 28. ágúst, kom frumv. (A 396, 411) til 3. umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Við frumv. þetta er að eins ein brtill. frá nefndinni á þgskj. 411. Hún gengur út á það, að bæta því ákvæði við 6. gr. frumv., að það sje látið duga, að veggir í smiðjum og trjesmíðavinnustofum, þar sem eldstæði er eða farið með eld, sjeu með sementshúð innan, ef þeir eru úr trje. Það kom líka til orða í nefndinni, að það væri tekið gilt, að þeir væru klæddir með járnþynnu, en meiri hluti nefndarinnar var á móti því.

Það gæti einnig verið ástæða til þess, til varnar gegn brunahættu, að hafa ákvæði um það, að timburhús mættu ekki vera stærri en eitthvað víst tiltekið, nema því að eins að það væri eldvarnarveggur í þeim, og sömuleiðis að hafa ákvæði um það, hve há timburhús mættu vera í mesta lagi. Orsökin til þess að nefndin ekki gjörði neinar brtill. í þessa átt var sú, að henni sýndist slík ákvæði eiga betur heima í byggingarsamþykktum, sem bæjarstjórnir hafa rjett til að búa til fyrir kaupstaði og verzlunarstaði.

ATKVGR.:

1. Breyt.till. (411) við 6. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (411) við 7. gr. samþ. án atkv.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 31. ágúst, kom frv. (A 439) til 1. umr.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg sting upp á, að máli þessu sje vísað til nefndarinnar, sem kosin var til að íhuga stofnun brunabótafjelags Íslands; jeg álít það rjettast, að sú nefnd taki og mál þetta til skoðunar.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og síðan vísað í e. hlj. til nefndarinnar í málinu um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A. 439, 570) til 2. umr.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þetta frv., sem hjer er um að ræða, er nauðsynlegur dilkur við frumv. það, sem hjer var samþykkt nú næst á undan, og að nokkru leyti er það líka fyrir lög um vátryggingu sveitabæja, sem áður hefur verið samþykkt. Það miðar að því, að setja ákveðnar reglur fyrir byggingu húsa, að því er snertir tryggingu fyrir brunahættu; sjerstaklega vill það opt við brenna, að það sje illa búið um reykháfa og er nauðsynlegt, að setja ákveðnar reglur um það, svo að brunahættan minnki, jafnvel þótt að meiri kvaðir væru lagðar á menn, en áður hefur átt sjer stað; þar sem nú er

stofnað brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð, er öllum hluttakendum áríðandi, að brunahættan sje sem minnst.

Mjer þykir ekki þörf að tala meira um frumv. yfirleitt, eða um nauðsyn þess; það hefur í sjer fólgin ýms ákvæði — gegn brunahættu, um slökkviáhöld og um slökkvilið.

Þótt nefndin hjer áliti málið gott og þarft, þá hefur hún þó fundið ástæðu til, að breyta einstöku atriðum, en áður höfum við borið okkur saman við nefndina í Nd., svo að ekki væri hætta á því, að málinu hlekktist á vegna þessara breytinga.

1. breyt.till. er við 6. gr. og er hún þess eðlis, að bætt sje inn í orðunum »eða klædd með járnþynnum á listum«. Okkur þótti, sem opt gæti verið erfitt að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í þessari grein og eins tveimur næstu greinum; því að ekki er allsstaðar hægt, að ná til manna, sem kunna að kalka eða reyrleggja lopt, ef þau eru úr trje, en með járnþynnur kunna allir að fara.

Alveg sömu breytingar eru gjörðar við 7. og 8. gr.

Þá er breyt.till. vor við 9. gr. Þar stendur: »Þar sem reykháfur gengur gegnum lista og borð, sem lögð eru undir lista, skal að minnsta kosti vera 8½ þuml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna«.

Þetta þótti nefndinni nokkuð frekt í farið, að heimta svona langt rúm milli reykháfsins og viðanna; þess vegna höfum við minnkað þetta rúm eða bil ofan í 6½ þuml., en jafnframt höfum við ákveðið, að reykháfurinn skuli vera járnklæddur, þar sem hann gengur gegnum þak. Það hefur sýnt sig, að reykháfar springa stundum einmitt þar, sem þeir ganga í gegnum þakið, og kemur það af því, að þeir síga; af því getur stafað mikil brunahætta, sem er fyrirbyggð með þessu móti.

Þá er breyt.till. við 15. gr. Nefndinni virtist, að sumstaðar gæti staðið svo á, að ekki væri þörf á að hreinsa reykháfa 4 sinnum á ári, og leggur hún því til, að í stað 4, komi: 2, og álítur hún, að það sje nægilegt, en auðvitað getur mönnum orðið gjört að skyldu, að hreinsa optar, ef þörf gjörist.

Þá höfum við gjört breytingar við 19. gr. Samkvæmt frv. Nd. er bannað hafa birgðir af steinolíu eða öðrum eldfimum vökvum í íbúðarhúsum, en þau ákvæði, sem Nd. hefur sett inn um þetta, eru auðsjáanlega miðuð við sölubirgðir, og þótti okkur því nauðsynlegt, að gjöra undantekningar með heimilisbirgðir, því að ekki verður hjá því komizt, að geyma þær í íbúðarhúsum. Vjer leggjum því til, að hjer sje bætt við: »Í íbúðarhúsum má geyma til heimilisþarfa allt að 200 pottum af steinolíu í trjeílátum og annað eins í járnílátum og flöskum«. Þessi ákvæði eru sett að eins til þess, að tryggja það, að heimilin geti birgt sig til lengri tíma; ef ekki væri sjeð fyrir því, gæti það valdið miklum óþægindum.

Þá viljum við bæta inn í 30. gr. á eptir »lögreglustjórnarinnar«: »eða slökkviliðsstjóra«. Það getur staðið svoleiðis á, að lögreglustjóri sje ekki til staðar við slökkvitilraun, og þá verður það að vera slökkviliðsstjóri, sem hefur yfirstjórnina; þetta er líka samkvæmt þeim ákvæðum, sem standa í 27. gr. um líkt efni.

Þá kemur breyt.till. við 36. gr., að nefndin leggur til, að rjettarprófi megi sleppa, ef bruninn er lítill og stjórn brunabótafjelags Íslands leyfir það. Það getur staðið svo á, að það sje

mjög óþægilegt, að þurfa að halda rjettarpróf, ef bruninn er langt í burtu frá lögreglustjóra og það er lítilfjörlegt, sem hefur brunnið, en til þess að sleppa rjettarprófi, þarf leyfi stjórnar brunabótafjelagsins, og ætti það að vera trygging þess, að prófinu verði ekki sleppt, þegar þess er þörf.

Þá er breyt.till. við 39. gr., það er að eins orðabreyting. Eins og frumv. kemur frá Nd., er greinin ekki haganlega orðuð, og leggur því nefndin til, að í stað orðanna: »þá staði, sem eru eigi háðir lögum«, komi: »staði og húseignir, sem eigi falla undir lög«.

Það geta verið húseignir, sem eru hvorki í kaupstöðum, nje geta fallið undir þau lög, er gilda um vátryggingu sveitabæja; það geta verið eignir, sem eru meira virði, en svo, að þær falli inn undir þau lög, og svo eru líka smærri kauptún, sem ekki hafa vátryggingarskyldu eptir brunabótalögunum íslenzku, en geta bráðum komizt inn undir þau, og þá er óþægilegt, ef að ekki hefur verið fylgt sömu reglu við byggingu húsa og ætlazt er til eptir þessum lögum.

Það er með öðrum orðum ætlazt til, að ákvæði laganna nái til allra húsa og eigna utan Reykjavíkur — og auk eigna landssjóðs, — sem ekki falla undir lög um vátryggingu sveitabæja. Jeg vona, að hin háttv. deild taki breyt.till. vorum vel, því að þær eru til bóta, og munu ekki valda misklíð milli deildanna, þótt þær verði samþykktar, því að vjer höfum borið oss saman við nefndina í Nd.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vildi að eins leyfa mjer, að beina einni fyrirspurn til háttv. framsm.

Í 6. gr. stendur, að loptin skuli vera reyrlögð og kölkuð, ef þau eru úr trje, en á að vera hægt að veita undanþágu frá því. En samkvæmt brtill. við 6. gr., mega þau líka vera klædd með járnþynnum á listum, en *það* er ekki tekið fram, hvort það ákvæði á líka að gilda um veggina. Og vildi jeg því vita, hvort þetta er gjört með vilja, eða láðst hefur að taka það fram.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er rjett hjá háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.), að þetta ákvæði, sem sett er inn í 6. gr., nær ekki til veggjanna og er það með vilja gjört. Það var fyrst meining vor, að láta það einnig ná til þeirra, en eptir að hafa hugsað og rætt málið, og borið okkur saman við nefnd í Nd., þá hurfum við frá því. Við álítum heldur ekki, að það muni valda svo mjög miklum óþægindum, þótt ákvæðið nái ekki til veggjanna. Það eru sjerstaklega loptin, sem geta valdið miklum óþægindum, ef ekki mætti brúka járn.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 10 atkv.
2. gr. — — — 10 —
3. gr. — — — 10 —
4. gr. — — — 10 —
5. gr. — — — 10 —

1. brtill. við 6. gr. sþ. með 9 atkv.
6. gr. breytt samþ. með 10 atkv.
2. brtill. við 7. gr. sþ. með 9 atkv.
7. gr. breytt samþ. með 10 atkv.
3. brtill. við 8. gr. sþ. með 10 atkv.
8. gr. breytt samþ. með 10 atkv.
4. brtill. við 9. gr. sþ. með 10 atkv.
9. gr. breytt samþ. með 10 atkv.
10. gr. samþ. með 11 atkv.
11. gr. — — 11 —
12. gr. — — 11 —
13. gr. — — 11 —
14. gr. — — 11 —
5. brtill. við 15. gr. sþ. með 10 atkv.
15. gr. breytt samþ. með 11 atkv.
16. gr. samþ. með 11 atkv.
17. gr. — — 11 —

18. gr. samþ. með 11 atkv.
6. brtill. við 19. gr. sþ. með 10 atkv.
19. gr. breytt samþ. með 11 atkv.
20. gr. samþ. með 11 atkv.
21. gr. — — 11 —
22. gr. — — 11 —
23. gr. — — 11 —
24. gr. — — 11 —
25. gr. — — 11 —
26. gr. — — 11 —
27. gr. — — 11 —
28. gr. — — 11 —
29. gr. — — 11 —
7. brtill. við 30. gr. sþ. með 11 atkv.
30. gr. breytt samþ. með 11 atkv.
31. gr. samþ. með 11 atkv.
32. gr. — — 11 —
33. gr. — — 11 —
34. gr. — — 11 —
35. gr. — — 11 —
8. brtill. við 36. gr. sþ. með 11 atkv.
36. gr. breytt samþ. með 10 atkv.
37. gr. samþ. með 10 atkv.
38. gr. — — 11 —
9. brtill. við 39. gr. sþ. með 10 atkv.
39. gr. breytt samþ. með 11 atkv.

Fyrirsögn I.—IV. kafla samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 atkv.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 9. september, kom frumv. (A 626) til 3. umr.

ATKV.GR.;

Frumv. var umræðulaust samþ. með 8 samhlj. atkv. og endursent forseta Nd.

Á 48. fundi Nd., fimmtudaginn 12. september, kom frumv. (A 638, 650) til einnar umræðu.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Það er sama um þetta frumv. að segja, sem næsta mál á undan (frv. til laga um brunabótafjelag Íslands). Það hefur ekki tekið verulegum breytingum í Ed., en þær, sem helztar eru, eru teknar fram í framhaldsáliti nefndarinnar á þskj. 638, og er verulegasta breyt. undir stafl. *a*; hún gengur út á, að tekið sje gilt, að trjeveggir og lopt í húsum, sem háð eru sjerstakri brunahættu, sjeu klædd innan járnþynnum. Þessu var hreyft af einum háttv. þm. við 2. umr. málsins, en nefndin vildi þá ekki ganga að því, af þeirri ástæðu, að ekki væri tryggilegt að klæða hús innan með járnþynnu. En í samræmi við Ed. leggur nú deildin til, að samþykkja frumv. óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXIII. Vatnsveita í Reykjavík.

Á 30. fundi Nd., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frv. til laga (A 231) um lóðarlögnám vegna vatnsveitu Reykjavíkur, um vatnsskatt o. fl. — flutningsmenn Guðmundur Björnsson og Tryggvi Gunnarsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg býst við, að

öllum háttv. þm. sje kunnugt, að hjer í Reykjavík hefur mikið verið rætt og ráðgjört um að koma á vatnsveitu. Til þess að þetta þarfafyrirtæki geti komizt til framkvæmda er nauðsynlegt, að bærinn fái lög um heimild til þess, að gjöra landnám þar sem þörf er til, og að ákvæði sjeu sett um það, hvernig heimta skuli inn gjöld fyrir vatnið, eða um vatnsskatt sem kallað er. Það er mjög nauðsynlegt, að þetta verði gjört nú, því að framkvæmdir standa fyrir dyrum, svo að ætlazt er til, að á verkinu verði byrjað á komanda ári.

Jeg býst ekki við, að menn sjeu mótfallnir því, að heimild verði veitt til landnámsins. Öðru máli er að gegna um vatnsskattinn, þar geta orðið deildar meiningar. En ákvæðin um hann mundu verða eins konar bráðabirgða ákvæði, og mætti vel fara svo, að óskað yrði breytinga á þeim, þegar frá liði og málið betur hugsað, eða reynsla fengin.

Þó að þetta mál varði að eins þetta eina kjördæmi, tel jeg æskilegt, að nefnd sje skipuð, og skal því leyfa mjer að óska þess, að kosin verði þriggja manna nefnd, þegar umr. er lokið.

ATKV.GR.:

Frv. visað til 2. umr. í e. hlj.

Stungið var upp á 3 manna nefnd í málinu og var sú uppástunga samþ. í e. hlj. og í nefndina tilnefndir:

Guðmundur Björnsson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Björn Kristjánsson.

Í nefndinni var Guðlaugur Guðmundsson kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari og framsögumaður.

Á 36. fundi Nd., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frumv. (A 231, 407) til 2. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg hef ekki margt að segja nú að sinni. Eins og jeg gat um við 1. umr., er það mjög áríðandi, að þetta frv. komist í gegnum þingið, því annars getur bærinn ekki byrjað á þessu nauðsynjafyrirtæki, vatnsveitunni, fyr en löngu seinna en til er ætlazt.

Jeg veit, að öllum háttv. þingdm. er kunnugt um þau vandræði, sem stafa af vatnsskortinum hjer í Reykjavík, og mönnum er líka kunnugt, að bærinn hefur nú lokið öllum undirbúningi undir vatnsveituna og sömuleiðis að allir bæjarbúar eru nú orðnir þess fullvissir, að hjer sje um hið mesta nauðsynjamál að ræða. Jeg efast því ekki um, að háttv. þingdeild taki þessu frv. vel og greiði fyrir því; jeg skil ekki, að nein ákvæði þess þurfi að verða sjerstakt umtalsefni, enda er engin brtill. komin í ljós. Fyrirmælin um vatnsskatt má skoða sem bráðabirgðarákvæði, því vatnsveitan verður ekki fullgjör á skemmri tíma en 2—3 árum, eða með öðrum orðum: ekki fyr en eptir næsta þing, svo að þar er dagur til stefnu, ef mönnum skyldi síðar ekki geðjast þau ákvæði, sem í frumv. felast.

Jeg vona því, að frumv. fái að halda leið sína tálmunarlaust.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.) Það er sjálfsagt nauðsynjamál fyrir Reykjavík að fá vatnsveitu, og því fer fjarri, að jeg vilji leggja á móti því, en jeg stend upp að eins til þess, að geta þess, að jeg ætla að koma með breyt.-till. við 3. gr. frumv. við 3. umr. málsins. Jeg hef fengið upplýsingar um það, að nokkrir lóðareigendur hjer í bæ hafa brunn á lóð sinni, og þurfa því ekki á vatni úr vatnsveitunni að

halda; mjer sýnist því ósanngjarnt, að leggja vatnsskatt á þessa 10—20 menn, og breyt.till. mín fer því í þá átt, að ef vatnið í brunnum þessum reynist gott og heilnæmt við efnafræðislega rannsókn, þá sjeu menn þessir ekki skyldaðir til að nota vatnið úr vatnsleiðslunni, nje heldur til að gjalda vatnsskatt.

Setjum svo, að hús sje virt á 15,000 kr., og brunnur sje á lóðinni, þá leggst þó 75 kr. vatnsskattur á húseiganda, ef vatnsskatturinn verður 5‰ af virðingarverði húseignarinnar.

Svo er og í 3. gr. frumv. talað um »virðingarverð húseigna«, og virðist það ákvæði ná jafnt til íbúðarhúsa sem geymsluhúsa, þótt einskis vatns þarfnist, og þykir mjer ekki viðkunnanlegt, að leggja vatnsskattinn á eptir þeirri reglu. En um þetta gefa flutningsmenn frumv. máske nákvæmari upplýsingar. Annars virðist eðlilegast, að vatnsleiðslan sje sameiginlegt mál þeirra, sem á henni þurfa að halda, en að aðrir borgi ekki vatnsskatt.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Ef hjer ætti að fara að ræða það rækilega, hver er hollasti og rjettlátasti vegurinn til þess að jafna á menn vatnsskatti, þá efast jeg ekki um, að út af því gætu spunnist endalausar umræður. Það er auðvitað rjettast, að hver og einn borgi fyrir það vatn, sem hann notar, hvorki meira nje minna; en þá þyrfti vatnsmæli í hverja íbúð, og það yrði mjög kostnaðarsamt; annar ókostur mundi og fylgja því fyrirkomulagi, sem er miklu hættumeiri: mönnum mundi verða það á, að spara um of við sig vatnið, til þess að þurfa því minna að borga, og væri þá þrifnaðarbótin minni en vænta mætti.

Meðan ekki er bent á betri veg, þá virðist rjettast, að leggja vatnsskattinn á eptir virðingarverði húseigna. Það fer auðvitað svo, að með því móti verða efnamennirnir, sem eiga stór hús, nokkru harðar úti en fátæklingarnir, sem búa í smáhúsunum.

Um breytingartillöguna, sem von er á, skal jeg ekki ræða nú, en þó skal jeg benda á það, að ef þessum 10—20 efnamönnum — því það eru efnamenn einir, sem hafa brunna á lóðum sínum — væri veitt undanþága frá vatnsskattiuum, þá væri þeim þar með veitt ívilnun, sem þeir alls ekki geta átt skilið, og einnig væri það þá freysting fyrir aðra að koma upp brunnholum á lóðum sínum, til þess að svíkjast undan skattinum.

Um hitt atriðið, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um, hvort til væri ætlazt, að vatnsskattur yrði lagður á eptir virðingarverði *allra* húseigna, get jeg sagt honum, að það er meining bæjarstjórnarinnar að leggja vatnsskatt á húseignir yfirleitt; það getur því komið töluvert hart niður á þeim, sem hafa mikil hús og mörg á lóð sinni, t. d. verzlunarhús eða önnur útihús, en því má þó ekki gleyma, að þar er einnig eytt vatni til ýmsra hluta, bæði í búðum og öðrum útihúsum. Og nánari ákvæði um það, hvernig vatnsskatturinn skuli lagður á, virðast óþörf í lögunum. Ef bæjarstjórninni er veitt heimild til að leggja á húseigendur vatnsskatt, sem megi nema svo eða svo miklu, t. d. 5‰ af virðingarverði húseigna, þá hefur hún bundnar hendur, getur ekki íþyngt neinum fram úr hófi, en er hins vegar í lófa lagið, að hafa skattinn mismunandi háan á húseignum, og láta menn þar njóta allrar sanngirni.

Jeg held því, að ráðlegast verði, að samþykkja frumvarpið óbreytt; en kæmi það síðar í ljós, að bæjarbúar

æsktu breytingar, eða að bæjarstjórnin misbeitti rjetti sínum, þá getur þingið aptur tekið til sinna ráða.

Ráðherrann: Jeg er á þeirri skoðun, að 3. gr. frv. sje ekki heppileg eins og hún er. Gjald, sem miðað er eingöngu við virðingarverð, getur orðið óviðunanlega hátt, og jeg skil ekki, að bæjarstjórnin þurfi að vera einvöld að því, er snertir upphæð þessa skatts, þar sem hún þó annarsstaðar verður að hlíta staðfestingu stjórnarráðsins. Jeg held að það væri rjett að breyta 3. gr. og lækka þau hundraðsgjöld, sem hjer eru sett, alltjend fyrir vissa flokka húseigna, tiltaka um flokkun húsa eptir verði og kveða á um, að setja skuli gjaldskrá, sem liggi undir staðfestingu stjórnarráðsins.

Jeg skal bæta því við, að mjer finnst það skrítið ákvæði í þessari gr., að leggja á sjerstakt gjald ef fleiri en tveir vatnshanar ern í sama húsi; það er eins og búizt sje við, að vatnshanafjöldinn sje mælikvarði fyrir því, hvað mikið vatn er brúkað, en jeg ímynda mjer, að það sje alls ekki; það má taka eins mikið vatn úr einum hana eins og þremur, og því finnst mjer ekki rjett að haga gjaldinu eptir því, hvað þeir eru margir.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Út af orðum hv. ráðherra skal jeg vekja athygli á því, að ef hundraðsgjaldið er lækkað, án þess að menn viti hvað vatnsveitan muni kosta, og hvað skatturinn *þarf* að vera hár, þá gæti farið svo, að bæjarstjórnin alls ekki sæi sjer fært, að efna til þessa fyrirtækis. Jeg tel öllum skylt að treysta því, að bæjarstjórnin leggi ekki hærri vatnsskatt á, en góðu hófi gegnir og reyni ekki til að gjöra vatnsveituna að fjeþúfu fyrir bæjarsjóð. En að fastákveða gjald, sem bersýnilega mundi reynast of lágt, það gæti algjörlega stöðvað alla framkvæmd. Ákvæðið um að heimta aukagjald, ef meir en 2 hanar eru notaðir, er tekið úr útlendum lögum. Þar sem ekki eru vatnsmælar og gjaldið miðað við virðingarverð húsa, þar er einnig farið eptir hanafjölda. Þetta er eflaust tilkomið vegna þess, að reynsla hefur fengizt fyrir því, að þeir, sem hafa marga vatnshana, brúki yfirleitt meira vatn en hinir, sem hafa þá færri.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Af því svo stendur á að jeg veit, á hverju bæjarstjórnin hefur byggt þetta þúsundargjald, 5‰, þá vil jeg leyfa mjer að upplýsa háttv. deild um það. Það er gjört ráð fyrir, að til vatnsveitunnar þurfi um 600,000 kr. og með beztu kjörum borgar bærinn þá vexti og afborgun af láni til hennar 32—35,000 árlega. Til þess að mögulegt verði að borga þetta, þarf vatnsskatturinn að vera hjer um bil 5‰ af virðingarverði húseigna hjer. Það mun láta nærri, að allar húseignir hjer í bæ nemi um 8 milj. króna og er 5‰ af því að vísu 40,000 kr. En aðgætandi er, að reksturskostnaður verður allmikill, jeg veit raunar ekki hvað mikill; auðvitað má á hinn bóginn búast við, að nokkru verði jafnað niður, sem aukagjaldi. Jeg vona, að hv. þingdeild sjái, að ekki má fara langt niður fyrir 5‰, ef útgjöld og tekjur eiga að geta staðizt nokkurn veginn á. Þess vegna vildi jeg óska, að ekki kæmu fram brt., sem færðu þetta þúsundargjald niður, nje heldur brt., sem tækju einstök hús undan, því jeg ímynda mjer, að varla sje rjett að bæta miklu við útsvör Reykvíkinga vegna vatnsveitunnar.

Ráðherrann: Með þessum 5‰ af virðingarverði húseigna bætist vissulega mikið við bæjargjöld húseigenda, og má að því leyti til á sama standa,

hvort menn borga vatnsskattinn sem hundraðsgjald af verði húseigna sinna, eða sem viðbót við aukaútsvar. Og hundraðsgjaldið getur verið svo hátt, að það verði einmitt meiri kostnaður að hafa vatnsveitu, heldur en vatnssóknirnar nú. Það er ekki óalgengt, að einstakir menn búi í húsum, sem eru virt á 20—30,000 og 5‰ af því er töluverð upphæð, líkast til talsvert meira en vatnssókn kostar, að jeg ekki tali um þau hús, þar sem brunnar eru eða vatusleiðsla úr brunnum nú þegar. Jeg held að það væri vel tilvinnandi, að íhuga dálitið nánara, hvort ekki væri hægt að finna annan sanngjarnari veg til að fá inn vatnskostnaðinn, og sú íhugun ætti ekki að þurfa að tefja neitt fyrir framkvæmd verksins.

En sje svo að ómögulegt verði að koma á vatnsveitunni nema með afarkostum fyrir alla húseigendur bæjarins, þá er jeg hræddur um, að mörgum muni finnast, að bærinn hafi ekki ráð á að verja eins miklu til hennar, eins og gjört er ráð fyrir með því fyrirkomulagi, sem nú er helzt uppi á teningnum.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Mjer finnst að allir hljóti að geta sjeð það, að það er ekki rjett, að láta þann kostnað, sem bærinn hefur af þessu fyrirtæki, koma niður í aukaútsvörum bæjarbúa. Vatn er alveg eins brýn lífsnauðsyn eins og brauð og smjör, og það mætti þá alveg eins láta bæjarsjóð leggja öllum til brauðið og smjörið og jafna þeim kostnaði á menn með og í aukaútsvörum. Það er satt, að nú byggja menn stærri hús en áður, en þeim mun meira vatn þurfa menn líka og enginn skyldi halda það, þótt þessi vatnsskattur sje svona hár, að bæjarbúar fái ekki risið undir honum. Jeg vil minna á það, að fyrir nokkrum árum, þegar ekki voru nema 7,000 manns hjer í bænum, þá var það rannsakað, hvað mikið neyzluvatnið kostaði bæjarbúa. Þá áætlun geta allir fengið að sjá og hefur enginn treyst sjer til að hrekja hana, nema hvað hún mun vera heldur lág, en hún nemur þó yfir *60,000 krónum á ári*; þetta borguðu bæjarbúar þá fyrir lítið vatn og slæmt vatn. Ef menn nú fá nóg vatn og gott fyrir 40,000 kr. á ári, þá geta allir sjeð hvílíkt stórgróðafyrirtæki þetta er fyrir bæinn. Jeg veit, að stórir húseigendur sjá ekki eptir 70—100 kr. á ári til þessa, heldur bíða þeir flestir óþreyjufullir eftir vatnsveitunni. Jeg fyrir mitt leyti er vel settur, nú sem stendur, að því leyti, að jeg á ekki langt til vatns, en á hinn bóginn á jeg stórt hús og mundi verða að borga einar 100 kr. á ári í vatnsskatt, en jeg gjöri það glaður. Það tjáir ekki í þessu efni að líta á hag einstakra manna, manna, heldur *bæjarfjelagsins* í heild sinni, og fyrir *það* er þetta augljós stórgróði.

Ráðherrann. Það er fjarri mjer, að vefengja þörfina á vatnsveitunni. Jeg álít eins og háttv. flutnm. (G. B.), að hún ætti að komast í verk sem fyrst. En jeg er honum ekki samdóma um það, að það sje alveg sjálfsagður hlutur, að leggja á þungan, sjerstakan og sumpart all-ósanngjarnan skatt í því skyni, heldur hygg jeg þvert á móti, að margt gæti mælt með því, að árskostnaðurinn kæmi fram í hinum almennu útsvörum.

Margir halda því fram, að gott neyzluvatn sje eitt af þeim sjálfsögðu lífsnauðsynjum, sem bæjarstjórnir sjeu skyldar að sjá borgurunum fyrir á almennan kostnað, engu síður en nauðsynlegum ræsum til þess að hindra eitrun

loptsins, götum, ljóskerum, lögreglueptirliti og sumir bæta við almennri fræðslu unglinga, án þess sjerstakur skattur sje lagður á þá, sem helzt þurfa að nota.

Fyrsta bæjarvatnsveitan, sem komst á hjer á landi, vatnsveitan á Ísafirði, er gjörð og rekin að öllu leyti á bæjarsjóðs kostnað og hefur engum manni þar dottið í hug að leggja þar á sjerstakan vatnsskatt, enda eru frá vatnsveitunni opinber vatnsból á almannafæri, sem allir hafa aðgang að, og er enginn skyldaður til að leggja vatnspípur í hús sitt, frekar en hann vill. Mundi það vafalaust vekja þar megna óánægju, ef farið væri fram á slíkt ófrelsi. Þeir, sem vilja leggja verk í að sækja vatn sitt út í vatnspóst, hafa leyfi til þess; bæjarstjórnarinnar er að sjá um, að gott vatn sje til í vatnsbólum við hverja götu, og að menn geti átt aðgang að því, að fá vatn leitt inn í hús sín, ef þeir vilja kosta upp á það.

Hjer hefur bærinn kostað brunna og vatnsból til þessa og hefur engum dottið í hug, að það væri sama sem sem að gefa mönnum mat eða annan varning. En þó menn vildu nú ganga inn á vatnsskattinn, þá er þó, eins og jeg hef sýnt fram á, vafasamt, að rjettlátt sje að miða hann eingöngu við virðingarverð húsa, og það mundi meira að segja verða ákaflega ranglátt í sumum tilfellum. Það mætti líka miða við íbúðatölu eða þá að helmingi við hvorttveggja, íbúðatölu og virðingarverð. Þetta þarf að athugast nánar. En að slá því fyrirfram föstu, að þetta *skuli* borgað sem þvingað aukagjald og *skuli* miðað við virðingarverð húsanna, hvað sem öðru líður, það gæti mætt þeirri mótspyrnu, sem riði málinu að fullu.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg á bágt með að skilja hæstv. ráðh. Annað veifið vill hann ekki íþyngja eigendum stórra húsa, og hitt veifið finnst honum rjettast, að jafna gjaldinu niður með aukaútsvörum. Nú er það ljóst, að ef kostnaðurinn er tekinn af útsvörunum, þá verða efnuðu mennirnir fyrst alvarlega hart leiknir. Sá sem sleppa mundi með 100 kr. vatnsskatt, gæti fráleitt sloppið með minna en 200 kr. aukning á útsvarinu. Og að bærinn sje skyldugur til þess, að sjá mönnum fyrir hreinu vatni, eins og hreinu lopti, það kannast jeg ekki við, hvað sem Ísfirðingar, eða aðrir, segja. Að minnsta kosti veit jeg það, að allstaðar erlendis er vatnsveitukostnaði jafnað niður á þennan hátt, sem jeg held fram. Sumstaðar er bæjarsjóður jafnvel látinn græða á þessu, en það getur nú ekki komið til mála hjer, það væri ranglæti.

Þá yrði hitt ekki síður ranglátt, að jafna þessu gjaldi niður eptir íbúðatölu. Ef 8 manna fjölskylda, sem býr í 2—3 herbergjum, ætti að borga jafnmikið og önnur jafnmannmörg, sem býr í heilu stóru húsi, þá væri *það* himinhrópandi ranglæti, því að nærri má geta, að efnaðri fjölskyldan brúkar mörgum sinnum meira vatn. Jeg hygg, að ef menn hugsa málið rækilega, þá hljóti niðurstaðan að verða sú sama og annarsstaðar á hverju byggðu bóli, sú, að miða vatnsskattinn við verðmæti húseignanna á einn eða annan hátt.

Það er eins og jeg sagði við 1. umr., þetta er vandamál, og má lengi um það þrátta, en það er nógur tími til þess, þegar vatnsveitan er komin á. Jeg veit, að bæjarbúar munu íhuga þetta vandlega næstu 2 eða 3 árin, meðan verið er að vinna verkið. Nú

sem stendur er ekki annars að gæta fyrir þingið, en þess, að gjöra eigi neitt, er gæti valdið því, að bæjarstjórnin sæi sjer ekki fært að leggja út í þetta mikla nauðsynjafyrirtæki.

Fleiri tóku ekki til máls, og var því gengið til

ATKV.GR:

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. — - — —
3. gr. — með 19 atkv.
4. gr. — í e. hlj.
5. gr. — - — —
6. gr. — - — —
7. gr. — - — —
8. gr. — - — —
9. gr. — - — —

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. sept., kom frv. (A. 447, 507) til 3. umr.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það hafa komið fram nokkrar breyt.till. frá hæstv. ráðh., er gjöra talsverðan mun á frumv. En jeg get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að jeg geng inn á þær allar. Jeg hef þar að auki borið þær undir formann bæjarstjórnarinnar; hann hefur íhugað þær, og gefið í skyn, að hann hafi ekkert við þær að athuga.

Úr annari átt er komin fram ein breyt.till. við frumv., sem er miklu eldri (á þgskj. 447) og er þess efnis, að þeir húseigendur skuli vera undanþegnir vatnsskatti, er hafi nýtilega brunna á lóð sinni, þegar vatnsveitan er fullgjör. Þessa tillögu hef jeg líka borið undir formann bæjarstjórnarinnar, og álítur hann eins og jeg, að það mundi verða til stórskaða fyrir málið, ef hún gengi í gegn. Það mundi verða til þess, að þeir, sem sviðingssamastir eru um opinber gjöld, mundu fara að flýta sjer að grafa einhverja brunnbolu á lóð sinni; og vitanlega yrði þar ekki um efnaminnstu mennina að ræða, heldur álíka burgeisa og þá, er nú eiga brunna á lóðum sínum. Þess skal þá getið, að hjer í deildinni er einn maður, sem á eitt stærsta húsið í bænum og hefur góðan brunn á lóð sinni; en jeg veit með vissu, að þrátt fyrir það greiðir hann ekki atkv. með þessari brt. Þó einhver nánösin sjái sjer færi á að mata krókinn með því að koma sjer hjá opinberum gjöldum, þá getur enginn heiðarlegur maður farið svo að ráði sínu. Enda hlýtur háttv. flutningsm. breyt.till. að sjá, að minni ástæða er nú til þeirrar breytingar, er hann vill gjöra láta, þar sem breyt.till. hæstv. ráðh. tryggja það, að vatnsskattinum verði jafnað sem nákvæmlegast og sanngjarnlegast niður og miðaður við hvorttveggja, verðmæti húseignanna og íbúðatölu.

Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um málið. Jeg hygg, að hin háttv. deild vilji sýna því alla sanngirni, en full sanngirni í þessu máli er það eitt, að bæjarstjórnin fái að ráða tilhöguninni. Fyrir því legg jeg til, að breyt.till. hæstv. ráðh. verði samþykktar, en breyt.till. háttv. þm. N.-Ísf. verði felld.

Þess skal getið að lokum, að jeg hef borið síðastnefnda breyt.till. undir verkfræðing landsins, sem er manna kunnugastur þessu máli og hinum fyrirhuguðu framkvæmdum þess í verkinu, og hann hefur látið þess getið, að hann telji það ákvæði mjög svo skaðlegt.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-ísf.): Jeg hef fátt eitt að segja, því að jeg hef þegar áður tekið fram það helzta, er mælir með breyt.till. minni.

Jeg get ekki sjeð, hvernig því verður haldið fram með rökum, að þetta frumv. sje byggt á sanngirni. Það er miklu fremur byggt á ósanngirni.

Það verður heldur ekki sagt, að almennings heill krefjist þess, að leggja stór gjöld á menn, sem á engan hátt þarfnast vatnsveitunnar. Almennings heill krefst þess, að þeim sje útvegað vatn, er þess þurfa, en það nær ekki til þeirra, er hafa nóg vatn á lóð sinni, er efnafræðisleg rannsókn sýnir, að er hæði gott og heilnæmt.

Þetta getur heldur ekki haft mikla þýðingu fyrir hina fjárhagslegu hlið fyrirtækisins, þar sem ekki er að ræða nema um svo sem 10 til 20 húseigendur, og því mótmæli jeg, að menn eigi að kallast sviðingssamir, þó að þeir vilji eigi leggja á sig 75—100 kr. gjald á ári í notum þess, sem þeir hafa alls enga þörf fyrir.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta frekar, því að jeg þykist vita, að það þýðir ekkert.

Gagnvart þeim ummælum háttv. framsm., að hann hafi borið þessa breyt.till. undir umsögn landsverkfræðingsins, skal jeg þó að eins geta þess, að jeg tel hann ekki meira »autoritet« í þessu efni en hvern annan. Það þarf ekki verkfræðing til þess að dæma um það, hvort þörfin krefji, að mönnum þessum sje þröngvað til þess, að nota vatnsleiðsluna, þótt þeir þarfnist hennar eigi.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg er líklega eini maðurinn hjer í deildinni, sem gæti komið inn undir þetta ákvæði. *(Ýmsir:* Ráðherrann líka!). Já, svo mun vera. Jeg hef dýran brunn á lóð minni, sem jeg hef aleinn kostað miklu til og haldið við, og látið leggja úr honum pípur með sogdælu inn í peningshúsið. En þrátt fyrir það dettur mjer ekki annað í hug, en að taka með ánægju þátt í vatnsveitu bæjarins. Jeg tel það svo mikil hlunnindi, að fá leitt árið um í kring gott og nægilegt vatn um allt hús mitt. Fyrirtækið er svo stórþýðingarmikið fyrir heilsu og efnahag bæjarins, að það má ekkert samþ. hjer, sem tafið gæti framgang þess. Því greiði jeg atkv. móti breyt.till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj 507 við 1. gr. samþ. með 18 atkv.

Brtill. á þgskj. 507 við 2. gr. samþ. með 19 atkv.

Brtill. á þgskj. 507 við 3. gr. samþ. með 19 atkv.

2 brtill. á þgskj. 447 taldar fallnar.

Viðaukatill. á þgskj. 507 við 7. gr. samþ. með 22 atkv.

Brtill. við fyrirsögn frumv. á þgskj. 507 samþ. í e. hlj.

Frumv. breytt samþ. í e. hlj., og afgreitt til forseta Ed.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 7. september, kom frumv. (A 553) til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil að eins óska þess, af því tíminn er orðinn naumur og málið er áríðandi fyrir Reykjavík, að því verði flýtt í gegnum háttv. Ed., og vona jeg, að deildin samþ. það.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A 553) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 12 atkv.
2. gr. — — — 12 —
3. gr. — — — 12 —
4. gr. — — — 12 —

5. gr. frumv. samþ. með 12 atkv.
6. gr. — — — 12 —
7. gr. — — — 12 —
8. gr. — — — 12 —
9. gr. — — — 12 —
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 50. fundi Ed., miðvikudaginn 11. september, kom frumv. (A 553) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj., og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XXIV. Bæjarstjórnarlög Reykjavíkur.

Á 8. fundi Nd., miðvikudaginn 10. júlí, kom frumv. til laga (A. 55) um breyting á tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, — flutningsmenn Guðmundur Björnsson og Tryggvi Gunnarsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk.): Þetta frumv. er komið sömu leiðina og síðasta frv.; bæjarstjórn Reykjavíkur hefur óskað þessarar breytingar, orðað frnmvarpið og beðið þm. Reykjavikur að flytja það inn á þing. Við höfum talið okkur skylt, að flytja það inn á þing óbreytt. En jeg, og mjer er óhætt að segja, að samþingismaður minn, hv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.), erum ekki fyllilega samþykkir bæjarstjórninni í öllum atriðum, og áskiljum okkur því rjett til að gjöra breytingartill.

Á síðasta þingi var borið fram frv. um líkt efni, farið fram á, að skipta bæjarfógetaembættinu í Reykjavík, með því að það væri orðið of stórt til þess að einn maður gæti annað því. Umræður fjellu svo, að flestir deildarmenn virtust vera á þeirri skoðun, að nauðsynlegt væri að skipta embættinu. En það varð frumv. að fótakefli, að farið var fram á, að bæjarstjóri væri launaður af landssjóði með 4,000 kr. og væri konunglegur embættismaður. Að þessu vildi þingið ekki ganga, það vildi láta bæinn launa honum. Nú álítur bæjarstjórnin, að skiptingin megi ekki dragast lengur, en býst við, að þingið muni sitja við sinn keip, og hefur hún því breytt svo til, að nú vill hún sjálf launa bæjarstjóra. Þar sem síðasta þing hafði ekkert á móti skiptingunni. ef bærinn vildi sjálfur launa bæjarstjóra, býst jeg við, að frumv. fái nú góðar undirtektir, og verði nú samþykkt. Ekki sízt vegna þess, að nú er líka farið fram á aðrar nauðsynlegar breytingar, og má þar til nefna, sjerstaklega rýmkun kosningarrjettarins. Jeg ætla ekki að fara frekar út í frv. að þessu sinni, en mun seinna koma fram með nokkrar breyt.till.

Vil jeg svo leyfa mjer, að stinga upp á, að skipuð verði 5 manna nefnd að afloknum umræðum.

Frumv. var vísað til 2. umr. í e. hlj.

Stungið var upp á 5 manna nefnd í málinu, og sú uppástunga samþykkt.

Kom þá fram ósk frá 6 þingmönnum um hlutfallskosningu, og voru þeir þessir: Stefán Stefánsson, þm. Skagf., Björn Kristjánsson, Ólafur Thorlacíus, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson og Árni Jónsson.

Voru þá kosnir í nefndina með hlutfallskosningu.

Lárus H. Bjarnason,
Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.),
Guðlaugur Guðmundsson,
Magnús Andrjesson.

Í nefndinni var Lárus H. Bjarnason kosinn formaður og framsögumaður og Jón Magnússon skrifari.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 13. ágúst, kom frumv. (A 55, 151) til 2. umr.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (1. þm. Snæf.): Af því að lagt hefur verið á mig, að vera framsm. þessa máls, ætla jeg að fara um það nokkrum orðum. Að sumu leyti er málið enginn nýr gestur hjer í deildinni; 1905 var borið upp frumv. í sömu átt, en fellt eptir nokkurt þóf. Þá var ætlazt til, að landssjóður launaði bæjarstjóra með 4,000 kr., en 1,500 kr. ritlaun ættu að greiðast úr bæjarsjóði.

Jeg naut þess sóma, að sitja í nefndinni, sem íhugaði frv. 1905, og gjörði það, sem jeg gat, til að drepa það vegna þessa ákvæðis, að bæjarstjóri skyldi launaður af landssjóði, enda lánaðist það.

Nú er þessu breytt, bærinn á sjálfur að launa bæjarstjóra og þá líka ráða vali hans að öllu leyti. Að þessu leyti er jeg glaður yfir frumv. og get gefið því meðmæli mín, enda ber bærinn þess vott, hvar sem á hann er litið, að brýna nauðsyn ber til þess, að meiri rækt sje lögð við bæinn, en gjört hefur verið til þessa og gjört mundi verða, gangi skiptingin ekki fram. Í frumv. er ekki farið fram á, að landssjóður beri neitt af kostnaðinum við stjórn bæjarins, en í erindi frá bæjarfógetanum til þm. bæjarins, sem afhent hefur verið nefndinni, er þess farið á leit, að landssjóður taki að sjer kostnaðinn við lögregluþjónustu bæjarins, sem áætlað er að nemi á 6. þús. kr.

Jeg var gjörður út á fund bæjarfógeta, til að spyrja hann, hvort þetta ætti að skiljast svo, sem bæjarstjórnin óskaði ekki skiptingar á bæjarfógetaembættinu nema því að eins, að landssjóður kostaði lögregluhaldið. Hann svaraði því, að »formelt« væri viðaukatillagan sjerstæð og til orðin eptir að hinu var slegið föstu, enda legði bæjarstjórnin svo mikið kapp á skiptinguna, að hún mundi ekki setja þetta atriði fyrir sig; bærinn mundi vilja fá sem mest til lögregluhaldsins, en bæjarstjórnin mundi þó sætta sig við lítið eða ef til vill ekkert.

Kostnaðurinn við lögregluhaldið er, eins og jeg áður hef getið, á sjötta þúsund kr., og þeirri byrði vildi nefndin ómögulega slengja á landssjóð; hins vegar þótti henni ekki frágangssök til samkomulags, að leggja nokkurt fje fram til lögregluþjónustu bæjarins, og taldi rjettast, sjerstaklega til að girða fyrir óheppilegar afleiðingar, að gjöra það með því móti, að stofna aðstoðarmannssýslan, er væri launuð úr landssjóði. Nefndin ber fram sjerstakt frumv. um þetta og geymi jeg því að minnast frekar á það.

En auk skiptingar á bæjarfógetaembættinu fer frumv. fram á mikla rýmkun á kosningarrjetti og kjörgengi til bæjarstjórnarinnar. Eptir núgildandi lögum er skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til bæjarstjórnar Rvíkur, að kjósandi borgi 8 kr. í bein bæjargjöld, og giptar konur og hjú hafa ekki kosningarrjett. Í frv. bæjarstjórnarinnar er nú stungið upp á því, að kosningarjetturinn sje ekki miðaður við neina vissa upphæð, heldur

hafi allir kosningarrjett, sem gjalda eitthvað til bæjarþarfa, og svo er giptum konum ætlaður bæði kosningarrjettur og kjörgengi. Hvorutveggja er jeg fyrir mitt leyti persónulega meðmæltur, en í nefndinni varð það ofan á, að fella þessa gjaldskyldu alveg burtu, og láta hjú fá bæði kosningarrjett og kjörgengi. Um leið og jeg flyt þessa till., sem jeg hef undirskrifað fyrirvaralaust, verð jeg þó að minna á það, að þessar till. ganga miklu lengra en alþingiskosningarlögin, og nokkru lengra en bæjarstjórnarkosningarlög hinna kaupstaðanna. En af því að þessi alda nú einu sinni er risin svona hátt, er í rauninni ekkert á móti því að reyna, hvernig þetta gefst hjer í Reykjavík, áður en lengra er farið, og því get jeg gefið tillögunni atkv. mitt, enda þó að mörgum húsbændum kynni að þykja það nokkuð nýstárlegt að sitja bæjarstjórnarfund fram á nótt, með annari eða báðum eða öllum vinnukonum sínum, og ef til vill í fullu óleyfi frúarinnar.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þegar jeg flutti þetta frumv. hjer í deildinni, ljet jeg þess getið, að jeg teldi mjer skylt að flytja það óbreytt, eins og það kom frá bæjarstjórninni, en kvaðst ef til vill mundi koma með brtill. við það síðar. Jeg verð nú að þakka hinni háttv. nefnd fyrir meðferð hennar á frumv. Jeg get ekki betur sjeð, en brtill. hennar sjeu til bóta. Sjerstaklega er jeg þakklátur hinni háttv. nefnd fyrir brt. við 3. gr. um að rýmka kosningarrjettinn enn meir, því að jeg veit, að það er almennur vilji bæjarbúa, að kosningarrjetturinn sje frjáls, og jeg er hinum háttv. framsm. öldungis samdóma um það, að það sje æskilegt að reyna, hvernig hann muni gefast hjer í Rvk.

Það eru einstök atriði í frv., sem nefndin hefur ekki hreyft við, en þó geta verið íhugunarmál.

Það er t. d. lengd kjörtímabilsins. Margir — og jeg þar á meðal — álíta, að 6 ár sje of langt kjörtímabil, og telja 3 ár nægilegt. Þetta vil jeg þó ekki sjerstaklega gjöra að umtalsefni nú.

Við 9. gr. frv. er farið fram á, að sekta menn fyrir að vanrækja að senda skýrslur um ástæður sínar og tekjur; þetta felldi nefndin burt; en jeg vildi skjóta því til hinnar háttv. nefndar, hvort ekki væri rjett að koma inn í lögin sektarákvæði á hendur þeim, sem gefa rangar skýrslur. Það er mjög hætt við því, ef gengið er ríkt eptir þessum skýrslum, að þær verði ekki allar sem rjettastar, en það álít jeg ekki eigi að vera vitalaust. Loks er það eitt atriði, sem jeg tel mjög mikilsvert, og mun gjöra brtill. um við 3. umr. málsins. Það er bæjarstjórakosningin. Jeg vil að bæjarstjóri sje kosinn af bæjarbúum en ekki af bæjarstjórn, og það af mörgum ástæðum. Til þess að hann geti leyst starf sitt vel af hendi, þarf hann að vera í sem beztu samræmi við bæjarbúa, og er full ástæða til að halda, að sá maður hafi meiri tiltrú hjá bæjarbúum, sem þeir kjósa sjálfir, heldur en sá, sem kosinn er af bæjarstjórn. Það er líka miklu veglegri staða, að vera bæjarstjóri, ef bæjarbúar sjálfir kjósa. Hann stendur þá frjálsari gagnvart bæjarstjórninni.

Jeg vildi að eins vekja máls á þessu nú, til þess að menn gætu hugleitt það til 3. umr. málsins, jeg vil um leið biðja hina háttv. deild afsökunar á því, að jeg ekki hef komið með brt. nú við 2. umr. Jeg hef eins og menn vita, haft mjög mikið að gjöra undan-

farna daga, og því ekki getað það. Jeg vil að eins bæta því við, að jeg hefði kunnað betur við, að frumv. á þskj. 152 um stofnun aðstoðarmanns embættis bæjarfógetans hefði verið látið fylgjast með þessu frumv. á dagskrá. En jeg gjöri mjer engu að síður von um, að það fái góðar undirtektir í deildinni.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Út af því, sem hinn háttv. þm. Rvk. (G. B.) talaði um úrfellingu sektar-ákvæðis fyrir að vanrækja að gefa tekju-skýrslu, og ósk hans um, að tekið yrði upp í frumv. ákvæði um sekt fyrir *ranga* skýrslu, skal jeg geta þess, að sektar-ákvæðinu var sleppt af því, að niðurjöfnunarnefndin hefur umsvifaminna meðal, og það er að gjöra mönnum útsvar. Og af líkri ástæðu var ekki tekið upp sektar-ákvæði fyrir rangar skýrslur, enda naumast hægt, að hegna fyrir rangar skýrslur, nema heimild sje til að heimta yfirlýsingu upp á trú og æru, eins og t. d. í toll-lögunum, og allt af verða slíkar yfirlýsingar fastari við pappírinn en framkvæmdir.

Hvað snertir tillögu háttv. þingm. um, að bæjarstjóri sje kosinn af bæjarbúum, þá get jeg persónulega ekkert haft á móti henni, þar sem jeg flutti þá tillögu 1905, en jeg hygg, að nefndin sje henni fremur andmælt.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm, Rvk.): Mikið hefur verið rætt um efni þessa frumv. hjer í Reykjavík, bæði á bæjarstjórnarfundum og fundum margra fjelaga, og hafa þá komið fram ýmsar tillögur um þetta mál. Sumar af þeim hafa að mínu áliti gengið svo langt, að jeg hef ekki álitið það rjett, að fylgja þeim. Nokkrar af þeim koma hjer fram í breyt.till., sem hin háttv. nefnd hefur gjört, þær fara lengra, en jeg get álitið heppilegt, einkum tillögurnar um kosningarrjettinn. Þær hafa líka komið fram á bæjarstjórnarfundum og mætt þar talsverðum mótmælum og verið felldar þar. Vjer, sem ekki vildum ganga svo langt, vorum hræddir um, að vinnufólk og lausamenn hefðu yfirleitt ekki þá þekkingu og kunnugleik, sem nauðsynleg er til þess að vita, hver úrslit mála væru hentugust fyrir bæinn. Þeir, sem nú hafa kosningarrjett samkvæmt gömlu lögunum, fá að líkindum ekki nema þriðjung atkvæða á móti öllum þeim aragrúa af nýju fólki, sem eptir breyt.-till. eiga að öðlast kosningarrjett; það er því hætt við því, að þeir, sem áður hafa hugsað um bæjarins mál, yrðu alveg ofurliði bornir af þessu nýja allskunnuga fólki, sem mundi valda allt of miklum hringlanda í stefnu bæjarmálanna.

Meðmælendur almenns kosningarrjettar segja, að það sje gott að reyna, hvernig þetta gefist. En jeg verð nú fyrir mitt leyti að álíta, að Reykjavík sje einmitt sá staðurinn, sem allra síst ætti að hafa fyrir tilraunastöð í þessu efni. Hjer safnast saman mikill fjöldi af lausafólki og námsfólki, sem koma og fara eins og farfuglar frá öllum sveitum landsins, og hafa sem eðlilegt er ekki minnstu hugmynd um bæjarmál. Jeg álít miklu rjettara að reyna þetta fyrst upp í sveit; þar eru skoðanir manna ekki á fleygi ferð, eins og hjer. Það er heppilegra að bændurnir reyni þetta fyrst heima hjá sjer. Þeir geta þá reynt, hve vel þeim líkar, þegar vinnufólk þeirra fer að ríða á hreppamót, til þess að bera þá ofurliða með atkvæðum um sveitamálin. Jeg álít rjettara, að þingmenn utan af landinu fari ekki að greiða atkv. með kosningarrjetti fyrir Reykjavíkurbúa, sem brt. fer fram á, fyr en þeir af eigin reynslu hafa sannfærzt um ágæti

þessa fyrirkomulags heima hjá sjer. Hjer í bænum eru stór fjelög, sem ráða mjög miklu. Þar á meðal er sjerstaklega verkmannafjelagið »Dagsbrún.« Í því eru um 500 manns, sem eru reiðubúnir eins og slík fjelög í útlöndum að gjöra »strækur« og verkfall. Auðvitað ganga því fleiri í það, sem fjelagsmenn fá meiri rjettindi. Jeg tel ekki líklegt, að það yrði framför fyrir bæinn, þótt völdin yfir bæjarmálum gengju til þeirra frá þeim, sem nú hafa þau. Ef byrja ætti þessa »tilraun« í Reykjavík, þá tel jeg það væri óhapp fyrir Reykjavík og óhapp fyrir allt landið í heild sinni, því frá Reykjavík mundi þetta fyrirkomulag breiðast út til kaupstaðanna og frá kaupstöðunum til sveitanna. Eiginlega er alveg sama, hvort frv. þetta er lögleitt nú fyrir Reykjavík eina eða fyrir allt landið, hjer er að eins tímaspursmál, og það ekki langt, þar til sömu lög koma yfir landið allt.

Þetta vil jeg biðja háttv. bændur, sem á þingi sitja, að athuga vel, áður en þeir greiða atkv. með þessum brt. Hitt er eðlilegt, að fólk, sem ekki hefur kosningarrjett nú, óski þess, að þessum breytingum verði framgengt, en hvort það er hyggilegt, er annað mál.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 20 atk.
2. — — — — 20 —

1. brtill. við 3. gr. sþ. með 14 atkv. gegn 1.
2. brtill. við 3. gr. sþ. með 15 atkv.
3. gr. breytt sþ. með 17 atkv.
4. gr. sþ. með 20 atkv.
5. — — — 20 —
6. — — — 20 —
7. — — — 20 —
8. — — — 20 —

Brtill. við 9. gr. sþ. með 18 atkv.
9. gr. breytt sþ. með 20 atkv.
10. gr. sþ. með 20 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Á 30. fundi Nd., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. (A 227, 230. 241) til 3. umr.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg vildi að eins leyfa mjer, að lýsa afstöðu nefndarinnar til tveggja brt., sem hjer liggja fyrir. Um brt. á þgskj. 230, að borgarstjóri sje kosinn af bæjarbúum, en ekki af bæjarstjórn, er það að segja, að nefndin er ekki beint á móti henni. En um hina, að svo miklu leyti sem hún fer fram á 500 kr. lækkun á árslaunum borgarstjórans, er öðru máli að gegna. Nefndinni þykir ekki rjett, að setja bæjarstjórninni neinar skorður um það, hvernig hún launi starfsmönnum sínum, úr því að hún leggur launin fram úr sínum eigin sjóði. Bæjarstjórnin hefur gefið kost á 4,500 kr. og þá er ekki ástæða fyrir þingið til þess að færa það niður. Þess ber líka að gæta, að þetta er ekki embætti, heldur að eins 6 ára staða og eptirlaunalaus. Það eru því litlar líkur til þess, að kostur verði á nýtum manni í þessa stöðu, nema launin verði sómasamleg.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Jeg þakka háttv. nefnd fyrir undirtektir hennar undir mína breyt.till. á þskj. 230. Jeg vildi um leið taka í sama streng og háttv. framsm. (L. H. B.) um það, að jeg álít ekki rjett, að færa laun borgarstjóra niður í 4,000 kr. Mjer er kunnugt um hagi manna hjer í bæ og jeg hygg, að það sje ógjörlegt, að fá hæfan mann til þessa vandasama starfa fyrir minna en það, sem bæjarstjórnin stingur upp á. Jeg er líka viss um, að bæjarstjórnin hefur ekki tekið til hærri laun, en hún telur nauðsynlegt.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Rangv.): Jeg á breyt.till. á þgskj. 241; hún hefur mætt hjer andmælum að því leyti sem hún er frábrugðin tillögunni á þgskj. 230. Fyrri liðurinn af minni till. er sama efnis sem tillagan á þgskj. 230 og tek jeg hann því hjermeð aptur. Jeg vissi ekki um þá till., er jeg samdi mína tillögu.

En hvað snertir niðurfærslu á borgarstjóralaununum, þá er það alveg staðlaust hjal hjá háttv. 2. þm, Rvk. (G. B.) að enginn hæfur maður fáist fyrir minna en 4,500 kr. Þetta er á engu byggt. Jeg veit, að það má fá marga nýta menn fyrir 4,000 kr. og jafnvel fyrir minna. Það er alveg sama, þó bærinn eigi að borga; þingið á alveg eins að taka tillit til þess, að ekki sje tekið of djúpt í vasa bæjarsjóðs. Jeg er alveg viss um, að þessar 500 kr. geta vel sparazt, og þá væri nær að hafa þær til einhvers annars, t. d. til þess, að gjöra bæinn dálítið hreinlegri, heldur en að ausa svo miklu fje í einn mann alveg að óþörfu.

Þess ber að gæta, að engin af þessum embættum sem nú er verið að stofna, eru launuð hærra en með 4,000 kr. og það fást nógir nýtir menn til þessa starfa, þó að hann sje eptirlaunalaus.

Jeg ætla nú ekki að fara út í það hjer, hve mikið þetta ljettir störfum af bæjarfógetanum, og þó heldur hann sínum fullu launum. Það er náttúrlega fyrir það, hve vel hann hefur stjórnað bænum í 20 ár; jeg verð að segja það, að það er hart fyrir bæinn að þurfa að launa þau störf svona ríflega. Jeg er næstum því viss um, að ef jeg hefði farið fram á að hækka launin upp í 5,000 kr., þá hefðu allir verið með; þá hefði kannske líka verið hægt að fá einhvern danskan; þeir líta nú ekki við minna.

Það er undarlegt af þinginu, að vilja ekki spara þar sem það er vel hægt, en fella aptur nauðsynleg útgjöld þó ekki nemi 2—300 krónum. Jeg gæti bent á slík dæmi, bæði fyr og ekki sízt nú á þessu þingi. Mjer þykir það nokkuð undarlegt af bæjarfulltrúum þeim, er hjer eiga sæti á þingi. að vilja ekki fallast á þessa sparnaðartillögu fyrir bæjarsjóð. Jeg veit að minnsta kosti, að háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) er eindregið á móti þessu; um 1. þm. Rvk, (Tr. G.) er mjer síður kunnugt.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Menn greinir hjer mjög á um það, hver kosningarmáti muni affarasælastur, er velja skal borgarstjóra fyrir Reykjavíkurbæ. Þeirri spurningu vil jeg hiklaust svara svo, að jeg tel það langóheppilegast, að láta kosningarrjett til þess embættis liggja undir allan bæjarlýð Reykjavíkur, einkum ef það verður að lögum, að allir skuli hafa atkvæðissrjett, hvort sem þeir gjalda nokkuð til bæjarins þarfa eða ekki, og hvort þeir hafa nokkurt vit eða áhuga á bæjarins málefnum. Þá kastaði nú fyrst tólfunum, ef slíkir menn kæmust í bæjarstjórn. Jeg fyrir mitt leyti álít lang bezt að borgarstjórinn væri útnefndur af stjórnarráðinu. Yfir höfuð furðar mig mjög á þessu nefndarálíti, og það því fremur sem í nefndinni sitja tveir menn úr Reykjavík; þeir hljóta því að þekkja hugsunarháttinn hjer í bæ og vita að »agitatiónir« keyra fram úr öllu hófi. Jeg er sannfærður um, að sá kosningarmáti, er breyt.till. 230 leggur til, sje sá allra óheppilegasti fyrir bæinn sem hægt er að finna.

Frumv. gjörir ráð fyrir, að þessi nýji borgarstjóri sje launaður með 4,500 kr., og út frá því hefur bæjarstjórnin gengið, að bæjarbúum fornspurðum. Það má undarlegt heita að

nefndin skuli ekki hafa getað fundið neinn annan veg heldur en þann, að láta allt lenda á herðum bæjarbúa. En hún hefur vandlega gætt þess, að láta allar tekjur núverandi bæjarfógeta vera óskertar, líklega yfir 10,000 kr., þrátt fyrir það, að mörgum erfiðustu störfunum er ljett af embætti hans. Jeg bjóst við, að um leið og embættinu var skipt þannig, að miklu erfiði var ljett af, þá mundi tekjunum skipt að einhverju leyti, t. d., að hinn nýi borgarstjóri hefði á hendi annaðhvort uppboð eða afgreiðslu skipa, til þess að ljetta með tekjunum, sem þessu fylgja, nokkru af þeirri byrði, sem nú á að leggja á herðar bæjarbúa. Nefndinni hefur ekki getað dottið annað í hug, en það eitt, að taka af núverandi bæjarfógeta og hans eptirmanni störfin og láta þá svo halda öllum launum. Mjer þykir því nefndin hafa gengið mjög illa frá þessu frv.

Það er misskilningur, sem háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) gaf í skyn, að jeg væri mótfallinn breyt.till. hans. Væri borgarstjórinn látinn hafa tekjurnar af skipaafgreiðslu eða uppboðshöldum upp í sín 4,000 kr. laun, þá gæti jeg aðhyllzt hana.

Jeg vona, að þeir háttv. þingmenn, sem ókunnugir kunna að vera hugsunarhætti og atferli manna hjer í bæ, ráði það af, að leggja ekki annað eins mál og kosning borgarstjóra undir atkvæði allra bæjarbúa, sem atkvæðisrjett eiga að hafa eptir þessum nýju lögum.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. 1. þm. Árn. fann sjer það einkum til, að laun borgarstjórans væri sett of hátt, og virtist mjer hann tala þar fremur sem gjaldandi en sem alþm. Það er ekki nema mannlegt, þótt honum sem gjaldanda vaxi þau í augum. En þá liggur næst fyrir hann að reyna að hafa áhrif á bæjarstjórnina um það efni, því að hann vill þó víst ekki fara að gjöra þingið að fjárráðanda hennar; enda gæti það dregið slæman dilk á eptir sjer.

En eru nú þessi laun í raun og veru svo há, sem hann vill orð á gjöra? Mjer finnst þau mega ekki minni vera.

Hann sagði, að 4,000 kr. væri það allra mesta handa þessum manni, og kvað það vera með hæstu launum hjer á landi. En má jeg spyrja, hefur ekki ráðherrann 8,000 kr., landritarinn 6000, biskupinn 5000, simastjórinn 5,000 (eptir því, sem ætlazt er til á fjárlögunum), og forseti yfirrjettarins 4,800? Þetta hlýtur því að vera rangminni hjá hinum háttv. þm.

En aðalatriðið er þetta, að bæjarstjórnin, eini rjetti málsaðilinn, leggur þetta til; og auðvitað á hún að ráða, hversu miklu hún vill til kosta af sínu eigin fje.

Viðvíkjandi ummælum háttv. 1. þm. Rvk. um þá brtill. háttv. 2. þm. Rvk., að borgarstjóri skuli kosinn af bæjarbúum þeim, er kosningarjett hafa, skal jeg að eins geta þess, að það er þó »demókratiskara« eða þjóðlegra, sem kallað er, að bæjarbúar kjósi borgmeistarann en bæjarstjórn, enda verður borgarstjórinn óháðari bæjarstjórninni, ef hann er kosinn á þann hátt.

Háttv. sami þm. fann mjög að framkvæmdum nefndarinnar og frágangi hennar á málinu. Má vel vera, að ekki sje sem bezt frá því gengið, enda hefur engin smiðshönd verið þar í verki með henni. En óþurft vinnur háttv. þm. sjer með því, að víta nefndina fyrir að hafa gengið að 4,500 kr. launum til handa hinum væntanlega borgarstjóra, því að hann var sjálfur smiðurinn að því ákvæði. Að minnsta kosti stóð það ákvæði í frumv., þegar

hann bar það fram hjer í deildinni. Hví tók hann að sjer að flytja svo meingallað frumv. inn á þingið?

Jeg tók það fram áður og tek það fram enn, að það er rjettast, að bæriinn launi þessum embættismanni að öllu leyti, og hafi af honum allan veg og vanda. Og þó hann fengi ekki öðrum störfum að gegna en til er ætlazt í frumv., þá mundi hann hafa nóg að gjöra, að minnsta kosti fyrst um sinn, meðan allt liggur í kalda koli hjer í bænum. Og jeg fyrir mitt leyti vil heldur vita af bæjarmálum í höndum bæjarstjórnarinnar en í höndum landsstjórnarinnar.

Björn Bjarnason (þm. Dal.): Jeg get ómögulega skilið, að brtill. á þskj. 230 sje heppileg. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að afleiðingarnar yrðu þær, að »agitatíónir« mundu keyra fram úr öllu hófi. Það hefur verið til þeirra tekið, »agitatíónanna« hjerna í Rvík, þegar þingmannakosningar hafa farið fram, og er þar þó ekki um stórlaunaða stöðu að ræða, að eins 6 kr. daglaun um fáeina sumarmánuði. Hvað mundi þá verða þegar keppa er um 4,500 kr. stöðu í 6 ár? Þá má nærri geta, hvort eptirsóknin yrði ekki meiri, og þar af leiðandi leikilegar »agitatíónir«. Og sjerstaklega mundu mikil brögð verða að því, þegar búið er að dubba upp marga nýja kjósendur, og þar á meðal allan fjöldann af vinnukonum bæjarins. Og jeg sje heldur ekki, hvað unnið væri við það, að láta almenning ráða því, hver verði borgarstjóri, því að alþýða manna mun þó naumast geta gjört sjer nokkra glögga hugmynd um, hverja hæfileg-leika sá maður þurfi að hafa til að bera.

Mjer þætti gaman að sjá landlæknirinn okkar fara hjólandi um meðal allra vinnukvenna bæjarins, til þess að »agitera« fyrir einhverju borgarstjóraefni, er hann vildi koma að.

Það mætti líka fá einhverja vinnukonuna fyrir borgarstjóra, og borga henni 4,500 kr. laun. Vinnukonur geta eptir þessu orðið borgarstjórar eins og hver annar, ef að eins atkvæðamagnið er nóg. Og þó svo mundi ei til vill ekki verða í bráðina, þá eru þó líkindi til, að einhvern tíma komist vinnukona í borgarstjórasessinn, því að hjer er um fjölmenna stjett að ræða með miklu atkvæðamagni.

Mörgum hefur þótt borgarstjóralaunin of há. En jeg held satt að segja, að honum veiti ekki af 4500 kr. launum, því að hætt er við, að töluvert gangi til »agitatíónanna« og eitthvað þarf hann þó að hafa eptir, þegar öll þau gjöld eru greidd.

Þegar hjer var komið umr., var kl. orðin $3^1/_2$ og var fundi þá frestað til kl. 6.

Kl. 6. var fundurinn settur aptur.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það eru aðallega tvö atriði, sem mætt hafa andmælum: 1) að rýmka kosningarrjettinn og 2) að bæjarbúar kjósi borgarstjórann.

Um fyrra atriðið er engin þörf á, að fara mörgum orðum. Um það hefur engin breyt.till. verið gjörð við frv., og ber það vott um, að meiri hluti þingdeildarmanna muni fylgja rýmkuninni.

Um hitt atriðið, hvernig borgarstjórinn skul kosinn, fór háttv. þm. Dal. (B. B.) eiukennilegum orðum; taldi það næsta glæfralegt, að bæjarbúar kysu borgarstjórann. Færði hann einkum tvennt til þess. Fyrst og fremst hættu á »feikilegum agitatíónum«.

Jeg sje nú ekki, að meiri ástæða sje til að óttast »agitatiónir« við slíkar kosningar en t. d. við bæjarfulltrúakosningar eða þingmannakosningar. Hann vill þó víst ekki halda því fram, að þær kosningar hafi farið ver fram nú, síðan »agitatiónir« fóru að tíðkast, en áður. Það er líka síður en svo. Almenningur er einmitt þess vegna farinn að hugsa meira um, hvernig hann eigi að beita kosningarrjetti sínum, og fleiri að taka þátt í kosningum, en áður tíðkaðist. »Agitationirnar« eru vottur um vaxandi þroska og vakandi áhuga á almennum málum. Þær eru með öðrum orðum framfaravottur.

Jeg skil ekki, hví þeir menn, er svo mæla, sem háttv. þm. Dal. (B. B.) vilja þá rýmka kosningarrjettinn. Ef þessum nýju kjósendum er trúandi til að kjósa bæjurfulltrúa, því ætti þeim þá ekki líka að vera trúandi til að kjósa borgarstjóra, sem á að vera framkvæmdarstjóri bæjarstjórnarinnar?

Það sem mjer fannst háttv. þm. óttast mest, var kvennfólkið, og varð honum einkum skrafdrjúgt um vinnukonurnar. Það var eins og hann áliti, að vinnukonur væru lægri verur en aðrar manneskjur. En það get jeg sagt hinum háttv. þm., að *jeg* hef aldrei orðið þess var, að vinnukonur væru ver viti bornar en aðrar konur, nje heldur að konur væru yfirleitt ver viti bornar en karlmenn. Þetta er mönnum að skiljast um allan heim og þess vegna fjölgar þeim óðum, er veita vilja konum almennan kosningarrjett. Það er engin furða, þótt þær hafi lítinn áhuga á opinberum málum, á meðan karlmönnunum þóknast að varna þeim allra rjettinda. En þar sem greiðzt hefur um rjett þeirra, hefur líka áhyggja þeirra og áhugi farið óðum vaxandi, og mun taka enn meir þroska, er þær hafa fengið kosningarrjett og venjast því að beita honum. Og svo skal jeg að lokum geta þess, að þar sem háttv. þm. Dal. telur vinnukonur engra mannrjettinda maklegar, vegna vitsmunaskorts og þekkingar, þá skjátlasi honum illa; jeg er sjálfur alþýðumaður að ætt og uppruna og hef þekkt margar vinnukonur, betur viti búnar en karlmenn eru almennt, enda betur en sumir sýslumenn.

Jeg vona því, að háttv. deild samþykki breyt.till. okkar, enda liggur það í hlutarins eðli, að þeir, sem kjósa bæjarstjórnina, skuli einnig kjósa borgarstjóra.

Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Af því að jeg get ekki aðhyllzt þessa brt., skal jeg leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir atkvæði mínu. Að vísu er jeg samdóma efni tillögunnar í sjálfu sjer. Á þinginu 1905 var það tekið fram í álitsskjali nefndarinnar, er kosin var í þetta mál og við háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) áttum sæti í, að rjett væri, að borgarstjórinn væri kosinn af bæjarmönnum. En það er eitt atriði, er gjörir það að verkum, að jeg get ekki greitt atkvæði með því ákvæði að þessu sinni. Mjer finnst það kenna of mikillar hvatvísi, að koma fram með það jafnframt því sem rýmkaður er kosningarrjetturinn jafn stórkostlega og gjört er í þessu frv. Það er ráðlegra að lofa þessum nýja kjósendafjölda fyrst að sýna, hvernig hann fer með vald það, sem honum er þar með í hendur fengið. Og það því fremur sem hjer er að ræða um embætti, sem vafalaust er eitt með vandasömustu og þýðingarmestu embættum á landinu.

Þetta er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að með því að slá þessu föstu þvert á móti tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar, brýtur þingið þá meginreglu, sem það hefur fylgt á síðari ár-

um, að láta sveitarfjelög og bæjarfjelög ráða sem mestu um sín eigin mál. Því að það er ekki bæjarstjórnin, hinir kjörnu fulltrúar bæjarins, er komið hafa þessari till. inn á þingið, heldur einstakir menn, er vilja fá óskum sínum framgengt. En með því að ganga á móti vilja bæjarstjórnar, tekst þingið á herðar siðferðislega ábyrgð á afleiðingunum, ef illa tækist til með kosningu borgarstjórans. Jeg vona því, að þeir þingmenn. er skrifað hafa undir þessa breyt.till., álíti ekki atkvæði sitt bundið með því. Enda er hjer engin hætta á ferðum. Þeim er það innan handar, er álíta þennan kosningarmáta heillavænlegastan fyrir bæinn, að fá vilja sínum framgengt eptir næstu bæjarstjórnarkosningar, svo framarlega sem þeir eru í meiri hluta; þeir þurfa ekki annað, en að gjöra það að skuldbindandi skilyrði fyrir atkv. sínum, að þeir, er kosnir verða í bæjarstjórn, skuli framfylgja óskum þeirra í þessu efni.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg tek til máls af því að nafn mitt er á breyt.till. í þá átt, að bæjarstjórinn sje kosinn af öllum kjósendum, en ekki af bæjarstjórn. Nú hef jeg hugsað málið betur síðan jeg skrifaði undir, og finnst mjer þetta atriði athugavert. Ræða háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) hefur brugðið ljósi yfir málið. Það er tvennt, sem hjer kemur til greina. Fyrst það að eins og kunnugt er, er oddviti hreppsnefndarinnar kosinn af hreppsnefndinni sjálfri; og er þá samræmilegra, að oddviti bæjarstjórnarinnar sje kosinn af bæjarstjórninni. Jeg álít því rjettara, að láta kröfuna um, að almennir kjósendur velji bæjarstórann, liggja niðri um sinn. Í öðru lagi ber að athuga, að hjer er kosinn maður, sem að öllum líkum gegnir starfinu lengur en 1 kjörtímabil, hefur ekki fleiri störfum að sinna og svo mikil laun, að hann getur lifað á þeim. Þessum manni er ekki eins auðvelt að kippa burt og mönnum, sem hafa lítt launaða fulltrúastöðu, og jeg álít óheppilegt, að komið sje undir spurðaköstum almenningsálitsins, hvort hann er sviptur stöðunni eða ekki. Bæjarstjórnin á hægra með að velja hæfan mann í svona lagaða stöðu, en bæjarmenn; hún er kunnugri málum bæjarins og hvað þeim er fyrir beztu. Ef kjósendur vilja, geta komið inn kappsmál, ef til vill óskyld bæjarmálum, »pólitik« getur blandazt inn í og gjört út um kosninguna til skaða fyrir bæinn og sjálf bæjarmálefnin.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg þarf ekki að minnast á till. mína um kosningu bæjarstjórans, háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) hefur mælt svo rækilega með henni. Engar mótbárur gegn till. hafa komið, sem gildar sjeu takandi eptir mínu áliti. Jeg er ekki hræddur við »agítatiónir«, ekki frekar við þessar en aðrar kosningar, t. d. til bæjarstjórnar. Miklu hættara er við hlutdrægni af hálfu bæjarstjórnarinnar, ef hún ræður kosningunni.

En á annað vildi jeg minnast dálítið nánar, breyt.till. um launin. Það var háttv. sessunautur minn (L. H. B.), sem sagði, að jeg mundi hafa flutt hana sem gjaldandi í bænum, en ekki sem þm. En það er hvottveggja. Jeg álít mig hafa skyldu til að mótmæla og snúast í móti, ef skornar eru breiðari lengjur af baki gjaldenda bæjarins, en ástæða er til. Jeg veit ekki til, að þeir sjeu í samræmi við borgara bæjarins, sem vilja launa bæjarstjóra 4,500 kr. og 1,500 kr. að auki í skrifstofufje, alls 6,000 kr. Jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að slíkur útgjaldaauki muni hjá mörgum ekki mælast vel fyrir, og jeg veit ekki til, að bæjar-

stjórnin hafi borið mál þetta undir almennan borgarafund, eins og hún hefði átt að gjöra, þá er um jafnmikinn útgjaldaauka var að ræða fyrir bæinn. Það var hreint og beint skylda hennar í stað þess að demba þessu á bæinn svona alveg fyrirvaralaust.

Það er sanngjarnt, að landssjóður taki nokkurn þátt í kostnaðinum; þetta er þó konunglegt embætti, sem skipta á. Hversvegna er skipt? Bæjarfógetinn er ekki lengur maður til að gegna embættinu og hefur ef til vill aldrei verið það. Ef það er rjett, að skipta af þeim ástæðum, að ofmikið sje að gjöra, þá ætti landssjóður að leggja til sem svarar skrifstofufje, að minnsta kosti nægilegt til þess, að hafa vinnukrapt eptir þörfum á skrifstofunni. Hinsvegar álít jeg rjett að skipta, því að allir verða að viðurkenna, að fyrirkomulagið, sem nú er, er óþolandi; ef til vill, er það öllum ofverk, að anna svo miklu, að minnsta kosti er það núverandi bæjarfógeta ofætlun. Síðustu 20 ár hefur þetta verið bænum til mikils baga, og bæjarfógeti hefur ráðið fullmiklu í bæjarstjórninni og sjaldnast til bóta, eða að skapi bæjarmanna. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að það ætti ekki við, að þingið gjörði sig að forráðamanni bæjarstjórnarinnar. En nú hefur það margopt verið gjört og nú fyrir skömmu hafa verið gjörðar hjer í deildinni samþykktir þvert ofan í löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (*Lárus H. Bjarnason:* Hvað er það? *Guðlaugur Guðmundsson:* Ákvæði í lögbirtingablaðinu um auglýsingar óskilafjár). Ef þinginu virðist rjettmætt, að grípa inn í löggjöf sveitarstjórnarmála, þá ætti því ekki að þykja mjög athugavert að ganga eitthvað á móti áliti bæjarstjórnarinnar. Ennfremur er það skakkt, að borgarar bæjarins geti ekki látið vilja sinn í ljósi, nema gegnum bæjarstjórnina sem fulltrúa þeirra. Þingið á að heyra allar raddir um þetta mál, og á að taka tillit til þeirra, jafnvel þótt þær sjeu ekki að vilja fulltrúanna. Það væri bærilegt, ef ætti að samþ. allt orðalaust, allt sem þeir stinga upp á, bænum viðvíkjandi. Þingið hefur þó áður leyft sjer, að gjöra breytingar við málaleitanir, sem komið hafa frá bæjarstjórn. Hvað launin snertir, þá er engin ástæða til, að binda sig við þessar 4,500 kr. + 1,500 kr., þótt bæjarstjórnin vilji hafa launin svo há. Það hljóta að vera einhverjar aðrar ástæður til, að ekki má hrófla við laununum. Ef til vill er einhver ákveðinn maður hafður í huga, sem ekki er fáanlegur til að taka starfið að sjer fyrir minna, af því að hann vill ekki yfirgefa gott embætti. Sje um einhvern þannig sjálfkjörinn mann að ræða, þá ætti það að koma fram í umræðunum, og þá gæti ef til vill verið ástæða, að lækka ekki launin, ef svo mikill fengur væri í þessum manni, að ekki mætti af honum missa. En annað mál er það, hvort endilega þarf embættismann í þessa stöðu. Jeg sje ekki, að það sje nauðsynlegt; aðalatriðið er, að það sje duglegur maður, og það er heppilegt, að hann sje ekki embættismaður að því leyti, að þá kemur ekki til álita, hver laun hann hefur áður haft.

Laun þau, sem brt. ætlar honum, eru meir en nóg, þó embættið sje eptirlaunalaust. Ef mönnum líkar vel við bæjarstjórann, er líklegt, að hann hafi stöðuna lengi á hendi, eða ef hann fer frá, þá fái hann einhverja aukaþóknun af bæjarsjóði, ef þess er þörf. Auk þess er annar vegur: það má veita honum persónulega launaviðbót. Um það þarf ekki að leita þingsins.

Enn vil jeg gjöra þá aths. við ræðu

hv. framsm. (L. H. B.), að jeg var ekki að bera laun bæjarstjóra saman við laun hæstu embættismanna, eins og ráðherra og biskups, heldur tók jeg til samanburðar nýstofnuð embætti, t. d. forstöðumannsembættið við lagaskólann. Þeim manni eru ætluð fullsómasamleg laun, en hann fær þó ekki meira en 4,000 kr. Það er ekki rjett af þinginu, að færa ekki laun bæjarstjórans niður um þessar 500 kr., þótt bæjarstjórnin sje á öðru máli um það atriði. Gjöldin, sem á bænum hvíla, eru svo mikil, að full ástæða er til að taka það til greina. Bæjarbúar hafa ekki verið spurðir um þetta, og þeir munu kunna því illa, að fulltrúar bæjarins reyni að knýja mál þetta fram á þennan hátt og vilja ekki heyra nokkra niðurfærslu á launununum nefnda á nafn.

Að öðru leyti hef jeg ekkert frekara að athuga við það, sem sagt hefur verið um þetta efni, það hafa að eins verið vífilengjur, en engin rök.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg hygg fleirum en mjer, sem kunnugir eru, hafi þótt leitt, að hlusta á þá árás, sem hv. 2. þm. Árn. (H. Þ.) gjörði á bæjarfógetann í ræðu sinni. Jeg hef setið 18 ár í bæjarstjórn með honum, og okkur sem þekkjum hann vel og höfum verið í samvinnu við hann, kemur saman um áhuga hans og starfsþol og framúrskarandi skyldurækni og samvizkusemi. En hitt er rjett, að embættið tvíklædda vex hverjum manni yfir höfuð, svo að enginn einn er fær um að sinna því lengur.

Og svo vík jeg að breyt.till., sem fyrir eru. Jeg lít svo á að vjer verðum að taka til greina vilja bæjarstjórnarinnar um bæjarstjóralaunin. Það er sjálfsagt og eðlilegt, að hún ráði í því efni. Jeg er samdóma hv. framsm. (L. H. B.) um það, að við eigum ekki á þingmannabekkjunum að skipta okkur af, hvernig bærinn vill launa bæjarstjóra sínum. Bæjarviljinn verður að teljast í samræmi við bæjarstjórnina meðan hún situr við stjórn. Þegar hún missir traust bæjarbúa, koma nýir menn í samræmi við vilja bæjarmanna.

Stökk eru jafnan viðsjárverð; náttúran sýnir hvergi stökk, hún fer þrep af þrepi. En hjer eru gjörð 2 stökk; kosningarjetturinn er aukinn og gjörður eins víðtækur og dæmi eru til í nokkru landi, og svo er nú til viðbótar farið fram á það, að láta strax þennan grúa kjósa mann í embætti, sem bæði launa vegna og valda verður eptirsótt. Það dugar ekki að taka bæjarfulllrúastarf og þingmennsku til samanburðar; þessi staða verður miklu meira eptirsótt. Það er viðsjárvert að taka þetta stökk og hlutast til um þetta um fram vilja bæjarstjórnarinnar. Og frá mínu sjónarmiði er margt, sem mælir með því, að frumv. dagaði uppi nú á þinginu. Reykjavíkurbær er ekki svo ráðinn í, hvað hann vill. En næst því er það mín ósk, að ekki sje gjörðar of miklar breytingar, og stökkið ekki tekið of langt.

Jeg vona því, að hin háttv. þingdeild fari vel og gætilega í þetta mál, og taki ekki á sig þá ábyrgð, að fara fram fyrir þær óskir, sem bæjarstjórnin hefur látið uppi. Jeg álít það viðurhlutamikið, að taka fram fyrir hendurnar á þeim sveitarfjelögum, sem að verið er að setja lög fyrir, í þeirra einkamálum.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þgm. Snæf.): Hjer hafa verið rædd þrjú atriði; fyrst útvíkkun kosningarrjettar og kjörgengis til bæjarstjórnar, sem þó ekki liggur fyrir. Það atriði var útkljáð við næstu umræðu á undan, og hjer liggur engin breyt.till. fyrir um það efni. Í öðru

lagi hefur verið talað um það, hvernig kjósa skuli bæjarstjórann, og í þriðja lagi um laun hans. Það er rjett, að bæjarstjórnin hjer hjelt því fram, að bæjarstjórnin skyldi kjósa bæjarstjórann, og nefndin var því upprunalega samþykk. Nefndin leit svo á, að eins og hreppsnefndir kysu oddvita sína, þannig væri og eðlilegt, að sömu reglu væri fylgt hjer. En þegar breyt.till. háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) kom fram, þá urðu þegar nokkrir í nefndinni til þess, að fallast á hana, fannst það, eins og jeg sagði áðan, þjóðlegra og bjuggust við því, að bæjarstjórinn yrði með því móti sjálfstæðari gagnvart bæjarstjórn; en okkur, sem höfum aðhyllzt þessa breyt.till., er þetta samt ekkert kappsmál, og það því síður, sem ekki verður sagt, að bæjarbúar hafi lýst skoðun sinni á þessu atriði. En um kosningarfyrirkomulagið var það samþykkt nýlega á borgarafundi hjer í bænum, að hann skyldi vikka eins og hjer er farið fram á.

Að því, er snertir tillögur háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), þá álít jeg ekki rjett »forum« að bera hjer upp í þinginu tillögur um launalækkun bæjarstjórans. Bæjarstjórnin hefur sjálf rjett til að ákveða laun bæjarstjórans og álít jeg, að þingið eigi ekkert að skipta sjer af því.

Öðru máli er að gegna, ef sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir ganga út fyrir valdsvið sitt, þá má og á þingið að skipta sjer af því, en hjer er ekki um slíkt að ræða. Eins og nú er ástatt, eru störf bæjarfógetans svo mikil, að það er lítt kleift, ef ekki ókleift fyrir einn mann, að anna þeim og launaupphæðin vex mjer ekki í augum, og er jeg þó gjaldandi hjer í bæ. Bæjarstjórastaðan er ekki embætti í orðsins rjetta skilningi, því að það er tímatakmarkað og svo fylgja því engin eptirlaun, en einmitt þessa vegna, verður að launa manninn viðunanlega.

Jeg skildi ekki fyllilega dylgjur vinar míns og sessunautar um það að þetta embætti mundi vera ætlað einhverjum vissum manni; jeg vona að minnsta kosti, að hann eigi ekki við mig. Jeg hef engan heyrt nefndan og er alveg sama hver það verður, ef það að eins verður nýtur maður.

ATKV.GR.: Breyt.till. (230) var felld með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Guðm. Björnsson.,	Hermann Jónasson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Magnús Andrjesson,
L. H. Bjarnason,	Magn. Kristjánss.,
Ólafur Thorlacius,	Ólafur Briem,
Skúli Thóroddsen,	Pjetur Jónsson,
St. Stefánsson, Eyf.	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. (241) felld með 14 atkv. gegn 6,

Frv. samþ. með 15 atkv. gegn 1, og afgreitt til forseta Ed.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 28. ágúst, kom frumv. (A 369) til 1. umr.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd, að lokinni þessari umræðu.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Tillaga um að kjósa 3 manna nefnd samþ. í einu hlj.

Í nefndina voru kosnir:

Björn M. Ólsen með 9 atkv.
Ágúst Flygenring með 9 atkv.
Jóhannes Jóhannesson með 8 atkv.
Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður og Björn M. Ólsen skrifari og framsögumaður.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A 369 563) til 2. umræðu.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Nefndiu hefur öll orðið á einu máli um það, að forlög þessa máls ættu að fara eptir því, hvort meiri hluti bæjarstjórnarinnar vildi, að málið næði fram að ganga, eins og það kom frá háttv. Nd., eða ekki, og skal jeg í þessu atriði leyfa mjer að skírskota til nefndarálitsins. Það hefur orðið erfitt að fá þessa vitneskju, en á endanum hefur árangurinn orðið sá, að meiri hluti bæjarstjórnarinnar, 8 af 13, virðist vilja hafa frumv. fram í því formi, sem það var lagt fyrir þingið, eða því sem næst. Í Nd. varð frumv. fyrir ýmsum breytingum, aðallega í þá átt, að rýmka kosningarrjettinn, þannig, að hann nái til allra, karla og kvenna, án tillits til þess, hvort þeir eru öðrum háðir sem hjú, eða hvort þeir gjalda nokkuð eða ekki neitt til bæjarsjóðs. Oss í nefndinni þótti rjett, að rýmka ekki kosningarrjettinn meira en bæjarstjórnin hafði óskað, og sjerstaklega með tilliti til þess, að hjer í deildinni var nýlega samþykkt frumv. um bæjarstjórn í Hafnarfirði, sem fór fram á sama í þessu atriði eins og frumvarp það, sem bæjarstjórnin lagði fyrir þingið. Vill nefndin því bæði fara hjer að vilja bæjarstjórnarinnar, og einnig hafa þetta frumv. í samræmi við sams konar ákvæði um Hafnarfjörð, og leggur því til, að háttv. deild samþ. þá breyting við frv., er hún fer fram á. Jeg skal taka það fram, að háttv. Nd., samþykkti óbreytt frumv. um bæjarstjórn í Hafnarfirði, og virðist hún með því hafa samþykkt stefnu Ed., viðvíkjandi rýmkun kosningarrjettarins. Annars skal jeg geta þess viðvíkjandi fyrirvara þeim, sem jeg tók í undirskript minni undir nefndarálitið, að hann snertir einmitt þennan lið. Eins og jeg tók fram við umræðurnar um bæjarstjórn í Hafnarfirði, vildi jeg ekki, að rýmkað væri um kosningarrjettinn í einstökum sveitarfjelögum, heldur vildi jeg láta þar standa við það sama, þangað til almenn breyting yrði á kosningarrjettinum um allt land. Jeg mun þó greiða atkvæði með breyt.till. til þess að frumv. komist þannig frá deildinni. Ræð jeg því háttv. deild til að samþ. frumv. með breytingunni.

ATKV.GR.:
1. gr. frv. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. frv. sþ. með 11 shlj. atkv.
Breyt. (563) við 3. gr. frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv.
3. gr. breytt samþ. með 12 atkv.
4. gr. samþ. með 11 atkv.
5. gr. — — 11 —
6. gr. — — 11 —
7. gr. — — 11 —
8. gr. — — 11 —
9. gr. — — 11 —
10. gr. — — 11 —
Inngangur frv. sþ. m. 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. september, kom frv. (A 624) til 3. umr.
ATKV.GR: Frv. var umr.laust sþ. með 11 shlj. atkv. og endursent forseta Nd.

Á 48. fundi Nd., fimmtudaginn 12.

september, kom frumv. (A. 651, 670) til einnar umr.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það hafa orðið nokkurar breytingar á frumv. þessu í háttv. Ed. Aðallega eru breytingarnar í því fólgnar, að tekin hafa verið upp aptur þau ákvæði í 3. gr., að þeir, sem kosningarrjett hafa, gjaldi eitthvað til bæjarþarfa. Ennfremur að konum er heimilt að skorast undan kosningu; hjón, foreldrar og börn eða barnabörn, eða annað nákomið venzlafólk megi ekki sitja í bæjarstjórn í senn. Fyrir hönd nefndarinnar lýsi jeg yfir því, að hún vill ekki etja kappi við Ed. um þetta. En nú í síðustu forvöð hefur komið fram brt. frá báðum þm. kaupstaðarins, að bæta við frumv. heimild fyrir ráðherra til, að landssjóður ábyrgist 1/2 miljónar kr. lán fyrir kaupstaðinn.

Það var óheppilegt, að þessi tillaga ekki komst inn í vatnsveitufrumv., sem fór frá Ed. í gær, en það dugir ekki að sakast um orðinn hlut. Eins og þingmenn muna, var sett inn í fjárlögin heimild til þess að ábyrgjast 500,000 kr. fyrir landssjóðs hönd. Sumir voru hræddir við þetta, og sýndist það jafnvel rangt; jeg held nú ekki, að þetta geti heitið beinlínis rangt, en það gæti ef til vill verið hættulegt. Ef slík ákvæði væru almennt sett inn í fjárlögin, mætti pína stjórnina til að gjöra ýmislegt, sem henni þætti miður, því hún mundi í lengstu lög hika við að gefa út bráðabirgðafjárlög. En frá þingsins hálfu er náttúrlega ekkert því til fyrirstöðu, því það hefur því fastari tók á stjórninni; jeg átti tal við 2 þm. úr Ed. um það, hvort deildin mundi setja það fyrir sig, þó þetta stæði í fjárlögunum, en þeir kváðu nei við því. En ef svo er, þá væri rjettast að háttv. flutningsm. tækju tillöguna aptur.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg er þakklátur háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) fyrir ummæli hans um þetta mál. Jeg hafði tillöguna til, ef svo skyldi fara, að þetta ákvæði yrði fellt úr fjárlögunum í Ed. Jeg vil helzt ekki taka hana aptur. En jeg vil snúa orðum mínum til hins hæstv. ráðh., hvort hann álítur nokkra ástæðu til þess að hún fari lengra. Fái jeg yfirlýsingu um það, að hann álíti þetta óþarft, þá skal jeg taka hana aptur.

Ráðherrann: Jeg er þeirrar skoðunar, að það sje ekki tilgangur stjórnarskrárinnar, að slíkar heimildir, sem hjer er um að ræða, sjeu gefnar á fjárlögunum, þar sem 23. gr. stjórnarskrárinnar segir, að slíkt skuli vera með lagaboði ákveðið. Það er þó ekki hægt að segja, að slík heimild sje ógild, ef hún stendur á fjárlögunum, því fjárlögin eru lög, þó þau sjeu öðruvísi og hlýti öðrum reglum en almenn lög. En það er óheppileg regla, sem ekki á að tíðkast, að gefa slíkar heimildir í fjárlögunum, enda má ætla, að tilgangur stjórnarskrárinnar með því að heimta, að enginn skattur sje á lagður nje breyttur nje af numinn nema með lagaboði, og ekkert lán, er skuldbindi Ísland, tekið, nema eptir lagaboði, sje einmitt sá, að tryggja það, að slíkt verði vandlega athugað gegnum 3 umr. í hverri deildinni að minnsta kosti; en sje slíkt ákveðið á fjárlögum, þá getur það komið inn í þau að öllum óvörum, með breyt.till. á síðasta stigi, eins og nú á sjer stað, og þannig komizt fram mjög lítt hugsað. Nú má að vísu segja, að slíkt gæti einnig komið inn með breyt.till. við almenn lög í síðustu forvöð án þess að hafa sætt venjulegum umræðufjölda; en það er allt öðru máli að gegna; því ef slík till. kæmist vanhugsuð inn í almenn lög, þá má fella

þau í heild sinni, en fjárlögin verður að samþ. Slík ákvæði geta því verið háskaleg í fjárlögum. Í þessu tilfelli má þó ef til vill segja, að það, sem farið er fram á, falli ekki beint undir fyrirmæli 23. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er talað um lántöku fyrir landssjóð, en hjer er farið fram á, að landssjóður ábyrgist lántöku fyrir bæjarfjelag. Og af því að nú er orðið svo áliðið þingsins, að ekkert svigrúm er til að koma sjerstökum lögum fram, búið að samþ. vatnsveitulögin til fullnustu, og ákvæðið á alls ekki heima í bæjarstjórnarlögunum, sem nú liggja fyrir, en hinsvegar nauðsynlegt að fá þessa ábyrgðarheimild, þá get jeg gengið inn á það í þetta *eina* sinn, að heimildin sje að eins sett í fjárlögin, eins og þegar hefur verið samþ. hjer í deildinni, ef því er alveg slegið föstu, að þetta sje ekkert fordæmi fyrir slíkum ákvæðum á fjárlögum eptirleiðis, heldur aðeins undantekning, gjörð út úr neyð.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. (670) var tekin aptur.

Frv. samþ. með 19 atkv. og afgreitt til ráðh. sem lög frá alþingi.

B. Felld.

I. Sporbraut frá Skerjafirði.

Á 31. fundi Nd., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. til laga (A 145) um heimild til að leggja sporbraut milli Skerjafjarðar og Reykjavíkur og til að setja reglugjörð um notkun hafnar í Skerjafirði — flutningsmenn Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf., Jón Jónsson, Árni Jónsson — til 1. umr.

Flutningsmaður Stefán Stefánson (2. þm. Skgf.): Þetta frumv. er komið fram vegna þess, að brýna nauðsyn ber til þess að bæta höfnina eða rjettara sagt að bæta úr hafnarleysinu í höfuðstað landsins. Hafnarleysið hjer er svo tilfinnanlegt, að það getur alls ekki komið til mála að una við það; og það væri illa farið með tíma þingsins, að vera að fjölyrða um það mál, því um það er öllum fullkunnugt. Það er kannske enginn sá hlutur til á landinu, sem er eins talandi vottur um það, hve lítils vjer megnum, eins og höfnin hjerna í Reykjavík. Menn, sem koma hingað annarsstaðar af landinu falla í stafi, þegar þeir sjá höfnina í höfuðstað landsins, og þá náttúrlega útlendingar ekki síður. Reyndar búast þeir líklega ekki við miklu, en þó hugsa þeir líklega ekki, að það sje lífsháski að komast hjer í land fyr en þeir hafa reynt það.

Um þetta hafnbótarmál hefur verið mikið rætt og ritað síðustu árin. Það hafa verið gjörðar hjer mælingar og áætlanir um það, hve mikið höfn mundi kosta: en það hefur ekki leitt til neinna framkvæmda. Það situr alveg við það sama og áður, nema hvað menn vita, ef til vill frekar um kostnaðinn nú en áður, en þó hygg

jeg, að það sje mjög á reiki. Sumir áætla meira, aðrir minna. Eptir því, sem mjer er kunnugt, er hjer ekki nokkur veruleg hreyfing í þá átt að koma þessari hafnargjörð í framkvæmd, menn tala að eins og áætla, og þar við situr.

Sú skoðun, að höfn hjer fyrir norðan bæinn mundi verða afardýr og kannske með öllu ókleift fyrir bæinn að byggja hana, hefur komið mönnum til þess að líta í aðra átt. Það var árið 1902, að Kmd. Hammer mældi innsiglinguna á Skerjafjörð og ritaði í Ísafold um þetta mál, um það hversu ill höfnin hjer væri og hversu mikið ógagn af því hlytist. Hann benti á það, að enginn bær í heimi, álíka stór, hefði eins illa höfn og Reykjavik. Mesta nauðsynjamál bæjarins væri að bæta úr hafnleysinu; en honum vex í augum kostnaðurinn við að gjöra höfn fyrir norður bæinn og þess vegna stingur hann upp á því, að hún sje gjörð á Skerjafirði. Það er aðallega þrennt, sem gjöra þarf til þess, að höfn á Skerjafirði geti komið að gagni. Það þarf að gjöra við innsiglinguna, gjöra bryggju og gjöra sporbraut frá bryggjunni til Reykjavíkur. Nú er myndað fjelag, sem hefur keypt land við Skerjafjörð eða fengið loforð fyrir tveim miljónum ferálna; hver feralin á að kosta 2 aura og þarf ekki að borgast fyr en landið er tekið til afnota. Fjelagið hefur og fengið fje sem nægir; það stendur því ekki á neinu öðru en leyfi til þess að gjöra sporbraut hingað, og til að setja reglugjörð um notkun hafnarinnar, ákveða hafnargjald o. s. frv.

Okkur flutningsmönnum þessa frv. hefur verið núið því um nasir, að það væri hagsmunir einstakra manna, sem við hefðum fyrir augum. Því fer fjarri. Þetta er blátt áfram framfaramál og nauðsynjamál fyrir Reykjavík og fyrir allt landið í heild sinni. Og það sem hefur sannfært mig um það, að það eru ekki eigin hagsmunir þessara manna, sem liggja þeim í fyrirrúmi, er það, að þeir hafa boðið Reykjavíkurbæ að hafa allan veg og vanda af þessu fyrirtæki, að taka það algjörlega á sína arma. Og jeg veit ekki betur en það tilboð standi enn. En bæjarstjórnin hefur neitað því að svo stöddu.

Menn segja, að þetta sje til þess að skaða eða jafnvel drepa Reykjavík. Þetta er þvert á móti; jeg skil hreint ekki, hvað þeir menn fara, því mjer sýnist þetta vera lífsnauðsyn einmitt fyrir Reykjavík. Það mætti tala langt mál um það, hvert gagn af því hlytist, ef hjer væri góð höfn. Jeg get þess að eins, að uppskipunarkostnaður yrði minni, vátryggingargjald lækkaði og jafnvel farmgjöld líka. Jeg skal t. d. geta þess, að farmgjald á kolum er 2 sh. hærra til Reykjavíkur en til austur- og norðurlands og mun það að nokkru leyti stafa af hafnarleysinu hjer. Það er líka talin mótbára, að eignir manna hjer við höfnina mundu lækka í verði. Jeg hygg nú alls ekki, að þær lækki. Hitt er annað mál, að ef höfn væri gjörð fyrir norðan bæinn, mundu þær *hækka* í verði, sem þær auðvitað ekki mundu gjöra, ef höfnin yrði á Skerjafirði. Kostnaðurinn er áætlaður 350—400 þúsundir alls. Þar af eiga þrír fjórðupartar að vera innlend eign. Lánið fá þeir gegn ábyrgð fjelagsins og veði í eigninni. Þessa 3/4 af hlutafjenu geta bæjarmenn tekið að sjer að minnsta kosti og allt, ef þeir vilja.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Jeg býst líka við andmælum og verð þá kannske að taka til máls aptur. En jeg vona, að þau

andmæli verði ekki svo sterk, að málinu verði ekki vísað til 2. umr.

Það er eitt, sem er nokkurs um vert, sem hægt væri að hafa á móti þessu, það er það, að landið er ekki innan takmarka Reykjavíkurbæjar. En þessu mætti breyta með lögum. Jeg vona, að það verði sett nefnd í málið, og hún taki þetta til athugunar.

Frumv. er að efni til fyrst um sporbraut, og svo um heimild til að semja reglugjörð. Eptir því, sem mjer skilst, verður höfnin byggð hvort sem er, en ef sporbraut verður lögð suður eptir, þá er hagurinn af henni meiri fyrir Reykjavík.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg hef ekki talið það, hve margir af háttv. þm. deildarinnar eiga heima hjer í Reykjavík, en þeir eru margir. Það lítur því undarlega út, að enginn þeirra skuli hafa orðið til þess, að bera þetta mál fram á þingi, sje þetta frumv. velferðarmál fyrir bæinn, heldur skuli það vera menn norðan úr landi, lítið kunnugir hjer, sem flytja það.

Ef það er trú háttv. flutningsmanna, að þetta sje gjört Reykjavík til góðs, þá get jeg fullvissað þá um það, að ekki er $^1/_{10}$ manna hjer í bænum þessu Skerjafjarðarmáli fylgjandi. Mjer er fullkunnugt um það, að örfáum Reykvíkingum er annt um framgang þessa máls. Það hafa verið haldnir hjer svo margir fundir, og sumir æstir, um þetta, að engum ætti að geta blandazt hugur um það, hvernig bæjarbúar líta á málið.

Það hefur verið talað um, að bæjarstjórnin hafi lítið gjört fyrir hafnarmálin. En sannleikurinn er sá, að hún hefur í fám málum sýnt jafnmikinn áhuga. Fyrir fáum árum fjekk hún danskan mann til þess að rannsaka höfnina, og nam áætlun hans liðugum 4 miljónum kr., en svo hátt sá hún sjer ekki fært að fara; þó var ekki hætt við þetta, heldur var tveim árum seinna ákveðið, að fá mann frá Noregi, því að menn treystu ekki eins vel manni frá sljettlendinu, til þess að dæma um hafnarmál hjer, eins og manni frá klettaströndum. Og bærinn var svo heppinn að fá hingað yfirmann allra hafnarmála í Norvegi, sem var nákunnugur líkum höfnum, sem hjer er. Þessi maður gjörði lauslega áætlun yfir byggingarkostnaðinn, sem fór nærri 2 miljónum króna, ef fullkomin viðgjörð væri gjörð, en jafnframt áleit hann, að mikið mætti bæta höfnina með því að verja til þess 1 miljón kr. Þetta allt var bráðabirgðaáætlun hans, en fullkomið yfirlit og teikningar eru eigi komnar frá honum enn þá.

Þessi sami maður var nú fenginn til þess að skoða, hvort Skerjafjörður væri hentug höfn fyrir Reykjavík, því að hann var álitinn óhlutdrægur í alla staði. Við þetta var hann nokkra daga, og skoðaði innsiglinguna og hafnarstæðið. Staðinn, þar sem bryggjan átti að standa, áleit hann góðan, svo að bryggjan með húsum mundi ekki kosta þar nema 2—300,000 kr., En innsiglinguna áleit hann mjög hættulega, svo að ekki væri að tala um höfn þar, nema með því, að byggja uokkra vita á skerjum, sem liggja í fjarðarmynninu, ásamt mörgum fleiri merkjum, sem setja þyrfti á nesin beggja megin. Ábyrgðargjald af skipum og vörum áleit hann að mundi verða hærra þar en til Reykjavíkur, þar sem innsiglingin er miklu hættuminni. Þetta álit hafnfræðingsins norska, sem nákvæmlega skoðaði staðinn, er nokkuð á annan veg en

framburður framsögumanns, sem hvorki hefur skoðað höfnina hjer nje innsiglinguna á Skerjafirði.

Jeg tek það upp aptur, að það er undarlegt, að Norðlendingum en engum Reykvikingi skuli hafa komið í hug, að flytja þetta mál á þingi, ef það á að vera lífs-spursmál fyrir bæinn. Flutningsmaður lætst ætla að gjöra bænum mikið gagn með þessu, en eins og frumv. liggur nú fyrir, þá er það ekki til annars en þess, að gjöra það ómögulegt fyrir Reykjavík, að fá nokkurn tíma höfn fast við bæinn. Eptir frumv. á að gjöra höfn í öðru lögsagnarumdæmi, og geta þá allir sjeð, hve miklar tekjur það mundi draga frá Reykjavíkurbæ. Því að ekki fær hann tekjur af þeim skipum, sem að þangað sigla. Velgjörningurinn verður þannig innifalinn í því, að koma upp höfn í öðru lögsagnarumdæmi og um leið sjá um, að Reykjavík verði jafn hafnarlaus eptir sem áður. Í enda ræðu sinnar, sagði háttv. flutningsm., að þessu mætti koma svo fyrir, að þetta svæði kæmist undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þetta hefði honum átt að detta í hug áður en hann samdi frumv. og undirbúa það áður, og því að eins bera málið hjer fram, að vissa væri fyrir því, að Skildinganes með hafnarstæðinu væri fáanlegt inn í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en jeg efa mjög, að viðkomandi menn og sveitarfjelag samþykki það.

Um eignarnámið undir veg eða járnbraut skal jeg láta lögfræðingana dæma, en það hef jeg á tilfinningunni, að hart er að farið, að taka land af bæjarmönnum nauðugum, sem miðar einmitt til þess, að gjöra þeim ómögulegt, að koma upp höfn hjá sjer. Jeg veit, að það er eptir lögum heimilt, að taka land undir alfaraveg til almenningsþarfa, en hvort hægt er að taka land undir veg privats fjelags, það efa jeg, og sömuleiðis hvort þessi járnbrautarvegur getur kallazt þjóðareða alfaravegur; annars eptirlæt jeg lögfræðingunum, að skera úr þessu. Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál að sinni, en færi svo, að þetta frumv. yrði samþykkt, þá er það sá mesti bjarnargreiði, sem hægt er að gjöra Reykjavík, þótt flutningsmenn látist gjöra þetta af einskærri velvild til bæjarins.

Skúli Thoroddsen: Jeg stend upp til þess, að gjöra litla athugasemd af því, að jeg lít nokkuð sjerstaklega á þetta mál. Síðast þegar athugað var hafnarstæðið hjer fyrir norðan Reykjavíkurbæ, þá var kostnaðurinn áætlaður 2 miljónir kr., en danski verkfræðingurinn, sem áður var fenginn til þess, að gjöra áætlun um hafnargjörð, hafði áætlað kostnaðinn 4—5 miljónir. Hvað verða kann úr hafnargjörð Reykvíkinga er enn í óvissu; en fari nú svo, að í hana sje ráðizt, á hverjum lendir þá gjaldabyrðin, að því er tekjur hafnarmannvirkjanna hrökkva eigi til? Auðvitað á gjaldendum til bæjarsjóðs Reykjavíkur, en ekki að eins á þeim, sem hafa sjerstakan hagnað af hafnargjörðinni, sem eru lóðareigendur við höfnina.

Það hefur verið talað um áhrif þau, sem höfn við Skerjafjörð mundi hafa á lóðarverð hjer í bænum; jeg get nú ekki ímyndað mjer, að lóðirnar milli núverandi hafnar og tjarnarinnar mundu falla í verði fyrir það, en hitt er auðsætt, að þær lóðirnar, sem að næstar eru sjónum hjer í miðbænum geta hækkað all-mikið, ef höfn kæmi hjer að norðanverðu.

Er nú gjörlegt að gjöra þessa dýru höfn, þar sem kostur er á að gjöra höfn við Skerjafjörð, bæjarfjelaginu að

kostnaðarlausu? Jeg held, að hagsmunir almennings heimti einmitt Skerjafjarðarhöfnina. Hin höfnin yrði bæjarfjelaginu of þungbær, og gjöld væru lögð á allan almenning, til þess að koma í verð eignum einstakra »kapitalista«, sem leggja sjerstakt kapp á það, að fá höfnina að norðanverðu, og kunnugt er um, að gjörðu sjer sjerstakt far um það, að koma sínum mönnum í bæjarstjórnina við síðustu kosningar.

Háttv. flutningsm. sýndi fram á það, að vöruflutningurinn verður Reykvíkingum engu dýrari, heldur öllu fremur kostnaðarminni, ef höfnin yrði á Skerjafirði. Það eru því ekki hagsmunir kaupstaðarins, sem hjer eru í veði, heldur hagsmunir einstakra manna, (*Nokkrir þm.:* Geta þá ekki verið »privat« hagsmunir hinumegin líka?). Jú auðvitað, hagsmunir þeirra, sem landið eiga, og má ef til vill líka segja þeirra, sem á Álptanesi búa. Það er rjett að viðurkenna það hreinskilnislega. En aðalatriðið er það, að höfn við Skerjafjörð er bæjarbúum kostnaðarlaus, og þá er ekki rjett, að einstakir menn komist fram með það, að leggja á aðra gjaldendur há gjöld um langan tíma, til þess að halda eignum fárra manna í óeðlilega háu verði.

Viðvíkjandi eignarnámi vegna sporbrautarinnar skal jeg taka það fram, að mjer finnst það ekki harðara fyrir Reykvíkinga, en aðra. Það er beinlínis heimilað í stjórnarskránni að taka með lögum eignir manna, gegn fullu endurgjaldi, þegar almenningsþörf krefur og hjer er eigi um annað að ræða.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Háttv.framsm. gat þess, í byrjun ræðu sinnar, að frv. vær sprottið af brýnni nauðsyn á umbótum á höfn Rvíkur. Jeg hef beðið um orðið, af því að þetta snertir svo mjög mitt kjördæmi, og vil jeg að vísu vera hverjum þeim þm. þakklátur, sem lætur sjer annt um það kjördæmi, en jeg hygg, að opt hafi verið flutt þarfara mál en þetta.

Það er sjerstaklega annað meginatriði málsins, sem jeg vil snúa mjer að. Það er ákvæðið um, að þessu »privatfjelagi«, sem kallar sig »Höfn«, sje gefinn rjettur til þess, að taka lögnámi land undir sporbraut í lögsagnarumdæmi Rvíkur, hvort sem landið er eign bæjarins eða einstakra manna. Í stjórnarskrá Íslands er eignarrjetturinn talinn friðhelgur, og má eigi skerða hann, nema almenningsþörf krefji. Jeg býst nú við, að því verði haldið fram, að almenningsþörf heimti, að þetta leyfi sje veitt, en jeg hygg, að mjer muni veita auðvelt, að gjöra grein fyrir því, að þessi skoðun er annaðhvort sprottin af misskilningi eða vanþekkingu. Eins og ljóst mun vera öllum þeim, sem til þekkja, horfir þetta mál, ef það nær fram að ganga, til mikils hagnaðar fyrir eigendur Skildinganess. Þetta játaði líka háttv. flutnm. sjálfur, viljandi eða óviljandi, með því að gefa í skyn, að þeir hefðu í hyggju að selja fjelaginu »Höfn« spildu af Skildinganeslandi fyrir meira en ferfalt verð á við það, sem þeir nýlega hafa gefið fyrir það land.

Það er alkunnugt hjer í bænum, og það er engin ástæða til að þegja yfir því, engin vanvirða, að þeir menn, sem fyrir nokkru keyptu Skildinganes, hafa jafnan verið að basla við að fá þar gjörða höfn, til þess að koma þessari fasteign sinni í gott verð. Þetta er auðvitað öldungis vanvirðulaust gróðabragð af þeirra hálfu, en annað mál er það, hvort þingið á að fara að hjálpa þeim yfir torfærurnar á þessum

gróðavegi. Þingið ætti *ekki* að láta sig varða neitt um það, hvort *einstakir menn* hafi hagnað af eignarnámsrjetti, heldur ber því að líta á það eitt, hvort *almennings þörf* krefst þess, að eignarnám sje heimilað, og þar sem þetta er í Rvík, þá er þess eins að gæta, hvort það er þarflegt fyrir Rvík í heild sinni. Jeg met háttv. flutnm. þessa frumv. mikils, en jeg verð þó að halda því fram, og heimta, að það sje viðurkennt, að Reykjavíkurbúar sjálfir hljóti að hafa meiri þekkingu á bæjarmálum, en þm. norðan úr sveitum. Og jeg get fullvissað háttv. flutnm. um það, að það er ekki almenn skoðun manna hjer, að þetta sje til heilla fyrir Reykjavíkurbúa. Jeg hef hjer milli handa útskrift úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar, sem jeg skal leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta.

»Ár 1907, laugardaginn 27. júlí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

8. út af frumv., er komið hefur nú fram á alþingi, um lóðarnám af bæjarlandinu handa privatfjelaginu »Höfn«, fól bæjarstjórn formanni sínum að afhenda þingm. bæjarins mótmæli bæjarstjórnar á móti framgangi þess máls.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson, Halldór Jónsson, Magnús Einarsson, Magnús Blöndal, Ólafur Ólafsson, Jón Magnússon, Kristján Jónsson, Jón Þorlákssláksson, Kristján Þorgrímsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Hannes Hafliðason.

Rjetta útskrift staðfestir:

Halldór Daníelsson«.

Háttv. samþingismaður minn hefur nú þegar lýst skoðun sinni á málinu, og álítur hann þetta ekki horfa til almennings heilla, heldur þvert á móti; jeg er honum samdóma. Jeg hef verið bæjarfulltrúi í nokkur ár, og er því kunnugur öllum rannsóknum og ráðstöfunum viðvíkjandi hafnarmálum Reykjavíkur. Og jeg álít, að ef þetta væri samþ. nú, þá mundi það verða til stórhnekkis fyrir bæinn, Nú stendur svo á, að síðustu rannsókn viðvíkjandi hafnargjörð hjer er rjett að eins ólokið; ef nú bærinu sjer sjer fært að leggja út í þetta fyrirtæki, þá þarf að sjálfsögðu að leggja sporbraut frá höfninni fram með sjónum. En ef nú væri farið að veita Skildinganesmönnum eignarnámsrjett til sporbrautar frá Skerjafirði, þá gæti svo farið, að þeir legðu undir sig þau brautarstæði, sem bærinn þyrfti síðar handa sjálfum sjer. Jeg tel nú víst, að þótt háttv. flutnm. *hafi* verið á þeirri skoðun, að þetta frumv. mundi verða Reykjavík til blessunar, ef það yrði að lögum, þá muni þeir *nú*, er þeir sjá, að bæði bæjarstjórn Reykjavíkur og báðir fulltrúar bæjarins hjer á þingi, eru á gagnstæðri skoðun, víkja á rjetta leið og láta þann velvildarhug, er þeir segjast bera til bæjarins, sjást á því, að þeir nú taki þetta frumv. aptur. Þau gögn, sem nú eru komin fram, hljóta líka að leiða þá úr skugga um það, að frekari flutningur þessa máls er *vísvitandi* tilraun til þess, að fara í bága við stjórnarskrá landsins. *Ef* bæjarstjórnin hefði talið þetta nauðsynjamál fyrir bæinn, þá var öðru máli að gegna en nú, þegar hún hefur ótvírætt lýst yfir því, að hún telji það *tjón* fyrir bæinn; þá *getur* þingið ekki, getur enginn heilvita maður sagt, að hjer sje að ræða um *almennings* þörf. Þingið hefur þá engan rjett til þess að staðhæfa slíkt, og þar af leiðandi engan rjett til þess, að samþ. frumv.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson, (2. þm. Skgf.): Jeg skal ekki tala lengi að þessu sinni. Jeg býst ekki við, að aðrir flutnm. muni verða við ósk h. 2. þm. Rvk. (G. B.), að taka frumv. aptur; jeg fyrir mitt leyti gjöri það ekki, heldur mun það verða sett í nefnd.

Það voru einkum niðurlagsorðin í ræðu háttv. þm., sem komu mjer til að standa upp. Hann hjelt því fram, að þingið hefði ekki leyfi til þess, að samþ. svona lagað frumv., af því að bæjarstjórn Reykjavíkur áliti það ekki til þarfa. Af því að bæjarstjórn sje á móti þessu, þá sje stjórnarskrárbrot að samþ. það. Háttv. þm. vill, með öðrum orðum, gjöra bæjarstjórnina að nokkurs konar æðsta dómi í þessu máli. (*Guðmundur Björnsson:* Æðra dómi, en þm. Skgf.). Nei, því að það er hann og aðrir þm., sem samþ., eða fella lagafrumv. hjer á þinginu, hvað sem bæjarstjórn eða bæjarbúar hjer í Reykjavík segja. Og hvað sem verður ofan á um það, hvort þetta sje gagnlegt eða ekki, þá er þó þingsins dómur meira virði, en dómur bæjarstjórnarinnar.

Háttv. þm. ljet sjer nægja, að slá því fram, að hann og aðrir álitu, að fyrirtæki þetta miðaði ekki til almennings heilla, heldur væri miklu fremur skaðlegt en gagnlegt fyrir þennan bæ, en hann færði ekki nokkur minnstu rök fyrir máli sínu.

Nú vil jeg spyrja háttv. þm., hver skaði getur bænum orðið að því að höfn komi við Skerjafjörð? Hver skaði getur bænum orðið að því, að sporbraut verði lögð þaðan og vegur um land, sem óbyggt er og vonlítið er um að byggist í bráð? Bærinn mundi þá miklu fremur hafa peninga upp úr þessu landi, því að hús mundu færast á þann bóginn og lóðir hækka í verði í suðurhluta bæjarins, og mundi sú hækkun fyllilega vega það upp, sem lóðirnar kynnu að lækka í norðurhlutanum.

Nú vil jeg enn spyrja háttv. þm., hvaðan eiga miljónirnar að koma, 2, 3 eða 4 miljónir til að gjöra höfn í Reykjavík? Er það ekki almenningur í Reykjavík og nærsveitunum, sem verður að greiða þær? Hlýtur ekki kostnaðurinn að leggjast á vörur þær, sem skipað yrði upp og fram á höfninni? og því dýrari sem höfnin er, því hærra hlýtur hafnargjaldið að verða. Jeg skil því ekki, hver hagur getur orðið að því fyrir bæinn, að fá margfalt dýrari höfn hjer að norðanverðu, en hún yrði suður við Skerjafjörð. Háttv. 2. þm. Rvk. (Tr. G.) verður að færa betri rök fyrir sínu máli, til þess að jeg skilji það.

Aðalmergurinn er þetta, sem jeg vona, að háttv. þm. sjái, að líkurnar eru meiri fyrir því, að höfn komist upp við Skerjafjörð innan skamms og komi að fullum notum eða að minnsta kosti bæti mjög úr hafnleysinu, heldur en að milljóna-höfn verði byggð hjer að norðanverðu. (*Guðmundur Björnsson:* En brjef bæjarstjórnarinnar?) Jeg legg ekkert upp úr brjefi bæjarstjórnarinnar, af því að þar eru engin rök færð. Hjer er og ekki eingöngu um Reykjavík að ræða. Öll þjóðin gjörir kröfu til þess, að góð höfn sje í Reykjavík. Hafnleysið hjer í Reykjavík er ekki að eins til stórtjóns landinu, heldur og til vanvirðu, og því getur alþingi krafizt þess, að höfn sje hjer gjörð. Ef bæjarstjórnin setur sig upp í móti því, þá verður löggjafarvaldið að taka í taumana. Bæjarstjórnin getur ekki forsvarað hafnleysið hjer, hvorki fyrir bæjarbúum nje öðrum landsmönnum.

Höfnin í Skerjafirði (*Guðmundur Björnsson*: Er það annað en bryggja?) kemur, þegar bryggjan er komin. Það er undarlegt að heyra það af munni hv. þm., sem jeg ekki veit til að hafi sjerþekkingu á þessu, að innsiglingin sje hættuleg, og þetta ber hann fram þvert ofan í komm. Hammer, sem er sjómaður og nákunnugur og telur innsiglinguna góða.

Loks vil jeg benda á það, að ef höfnin reynist ekki góð, þá gæti Reykjavík eða höfninni hjer norðan við bæinn engin hætta stafað af samkeppni frá henni, fjelagið færi bráðlega á höfuðið, og hvaða skaði yrði bænum það, ef hann leggur engan eyri til fyrirtækisins? Jeg teldi það miklu fremur hag fyrir bæinn að eiga þá kost á að eignast öll þessi mannvirki, einkum sporbrautina fyrir lítið verð.

Ef til vill væri það ymislegt fleira, sem jeg þyrfti að taka fram, en mjer gefst ef til vill kostur á því síðar, ef fleiri taka til máls.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls í þessu máli, hugsaði, að þess þyrfti ekki. En jeg get ekki leitt hjá mjer að svara ýmsum atriðum í ræðu hv. flutnm., sem ekki hefur verið svarað enn beinlínis.

Háttv. flutnm. sagði, að frv. horfði til heilla almennings, og færði til þess fjórar ástæður:

1. Að uppskipunarkostnaður yrði minni en nú er.
2. Að ábyrgðargjald lækkaði fyrir vörurnar til Íslands.
3. Að farmgjöld yrðu ódýrari, og
4. Að Reykjavik spöruðust 2 miljónir króna, sem ráðgjört er að höfn muni kosta.

Jeg get ekki talið rjett að benda ekki háttv. deild og væntanlegri nefnd á, við hver rök þessar ástæður hafa að styðjast.

Jeg skal þá fyrst víkja að fyrstu ástæðu háttv. þm., en það er uppskipunarkostnaðurinn. Sá kostnaður er ekki hár hjer í Reykjavík; 12 aurar fyrir hvert stykki, jafnt þó að stykkið sje 300 pund, eða það er 10 pund. En í raun og veru kostar þá, sem skipa upp vörum, að eins 7 aura á hvert stykki upp og ofan að koma vörunum í land. Nú segir háttv. flutnm., að uppskipunarkostnaður muni verða minni, ef höfn væri í Skildinganesi. En hvert yrðu þær fluttar? Ekki í bæinn. Það yrði þá út fyrir bæinn, inn að Rauðará eða fram að Bráðræði. En hvað halda menn, að landflutningur kosti frá þessum stöðum inn í bæinn? Halda menn, að hann muni verða minni en 7 aurar á hvert 200 punda stykki? Og auðvitað verður hann því meiri sem stykkið er stærra. Jeg ímynda mjer, að enginn sje þeirrar skoðunar, að slík uppskipun yrði ódýrari en nú er. Enda þótt fjelagið skipaði vörunni upp í Skildinganesi fyrir ekki neitt, og flytti hana með járnbrautinni til Reykjavíkur einnig ókeypis, þá yrði samt dýrara fyrir Reykjavíkurbúa að fá vöruna að sjer þessa leið, en skipa henni upp hjer.

Þetta rjettlætir því ekki, að einstakur maður eða fjelag eigi að fá lögheimild til að taka lóð lögnámi hjá því opinbera.

Þá er annað atriðið, ábyrgðargjaldið; ekki verður það minna af vörum með skipum, sem fara til Skerjafjarðar en þeim, sem fara til Reykjavíkur, því að, eins og tekið hefur verið fram, er innsiglingin mikið hættuminni í Reykjavik en á Skerjafirði. Hvað, sem komm. Hammer segir um það mál, er öllum mönnum vitanlegt, að

skerjagarður liggur eptir firðinum endilöngum, og sömuleiðis þvert fyrir mynnið á honum, að eins með mjóum sundum.

3. atriðið var farmgjaldið. Háttv. flutningsmaður sagði, að farmgjöld væru hærri til Reykjavíkur en Austfjarða. En hvers vegna er það? Það er af því að þangað er *styttra*, en alls ekki af því, að höfn Reykjavíkur sje eins og hún er. Frá Leith er einum degi skemmra til Seyðisfjarðar en til Reykjavíkur.

4. atriðið var miljónirnar, og er til þess að svara, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ekki enn þá ákveðið að verja neinum miljónum króna til hafnarinnar hjer. Og jeg segi fyrir mig, að jeg mundi vera því mótfallinn. Það er allt annað, og sjálfsagt, að rannsaka kostnaðinn við hafnargjörð, og það hefur verið gjört. En ekkert vit væri að setja margar miljónir í höfn, meðan uppskipun kostar ekki meira en nú tíðkast.

Enn var eitt atriði, sem háttv. flm. lagði áherzlu á. Það var, að komið gæti fyrir, að skip lægju hjer iðjulaus vegna veðurs. En jeg ímynda mjer, að síðan farið var að flytja vörur með skipum, sem fasta ferðaáætlun hafa, hafi það mjög sjaldan komið að baga, því að skip, sem fasta áætlun hafa, ætla sjer nægan tíma. Og það hafa kunnugir menn sagt mjer, bæði skipstjórinn á »Lauru« og fleiri skipstjórar, að hjer um bil aldrei stæði á uppskipun hjer í Reykjavík, skipsmenn hefðu varla við að losa vörurnar í bátana, svo ört bæri þá að. Auðvitað gæti allt af komið einn og einn dagur, sem ekki væri hægt veðurs vegna að sinna uppskipun, en ofdýrt væri að verja mörgum miljónum til þess, að komast hjá þeim smágalla.

Þá hefur og mikið verið gjört úr því, að höfuðstaður landsins hefði ekki góða höfn. En hversu margir bæir eru það ekki í nágrannalöndunum, og það miklu stærri bæir en Reykjavík, sem hafa vondar hafnir og jafnvel verri en Reykjavík hefur. En látum svo vera, að höfn þyrfti að gjöra hjer; það er ekki víst, að hún þyrfti að vera eins dýr og talað hefur verið um; jeg þykist með vissu geta sagt, að hún gæti verið miklu ódýrari.

Jeg get þannig ekki sjeð, að þær ástæður, sem hinn háttv. þm. flutti, sanni, að höfn í Skerjafirði yrði almenningi hjer til heilla, og skal svo ekki að svo komnu fjölyrða meir um þetta mál.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það virðast vera ærið skiptar skoðanir þingmanna í þessu máli. Annar flokkurinn segir, að höfn í Skerjafirði sje lífsskilyrði fyrir Reykjavíkurbæ, en hinn flokkurnn telur það, að byggja þessa höfn, snjallasta ráðið til þess að drepa allan vöxt og viðgang bæjarins. (*Guðmundur Björnsson*: Hvorttveggja er vitlaust). Nú, hvorttveggja er vitlaust, segir háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), sem þó telst til þess flokksins, sem talið hefur, að Reykjavík væri með þessu frumv. sýnt banatilræði. Ef til vill segir hinn flokkurinn hið sama um sína skoðun, hún sje vitlaus líka. Og fyrir mitt leyti skal jeg ekki hafa neitt á móti því, að svo sje um þær báðar.

Mjer vitanlega er háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sá eini maður, sem um mörg ár hefur í alvöru látið sjer um munn fara, að hafnarmál Reykjavíkur væri viðunandi eða *í góðu lagi*. Allir hafa verið á einu máli um það, að höfnin í Reykjavík væri alveg ótæk, ekki að eins fyrir bæinn, heldur og

landið allt. Allir, sem komið hafa á höfnina, vita, hversu örðugt er opt að koma bæði vörum og farþegum í land. Menn komast opt ekki í land fyr en eptir hrakninga, og stundum lífsháska, því að bátarnir, sem flutt er á, eru þar að auki, allflestir, mestu manndrápsfleytur; menn hjer hafa ekki ennþá haft framtakssemi í sjer til þess að koma upp góðum ferjum, og mundi það þó borga sig vel, að minnsta kosti á sumrum. Til þess eru ennfremur dæmi, að menn hafi orðið að liggja 2—3 daga á skipunum, úti á höfninni, áður en fært hafi verið í land. Þetta hafa fjölmargir menn rekið sig á, og það nú á síðari árum. Þetta út af fyrir sig eru stór óþægindi, sem nauðsynlegt er að bæta úr, þegar samgöngurnar við borgina eru orðnar svo miklar.

Það hefur mikið verið gjört úr því, hvað dýrt væri að flytja vörur og fólk á járnbraut frá Skerjafirði í samanburði við það, sem uppskipun kostar nú. En gagnvart þessu má benda á kostnaðinn við uppskipun á bátum, móts við hafskipabryggju, og þá áhættu, sem á vörunum er, þangað til þær eru komnar frá skipinu og á þurt land. Það er stór munur á því hvort skipin leggjast við bryggju, eða liggja úti á illa tryggðri höfn, þar sem búast má við í illviðrum að þær vörur skemmist, sem á bátum eru fluttar. Í illviðrum verða skipin að liggja iðjulaus meðan ófært er, og það meðal annars er ástæða til þess að farmgjöld eru hærri til Reykjavíkur en til annara staða.

Það er enginn vafi á því, að hjer er þörf á bráðri umbót, hvort sem sú bót yrði á ráðin með því, sem nú er farið fram á í þessu frumv., eða með því að gjöra höfn norðan megin. Sem ástæðu móti frumv. hefur verið bent á það, að með því að gjöra höfn í Skerjafirði yrði *bærinn* fyrir 2—3 miljóna skaða. Jeg skal ekki bera á móti því, að lóðir kunni að lækka í verði við hina núverandi opnu höfn; það er ekki ósennilegt, þegar verzlanir eru komnar upp að sunnan, en jeg held þó, að of mikið sje gjört úr þessu verðfalli, því ef ekki er litið til hinna einstöku lóðareigenda, en málið skoðað almennt frá bæjarfjelagsins sjónarmiði, þá er jeg sannfærður um, að bærinn hefur ágóða, en ekki skaða af byggingu hafnar við Skerjafjörð, því lóðirnar við hina nýju höfn mundu hækka um stærri upphæð alls, en verðfallið næmi við hina eldri höfn.

Og færi svo, að sporbraut yrði lögð suður að Skerjafirði, þá mundu lóðir þær, sem bærinn á meðfram þeirri braut, hækka mikið meir en lóðir hjer inn í bænum lækkuðu. Það land, sem bærinn á á þessu svæði er líka miklu betur fallið til kaupstaðarstæðis, en hið óbyggða land hjer inn frá. Jeg hef þá trú á framtíð Reykjavíkur, að hún hjer eptir vaxi hraðari fetum en áður, og jeg get vel ímyndað mjer að eptir fáa tugi ára, verði íbúatala bæjarins orðin 20—30 þús. Það getur engum vafa verið undirorpið, að sú viðbót mundi koma meðfram brautinni og við höfnina, og þá yrði sá hluti bæjarstæðisins engu ódýrari en sú lóð, sem bærinn nú stendur á.

Frá því sjónarmiði, að bæjarlóðirnar lækki í verði þegar á heildina er litið, er þess vegna engin ástæða til að vilja hnekkja þessu frumv. En það er eðlilegt, eins og sakir standa í dag, að Reykvikingar rísi á móti þessari málaleitun; þær lóðir, sem helzt er hætt við að falli í verði, ef höfnin og sporbrautin kemst á, lóðirnar við höfnina, eru nú eign góðra og merkra borgara bæjarins, sem eru miklu ráð-

andi í bænum. Það er því eðlilegt, að hjá bæjarstjórn Reykjavíkur sje mótspyrnan yfirsterkari. En hjer verður að líta á það, að fyrirtækið er ætlað að verði öllum landslýð til gagns í framtíðinni. Hvort sjónarmiðið þar á að meta meir, því sker þingið úr, en ekki bæjarstjórnin.

Því hefur verið hreyft, að eignarnámsákvæðið í þessu frumv. færi í bága við stjórnarskrána, þar sem þar er farið fram á, að heimila einstökum mönnum eignarnámsrjett og að hjer sje því öðru máli að gegna, heldur en ef farið væri fram á að veita landinu eða einhverju sveitarfjelagi þennan eignarnámsrjett. En jeg get engan grundvallarmismun sjeð á því, hvort einstökum mönnum eða landinu sjálfu er veittur þessi rjettur, ef það er víst og áreiðanlegt, að það er nauðsynlegt til almennings heilla, enda get jeg ekki fundið, að stjórnarskráin gjöri nokkurn grundvallarmismun á þessu.

Hitt er ekki nema eðlilegt, að kaupstaðurinn vilji eiga land að þessu hafnarstæði, ef höfnin verður byggð, og væri þá rjettast, að bærinn keypti landið, og annaðhvort byggði höfnina sjálfur, eða gæfi einhverjum öðrum ‚koncession' til þess. Það er og mjög auðvelt að leggja þennan blett með lögum undir bæjarumdæmið, svo að ekki sje hægt að segja, að höfnin yrði í öðru lögsagnarumdæmi. En því getur enginn neitað, að málið snertir bæði Reykjavík og allt landið í heild sinni, og þar eð málið er yfirgripsmikið og athugavert, er nauðsynlegt, að það sje nákvæmlega yfirvegað og vil jeg því leggja til, að í það verði skipuð 3 manna nefnd, þegar umræðunni er lokið.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm, Rvk.): Háttv. flutningsm. spurði, hvaða skaði það væri fyrir Reykjavíkurbæ, þótt dálítill mýrarblettur væri tekinn undir veg. Það er ekki mýrarbletturinn og melar, sem gjörir það, að Reykvíkingar setja sig upp á móti þessari hafnargjörð við Skerjafjörð, heldur er aðalorsökin sú, að bæjarbúar hafa áhuga á því að geta komið upp höfn hjer við bæinn, en ekki í öðru lögsagnarumdæmi. En ef leyft yrði að byggja höfn annarsstaðar, þá yrði afleiðingin af því sú, að nokkuð af þeim skipum, sem til bæjarins sigla nú, flyttust þangað, svo ekki væri tilhugsandi, fyr en bærinn er orðinn mörgum sinnum stærri en hann er nú, að homa upp höfn hjer í Reykjavík. Hafnarbygging hjer í Reykjavík er svo stórt fyrirtæki, sem líklega kostar 2 miljónir kr., að tekjurnar þurfa að vera miklar til þess að geta svarað rentum og afborgun af lánunum, má því ekkert missast af skipum til annara staða frá höfninni hjer. ef nokkur von á að vera til þess, að hafnarkostnaðurinn geti borið sig.

Öll þessi langa ræða háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) fannst mjer vera alveg út í hött. Hann var í langan tíma að segja það til varnar, að lóðir hækkuðu sunnan við bæinn samsvarandi því, sem þær fjellu í norðurbænum, en þetta kemur hafnarmálinu ekkert við. Það er ekki missir og tap á lóðum, sem hjer er um að ræða, heldur það, að þessi hafnarbygging á Skerjafirði hlýtur að gjöra það að verkum, að ekki verður mögulegt að byggja upp höfn hjer í Reykjavík, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Það er því mín tilaga, að þetta frv. verði tekið aptur, eða þá fellt með atkv., svo að því verði frestað þangað til vissa er fengin um hafnarmál Reykjavíkurbæjar, hvað mikill kostnaðurinn verður, og hvort lán fæst til byggingarinnar.

Norski hafnafræðingurinn, sem jeg gat um áðan að hefði gjört lauslega áætlun um kostnaðinn við hafnarbryggju hjer, hefur skrifað mjer, að það væri mögulegt, að höfnin kostaði minna en hann áætlaði í fyrra sumar. Í öðru lagi þarf bærinn að undirbúa lántöku, áður en byrjað er á hafnarbyggingunni, og í þriðja lagi er vafasamt, hvort hægt verður að fá samþykki allra til þess, að koma Skildinganesi inn í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur; en jeg ímynda mjer, að enginn af þingm. vilji styðja hafnarbyggingu fyrir Reykjavík, ef hún er í öðru lögsagnarumdæmi.

Þetta allt þyrfti að athuga, áður en málið er til lykta leitt.

Þegar háttv. þm. eru að tala um, að það sje landsskömm og skaði, að hafa höfnina hjer eins og hún er, þá ættu þeir að finna eitthvert betra ráð til að bæta úr þessu, heldur en að búa til höfn fyrir Reykjavík í öðru lögsagnarumdæmi.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), var mikið að tala um, að bryggjumál, Reykjavíkur væri landsmál. Þegar svo er, þá ætti þingið að styðja hafnarbyggingu hjer í Reykjavík, og sýna það í verkinu, að hafnarmálið sje landsmál með því, að veita fje til byggingarinnar til helminga eða $^1/_3$ á móti Reykjavíkurbæ; þá sýndi þingið, að það vildi nokkuð vinna til að afnema þessa landssmán, enda mundi landið allt hafa gagn af góðri bryggju í Reykjavík.

Verði mál þetta nú ekki tekið aptur, heldur haldið lengra, þá þykir mjer það satt að segja nokkuð mikið sjálfsálit hjá háttv. flutningsmönnum ef þeir halda, að þeir hafi betur vit á því, hvað bænum er fyrir beztu í þessu efni, heldur en bæjarstjórnin öll, og flestir hugsandi menn í bænum. —

Árni Jónsson, (þm. N.-Þing.): Fyrst háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.), er að endurtaka hvað eptir annað ámæli til okkar flm. frumv. fyrir að hafa komið með það, þá skal jeg leyfa mjer að benda honum á það, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) talaði hjer í deildinni um hæjarstjórnina í Reykjavík og aðgjörðir hennar, þegar hann flutti frumvarpið um »lögregluaðstoðarmannssýslanina«. Jeg vil skjóta því til háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.), að h. þm. Snæf. sagði, að hjer hefði ekkert verið gjört í bænum í mörg ár, og það, sem gjört væri, væri sem ógjört; hann tilnefndi og, að bærinn væri hafnarlaus, opt lífshætta að komast í land og kostaði þar að auki stórfje. Kvaðst sjálfur hafa borgað 10 kr. fyrir það. En öllum aðdróttunum í okkar garð, flutningsmannanna, um, að við fylgjum máli þessu fram af eigingjörnum tilgangi, vil jeg vísa á bug. Það má vel vera að það geti kallast »fávizka eða skynsemisskortur«; þesskonar orðum má allt af slá fram, en til þess þau væru rjettmæt, þá þarf að bera fram sterkari og viturlegri rök, en hingað til hefur verið gjört.

Jeg hef um langan tíma álitið, að af öllu því sem Reykjavík þarfnaðist, lægi henni ekki meir á neinu, en *góðu vatni og góðri höfn;* þetta tvennt eru að minni ætlun lífsskilyrði bæjarins.

Fyrst jeg stóð upp á annað borð, þá skal jeg segja háttv. þdm. frá því, að hjer um daginn kom Englendingur til mín á götu hjer í bænum. Maður þessi var verkfræðingur. Hann telur upp fyrir mjer hitt og þetta, sem honum fannst ábótavant við Reykjavík, og þar kom að hann sagði, að okkur

vantaði *höfn*, og væri þó hægt að gjöra hana. Hann fór síðan með mjer meðfram læknum, og sýndi mjer hvernig hann vildi láta grafa hann upp og breikka til beggja hliða, og gjöra skipgengan skurð inn í *Tjörnina*. Þar væri *höfnin* fengin. Hann sagði meðal annars: »Hjer vitið þið hvað verið er að gjöra, og það þarf ekki að kosta stórfje. En þó að þið leggið 6—8 miljónir í hafnargjörð út við hafið, þá er engin vissa fengin fyrir því, að brim og stórsjóar geti ekki brotið það niður, eða raskað því og rótað«.

Jeg er alls ekki að ámæla Reykvíkingum; það er vitanlegt, að hafnarbygging er stórfyrirtæki og kostar mikið fje og fyrirhöfn. En samt sem áður verður að halda því föstu, að höfn sje nauðsynleg hjer.

Og nú þegar verið er að ráðgjöra, að leggja járnbraut austur um sýslur, til að samtengja blómlegustu hjeruð landsins við Reykjavík, þá held jeg að það fari ekki að verða vanþörf á höfn í Reykjavík.

Það er einmitt þessi nauðsyn, sem okkur flutnm. finnst svo brýn og bersýnileg; það er einmitt hún, sem hefur komið okkur til þess að flytja þetta frv. Leggjum við það svo undir atkv. deildarinnar, og ræður hún þessu máli auðvitað til lykta eins og henni þykir bezt henta.

ATKV.GR.:

Málinu var vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Stungið var upp á 3 manna nefnd í málinu, og var sú uppástunga samþ. með 17 atkv.

Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þm., og voru þá kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Guðmundur Björnsson,
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.,
Jón Jónsson.

Í nefndinni var Jón Jónsson kosinn formaður og Stefán Stefánsson skrifari og framsögumaður.

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. september, kom frumv. (A. 145, 484) til 2. umr.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (1. þm. Skagf.): Eins og sjá má af nefndarálitinu, þá hefur nefndin, sem kosin var til að íhuga þetta mál, eigi getað orðið sammála. Meiri hlutinn leggur það til, að frumv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, en minni hlutinn leggur eindregið á móti frumv. Jeg skal koma að nefndarálitinu seinna í ræðu minni.

Út af því, sem haft var á móti þessu frumv. við 1. umr., þá þarf jeg ekki miklu að bæta við það, er jeg sagði þá, því að röksemdirnar gegn frumv. voru svo fáar og veigalitlar, að ekki þarf að mótmæla þeim frekar, en gjört var þá.

Eina mótbáran, sem nokkur veigur var í, var sú, að landið, sem liggur að þessari fyrirhuguðu höfn, liggur ekki í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þessa mótbáru tók meiri hluti nefndarinnar til greina, en hún hverfur líka, ef að háttv. deild fellst á tillögu meiri hlutans um það, að þetta land verði lagt undir Reykjavík. Nú sem stendur er allt þetta land óræktað og óbyggt, og jeg get því ekki skilið, að sýslufjelagið hafi neitt á móti því, að láta það af hendi, þar sem engum er skaði að því. Svo stendur líka á, að land Reykjavíkur liggur að þessu svæði á tvo vegu, að austan og norðan. Skildinganessland er að eins fleygur, sem gengur inn í bæjarlandið. Það væri því lang-eðlilegast, að það væri allt lagt undir Reykjavík, enda hefur

líka, að því er jeg veit bezt, komið tilboð um að leggja það undir Reykjavík, gegn ákveðnu gjaldi. Landið liggur, sem sagt, laust fyrir, svo að þessi mótbára getur ekki verið því til fyrirstöðu, að þingið samþykki frumv.

Önnur mótbáran er sú, að Reykjavík eigi þetta ekki. En hverjum er það að kenna? Bænum stendur það til boða. Hann getur gengið að þessum kaupum og tekið að sjer rjettindi og skyldur fjelagsins »Höfn«, tekið að sjer fyrirtækið að öllu leyti. Ef að þarna kemst upp höfn, svo að landið byggist og lóðir stíga í verði, þá getur Reykjavík haft allan haginn af því, ef hún vill, Vilji hún það ekki, þá eru það sjálfskaparvíti. Jeg hef síðast í dag átt tal við forsprakka þessa fjelags og lýstu þeir yfir því, að þeir stæðu við öll þau tilboð, sem þeir hafa gjört áður; jeg hef hjer líka í höndum brjef, sem að sannar þetta. Mjer finnst að Reykjavík ætti að vera farin að hrekkjast á því, að hafna kaupum á landi í nánd við bæinn, jeg þarf ekki annað, en minna á Elliðaárnar, sem fyrst var hafnað kaupum á, og síðan keyptar fyrir afar verð. Líkt gæti farið með þetta. Ef bærinn ætti þetta land, þá yrði auðvitað stofnunarkostnaður fyrirtækisins miklu minni. Hann á þegar mest allt það land, sem brautin mundi liggja um og svæði undir brautarstöðvar hjer í Reykjavík, svo að það yrði honum óliku ódýrara, að koma þessu í verk, en einstökum mönnum. Hækkun lóðanna á því svæði, sem mest nyti fyrirtækisins, mundi líka fljótt verða svo mikil, að hún borgaði allan stofnunarkostnaðinn, og þá gætu tekjurnar gengið til þess fyrst og fremst, að bæta höfnina og halda henni við, og svo afgangurinn til þess, að koma upp annari höfn fyrir norðan bæinn. Ef bóndi ætti illt tún, sem örðugt væri að bæta, en nóg af öðru landi, sem lítið þyrfti að gjöra við til þess, að það yrði gott engi, þá væri það óhyggilegt, að leggja allan kostnaðinn í túnið. Hann mundi láta túnið bíða þangað til engið væri búið að borga sig svo vel, að hann gæti notað arð þess til túnbótanna. Eins ætti Reykjavík að fara að í þessu. Þá ætti hún þessa höfn, þangað til henni vex svo fiskur um hrygg, að hún getur komið sjer upp höfn að norðanverðu líka. Þá gæti verið þægilegt, að geta notað þær báðar jöfnum höndum eptir hentugleikum. Mjer dylst ekki, að þetta væri viturlegast, en bæjarstjórnin vill þetta ekki. — Sje fyrirtækið arðvænlegt í sjálfu sjer, en líkindi til, að það að einhverju leyti kæmi í bága við hagsmuni bæjarins, ef að það væri í höndum einstakra manna eða fjelaga, *þá á bærinn.* að taka það að sjer. Sje það aptur á móti óarðvænlegt og illa og óviturlega til þess stofnað vegna óhentugra staðhátta eins og minni hlutinn gefur í skyn, hver hætta getur þá bænum stafað af því, að lofa mönnum að leggja fje í það; hættan er þá sú ein, að fyrirtækið eða fjelagið fer á höfuðið, en hafnarvirki og braut verða eptir, og hlyti það að geta orðið bænum mikill hagnaður.

Minni hlutinn gengur inn á, að talsvert ódýrari verði höfnin í Skerjafirði en í Reykjavík; hann hefði att að segja *margfalt*, því að 2 miljónir er talið að höfn muni kosta í Reykjavík, en $^1/_2$ miljón í Skerjafirði, þar með talin sporbraut og önnur mannvirki meðfram höfninni.

Mótbárur minni hlutans eru fjórar:

1) Að innsiglingin á Skerjafjörð sje

verri en að norðan. En hún er ekki svo slæm, að ekki megi vel bæta hana svo, að við megi una. Um það liggja fyrir vottorð frá mönnum, sem eru miklu meiri sjómenn en háttv. minni hluti; þau sýna, að innsiglingin er mjög góð. Það er farið eptir beinni línu, eptir merkjum báðum megin við línuna, eins og hver sjer, sem lítur á kortið. Leiðin er svo djúp, að stórskipum er fært alveg inn að bryggju. Því víkur svo undarlega við, að í Skerjafirði er eins góð höfn frá náttúrunnar hendi, og í Reykjavík, eptir að kostað hefur verið til hennar 2 miljónum kr.

2) Minni hlutinn segir, að ísalög sjeu meiri á Skerjafirði. Það er ekki af því, að Skerjafjörður sje seltuminni, heldur af því, að hann er kyrrari. En í stillum mætti þá nota höfn í Reykjavík, ef fjörðinn leggur, og í roki aptur á móti Skerjafjörð.

3) Minni hlutinn segir, að vegalengdin sje svo mikil, að flutningur og uppskipun geti aldrei borgað sig. Það skal jeg ekki um segja, enda er það út í bláinn sagt, sem sagt yrði um það frá báðum hliðum. En ef svo færi, mundi fyrirtækið ekki borga sig. Það er auðsætt, að fjelagið má ekki setja uppskipunar- og flutningsgjald fyrir vörur hingað til Reykjavíkur hærra, en uppskipunargjald er hjer í Reykjavík. Annars getur höfnin suður frá ekki keppt við höfnina hjer að norðan.

Opt er um það talað, að hjer sje stundum fátt um fólk, en fólksekla getur þar ekki komið fyrir, þar sem vagnarnir eru hlaðnir við bryggjuna og ekki þarf margt fólk við þá. Kostnaðurinn mundi því að þessu leyti verða minni þar en hjer. Þar við bætist, að höfnin hjer yrði svo dýr, að leggja yrði hátt gjald á vörurnar, til þess að höfnin gæti borið sig, en í Skerjafirði hlytu, eða gætu að minnsta kosti, hafnargjöldin orðið miklu lægri, þar sem stofnkostnaðurinn er svo miklu minni. Þetta hlyti aptur að hafa áhrif á uppskipunar- eða bryggjugjöldin, sem hlytu af þessum ástæðum að verða miklu lægri en hjer við norðurhöfnina.

4. mótbáran er sú, að höfn hjer verði arðmeiri og notadrýgri. Þessari mótbáru er þegar svarað að nokkru leyti, og læt jeg það nægja.

Það er auðsætt, að hafnargjörð hjer dregst um langan tíma, á meðan má bjargast við Skerjafjarðarhöfnina eina. Reykjavík hefur nú stór fyrirtæki með höndum. 800,000 kr. lán hefur bærinn farið fram á, að landssjóður gengi í ábyrgð fyrir. Jeg fyrir mitt leyti var því samþykkur í fjárlaganefndinni, ef bankarnir hjer gætu ekki lánað fjeð.

Þegar höfn er komin í Skerjafirði, verður Reykjavík að því stór hagur. Þá aukast skipaferðir. Þar verða kolatimbur- og líklega steinolíu-birgðir. Hjer er örðugt með þess konar verzlun, af því að ekki eru til svæði til að geyma slíkar birgðir. Það er hörmung að sjá, hvernig hrúgað er hjer kolum upp að húsunum í Hafnarstræti, furða að slíkt skuli leyft. Auk þess verður fiskverkun að flytjast hjeðan, hjer er ekkert pláss til þeirra hluta. Raunar má sjá á blettum húsa í milli vestur í bæ fiskreiti, en það má nærri geta, að fiskur getur ekki orðið eins góður þar og skyldi, sökum ryks af götunum. En við Skerjafjörð er nóg pláss, og þegar landið er komið inn í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, fær bærinn miklar tekjur af þessu.

Þess var getið um daginn, að lóðir

mundu lækka í verði við Hafnarstræti. En mjer þætti gaman, ef einhver vildi sýna mjer fram á það með rökum, að lóðir þessar hlytu að lækka fyrir það, að kaupmenn, sem þar búa, fengju vörur sínar frá Skerjafirði með járnbraut, fyrir jafn hátt eða lægra verð en þeir fá þær inn með bátum utan af höfninni hjer. Verði kostnaðurinn jafn, ættu lóðirnar að standa í stað, verði hann minni, ættu lóðirnar að stíga bæði þar og annarsstaðar í bænum.

Loks skal jeg taka það fram, að margir vitrir menn, þar á meðal Krabbe »ingeniör«, telja höfn heppilegri í Skerjafirði og arðvænlegri. Það er þessi Smith, sem fyrst hefur komið upp með þetta um lækkun lóðanna, maður, sem að eins hefur litið á höfnina hjer. En nú vil jeg spyrja: Eru það Íslendingar, sem lóðir eiga í Hafnarstræti? Það er svo langt frá því. Enskt miljónafjelag á þar stóra lóð, auk að minnsta kosti tveggja danskra stórverzlana, sem eiga miklar lóðir báðumegin strætisins og sjálfsagt fleiri.

Nei, Reykjavík getur með engu móti haft óhag af þessari hafnargjörð, heldur hlýtur hún að hafa stór hag af því, hvernig sem á málið er litið. Hagur hennar og alls landsins fer hjer saman, og því viljum vjer styðja að því, að frumv. fái fram að ganga, og fyrirtæki þetta komist í framkvæmd. Vjer getum með engu móti unað því lengur, að eiga hafnarlausan höfuðstað. Með höfn í Skerjafirði er með litlum kostnaði bætt úr hinu meinlega hafnarleysi höfuðstaðarins í bráð, engum til óhags, en til stór hagsmuna fyrir þennan bæ og landið í heild sinni.

Loks skal jeg geta þess, að oss fim. hefur verið borið það á brýn af stöku mönnum, að við værum með þessum tillögum vorum að koma Skerjafirði og væntanlegri höfn þar í hendur útlendum auðkýfingum, er svo væri í lófa lagið að þröngva kosti höfuðstaðarins.

Þó jeg áliti slík brígzl og fjarmæli tæplega svaraverð, þá skal jeg geta þess, að til er ætlazt, að $^3/_4$ hlutar fjárins sje innlend eign, stjórn íslenzk og lögheimili fjelagsins hjer. Af þessu sjest, að fyrirtækið er alíslenzkt, þó fjeð sje tekið að láni hjá útlendingum af því það fæst ekki hjer. Höfnin og brautin verða íslenzk eign, og tæplega verða þær hjeðan fluttar. Hvaðan ætli Reykjavík fái lán til hafnarinnar hjer að norðan? Auðvitað frá útlöndum, og mun þó eigi verða talið svo, að hún með því hafi selt sig í hendur útlendra auðkýfinga. Reykjavík gæti líka vel ef hún vildi, eins og áður hefur verið bent á, komið í veg fyrir, að fjelagið tæki beint lán í útlöndum með því annaðhvort að útvega því lánið, eða taka sjálf að sjer fyrirtækið. En hún vill hvorugt, eða þeir menn, sem hjer ráða mestu.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk.): Háttv. framsm. fann ástæðu til þess í lok ræðu sinnar, að tala um, af hvaða hvötum hann hefði flutt málið, eða rjettara sagt, af hvaða hvötum hann hefði *ekki* flutt það. Hann komst aldrei svo langt að segja, af hvaða hvötum hann *hefði* flutt það.

Jeg skal ekki eyða orðum að því, hann veit það bezt sjálfur, og þess væni jeg hann ekki, að honum sjeu óhreinar hvatir sjálfráðar. En þar sem hann talaði um, að Reykvikingar væru sjer þakklátir, þá munu þeir vera fáir, líklega álíka margir og fylgismenn eins þingmannsefnis, sem bauð sig hjer fyrir nokkrum árum og fjekk fimm atkv.

Þetta var nú endirinn, en hann byrj-

aði með því, að segja, að það væri að eins ein mótbára gegn höfn í Skerjafirði, sem takandi væri til greina, sú, að Skerjafjörður væri ekki í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Undarlegt var, að hinn háttv. þm. skyldi þá þurfa að halda aðra eins dómadags prjedikun úr því að þetta var í *hans* augum *eina* mótbáran. En það var líka eitt einkennilegt í orðum hans um þessa »einu mótbáru«. Hann kvaðst tæplega búast við, að Seltjarnarneshreppur mundi hafa nokkuð í móti því, að sleppa þessari spildu, og gaf þar með í skyn, að *ef* svo væri, þá mundi hann ekki leggja til, að spildan yrði sett í lögsagnarumdæmi bæjarins að hreppnum nauðugum. Með öðrum orðum, honum þykir ekki hlýða að taka lítinn skika af óræktuðu landi undan yfirráðum eins *hrepps*, ef hreppnum er það nauðugt, en hann vill leyfa hálfútlendu gróðafjelagi að taka *lögnámi* eignir *höfuðstaðarins*, hvað sem bæjarbúar segja. Er þetta ekki einkennilegt, er þetta ekki einkennileg þingmennska?

Það var líka annað einkennilegt í ræðu hins háttv. þm., sem jeg neyðist til að benda á. Hann sagði, að það væri Reykjavík sjálfri að kenna, ef þetta yrði henni til skaða, þar sem henni stæði til boða, að kaupa fyrirtækið. Rjett er nú það. En Reykjavík sjer sjer ekki hagnað í kaupunum. Bæjarbúar mundu telja það *óhappa*-kaup. Það hafa þeir sagt — það hefur bæjarstjórnin sagt. Hún hefur neitað að kaupa og orð hins háttv. þm. eru því rjett skilin svo, sem hann segi við höfuðstaðinn: »Peningana, eða lífið; annaðhvort verður þú að lofa fjelaginu »Höfn« að leggja sporbraut um bæinn hvert sem það vill, eða þá að þú verður að kaupa landið af eigendum Skildinganess fyrir hvað sem þeir setja upp«.

En jeg skal fara fjótt yfir sögu; mótbárur mínar standa flestar í nefndarálitinu og standa óhaggaðar. Það hefur ekki verið hrakið, að innsiglingin á Skerjafjörð er miklu verri en hjer. Og hvert mannsbarn veit það, þó aldrei hafi á sjó komið, að það er helzta lífsskilyrðið fyrir höfn, að innsiglingin sje góð. Háttv. flutningsm. segir, að hún batni. Ætlar hann þá að sópa burt skerjunum? Eða víkka smugurnar á milli þeirra? Jeg hef fengið áreiðanlega vissu fyrir því, að þegar stormur gangi á vestan, þá er albrima á Skerjafirði og ómögulegt fyrir gufuskip, hvað þá heldur seglskip, að komast þar inn, og þar við bætist, að ekkert skip mundi voga sjer þar inn í dimmviðri, svo er leiðin þröng og óhrein. Háttv. flutningsmaður játaði líka, að ísalög væru meiri á Skerjafirði, — þegar stillur gengju á vetrum, og sagði, að þá gætu skipin farið inn gömlu höfn. Öldungis rjett: í frostum og stillum verða skip að leita inn á gömlu höfn vegna ísalaga á Skerjafirði, og í stormum verða þau líka að fara gömlu leiðina vegna brimróts á Skerjafirði utanverðum. Að segja Reykvíkingum, að þeir eigi jafnan að sigla skipum sínum inn Skerjafjörð, það er rjett þvílikt, sem þingmönnum væri sagt, að þeir ættu jafnan að smjúga inn um bakdyrnar á þinghúsinu.

Þá er að minnast á kostnaðinn. Það er rjett, að höfnin á Skerjafirði *á að* kosta ½ miljón. En höfnin hjer á *ekki* að kosta nærri 2 miljónir; það vantar mikið á, eins og jeg hef sýnt í nefndarálitinu. Hæstv. flutningsm. sagði, að Reykjavík mundi ekki hafa efni á að gjöra höfn (*Stefán Stefánsson*:

Það sagði jeg aldrei). Ekki fyrst um sinn, sagði hann; en það *getur* enginn sagt, fyr en það er fullrannsakað, hvað höfnin mundi kosta; og nú er einmitt sem óðast verið að rannsaka það. Og áreiðanlega mætti líka komast af fyrst um sinn, þó að höfnin væri ekki gjörð öll í einu; einmitt þess vegna er bæjarbúum nú orðið ljóst, að þeim muni ekki verða fyrirtækið ofvaxið.

Háttv. flutningsmaður minntist á, að höfn við Skerjafjörð mundi raska verðmæti eigna hjer i bænum. Og það var eins og hann gleddist yfir því, að eignirnar við Hafnarstræti mundu verða fyrir mestum halla; það væri rjett handa þeim, þessum útlendingum, sem þar ættu flest húsin og væru að seilast í verzlun hjer á landi. En þetta er ekki annað en þvaður — jeg kalla það þvaður — svo mikil vitleysa, að það tekur naumast tali að svara því. Jeg veit, að háttv. þm. er heiðarlegur maður og segir ekkert móti betri vitund, en þess vegna er það líka ljóst, að hjer hefur hann enga vitund að styðjast við, bersýnilegt, að hann er allsendis ófróður um hagi höfuðstaðarins, jafnófróður um Reykjavík og Skerjafjörð.

Verðlækkunin mundi sem sje alls ekki koma eingöngu niður á lóðum í Hafnarstræti, heldur á flestum eða öllum lóðum í bænum. Hún mundi yfirleitt koma jafnt niður á ríkum og fátækum. Húseignir í Reykjavík eru að verðmæti helmingur af húseignum landsins; að raska *vísvitandi* verðmæti svo mikilla eigna, það er fyrst og fremst óbærilegt ranglæti; það er einnig bersýnilegur háski fyrir banka landsins og þá líka fyrir landið í heild sinni.

Jeg nenni ekki að vera að eltast við þessa smásmuglegu útúrdúra háttv. flutningsmanns um kol, steinolíu og timbur, eða hvað það nú var; því var hann líka að nefna þetta? Það er þó auðsætt, að kaupmenn hjer hefðu að undanförnu vel getað sett upp timbur og kol í Skerjafirði, ef þeir hefðu viljað, og selt það þaðan, að minnsta kosti það, sem ekki átti að selja hingað í bæinn. En það hefur enginn kaupmaður gjört, auðvitað af því, að enginn hefur sjeð sjer hag í því, enginn viljað nýta Skerjafjörð.

Sannleikurinn er sá, að eigi Reykjavík að gjöra sjer höfn utan bæjar, þá er sjálfsagt að hafa hana á Kleppi, en ekki á Skerjafirði.

Jeg skal svo ekki tala frekar um einstök atriði málsins. En jeg verð að fara nokkrum orðum um það í heild sinni. Hingað til hefur það verið viðurkennt og talið hollast af hálfu þingsins, að sýslufjelög og hreppsfjelög hafi sem mesta sjálfsstjórn, og ráði hvert sínum málum. Skyldi þá ekki höfuðstaður landsins eiga tilkall til sama rjettar? Á jeg að trúa því, að alþingi fari að svipta höfuðstað landsins því sjálfstjórnarfrelsi, sem að miklu fámennari sýslufjelögum er veitt, og enda smá-hreppum. Hjer er blátt áfram um það að ræða, hvort meira eigi að meta Skildinganes eða Reykjavíkurbæ, hvort eigi að meta meira óskir þessa hálf-útlenda gróðafjelags og eigenda Skildinganess eða óskir bæjarstjórnarinnar í Reykjavík og meginþorra bæjarbúa.

Jeg kvíði ekki úrslitunum; jeg trúi á rjettsýni háttv. deildar, og er þess fullviss, að hún muni gjöra rjett upp í milli þessara tveggja ólíku málsaðila.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (þm. Skagf.): Það fór fyrir háttv. þm. — jeg ætti nú reyndar að segja hæstv., því hann kallaði mig hæstv. í hverju

orði — það fór fyrir honum eins og fleirum, að þar sem hann vantaði röksemdirnar, tók hann til stóryrðanna í staðinn. En til þess að heyra lík orð og hann við hafði, þá þarf maður ekki að koma hjer inn í þingsalinn, þau getur maður heyrt hjá götudrengjunum.

Mjer er þetta engan veginn neitt kappsmál, jeg hef engan persónulegan hag af því, en sem Íslendingi sárnar mjer það, að ekki skuli mega vegna þvergirðings nokkurra manna koma upp höfn hjerna rjett við höfuðstaðinn úr því það er hægt. Hann sagði, að það væri hart, að neyða Reykjavík til þess að kaupa; en það er enginn að tala um, að neyða Reykjavík til neins, heldur að eins að fá leyfi til þess, að einstakir menn gjöri mannvirki hjer í grennd við bæinn, fyrir sitt eigið fje. Hjer er ekkert annað sótt um en leyfi, og jeg hef sýnt fram á það, að svo framarlega, sem höfn á Skerjafirði ber sig, þá verður hún til stór-hagnaðar fyrir bæinn. Jeg sýndi fram á, að ef það yrði ódýrara, að skipa vörum upp við Skerjafjörð og aka þeim til bæjarins, heldur en að skipa þeim upp hjeðan af höfninni, þá mundu lóðirnar hækka í verði en ekki lækka; hann kallaði þetta mas, en jeg vona, að aðrir skilji það, þó háttv. þingm. Rvk. vilji ekki skilja það.

Kostnaðar samanburðurinn sagði hann að væri rangur — vitlaus náttúrlega — en ætli að það liggi fyrir áætlun um það, hve mikið það kostar að fylla upp fjöruna hjerna? Mjer varð gengið hjerna út á »Batteri« í morgun, og þegar jeg leit út yfir fjöruna, þá varð mjer það ljóst, að það mundi kosta skilding; jeg þekki nefnilega dálítið til, hvað slíkt kostar, og það þó á stað, þar sem margfalt hægra er að gjöra það en hjer, nefnilega á Akureyri. En þó að það kæmi verð fyrir þetta, þá kemur líka verð fyrir lóðirnar suður frá, eins og jeg sagði, ef höfn kemur á Skerjafirði, og það svo um munar; allur minn samanburður var hárrjettur eins og allir þeir sjá, sem líta á málið öðru vísi en háttv. þm. Rvk. — nefnilega sanngjarnlega og skynsamlega.

Háttv. þingm. sagði, að það mætti una við höfnina hjerna *(Guðmundur Björnsson*: Það sagði jeg aldrei!) Jú jeg skrifaði það hjerna, það voru hans óbreytt orð. En *við* viljum ekki una við hana, og við erum margir, sem ekki viljum það. Vörurnar koma skemmdar í land, þegar þær loksins koma, og kostnaður við þær er afarmikill.

Það er líka mikið af vörum, sem ekki þarf að skipa í land, að eins að flytja milli skipa; ætli að það væri ekki hægra á höfn þar sem alltaf er kyr sjór? Og hver skyldi borga það, þegar skipin liggja hjer dögunum saman, og ekki er hægt að afgreiða þau? Hver annar en Reykjavík? *(Björn Kristjánsson*: Jeg færðiástæður fyrir því, sem jeg sagði). Einhver verður að borga kostnaðinn; það sýnist mjer vera einfalt mál. Ábyrgðargjald á skipum, sem fara eiga til illra hafna, og eiga á hættu að slitna þar upp og reka í land, hlýtur og að vera hærra en ef um tryggar hafnir er að ræða. Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að mótbárur þeirra, sem á móti hafa talað, sjeu ekki á rökum byggðar.

Loks endaði hv. þm. Rvk. á »hinni almennu hlið málsin«, nefnilega á því, að Reykjavík ætti að ráða sjer sjálf. Það er alveg rjett, en það er heldur í engu þröngvað hennar kosti. Það er bara æskt heimildar laganna til þess að gjöra höfn við Reykjavík.

Og Reykjavík getur meira að segja samið um að gjöra það sjálf. Því var líka slegið fram um daginn, náttúrlega órökstuddu eins og allt af, — að það væri óhæfa að leyfa »privatfjelagi« lóðalögnám. Jeg veit ekki betur, en það sje gjört allstaðar í heiminum, að gefa fjelögum slíkar heimildir, þegar um járnbrautarlagningar er að ræða, og hjer á borðinu hef jeg skýrslur um slík fyrirtæki í Danmörku. Fleira gat jeg ekki handfest í ræðu hins háttv. þm. Rvk.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Þegar jeg las nefndarálit meiri hlutans í þessu máli, datt mjer í hug máltækið: »Miklir menn erum við Hrólfur minn«. Hjer koma tveir menn norðan af landi, og fara að vasast í því, að búa til höfn fyrir Reykjavík, og með því álíta sig hafa meira vit og kunnugleik á framfaramálum bæjarins, en bæjarstjórn og borgarar bæjarins. Mjer sýnist háttv. flutnm. hafi of mikið oftraust á sjálfum sjer; þeir segja reyndar, að nokkrir bæjarmenn sjeu þessu fylgjandi, og vil jeg ekki rengja það. En eiga þá þeir fáu menn að ráða móti þeim mikla fjölda manna, sem ekki vilja, að höfn sje gjörð í Skerjafirði, og óska helzt að hún komist aldrei þangað?

Framsm. kannaðist við, að eina ástæðan á móti þessu væri sú, að Skerjafjörður væri ekki í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. En hann vill ekki taka til greina, eða telja sem ástæðu, þó bæjarstjórnin færi margar aðrar ástæður fyrir því, að bryggja og skipalega í Skerjafirði sje bæjarfjelagi Reykjavíkur til skaða.

Háttv. flutningsm. taldi það sem meðmæli með frumv., að bærinn ætti kost á að fá þessi rjettindi. En með því að bærinn vill ekki sæta því boði, sýnir hann, að hann álítur fyrirtækið ekki gott nje gróðavænlegt fyrir sig, svo að þessi meðmæli verða miklu fremur mótmæli gegn nauðsyn þessa fyrirtækis. Hann sagði, að það væri ekki verið að neyða þessu upp á Reykjavík, en er það ekki nauðungarverk, þegar á að taka með lögum land af mönnum, sem þeim er mjög sárt um að láta af hendi? En þetta er einmitt það, sem hjer er verið að fara fram á, eins og sjest af 2. gr. frumv., sem jeg með leyfi hæstv. forseta ætla að leyfa mjer að lesa upp. Hún er þannig:

»Sjerhver sá sem hefur eignarrjett eða önnur rjettindi yfir landi því, sem sporbrautin verður lögð um, skal vera skyldugur til þess, að láta af hendi við nefnt fjelag, gegn fullu endurgjaldi, svo mikið af rjettindum eða eign, sem nauðsynlegt er til sporbrautarinnar og brautarstöðva við hana«.

Framsm. talaði um ódýrt land á melunum. En jeg álít, að ef leggja ætti sporbraut þessa, þá ætti hún að ná frá bryggjusporðinum við Skerjafjörð og alla leið að pakkhúsum kaupmanna hjer í bænum, sem flest standa niður við sjó og hlýtur þá brautin að liggja eptir götum bæjarins, en það land efast jeg um að verði svo ódýrt, sem hann hyggur. Fyrir utan landnámið, sem hjer er farið fram á, virðist það vera nokkuð hart, ef þingið leiðir það í lög, að bæjarstjórnin verði að þola einstökum mönnum, að þeir megi rífa upp götur bæjarins þverar og endilangar, eins og þeim þóknast til þess að koma járnbraut sinni áfram. Jeg held að það liggi meira í greininni þegar betur er að gætt, heldur en háttv. flutningsm. vildi kannast við.

Eitt með fleiru var eptirtektavert við ræðu háttv. flutningsm., og það var hve opt hann sagði »ef«. »*Ef*« t. d. flutningsgjaldið yrði lægra frá Skerja-

firði en uppskipunargjaldið frá bryggjunum hjer í Reykjavík, og ef ábyrgðargjaldið á vörum og skipum yrði lægra til Skerjafjarðar en til Reykjavíkur o. s. frv. En á þá að hindra mikilsvarðandi framfaririr þessa bæjar fyrir tóm »*ef*«? Hjer var ekki færð gild sönnun fyrir neinu, heldur settur fram tómur hugarburður.

Jeg hef hjer við hendina gott kort af Skerjafirði frá sjókorta»arkivinu« í Kaupmannahöfn. Ef háttv. flutningsm. vilja líta á það, þá geta þeir sjeð, hvernig innsiglingin er þar. (*Stefán Stefánsson*, Skgf.: Þarf ekki, hef annað betra): Svo hef jeg fyrir mjer ummæli skipstjóra eins, sem hefur siglt þar um í 3 ár með fiskfarma, og hafnsögumannsins hjer í bænum, og lætur hvorugur þeirra vel yfir innsiglingunni á Skerjafirði.

Háttv. flutningsm. sagði, að ef þetta fyrirtæki legðist niður, þá hefði bærinn engan skaða af því. En jeg neita því. Hann hefur þannig skaða af því, að meðan þetta er á döfinni, þá tefur það fyrir því, að höfn komist upp hjer að norðan; en það mál er nú komið á svo góðan rekspöl, að vel mætti fara að byrja á því, ef annað væri ekki gjört til þess að hindra það. Ef svo færi, að farið væri að bauka við að gjöra þessa höfn í Skerjafirði næstu 2 eða 3 árin, og önnur 3 ár gengju til þess að sanna, að innsigling á Skerjafjörð væri illfær, eins og flestir spá, þá væri búið að tefja fyrir hafnargjörð hjer í Reykjavík 5—6 ár. Skipstjórinn, sem jeg talaði um áðan, sagði, að innsiglingarleiðin væri mjó renna milli skerja, svo að til þess að sigla þar inn þyrfti að vera albjart, svo að menn gætu miðað við viss merki í fjöllum. Jeg get nú búizt við, að flutnm. svari mjer því, að þeir ætlist til þess, að bætt verði úr þessu með vitum og öðrum ljósmerkjum úti á skerjunum. En hvernig ætti að fara að því, að kveykja á þeim á hverju kvöldi, þegar hafrót er og öllum mönnum ófært að koma nálægt skerjunum? Að kunnugra manna áliti yrði það opt alveg ómögulegt vegna stórsjóa og veðurs.

En þótt þessi fyrirhugaða bryggja og innsigling yrði nú ýmsum annmörkum bundin, þá get jeg ímyndað mjer, að þangað mundi þó koma nokkur smáskip, meðan nýja brumið væri, og það yrði til þess að draga frá höfn bæjarins, svo að af ótta fyrir því yrði síður lagt út í það, að bæta hana.

Hjer á Reykjavíkurhöfn er aldrei verulegt brim við bryggjurnar með fjöru, þá tekur Grandinn mestan sjó af. Það er því mín skoðun og margra annara, að bæta megi höfnina stórum með því einu, að hlaða ofan á Grandann. Og víst er um það, að engum datt í hug fyrir 200 árum, að fara með skip sín inn á Skerjafjörð, þá var verzlun í Örfyrisey, og Grandinn svo hár, að hann var með flóði ofan sjávar; þá var höfnin hjer ágæt. Þessu vildum við nú ná aptur með því, að hlaða nálægt fjögra álna háan garð ofan á Grandann, og síðan byggja bólverk framan við verzlunarhúsin svo langt fram í sjó, að skip geti lagzt upp að, og jafnframt að dýpka höfnina. Það sagði háttv. flutningsm. að mundi verða dýrt, en ef farið verður að gjöra við höfnina á annað borð, þá gengur það, sem mokast upp úr höfninni, til uppfyllingar í nefnt bólverk, og verður þannig að fullum notum. Þessa framtíðarhugsjón vilja nú háttv. flutningsm. gjöra að engu. Það er von, að mönnum leiðist, hve vond höfn er hjer, en það væri hart, ef bæjarbúar ættu að gjalda þess í allri framtíð, að meiri hluti bæjarstjórnarinnar

hefur verið aðgjörðalítill og apturhaldssamur undanfarin ár. Einkum væri óviðkunnanlegt að slá nokkru föstu nú, þar sem nú koma ný bæjarstjórnarlög og nýr bæjarstjóri. Jeg get vel trúað því, að háttv. flutningsmenn hafi ekki eigin hagsvon fyrir augum í þessu máli, en þeir hafa oftraust á sínu hyggjuviti; þeir ættu að stinga hendinni í sinn eigin barm, og skoða hvort þeim fyndist ekki hart, ef þannig væri farið að með þeirra eignir eða þeirra sveit, eins og nú á að fara með Reykjavíkurbæ. Þetta vona jeg að háttv. deild líti á.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Það voru fáein orð í ræðu h. flutningsm., er komu mjer til að standa upp, annars áleit jeg þess enga þörf, að fara fleiri orðum um þetta mál, en gjört hefur verið. Hann ljet þess getið, að einn kaupmaður bæjarins, er hjer ætti sæti í deildinni,—og jeg er sá eini, sem það getur átt við, hafi sagt sjer við fyrri umr., að það kæmi fyrir, að skip yrðu að bíða með uppskipun 2—3 daga hjer á höfninni sakir veðurs. Þetta er rjett hermt svo langt sem það nær. En hann felldi þau orð min niður, að það orsakaði engan skaða, þótt slíkt kæmi fyrir. Flestar vörur flytjast með skipum, sem ekki hafa *fasta ferðaáætlun*; vegna vegalengdarinnar frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur verða skipin að ætla sjer langan viðstöðutíma á aðalhöfninni eða endastöðinni, og þá kemur það ekki hart niður, þó einn eða tveir dagar falli úr. Þar með segi jeg engan veginn, að eigi sje betra að hafa góða höfn, heldur vildi jeg að eins benda á, að þótt skip bíði lítið eitt á höfninni, þá kemur það ekki að stórmiklum baga eins og nú stendur á. Þetta vildi jeg leyfa mjer að leiðrjetta.

Það hefur verið talað margt og mikið um þetta mál, og flestu í ræðu h. flutningsm. er þegar búið að svara. En enginn hefur svarað því, er jeg tók fram um daginn við 1. umr. þessa máls, að uppskipun á Skerjafirði og flutningur á vörunum þaðan inn í bæinn, gæti ekki orðið kostnaðarminni, en uppskipun á höfninni að norðanverðu, og að vöruflutningsgjald og sjóábyrgðargjald yrði engu lægra, þó varan væri flutt þangað. Og ef þingið ætti að taka til meðferðar frumv. um þetta efni, er hjer liggur fyrir, þá ætti það allra fyrst að byggjast á því, hvaða *taxti* yrði á vöruflutningunum og uppskipuninni til Reykjavíkur. En ekkert orð hefur komið fram um það, hvorki í frumv. nje hjá flutnm. þess. Aptur á móti hefur þess verið getið, að svo væri til ætlazt, að járnbrautin yrði lögð annaðhvort austan- eða vestanvert við bæinn norður til sjávar, og á því hef jeg byggt álit mitt um kostnaðinn við vöruflutningana. En nú hafa sumir sagt við mig, að það nái engri átt að vera að fetta fingur út í vöruflutninga á þeirri leið, því að það sje einmitt gjört ráð fyrir, að flytja vörurnar gegnum miðjan bæinn, eptir læknum. Út af þeim ummælum vil jeg benda h. háttv. þingdeild á, að eptir frumv. hefur fjelagið jafnt leyfi til að velja þá leið sem aðrar. Og ef það er hugsun fjelagsins að fara eptir læknum, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að bæjarstjórnin hefur hugsað sjer að brúka lækinn til alls annars. Sje það aptur á móti meiningin að krækja með vörurnar vestur með Bráðræði, eða austur með Rauðará, þá verða aðdrættir frá Skerjafirði miklu dýrari en frá skipum hjer á höfninni að norðanverðu.

Eitt var það, er jeg sjerstaklega hjó

eptir í ræðu háttv. flutnm. Hann sagði, að þegar höfnin á Skerjafirði væri lokuð af ísum, sem opt vill henda og það jafnvel vikum saman, þá gætu menn notað höfnina að norðanverðu á meðan. Hvernig þá? Ætlast hann til, að kaupmenn haldi við bryggjum sínum þar, eptir að búið er að neyða þá til að nota höfn á Skerjafirði? Með öðru móti gæti það ekki látið sig gjöra.

Þetta hafnarmál hefur bæjarstjórnin íhugað lengi og rækilega og kostað til þess miklu fje og mikilli fyrirhöfn. Hún hefur látið athuga hafnarstæði bæði hjer og á Skerjafirði. En eitt er það, sem hún hefur aldrei gjört í þessu máli, og það er að athuga hafnarstæði inni við Klepp. Hluturinn er, að bæjarstjórnin hefur sjeð í, að ef höfn yrði gjörð langt frá bænum, þá yrði uppskipun og aðdrættir miklu dýrari, en ef hægt væri að gjöra við gömlu höfnina. En hún hefur haft nóg ráð á betri hafnarstæðum en við Skerjafjörð. Jeg ljet þess getið um daginn, og það hefur líka verið tekið fram í dag, að innsiglingin á Skerjafjörð er ekki glæsileg. Að vísu getur hún verið góð á sumardegi, þegar varðskipin eru hjer við land, og það er því ekki að kynja, þó kommand. Hammer litist vel á hana; hann kom þangað aldrei þegar nokkuð var að veðri. Og hvernig hún er þá, til dæmis í vetrarveðrum, er engin þörf á að lýsa. Háttv. þm., er ekki þekkja til, geta sannfært sig um það sjálfir með því að athuga kortin.

Ef ekki væri þessi annmarki á, er jeg benti til, að aðdrættir yrðu dýrari, ef höfnin er langt frá bænum, þá mundi bæjarstjórnin að sjálfsögðu hafa látið athuga hafnarstæði við Klepp. Þar eru svo margfalt betri skilyrði til að gjöra góða höfn og bryggju, en á Skerjafirði. Jeg hef hjer við hendina kort, er sýnir, hvernig þar hagar til, og vil jeg ráða háttv. flutnm. til að athuga það rækilega, áður en hann heldur lengra í þessu máli. Þar er kyr sjór og aðdjúpt mjög, svo að jeg er viss um, að ekki þyrfti nema 20 faðma langa bryggju, til þess að komast út á 6 metra dýpi. Ef bæjarstjórnin sæi hag í því fyrir Reykjavík að flytja höfnina út fyrir bæinn, þá mundi hún sjálfsagt velja þann stað. Við Klepp er logn þegar stórsjór er á Skerjafirði, og þar við bætist, að á hinum síðarnefnda staðnum er mjög ill bryggjustæði bæði sakir brims og ísa.

Jeg vildi því óska, að þingið færi ekki að grípa fram fyrir hendur bæjarstjórnarinnar í þessu máli, heldur gæfi henni færi á að kynna sjer hafnarstæði utanbæjar, ef hún á annað borð kynni að sjá sjer hag í að flytja höfnina, sem jeg býst þó við að ekki verði.

Ef höfn væri á Kleppi, þá mætti flytja allar vörur sjóveg, og það verður allt af ódýrara, en að flytja landveg, þó að á járnbrautum sje. Eins er um fiskverkunarpláss, hvergi er eins mikið land til þess og andspænis Kleppi, á Gufunesi, þar mætti þurka allan fisk, sem hjer fiskast.

Jeg er alveg mótfallinn því, sem hv. framsm. sagði, að ef Reykjavík hefði peninga, mundi hún gjöra höfn við Skerjafjörð.

Að öðru leyti tek jeg í sama streng, sem háttv. 2. þm. Rvk (G. B.), og vona, að háttv. deild lofi Reykjavík að ráða sjer sjálfri. Raunar hefur þetta þing sýnt, að því er ekki annt um Reykjavík, en úr því að þingið vill ekki hlynna að bænum, ætti það að lofa honum að vera í friði.

Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Áður en gengið er til atkv. um br.till. meiri hluta nefndarinnar óska jeg að

fá upplýsingar um, hvort leitað hafi verið álits hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi um þetta mál, það er um það, hvort taka eigi landspildu af Seltjarnarneshreppi og leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og hvort bæjarstjórnin í Reykjavík vill þessi skipti. Eptir 34. gr. sveitarstjórnarlaganna skal leita álits hreppsnefnda um þau mál, sem sveitarfjelögin varða, áður en þeim er til lykta ráðið. Auðvitað á þetta sjerstaklega við umboðsvaldið, en mjer finnst þingið ætti líka að fylgja sömu reglu.

Ef hreppsnefndin og bæjarstjórnin leggja í móti þessu, eða ef álits þeirra hefur ekki verið leitað, þá þykir mjer viðurhlutamikið, að deildin samþykki br.till., og mun jeg þá greiða atkv. á móti henni og frv.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. felld með 15 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss.,	Eggert Pálsson,
Jóhannes Ólafsson,	Guðm. Björnsson,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Skúli Thoroddsen,	Herm. Jónasson,
St. Stefánss., Skgf.	L. H. Bjarnason,
	Magn. Andrjesson,
	Magn. Kristjánss.,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	St. Stefánss., Eyf.,
	Tr. Gunnarsson.

Pjetur Jónsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum. Fjarverandi voru Einar Þórðarson og Þórhallur Bjarnarson.

2. og 3. gr. frv. voru þá teknar aptur.

4. gr. felld með 13 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss.,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Jón Jónsson,	L. H. Bjarnason,
Ólafur Briem,	Magn. Andrjesson,
Pjetur Jónsson,	Magn. Kristjánsson,
Skúli Thóroddsen,	Ólafur Ólafsson,
St. Stefánss., Skgf.	Ólafur Thorlacius,
	St. Stefánsson, Eyf.
	Tr. Gunnarsson.

Þórhallur Bjarnarson var ekki viðstaddur.

5. og 6. gr. frv. voru teknar aptur, og var frv. þannig fallið.

II. Lögregluaðstoðarmaður í Reykjavík.

Á 25. fundi Nd., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. til laga (A 152) um stofnun lögregluaðstoðarmannssýslunar í Reykjavík — frá nefndinni í málinu um breyting á tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík — til 1. umr.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (1. þm. Snæf.): Frumv. þetta er komið frá nefnd þeirri, er hafði til athugunar skiptingu bæjarfógetaembættisins.

Þegar það mál kom inn í Nd., fylgdu því engin tilmæli um það, að landið bæri nokkuð af kostnaðinum, en síð-

ar hefur komið frá henni beiðni um það, að landssjóður kosti allt lögreglu-hald í bænum. Hjer þótti nefndinni til heldur mikils mælzt, svo að hún getur ekki lagt með þessari beiðni. 1905, þegar skiptingin lá fyrir þinginu, má jeg fullyrða, að bæjarfógetinn hafi boðið framlag á launum sínum til þess, að losna við bæjarstjórnarstörfin. Síðan hefur hann verið spurður að því, hvort hann vildi leggja nokkuð af mörkum til þess, að losna við bæjarstjórnarforstöðuna og fá hjálp til lögreglueptirlitsins, en því neitar hann nú. Eptir þessu kynni að sýnast rjett, að láta það bíða, að skipa honum aðstoðarmann. Þó áleit nefndin, að ekki væri fært að fresta því, að gjöra eitthvað í þessu efni, af því að óvíst er, að bæjarstjórnin kæri sig um skiptingu, fái hún ekki eitthvað í aðra hönd, enda mun lögregluepteirlitið hjer ekki vera of gott. Það varð því ofan á, að leggja það til, að skipaður verði lögregluaðstoðarmaður með 1,400 kr. launum, er greiðist úr landssjóði án nokkurs endurgjalds, þangað til bæjarfógetaembættið losnar. Eptir það er ætlazt til, að ritfje bæjarfógetans, sem nemur sömu upphæð, greiðist ekki framar úr landssjóði. Það er bráð nauðsynlegt fyrir bæinn, að embættinu verði skipt, til þess að hann komizt úr þeim ógöngum, sem hann er kominn í að ýmsu leyti. Hvar sem litið er, finnst manni flest eða allt ógjört af því, sem gjöra þyrfti, og það litið sem gjört er, er öðruvísi en það ætti að vera. Hjer er engin höfn, engin bryggja, enginn bátur til þess að flytja menn um borð. Það hefur opt kostar mig meira, að komast til skips, en ferðin kostar til Stykkishólms, kostað 10 kr., aldrei minna en 3 kr. Að vísu ætla jeg ekki bæjarstjóranum eða bæjarstjórninni að flytja menn, en hjer þyrfti íhlutunarsemi af hennar hendi. Sama er að segja um bæinn sjálfan. Á götunum ætla menn að kafna í ryki og for á víxl. Lækurinn, sem áður var bæjarprýði, er nú orðinn að forarvilpu og búinn að eyðileggja fallegustu götu bæjarins. Vatnsleiðsla er hjer engin og svo mætti lengi tína. Það er því lífsnauðsyn, að fá embættinu skipt. *(Forseti:* Það mál liggur ekki fyrir hjer). Nei, en þó sem »forsendur« fyrir hinu. Og úr því það fæst ekki á annan hátt, en með því, að leggja þessum aðstoðarmanni laun úr landssjóði, þá verður að taka hann. Það eru heldur ekki einsdæmi, að slíkt sje kostað af landsfje. Í Kaupmannahöfn er t. d. lögreglustjóra launað af ríkissjóði,og að auk varið til lögregluhaldsins allmiklu fje. Þessi upphæð, 1,400 kr. á ári er líka ekki stór, og hún varir ekki lengur, en þangað til núverandi bæjarfógeti fer frá, því að þá fellur og burtu upphæð sú til skrifstofuhalds, er hann hefur fengið úr landssjóði. Leyfi jeg mjer svo að mæla með þessu *góða* frumv. við háttv. deild.

ATKV.GR.:

Nafnakall var við haft um það, hvort málinu skyldi vísað til 2. umr., og var það samþ. með 13 atkv. gegn 8.

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Einar Þórðarson,
Jóhannes Ólafsson,	Hermann Jónasson,
L. H. Bjarnason,	Jón Jónsson,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Briem,
Magnús Kristjánss.,	St. Stefánsson, Eyf.,
Ólafur Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thóroddsen,	
St. Stefánsson, Skgf.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Á 30. fundi Nd., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. (A 152. 261) til 2. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg hef leyft mjer að koma fram með brtill. á þskj. 261 þess efnis, að sú fjárveiting, sem farið er fram á í frv. til þess að launa lögregluaðstoðarmanninn, sje færð dálítið upp, í því skyni, að mögulegt sje, að fá hæfilegan mann til þess starfa. Í frumv. er farið fram á 1,400 kr., og um leið er til ætlazt, að skrifstofufje bæjarfógeta falli niður við næstu mannaskipti í því embætti. Hjer var því ekki að ræða um nein ný útgjöld fyrir landssjóð nema rjett í bráðina, því undir eins og núverandi bæjarfógeti fer frá embætti, verða útgjöldin jöfn og nú.

Það er nú bæði, að jeg álít það sanngjarna kröfu, að landið kosti meira til lögreglustjórnar hjer í bænum, en að launa bæjarfógetann, því það hafa sagt mjer kunnugir menn, sem þekkja til annarsstaðar, að mikið fje sje lagt úr ríkissjóði til lögreglustjórnar í bæjum, t. d. í Kaupmannahöfn nemur það fje hundruðum þúsunda króna, og í annan stað er bæjarfógetaembættið svo örðugt, að miklu verður að kosta til aðstoðarmanna og er því sýnilegt, að ef skrifstofufjeð er tekið burt, mun bæjarfógetinn eiga erfitt, verða að kosta meiru til af launum sínum, en rjettlátt er að heimta. Það getur enginn vafi leikið á því, að meira gagn yrði að löglærðum manni við þetta starf, en ólöglærðum, og verði nú launin hækkuð úr 1,400 upp í 2,000 kr., þá er ástæða til að halda, að ekki verði hörgull á ungum lögfræðingum, til að takast þann starfa á hendur. Nú er það svo að minnsta kosti, að ungir lögfræðingar láta sjer lynda að lúta að því, sem minna er.

Jeg veit, að það er álit bæjarstjórnar og bæjarmanna, að það sje harður kostur að eiga að launa borgarstjóra og fá enga uppbót, og jeg álít það því sanngjarna kröfu, að þingið sjái betur fyrir stjórn lögreglumálanna í Reykjavík, en gjört er með þeim hætti, sem hjer er farið fram á. Jeg veit, að það eru menn hjer í deildinni, sem eiga sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur, og munu þeir geta gjört enn betur grein fyrir þessu en jeg hef gjört, og jeg vona líka, að þeir gjöri það, ef þörf krefur.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Þegar frumv. um skiptingu bæjarfógetaembættisins kom fyrst inn á þingið, þá var ekki beðið um annað en heimild til þess að skipta því, og var þá svo til ætlazt, að bærinn borgaði allan þann kostnað, sem af því leiddi, en nokkru síðar kom brjef frá bæjarstjórninni til þm. bæjarins, þar sem skýrt var frá því, að það hefði gleymzt að geta þess, að bærinn óskaði, að landssjóður tæki að sjer allan kostnað við lögregluhald í kaupstaðnum, en það fje nemur 5—6 þúsundum kr.

Þetta kom flatt upp á suma. Mönnum þótti rausn bæjarstjórnarinnar minnka, þar sem hún heimtaði með annari hendinni á við líka upphæð, og hún bauðst til að leggja fram með hinni.

Jeg var gjörður út af þingnefndinni, til þess að spyrja bæjarfógetann, hvort þessi nýja viðaukatill. væri skilyrði fyrir því, að bæjarstjórnin vildi skiptinguna, en hann tjáði mjer, að hann hefði ekki skilið bæjarstjórnina svo, sem hún með því hefði viljað setja skilyrði fyrir skiptingunni; bæjarstjórninni væri svo annt um embættisskiptinguna, að hún vildi flest til vinna.

Jafnframt spurði jeg bæjarfógetann, hvort hann vildi nokkuð til þess vinna, að lögreglu aðstoðarmaður yrði settur

honum til aðstoðar, og kvað hann nei við því, og þótti mjer það undarlegt svar, því að 1905 vildi hann leggja fram 1,400 kr. úr eigin vasa, til þess *eins* að fá embættinu skipt, en nú, 1907, vill hann ekkert til vinna, að fá bæði embættinu skipt og lögregluaðstoðarmann sjer við hlið.

Að jeg slæddist til að fylgja með nefndinni um þessar 1,400 kr. til lögregluaðstoðarmannsinns, kom til af því, að jeg lagði og legg enn trúnað á orð eins háttv. meðnefndarmanns um, að bæjarstjórnin mundi því að eins vilja skiptinguna, að hún fengi eitthvað úr landssjóði til lögregluhaldsins. Það er lífsskilyrði fyrir bæinn, að embættinu verði skipt, og af því að landssjóður á ekki að leggja launin til aðstoðarmannsins fram endurgjaldslaust lengur en á meðan að núverandi embættismaður þjónar bæjarfógetaembættinu, er ekki beinlínis sjáandi eptir þessum 1,400 kr., en fram yfir þær vil jeg með engu móti fara, og jeg get flutt háttv. deild þau skilaboð frá meiri hluta nefndarinnar, að hún er ófáanleg til að bæta einum eyri við þessa upphæð.

Enda verð jeg að segja það, að gangi skiptingin fram, *þá* verður bæjarfógetaembættið ekki erfitt embætti, en launin hinsvegar óvanalega há, mjer er sagt um 9—10 þús. krónur, svo að honum ætti ekki að verða skotaskuld úr því, að leggja fram fje til skrifstofuhalds. En af þeirri ástæðu, að það þarf að skipta embættinu, og oddvitar bæjarstjórnanna í hinum kaupstöðunum eru launaðir úr landsjóði, virðist mjer það vel geta komið til mála, að landssjóður leggi í bili fram laun aðstoðarmannsins, enda mun það rjett hermt, að ríkissjóðir leggi sumstaðar fram nokkurt fje til lögregluhalds, að minnsta kosti í höfuðborgunum. En eins og jeg hef áður tekið fram, er meiri hluti nefndarinnar á móti því, að hækka þessi laun upp í 2,000 kr., og verði till. háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) samþ. þá mun jeg fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti frumvarpinu.

Jón Magnússon, (þm. Vestm.): Jeg þykist neyddur til þess, að bæta dálilu við það, sem háttv. frms. sagði, viðvíkjandi því, hvernig spursmálið um tillag til lögregluaðstoðarmanns hefði komizt til fjárlaganfd. Jeg er kunnugur tildrögunum til þessa, og eru þau þessi:

Þegar bæjarstjórnin samþykkti skiptingu bæjarfógetaembættisins, þá setti hún inn ákvæði um það, að þegar bærinn hefði tekið að sjer, að kosta að fullu bæjarstjóraembættið, þá skyldi landið annast lögreglukostnaðinn. Þetta var beint ákvæði í frv. bæjarstjórnarinnar, en hafði fallið burt í afskript á bæjarfógetaskrifstofunni. Jeg gat þess í nefndinni, að ekki væri víst hvort þetta bæri að skoða sem beint skilyrði af hálfu bæjarstjórnarinnar, en ekki var jeg viss um annað. Þessa get jeg hjer að eins til skýringar.

Jeg skal játa það hjer, eins og jeg gjörði í nefndinni, að bæjarstjórnin bjóst ekki við því, að þingið mundi verða við því, að láta landið kosta lögregluhaldið að fullu; það held jeg að fáum bæjarfulltrúum hafi dottið í hug. En hins vegar datt víst engum þeirra annað í hug, en að það yrði gjört að einhverju leyti, því að það þótti svo sanngjarnt, að menn voru þess fullvissir, að þingið mundi ekki skorast undan *því*. Það má geta þess til samanburðar, að svo hefur verið um langan aldur, — samkvæmt beinum lögum síðan árið 1863 —, að ríkissjóðurinn danski hefur greitt mikla fúlgu, 76

þúsund krónur árlega, til lögregluþjónustu í Kaupmannahöfn. Með þessu er það viðurkennt, að þetta er eigi að eins bæjarmál, heldur og landsmál. (**Forseti: Magnús Stephensen:** Þá ætti landssjóður líka að kosta lögregluhald í öðrum kaupstöðum). Það er rjett sem hæstv. forseti segir. Jeg hefði ekkert á móti því, að landssjóður yrði látinn gjöra það, svona að nokkru leyti. Það yrði aldrei nein ægileg gjaldabyrði, en að eins viðurkenning á skyldu.

Nú hefur nefndin ekki viljað sinna kröfunni á þann hátt, sem jeg hefði álitið rjettast og heppilegasl, nefnilega með því, að láta landið taka beinlínis þátt í lögreglukostnaðinum, heldur hefur hún kosið hinn veginn, að ljetta af bænum svo sem svarar einum lögregluþjóni. Þetta hefur hún gjört til þess, að síður skuli verða hætta á því, að aðrir kaupstaðir komi á eptir og heimti það sama. En jeg gjöri nú ekki mikið úr þeirri hættu.

Jeg hef ekki getað litið svo á þetta eins og sumir aðrir hafa gjört, að það ætti að vera til þess, að ljetta af bæjarfógetanum, heldur mundi það ljetta af bæjarsjóðnum dálitlu af hinum miklum gjöldum til lögregluhaldsins. Ef nú háttv. deild vildi breyta til. þannig, að leggja einhverja ákveðna upphæð til lögregluhaldsins, þá álít jeg það miklu heppilegra, og í raun-inni ekkert annað en uppfylling þeirr-ar skyldu, sem á landinu hvílir, að sjá um lögreglu hjer í höfuðstaðnum á líkan hátt og annarsstaðar á landinu. Jeg hef ekki áður fundið ástæðu til þess, að taka til máls, hvorki um þetta frumv., nje hitt sem áður var samþykkt um breyting á bæjarstjórn-artilskipuninni fyrir Reykjavík; jeg hjelt, að þess gjörðist ekki þörf. Það var þakkarlaust, þó þingið samþykkti hitt frumv. Það er fyrst í þessu máli, að sjá má, hvort það ætlar að láta Reykjavík njóta nokkurrar sannsýni eða ekki.

Tryggvi Gunnarsson: Það er ef til vill óþarfi, að jeg fari að standa upp, þar sem háttv. þingm. Vestm. (J. M.) hefur nú skýrt málið frá sínu sjónarmiði. En jeg hygg, að orð hans hafi eigi verið svo glögg, að jeg treysti ókunnugum til þess. að skilja þau.

Svo er háttað, að lögregluþjónum þeim, sem hjer ganga um göturnar, er goldið úr bæjarsjóði, 7—800 kr. hverjum. En sá maður, sem hjer á að bæta við, mundi ekki koma bæjarsjóði að neinu liði. Bæjarfógetinn fengi þar að eins aðstoðarmann til hjálpar, launaðan af landsfje.

Það er því óhætt að fullyrða, að bæjarsjóður hefur ekkert gagn af þessu frumv., og að örfáum bæjarbúum, að bæjarfógetanum undanskildum, er nokkur þægð í því, að þetta frumv. verði að lögum. Það sparar bæjar-fógetanum fje, en spursmálið er, hvort þörf er á því með þeim launum, sem hann hefur.

Pjetur Jónsson: Mjer finnst ástæða til þess, að þetta mál væri tekið út af dagskrá. Frá mínu sjónarmiði veltur allt á því, hvor þeirra háttv. þingm., sem síðast töluðu, hefur á rjettu að standa; þeir eru báðir þingmenn Reykjavíkur, báðir bæjarfulltrúar, og þó andstæðrar skoðunar í því, sem er aðalspurningin: Er þetta gjört til þess, að ljetta á bæjarfógetanum, sem ekkert vill til þess vinna sjálfur, eða er það gjört til ljettis fyrir Reykja-víkurbæ? Ef hið síðara er rjett, þá vil jeg greiða atkvæði með frumv., en ef þetta er gjört fyrir þennan einstaka mann, sem hefur nóg laun fyrir, og vill ekkert til vinna, þá er jeg á móti því. Þessari spurningu hafa nú þessir

tveir háttv. þingmenn svarað alveg gagnstætt hvor öðrum. Hjer stend jeg því í vafa með mitt atkvæði, og hygg því, að rjettast væri, að fresta þessu máli þangað til bæjarstjórnin hefur látið hið sanna uppi.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að það væri sanngjarnt, að landið legði eitthvað til lögregluhaldsins hjer í Reykjavík. Það er nú svona eins og á það er litið, og þetta, að skirskota sí og æ til Hafnar — »að tyggja upp á dönsku« — það er að minnsta kosti ekkert sönnunargagn í mínum augum.

Nefndin eða meiri hluti hennar vildi ekki leggja fram neina ákveðna upphæð til lögregluhaldsins hjer í Reykjavík, af því að hún þóttist vita það, að yrði bæjarstjórninni komið upp á nokkurt slíkt fillag, þá mundi bæjarstjórnin ekki verða lengi, að færa sig upp á skaptið, og eins mundu þá koma líkar beiðslur frá hinum kaupstöðunum. Nú eru goldar 5,300—5,400 kr. til lögregluhalds hjer í bænum, en eptir því, sem bærinn vex, eptir því hækkar þetta gjald, og því við búið, að kröfurnar til landssjóðs hefðu hækkað að sama skapi. Þess vegna þótti nefndinni eptir atvikum ráðlegast, að fara þennan milliveg, að leggja það til, að skipaður yrði þessi lögregluaðstoðarmaður. Með því móti væri synt hjá óhappalegum afleiðingum. Því að varla vex bærinn svo fljótt, að þörf verði á fleiri aðstoðarmönnum, en þessum eina, í bráðina.

Spurningin um það, hvort þetta sje gjört fyrir bæjarfógetann eða bæinn sjálfan, ætti ekki að vera svo erfið viðfangs, að menn þyrftu að leggja á sig þann krók, að fá úrlausn hennar hjá bæjarstjórninni. Því að það er ljóst, að skilji jeg rjett verkahring þessa aðstoðarmanns, þá verður hann fyrst og fremst hæjarfógetanum til ljettis, beinlínis, en bænum um leið óbeinlínis, að því leyti, að þá yrði lögreglueptirlitið betur rækt, en ella mundi.

Lögregluaðstoðarmaðurinn mundi taka svo kölluð lögregluþróf eða bráðabirgða skýrslu þeirra manna, er brytu lögreglusamþykkt bæjarins og hafa eptirlit með lögregluhaldinu o. s. frv., og ljetti þannig á bæjarfógetanum, en afleiðingin af því yrði aptur sú, að löggæzlan í bænum yrði betri, en mörgum þykir hún nú, og þannig yrði lögregluaðstoðarmaðurinn bænum þarfur maður.

Þetta vakti fyrir nefndinni, og eins hitt, að hún bjóst við því, að bæjarstjórnin vildi ekki skiptingu bæjarfógetaembættisins, nema því að eins, að hún fengi lögregluaðstoðarmanninn, og enda ætti ekki að gjöra þá skiptingu, að henni nauðugri.

Annars má geta þess, að nú er í ráði, að stofna bæjarfógetaembætti í Hafnarfirði, og bjóðast Hafnfirðingar til þess, að borga endurgjaldslaust allan kostnaðinn við bæjarstjórastörfin, svo að Reykvíkingum væri í rauninni ekki of ætlun, að gjöra slíkt hið sama.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Eins og jeg sagði áðan, gekk jeg inn á þetta í nefndinni, að settur yrði lögregluaðstoðarmaður með 1,400 kr. launum, af þeirri ástæðu, að jeg sá ekki til neins að halda fram neinum frekari kröfum í þá átt. Jeg skal því ekki fjölyrða um það atriði. En jeg skal geta þess, að fyrir mjer hefur alltaf vakað, að þessi maður yrði í raun og veru ekki annað en lögregluþjónn. Jeg veit ekki til þess, að lögregluaðstoðarmaður í Höfn sje annað en lögregluþjónn af finna tagi. Jeg veit ekki til þess, að þeir taki nokk-

urt lögfræðispróf, annað en það, sem hver lögregluþjónn verður að taka til þess, að geta gefið »Rapport« o. s. frv. Að vísu munu slíkir menn að jafnaði ekki ferðast mikið út um bæinn, en þó gjöra þeir það, þegar svo ber undir. Einu sinni var t. d. stolið frá mjer í Höfn, og kærði jeg það á lögreglustöðinni. Þá var það lögregluaðstoðarmaður, sem með mjer fór, gaf skýrslu og bjó allt í hendurnar á lögregludómaranum, sem prófið hjelt. Það gæti ekki komið til mála, að þessi aðstoðarmaður gæti ljett neinum prófum af bæjarfógetanum. Jeg hafði að eins hugsað mjer, að þetta ljetti einum lögregluþjóni af bænum. Að öðrum kosti hefði mjer ekki dottið í hug að fylgja þessu, því að bæjarstjórnin heimtar ekki, að ljett sje á bæjarfógetanum, enda ímynda jeg mjer að það komi ekki til. Án tillits til skiptingar bæjarfógetaembættisins, hefur það komið til tals nýlega, að setja lögregluaðstoðarmann hjer, og jeg býst við því, að ekki verði hjá því komizt til lengdar.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Þetta, sem sá háttv. þm. er síðast talaði, sagði, er ekki rjett að jeg held.

Lögregluaðstoðarmaður er sama og »Pólitíassistent«, og hann á ekkert skylt við svokallaða yfirlögreglu, eða »Overbetjent«, sem er ekkert annað en lögregluþjónn, sem hefur erfiðað sig upp og er látinn líta eptir óbreyttum lögregluþjónum. Og viðvíkjandi prófunum er það að segja, að háttv. þm. hefur ekki skilið við hvaða próf jeg átti. Jeg átti ekki við rjettarpróf, heldur við bráðabirgðaryfirheyrslu, sem pólitíassistentar taka.

Annars man jeg ekki betur, en að okkur kæmi forkunnar vel saman í nefndinni, og að við værum sammála um það, að launa »engin« póliti af landsfje, af því að við óttuðumst afleiðingarnar, heldur þennan lögregluaðstoðarmann. Nafnið sjálft hefur nú í raun og veru ekki mikla þýðingu, en jeg held nú samt að þetta sje rjett.

Fleiri töluðu ekki, og var því gengið til atkv.

ATKV.GR.: Breyttill. (261) við 1. gr., felld með 15 atkv. gegn 1.

1. gr. frumv., felld með 13 atkv. gegn 10.

2. og 3. frumv. fallnar af sjálfu sjer og þar með var álitið að frumv. væri fallið.

III. Dánarskýrslur.

Á 24. fundi Nd., miðvikudaginn 14. ágúst, kom frumv. til laga (A 153) um dánarskýrslur — flutningsmenn Guðmundur Björnsson, Ólafur Thorlacíus, Jón Magnússon — til 1. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þetta er nú í fjórða sinni að slíkt frumv. er lagt fyrir alþingi. Frá stjórninni komu tvisvar frumv. um sama efni fyrir aldamótin. Í þriðja sinn kom frá stjórninni frumv. um líkskoðun á alþingi 1903; þingið tók því svo, að það felldi frumv., en bjó aptur til frumv. til laga um dán-

arskýrslur, og var það samþ. í Nd. í einu hljóði, en kom til Ed. í þinglokin og var fellt þar við 2. umr.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frumv., því að jeg býst við, að nefnd verði sett í það. Jeg vil að eins vekja athygli manna á því, hvílík nauðsyn er á slíku frumv. sem þessu, nauðsyn að vita úr hverjum sjúkdómi hver maður deyr. Fyrir 20 árum, þegar ekkert var gjört til þess, að hepta sjúkdóma, mátti einu gilda um það, úr hverju menn dóu. En nú þegar svo mikið hefur verið gjört til þess, að girða fyrir sjúkdóma, er nauðsynlegt að vita, hvern árangur þær ráðstafanir bera, hver áhrif þær hafi á manndauðann.

Í 30 ár hafa menn nú barizt við sullaveiki hjer á landi, en enginn veit, hver manndauði hefur hlotizt af hennar völdum, fyrir 30, 20 eða 10 árum, eða einu ári; mjög mikið hefur og læknum farið fram í því, að lækna sjúkdómana, en samt er ekki hægt að segja, hver munur sje á manndauða af þeirri sýki nú og fyrir 30 árum. Og það er stórbagi að því, að geta ekki sjeð, hversu mikið dregur úr sýkinni.

Jeg vil nefna annað ljóst dæmi. Berklaveiki hefur færzt mjög í vöxt á síðari árum, og manndauði af hennar völdum. En enginn veit, hversu margir hafa dáið úr brjóstveiki fyrir 10 árum, og hversu margir deyja nú árlega. Skýrslur lækna geta ekki leyst úr þessu lil fulls. Nú er það almennings vilji í landinu, að útrýma þessari voðaveiki, berklaveikinni. En fyrsta skilyrðið til þess, að sigur vinnist, er það, að geta jafnan sjeð árangurinn af baráttunni, vita manndauðann árlega. Góður árangur mundi herða hug manna, efla baráttuna; vitneskjuleysið dregur úr áhuganum, veldur deyfð og ótrú. Öll barátta gegn næmum sjúkdómum er myrkraverk, ef dánarskýrslur vantar.

Jeg mundi ekki hafa fjölyrt svo um þetta mál, ef það hefði ekki sætt svo illri meðferð á undanförnum þingum.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg trúi vel, að tilgangur frumv. þessa sje góður, að það sje opt mikils um vert að hafa yfirlit yfir dauðaorsakir í landinu. En þegar jeg lít á frumv., eins og það liggur fyrir, sannfærist jeg ekki um, að það komi að gagni, ef það verður að lögum. Jeg ætla því að koma með nokkrar athugasemdir, sem væntanleg nefnd gæti tekið til greina. Lög þessi ná ekki tilgangi sínum nema í þeim kirkjusóknum, sem læknir er búsettur í, þar má ekki jarðsetja lík, nema læknir hafi gefið dánarvottorð; en í öllum fjölda sókna, sem læknir býr ekki í, þar er þessa ekki krafizt, heldur á presturinn að greina dauðameinið eptir þeim upplýsingum, sem hann getur beztar fengið. Með því er maður engu nær en áður. Til þess að tilganginum yrði náð, þyrfti auðvitað læknir að skoða hvert lík. Það þykir líklega allt of mikill kostnaður. En hjer stendur svo á, að annaðhvort er að vera hrár eða soðinn, heitur eða kaldur. Það er ekki mikill vinningur, að hafa rangar skýrslur, eða ágizkanir um dauðamein úr öllum læknislausu sóknunum. Þetta kemur líka eitthvað skringilega út í reyndinni. Jeg skal taka til dæmis grenndina við Reykjavík, Ártún og Bústaði. Á Bústöðum má ekki jarða, nema læknir hafi skoðað líkið, því að það er í Reykjavíkursókn, en frá Ártúni má jarðsetja lík án læknisskoðunar, og dauðameinið er þar ákveðið eptir ágizkun manna, sem lítið vit hafa á

þeirri grein. Í sama prestakallinu t. d. Görðum á Álptanesi, má jarða alla vottorðslaust, þar dugar að gizka sjer til um dauðameinin. En í hinni sókninni má engan jarða, nemalæknir skoði líkið. Þetta er undarleg ósamkvæmni, sem má til að laga. Jeg fyrir mitt leyti er meðmæltur nefnd, sem geti lagað frumv. Í núverandi mynd verður það ekki til annars, en að læknar hafa meira snatt en áður. Árangurinn fyrir læknisvísindin verður sáralítill eða enginn.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Eins og háttv. flutningsm. tók fram, hefur ekki að undanförnu tekizt að koma á lögum, er fyrirskipi nákvæmar dánarskýrslur. Þetta er þó mikilsvert atriði. Háttv. flutningsm. tilfærði ljós dæmi þess, hve gagnlegt væri að vita um skaðvæni ýmsra sjúkdóma, gamalla og nýrra. Athugasemdir háttv. þm. Árn. (Ól. Ól.) hafa ekki sannað, að frumv. þetta þurfi mikilla breytinga við, til að ná tilgangi sínum. Það er ekki rjett, að skýrslur presta, eins og þær eru ákveðnar í frumv., yrðu gagnslausar. Nú er svo komið þekking manna á sjúkdómum, og læknar svo margir, að í flestum tilfellum er ljóst, hvort dauðameinið hafi verið, sjerstaklega hvað alla almenna sjúkdóma snertir. Það er helzt um banamein gamalmenna, að það getur verið vafasamt. Þetta hefur líka tíðkazt áður. Jeg hef sjeð í gömlum kirkjubókum í mínu prófastsdæmi, að það mátti heita algeng regla, að tilfæra í sjerstökum dálki dauðameinið. Mjer hafa fundizt þesskonar athuganir eða skýrslur mjög fróðlegar og gagnlegar að mörgu leyti. Jeg tek til dæmis mislingaárið hið fyrra 1846. Að mínu áliti má margan fróðleik sækja í slíkar skýrslur. Þar hef jeg sjeð talað um barnaveikina og mörg önnur dæmi mætti tína til úr gömlum kirkjubókum, bæði viðvíkjandi sjerstökum og almennum sjúkdómum.

Jeg hef alltaf fylgt þeirri reglu sjálfur, að færa þennan sjerstaka dálk í kirkjubókunum, og mætti kalla hann »dánarskýrslu«. Jeg hygg almenningi sje ekki meiri vorkunn að gefa rjettar skýrslur um þetta en ýmislegt annað, t. d. skýrslur um sjúkdóma á skepnum. Fyrirmæli 2. og 3. gr. eru að mínu áliti aðgengileg og heppileg, en fyrirmæli 1. gr. mætti ef til vill færa saman og laga að einhverju leyti, og er jeg samdóma háttv. þm. Árn. (Ól. Ól.) um, að væntanleg nefnd ætti að íhuga, hvort þau ákvæði gætu ekki verið heppilegri. Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að frumv. sje vísað til nefndarinnar í læknamálinu. (*Ólafur Ólafsson*: Ekki til). Háttv. 2. þm. Árn. segir hún sje ekki til, en eptir minni meiningu er hún það. Í þingsköpunum stendur, að nefnd starfi þangað til frv. er fallið eða orðið að lögum frá þinginu.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv., og vísað til nefndarinnar í læknamálinu með 13 samhljóða atkvæðum.

Á 31. fundi Nd., fimmtudaginn 22. ágúst, kom frumv. (A. 153, 303) til 2. umr.

Framsögumaður Ólafur Thorlacius (2. þm. S.-M.): Um þetta frumv. er ekki mikið að segja frá nefndarinnar hálfu, því fyrst gjörði háttv. 2. þm. Rvík. (Guðm. B.) rækilega grein fyrir þessu máli við 1. umr., og í annan stað er það því nær samhljóða frv., sem jeg ásamt fleirum háttv. þingmönnum bar hjer fram á þingi 1903,

þá var það samþykkt í einu hljóði hjer í deildinni.

Í þriðja lagi eru breytingar nefndarinnar mjög óverulegar, það eru að eins orðabreytingar til skýringar á tveim atriðum.

Breytingin við 1. gr., að í staðinn fyrir »heimili« komi »lögheimili« er ekki annað en skýrar tekið til orða, og eins er um hina breytinguna, að á eptir »annan löggiltan lækni« komi »búsettan í sókninni«, sem er sjálfsögð breyting til nánari ákvörðunar.

Fleira hef jeg ekki að taka fram; vona jeg, að deildin samþykki þetta frumv.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. við 1. gr. 1. lið samþ. með 12 atkv.

2. breyt.till. við 1. gr. 2. lið samþ. með 13 atkv.

1. gr. breytt samþ. með 15 atkv.

2. — — — 15 —

3. — — — 15 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst, kom frv. (A. 392) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþykkt með 15 atkv. gegn 4, og afgreitt til forseta Ed.

Á 40. fundi Ed., föstudaginn 30. ágúst, kom frv. (A. 433) til 1. umr.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg hef orðið áskynja um, að sumum háttv. þingm. muni ekki vera vel við þetta litla frumv., sem komið er hingað frá Nd. En það álít jeg alls ekki rjettmætt; jeg hygg, að það eigi skilið, að verða að lögum, og vil jeg því mæla með því, að háttv. deild taki það til meðferðar á venjulegan hátt.

Það er kunnugt, að það er talið ærið þýðingarmikið í flestum löndum, að menn hafi sem nákvæmastar hagfræðisskýrslur, svo að menn geti öðlast sem mesta þekkingu á fortíð og nútíð og þannig búið sig sem bezt undir framtíðina. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er tilraun til þess, að fá skýrslur um það, úr hverju fólkið deyr. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir læknisfræðina og heilsufræðina, sem sje, að læknar og yfirstjórn heilbrigðismála fái vitneskju um það, hvernig þessu er varið, og geti hagað sjer eptir því.

Jeg skal ekki fara út í einstök atriði – má það heldur ekki við þessa (1.) umr. — en sem dæmi má benda á, að mikil hreyfing er nú komin á með þjóð vorri í þá átt, að rísa á móti berklaveikinni og reisa skorður við henni; ýtarlegar ráðstafanir hafa verið gjörðar; en ekki er hægt enn þá að fá að vita um það, hvað margir deyja úr þessari veiki í landinu. Með frumv. er reynt að bæta nokkuð úr þessu með fyrirskipunum, er tryggi upplýsingarnar með greinilegum vottorðum

Það má vel vera, að eitthvað sje athugavert við einstök atriði frumv., en það álít jeg að megi laga, og gæti frumv. unnið við það, að það yrði athugað hjer í deildinni.

Jeg vil svo leyfa mjer, að stinga upp á því, að sett sje 3 manna nefnd í málið, að umræðum loknum.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg get ekki verið samdóma háttv. 6. kgk. þm. um, að frumv. þetta sje nauðsynlegt. Það er langt frá því. Í fyrsta lagi sje jeg ekki, að fyrirkomulag það, sem frumv. fer fram á, geti útvegað neinar ábyggjandi skýrslur um eðli sjúkdóma hjer á landi og í öðru lagi

finnst mjer það jafnvel ótilhlýðilegt, þegar litið er til samræmisins í ákvæðum frumv. Jeg get ekki skilið, að það verði svo uppbyggilegar skýrslur, þó hjeraðslæknirinn gefi þær að eins í þeirri sókn, sem hann er búsettur í. Auk þess sje jeg enga ástæðu til, að leggja þá skyldu á herðar manna, að þeir verði að sækja lækninn, ef þeir missa eitthvert skyldmenni sitt, og leggja á sig þó nokkurn kostnað í því skyni, ef þeir eru búsettir í sömu sókn og læknirinn, úr því aðrir þurfa þess ekki, og því síður ef læknir er ekki viðlátinn, að heimta þá, að þeir sækji lækni í annað hjerað, og þannig er þeim bakað mikils kostnaðar, en í næstu sókn liggur engin slík skylda á. Það sjá allir, að það er hægra t. d. fyrir Hafnfirðinga að sækja lækni til Reykjavíkur, ef þeirra læknir er ekki viðlátinn, heldur en í öðrum hjeruðum landsins, að sækja lækni í annað hjerað, þar sem strjálbyggt er og langt á milli hjeraða. Auk þess er það leiðinlegt, meðan ástandið meðal læknastjettarinnar í landinu er ei betra en svo, að svo langt er frá, að menn sumstaðar vitji læknis, þegar menn eru sjúkir, að þeir verjast því að láta það frjettast, af því þeir eru hræddir um, að læknirinn þá snati það uppi og fari að skipta sjer af sjúklingnum. Og því verra er þá að þurfa að fá þann lækni til að skoða skrokkinn dauðan. Jeg þekki einn þingmann, sem fjekk menn til þess að verja það, að læknirinn kæmi inn í hús, þar sem barn hans var að deyja. Finnst mjer það óviðfeldið, að láta hann svo skoða barnið á eptir og gefa vottorð um úr hverju það hefði dáið. Álít jeg því rjett, að fresta að samþykkja þetta frumv. þangað til læknaástandið í landinu er orðið betra en nú.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Þó megnið af því, sem háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, væri um einstök atriði frumv., og ætti því eigi við þessa umr., og þótt hann væri talsvert ókurteis við frumv., sem komið er frá háttv. Nd., þá vil jeg ekki gefa honum það að sök, en svara sumu af því, sem hann fann frumv. til foráttu. Honum þótti undarlegt, að skylda menn til að sækja lækna að eins í þeim sóknum, sem þeir væru búsettir í. En þetta er einmitt ofureðlilegt frá því sjónarmiði, að reynt er til að gjöra þetta fyrirkomulag sem ódýrast. En að það hafi enga þýðingu, að fá þessar skýrslur, getur hver maður sjeð, að ekki er rjett, þegar þess er gætt, að í þeim sóknum, sem læknar eru búsetttr í, báa um 30 þúsundir af 80 þúsund íbúum landsins. Og eru þeir búsettir í stórum sóknum. Ef menn því fá greinilegar skýrslur úr þessum sóknum, þá hafa menn dánarorsakir 3/8 hluta þeirra manna, sem deyja á landinu, og þó það sje ekki mikið, þá má þó talsvert á því byggja, enda líklegt, að nokkuð svipað gildi um það, úr hverju hinir 5/8 hlutarnir hafi dáið. Auk þess er annarsstaðar í frumv. gjört ráð fyrir, að prestar semji líkar skýrslur, þó þær verði aldrei eins áreiðanlegar. Háttv. þm. sagði, að sjer fyndist óviðfelldið að heimta, að menn ljetu sækja lækni til að gefa þessi dánarvottorð. Jeg sje ekki að hverju leyti það er óviðfeldið. Jeg er alveg viss um, að í 9 af 10 dánartilfellum, ef menn eigi deyja beint af slysförum, þá er læknir, sóttur annaðhvort áður en maðurinn deyr eða á eptir, ef snöggt verður um hann. Ímynda jeg mjer, að flestir sjeu svo vel menntir, að þeir láti sækja lækni ef þeir mögulega geta, þegar einhver verður bráðkvaddur á heimili þeirra. Jeg get því alls ekki

skilið þessa mótbáru. Þá vildi háttv. sami þm. drepa frumv., af því læknastjettin væri svo illa skipuð, og greip um leið tækifærið til þess að koma með dæmi úr sínu hjeraði í þá átt, en þó slík dæmi mætti finna, þá má lengi bíða til þess, að ekki verði einhversstaðar áfátt. En að dæma frumv. til dauða af því, að þeir, sem eiga að framkvæma það, sjeu ónýtir, er bæði ranglát árás á læknastjettina, og þó svo væri, þá má eigi ætla, að Íslendingar sjeu svo litilsigldir, að það ekki batni og taki framförum eins og annað, og að læknastjettin gjöri þó seinna meir skyldu sína. Svo skal jeg líka leyfa mjer að benda á það, að svipuð ákvæði eru í öllum löndum Norðurálfu, og mjer er óhætt að segja í öllum siðuðum löndum heimsins. Þar er það allstaðar álitið nauðsynlegt að heimta nákvæma skýrslu um dánarorsakir. Því má þá eigi gjöra *tilraun* til hins sama á Íslandi. Það getur vel verið, að skýrslur þessar verði í fyrstu ekki fullnægjandi, en þó þær sjeu ekki góðar í byrjun, þá geta þær síðar orðið mjög áreiðanlegar. Þess þekki jeg einmitt ýms dæmi til, að skýrslur, sem hafa verið slæmar í fyrstu, hafa síðar orðið mjög góðar. Jeg vona því, að háttv. deild leyfi frumv. að minnsta kosti að ganga til 2. umr., svo að það verði íhugað nánar og hægt að komast inn á einstök atriði þess. En jafnframt verð jeg að halda fast við uppástungu mína um 3 manna nefnd.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strm.): Háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) byrjaði ræðu sína með því að leiðbeina viðvíkjandi því, hvað við ætti eptir þingsköpunum, en jeg held, að sæmilegra hefði verið, að *hann* hefði fengið leiðbeiningar hjá *mjer* í því efni. Jeg held, að það hafi ávallt þótt gott og gilt, áður en nefnd tæki til starfa í einhverju máli, að koma með bendingar henni til athugunar. En þar sem jeg ekkert fór út í hinar einstöku greinar frumv., þá held jeg, að engin ástæða hafi verið til, að leiðbeina mjer í þessu efni. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um skýrslur þessar, og þann hluta landsmanna, sem þær eiga að ná yfir, sem hann gjörði ráð fyrir að yrðu 30 þúsundir, þá skal jeg leyfa mjer að benda á, að það að er eins rúmur 3. partur þjóðarinnar, og svo er einnig þess að gæta, að fullur $^1/_3$ hluti af þeim mannfjölda er búsettur hjer í Reykjavík. En jeg verð að álíta, að fyrir Reykjavík sje engin þörf á þessu frumv., nema ef það ætti að vera af því, að læknum í Reykjavík væri ver launað en annarsstaðar, og því væri þörf á þessari launaviðbót, er af þessu frumv. leiddi fyrir þá. Jeg held, að þar sem hjer sitja landlæknirinn og þar að auki beztu læknar landsins að allra dómi, þá býst jeg við, að sjaldan deyi hjer svo maður, að þeir ekki viti úr hverju, og þurfi því ekki að ákveða þetta þeirra vegna, enda veit jeg ekki betur, en að læknar gefi skýrslur um það eptir því, sem þeir geta. En það er ekki hjer að eins þessi $^1/_3$ hluti af þessum 30,000, heldur fjöldi fólks utan úr landi, sem gjörir dauðatilfellin miklu fleiri en tiltölulega eptir fólksfjölda. Því að eins og flestum er kunnugt, þá leita menn opt hingað til þess að deyja hjer eða að minnsta kosti verða endalokin ekki sjaldan þannig. Jeg held því, að í þessu tilliti yrði engin framför að frumv., hvorki frá hagfræðislegu nje læknisfræðislegu sjónarmiði. Skal jeg þá leyfa mjer að benda á, ef mestur hlutinn af skýrslum þessum snertir Reykjavík, að kostnaðurinn, sem af þeim leiðir fyrir landssjóðinn, yrði þá alveg óþarfur, því að jeg vil ekki neita því, að sumir af embættis-

mönnum eru nokkuð breyskir í því tilliti, að búa til full háa reikninga til landssjóðsins. Má búast við, að sá gjaldaliður gæti orðið nokkuð þungur, og kæmi mjer það ekki á óvart, þó skýrslur þessar kostuðu miklu meira en þær væru verðar.

Jeg sje því enga þörf á að tefja deildina með því að setja þetta mál í nefnd og legg til að það verði strax fellt, svo fyrsta dánarvottorðið, sem út verði gefið, verði dánarvottorð frumv. sjálfs hjeðan úr deildinni.

ATKV.GR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 7 atkv. gegn 5.

IV. Túngirðingar. b.

Á 31. fundi Ed., þriðjudaginn 20. ágúst, kom frumv. til laga (A 156) um breyting á lögum 19. desember 1903 um túngirðingar,—frá nefndinni í túngirðingamálinu (I.A.XLVI),- til 1. umr.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Eins og sjá má á nefndarálitinu á þskj. 155, hefur nefndin, sem kosin var til að íhuga frv. um frestun á framkvæmd laga 19. desember 1903 um túngirðingar o. fl. komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettara sje að breyta túngirðingalögunum, en að vera enn að nýju að fresta framkvæmd þeirra. Sjerstaklega sýndist henni þetta ráðlegra, þar sem það liggur í augum uppi, að frestun á framkvæmd laganna, eða þess hluta þeirra, sem hægt var að fresta, var að þessu sinni alveg sama sem að nema hann úr gildi. Frestunin náði að eins til 1. gr. laganna, sem er um það, að landssjóður láni vissa fjárupphæð um fimm ára skeið til túngirðinganna, en hún náði ekki til notkunar á lánunum, og gat eptir atvikum ekki náð til hennar.

Nú er að eins eptir eitt fjárhagstímabil af lánveitingatímanum, og ef framkvæmd laganna væri frestað um það tímabil, þá yrði lánveitingaleyfið samkvæmt þessum lögum úr sögunni, áður en hægt yrði að fara að nota það. Þetta áleit nefndin ekki rjett; hún áleit það rjettara, að mönnum gæfist þó nokkur kostur á að nota sjer lánveitingaleyfið. En eins og sjest á nefndarálitinu, hefur nefndin þó ekki farið lengra en svo, að lánin skuli að eins veitt síðara ár fjárhagstímabilsins eða árið 1909, og að lánið skuli þó ekki nema meiru, en lána mátti hvert árið fyrir sig, af fimm árunum, eða 100,000 kr.

Þegar þess er gætt, að sökum andróðurs var heimild laganna lítt notuð fyrsta árið, og að framkvæmd þeirra síðan var frestað um 2 ár, þá vona jeg, að háttv. deild viðurkenni, að sú stefna nefndarinnar sje rjett, að lofa þeim, sem fýsir, að taka lán til túngirðinga samkvæmt lögum þessum á árinu 1909. Við það má, að ofurlitlu leyti, komast að raun um, hve hagfelld og vinsæl þau muni vera.

Það hafa komið fram ýmsar aðfinningar við túngirðingalögin frá 19. des. 1903, meðal annars þær, að lánsfresturinn væri of langur og lánskjörin of góð. Það er satt, að lánskjörin voru mjög góð fyrir lántakendur, og nefndin taldi, að óhætt væri að þrengja þau

ofur lítið, þau mundu samt verða fullviðunandi; fyrir því hefur hún sett í frumv. sitt, að lánið skyldi endurgoldið á 22 árum með 7 kr. af hverjum 100 kr. á ári, í stað þess sem í túngirðingalögunum var gjört ráð fyrir, að það endurborgaðist á 41 ári.

Að þessu sinni fer jeg svo ekki frekara út í málið, mjer mun gefast betri kostur á að skýra einstöku atriði þess við 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi Ed., föstudaginn 23. ágúst, kom frv. (A 156) til 2. umr.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það er búið að gjöra grein fyrir þessu frumv. áður. Nefndin hefur heldur viljað koma með þetta frumv., en að halda hinu frv. um frestun á túngirðingalögunum frá 19. des. 1903.

Þessar breytingar eru gjörðar með sjerstöku tilliti til tímans, sem túngirðingalögin áttu að gilda fyrir, og í öðru lagi með tilliti til þeirra athugasemda, sem gjörðar hafa verið við þau lög, þeirra, er á rökum hafa verið byggðar og ekki nema góðgjarnar. Afborgunartíminn hefur þótt óþarflega langur, eins og hann var ákveðinn í lögunum, 41 ár; hann hefur verið það, bæði fyrir landssjóðinn og líka fyrir þá, sem lögin hafa komið að notum, því að kjörin mega kallast mjög góð, þó að tíminn sje styttri.

Það er ef til vill dálitið óþægilegt fyrir háttv. þingdm., að bera breytingarnar saman við lögin sjálf, þar eð þeir hafa þau líklega ekki í höndunum. Þetta frumv. er eiginlega brtill. við lögin.

1. gr. í túngirðingalögunum var um það, að verja mætti á tímabilinu 1905—1909 100,000 kr. á ári hverju til lánveitinga o. s. frv. En í frumv. er ákveðið, að þessari upphæð, 100,000 kr. megi verja á árinu 1909 úr viðlagasjóði til lánveitinga til að kaupa gaddavír o. s. frv. Nefndin áleit, að vegna fjárhags landsins og annara kringumstæðna gæti það komið að haldi, að hafa þennan tíma til undirbúnings. Á þessu ári, 1909, er ætlazt til að verði veitt sama upphæð, sem í túngirðingalögunum var ætluð hverju ári.

2. gr. er breyting á 2. gr. laganna; málsgreinin orðist um. Er það fyrst, að sýslumönnum er ætlað að annast um, að menn sjeu á höfnunum, er veiti girðingaefninu móttöku, en sýslunefndirnar skuli ekkert við það fást. Nefndin áleit, að það mundi hvort sem væri, koma mest niður á sýslumönnunum, enda væri það hægara fyrir þá að annast um það, heldur en sýslunefndirnar, sem koma saman að eins einu sinni á ári.

Efnisbreytingin er sú, að þar sem sýslusjóðunum var ætlað að kosta uppskipun og því um líkt, þá verða það eptir frumv. kaupendurnir, sem bera kostnaðinn. Að þessu fyrirkomulagi laganna hefur einnig verið fundið, og það þótti óþarfi að ljetta þessu af þeim mönnum, sem lánið fá.

Reynslan hefur sýnt, að þetta girðingarefni er mjög ódýrt, og það jafnvel ódýrara en nokkurn hafði dreymt um.

3. gr. frumv. breytir talsvert 3. gr. laganna, sem orðist um. Aðalbreytingin er sú, að engir skuli undanskildir því, að leggja fram vissan hluta, 1/4 verðsins. Samkvæmt 3. gr. laganna voru ætlaðir 3 strengir ofan á garð, en í frumv. eru þeir ákveðnir

4. Í lögunum eru undanskildir því, að leggja nokkuð fram til girðingarinnar, ábúendur þjóðjarða og kirkjujarða, en því er breytt með frumv., þar eð engin ástæða þykir til, að undanskilja leigulíða á þessum jörðum. Þegar nú er verið að selja þessar jarðir, getur verið, að þeir vilji kaupa sína ábúðarjörð, og hafi þeir fengið lánið áður en kaupin fara fram, er alls ekki víst, að jörðin verði þeim mun dýrari, sem landssjóður hefur lagt fram til girðinga á henni. Ástæða er því engin til undantekningar; þegar jörðin batnar, er það meira til gagns ábúendunum, en landssjóði eða kirkju. Þess vegna er breyting þessi í frumv.

Jeg vil lýsa yfir þeirri skoðun minni, að jeg tel það heppilegast, að gjöra mönnum jafnt undir höfði. Jeg vil gefa mönnum sem mesta hvöt til að hlaða undir girðinguna; bæði er það fallegra útsjónar og að öðru leyti heppilegra, að minnsta kosti að allsstaðar sje sljettað undir. Því sje mishátt undir girðinguna, skríða skepnur undir og valda skemmdum á henni, og gjöra hana gagnsminni, en ella mundi. En ekki er ástæða til að ákveða hleðsluna hærri en eitt fet, mælt frá hæstu þúfnakollum. Kemur það líka heim við það, að nú eru ætlaðir 4 strengir, þar sem áður voru 3.

4. gr. frumv. er breyting á 4. gr. laganna, og er það stærsta breytingin Aðalbreytingin er í því fólgin, að þar sem lánið var áður ætlað til lengri tíma, 41 árs, er gjöra 5 kr. á ári með 4% vöxtum,, þá er það nú að eins ætlað til 22 ára, með 7 kr. greiðslu á ári í afborgun og vexti, og er þar í fólgið rúmlega 4% vextir, það svo á ári, að rentan verði hjer um bil 4 1/8% í staðinn fyrir 4%, til þess að hægt væri að láta standa á heilu ári. Með þessu fyrirkomulagi er landssjóði vægt, þar sem hann fær peninga sína helmingi fljótara. Þótt rentan megi heita sú sama, muni að eins nokkrum aurum, þá vegur það þó dálitið upp til að standast hina smærri kostnaði. Ímynda jeg mjer, að þessar breytingar verði mjög vinsælar hjá öllum, sem vilja óhlutdrægt um það hugsa, og líka hjá lánþegum; kjörin eru svo góð í samanburði við dýr lán annarsstaðar frá.

5. gr. frumv. er breyting á 5. gr. laganna. Fyrst, að fyrir sýslunefndir í upphafi greinarinnar komi: sýslumenn. Hin breytingin, að sýslunefndin ráði, sem á að falla burt —, er bein afleiðing af því, sem áður er komið.

6. gr. frumv. er breyting á 7. gr. laganna, að fyrir »landssjóði« komi: »viðlagasjóði«. Æði margir líta svo á, sem viðlagasjóður og landssjóður sje það sama, en á því ber þó að gjöra greinarmun; lán þetta veitist úr viðlagasjóði en ekki landssjóði. Því annars yrði það að skoðast meira hvílandi á hinum árlegu tekjum landsins. Í sömu grein skal úr falla: landssjóðsjarðir og kirkjujarðir.

7. gr. frv. er breyting við 8. gr. laganna. Þessi breyting er viðvíkjandi áætlun þeirri, sem landsstjórnin á árlega að semja og birta, og svo er pantað eptir. Þegar lögin koma ekki til framkvæmda fyr en 1909, þá er nægur tími til þess að semja áætlun og gjöra fasta samninga um girðingarefnið; en jeg veit eigi, hvort stjórnin hefur gjört það nema fyrir eitt ár í senn. Í þessari grein eru og ýmsar fleiri breytingar á lögunum í fullu samræmi við þetta. Sjer í lagi það, að hver sá, er pantar, láti pöntun sína standa á heilli eða hálfri rjúpu. Það hefur

komið fyrir, að auglýst hefur verið af stjórninni, hvað verðið væri á rjúpunni, skoðunarmenn hafa mælt út, hve mikið þyrfti, og síðan sent álit um það til landsstjórnarinnar, sem svo hefur orðið, af því ekki hefur staðið á heilli eða hálfri rjúpu, að senda rjúpuna til samlaga fyrir 2 eða fleiri. Þetta er bæði til óþæginda fyrir mennina og enda óþarfa nákvæmni.

Nefndin ætlast til, að stjórnin ákveði verð hverrar rjúpu, en tiltaki ekki verðið á hverjum faðmi: rjúpurnar fást 100 punda þungar og 50 pd. (heil og hálf »centiwight«). Því sje ákveðið, að þurfi maður $5^1/_4$ rjúpu, þá sje skoðunarmönnum eða sýslumönnum heimilt, að hækka það upp, svo að hann fái t. d. $5^1/_2$ rjúpu. Það er þægilegra í reikningsfærslunni og ekki eins margbrotið. Þó að maður fái svo sem $^1/_4$ rjúpu meira, en hann þarf í þann svipinn, þá getur það ekki verið til skaða; getur hann þá girt meira svæði, en þetta munar engu á verðinu.

8. gr. fer að eins fram á það, að fella burt 2 öptustu línurnar í 9. gr. túngirðingalaganna; sú setning er óþörf og á ekki við, af því að hjer er að eins að ræða um lánveitingaheimild, sem nær að eins til eins árs.

9. gr. fer fram á þá breytingu á fyrri málsgrein 15. gr. túngirðingalaganna, að kirkju- og landssjóðsjarðir sjeu ekki undanskildar.

10. gr. fer fram á það, að 16. gr. túngirðingalaganna falli burt og að tilvitnunin breytist samkvæmt því. Þessi breyting byggist á því, að 16. gr. túngirðingalaganna er tekin upp í vegalagafrumv., sem er til 1. umræðu hjer í deildinni í dag. Þar er (í 44. gr.) gjört ráð fyrir gaddavírsgirðingum meðfram alfaravegum, með sjerstökum nánari ákvæðum fyrir því, að þær ekki verði til tjóns, og þarf sú grein því ekki að vera í þessum lögum.

Þetta eru þá í stuttu máli þær breytingar, sem nefndin hefur stungið upp á við túngirðingalögin, og vona jeg, að hv. þingdm. hafi getað skilið þær, og ef þeir ekki hafa skilið þær, þá kemur það til af því, að þeir hafa ekki borið þetta frv. saman við túngirðingalögin.

11. gr., um, að 18. gr. túngirðingalaganna falli burtu, þarf jeg ekki að gjöra nánari grein fyrir. Þar er sem sje kveðið á um hvenær túngirðingalögin öðlist gildi, og leiðir það af sjálfu sjer, að þau ákvæði falli burtu, þar sem sá tími er löngu liðinn. Það þurfti eigi að setja slík ákvæði um þessi lög, af því að það er auðvitað, að þau öðlast gildi 12 vikum eptir að þau eru birt í Stjórnartíðindunum. Það var annað mál með túngirðingalögin á þinginu 1903, af því að þá þurfti að taka þetta fram til þess að fá lögin í framkvæmd.

12. greinin fer ekki fram á annað, en það, að þegar þessi lög eru staðfest, skuli færa breytingar þær á túngirðingalögunum, sem ákveðnar eru í þessum lögum, inn í meginmál þeirra, og að konungur geti þá gefið lögin, þannig breytt, út sem lög um túngirðingar.

Fleira hygg jeg ekki að jeg þurfi að taka fram viðvíkjandi frumv., og vona jeg að hv. deild samþ. það. Eins og kunnugt er, hefur verið tekið miklu meira tillit til mótmæla og mótstöðumanna þessa máls, en meðmælenda þess að undanförnu; og því vona jeg, að þó að túngirðingalögin hafi áður átt mótstöðumenn hjer í deildinni, þá eigi þetta frv. ekki marga og helzt enga.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.-): Jeg ætla mjer ekki að tala langt mál, en vildi að eins leyfa mjer að vekja

athygli deildarinnar á því, að háttv. flutnm. eða framsm. þessa frumv. eða nefnd sú, sem hefur haft það til meðferðar, hefur ekki bent á, hvaðan eigi að taka þessar 100,000 krónur, sem 1. gr. frumv. gjörir ráð fyrir að varið skuli á árinu 1909 til gaddavírskaupa; því að eins og kunnugt er, þá er búið að sjá fyrir þessari hálfu miljón viðlagasjóðs á annan hátt, þar sem hv. neðri deild er búin að verja henni til launaviðbótar embættismanna, stofnunar nýrra embætta, símalagninga o. fl.

Annars kemur mjer það mjög kynlega fyrir, að þetta frumv. skuli vera fram komið nú.

Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, þá var búið að samþ. í einu hlj. bæði við 1. og 2. umr. hjer í deildinni frv. það um frestun á þessum lögum, sem stjórnin lagði fyrir þingið.

En svo kemur hv. þm. Strand. (G. G.) til þings þegar þetta mál var til 3. umr., og þá verður hv. meiri hluti strax svo hjólliðugur, að hann snýst undir eins á skoðun hv. þm. Strand. í þessu máli og móti stjórninni.

Það er nú auðvitað ekkert nýtt, að hv. meiri hluti snúist með stjórninni, en hitt er nýtt, að háttv. þm. Strand. skuli geta snúið honum frá stjórninni, og svo sjálfri stjórninni á eptir, og þannig gjört sig að nokkurs konar yfirstjórn. Þegar við hinir, sem erum í minni hlutanum, snúumst á þá sveifina að fylgja stjórninni, þá viljum við halda fast við það, og þegar jeg greiði atkv. með einhverju máli við eina eða 2 umræður, þá vil jeg halda fast við mitt atkvæði við allar umræður málsins. Jeg ímynda mjer, að háttv. meiri hluti hafi ekki greitt atkv. í blindni eða hugsunarleysi í þessu máli, og þykir mjer það næsta kynlegt, ef allir hinir hv. þm. meiri hlutans eru eins hjólliðugir að snúast í þessu máli eins og nefndin hefur verið, og það því fremur, sem túngirðingalögin hafa vakið megna óánægju um allt land, og búið er að ráðstafa á annan hátt því fje, sem gjört er ráð fyrir að verja til framkvæmdar þessara laga. Jeg vona þess vegna, að háttv. deild felli þetta frv., en samþ. frv. stjórnarinnar um frestun á framkvæmd túngirðingalaganna.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Út af ummælum háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) finn jeg ástæðu til, að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Það er rjett, sem háttv. þm. tók fram, að jeg greiddi atkv. með frestunar-frv. stjórnarinnar við 1. og 2. umr. þess, og gjörði jeg það í fyrsta lagi vegna þess, að jeg áleit ekki, að fjárhagur landsins leyfði það, að veitt yrði lán í þessum tilgangi, og í öðru lagi af því, að á túngirðingalögunum eru þeir agnúar, sem ekki eru heppilegir og sem jeg því ekki gat fallizt á. En þegar búið var að kjósa nefnd í málið, og jeg sem einn af nefndarmönnum fjekk tækifæri til að kynna mjer lögin betur, og bera mig saman við stjórnina viðvíkjandi mögulegleikum fyrir lánveitingu í þessu skyni, og þegar nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að lánið yrði veitt með viðunanlegum kjörum, og búið var að laga verstu gallana á túngirðingalögunum, þá get jeg nú greitt atkv. með þessu frumv. Jeg þykist vera töluvert vel kunnugur högum landbúnaðarins og veit það vel, að þessi túngirðingalög hafa verið fremur vinsæl þar sem þau hafa verið notuð. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) segir, að þau hafi ekkert verið notuð, en jeg hygg, að háttv. þm. viti lítið um það, enda er heldur ekki þess að vænta, þar sem hann hefur nálega fjórðung aldar alið aldur sinn í Kaupmanna-

höfn. Mjer er kunnugt um, að það hafa verið tekin þó nokkur lán í Þingeyjasýslu, til þess að girða tún, og engi sumstaðar líka. En sjerstaklega hafa lögin verið óbeinlínis mikið notuð af því að menn, án þess að taka lán, hafa útvegað sjer gaddavír gegnum stjórnarráðið, svo að það er óhætt að fullyrða, að það hefur meira verið girt af ræktuðu landi á 4—5 árum eptir túngirðingalögunum, en á heilli öld áður en þau lög voru samin og staðfest, og þegar jeg svo fjekk að vita hjá hæstv. ráðh., að þetta 100,000 kr. lán mundi geta fengizt í eitt skipti fyrir öll á árinu 1909, þá gat jeg vel gengið inn á, að gefa þessu frumv. atkv. mitt.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer, að benda háttv. flutnm. á 2 prentvillur í frumv., til þess, að þær verði lagaðar, ef frumv. nær fram að ganga hjer í deildinni, og kemst til Nd.

Fyrri prentvillan er í síðustu línu 6. gr., þar stendur *sömueiðis*, en á að vera *sömuleiðis*.

Síðari prentvillan er í 7. gr. 3. línu að aptan; þar stendur: hvers *enstaks*, manns, í staðinn fyrir hvers *einstaks* manns.

Fleira hef jeg svo ekki við frumv. að athuga að því, er málið snertir.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Mjer kom eigi á óvart spurning háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um það, hvaðan ætti að taka fje til þeirra lánveitinga, sem ákveðið er með þessum lögum, með það fyrir augum, að búið væri að ráðstafa því á annan hátt. Þetta er ekki nema eðlileg spurning, enda hafði líka nefndin það í huga, að spyrja bæði sjálfa sig og aðra um þetta atriði. Hún bar sig saman við hæstv. ráðh. í því efni, og athugaði hag viðlagasjóðs, og þegar nefndin svo hafði athugað till. ráðh., og væntanlegan fjárhag viðlagasjóðs, þá sá hún, að ekkert mundi vera því til fyrirstöðu, að þessar 100,000 kr. yrðu lánaðar í eitt skipti fyrir öll á árinu 1909, með tilliti til þess, að innborganir í viðlagasjóð yrðu svo miklar, að hann gæti vel staðið straum af þessu láni. Nefndin sá því ekki ástæðu til, að hlaupa fram hjá þessu atriði, og sá ekki ástæðu til, að láta lögin ekki gilda þetta eina ár, þar sem viðlagasjóðurinn hefði svo miklar eignir. Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) var svo hreykinn yfir því, að gaddavírslögin hefðu ekki verið notuð, þá er ef til vill sennilegt, að þessar 100,000 kr. verði ekki allar notaðar á þessu eina ári, og þarf hann þá ekki að telja það eptir, að þessi lánsheimild gildi fyrir eitt ár, ef nokkuð af fjenu liggur óhreyft í landssjóði. En jeg held nú samt, að þessi upphæð verði að miklu leyti notuð, enda ætti það svo að vera. Því að á því getur enginn efi leikið, að þetta er hið langendingarbezta af öllum girðingarefnum, og það er ekki til nokkur girðing af öðrum efnum, sem ekki þurfi árlegrar endurbótar við. Auk þess eru aðrar girðingar líka alveg ómögulegar vegna skorts á vinnukrapti, af því að það útheimtist, að landið sje girt í einu, en að ekki sje verið að basla við það um tugi ára, af því að fyrsti spottinn er fallinn þegar sá síðasti er kláraður. Þetta get jeg talað um af reynzlu, og sömuleiðis allir aðrir háttv. þingdm., að undanteknum háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.); og er leitt að hann skuli vera að tala um þetta þing eptir þing, þar sem hann vitanlega ekki getur talað um málið af neinni þekkingu eða reynzlu, með því að hann hefur alið

aldur sinn um svo mörg ár í útlöndum, og er það því ekki neitt tiltökumál eða honum til lasts, þótt hann sje ekki eins kunnugur þessu máli eins og þeir menn, sem hafa alið allan sinn aldur hjer á landi, og eru þessu máli gagnkunnugir.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er ekki nýtt hjer í deildinni, þegar röksemdir vantar gegn aðfinningum mínum, að því sje kastað framan í mig, að jeg sje orðinn ókunnugur hjer á landi, af því að jeg hafi verið svo lengi búsettur í Kaupmannahöfn, en ekki hafði jeg samt búizt við, að h. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) notaði einnig þessa aðferð. Í þessu atriði, sem hjer er um að ræða, verð jeg að telja mjer það til heiðurs, að jeg er glöggsýnni og hef betur opin augun fyrir því, sem gjörist hjer heima, þótt jeg sje búsettur erlendis, en háttv. 6. kgk. þm. sjálfur. Hann segir, að túngirðingalögin hafi verið mikið notuð, en jeg segi, að þau hafi verið lítið notuð, og hygg jeg það betur í samræmi við það, sem fram hefur komið, bæði á þingi, þegar um frestun laganna var að ræða, og annarsstaðar. Háttv. þm. segir, að þessi lög hafi verið notuð til þess að girða engjar; en eptir hvaða heimildum? Ekki eptir túngirðingalögunum, því eins og nafn laganna bendir á, ná þau að eins til túngirðinga, svo að þetta hljóta að vera rangfærslur, en það er hægt að panta vírinn til engjagirðinga hjá stjórnarráðinu, en ekki að fá lán til þeirra. Mesta og bezta ástæðan, sem mælir með frumv., er í mínum augum sú, sem háttv. þm, Strand. (Guðj. G.) tók fram, að lögin mundu lítið notuð, því að jeg get ekki fallizt á, að peningar sjeu fyrir hendi til þessa fyrirtækis, hvað sem háttv. þm. og hæstv. ráðh. hafa komið sjer saman um.

Máske eru peningar til, ef á að fara að tæma viðlagasjóð, en til hvers á þá að grípa, ef einhver áfelli koma? Það er ekki nög, þótt eitthvað sje til í verðbrjefum, sem ekki er hægt að koma í peninga nema með löngum uppsagnarfresti. Að öðru leyti skal jeg ekki orðlengja um þetta mál.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 6 atkv. gegn 2.
2. gr. — — — 6 — — 2.
3. gr. — — — 6 — — 2.
4. gr. — — — 6 — — 2.
5. gr. — — — 6 — — 2.
6. gr. — — — 6 — — 2.
7. gr. — — — 6 — — 2,
8. gr. — — — 6 — — 2.
9. gr. — — — 6 — — 2.
10. gr. — — — 6 — — 2.
11. gr. — — — 6 — — 2.
12. gr. — — — 6 — — 2.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 16. ágúst, kom frumv. (A. 156) til. 3. umr.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir og er nú til 3. umr., fór með litlum atkv. mun til þessarar umræðu, og má af því sjá, að málið hefur ekki eins góðan byr hjer í deildinni, eins og jeg álít, að það eigi skilið; en sínum augum lítur hver á silfrið. Jeg skal ekki nú tala mikið um ágæti þessara laga, en það er eitt aðalatriði, sem jeg ætla að tala um, en ekki, hvort lög þessi verða að gagni eða ekki. Til þess að komast að þessu atriði, sem jeg ætla mjer að tala um, hef jeg valið mjer texta og ætla jeg með leyfi hæstv. forseta að leyfa mjer að lesa upp 1. gr. túngirðingalaganna frá 1903, og hljóðar hún þannig:

»Á tímabilinu 1905—1909, að báðum árum meðtöldum, má á ári hverju verja 100,000 kr. úr landssjóði til að kaupa galvaníseraðan gaddavír, galvaníseraða járnteina og galvaníseraða járnstólpa til túngirðinga«.

Svo mörg eru þessi orð, og er það efni þessarar greinar, sem jeg ætla mjer að leggja út af, og vil jeg þá spyrja þá háttv. þm., sem hafa barizt móti þessu máli, hvernig þeir skilja þennan texta, hvort þeir ekki skilji hann þannig, að í honum felist tilboð til bændastjettarinnar íslenzku um að lána henni 100,000 kr., það er að segja 100,000 kr. á ári öll þessi tilgreindu ár, og jafnframt felst í greininni loforð um það, að þetta verði ekki tekið aptur, og má því ekki taka þetta loforð aptur, nema sá málsaðili leyfi, sem heimildin er gefin. Jeg fæ ekki skilið annað, en þingið með því að fresta þessum lögum, sem í þetta skipti var sama sem að nema þau úr gildi, sýni það, að það hefur gleymt loforðum sínum, og brjóti jafnframt það boðorð, sem því er skylt, ekki síður en hverjum einstaklingi, að kunna og muna, að standa við orð sín og gjörðir.

Ef menn athuga eitthvert ákvæði í fjárlögunum, t, d. ákvæðið um það, að sameinaða gufaskipafjelaginu skuli veitt 40,000 kr. á ári í 8 ár til þess, að halda uppi vissum ferðum, og taka þetta ákvæði til samanburðar við grein þá, er jeg las upp, sem að vísu stendur ekki í fjárlögum, en jeg sje ekki, að þau hafi meira gildi en önnur lög. Þótt þessi fjárlög sjeu úr gildi numin eptir 2 ár, þá mun þingið samt álíta ómögulegt, að rjúfa samningana við það sameinaða og svikja það um hina umsömdu fjárupphæð; alveg sama er að segja um loforð þingsins til hins »stóra norræna«; engum mun detta í hug, að svikja þau; það finnst líklega ekki nema ein stjett, sem þingið treystir sjer til að bjóða slíkan ójöfnuð og samningsrof, og er það bændastjettin á Íslandi. Ef vjer athugum fjárveitingu þingsins eða loforð þess til einstakra manna, þá nær sú fjárveiting að vísu ekki nema til tveggja ára, en ef aukaþing væri haldið, þá gæti komið til orða, að þessi loforð væru rofin, en engum mundi koma það til hugar.

Jeg skal nefna háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) í sambandi við þetta af því að hann hefur mest talað á móti frv. þessu við síðustu umræður. Þessi hv. þm. hafði hjer einu sinni, sem optar, eitt áhugamál á þingi, sem hann barðist fyrir; málið var opt kallað stóra málið og var um járnbrautarlagning austur í sýslur. Jeg hef enn þá heyrt hann segja, að rjett væri að hrinda þessu máli áfram, og álít jeg því sjálfsagt, að hann verði fús stuðningsmaður þessa máls, er það kemur fram. Nú er þessi óþekkti Wilson, sem var um að ræða árið 1894, líklega dottinn úr sögunni, en í þess stað ætla jeg að gjöra ráð fyrir, að háttv. þm. sjálfur sækti um styrk 100,000 kr. á ári í 5 ár til þess, að leggja þessa járnbraut. Nú er jeg ekki í efa um það, að svo framarlega, sem málið ætti fram að ganga, að þessum heiðursmanni yrði veittur styrkurinn, og mætti þá orða þá styrkveitingu alveg eins og grein þá, er jeg las upp, nema hvað háttv. þingm. væri nú málsaðili, en ekki bændastjettin.

Ekki er jeg í minnsta efa um, hvernig háttv. þm. mundi taka því, ef þingið, eptir að hafa fyrst veitt 100,000 kr. fyrsta árið, hætti við, að veita meir, frestaði málinu á næsta þingi, þótt háttv. þm. væri byrjaður á verkinu,

væri t. d. búinn að leggja grunnbrautina, en ætti eptir, að kaupa járnteinana og leggja þá.

Háttv. þm. mundi ekki hika við, að lögsækja þingið, enda hefði hann rjetta kröfu á hendur þinginu um hina umsömdu peninga.

En má jeg spyrja, er þetta þá af því, að háttv. þingm. hafi meiri rjett gagnvart þinginu, en öll hin íslenzka bændastjett?

Þótt jeg viti, að ýmsir háttv. þm. hjer í deildinni hafi verið með því að fresta þessum lögum, þá getur það ekki stafað af öðru en misskilningi, því að enginn mun sá vera hjer í deildinni, að hann vilji ekki standa við orð sín og loforð.

Jeg er sannfærður um, að hver og einn af háttv. þingmönnum þessarar deildar, sem lofaði mjer að lána mjer 100 kr. á mánuði í næstu 5 mánuði, að hann mundi standa við það, en því síður skil jeg í því, ef þeir sömu háttv. þm. vilja láta löggjafarvaldið ganga á bak orða sinna; hjer er ekki heldur um munnlega samninga að ræða, heldur prentaða samninga — lög — undirskrifuð af konungi með ráðherra Íslands, æðsta umboðsmanni þjóðarinnar.

Alveg sama máli er að gegna um reikningslán, er bankarnir veita; þeim dettur ekki í hug, að breyta einni kommu frá því, er um er samið. — Það stendur á sama, þótt vextirnir vaxi, þeir breyta engu að síður nokkru í samningunum, og væri það þó praktiskt fyrir þá, að hækka vextina.

Jeg þarf ekki einu sinni að taka til dæmis opinberar stofnanir, svo sem banka, jeg get vísað mönnum á að fara hjer út á göturnar til þeirra, sem sækja vatn, þrifa götur og hafa önnur þesshátttar störf á hendi. Ef þessir menn eru beðnir um 1 kr. lán á mánuði í 5 mánuði, þá munu þeir, svo framarlega sem þeir lofa því, standa við orð sín. Það mundi vart verða 1 af 10, mjer liggur við að segja, 1 af hundraði, sem sviki loforð sitt.

Jeg get sizt í þessu skilið, þar sem stór stjett á hlut að máli, að hún skuli vera þannig höfð að ginningarfífli, að bjóða henni fyrst vildarkjör, sem síðan á að svipta hana, þvert ofan í lög, sem um það eru sett.

Jeg skil ekki í, hvernig þjóðræðismenn geta staðið sig við að berjast á móti þessu máli eptir stefnu þeirri, er þeir guma af að þeir fylgi; og jeg skil ekki, hvaða ástæða er að gjöra það að flokksmáli, eins og jeg þó þóttist sjá við 2. umr. málsins; ef til vill er ástæðan sú, að mál þetta hefur verið rætt í blöðunum miður vingjarnlega af einstöku mönnum. Háttv. þm. A.-Sk. (Þgr. Þ.) var hjer áður ágætur stuðningsmaður þessa máls, en nú við 2. umr. er hann á móti því. Háttv. þm. Ísfjk. (Sig, St.) var ekki við 2. umr., svo að jeg veit ekki, hvar hann er í þessu máli, en hinir minni hluta menn hjer vonast jeg til að hætti nú að berjast á móti þessu máli, og verði mjer þakklátir fyrir, að jeg hef bent þeim á, hvað það er þeim ósamboðið og í hve miklar ógöngur þeir komast með þessu móti.

Jeg veit, að það má bendla fleiri en háttv. þm. þessarar deildar við samningsrof í þessu efni, t. d. búnaðarmálanefndina og þá þm., sem greiddu atkv. með því, að fresta málinu á síðasta þingi og þar af var jeg einn. En þótt það væri »princip«brot hjá bæði mjer og öðrum að greiða atkv. með frestun laganna, þá gjörði jeg það, og margir fleiri munu hafa gjört það, til þess að varna því, að lög þessi fjellu alveg niður eða væru úr gildi numin, því að óvinátta mót lögunum var þá svo mik-

il. Eins veit jeg, að nú hefur vakað fyrir stjórninni, að heppilegt og »praktiskt« gæti verið, að fresta enn þessum lögum, en þá hefur hún ekki vel yfirvegað, hvað hún var að gjöra, því að fresta þeim nú, er sama sem að nema lögin úr gildi. Aptur á móti veit jeg nú, að allir í húnaðarmálanefndinni munu greiða atkv. með þessu frumv., og sömuleiðis er jeg hæstv. stjórn þakklátur fyrir það, að hún hefur gengið inn á frumv. þetta, sem hún sýnir með því, að hafa tekið frumvarp það aptur, er fór fram á frestun túngirðingalaganna. Hvað þjóðræðismönnum viðvíkur, þá ættu þeir, svo framarlega sem þeir meina eitthvað með að kalla sig því nafni, að greiða atkv, með þessu frumv., og ef það nær ekki fram að ganga, þá með engu, og láta lögin um þetta efni standa sem þau eru.

Að færa þá ástæðu móti frv. þessu, að fjárhagurinn sje svo þröngur, að ekki sje hægt að lána þessar 100,000 kr., álít jeg að ekki geti komið til orða, einkum þegar þess er gætt, að liðugar 100,000 koma hjer í stað 500,000, sem upprunalega var samið um að lána. Því síður er hægt að taka þessa ástæðu gilda, þegar þess er gætt, að nær orðalaust er samþ. í Nd. að lána 60,000 kr. til einhverra tveggja manna, til þess að reisa lýðháskóla austur í sýslum, og um leið og sumir samþ. þetta, þá munu þeir, ef þeir ekki snúast og bæta ráð sitt, greiða atkv. á móti þessu frumv. og rjúfa þannig loforð þingsins við helztu stjett landsins, bændastjettina.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls um þetta frumv., en háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) vjek máli sínu nokkuð til mín, svo að jeg þykist hafa ástæðu til að tala nokkur orð.

Mjer þykir vænt um áhugann og alvöruna, sem lýsti sjer í orðum hv. þm. Strand., það er æfinlega gaman að því er áhugamenn berjast af alúð fyrir einhverju nauðsynjamáli. Jeg neita því ekki, að túngirðingar sje nauðsynjamál fyrir bændastjettina, en það hefur komið í ljós, að túngirðingalögin eru óheppileg, þar sem þau hafa ekki verið notuð. Jeg tók það fram, að menn mundu helzt vilja að þau lög væru numin úr gildi. Mótspyrna þingsins móti framkvæmd þeirra hefur stafað af mótspyrnunni í landinu.

Dæmið, sem hv. þm. kom með um 500,000 kr. tillag til járnbrauta gat ekki átt hjer við. Sá, eða þeir, sem það tillag hefðu fengið, hefðu orðið að byrja á verkinu. Tillagið hefði ekki orðið útborgað, nema eitthvað hefði verið framkvæmt í þá átt. En hjer í þessu tilfelli þarf ekki að byrja fyr en peningarnir eru fengnir. Hjer getur ekki heldur verið að ræða um neinar skaðabætur, og jeg hygg, að engum hafi komið til hugar, að byrja á lögsókn út af frestun laganna. Og þótt einhverjir hefðu gjört það, mundu þeir hafa lítið haft upp úr því. Enda ber þingið enga »juridiska« ábyrgð; heldur hefði þá átt að lögsækja stjórnina.

Háttv, þm. bar þetta líka saman við bankana, og sagði, að ef þeir gjörðu samning um lán við menn, þá hættu þeir ekki við samninginn, þó þeir gætu fengið hærri vexti á annan hátt. En hvað gjörir nú háttv. þm. sjálfur? Heldur hann sín loforð? Jeg held síður, þar sem hann hefur áður boðið 41 árs afborgunartíma, en vill nú færa hann niður í 22 ár. Afborgunarskilmálarnir yrðu því nú miklu óaðgengilegri, þar sem afborgunin hækkar úr 5% upp í 7%. Hann stendur heldur ekki við sín loforð.

Enn fremur heldur háttv. þm. því fram, að það sje nú búið að gjöra þetta að flokksmáli. Því verð jeg algjörlega að neita, þar sem við viljum fylgja tillögu stjórnarinnar um frestun á túngirðingalögunum. Mótflokkurinn fylgir einmitt stjórninni, en er á móti þm.frumv.

Að því er sjálfan mig snertir, þá hef jeg aldrei gengið frá neinu loforði í þessu máli, þar sem jeg hef allt af barizt gegn túngirðingalögunum.

Þá talaði sami háttv. þm., að við færum í gönur, sem fresta vildu lögunum, en það er einmitt það sem síðasta alþing hefur gjört sig sekt í og stjórnin með. Hjer er því blaðinu snúið við. Það er háttv. flutnm. þessa frv. (Guðj. G.) og stjórnin, sem gjört hafa sig sek í því að fara í gönur í þessu máli. Við stöndum með stjórninni, en hann er á móti henni. En kannske nú sje búið að snúa blaðinu við og nú sje skipt um hlutverk milli flokkanna.

Annars var ræða háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), að mörgu leyti röksamleg, en jeg held að honum hafi þó ekki tekizt að sannfæra neinn um, að samþykkja ætti þetta frumv.

Fjárhagslega skoðað bætir það ekki úr, þótt samþykktar sjeu einnig aðrar útgjaldaupphæðir á þessu þingi, sem sjeu óþarfar. Enda er enn ekki sjeð fyrir endann á fjárlagafrumv. Og jeg veit, að það eru margir háttv. þm., sem búast við því og treysta því, að háttv. Ed. muni skera niður ýmislegt af útgjöldum þeim, sem háttv. Nd. hefur sett inn í fjárlagafrumv.

Jeg orðlengi svo ekki frekara um þetta mál, enda ræddi jeg það við 2. umr. og gjörði þá ljósa grein fyrir skoðun minni á því.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það er óþarfi fyrir hv. þm. G.-K. (V. G.) að taka það fram, að jeg bryti sjálfur mín eigin loforð. Jeg hafði sjálfur tekið það fram. En brot mitt var þó minna en þeirra, sem fresta vilja lögunum, því að jeg kem með frumv., þar sem ákveðið er, að þjóðin skuli þó fá 1/5 hluta þess, sem henni hafði verið lofað. En þar sem jeg álít hinn fyrri samning við þjóðina brotinn, þá er þó stór munur á því, að gefa henni kost á 100,000 kr. og því, að kippa hendinni alveg að sjer. Því að þetta er brot á »princípi«. En betri er þó hálfur skaði en allur.

Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Jeg skal sízt lengja umr. um þetta mál. En af því að minnst var á það, hvernig bændastjettin hjer á landi hafi tekið í þetta mál, þóttist jeg verða að fara um það nokkrum orðum.

Eptir að þessi túngirðingalög komu út, var mjög lítið sótt um lán til girðinga, og það sýnir hve lítið kappsmál þetta var mönnum.

Jeg hef fengið yfirlit yfir það frá stjórninni, hvað sótt hefur verið um af lánum og veitt í þessu skyni. Árið 1904 var sótt um, og veitt 1905: 6,116 kr., og árið 1905 var sótt um, og veittar árið 1906 10,066 kr. 66 aura, eða samtals 16,183 kr. bæði árin. Þetta er afarlítil upphæð og sýnir bezt, að þetta hefur mönnum ekki verið sjerlega hugðnæmt. Það sýnir sjálfstæði íslenzkra bænda, að þeir vilja heldur reyna að bjargast á eigin spýtur, en að taka lán með löngum afborgunartíma. En óbeinlínis varð þó gagn að þessum lögum, með því að stjórnin pantaði efni fyrir menn til girðinga. Og það var meira notað en lánin.

Jeg greiddi atkv. með því 1905, að fresta framkvæmd túngirðingalaganna af því að jeg var sannfærður um, að það væri ekki almennur vilji bænda

út um land, að lög þessi hjeldist í gildi.

Jeg vissi nú, að í einstöku hjeruðum var almennur áhugi á því, að koma upp girðingum. Þess vegna greiddi jeg atkv. með frumv. þessu við 2. umr. Og jeg tók ekki nærri mjer það, sem háttv. þm. G.-K. (V. G.) var að tala um snúning í kringum stjórnina eins og skopparakringla; jeg tek mjer það miklu fremur til inntektar, heldur en að mjer þurfi að bera á brýn nokkurn stirðbusaskap.

Þetta frumv. er nú tilraun til að vita, hvað þessi vilji og áhugi, að koma upp girðingum er almennur, Jeg játa það og þekki nokkurn veginn, að þessar girðingar eru afarmikið skilyrði fyrir landbúnaðinn. En jeg get ekki fundið, að háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) hafi ástæðu til að tala um pretti hjá þinginu í þessu efni, því að vilji landsmanna sjálfra hefur komið skýrt fram í þá átt, að þeir hafa ekki kært sig um að nota lögin. En með þessu frumv. ætla jeg að greiða atkv., til þess að þessi löngun og áhugi bænda að koma upp girðingum fái að sýna sig sem bezt.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugson (þm. Strand.): Háttv. þm. G.-K. (V. G.) hefur opt tekið fram, að lög þessi hefðu lítið verið notuð og háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.) styrkti mál hans. Við vissum, að lánin mundu verða lítið notuð fyrsta árið eða fyrstu árin, þegar mótmælin dundu yfir úr öllum áttum og sneru skoðun margra bænda. En það, sem sneri mönnum gegn lögunum, var ekki hinn langi afborgunartími, heldur það, að vírinn ætti að vera háskagripur, að hann entist ekkert og væri hættulegur mönnum og skepnum. Jeg ætla ekki að fara að nefna ákveðnar persónur, en jeg get ekki stillt mig um að nefna dæmi upp á það, hvernig farið var að því, að snúa mönnum gegn túngirðingalögunum. Jeg veit af manni, sem svaraði spurningum þeim út af lögunum, sem Ísafold lagði fyrir ýmsa bændur. Svörin komu öll í blaðinu, þegar þau mótmæltu lögunum, en ekkert svar kom í blaðið með þeim. Það var maður á næsta bæ við mig, sem elt hafði lengi grátt silfur við mig; til hans var snúið sjer um svör upp á spurningarnar; en þegar svar hans varð með gaddavírnum, þannig að hann taldi hann ekki að eins hættulausan, heldur jafnvel nauðsynlegan, þá var svarið ekki birt. Þegar svo fer, að öll svörin eru á móti einhverjum hlut, en ekkert svar með, þá leiðir af því, að menn vilja ekki og þora ekki að ráðast í að kaupa hlutinn. Það þarf æfinlega einstaka menn fyrst til þess að koma ganginum á, svo koma fleiri á eptir.

Jeg má segja, að sýslumaðurinn í Dalasýslu, Björn Bjarnarson, hafði fengið sjer og notað skilvindu í 2 ár, áður en nokkur annar fjekk hana hjer á landi. En svo þegar hann er búinn að brúka hana þessi 2 ár, og menn fóru að heyra, hvílíkt búþing hún væri, þá loks risu menn almennt upp og fengu sjer skilvindur. En hjer eru lögin drepin í fæðingunni og öll framkvæmd þeirra hept.

Það sem háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.) var að tala um ýmigust manna á hinum langa afborgunartíma, þá þekki jeg ekki meiri fjarstæðu. Getur vel verið, að til sje margur heimskur bóndi. En þá vil jeg geta þess, að hver sem vildi mátti borga allt sitt lán upp eptir mánuð og jeg veit af 2 bændum, sem borguðu sín lán upp áður en árið var liðið. Og það, sem

vannst við lögin var þó það, að girðingarnar urðu miklu ódýrari og menn fengu þær með miklu þægilegra móti, þó að þeir gætu borgað allan kostnaðinn þegar í stað. Vegurinn, sem farinn var með túngirðingalögunum, var sá rjetti vegur, ef framhaldið hefði svo verið eftir byrjuninni. En svo var ekki neitt fje að fá, þegar fyrsti rekspölurinn var kominn á. Það er því ekki neitt að byggja á því. En ef næsta ár verða notaðar þessar 100,000 kr., þá er það beint brot á loforðum þingsins, fái bændur ekki svo þá upphæð, sem samþ. var 1903.

Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) tók fram, hvað bændur út um land gætu verið heimskir, þar sem jeg var að minnast á, að þeim væri ekki um þennan langa afborgunartíma. En hann hefur sjálfur komið nokkuð nærri heimskunni, þar sem hann ákveður í frumv. afborgunina hærri en í lögunum. Breytingin á lögunum sýnir einmitt, hve óeðlileg þau voru. Hann sagði, að menn hefðu getað fengið að borga lánin rjett strax aptur; en það er spurning um það, hvort þeir máttu það.

Gagnið af lögunum var óbeinlínis mikið, þar sem menn gátu pantað girðingaefnið og máttu borga það strax.

ATKV.GR.:

Frumv. í heild sinni samþ. með 7 atkv. gegn 4 og sent forseta Nd.

Á 41. fundi Nd., miðvikudaginn 4. september, kom frumv. (A 421) til 1. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Hin háttv. deild verður vonandi ekki lengi að hugsa sig um, hvað hún eigi að gjöra við þetta frumv. Peningavandræði landsins eru nú meiri en áður; það vantar peninga til margs, sem nauðsynlegt er að gjöra, og í viðlagasjóði er svo mikil þurð, að hann *getur* ekki veitt stór lán. Hjer er farið fram á, að veita 100,000 kr. lán á næstkomandi fjárhagstímabili. Menn ættu nú að athuga þau lán, sem hv. Ed. hefur fellt úr fjárlagafrumv. Nd., lán, sem eru *margfalt* þarfari en það lán, sem þetta frv. fer fram á. Auk þess hefur frumv. stjórnarinnar um að fresta framkvæmd túngirðingalaganna komizt gegn um 2 umr. í Ed. og bíður nú eptir því, að *þetta* frv. sje ráðið af dögum, fái makleg endalok. Þá getur frumv. stjórnarinnar haldið leiðar sinnar gegnum þingið. Það er öldungis víst, að þingið verður að skera niður margar lánbeiðnir, sem miklu meiri ástæða væri til að sinna. Jeg vil því leggja það til, að þetta frumv. sje tafarlaust fellt hjer í deildinni.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg lít öðrum augum á þetta mál en háttv. 2. þm. Rvk. Frv. þetta er komið fram af því, að stjórnin kom fram með frumv. um frestun á framkvæmd laga um túngirðingar. Jeg get ekki litið svo á, að það sje rjettmætt að fella frumv. Hvaða lán er rjettmætt að veita? Þingið hefur gefið út lög um þetta 1903, og þar er lögbundið loforð fyrir 500,000 kr. láni til þessa augnamiðs. Og hvað er rjettmætt ef ekki það, að stjórn og þing standi við lög sín og loforð? Jeg skal þó játa, að það var, ef til vill, nokkuð langt gengið 1903, enda var sú lánveiting ekki notuð þá; en þrátt fyrir það hafa lögin haft stórmikla þýðingu. Þau hafa opnað augu margra fyrir þessu þýðingarmikla hjálparmeðali við aðalatvinnuveg landsins, búnaðinn.

Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er miklu vægara en frumv. 1903. Þá

voru veittar 500,000 kr., og afborgunartíminn var um 40 ár. En nú er farið fram á 100,000 kr. með hjer um bil helmingi styttri afborgunartíma. Auk þess eru ýmsar breytingar frá því, sem var 1903, en það á ekki við, að ræða þær nú við 1. umr. málsins. Þetta frumv. hefur sneitt fyrir öll þau annes, sem þóttu á frv. frá 1903.

Jeg get ekki verið háttv. 2. þm. Rvk. samdóma um, að það vanti fje til þessa. Nefndin, sem sett var í málið í Ed., reyndi að hugsa það og kynna sjer það sem bezt, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að ekkert væri á móti því að samþ. frumv., því að 1909 mundi verða svo mikið fje í viðlagasjóði, að óhætt væri að samþ. frumv., af því það færi svo vægt í sakir, að æskja ekki lánsins fyr en síðara ár fjárhagstimabilsins, þegar væntanlega verður betur ástatt fyrir viðlagasjóðnum, en nú er.

Jeg get ekki sjeð annað, en að illa sje farið með bændur landsins, ef þetta frumv. yrði fellt nú. Þeir hafa haft vissa von um að fá lán til þess að girða tún sín, og haft fulla ástæðu til þess, þar sem það var lögheimilað.

Að svipta bændur nú allri von, hygg jeg, að hver sá, er rjett og sanngjarnlega vill dæma, telji allsendis rangt. Það er æfinlega óviðfelldið, þegar hægt er að segja um atferli manns, eins og máltækið kveður að orði: »Aptur tekur ragur maður rassgjöf sína«. Og eigi er það síður óviðfelldið, ef um fulltrúa þjóðarinnar er að ræða. Og mjer finnst það fulllangt gengið, að svipta bændastjett Íslands von um 400,000 kr. lán með mjög vægum kjörum, þó ekki sje algjörlega skorið fyrir þetta.

Jeg verð að álíta það nokkuð varhugaverðar fullyrðingar hjá hinum háttv. þm., sem síðast talaði, að frumv. stjórnarinnar um frestun á framkvæmd laganna frá 19. desbr. 1903, bíði þar til útsjeð verði um, hvernig þessu frumv. reiðir af; og að stjórnarfrumvarpið verði samþykkt, ef þetta frumv. verður fellt hjer í deildinni. Jeg þykist geta sagt með jafnmikilli eða meiri vissu, að stjórnarfrumv. verði látið bíða í Ed. til þess að sjá, hver afdrif þessa frumv. verða hjer í deildinni, og ef þetta frumv. verður fellt, þá má búast við sömu forlögum um frumv. stjórnarinnar, og þá höfum við ekki annað við að búa en túngirðingalögin gömlu frá 19. desbr. 1903, sem bæði eru óvinsæl hjá sumum, og því nær ókleif fyrir viðlagasjóð, af því að nú er efst á baugi að nota 500,000 kr. lántökuheimildina frá 1903 til annars augnamiðs, en upphaflega var stofnað til. Þetta vildi jeg biðja hina háttv. deild að athuga vel, og taka ekki á móti þeim afleiðingum, er af því kynnu að stafa, ef bæði þessi nefndu frumv. verða felld.

Vegna þess, hve áliðið er orðið á þingtímann, vil jeg ekki stinga upp á nefnd, en jeg álít, að það sanngjarnasta, hyggilegasta og rjettasta, sem deildin getur gjört um þetta efni, sje að vísa málinu til 2. umr. og samþykkja það síðan sem lög frá þinginu.

ATKV.GR.:

Frumv. fellt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 10.

Pjetur Jónsson og Einar Þórðarson voru ekki á fundi.

V. Löggilding verzlunarstaðar í Viðey.

Á 30. fundi Ed., mánudaginn 19. ágúst, kom frv. til laga (A 224) um löggilding verzlunarstaðar við eystri enda Viðeyjar móti Gufunesi — flutningsmaður Ágúst Flygenring — til 1. umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg get farið fáum orðum um frumv. þetta, vegna þess að allir hv. þm. hjer í deildinni munu vera kunnugir ástæðunum fyrir því, að það er borið hjer upp. Síðast liðinn vetur var stofnað stórt verzlunar- og fiskiveiðafjelag, sem hefur aðal-aðsetur sitt hjer í Reykjavík, en af því að það getur ekki að öllu leyti haft bækistöð sína hjer, þá hefur þetta fjelag leigt eystri enda Viðeyjar. Þar er ágæt höfn og að öðru leyti mjög hentugt að hafa þar »upplag« fyrir kol, salt o. s. frv. Auk þess sem það ætlar að hafa þar fiskverkun. Hjer er því nauðsyn á að fá löggiltan verzlunarstað, svo að skip, sem þangað eiga að fara, þurfi ekki fyrst að fara inn til Reykjavíkur til þess að sýna þar skjöl sín. Samkvæmt þessum upplýsingum, og í trausti þess, að háttv. þm. geti látið sjer skiljast, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, óska jeg, að hv. deild leyfi, að frv. þetta verði borið hjer upp, þótt tími sá, er 18. gr. þingskapanna setur fyrir útbýtingu frv. frá þm., sje út runninn.

ATKV.GR.:

Samþ. með 9 samhlj. atkv., að frv. megi berast upp.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring. Jeg get bætt því við, að við þessa höfn er hægt að gjöra ráð fyrir miklum mannvirkjum. Þar er verið að byggja stóra hafskipabryggju, þar verður stór og góður »upplags« staður og höfnin að því leyti bætt og siglingin um sundið sem fjelagið mun hafa í hyggju að setja hjer nauðsynleg leiðarmerki, og getur það haft talsverða þýðingu fyrir fiskiflota vorn yfirhöfuð, sem liggur þar innfrá að vetrum. Þegar þess líka er gætt, hve lítið er hjer um pláss fyrir afgreiðslu hinna innlendu fiskiskipa og hins stóra útlenda fiskiskipaflota er hingað sækir til Reykjavíkur árlega, og hve erfitt er hjer að fá »upplagsplass« fyrir kol, salt o. s. frv., þá má ætla, að þetta geti orðið til mikilla nota fyrir Reykjavík. Hjer er vitanlega stigið fyrsta sporið til stórkaupaverzlunar, sem getur orðið til mikils hagnaðar, ekki einungis fyrir Reykvíkinga, heldur einnig alla Íslendinga.

Jeg vona því, að hv. deild leyfi þessu frv. að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Á 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst kom frv. (A 224) til 2. umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta frv., en við 1. umr., og vænti þess, að hv. deild líti svo á, að ef um nokkra þörf sje að ræða til nýrrar löggildingar nokkrum þeim stöðum, sem hún hefur samþ. áðnr, þá sje sú þörf hvergi eins brýn og hafi við jafn góð rök að styðjast sem hjer. Vona jeg þess vegna, að hv. deild lofi þessu frv. að fá framgagn.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 12 shlj. atkv.
2. — — — — 12 — —

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 34. fundi Ed., föstudaginn 23. ágúst, kom frv. (A 224) til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 28. ágúst kom frv. (A 400) til 1. umr.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk): Jeg hef nú setið þegjandi undir öllum þessum löggildingum í sumar, en nú get jeg ekki lengur orða bundizt. Nú á að fara að löggilda verzlunarstað í Viðey fast við Reykjavík. Hver skyldi nú hafa gagn af því? Er það gjört fyrir bóndann í Viðey? Eða ætli sveitabændur fari að fá sjer bát og róa út í Viðey til þess að verzla? Það væri máske hentugt fyrir »trollara« að skreppa þangað til þess að fá sjer þar kol, þegar hvasst er hjer á höfninni; engir aðrir geta haft gagn af þessari löggilding. Jeg held, að það væri þá nær að fella þetta frv., en búa svo til annað, sem löggilti í einu allar strendur landsins. Á því sparaðist bæði tími þingsins og liðamót þm., sem allt af þurfa að vera að standa upp fyrir þessum eilífu löggildingum.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg get ekki fallizt á skoðun háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) á þessu máli. Munurinn á því, hvort verzlunarstaður er löggiltur eða ekki, er eingöngu sá, að tollheimtumaður á að heimta tolla þar sem löggilt er; þegar nú tollheimtumaður hefur lýst yfir því, að honum standi þetta á sama, þá sje jeg enga ástæðu til þess, að vera á móti slíku frumv. Ekki fremur hjer en annarsstaðar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkv.gr.

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson,
Herm. Jónasson,	Ólafur Thorlacius,
Jóhannes Ólafsson,	Tr. Gunnarsson.
L. H. Bjarnason,	
Magn. Andrjesson,	
Magn. Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánsson, Skgf.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst, kom frumv. (A 400) til 2. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það er ekki venja, að hafa orð á því, þó að einhver tangi eða vík sje löggilt til verzlunar. Miklu fremur er svo að sjá, sem þingið telji sjer skilt, að löggilda smátt og smátt, öldungis umtalslaust hvert einasta annes og hverja einustu vík á öllu landinu.

En jeg veit ekki, hvort það er rjett, að þegja í þetta sinn. Því að til hvers er verið að löggilda verzlunarstaði? Er það ekki til þess, að gjöra mönnum hægra fyrir, að ná nauðsynjum sínum, stuðla að því, að hver geti verzlað sem næst sjer? Sú er ætlunin, vafalaust, og engin önnur.

En fyrir hvern á þá að fara að löggilda verzlunarstað í Viðey? Er það fyrir bóndann í Viðey, eða fyrir Mosfellssveit eða Seltjarnarnes? Ef það er fyrir þennan eina bónda, þá er krafan eða beiðnin sannarlega of barnaleg, smámunalegri en svo, að þingið geti tekið hana til greina. Og nú er það öllum ljóst, sem til þekkja, að þannig, einmitt *þannig* er þessu farið, því að Mosfellssveit og Seltjarnarnes sækja verzlun sína til Reykjavíkur og mundu gjöra eptir sem áður. Nei, hjer ligg-

ur annar fiskur undir steini. Kolaverzlun Reykjavíkur hefur aukizt stórkostlega á síðari árum; það gjöra auknar gufuskipakomur.—Útlend fiskiskip (botnvörpuskip), kaupa t. d. mjög mikil kol árlega. Þetta hálfútlenda gróðafjelag, sem vill fá Viðey löggilta, vonast eptir því, að kolaverzlunin flytjist þangað inn eptir, sjerstaklega muni útlend fiskiveiðaskip fara þangað til að kaupa kol, mest botuvörpungar. En er nokkur ástæða til þess, að löggilda verzlunarstað rjett hjá Reykjavík fyrir þetta fjelag, og handa botnvörpungunum? Er rjett að löggilda höfn svo nærri höfuðstaðnum, og reyna að draga verzlunina þaðan? Sumir menn segja, að þarna í Viðey sje betra hafnarstæði. En að löggilda hafnarstæði svo nálægt Reykjavík, er samt því að eins rjettlátt, að staðurinn sje þá um leið lagður undir lögsagnarumdæmi bæjarins.

Jeg tel deildinni sæmst að fella þetta frumv. En komist það lifandi til 3. umr., þá mun jeg hafa til þá breyt.till., að Viðey sje bætt við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

ATKV.GR.:

1. gr. felld með 11 atkv. gegn 8.

Frumv. þannig fallið.

VI. Breyting á verzlunarlögunum.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. til laga (A. 352) um breyting á 2. gr. laga 7. nóvember 1879 um breytingar á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi — frá nefndinni í málinu um farandsala og umboðssala — til 1. umr.

Forseti tók fram, að frumv. væri of seint fram komið, og þyrfti því að leita samþykkis deildarinnar til þess, að það kæmi til 1. umr.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (1. kgk. þm.): Til viðbótar við það, sem jeg lauslega gat um áðan, þá skal skýrt frá, að þetta frumv. stendur í nánu sambandi við frumv. það, sem háttv. deild fjallaði um nú næst á undan. Að koma fram með þetta frv. var alveg nauðsynlegt til þess, að koma á jöfnuði í þessu efni. Ef að gamla leyfisbrjefagjaldið er látið halda sjer, munu farandsalar keppast um, að setjast að hjer, greiða 50 kr., og skjóta sjer þannig undan ákvæðum farandsalalaganna.

Jeg vona því, að háttv. deild sjái, að frumv. hefur fyllilega rjett á sjer.

ATKV.GR.: Samþ. í einu hljóði að ræða megi frumv.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Það er tekið fram í nefndarálitinu, að þessar 50 kr., sem greiddar eru fyrir borgarabrjef, sjeu allt of lágt gjald. Í fyrsta lagi er kaupmannastjettin hjer orðin svo fjölmenn, að heldur má draga úr og að minnsta kosti er engin þörf á að hvetja til þess starfa frekar. Margir, sem betur eru lagaðir til annars, hlaupa nú eptir ímynduðum gróða við kaupmennsku og taka þessa stöðu undirbúningslaust, sumir blá-fátækir; rýrir þetta ekki lítið álit verzlunarstjettarinnar út á við.

Hitt er og, að borgarabrjef hjer á Íslandi veitir kaupmönnum svo mikinn rjett, að ekki er of mikið, þó að þeir greiði fyrir svipað og í nágrannalöndunum. Nefndin áleit sjer því skylt, að koma fram með þetta frumv. Og stökkið úr 50 kr. upp í 200 kr. verður ekki til að hindra neinn, hvorki einstakling nje fjelag, til að reisa verzlun, ef hann er fær um það. Að eins gæti það komið fyrir, að sárfátækir menn yrðu með þessu útilokaðir frá því, að stofnsetja verzlun, en af því hlytist ekkert tjón.

Er það von mín, að háttv. deild taki þessu frumv. vel.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg tek ekki orðið til þess, að mótmæla frumv., hækkuninni á gjaldinu úr 50 kr. upp í 200 kr., því að jeg er því samþykkur. Jeg vildi að eins biðja háttv. flutningsmann eða nefndina, að stryka út úr frumv. orðið »eptirleiðis«; það mætti segja þar: framvegis, en ekkert þvílíkt orð þarf að vera þarna, og er þessu því algjörlega of aukið.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg er þakklátur hv. þm. fyrir athugasemd hans, og jeg vil lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að athugasemdin verður tekin til greina og orðið fellt burtu.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 29. ágúst, kom frumv. (A. 352, 445) til 2. umr.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Þar eð engum mótmælum hefur verið hreyft á móti þessu frumv., þá get jeg látið mjer nægja, að skírskota til þess, sem jeg sagði við 1. umr. málsins, og til nefndarálitsins í frumv. til laga um farandsala og umboðssala. Eru þar færðar greinilegar ástæður fyrir því, að frv. þetta sje nauðsynlegt, og eigi verði hjá því komizt í sambandi við frumv. um farandsala og umboðssala, að gjöra þessa breytingu á núgildandi lögum. Og einmitt í sambandi við það mun það mælast vel fyrir bæði utan kaupmannastjettarinnar og innan.

Vona jeg því, að háttv. deild leyfi því fram að ganga.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (415) við 1. gr. samþykkt með 12 atkv.

1. gr. breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 31. ágúst, kom frv. (A. 453) til 3. umr.

Frumv. var umræðulaust samþykkt með 9 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta Nd.

Á 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. september, kom frumv. (A. 500) til 1. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. var vísað til 2. umr. með atkvæðum.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7. september, kom frumv. (A. 500) til 2. umr.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg efast ekki um, að það sje í góðu skyni gjört, er hin háttv. Ed. hefur komið fram með frumv. það, um að hækka gjald fyrir borgarabrjef, er nú er hjer

fyrir. En jeg get þó ekki skilið, að það sje rjett, að hækka þetta gjald svo mikið, að kalla alveg umhugsunarlaust. Það er langt síðan að jeg hef lesið ástæðurnar fyrir frumv. þessu, en mig minnir, að þær sjeu á þá leið, að mönnum þyki smákaupmenn of margir, svo að dragi úr framleiðslunni. Það getur verið, að þetta sje rjett, en að ferfalda gjaldið svona allt í einu, getur komið ósanngjarnlega hart niður á mönnum, sem að rjettu lagi eiga að geta gefið sig við verzlun. Það er t. d. ekki svo sjaldgæft, að fátækar ekkjur taka það fyrir, til þess að hafa ofan af fyrir sjer og börnum sínum, að hafa einhverja smáverzlun. En með þessu 200 kr. gjaldi sje jeg ekki betur, en að slíkt sje alveg fyrirbyggt.

Það er ekki rjett heldur, að taka þetta eitt út úr allri atvinnulöggjöfinni; auk þess virðist sjálfsagt, ef hækka á gjaldið, að munur verði þá gjörður á verði borgarabrjefa, að sum verði dýrari en önnur ódýrari. Nú sem stendur vantar oss svo að segja alveg atvinnulöggjöf, en jeg býst við því, að það verði tekið fyrir bráðlega, að ráða bót á því, og einnig þess vegna verð jeg að mæla móti þessu frumv., og álít ekki, að það eigi að ganga fram á þessu þingi, að minnsta kosti ekki með svona löguðu gjaldi fyrir borgarabrjef. Jeg veit til þess, að þetta hefur verið sett í samband við frumv. til laga um farandsala og umboðssala, sem jeg að vísu ekki álít heldur að eigi fram að ganga, en hvað sem um það er, sje jeg ekkert samband þeirra tveggja frv. á milli. Þegar gjald fyrir borgarabrjef var lagt á 1879, þá var það með þeirri hugsun, að það yrði ekki til þess að hindra frjálsa atvinnu verzlunarmanna, heldur til þess aðallega, að menn gætu betur vitað hverjir ræku verzlun, og haft eptirlit með því, þetta stendur að minnsta kosti í áliti nefndar þeirrar, er um málið fjallaði þá hjer á þessum stað. En jeg get ekki annað sagt, en að mjer virðist, að þessi mikla hækkun muni verða til hindrunar atvinnufrelsinu, og það væri mjög svo »ódemókratiskt«, ef þingið færi að samþykkja þetta.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Það má vel vera, að það sje óheppilegt, að bera fram þetta frumv. í þessu formi, og að, ef hækkað er gjald á verzlunarmönnum, þá eigi ekki að hækka þetta gjald eitt, heldur fleiri, og hafa fleiri stig með misjöfnu gjaldi. eptir því hver verzlunin væri. En jeg er ekki á sama máli og háttv. þm. Vestm. (J. M.) um það, að ekki sje rjett að leggja nein höpt á þennan atvinnuveg. Jeg er samdóma honum um það, að þegar þetta gjald var sett í lög, þá hafi verið ætlazt til þess, að það væri að eins »nominelt«, en jeg álít það ekki rangt, þótt það kosti eitthvað, að verzla. Ef hver, sem vill, getur hlaupið til þess fyrirstöðulaust, hafa menn óhindrað leyfi til þess að að rugla því skipulagi, sem nauðsynlegt er að verzlunin hafi, ef hún á að geta orðið til hagsmuna fyrir land og lýð. Hjer er að eins farið fram á það, að hækka þetta gjald upp í 200 kr., og hygg jeg, að það geti eigi orðið til hindrunar fyrir þá menn, sem annars er gróði að fyrir þjóðfjelagið að komist að þessari atvinnu, að minnsta kosti ekki, ef um þær verzlanir er að ræða, sem selja allar almennar vörur. Það má vera, að hjer í Reykjavík, og ef til vill fleiri stærri kaupstöðum landsins sjeu verzlanir, sem selja einstakar vörur í svo smáum stýl, að þetta geti hindrað þær; jeg hef ekki íhugað það. En eins og verzlunin er almennt, held jeg að þessi

lög væru einmitt heppileg til þess að fyrirbyggja það, að ofmargir glæptust að þessari atvinuu.

Sumir líta svo á, að með því að hindra þannig einstaka menn, eins og þeir segja að gjört sje með þessu, sje um leið stuðlað að því, að kaupmenn, sem eru eldri í stöðunni og orðnir efnaðir, geti skapað nokkurskonar einokun. Jeg hef litið eptir þessu og jeg get ekki sjeð, að nokkursstaðar sje unnt að koma á einokun hjer á landi, nema með því móti, að fólkið sje svo sinnulaust, að það hafi ekki þau ráð undir rifjum, sem því eru í lófa lagin, til þess að sjá við þessu. Því að þótt samgöngurnar sjeu ekki greiðar hjer á landi, þá er þó alveg eins hægt fyrir bændur að útvega sjer vörur, ef þeir hafa rænu á því, eins og fyrir kaupmenn, sjerstaklega þá sem búa við afskekktar hafnir.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Mjer kemur það dálítið á óvart, að þetta frumv., sem gekk umræðulaust í gegnum 1. umræðu, skuli nú verða fyrir þessari árás hjer. Jeg er á sömu skoðun og fram kemur í frv. og álít það einmitt heppilegt, að það yrði samþykkt nú.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) færði ýmsar ástæður móti frumv., en jeg held ekki, að þær hafi verið á rökum byggðar. Afleiðingin af því, að gjaldið fyrir borgarabrjefið er að eins 50 kr. nú, er sú, að margir fjelausir menn og þekkingarlausir í verzlunarsökum leiðast til þess, að fara að verzla. Það glæpast á þessu margir, sem betur væru settir annarsstaðar og við aðra atvinnu, og sem ekki gjöra verzlunarstjettinni annað en ógagn og fara sjálfir fyr eða seinna á höfuðið. Að þetta hefur dregið marga nýta menn frá bændastjettinni og öðrum stjettum yfir í búðarlokustöðuna, það þarf ekki að sanna með dæmum; háttv. deildarmenn þekkja þau sjálfir; þetta lága gjald hefur freistað margra til þess að verða kaupmenn; þeir hafa orðið gjaldþrota og að lokum orðið undirtyllur annara, en slíkt er skaði fyrir landið, þar sem margir þeirra hefðu orðið nýtir menn í annari stöðu. En þetta, að tugir og jafnvel hundruð af fjelausum mönnum og þekkingarlausum sje að »spekúlera« í því, að fá lán til þess, að kaupa glysvarning og narra almenning til þess að kaupa hann aptur af sjer dýrum dómum, það verður til þess, að gjöra alla okkar verzlun óhollari og ótryggari. Það kveður svo rammt að þessu, að bankamenn hjer eru farnir að skrifa um það til útlanda, hvað íslenzkar verzlanir sjeu óáreiðanlegar, sumar hverjar, og vara menn við þeim. Allir sjá, að þetta hefur óholl áhrif á verzlunina og hag almennings, og aðalástæðan til þess er það, hve lágt þetta gjald er.

Svona lagað ákvæði hygg jeg því að sje dálítið í áttina til þess að stöðva þennan óheillastraum; að það taki alveg fyrir hann, er alveg óhugsandi, en nokkuð ætti það að bæta.

Jeg veit ekki til þess, að það sje í nokkru landi alfrjálst, að hlaupa að verzlun. Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að því fylgi allstaðar gjald, og það hærra gjald en hjer, og hvergi er rjetturinn jafn viðtækur fyrir jafnlitið gjald og hjer.

Það gat verið ástæða til þess 1879, að hafa gjaldið svona lágt, til þess að að örfa innlenda menn til að gefa sig við verzlun. En nú er aptur á móti orðið svo mikið um þá, að ástæða er til þess, að hepta fjölgunina. Að þetta frumv. sje »ódemókratiskt«, get jeg

ekki sjeð; það má þá segja, að öll sú löggjöf sje það, sem leggur nokkurt gjald á nokkra atvinnugrein.

Jeg hygg því, að þetta frumv. sje til bóta og megi ekki dragast, þótt það ef til vill verði eitt af þeim málum, sem skattamálanefnd fær að fjalla um, og þá að sundurgreina nánar, en gjört hefur verið.

Jeg hef vikið að því fyrir mörgum árum, að með skattalöggjöfinni mætti laga ýmsa þá agnúa, sem eru á verzlunarástandinu hjer, t. d. vöruskipta- og lánsverzlun. Og það verður verk skattamálanefndarinnar. En það er engin ástæða til þess að vera í móti frumv. þess vegna.

Ráðherrann: Jeg hef litið svo á, að þetta frv. stæði í sambandi við frv. um farandsala. Ástæðan fyrir því, að hækka gjaldið fyrir borgarabrjef úr 50 kr. upp í 200 kr., var sú, að það þótti ekki hæfa, að kaupmenn borguðu í eitt skipti fyrir öll, miklu minna en farsali árlega. Það getur vel verið, að það sje ekki demókratiskt, að gjöra mönnum örðugt fyrir að verzla, en ekki er það fremur demókratiskt að gjöra smákaupmönnum örðugt fyrir að njóta þeirra hlunninda, sem þeir geta notið af farsölunum. Mjer virðist sjálfsagt að samþykkja þetta frv., ef samþykkt verður frumv. um farandsala, en þangað til útsjeð er um það, finnst mjer þetta frumv. geta beðið.

Jón Magnússon, (þm. Vestm.): Jeg fæ ekki skilið hvert samræmi er í því, að kaupmenn greiði 200 kr. fyrir borgarabrjef í eitt skipti fyrir öll, en farandsalar 200 kr. á ári. Tilætlunin er víst sú, eins og jeg hef áður getið um, að með þessu sje gjörð tilraun til þess, að hepta strauminn úr framleiðslustjettunum í kaupmannastjettina. Það er efasamt, að frumv. nái þeim tilgangi, en hitt má með vissu segja fyrir, að það mundi einatt verða til þess að þröngva kosti þeirra, sem sízt skyldi; því að farandsalar geta keypt sjer borgarabrjef, og ferðast svo hvert sem þeim lízt um landið og boðið vörur sínar. Líka stefnu þessari, að koma smákaupmönnunum fyrir kattarnef, hefur annar bankinn hjer tekið upp. Hann hefur skrifað út um lönd, og gjört smákaupmennina tortryggilega í augum útlendinga. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að ekki einungis smákaupmenn hafi átt örðugra með að fá vörur í útlöndum, heldur veit jeg til þess, að einum efnuðum kaupmanni hjer, hefur verið neitað um vörur í Noregi, beint vegna þessarar aðvörunar.

Jeg skal ekki fara út í þetta mál frekara. Bæði þetta frumv. og frumv. um farandsala miða að því, að eyðileggja smákaupmennina en hjálpa stórkaupmönnum, og er sízt ætlandi þinginu að styðja að því.

Björn Bjarnarson, (þm. Dal.): Mjer virðast vera svo deildar skoðanir manna um þetta frumv., að ekki muni vera vanþörf á að athuga það betur, og leyfi mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd í það.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 12 atkv.
2. — — — 12 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Till. um að kjósa nefnd í málið felld með 12 atkv. gegn 11.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A 500) til 3. umr.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) taldi það furðu sæta, að jeg hefði leyft mjer að mæla

á móti þessu frumv. við 2. umr. En jeg verð að segja, að jeg tel það furðu, að þetta frumv. hefur eigi mætt meiri mótspyrnu hjer í deildinni, en það hefur gjört. Það er þó yfir höfuð atvinnufrelsi hjer hjá oss og við höfum þótzt semja okkur að siðum þeirra þjóða, sem frjálslyndastar eru í því efni, t. d. Englendinga. Hjer á líka að vera atvinnufrelsi bæði samkvæmt almennri rjettartilfinningu og eptir stjórnarskránni. Jeg álít, að þetta frv. leggi hapt á atvinnufrelsi manna þar sem farið er fram á svo afarhátt gjald fyrir borgarabrjef, sem hjer er gjört. Það er hærra en nokkursstaðar á Norðurlöndum annarsstaðar, að því er jeg frekast til veit. Háttv. þm. V.-Sk. sagðist vita til, að það væri hærra annarsstaðar, en jeg veit ekki hvar það getur verið, að minnsta kosti er það lægra í Danmörku (*Björn Kristjánsson:* Það var 300 kr. í Danmörku 1888). Það var hvorki 1878 eða 1888 svo hátt í Danmörku. Eptir dönskum lögum kostar »grósserabrjef« 200 kr. og 24 kr. í stimpilgjald í Kaupmannahöfn, en fjórðungi minna annarsstaðar í Danmörku, t. d. í Árósum 150 kr. og 18 kr. stimpilgjald, og þetta eru dýrustu verzlunarborgarabrjefin. Fyrir þá, sem ekki eru lögfræðingar, er auðvelt að sannfæra sig um að þessar tölur sjeu rjettar t. a. m. með því að fletta upp í Salomonsens konversationslexikon. Jeg hef spurt norskan mann um hvernig þetta væri í Norvegi og sagði hann mjer, að borgarabrjef kostuðu þar miklu minna. En hvað um það, þó að gjald fyrir verzlunarborgarabrjef væri einhversstaðar hærra en það, sem hjer er farið fram á, sem jeg verð stórlega að efa, þá finnst mjer ekki ástæða til að hækka það hjer, því jeg sje ekki að almenningsheill krefji þess. Hjer ættum vjer heldur að semja okkur að siðum Englendinga; þeir heimta ekkert fyrir borgarabrjef; þar má hver byrja að verzla nær sem hann vill, án þess að borga nokkuð fyrir. Samt getur það verið rjett að heimta dálítið gjald af þeim, sem verzlar, t. a. m. 50 kr., eins og nú er gjört, til þess að hægra sje að hafa yfirlit yfir kaupmenn.

Þetta er ofureinfalt mál og þeir, sem ekki hika sjer við að ástæðulausu eða ástæðulitlu að hepta atvinnufrelsi manna, geta verið með þessu frumv., aðrir ekki, en jeg álít rjett, að benda á, að hjer er verið að mynda nýtt »princip« í löggjöfinni. Það á ekki við að bera þetta saman við vínverzlunina; þar eru lögð bönd á, af því þar er álitið, að um skaðlega vöru sje að ræða og almenningsheill heimti hepting á þeirri verzlun.

Það er heldur ekki til neins að vera að bera þetta saman við útlenda farandsala, því að af þeim er heimtað eða má heimta gjald fyrir söluleyfið með sjerstöku tilliti til þess, að annars er einatt ómögulegt, að ná af þeim greiðslum til almenningsþarfa; en af innlendum mönnum er alltaf hægt að ná í gjöld til almennings þarfa, svo hjer er ólíku saman að jafna. Jeg er því á móti þessu frumv. og álít það óþarft og ófyrirsynju fram komið.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hef litlu við það að bæta, sem jeg sagði um þetta mál við 2. umr.; jeg held enn fast við þau sömu rök, sem jeg tilfærði þá. Jeg hefði ef til vill getað skilið það, að vitnað væri í stjórnarskrána, til þess að mæla á móti þessu máli, ef það hefði ekki verið löglærður maður, sem það gjörði. En að heyra hátt. þm. Vestm. gjöra það, þótt mjer furðu gegna, því jeg

veit að hann er glöggur lögfræðingur. Að skattur er lagður á atvinnuveg, er ekki skoðað svo, sem band sje lagt á atvinnufrelsi, það er allt annað, sem haft er fyrir augum í stjórnarskránni, þar er átt við hin gömlu fjelagabönd, sem allstaðar eru nú afnumin.

Verzlnnarheimildir eins almennar og viðtækar og hjer eru hjá oss hygg jeg að sjeu miklu dýrari í nágrannalöndunum, að minnsta kosti er svo í Danmörku og jeg held í Noregi líka. Jeg held enda, að slíkar almennar verzlunarheimildir, sem eru hjer, þekkist trauðlega í öðrum löndum.

Jeg skal enn fremur leyfa mjer að benda á, að nú getur fjöldi útlendinga fengið borgarabrjef hjer, með því að fullnægja búsetuskilyrðunum, sem eru sett í hinni gömlu tilskipun 1787 og með því fengið þessi víðtæku rjettindi. Það kann raunar að vera, að það sje ekki mjög víða hjer á landi, sem þetta getur haft þýðingu, en jeg veit, að það hefur þýðingu í því hjeraði, sem jeg þekki bezt til í nú sem stendur.

Ef sá, sem byrjar að verzla, hefur nokkuð bein í hendi, þá hygg jeg að þessi útgjöld þurfi ekki að verða honum svo tilfinnanleg, að þau verði hapt á atvinnu hans. En þó bægt sje frá verzlunarstjettinni mönnum, sem ekkert hafa í hana að vilja, þá sje jeg ekki að við það sje neinn skaði skeður. Jeg get og alls eigi gjört ráð fyrir, að þetta verki sem hapt á atvinnufrelsi, en það getur skeð, að það geti orðið til þess, að varna mönnum frá því, að rjúka vanhugsað í þá stöðu, sem þeir ekkert hafa í að gjöra, og aldrei geta gjört neitt gagn í, mönnum sem gætu orðið nýtir menn í annari stöðu, og að því leyti hygg jeg, að þetta frv. verði til góðs.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Það hefur verið talað um, að þetta gjald hepti atvinnufrelsi manna. En hjer er ekki um svo stórfje að ræða, að það geti valdið rjettarskerðingu. Jeg held, að það væri fullt svo rjett, ef litið er á það, hvað sjálfu þjóðfjelaginu er hollt, að færa gjaldið heldur upp og gjöra það hærra, en hjer er farið fram á, því að þegar litið er á flesta þá menn, sem hafa skipt um atvinnu, og gjörzt kaupmenn, þá mun það sjást, að fáir þeirra eru þjóðfjelaginu þarfari sem kaupmenn, heldur en þeir voru meðan þeir voru bændur, iðnaðarmenn eða skipstjórar. Þegar litið er inn um búðargluggana hjá þessum smákaupmönnum, þá er fátt af því, sem þeir selja, þarfavara, því á henni græðist minnst. Sumir af þessum smákaupmönnum eru menn, sem ekki hafa nennt lengur að vinna það, sem þeir hafa lært, og hafa svo keypt sjer verzlunarleyfi í þeirri trú, að þar væri ljettari vinna og finni staða, en til verzlunar hafa fæstir þeirra kunnáttu, svo endirinn verður eptir því. Er þetta skaðleg skerðing á atvinnufrelsi, þó löggjöfin leggi svo litla hindrun í veg þeirra, sem vilja fara ráðlaust með framtíð sína. Ef ætti að skerða frelsi manna til þess, að leita sjer atvinnu á sjó eða við landbúnað, þá mundi jeg vera þeim ákvæðum mátfallinn, en smáverzlanir með óþarfa varning, sem mestur er fenginn með lánum, álít jeg fremur til ógagns en gagns.

Jeg mun því greiða atkv. með þessu frumv., í fyrsta lagi af því, að jeg skoða það ekki sem skerðing á atvinnufrelsi, og í öðru lagi af því, að þótt svo væri, þá væri það ekki nema gott, í því atriði, sem hjer er um að ræða.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það mun vera satt, að þetta komi ekki beinlínis í bága við bókstaf stjórnar-

skrárinnar, en það kemur í bága við andann í 51. gr. hennar, sem segir að öll bönd, er hamla frelsi manna í atvinnuvegum og jafnrjetti til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skuli aftaka með lagaboði, því að hjer er farið fram á það, að gjöra mönnum örðugra fyrir, en áður hefur verið, að leita sjer atvinnu og gróða af verzlun.

Jeg gæti nú skilið það, að kaupmenn, tollheimtumenn og bankamenn væru með þessu frumv., ef þeir litu eingöngu á sinn hag, en það þykist jeg nú vita, að þeir gjöri ekki, heldur komi þetta af því, að þeir hafi ekki skoðað þetta mál nógu rækilega. *(Tryggvi Gunnarsson:* Hví skyldu bankamenn hafa hag af því?) Jeg býst við því, að erjurnar við innheimtu skulda hjá smákaupmönnum hafi heldur fjölgað, en fækkað gráu hárunum á höfði bankastjórans.

Það hefur verið sagt, að hjer sje að eins um lítilfjörlega aukningu að ræða, en það er ekki svo lítið, að ferfalda gjaldið, enda munu margir hafa ráðizt í, að reisa verzlun af því, hve lítið borgarabrjefið kostar, og orðið nýtir menn fyrir bragðið. Hví á þá að vera að bægja mönnum frá þessu? Jeg sje enga ástæðu til þess frá *almennu* sjónarmiði, og greiði því atkv. móti frv.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls, en af því að háttv. samþingismaður minn hefur nú lýst sinni skoðun á frumv., finn jeg mjer skylt, að gjöra það líka, láta í ljósi, að jeg er á gagnstæðri skoðun. Jeg er á því, að hafa gjaldið mjög lágt, og hygg, að ef til vill væri rjettast, að afnema það með öllu. Allt umtalið hjer í deildinni hefur ekki getað komið mjer í skilning um það, hvers vegna mönnum eigi að vera ófrjálsara að leita sjer þessarar atvinnu, en annarar.

Það hefur verið sagt, að það sje ekki hollt, að þeir menn ræki verzlun, sem ekki hafi vit á slíku. En jeg vil benda á það, að menn megi reka marga aðra atvinnu, án þess að hafa nokkurn snefil af viti á henni. Það getur t. d. hver maður, sem vill, sezt að hvar sem er hjer á landi og farið að stunda lækningar, án þess að vita nokkurn skapaðan hlut í læknisfræði, og hygg jeg þó, að öllum muni skiljast, að það muni vera fullt eins mikill vandi að vera læknir, eins og að vera kaupmaður.

En aðalmótbára mín gegn frumv. er sú, að mjer er kunnugt, og það ætti öllum að vera kunnugt, að hjer í bæ eru mjög margar smáverzlanir, þeir margir, bæði karlar og konur, sem byrja verzlun með litlum efnum, og þótt sumir þeirra hrökkvi upp af, eins og sagt hefur verið, þá hafa mjög margir, allur þorrinn bjargast vel af, bjargast áfram með sig og sína, ýmsir komist í góð efni og sumir enda í tölu stórkaupmanna. Mjer finnst því ekki rjett, að leggja hörð höpt á þennan atvinnuveg. Jeg skal taka dæmi: Iðnaðarmenn hafa að vísu leyfi til þess, að verzla með þann varning, sem þeir smíða sjálfir, en ef þeir vilja fara að verzla með samskonar varning aðkeyptan frá útlöndum, þá verða þeir að kaupa borgarabrjef. *(Björn Kristjánsson:* Aldrei gjört). Háttv. þgm. hefur ekki rjett að mæla, því að jeg hef spurt lögfróðan mann að þessu, og sagði hann að þessu væri svo farið, sem jeg gat um. Jeg játa það. *Þetta* varðar ekki mestu. *Það* varðar mestu, að hjer í Reykjavík er margt manna, bæði karla og kvenna, sem lifa á smáverzlun. Ef gjaldið er hækk-

að að mun, þá er öllum efnalitlum mönnum bægt frá þessum atvinnuveg og það tel jeg rangt. Það er *óefað* rangt, og þess vegna greiði jeg atkv. *gegn* frumv. og vona að meiri hluti háttv. deildarm. gjöri slíkt hið sama.

ATKV.GR.:

Frumv. var fellt með 13 atkv. gegn 10.

VII. Geðveikrahæli.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst, kom frv. til laga (A 427) um viðauka við lög 20. október 1905 um stofnun geðveikrahælis — flutningsmenn Guðmundur Björnsson og Jón Magnússon — til 1. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg get vel hugsað mjer, að ýmsum hv. þm. þyki undarlegt, að nú skuli vera komið með viðauka við lög frá síðasta þingi. Ástæðan til þess er sú, að í fyrstu var gjört ráð fyrir, að geðveikrahælið yrði mjög lítið, handa 20 sjúklingum, eða þar um bil; þá átti ekki að vera þar sjerstakur læknir, heldur átti t. d. læknirinn í Laugarnesi að sjá um það. En jeg veit, að þm. muna, að málið tók stakkaskiptum á síðasta þingi; hælið var stækkað um helming, og því ætlaður sjerstakur læknir. Hvernig sem á því stóð, ef til vill má saka mig og aðra þm. um það, þá var frv. ekki breytt í samræmi við þessa stækkun. En svona er það: í lögunum stendur ekkert um það, hver sje læknir og forstöðumaður stofnunarinnar.

Nú er geðveikrahælið komið á fót, og hefur verið notað í 3 mánuði og á þessum örstutta tíma hefur það getið sjer þann orðstír, að það sje einhver gagnlegasta stofnun þessa lands. Að allt hefur gengið svona vel þegar í byrjun, er mjög því að þakka, að þeir, sem velja áttu lækni og forstöðumann, hafa verið sjerlega heppnir í valinu. Vitanlega var læknir ráðinn með ákveðnum launum, og miðað við laun spítalalæknisins í Laugarnesi, sem eru 2,700 kr. En munurinn er sá, að Laugarneslæknirinn er læknir og yfirumsjónarmaður, hefur ekki önnur störf; er þar sjerstakur ráðsmaður, sem hefur á hendi verkstjórn og alla aðdrætti. En á Kleppi er ráðsmaðurinn sparaður og lækninum ætlað hans starf, eða öll ábyrgð á því.

Það er auðsætt, að ef unnt á að vera að halda duglegum manni í þessari stöðu, þá verður að launa honum vel. Þessi læknir er alveg bundinn við spítalann, og getur litlar sem engar aukatekjur haft af öðrum læknisverkum, því að hann getur sjaldan komið til bæjarins, að minnsta kosti ekki haft þar svo langar viðdvalir, að hann geti sinnt læknisstörfum að nokkrum mun.

Það eina, sem jeg get hugsað mjer að mönnum kunni að vaxa í augum er það, að hjer er verið að stofna nýtt embætti, nýja stöðu með eftirlaunarjetti. En jeg tel allt öðru máli að gegna, þó slíkt embætti sje stofnað nú, en meðan gömlu eftirlaunalögin voru í gildi. Og jeg vil vekja athygli deildarinnar á því, að það er ef til vill hvergi meiri ástæða til þess að veita mönnum rjett til eftirlauna, en einmitt

hjer. Því þessi læknisstaða er talsvert hættuleg. Það er því miður ekki sjaldgæft að læknar eða hjúkrunarfólk á geðveikraspítölum verður fyrir meiðslum af sjúklingunum; stundum hafa jafnvel sjúklingar orðið læknum að bana. Það er því nauðsynlegt, að læknirinn sje tryggður, ef hann verður öryrki; og það eru þegar gjörðar ráðstafanir til þess að tryggja allt hjúkrunarfólkið á Kleppi fyrir slysförum eða meiðslum, svo að hver starfsmaður fái talsverðar bætur, ef hann verður fyrir slysi.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta. Jeg vona að hv. deild taki frv. vel, og það fái að ganga rjetta boðleið.

ATKV.GR.:

Frv. hafði komið meir en 4 vikum eptir þingsetningu, svo að það varð að greiða atkv. um, hvort það skyldi tekið til meðferðar.

Frv. tekið til meðferðar með 14 atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv.

A 42. fundi Nd., fimmtudaginn 5. september, kom frv. (A 427) til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með nafnakalli með 12 atkv. gegn 7 og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	Hermann Jónasson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson,
Guðm. Björnsson.,	Magnús Andrjesson,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Jóhannes Ólafsson,	Skúli Thóroddsen.
Magn. Kristjánss.,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
St. Stefánsson, Eyf.	
Tr. Gunnarsson.	

Hannes Hafstein var eigi viðstaddur. Lárus H. Bjarnason, Pjetur Jónsson, St. Stefánsson 2 þm. Skgf. og Þórhallur Bjarnarson greiddu eigi atkv. og töldust með meiri hlutanum.

2. gr. frv. samþ. með 11 shlj. atkv. 4 þm. vantaði á fund.

Frv. vísað til 3. umr. með nafnakalli með 16 atkv. gegn 6, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	Hermann Jónass.,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Magnús Andrjess.,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem.
Jóhannes Ólafss.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
St. Stefánss., Eyf.	
Tryggvi Gunnarss.	

Hannes Hafstein var eigi viðstaddur. Lárus H. Bjarnason, Pjetur Jónsson, Skúli Thóroddsen, St. Stefánsson 2. þm. Skgf. og Þórhallur Bjarnarson greiddu eigi atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A. 427) til 3. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg hef orðið þess var, að sumir háttv. þm. hafa ekki heyrt ástæður þær, sem voru færðar fyrir þessu máli við 1. umr. hjer í deildinni, vil jeg því leyfa mjer að skýra málið enn á ný. Þegar frv. um geðveikrahæli var lagt fyrir, síðasta þing, var gjört ráð fyrir að hælið yrði ekki stærra en svo, að það rúmaði 25 sjúklinga, og þar af leiðandi var því ekki ætlaður sjerstakur læknir, en nú snerist málið svo í meðferð þingsins, að hælið var gjört helmingi stærra,

handa 40—50 sjúklingum. Nú er það komið upp, og húsin geta rúmað allt að 60 sjúklingum, ef þess gjörist þörf. Þar sem hælið varð svona stórt, liggur það í augum uppi, að þar þarf sjerstakan lækni. Nefndin á fyrra þingi lagði þess vegna til, að þar væri skipaður sjerstakur læknir og forstöðumaður. En samt sem áður var látið óútkljáð um læknisstöðuna í frumv., og þess vegna kemur þetta mál aptur til þingsins. Hælið er nú komið á fót og reynslan sýnir, að það er hin mesta nytsemdarstofnun. Sá maður, sem er þar læknir, hefur líka forstöðu stofnunarinnar, og hefur svo mikil störf á hendi, að hann getur ekki sinnt öðru, og getur því ekki haft aðrar tekjur en landssjóðslaun sín. Yfirstjórn geðveikrahælisins álítur nauðsynlegt, að gjöra honum skylt að búa inn á Kleppi, og störf hans eru svo mikil, að hann hefur engan tíma afgangs. Þess vegna álítur yfirstjórnin óhjákvæmilegt að hækka laun læknisins, og megi ekki ætla honum minni laun, en hjer er farið fram á. Jeg ímynda mjer, að þetta frumv. mæti ekki mótstöðu á þinginu, menn verða að gæta þess, að læknirinn á Kleppi er um leið ráðsmaður, svo að bústjórnin er að mun ódýrari en í Laugarnesi. Þar er læknirinn eingöngu forstöðumaður, og annar maður ráðsmaður. Lauganeslæknirinn fær 2,700 kr. í laun, og ráðsmaðurinn 1,500 kr., en þó að læknirinum á Kleppi sje ætluð 3,000 kr. í laun, og helzta vinnumanninum (svo nefndum ráðsmanni) 500 kr., þá verður kostnaðurinn við stjórn hælisins ekki nema 3,500 kr. í staðinn fyrir að hann er 4,200 kr. í Laugarnesi; starf ráðsmanns á Kleppi er eiginlega ekki annað en það að hann er fyrirvinna, hann er ráðsmaður í allt öðrum skilningi, en ráðsmaðurinn í Laugarnesi. Jeg get hugsað mjer, að nokkur ágreiningur geti orðið um það, hvort þessu embætti eigi að fylgja eptirlaun. Jeg vil geta þess, að það er sjerstök ástæða til að veita *þessum* embættismanni eptirlaunarjett; starf læknisins er þannig vaxið, að hann getur þá og þegar lent í lífshættu. Það kemur þráfaldlega fyrir á geðveikrahælum, að sjúklingarnir ráðast á lækninn og veita honum áverka, enda banasár. En verði læknirinn öryrki af völdum sjúklinganna, þá hlýtur landið að veita honum lífeyri, og biði hann bana, hlýtur landið að sjá fyrir konu hans og börnum, ef til eru. Það gjörir landið, ef honum er veittur eptirlaunarjettur.

Jeg vil bæta því við, að nefndin á síðasta þingi ætlaðist til þess, að hann hefði 2,400 kr., en í frumv. er farið fram á 3,000 kr.

Ástæðan til þess, að lækninum voru ætluð svo lítil laun í fyrstu, var sú, að þá var gjört ráð fyrir, að hann gæti gegnt læknisstörfum jafnhliða embættisstarfi sínu, og þá var ekki hugsað til þess, að hann kenndi á læknaskólanum. Nú getur hann ekki eins og jeg hef sýnt fram á sinnt neinum aukastörfum, og svo er til ætlazt, að hann kenni eina námsgrein á læknaskólanum. Þessi námsgrein er ekki stór, ein af þeim minnstu, en hún hefur hingað til verið í mestu vanrækslu, og það á einkar vel við, að læknirinn á Kleppi hafi á hendi kennslu í henni.

Ef frumv. verður ekki samþykkt, þá fæst hann auðvitað ekki til þess, að taka kennslustarfið að sjer.

Hann hefur kennt þessa grein frá nýjári þóknunarlaust, að eins fyrir mín tilmæli, og það má ekki búast við því, að hann gjöri það framvegis fyrir ekki neitt, og jeg get sagt með vissu, að hann gjörir það ekki.

Jeg vona því, að háttv. deild samþ. þetta frumv. nú þegar.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hef greitt atkvæði á móti frv., og gjöri það enn. Jeg hef ekki sjeð nauðsynlegt, að stofna hjer eptirlaunaembætti þrátt fyrir ræðu háttv. 2. þingm. Rvk. (G. B.). Jeg hef ekki sjeð skýrslurnar um það, að lækni sje nauðsynlegt að sitja á Kleppi, og sjerstaklega hefur háttv. síðasti ræðumaður ekki sannfært mig um nauðsynina á þessu embætti. Þetta frv. er ekki heldur komið rjetta leið. Hefði verið ástæða til að bæta kjör læknisins á Kleppi, þá hefði stjórnin átt að flytja málið. Ef málið hefði verið komið þá leið, sem það átti að koma, þá hefði verið sterkari sönnun fyrir því, að hjer væri um verulega þörf að ræða. Jeg dæmi hjer auðvitað ekki sem fagmaður, en jeg segi fyrir mig, að jeg sje ekki neina þörf á þessu frumv., og jeg get ekki neitað því, að mjer stendur stuggur af því, hvað læknastjettin sækir fast, að fá kjör sín bætt fyrir munn talsmanns síns hjer á þinginu.

Það getur verið rjett, að kjör þeirra ættu að vera betri, en það er ekki meiri ástæða til, að auka laun þeirra, en annara embættismanna, það væri heppilegra, að það gengi jafnara yfir alla.

Sem sagt er jeg ekki sannfærður um þörfina á þessu laga-ákvæði, og þar sem það bindur landssjóði á herðar lögbundna æfinlega gjaldabyrði, þótt ekki sje mikil, um aldur og æfi, þá get jeg ekki verið með frumv.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk.): Hinn háttv. þm., sem nú settist niður (Guðl. G.), færði til tvær ástæður gegn frumv.: í fyrsta lagi, að þessum manni væri ekki ætlað meira starf, en öðrum embættismönnum. En ef starfið er eins mikið og aðrir embættismenn hafa, því þá ekki að veita honum sömu laun og þeim. En hann hefur meira starf, en margir aðrir embættismenn, og jeg vil bæta því við, að sjálft starfið er svo mikilsvert og þannig vaxið, að þessi læknir á óefað að vera í embættismanna tölu.

Sú var önnur ástæða hins háttv. þm., að frumvarpið væri ekki komið frá stjórninni; það stafar af því, að geðveikrahælið var ekki komið á fót, þegar stjórnarfrumvörpin voru gjörð úr garði.

En þótt frumv. sje ekki komið frá stjórninni, þá er jafnmikil ástæða til að taka það til greina, því að það er yfirstjórn spítalans, sem flytur málið, og það er hún, sem er langkunnugust málinu. Enda mundi stjórnin hafa farið að hennar ráðum í þessu.

Það má vel vera, að háttv. þm. (G. G.) og fleirum standi stuggur af mjer og minni vinnu fyrir læknastjettina, og sje jeg ekki ástæðu til þess að svara því fyrir mína hönd, en jeg held samt, að meiri ástæða væri til, að mönnum stæði stuggur af annari stjett á þinginu og í landinu, en læknastjettinni. (*Þórhallur Bjarnarson*: Þessi orð kosta frumv. lífið).

Lárus H. Bjarnason, (þm. Snæf.): Jeg held ekki, að það sje ástæða til að tala lengi um þetta mál, því það er ekki svo mikilsvert. En mjer fannst, að röksemdir hins háttv. framsm. ekki vera vel haldgóðar.

Hann sagði, að læknirinn á Kleppi gæti enga »praxis« haft. Mjer er þó sagt, að hann hafi töluverða »praxis« og muni halda henni átram. Jeg þekki líka annan mann, sem skipaður var spítalalæknir. Það var sagt um hann, að hann gæti enga »praxis« haft, hann

yrði allt af að vera til taks á spitalanum, en hann flutti þó hingað inn í bæinn, og kvað hafa mikla »praxis«.

Viðvíkjandi hinu, sem hann sagði, að það væri sjerstaklega mikil hætta að vera læknir á geðveikraspítala, þá held jeg, að það sje orðum aukið. Það hlýtur að minnsta kosti að vera miklu hættusamara að vera læknir á spítölum fyrir næma sjúkdóma. Að öllu yfirveguðu held jeg, að þessi launahækkun megi vel bíða til 1909. Geðveikinni mun ekki vera þannig varið, að hún útheimti, að læknirinn liggi stöðugt yfir sjúklingunum, og því ætti hann að geta unnið sjer eitthvað inn með »praxis«.

ATKV.GR.: Frv. fellt með 12 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon.	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Eggert Pálsson,
Einar Þórðarson,	Guðl. Guðmundss.,
Guðm. Björnsson,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Magn. Kristjánsson,	Jón Jónsson,
Ólafur Ólafsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Ólafur Thorlacius,	Magnús Andrjess.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thóroddsen,	St. Sefánss., Skgf.
St. Stef., þm. Eyf.	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Björn Bjarnason og Hannes Hafstein voru eigi viðstaddir, og greiddu því eigi atkvæði.

VIII. Sala þjóðjarða, a.

Á 30. fundi Nd., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. til laga (A 171, 190, 285) um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Árbakka í Húnavatnssýslu — flutningsmaður Hermann Jónasson — til 1. umr.

Flutningsmaður Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Samkvæmt ósk ábúandans hef jeg leyft mjer, á þgskj. 171, að flytja frumv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Árbakka í Húnavatnssýslu. Á þingi 1903 lá fyrir sams konar beiðni frá ábúandanum, en þá óskaði hann, að fá skipti á Árbakka og jörðinni Yztagili í Engihlíðarhreppi. Þá var talsvert rætt um þetta mál, svo að jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um það nú.

Jeg verð að álíta, að stjórnina hafi brostið kunnugleika á þessari jörð, þegar hún neitaði að selja hana. Í vetur var það einróma álit sýslunefndarinnar, að sala þessarar jarðar kæmi ekki að neinu leyti í bága við fyrirmæli 2. gr. þjóðjarðasölulaganna. Umboðsmaður þjóðjarða í Þingeyrarklaustursumboði á heima nálægt þessari jörð, og mælti hann heldur eigi á móti sölu hennar þótt hann ætti sæti í sýslunefndinni. Allt um það neitar stjórnin að selja jörðina af þeirri ástæðu, að sala hennar kunni einhvern tíma að koma í bága við fyrirmæli 2. gr. laganna.

Háttv. þingdeild er það kunnugt, að jeg hef á undanförnum þingum farið mjög varlega í þjóðjarðasölumálum, af því að jeg hef viljað fá tryggingu fyrir, að salan kæmi ekki í bága við hag almennings, og tel jeg það ekki litla tryggingu fyrir því, að sala þess-

arar jarðar komi ekki í bága við þau fyrirmæli, sem lög bjóða um það efni, ekki sízt þar sem jeg hef einnig verið meðmæltur sölu þessarar jarðar áður. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp nokkrar línur úr brjefi, sem er álitsskjal um sölu þessarar jarðar, og er til enn frekari tryggingar um, að salan komi ekki að neinu leyti í bága við fyrirmæli laganna. Jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg er þessu skjali samþykkur að öllu leyti. Undir skjalið hafa skrifað valinkunnir menn og kunnugir þessari jörðu, sem hjer um ræðir. Þessir menn hafa skrifað undir: Sóknarpresturinn, sjera Jón Pálsson á Höskuldsstöðum, tveir kaupmenn á Skagaströnd; þeirra hefur annar dvalið um 50 ár á Skagaströnd. Ennfremur Björn Árnason, skilríkur bóndi þar í sveitinni, Árni Jónsson hreppstjóri og dannebrogsmaður, sem búið hefur í sveitinni um 50 ár, og Hemmert verzlunarstjóri á Skagaströnd. Þessir menn segja svo í álitsskjali sínu.

»Eptir okkar bezta og samvizkusamlegasta áliti getum við ekki sjeð, að nokkurn tíma geti komið til tals, að á þurfi að halda byggingarlóð í Árbakkalandi undir verzlunar- eða tómthús, þar sem að mjög góð byggingarstæði eru að miklum mun enn óbyggð í Höfðahólalandi, og tæplega hugsanlegt, að þau nokkru sinni byggist öll, og mundi enginn meðalgreindur maður, kunnugur og óvilhallur, geta álitið annað«.

Eins og nú standa sakir, sækir ekki nema nokkur hluti Vindhælishrepps Skagastrandarverzlun. Norðurhluti hreppsins sækir verzlun á Kálfshamarsvík, en syðri hlutinn á Blönduós. Útræðið hefur og á síðustu árum flutzt mjög frá Skagaströnd til Kálfshamarsvíkur. Ef því sala þessarar jarðar stríðir á móti þjóðjarðasölulögunum, sje jeg ekki annað, en að það liggi ef til vill í skauti framtíðarinnar, að ekki megi selja eina einustu þjóðjörð. Og jeg fyrir mitt leyti þekki ekki margar þjóðjarðir, sem minni líkur eru til að síðar meir geti orðið almenningi að notum en þessi jörð. Þar er skerjagarður fram undan og brimasamt mjög, en landið með sjónum er hrjóstrugt og óbyggilegt.

Jeg skal að svo komnu máli ekki fjölyrða framar um þetta, en treysti því, að hinni háttv. deild þyki ekki ástæða til að neita um söluna, og að hún nái fram að ganga.

Ráðherrann: Jeg vil að eins geta þess, að stjórninni hefur áður verið gefin heimild til að selja þessa jörð, svo að til þess þarf ekki ný lög, og jeg efast um, að rjett sje að taka til umræðu frumv. um að gjöra það að lögum, sem þegar eru lög. Stjórnin hefur ekki viljað selja jörðina af því að umboðsmaður telur víst, að hana þurfi að brúka til byggingarlóða. Auk þess telur umboðsmaður, að að því kunni að koma, ef frumv. um skipun prestakalla, sem nú er fyrir þinginu, verður samþykkt, að jörðin verði tekin fyrir prestssetur.

Flutningsmaður Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg skil ekki annað, en að það sje að öllu leyti löglegt og formlegt, að flytja þetta mál á þinginu, því að hjer er að ræða um sjerstaka lagaheimild fyrir sjerstaka jörð, er vafi leikur á, hvort ekki hafi mætt misrjetti gagnvart þjóðjarðasölulögunum.

Enn fremur fæ jeg eigi skilið, hvernig nokkrum getur komið til hugar, að þetta umrædda land verði notað til byggingarlóða. Ábúandinn er svo sann-

færður um, að svo verði ekki, að hann býðst til að undirskrifa kaupbrjef, sem undanskilji byggingarlóðir fyrir sunnan ána, eða með sjó fyrir Árbakkalandi. Um það atriði, að prestssetur verði sett á Árbakka, þá verð jeg að segja, að mjer er það torskiljanlegt. Jeg veit raunar, að prófasturinn hefur bent á nefnda jörð sem prestssetur, en sóknarprestinum kemur það ekki til hugar, sem sjá má af skjali því, sem jeg las upp áðan, og hann hefur ásamt öðrum undirskrifað. Enda væri það að minni hyggju sennilegast, að presturinn sæti á Höskuldsstöðum eins og áður, eða ef hann flyttist, að hann þá settist að á Skagaströnd í kaupstaðnum eða á Höfðahólum, sem er þjóðjörð, og mjög nærri kauptúninu. En að binda ábúð jarða við presta, getur verið mjög breytilegt og varhugavert. Ef prestur vildi t. d. nú setjast að á Árbakka, þá yrði að reka ábúandann af jörðinni til þess að hann fengi hana, en slíkt er á móti giidandi lögum.

Jeg skal enn fremur láta það í ljósi, að umboðsmaðurinn hefur ekki á móti sölunni eptir því, sem mjer skilst brjef hans; hann bendir að sönnu á, að komið hafi til tals, að þar væru byggingarlóðir, en ræður þó alls ekki frá sölunni, er sýnir að hann hefur sjálfur eigi trú á slíku. Mjer er því gjörsamlega óskiljanleg ráðstöfun stjórnarinnar í þessu máli.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Þó að menn sjeu eflaust orðnir þreyttir af umr. í dag, get jeg ekki hlýft h. deild við ræðustúf; veit þá eigi heldur, hvort kostur verður að tala optar í þessu máli. Jeg skoða mig sem meðflutningm. frumv., og því megi jeg taka til máls nú þegar við 1. umr.

Jeg skal kannast við, að jeg var að brjótast við formlegu hliðina á málinu. Jeg kunni ekki við orðalagið, að gefa stjórninni heimild til að selja, sem hún hefur fyrir, og jeg man, að jeg hreyfði því við hæstv. ráðh. Jeg álít að setja mætti: skal selja, eða eitthvað því um líkt, og að betur mundi fara á því. En úr því að heimildar orðalagið var komið, þá vildi jeg ekki fara fram á breytingu á því, þegar jeg bætti minni jörð við; má laga ef þarf, og verði samþ., er það viljayfirlýsing, að selja skuli.

Það, sem jeg almennt hef að segja, er það, að mjer þykir stjórnin ekki hafa unnið svo vel sem skyldi í anda þjóðjarðasölulaganna í aðalefninu. Jeg skil anda laganna svo, að stjórnin eigi að styðja sjálfsábúð í landinu. Það er rauði þráðurinn í allri þeirri löggjöf, frá fyrsta undirbúningsstigi til fullnaðarsamþykktar. Auðvitað er sjálfgefið að varast að kasta burtu fje landsins með því, að gefa einstaklingnum í jarðakaupunum.

Þingdm. muna ef til vill, að í fjarveru ráðh. lýsti umboðsmaður hans því yfir við framh. 1. umr. í fjárlögunum, að stjórnin hefði í verðsetningu þjóðjarðanna haldið sjer við það ákvæði laganna, að 25 falda leigumálann, þann virkilega leigumála, og til vara þann, sem matsmenn telja hæfilegan.

En sú jörð, sem jeg mæli hjer fram með að seld verði, jörðin Kornsá í Vatnsdal, hefði átt að seljast fyrir miklu lægra verð en átti að láta hana, fyrst hún á annað borð var föl, ef þeirri reglu hefði verið fylgt, sem fulltrúi ráðherrans sagði — að mínum skilningi — að fylgt hefði verið. Matsmennirnir, og annar matsmaðurinn er kgk. þm. í Ed., færðu fyrst jörðina upp um 500 kr. fram úr því verði, sem leigumálinn gefur, en svo hækkar stjórnarráðið við ábúanda fast að því um $1^1/_2$ þúsund kr., um meir en þriðj-

ung, enda upp úr mati umboðsmanns og stjórnarráðið miðar við það, að maður hafi boðið svo hátt verð í jörðina, en sem lögum samkv. getur ómögulega komið til greina að kaupa, svo að boð hans gat eigi verið að neinu hafandi.

Þingið fór svo fyrst af stað í þjóðjarðasölunni, að selja skyldi hæstbjóðanda, en þá tók stjórnin fyrir og þingið aðhylltist stefnuna að selja ábúanda einum, og hefur sú stefna jafnan haldist síðan.

Þessi afarmikla hækkun á Kornsá kemur fyrir mínum sjónum enn ver niður við það, að ábúandi á sjálfur mikla húseign á jörðinni, sú húseign að upphafi margfalt dýrari en jörðin. Það getur orðið lítið úr slíkri eign, er ábúðinni sleppir. Mjer er ekki kunnugt um nein ákvæði í þá átt, að ábúandi geti vænzt þess, að landssjóður vilji leysa húseignina til sín. Jeg hef nú sveigt svo mikið frá hinu lögskipaða mati, að till. mín um söluverð jarðarinnar er 500 kr. hærri en hjá matsmönnum, og 1,000 kr. hærri, en salan ætti að vera eptir núgildandi leigumála. Jeg færði verðið svo mikið upp, sem jeg framast gat gjört mjer í hugarlund að ábúandi mundi vilja kaupa jörðina, og það gjörði jeg í því skyni, að málið þó fengi framgang, af því jeg hygg, að ábúandi horfi ekki í nokkur hundruð kr., þó honum finnist jörðin of seld.

Björn Kristjánson (1. þm. G.-K.): Í marzmánuði 1906 sótti ábúandinn á Hólmi í Mosfellssveit um það, að fá keypta ábýlisjörð sína. Fyrst fór hann til sýslumannsins í Hafnarfirði, sem svo lagði beiðni hans fyrir sýslunefnd Gullbringusýslu í fyrra vor, um það, að hún segði til þess, hvort hún sæi máli þessu nokkuð til fyrirstöðu. Sýslunefndin svaraði, að hún sæi þessu ekkert til fyrirstöðu, þar sem hvorki væri um fossa að ræða á jörðinni, eða annað, sem gjörði það að verkum, að hægt væri að neita um sölu á henni samkv. 2. gr. þjóðjarðasölujarðanna. Að því búnu, ljet ábúandi virða jörðina þann 8. nóv.br. 1906 og var hún virt á 2,350 krónur, en afgjaldið er um 80 kr. Matsmennirnir taka fram, að engin hlunnindi fylgi jörðinni, annað en það, að jörðin sje við aðalveg og virði þeir hana því dálítið hærra, en hún rentar sig fyrir. Þegar þessi virðing hafði fram farið, sótti ábúandinn um það til stjórnarráðsins, að fá jörðina keypta, en stjórnin svaraði, með brjefi, dags. 10. marz 1907, að hið opinbera gæti ekki selt jörðina sökum þess, að á komandi tíma þurfi væntanlega að hafa afnot af jörðinni sökum legu hennar.

Jeg verð nú að álíta, að samkvæmt þeirri heimild, sem stjórninni er gefin 20. okt. 1905, hafi hún fullt vald til, að selja þessa jörð. Og jeg lít einnig svo á, að stjórnin hafi fullkomið tilefni til, að skilja þá heimild, sem *áskorun* um, að selja þjóðjarðir, ef að salan fer ekki í bága við 2. gr. þjóðjarðasölulaganna. En nú hefur stjórnin ekki viljað selja þessa jörð, án þess að færa frekari rök fyrir gjörðum sínum.

Nú er bæði, að ábúandanum er þetta áhugamál, og eins hitt, að nauðsynlegt er að fá upplýsingar um það, hvaða ástæður stjórnin hefur fyrir sjer, er hún neitar um söluna. Jeg get nú hugsað mjer, að stjórnin kunni að hafa eina afsökun, sem sje þá, að Reykjavíkurbær, ef til vill, þurfi að hafa þau not af þessari jörð, að fá vatn þaðan, og að leggja vatnsleiðslu um land jarðarinnar. Bærinn á auðvitað nóg vatn, en það gæti hugsazt, að hentugra þætti, að fá vatn úr

Hólmslandi, en úr Elliðaánum. En ef þetta skyldi vera eina ástæðan, sem jeg nú óska að fá upplýsingar um, þá mundi jeg fyrir mitt leyti fúslega ganga inn á, að það yrði sett sem skilyrði fyrir jarðarsölunni, að láta Reykjavík vatn í tje, og eins leyfi til, að leggja leiðslu um land jarðarinnar, ef þörf gjörist. Auðvitað mætti þá búast við, að bærinn borgaði eitthvað lítils háttar fyrir það, á að gizka 300—400 krónur.

Þar sem nú svona stendur á, og ef þetta eru ástæðurnar á móti sölunni, þá vona jeg, að deildin samþykki, að ábúandinn fái jörðina keypta, þar sem það ekki er til fyrirstöðu, að hann hafi eigi rjett til kaupanna.

Pjetur Jónsson (þingm. S.-Þ.): Jeg verð að játa, að mjer þótti það kynlegt og ekki geðfellt, að tveir fjelagar mínir í landbúnaðarnefndinni frá síðasta þingi eru flutningsmenn þessa frumv., sem hjer liggur fyrir, og brtill. við það; skal jeg nú gjöra grein fyrir, hvernig á því stendur, að jeg lít svo á málið.

Þegar landbúnaðarnefndin tók þetta mál til meðferðar, stóðu þannig sakir á milli okkar nefndarmanna, að við vorum ekki samdóma um þjóðjarðasöluna, en niðurstaðan varð sú, að við komum okkur saman um það frumv., sem lagt var fyrir stjórnina. Jeg var í rauninni alveg á móti þjóðjarðasölunni; annar nefndarmanna var ákafur með henni; hinn þriðji nokkuð mitt á milli. En flestar raddir, sem til okkar bárust, voru með sölunni, og það var auðsætt, að ekki varð stíflaður sá straumur. Okkur kom því saman um, að hallast að almennri þjóðjarðasölu til ábúenda, en þó að undanskilja frá því nokkuð af jörðum; í fyrsta lagi þær jarðir, sem hafa þyrfti til almennra afnota, svo sem embættisbústaða, skólasetra og svo framvegis. Í öðru lagi voru þær jarðir, sem hæfastar væru til sundurskiptingar milli margra grasbýla. Á þeim vildum við, að sveitarfjelögin hefðu kauprjett og forgangsrjett fyrir ábúendum, og stjórnin hefði þar einnig heimild til að selja. Nú fór svo, að stjórnin vildi ekki taka á móti þessari heimild og alþingi fjellst á þá tillögu stjórnarinnar, að skilja undir alþingi sölu slíkra jarða, hverrar fyrir sig.

Þetta skildi jeg svo, að þingið áskildi sjer rjettinn til að selja þessar jarðir, og helzt til sveitarfjelaga.

Nú er hjer um þær jarðir að ræða í þessu frumv., sem stjórnin ekki álítur rjett að selja fyrir matsverð, og í annan stað jarðir, sem stjórnin ekki álítur sig hafa rjett til að selja, vegna þess, að þær þurfi að notast í almenningsþarfir í framtíðinni, eða til sundurskiptingar.

Jeg skal fyrst tala um eina af jörðum þeim, sem stjórnin að vísu álítur sig hafa heimild til að selja, en vill ekki selja fyrir matsverð. Það er jörðin Kornsá. Er þar fyrst að segja, að jeg álít alls ekki rjett, að flytja frumv. um sölu á þessari jörð. Hjer hafði stjórnin heimild til sölunnar og á því þingið ekki að gjöra lög um sölu þessarar jarðar. Jeg hygg, að svo framarlega sem stjórnin gjörir skyldu sína í þessu máli, þá eigi þingið ekkert að skipta sjer af því. Aptur á móti ef stjórnin gengur á móti annaðhvort bókstaf eða anda laganna, þá álít jeg rjett, að þingið gefi stjórninni áminningu, en ekki í lagaformi; það á að gjörast á annan hátt. Að svipuðum brunni ber um jörð þá, er stjórnin telur sig eigi hafa rjett til að selja, samkv. 2. gr. þjóðjarðasölulaganna. Ef hún hefur þar rjett fyrir sjer, á jörðin að eins að

seljast sveitarfjelagi, eða þá alls eigi. En hafi hún rangt fyrir sjer, þarf eigi ný lög til þess að knýja hana til að selja jörðina.

Jeg fæ því engan veg sjeð, að rjett sje, að bera þetta frumv. upp hjer á þingi, því annaðhvort hefur stjórnin gjört rjett, og þá er ástæðulaust að flytja frumv., eða að stjórnin hefur farið rangt að, og þá á þingið einungis að gefa henni áminningu. Hvort háttv. flutningsmenn álíta ástæðu til þess, að gefa stjórninni áminningu eða bendingar um, að haga sjer öðruvísi í þjóðjarðasölumálinu eptirleiðis, það skal jeg ekki um segja; en jeg lít svo á, að það mál þurfi rannsóknar. En mjer liggur við að segja, að stjórnin hafi tæpast gjört skyldu sína í einu atriði, nefnilega því, að hafa ekki enn lagt skýrslur um seldar og falaðar þjóðjarðir fram á lestrarsal alþingis.

Það er ekkert undarlegt, þó jeg sje á móti þessu frumv., því jeg er á móti þjóðjarðasölu yfirleitt, en jeg er einnig á móti frumv. af þeim ástæðum, sem jeg hef þegar tekið fram. Jeg gjöri samt ráð fyrir, að þetta frv. gangi til 2. umr., og mun jeg þá benda á hitt og þetta, sem jeg geng fram hjá nú.

Það sem gjörði það að verkum, að jeg leiddist með til þess að gefa stjórninni heimild til að selja ábúendum þjóðjarðir, var það, að jeg taldi nauðsynlegt, úr því ekki yrði við þjóðjarðasölunni spornað, að einhver föst stefna væri tekin í þessu máli, og að þá yrði að semja almenn lög um það efni, þar sem fylgt væri ákveðnum grundvallarreglum. Það er þó sitt hvað, eða sú sala, sem áður gjörðist, stjórnlaus og stefnulaus, rjett eptir því, sem atkvæði fjellu í það og það sinni um hverja einstaka jörð. Það eru dæmi til þess, að seldar hafa verið þjóðjarðir, sem var beinlínis skaði fyrir þjóðfjelagið að missa úr eigu sinni. Þessum tilgangi þjóðjarðasölulaganna er algjörlega fyrirgjört, ef nú, þrátt fyrir þau, er farið að selja einstakar jarðir með sjerstökum lögum, sem annars er þó heimilt að selja samkvæmt þeim.

Sá flokkur jarða, sem sjerstök lög þarf til að selja, má ekki selja einstaklingum.

Allir geta sjeð, að t. d. þar sem þorp kemur upp, er það til stórbaga fyrir þorpsbúa, ef jörðin er seld. Það er stór munur fyrir þá, hvort jörðin er opinber eign eða einstaks manns eign, því að þá er það varla mögulegt fyrir íbúa þorpsins, að fá eignarráð yfir nokkrum skika, nema með afarkostum.

Flutningsmaður Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Hæstv. ráðh. kvað stjórnina eigi mundu selja jörðina Árbakka fremur fyrir það, þótt þetta frv. yrði samþ. Jeg get ekki skilið það, að hverju leyti það er til fyrirstöðu, að til eru lög, er heimila þjóðjarðasölu yfirleitt. Hjer er um sjerstaka jörð að ræða. Ef þingið samþykkir sölu á henni með tilteknu verði, þá álít jeg stjórnina skylduga til að selja ábúanda jörðina, og það með því verði, er þingið ákveður, en að hún geti alls eigi smeygt sjer undir þjóðjarðasölulögin frá 1905.

Ráðherrann: Jeg skal vera stuttorður, og það því fremur, sem jeg álít, að allar þær umræður, er orðið hafa um þetta, hefðu átt að sparast, eða að minnsta kosti að geymast til 2. umr. En rjettast hefði jeg þó talið að vísa þessu frumv. frá. Allar þessar jarðir, er talað hefur verið um, teljast til þeirra, er stjórnin hefur heimild til að selja, og þá heimild þarf því ekki að

veita á ný. Það er sama sem að setja lagaákvæði, sem áður er til. Sjeu þm. óánægðir með að stjórnin hefur ekki notað þessa heimild, þá virðist vera sú leið til, að skora á hana með þingsályktun, að selja þessar jarðir. Sjeu menn óánægðir með framkomu stjórnarinnar í þjóðjarðasölumálinu yfirleitt, og áliti hana hafa brotið á móti orðum eða anda þjóðjarðasölulaganna, þá liggur beint við, að þingdeildin skipi nefnd manna, og láti hana rannsaka þau skjöl og skilriki, sem þar að lúta. Jeg er ekki hræddur við þá rannsókn, því að stjórnin hefur að minni hyggju gjört það eitt í því máli, sem hún hafði fyllstu ástæðu til. Henni er vel kunnugt, að meining laganna er að styðja að sjálfsábúð í landinu. En stjórnin er líka skyldug til að gæta þess, að jarðirnar sjeu ekki látnar til einstöku manna fyrir miklu minna verð en aðrir mundu vilja gefa fyrir þær og rjett álizt að heimta fyrir þær samkvæmt ákvæðum laganna og fyrirliggjandi skilríkjum.

Annað tveggja verð jeg að álíta, að þetta frumv. sje sprottið af misskilningi á þjóðjarðasölulögunum, eða að hjer sje um of verið að ganga inn á verksvið stjórnarinnar. Enda tel jeg rjettast að fella það.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Það væri illa farið, ef ræða hæstv. ráðh. yrði til þess að menn felldu þetta frv. frá umræðu án frekari athugunar, því að það er alls ekki á rökum byggt, að vísa því frá. Þingið hefur heimild til að breyta lögum, sem þegar hafa verið sett, hvenær sem það vill. Þó samþykkt hafi verið lög um þjóðjarðasölu almennt, þá hlýtur þinginu að vera heimilt, að setja ákvæði um sölu einstakra jarða.

Ef til vill hefði verið heppilegra að orða frumv. öðruvísi. En til þess þarf það að komast til 2. umr. Jeg vil því leggja það til, að menn láti ekki leiðast til þess af ummælum ráðh. að hepta framgang þess til 2. umr.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Hæstv. ráðh. kvað það rjettu leiðina, að skora á stjórnina með þingsályktunartill. að selja jörðina. En þá leið álít jeg ónauðsynlega. Í 2. gr. þjóðjarðasölulaganna er það beint tekið fram, að ef einhver óskar að fá keypta jörð, er stjórnin ekki sjer sjer fært að selja, þá geti sú sala eigi fram farið nema með sjerstökum lögum; en það er það sama sem að segja, að þegar stjórnin neitar um sölu þjóðjarðar, þá sje eina leiðin, að fá sjerstök lög um þá sölu. Jeg sje því ekki, hvernig á því stendur, að hæstv. ráðh. telur ástæðu til að vísa þessu frumv. frá sakir formgalla, því stjórninni er alls ekki gefið neitt *einveldi* yfir sölu þjóðjarða með þjóðjarðasölulögunum.

Ráðherrann: Þetta er hreinn og beinn misskilningur hjá hinum háttv. þingm. 2. grein þjóðjarðasölulaganna, sem hann vitnaði til, segir að eins, að þær jarðir, er sýslunefnd telur sjerstaklega vel fallnar til embættisseturs, skóla, sjúkrahælis, eða til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, megi ekki selja án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skipti. Auðvitað verður líka að fá sjerstök lög, ef annar en ábúandi beiðist kaups. En eins og hjer stendur á, hefur stjórnin fulla heimild til sölunnar, og þess vegna þarf ekki að veita henni hana með sjerstökum lögum. Heimildin yrði engu meiri fyrir því.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tók eitthvað sárt til þessa frumv., en honum datt þó ekki í hug að færa nein rök fyrir staðhæfing sinni, heldur

barði hana fram blákalda, og neitaði út í loptið. En það sannfærði mig ekki vitundarögn, jeg verð að álíta mína skoðun eins góða og gilda eins og hans.

ATKV.GR.:

Frv. fellt frá 2. umr. með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
B. Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Herm. Jónasson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Ólafsson,	Jón Jónsson,
L. H. Bjarnason,	Magn. Andrjesson,
Ólafur Briem,	Magn. Kristjánsson,
Sk. Thoroddsen.	Ólafur Thorlacíus,
St. Stefánss. Skagf.,	Pjetur Jónsson,
Þórh. Bjarnarson.	Tr. Gunnarsson.

Já sögðu: *Nei sögðu:*

Guðlaugur Guðmundsson greiddi eigi atkvæði, en taldist með þeim, er móti voru.

C. Tekin aptur.

Brunabótasjóður.

Á 6. fundi Nd.. mánudaginn 8. júlí, kom frumv. til laga (A. 51), um vátryggingarskyldu húseiganda og stofnun brunabótasjóðs, — flutningsmenn Jón Jónsson og Magnús J. Kristjánsson — til 1. umr.

Jón Jónsson, (þm. Sfjk.): Þótt jeg gjöri ráð fyrir því, að hin háttv. deild sýni þessu frumv. þann sóma, að taka það til meðferðar, og lofi því að ganga fram, álít jeg þó rjett, að fara um það nokkrum orðum, til þess að gjöra grein fyrir því, hvernig við flutningsmenn frumvarpsins höfum litið á málið.

Jeg skal ekki vera margorður um orsökina til þess, að þetta frv. kemur fram; það sem vakti fyrir okkur, var auðvitað það sama, sem fyrir stjórninni hefur vakað, og hinn hæstv. ráðherra minntist á, nefnilega að koma í veg fyrir þau vandræði, sem af því mundu hljótast, ef svo kynni að fara, að útlend brunabótafjelög neituðu að taka íslenzkar fasteignir í eldsvoðaábyrgð. Auðvitað áttum við flutningsmenn ekki von á neinu slíku frumv. úr annari átt, og vissum ekkert um frumv. stjórnarinnar, fyr en nokkru eptir að við höfðum lokið við samning þessa frumv.

Um þetta mál hefur, eins og allir vita, mikið verið talað nú í 16 til 17 ár, og það hefur ávallt verið talið nauðsynjamál, þó ekki hafi orðið úr framkvæmdum hingað til. Það sem einkum vakti það í fyrstu, kringum 1890, var það, að mönnum þótti gjaldið of hátt, og vildu ekki una við það, að útlendingar græddu þannig á okkur mikið fje. En það var fullyrt að svo væri eins og þá stóð á. En nú hefur þessi hlið málsins breytzt; brunaskaðar hafa verið svo stórir hin síð-

ari árin, að engar líkur eru til, að vátryggingarfjelögin hafi haft annað en skaða af viðskiptum sínum við Ísland. Þessu getur auðvitað ekki haldið áfram til lengdar. Það er áreiðanlegt, að það fje, sem útlend vátryggingarfjelög þannig leggja til vor, verðum vjer að borga aptur, enda hafa útgjöldin farið mjög hækkandi hin síðari árin, og hækka að líkindum enn. Þau eru nú meira en tvöfalt hærri en 1891; þá voru þau c. 5% en nú yfir 10%. En hitt er þó enn þá hættulegra en hækkun iðgjaldanna, að það er ekki óliklegt, að á einstökum svæðum eða einstöku hlutum eigna verði ómögulegt að fá eldsvoðaábyrgð, og það væri stórkostlegur fjárhagslegur voði, því afleiðingin yrði auðvitað sú, að eignirnar fjellu mjög í verði; það yrði svo mikill framfaralegur aptur kippur og afleiðingarnar svo yfirgripsmiklar, að mjer sýnist svo sem ekkert megi til spara, til þess að koma í veg fyrir það; álit okkar er því, að hjer sje ekkert undanfæri, það *verði* að gjöra einhverjar ráðstafanir.

Eins og hinn hæstv. ráðherra tók fram í sinni ræðu, þá er auðvitað aðalatriðið þetta, að minnka brunahættuna; því sjálfir verðum við að borga fyr eða síðar allt það tjón, er brunar valda hjá oss. Hjá því er ekki til neins að reyna að komast. Það er sjálfsögð niðurstaða, og það verður þess vegna oss sjálfum í hag, að tjónið af brununum verði minna en verið hefur.

Við höfum ekki haft í höndum skjöl eða skilríki fyrir því, hve mikið hefur brunnið af vátryggðum eignum síðastliðið ár, en það er gífurlega mikið. Jeg hygg, að brunaskaðar utan Reykjavíkur hafi verið yfir 300,000 kr.

Það hefur sem sagt sjerstaklega vakað fyrir okkur, að setja þau ákvæði inn í frv., sem verða mættu til þess, að gjöra tjónið af brunum minna en verið hefur. Jeg vil nú leyfa mjer að benda á nokkur meginatriði í þá átt. Það út af fyrir sig, að ábyrgðin er innlend, en ekki útlend, ætti að hafa nokkur áhrif á hugsunarhátt manna í þessu efni. Mönnum mundi að líkindum almennt vera sárara um það, að landið biði tjón, heldur en útlendingar, er þeir hjeldu að hefðu okkur að fjeþúfu. Enn fremur er sjálfsagt, að ef brunatryggingin er innlend, þá verða gefnar út fyrirskipanir um, að hafa slökkvitól og slökkvilið í bænum; sömuleiðis og ekki sízt ætti að mega vænta betri meðferðar á því, sem bjargað er úr eldsvoða, en nú er. Það er nú opt svo, að meira og minna af því, sem bjargað er, er gjörsamlega eyðilagt og lítils eða einskis virði; veit jeg að fleiri þm. en jeg hafa sjeð þær ljótu aðfarir, og væri mikils vert að koma í veg fyrir það.

Annað atriði í þessu frumv. er það, að hjer er eins og í stjórnarfrv. gjört ráð fyrir því, að bæjarfjelögin og sveitarfjelögin beri verulegan hluta af skaðanum; en það, sem jeg þó hef mesta trú á að muni fækka brununum, er það nýmæli þessa frumv., að eigandi beri sjálfur töluverðan part af skaðanum (15%); þetta ákvæði ætti að okkar áliti að hafa mest áhrif í þessa átt. Við höfum einnig sett ákvæði um það að banna mönnum almennt að vátryggja, nema að þeir beri 15% af þeim skaða, sem verða kynni, sjálfir, þótt þeir vátryggi hjá öðrum fjelögum utan lands eða innan. Jeg skal nú annars ekki fara meir út í það að svo komnu. Við höfum gjört ráð fyrir, að landssjóður stæði í ábyrgð á bak við, og að sú ábyrgð væri *takmarkalaus.* Það er okkur nú ljóst, að þessi ábyrgð muni geta orðið talsvert þungbær fyrir landssjóð, en við lítum svo á, að ef

ábyrgð landssjóðs er takmörkuð, muni eignir þær, sem þannig eru tryggðar, falla í verði, og að sjerhvað það, sem minnki veðgildi eigna, beri að forðast í það ýtrasta; þar verður að hafa glögga gát á, og vildi jeg að hin h. deild tæki þetta mikilsverða atriði til sjerstaklegrar íhugunar.

Í frumv. er ekki gjört ráð fyrir því, að Reykjavík taki þátt í þessu, en það er þó eigi af því, að neitt sje því til fyrirstöðu frá okkar hálfu, að Reykjavík sje með, að minnsta kosti að því er lausafje snertir.

Það er ein meginsetning, sem óbeinlínis er bent á, og jeg vildi halda fast við, að iðgjöldin sjeu frá byrjun höfð svo lág sem framast er unnt, svo lág, að meiri líkur sjeu til þess, að grípa þurfi til að leggja á aukagjald; það er eitt af því, sem mundi vekja fólkið og fá menn til að gæta meiri varúðar, ef menn væru minntir á það smásaman með aukaiðgjöldum.

Jeg get mjer þess til, að margir hinna háttv. þingdm. sjeu á annari skoðun viðvíkjandi ýmsum atriðum í þessu frumv., og vildi þess vegna biðja menn að íhuga það rækilega áður en þeir greiða atkv. á móti því. Hinn hæstv. ráðh. gat þess, að eignir hjer á landi væru svo lítils virði, að það væri illt að bera saman ástæðurnar hjer og annarsstaðar. Ea þó má ganga að því vísu, að ef allar fasteignir utan Reykjavíkur væru vátryggðar í þessum sjóði, og sömuleiðis allt lausafje og vörur á því svæði, þá mundi það nema mjög miklu fje, líklega allt að 16—18 miljónum króna, þó að Reykjavík gangi frá. Jeg gjöri ráð fyrir að húseignir utan Reykjavíkur sjeu 8 miljón króna virði, og verða þær allar vátryggðar eptir þessu frv., enn fremur að húsmunir sjeu 5% af því, sem mun láta nærri eptir því, sem annarsstaðar er gjört ráð fyrir; það yrði þá 4 miljónir, ef $^3/_4$ af því er vátryggt, er vátryggingarfjeð 3 miljónir eða með því, sem komið er, 11 miljónir. Svo eru eptir verzlunarvörur utan Reykjavíkur. Umsetning þeirra mun vera fullar 20 miljónir og ef við svo gjörum að hjer um bil $^1/_3$ af því sje vátryggt, þá eru komnar 18 miljónir með því, sem áður var talið. Þetta yrðu þannig talsverðar tekjur, þó að »premian« ekki væri mjög há.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en óska að eins að málinu sje vísað í nefnd og leyft að ganga til 2. umr.

Ráðherrann: Jeg álít, að það sje mjög hættulegur grundvöllur að byggja á, að ábyrgð landssjóðs skuli vera takmarkalaus, og þó jafnframt lægri iðgjöld, en reynslan hefur sýnt að nægi; það gæti jeg ekki kallað gætilega meðferð á fje landssjóðs; og ef vjer vildum síðar taka lán fyrir landssjóð, þá er enginn efi á því, að slíkur baggi mundi rýra lánstraust hans að stórum mun.

Jeg álít heldur ekki, að það sje góð meginregla, að skylda menn til þess, að vátryggja eignir sínar í þessum sjóði; þesskonar þvingun er í öllum viðskiptum óeðlileg; það verður að fá menn til þess að vátryggja með því að bjóða betri kjör en annarsstaðar eru fáanleg, eða veita aðgang að ábyrgð, þar sem hún fæst ekki annarsstaðar. Þrátt fyrir þá annmarka, er mjer því virðast vera á þessu frumv. sýnist mjer rjett að vísa því til nefndarinnar, sem áðan var sett í stjórnarfrumv. um brunabótafjelag Íslands, og getur nefndin þá athugað hin einstöku atriði, er hjer ber á milli.

Jeg skal geta þess, að frumvarp um

brunamál, sem getið er um í ástæðunum við stjórnarfrumv., var ekki tilbúið, þegar stjórnarfrumv. voru lögð fyrir Hans Hátign konunginn, en nú er það tilbúið hjá stjórnarráðinu og verður sent háttv. nefnd í þeirri von, að hún taki það til athugunar, og leggi svo fyrir þingið það af því, sem hún getur fallizt á, sem þingmannafrumvarp.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Sjálfsagt er það nokkuð óvanalegt, að 2 frumv. sjeu lögð fram í senn um sama efni. En háttv. þm. Sfjk. (J. J.) hefur skýrt frá orsökunum til þess, svo að jeg þarf ekki að minnast á þær.

Jeg vildi að eins lauslega benda á, að enda þótt meginsetningar þær, er frumv. byggja á hvort um sig, sjeu líkar, þá ber þeim þó ýmislegt á milli.

Fyrir okkur flutningsm. vakti fyrst og fremst það, að þannig löguð ákvæði yrðu lögleidd, er miðað gætu að því, að minnka brunahættuna og hvetja menn til meiri varúðar í þeim efnum, og í öðru lagi, að því yrði svo fyrir komið, að iðgjöldin væru eigi gjörð of há. Nú má nærri því svo að orði kveða, að landsmenn risi naumlega undir byrðinni, hvað þá heldur ef iðgjöldin hækkuðu úr því sem er.

Það er auðvitað að frumv. miða að ýmsu leyti í sömu átt. En mjer getur ekki dulizt, að heppilegra væri, að sumum ákvæðum stjórnarfrumv. væri hagað nokkuð á annan hátt. sjerstaklega virðist mjer ábyrgðarhluttaka landssjóðs helzt til takmörkuð. Jeg efast um, að sú ábyrgð, einar 300,000 kr., yrði fjelaginu nægilegt bakhjarl til þess, að lánsstofnanir gætu veitt lán upp á þær húseignir, er þar væru vátryggðar. Það verður þó óneitanlega eitt af aðalatriðunum.

Hæstv. ráðh. taldi gengið of nærri rjetti manna með því að innleiða skylduábyrgð á húseignum. En jeg get ekki betur sjeð, en að það ákvæði sje nauðsynlegt. Annars mundi verðgrundvöllurinn, er fjelagið hefði að byggja á, verða alltof lítill. Og þótt sumum finnist ákvæðið óviðfelldið, þá verður því að minni hyggju ekki neitað, að hitt frumv. felur í sjer nokkurn veginn samskonar ákvæði, t. d. þar sem mælt er svo fyrir, að jafnskjótt sem 2 kaupstaðir eða 4 kauptún á landinu hafi æskt þess að gjörast hluttakendur í fjelaginu, skuli allir aðrir kaupstaðir og kauptún, — utan Reykjavíkur ur — skyld að taka þátt í því. Hjer kennir sömu niðurstöðunnar. Skylduákvæði er það í »princípinu« þó óviðfelldið sje. Ennfremur er það ákvæði í frumv. stjórnarinnar, að hrökkvi ekki innieign fjelagsins í iðgjaldasjóði til greiðslu á brunabótum, skuli hallanum jafnað niður á alla íbúa sveitfjelagsins. Allt ber þetta að sama brunni, svo að ekki verður sjeð, að í því efni sje mikill kostamunur á frumv. Og að því er kemur til ákvæðis stjórnarfrumv. um tryggingu af hálfu landssjóðs, þá hygg jeg að hún megi tæplega verða til þess, að styrkja fjelagið til starfa á fullnægjandi hátt.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg leyfi mjer að mæla sem bezt fram með frumv., og legg það til, að því verði vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan, þá er umræðunum er lokið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að vísa því til nefndarinnar, er hefur til meðferðar stofnun innlends brunabótafjelags.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 13 ágúst, kom frv. (A 51) til 2. umr.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Þegar þetta frv. var samið, var okkur flutnm. þess ekki kunnugt um, að stjórnin mundi leggja fyrir þingið frv. um sama efni. Við gátum jafnvel búizt við, að svo yrði ekki eptir samtali við stjórnina síðasta vetur. En þó má það heppilegt teljast, að bæði frv. eru fram komin, því að þótt þau sjeu ólík og ýms grundvallaratriðin mismunandi, hefur nefndinni að mínu áliti þó tekizt að sameina það, sem bezt var og mikilsverðast í báðum frv.

Frv. stjórnarinnar miðaði að því, að koma í veg fyrir þá hættu, sem af því gæti leitt, að útlend vátryggingarfjelög hættu að taka hús og aðrar eignir hjer á landi til vátryggingar. En okkar frv. miðaði jafnframt til þess, að koma málinu sem fyrst til framkvæmda á þann hátt, að menn eigi kost á að tryggja eignir sínar fyrir lægra gjald, en nú á sjer stað, en um það mun flestum koma saman, að það gjald sje nú óþolandi. Aðalmunur frv. er í því fólginn, að stjórnarfrv. gjörir ekki ráð fyrir vátryggingarskyldu, en fyrir því er ráð gjört í okkar frv., því að annars kostar töldum við grundvöll fjelagsins allt of veikan, og hugðum, að það mundi tæplega fá borið sig. Í frv. stjórnarinnar er og gjört ráð fyrir því, að fjelagið vátryggi að fullu, en við álítum, að skilyrðið fyrir því að minnka brunabættuna, og kenna mönnum að fara varkárlega með eld, væri að vátryggja ekki að fullu; fyrir því er svo ráð fyrir gjört í frv. okkar.

Frv. stjórnarinnar hefur tekið miklum breytingum í höndum nefndarinnar. Einna merkastar eru þær breytingar, sem koma fram í 3., 4. og 5. gr., en þær eru, að efninu til, að mestu leyti samhljóða okkar frv., og verð jeg að telja, að þær breytingar sjeu vel fallnar til þess að ráða málinu til heppilegra lykta. Jeg get því fyrir hönd okkar flutnm. lýst því yfir, að við tökum frv. okkar aptur, í því trausti, að frv. stjórnarinnar á þeim grundvelli og með þeim breytingum, sem það hefur tekið hjá nefndinni, nái fram að ganga.

Umr. lokið.

Frv. tekið aptur.

D. Ekki útrædd.

1. Húsmæðraskóli.

Á 17. fundi Nd., mánudaginn 22. júlí, kom frv. til laga (A 99) um stofnun húsmæðraskóla — flutningsmenn: Pjetur Jónsson, Stefán Stefánsson, þm. Eyf., Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Jón Magnússon og Þórhallur Bjarnarson — til 1. umr.

Flutningsmaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málið sje tekið út af dagskrá;

það fórst fyrir undirbúningur undir nefndarkosningu, sem jeg tel sjálfsagða.

Málið tekið út af dagskrá.

Á 18. fundi Nd., þriðjudaginn 23. júlí, kom frv. (A 99) til 1. umr.

Flutningsmaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Mál þetta er enginn óvæntur gestur hjer í deildinni, þó það hafi ekki komið fyr fram í þessu formi. Það er framkomið fyrir áskoranir úr Þingeyjarsýslu og að norðan víðar. Hafa nokkrar slíkar áskoranir legið hjer frammi á lestrarsalnum og munu háttv. þm. hafa kynnt sjer þær þar. Eins og mörgum mun kunnugt, hefur verið norðanlands nokkur hreyfing í þessa átt, einkum eptir að kona ein, Jónína Sigurðardóttir, tók upp á því, að kenna húsmæðrastörf; gjörði hún það með eins konar farandkennslu í Suður-Þingeyjar-, Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum, og ef til vill víðar. Varð afleiðingin af því sú, að konur fundu miklu betur en áður, hversu mikil þörf var á slíkri fræðslu. Hefur eptir það vaknað mikill áhugi á þessu máli í fleiri sýslum, og má búast við, að fleiri áskoranir berist þinginu um þetta. Máli þessu hefur slegið saman við kvennaskólamál Eyfirðinga, svo að þeir, sem mest hafa að fjalla um hinn gamla kvennaskóla Eyfirðinga, hafa viljað breyta honum í húsmæðraskóla. Þannig hefur sýslunefnd Eyfirðinga haft málið til meðferðar og verið því meðmælt. Sýslunefnd Suður-Þingeyinga hefur tvivegis haft málið til meðferðar og lagt því eindregin meðmæli sín. Loks hafa báðar þessar sýslunefndir borið sig saman og komið sjer saman um að fara fram á, að einn húsmæðraskóli væri stofnaður á Norðurlandi og annar á Suðurlandi. Aptur á móti varð eigi samið um það, hvar skólarnir ættu að vera, en norðanlands eru menn því almennt fylgjandi að skólar þessir sjeu í sveit og verði með sveitabrag.

Nú hef jeg farið nokkrum orðum um sögu málsins. En ef litið er til þess, hver þörf sje á slíkum skólum, sjermenntunarskólum fyrir húsmæður, þá þykist jeg ekki þar um þurfa langt að tala til að sannfæra menn. Jeg gjöri ráð fyrir því, að flestir menn hjer inni sjeu svo reyndir, að þeim dyljist ekki, hversu afaráríðandi menntun kvenna er, einkum í húsmæðrastörfum. Frá búhagslegri hlið málsins er þýðing konunnar fyrir heimilið viðurkennd. Gamall málsháttur í Norvegi segir: »Konan getur ausið því út í matskeiðum, sem bóndinn flytur inn í skipsförmum«, og sannast þar, að eigi er minni vandi að gæta fengins fjár en afla þess. Má óruggt segja, að konan hafi fullt svo mikil áhrif á búhaginn eins og bóndinn. En þó er öllum auðsætt, að í andlegu og siðferðislegu tilliti er konunni trúað fyrir engu minna hlutverki á heimilinu, engu minni auði til umsjónar.

Það, sem farið er fram á með frv. þessu, er því að eins skynsamleg og »praktisk« krafa. En það er meira: það er rjettarkrafa, jafnrjettiskrafa. Þar sem alþingi hefur veitt fje til sjermenntunar bændaefnum með stofnun tveggja bændaskóla er rjett, að það gjöri slíkt hið sama til að mennta húsmæðraefni.

Jeg skal ekki víkja til muna að einstökum atriðum frumv., en drepa skal jeg þó á það, að gjört er ráð fyrir 2 skólum, öðrum fyrir Norðurland og Austurland, hinum fyrir Suðurland og Vesturland. Virðist nægilegt að hafa 2 skóla fyrst um sinn og gjöra þá því betur úr garði, sem þeir eru færri. En þó að ekki hafi komið fram sunnanlands áskor-

anir um þetta mál, höfum vjer flutningsmenn viljað fylgja fram þessari kröfu fyrir hönd allrar hinnar íslenzku kvennþjóðar, og þykjumst mega ganga að því vísu, að konur sunnanlands kunni oss þakkir fyrir það, að þeim er ekki ætlað að stíga hallari fæti í þessu máli en konum norðanlands.

Þykist jeg svo ekki þurfa að orðlengja um þetta mál nú, enda höfum vjer flutningsmenn frumv. látið fylgja athugasemdir og skýringar, er væntanlega bæta fyrir málinu og stytta umræður.

Tel jeg sjálfsagt, að nefnd verði sett í málið, og mun gjöra tillögu um það, er umræðum er lokið.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Frumv. fer fram á, að stofnaðir verði 2 skólar, annar fyrir Suður- og Vesturland og hinn fyrir Norður- og Austurland og báðir með heimavistum. Skólunum á að fylgja jörð og gjört ráð fyrir, að búskapur sje rekinn á báðum skólajörðunum á landssjóðs kostnað. Þetta samantalið verður auðvitað ekki ódýrt.

En hvað fæst í aðra hönd? Kennslugreinarnar eiga að vera: móðurmálið, saga landsins, reikningur, reikningsfærsla og síðar meir dráttlist, söngur og leikfimi. Jeg veit ekki betur en þetta sje allt saman kennt í kvennaskólum landsins. — Háttv. sessunautur minn á hægri hönd (St. St. Skgf.) segir nei. Það er að minnsta kosti kennt í Reykjavík, veit ekki um Akureyri eða Blönduós, en hitt er víst, að sje það ekki kennt þar, mætti taka upp kennslu í því með óverulegum kostnaðarauka. Hinar greinarnar svo sem hagsýni, þrifnaður, »áhugi á verkum«, reglusemi og vinnustjórn verða naumast kenndar annarsstaðar en á góðum heimilum, og þó því að eins, að móttækilegleiki sje fyrir hjá nemendunum. Og því síður má búast við miklum árangri, þar sem kennslutíminn er svo stuttur, að eins 7 mánuðir og stutt aukakennsluskeið. Með öðrum orðum er engin af námsgreinunum svo vaxin, að stofna þurfi nýjan kvennaskóla þess vegna, og flestar eða allar þeirra eru kenndar í kvennaskóla Reykjavíkur og má kenna í kaupstaðarskólunum hinum.

Og hver er nú kostnaðurinn? Um það verður ekkert sagt með vissu, því að frumv. fylgir engin áætlun, rjett eins og kostnaðurinn væri ómerkilegt aukaatriði. En jeg býst við að skóli með heimavistum fyrir 30 konur og bústað fyrir kennara og heimilisfólk mundi með sæmilegri jörð ekki kosta minna en 50,000—60,000 kr. Báðir skólarnir kosta þá 100,000—120,000 kr. Þar við bætist rekstrarkostnaður, kennaralaun, fólkshald og kostnaður af búskapnum. Kennaralaunin verða nú að vísu ekki mikil eptir frumv., því að þar er að eins gjört ráð fyrir einni kennslukonu, með 1,200 kr. launum. En það eru alls ónógir kennslukraptar handa svo mörgum nemendum og fyrir svo margar námsgreinir, enda ætlast frumv. jafnframt til, að forstöðukonan geti með ráði stjórnarinnar bætt við kennurum eptir þörfum, og má telja víst, að það yrði gjört. Fólkshaldið er æði dýrt og búskapurinn að öðru leyti óútreiknanlegur. Jeg veit ekki, hvaða reynsla er fengin í þessu efni með bændaskólunum, en það hygg jeg víst, að landssjóður mundi ekki spinna silki við þennan skólabúskap.

Í frumv. er mælt svo fyrir, að lögin komi þa fyrst til framkvæmda, er hjeruðin hafa ábyrgzt 15,000 kr. framlag handa hvorum skóla. En er nokkur vissa fyrir því, að hjeruðin leggi þetta fje fram. Meðan svo er ekki, eru þess-

ar 15.000 kr. ekki annað en tálbeita fyrir þingið.

Tilgangurinn að mennta væntanlegar húsmæður okkar er lofsverður. En næst hann ekki með öðru móti? Jú. Til þess eru tveir vegir, og báðir miklu ódýrari. Annar sá, að veita meira fje til kvennaskólanna, og skylda þá í notum þess til að kenna tilkomandi sveitarhúsmæðrum nauðsynleg fræði; hinn er sá, að sameina þessa kennslu við bændaskólana. Við það sparaðist mikið fje á húsrúmi og kennslukröptum o. fl., þótt auðvitað yrði að auka fjárframlag til skólanna að nokkru.

Mjer hefur verið sagt, að kvennaskóli Reykjavíkur hafi leitað til fjárlaganefndar um lítilsháttar styrk í sama tilgangi og hjer ræðir um, og jeg hef heyrt, að þessi beiðni eigi mjög erfitt uppdráttar í nefndinni. Hins vegar sje jeg meðal flutningsmanna þessa dýra en lítt hugsaða frumv. 3 af stærri spámönnunum úr fjárlaganefndinni og mætti það þó merkilegt heita, ef nefndin yrði fúsari til svo stórra fjárframlaga, sem þessir skólar hljóta að hafa í för með sjer, en til lítilfjörlegs viðauka við viðurkenndan og gamlan skóla.

Það hefur verið stungið upp á nefnd, og tilgangur frumv. og frágangur er sannarlega þannig lagaður, að þörf er á, að frumv. sje íhugað. Jeg hef bent á agnúana á frumv. vegna þess, að jeg óskaði, að einhver röddi í þá áttina heyrðist hjer í salnum, væntanlegri nefnd til leiðbeiningar. Hvert mál hefur tvær hliðar, aðra bjarta, en hina dökka, og nú varð það mitt hlutskipti að benda á dekkri hliðina.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þ.): Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefur rjett fyrir sjer í því, að kostnaðurinn við þessa skóla verður mikill; hvort hann hefur gjört of mikið úr honum eða ekki, læt jeg ósagt. Það má nokkuð miða við bændaskólana, svo að ekki þarf að renna alveg blint í sjóinn með stofnunarkostnað nje árskostnað, og enda hvorttveggja minna, en við bændaskólana. Jeg játa það, að vjer flutningsmenn höfum ekki gjört neina áætlun um þetta, enda sje jeg ekki, að þess hafi verið brýn þörf. Því að ef rjettarkrafan er góð og gild, þá verður að fullnægja henni, svo framarlega, sem vjer erum færir um það, og hvorugu er hægt að neita. Háttv. þm. spnrði um það, hvað væri í aðra hönd, og taldi upp úr frumv. nokkrar námsgreinar. Námsgreinarnar eru eiginlega ekki taldar upp í frumv., það nefnir þær að eins í aðal-dráttunum, en ætlast til, að reglugjörð skólanna ákveði þær nákvæmar. Þannig hefur verið farið að með bændaskólana. Skóli þessi er hugsaður í svipuðu formi og »Den praktiske Jenteskole for Smaalenenes Amt« í Norvegi. Frumskrá þess skóla er aptan við frumv. Er þar nokkur sundurliðuð upptalning á kennslugreinunum og nákvæmari, en við höfum nefnt í frumv. Verkefnið er nóg, og það er satt, að námstiminn er ekki langur, og ekki má búast við miklum lærdómi eptir þann tíma. En það er tekið fram í ástæðunum við frumv., að hjer sje að eins að ræða um vísi til fullkominna húsmæðraskóla, sem á að þróast og dafna, og við höfum bent á, í hvaða átt á að stefna

Enn fremur benti háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) á, að þetta allt mætti og væri kennt á kvennaskólunum. Það er ekki meining vor flutningsmanna þessa máls, að fara að drepa hina núverandi kvennaskóla skilmálalaust. En það er víst, að þeir hafa ekki leyst þetta hlutverk af hendi að þessu, og það er sannfæring mín, að þeir muni

ekki heldur gjöra það framvegis. Þessi skóli verður sniðinn eptir þörfum kvenna i sveit; það er brýn þörf á sjerstakri stofnun, sem bundin er við það eitt, sem snertir húsmóðurstörf, þær hafa ekki tíma til þess, að fara út í aðra sálma. En á kvennaskólunum er námið svo víðtækt, að stúlkur í sveit hafa ekki jafnt gagn af stuttri veru þar. Þær fá nasasjón af mörgu, en ekki nóga kunnáttu í þeim sjerstöku greinum, sem þeim ríður mest á, og hana geta þær ekki fengið nema á húsmæðraskólum.

Annars benti háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) ekki á neitt, sem mjer ekki var áður ljóst, og kom ekki með neina þá agnúa, sem geti staðið málinu í vegi.

Jeg býst við því, að málið verði sett í nefnd og tel þýðingarlítið, að fara fleiri orðum um það að sinni.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Hv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að námsgreinarnar væru ekki nefndar í frv. Þekkir hv. þm. þá ekki frv. sitt betur en þetta? Í 3. gr. segir, að á skólanum skuli kenna að rita móðurmálið, sögu landsins, reikning og reikningsfærslu, dráttlist, söng og leikfimi, hagsýni, þrifnað, »áhuga í verkum«, reglusemi og heimilisforstöðu, eða með öðrum orðum nákvæmlega sömu greinarnar, sem jeg nefndi. Þetta allt er kennt á kvennaskólanum í Reykjavík og líklega hinum kvennaskólunum líka, að hagsýninni og hennar fylgigreinum undanteknum, sem eins og jeg tók fram áðan, líklega ekki verða kenndar að miklu gagni í skólum. Þó er í Reykjavík í svokallaðri matreiðsludeild kennt ýmislegt, er að þessu lýtur.

Kvennaskólarnir eru að vísu engan veginn fullkomnir, síður en svo, enda er lítið fje lagt fram til þeirra; til kvennaskólans í Reykjavík ekki nema 3,000 kr. á ári og rúmlega það til kvennaskólans á Blönduósi.

En hvað heldur hv. þm. S.-Þing. að mætti ekki gjöra úr kvennaskólunum, ef lagt væri til þeirra þó ekki væri nema lítill hluti af því fje, sem hjer er farið fram á.

Þessir skólar kosta stórfje eptir okkar mælikvarða, og er það engan veginn sjálfsagt, að vjer ráðumst í stofnun þeirra, þó að tilgangur þeirra sje fallegur og vjer kynnum að vera færir um það.

Skynsamur maður ræðst ekki í allt, sem honum þykir girnilegt, enda þótt hann kynni að geta klofið það. Hann rannsakar fyrst hvort hann geti ekki náð sama, eða að minnsta kosti líkum tilgangi, fyrir minna fje, og tekur svo ódýrari veginn; þykist hann með því móti nokkurn veginn ná tilgangi sínum.

Sama eigum vjer að gjöra í þessu húsmæðraskólamáli. Hugsjónin getur verið mikið falleg, en vjer getum að minnsta kosti í bráð komizt af með að byggja ofan á kvennaskólana, og það kostar mikið minna.

Þrátt fyrir þessar athugasemdir greiði jeg atkv. með frv. til 2. umr. og fyrir nefndarsetningu.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Það gladdi mig mjög að heyra hinn hv. þm. Snæf. í síðari ræðu sinni fara þeim orðum um þetta frumv., að hann síður en svo hefði neitt á móti þeirri hugsjón, er fyrir okkur flutnm. vakir, og það að honum sýndist hún falleg, þar sem hann þó í fyrri ræðu sinni, að mjer skildist, fremur sýndist telja eptir það fje, sem til kvennmenntunar er lagt og álíta litla þörf á því, eða að minnsta kosti enga nauðsyn, að auka þau fjárframlög.

Jeg hygg að öllum hv. þm. sje það nokkurnveginn ljóst, hve miklar skyldur hvila á herðum hverrar þeirrar konu, sem í húsmóðurstöðu er sett, og hve afar mikið er undir því komið, að þær sjeu þeirri stöðu eður því starfi vel vaxnar. En ef það er fyllilega viðurkennt, þá get jeg ekki betur sjeð, en það sje bein skylda þjóðfjelagsins, að kosta þeirra menntun engu síður en menntun karlmanna, og með það fyrir augum höfum við flutnm. leyft okkur að koma fram með þetta frv. Nú mun það vera svo, að tífalt meira er lagt til menntunar karla en kvenna, og virðist ekki mikil sanngirni í slíku, því það munu þó flestir kannast við, að húsmóðirin vinnur eigi síður þarft verk en húsbóndinn á heimilinu, og hvað sjerstaklega snertir barna uppeldið eða þá fyrstu tilsögn og leiðbeiningar, sem fremur, jeg vil segja öllu öðru, gjörir barnið síðar, þegar á þroska árin er komið, að nýtum borgara þjóðfjelagsins, þá hlýtur hver maður að kannast við, að það starf og umhyggja, hvílir meir á móðurinni en föðurnum.

En svo jeg nú snúi mjer að því, sem gjörzt hefur í mínu hjeraði, hvað þetta skólamál snertir, þá var þar sþ. á þingmálafundum, að skora á þingið til framkvæmda í þessa átt; og enn fremur kom áskorun frá konum í Eyjafirði til sýslunefndarinnar um stofnun búnaðarskóla fyrir konur í sveit, helzt við Eyjafjörð. Jeg get því eigi annað en fundið það skyldu mína, sem þm. kjördæmisins, að flytja þetta frumv., og það því fremur, sem það er mín persónulega skoðun, að fyllsta nauðsyn sje á slíkum skólum.

Fyrir þessu máli er vaknaður mikill áhugi, sjerstaklega meðal giptra kvenna, og er það eigi nema eðlilegt, því þær vita bezt, hverja þýðingu starf þeirra hefur og hve mikilsverða þýðingu það hefur, að þær sje því starfi sínu sem bezt vaxnar.

Í sambandi við þetta mál má geta þess, að þar sem svo er ákveðið, að kvennaskóli Eyfirðinga njóti ekki styrks nema fyrra árið á þessu fjárhagstímabili, þá hefur nú verið afráðið af sýslunefndinni, að skólinn haldi ekki áfram næstkomandi vetur. Virðist þetta bera vott um apturför í menntamálum kvenna, og er slíkt mjög illa farið, en nú vona jeg, að þessu máli verði vel tekið, og að þingið bæti þannig fyrir það, sem að þessu leyti hefur áfátt orðið. Óska jeg svo, að málið fái að ganga til 2. umr., og leiðist til góðra lykta.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Stungið var upp á 5 manna nefnd í málinu, og var sú uppástúnga samþ. í e. hlj. Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 6 þm., og voru þessir tilnefndir í nefndina með hlutfallskosningu:

Pjetur Jónsson,
Stefán Stefánsson (þm. Eyf.),
Ólafur Ólafsson,
Hannes Þorsteinsson,
Jóhannes Ólafsson,

Í nefndinni var Ólafur Ólafsson kosinn formaður og Pjetur Jónsson skrifari og framsm.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A 99, 273) til 2. umr.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg þykist ekki þurfa að gjöra nánari grein fyrir þessu frumv., en jeg hef gjört við 1. umr. Það vill svo vel til, að 4 nefndarmenn hafa fallizt á frumv. með smávægilegum

breytingum. Það er eiginlega að eins ein aðalbreyting, sem nefndin leggur til að gjörð sje og hinar breyt.till. byggjast á. Sú breyting er í því fólgin, að í stað þess að frumv. ætlar forstöðukonunni framkvæmdarstjórnina, telur nefndin heppilegra að hafa sjerstaka skólastjórn, er sje skipuð 3 mönnum, þannig, að forstöðukonan sje sjálfkjörin, einn sje kosinn af sýslunefnd þess hjeraðs, sem skólinn er í, og sá þriðji af stjórn búnaðarfjelags Íslands. Þessi 3 manna nefnd hefði umsjón skólans, væri undir landsstjórninni, en yfir forstöðukonunni, eins og vant er um skólanefndir.

Önnur breytingin, við 3. gr., er að eins lítils háttar, hún er um það, að bæta landfræði við námsgreinirnar.

Þessar breytingar mæla með sjer sjálfar og þurfa ekki útskýringar.

En jeg býst við, að menn sakni þess í nefndarálitinu, að ekki er getið um, hve mikill stofnkostnaður og árskostnaður muni verða. Nefndin hefur reynt að átta sig á þessu, eptir því sem hægt hefur verið, án þess að leita smiðfróðra eða skólafróðra manna. Það er reynslan, sem fara verður eptir, og vjer höfum þegar talsverða reynslu fengið.

Eptir því, sem nefndin hefur ætlazt á, og hún hefur töluvert við að styðjast, telur hún árskortnaðinn ekki munu verða óbærilegan, naumast yfir 4,000 kr. netto, og auðsætt er, að hann þarf ekki meiri að tiltölu en við bændaskólana. En húsmæður eiga jafnt rjett til sjermenntunar sem bændaefni, svo sem jeg tók fram við 1. umr., svo að ekki þarf það mönnum í augum að vaxa. Nefndin hefur einkum miðað stofnkostnaðinn við skólann á Blönduósi. Sá skóli hefur heimavistir handa 35 stúlkum; að sumu leyti mun skólahúsið að vísu ekki fylgja kröfum tímans, en að mörgu leyti er það vel gjört, t. d. er ágætur kjallari undir því. Skólinn er líka þarna á heldur afviknum stað, flutningar þangað á sjó eru ógreiðir og höfn ill. En ef skóli væri í Þingeyjarsýslu eða Eyjafirði, ekki langt frá sjó, væru aðflutningar betri.

Skólahúsið á Blönduósi kostaði 19,000 kr., hvort þar með hafa talin verið áhöld, veit jeg ekki. Sá er galli sagður á því, að það sje ekki skjólgott, það hefur líklega ekki verið búið eins vel um veggi nje vel stoppað eins og þörf er á, og svefnherbergi of fá en stór. Nefndin hefur því gjört ráð fyrir því, að skólahúsið með áhöldum muni ekki kosta minna en 30,000 kr., og þar fyrir utan er jarðnæði, en nefndin hefur gengið út frá því, að einhver þjóðjörð yrði tekin til þess.

Um árskostnaðinn hefur nefndin líka gjört áætlun, sem jeg hirði ekki um að lesa upp; hyggur nefndin, að hann muni ekki fara fram úr 4,000 kr., og verða þó líklega innan við það, netto. Nefndin hefur haft Blönduósskólann til hliðsjónar, einnig með árskostnaðinn, en þar er ýmsu blandað saman við árskostnaðinn, bæði fæðiskostnaði o. fl. sem hjer kemur eigi til greina.

Þetta er nú um kostnaðinn að segja; hann verður naumast meiri, og vona jeg að háttv. þm. horfi ekki í, að skólunum verði komið upp kostnaðarins vegna.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg hef ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samferða, og hef því orðið einn í minni hluta. Hef jeg í áliti mínu, þó stutt sje, tekið fram aðalástæðurnar fyrir, hversvegna jeg gat ekki verið með frumv., og ekki fremur, þótt breyt.till. meiri hlutans kæmust að, því að þær breytingar eru

engar efnisbreytingar. Aðalatriðið er þetta, að þótt þetta málefni kunni að vera gott og gagnlegt í sjálfu sjer, þá er svo margt, sem liggur nær að koma í framkvæmd. Landssjóður getur naumast, eins og fjárhag hans nú er háttað, kostað þessa skóla. Þörfin er ekki svo brýn, að ekki megi komast án af þeirra, fyrst um sinn að minnsta kosti. Sjerstaklega er jeg á móti því, að landssjóður kosti fleiri skóla, en hann hefur nú á sinni könnu. Reynsla sú, sem fengin er með þeim skólum, sem þegar eru reistir á þann hátt. er ekki svo glæsileg, að hún hvetji til að bæta fleirum við, nema brýn nauðsýn sje til.

Auk þess mun áætlun sú, er háttv. framsögum. (P. J.) gjörði, of lág, og ekki ábyggileg. Jeg get ímyndað mjer, að stofnkostnaður verði hátt upp í 100,000 kr. fyrir báða skólana, þegar öll kurl koma til grafar, og svo bætist við árlegur reksturskostnaður.

Jeg vil ennfremur geta þess, að öðruvísi hagar til í þessu efni á Norðurlandi, en á Suðurland. A Norðurlandi var kvennaskóli á Akureyri, sem nú er í audarslitrunum, eða alveg dauður. Það er því skiljanlegt og eðlilegt, að menn óski eptir skóla nyrðra í hans stað, og það einmitt á kostnað landssjóðs. Eins og kunnugt er, hafa Norðlendingar ekki getað komið sjer saman um kvennaskólana, hver höndin hefur verið móti annari í skólamálinu. Húnvetningar og Skagfirðingar hafa ekki getað verið samtaka fremur en Eyfirðingar og Þingeyingar. En það er ekki ástæða til fyrir landssjóð, að verja fje til þess að stofna sýsluskóla. Á Suðurlandi hafa ekki heyrzt nokkrar raddir um þörf á slíkum skóla sem þessum. Í Reykjavík er húsmæðraskóli, sem allt Suðurland getur hæglega notað, og við kvennaskólann hefur nýlega verið stofnuð sjerstök deild í sama tilgangi og þessir fyrirhuguðu húsmæðraskólar. Nú á þinginu hefur verið samþykkt að auka töluvert fjárstyrk til þessa skóla, svo að jeg hygg, að Sunnlendingar megi vel við una í bráð. Auk þess veit jeg ekki betur, en að bráðum eigi að stofna skóla á Vesturlandi, samkvæmt gjafabrjefi frú Herdísar Benediktsen; upphæðin er víst bráðum eins stór og ákveðið var í gjafabrjefinu, að hún skuli vera þegar skólinn verður reistur. Hefur komið fram óánægja yfir því, að stofnaður sje kvennaskóli á Vesturlandi, þar sje hans engin þörf, heldur væri betra, að efla kvennaskólann í Reykjavík, en þessum ákvæðum verður nú ekki breytt. Verða þá 3 kvennaskólar, í Reykjavík, á Vesturlandi og á Blönduósi, og sje jeg þá ekki ástæðu til að bæta við 2 húsmæðraskólum að auki, Auk þess er allt þetta mál svo óundirbúið og lítt hugsað, að það getur naumast náð nokkurri átt, að fara að demba þessum kostnaði á landssjóð nú. En verið getur, að síðar komi að því, að áhugi vakni fyrir málinu á Suðurlandi, og að þess verði krafizt, að slíkur skóli sje reistur syðra, og þá er rjett að gjöra það, en að svo stöddu ekki, enda þótt jeg viðurkenni, að hugmyndin sje góð og gagnleg. Ætla jeg svo ekki að tala meira að sinni, en ræð háttv. deild eindregið til þess að fella frumv., sem ótímabært og ónauðsynlegt að svo stöddu.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing,): Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) þurfti eins og von var að gjöra grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, en hann sagði ekki neitt framyfir það, sem stendur í nefndaráliti minni hlutans. Það var hið fyrsta, að hann taldi ekki heppilegt, að stofna þessa svo kölluðu landsskóla, enda ekki fengin nein

ábyggileg reynsla í þessu efni. En eptir búnaðarskólunum að dæma, væri alls ekki hvetjandi að halda áfram í þá átt. Hver er þá þessi reynsla? Í fyrstu voru búnaðarskólarnir stofnaðir af hjeruðum, með styrk úr landssjóði, og gekk mjög illa. Þeir voru smáir og ljelegir, og sveltir upp. Síðan var þeim fækkað, settir á landssjóð, stækkaðir og bættir, og bendir allt á, að þetta ætli að reynast betur. Nú höfum við flutningsmenn lagt til, að byrjað verði að eins á tveimur skólum, er landið gjöri úr garði, og byggt á reynslu sem þegar er fengin um búnaðarskólana. Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) gat um það, að áætlun okkar væri að öllum líkindum of lág; um það má lengi þræta, en jeg efast ekki um, að það megi takast að koma byggingunum upp fyrir þetta, ef laglega er að farið. En viðvíkjandi árskostnaðinum, ætti að mega fara eptir þeim skýrslum, sem liggja fyrir frá þeim skólum, sem landsjóður kostar. Sami háttv. þm. talaði um, að líklega væri áhugi fyrir norðan fyrir þessu máli, en þó liti út fyrir, að hver höndin væri þar upp á móti annari. Það hefur áður fyr verið ágreiningur út af Blönduósskólanum. En um svona lagaðan skóla er enginn ágreiningur á milli sýslnanna, heldur að eins á milli Akureyringa og Þingeyinga, um það hvar skólinn skuli standa. Vilja hinir fyrnefndu hafa skólann svo nálægt Akureyri, að Akureyrarstúlkur geti gengið á hann, en Þingeyingar, að hann sje svo fjarri, að stúlkur af Akureyri þurfi að eiga *heima* á honum, eins og hinar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur ekki getað tekið tillit til kvennaskólans í Reykjavík, því það er áreiðanlegt, að menn upp til sveita eru algjörlega mótfallnir því, að senda dætur sínar til kaupstaðanna, til þess að nema það, sem kenna á á húsmæðraskólunum.

Skólamál þetta er alls ekkert nýmæli, það hefur verið rætt mikið fyrir norðan, og hjer í Reykjavík hafa margir verið hissa á því, að við sveitamenn skulum senda dætur okkar til Reykjavíkur til þess að læra að búa til mat. Enda eru það tiltölulega fáar sveitastúlkur, sem nauðsynlegt er að fari til Rvk. til þess að læra að búa til fágæta rjetti, og ganga um beina í dýrum veizlum. Þar fyrir getur kvennaskólinn hjer verið bæði góður og gagnlegur, enda mundu þessir tveir húsmæðraskólar taka minnstan partinn af þeim stúlkum, sem matreiðslu þurfa að læra eða kvennlegar hannirðir.

Þá minntist háttv. 1. þm. Árn. á, að Suðurland hafi að minnsta kosti aldrei óskað eptir húsmæðraskóla. Þetta er öldungis rjett, og jeg hef getið þess áður, enda tekur ekki til þess nema þurfi. En jeg þykist þess fullviss, að þessi hreyfing, sem er svo brennandi á Norðurlandi, nái innan skamms til Suðurlands og ryðji sjer þar til rúms, og þess vegna höfum við flutnm. þessa frumv. haft Suðurland með. Annars er það auðvitað, að Norðurland fer sína leið í þessu máli án tillits til hvað Suðurland gjörir.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg hef litlu að bæta við það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, og jeg tók fram á dögunum við 1. umr. En af því að nefndarálitið hefur ekki getað sannfært mig um nauðsyn þessara húsmæðraskóla, vil jeg þó bæta nokkrum orðum við.

Jeg skal trúa því, að nokkur áhugi sje fyrir þessu máli á Norðurlandi, fyrst háttv. þm. S.-Þing segir það; en þar eð ekki hefur orðið vart við neinn áhuga í því efni annarsstaðar, þá ætti

einn skóli að minnsta kosti að nægja.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., sje jeg ekki ástæðu til að ætla, að við þessa húsmæðraskóla verði kennt annað en það, sem kennt er við kvennaskólann hjer og kenna mætti á Blönduósi, sje það ekki þegar kennt þar. Og sje nú hægt að kenna allt hið sama á kvennaskólunum, sem kenna á á húsmæðraskólunum, þá ekki að eins mætti, heldur ætti líka, að spara landinu allt hið mikla fje, sem útheimtist fyrst og fremst til að koma skólunum upp og svo til að reka þá.

Það var tekið fram á dögunum sem meðmæli með því að hafa kennaraskólann hjer í Reykjavík, að það væri hægara að selja húseign skólans hjer, ef illa færi, en í Hafnarfirði. Og sje þetta rjett, þá er það enn ein ástæða fyrir því, að binda húsmæðrafræðsluna fremur við kvennaskólana en fara að byggja yfir þá í sveit, enda sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að slík kennsla geti alveg eins farið fram í kaupstað og í sveit. En vilji menn ekki taka þetta ráð upp, mætti ef til vill koma þeirri fræðslu fyrir á bændaskólunum. Með því móti sparaðist töluvert af byggingarkostnaði, kennarahaldi o. fl.

Jeg gat þess í byrjun ræðu minnar, að ekki væri að minnsta kosti nein ástæða til að stofna meira en einn húsmæðraskóla fyrst um sinn, og það því síður sem kostur mun verða, áður en langt um líður, á kvennaskóla á Vesturlandi, sem byggður verður fyrir gjöf frú Herdísar Benediktsen og Ingileifar Benediktsen. Sá sjóður var í árslok 1906 um 58,000 kr. og mun í næstu árslok verða um 60,000 kr.

Að minnsta kosti verð jeg alvarlega að vara við því, að fara að reka búskap á landsjóðs kostnað í sambandi við skólahaldið. Búskapur er nú það lotterí, sem landssjóður ætti sízt að spila í, að minnsta kosti ekki meðan ófengin er reynsla af landbúskapnum við bændaskólana.

Þetta mál er engan veginn hugsað til hlýtar, og þó fáeina menn hafi órað eitthvað fyrir því, þá hefur það ekki komið svo ljóst fram í deildinni, að aðrir geti byggt á því. Skólastæðin eru ekki valin, það liggur engin áætlun fyrir hvorki um kostnað við skólabyggingarnar nje um fyrirkomulag skólahaldsins. Jeg ber að vísu mikið traust til hv. þm. S.-Þing. og játa, að flestar tillögur hans sjeu fallegar, en þær eru ekki allar eptir því ábyggilegar, og eins og gengur sízt þær, sem eru honum áhugamál.

Hann gat þess að vísu, að stofnkostnaður hvors skólans um sig mundi ekki verða meira en 30—40,000 kr., en jeg veit ekki, á hverju hann byggir þessar upphæðir úr því að ekki liggur fyrir svo mikið sem laus uppdráttur af húsunum. En þó stofnkostnaðurinn ekki yrði meiri, þá er það samt allt of mikið fje til að kasta út fyrir kennslu, sem hægt er að fá miklu ódýrari. Og sama máli er að gegna um skólahaldskostnaðinn þó að hann færi ekki fram úr 4,000 kr.; það er, líka óþörf útgjöld, meðan ósannað er, að meira verði kennt á þessum skólum, en gjört er á kvennaskólunum. Hv. flutnm. sagði, að hvað sem kostnaðinum liði, þá mundi hann alls ekki verða landinu *óbærilegur*. En það er ekki nóg, þó að landið kunni að geta klofið þennan kostnað. Hv. þm., sem ber fram þetta dýra frv., verður að geta bent á einhver »valuta«, verður að sýna fram á, að það, sem ætlazt er til að fáist í aðra hönd, svari nokkurn veginn til kostnaðarins. Jeg get ekkert byggt á því, sem jeg heyri af Blönduósskólanum eða á þeirri ályktun, sem hv. þm. dró af honum,

allra sízt meðan jeg heyri skólann lastaðan í annað eyrað, en lofaðan í hitt.

Um tillögin frá sýslufjelögunum skal jeg ekki mikið segja, en það er samt grunur minn, að það muni vera byggt í nokkuð lausu lopti, sem hv. flutnm. sagði um þau.

Það, sem hjer ræður atkv. mínu, er það, að jeg þykist þess fullviss, að lík kennsla, og hjer er um að ræða, fáist fyrir miklu minna fje, en hjer er farið fram á, sje að eins rjett að farið. Og svo vona jeg að verði um atkv. fleiri deildarmanna, enda er ekki vanþörf á að fara varlega, eigi landsbúskapurinn ekki að fara í því meiri ólestri á næsta fjárhagstímabili.

ATKV.GR.:

1. gr. felld með 11 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Jóh. Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson,	Eggert Pálsson,
Ólafur Briem,	Guðm. Björnsson,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Pjetur Jónsson,	Herm. Jónasson,
Skúli Thoroddsen,	Lárus H. Bjarnas.,
St. Stefánss., Eyf.,	Magnús Andrjess.,
St. Stefánss., Skgf.,	Ólafur Thorlacíus,
Þórh. Bjarnarson.	Tr. Gunnarsson.

Guðlaugur Guðmundsson, Hannes Hafstein og Magnús Kristjánsson voru eigi við og greiddu því eigi atkv.

Ný 2. gr. sþ. með 14 atkv.

2. gr. sþ. með 13 atkv.

Brtill. við 3. gr., sem verður 4. gr., sþ. með 13 atkv.

4. gr. sþ. með 13 atkv.

5. gr. sþ. með 13 atkv.

Brtill. við 6. gr., sem verður 7. gr., sþ. með 13 atkv.

7. gr. sþ. með 13 atkv.

8. gr. sþ. með 13 atkv.

Vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. september, kom frumv. (A. 416, 450, 468, 505) til 3. umr.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Þetta frumv. var nokkuð hart leikið við 2. umr., og verð jeg að játa, að mjer kom það nokkuð á óvart, eptir þeim undirtektum, sem það virtist hafa fengið í deildinni yfirleitt. Það voru fáir, sem mæltu á móti og þær fáu mótbárur, sem fram komu, gátu naumast samrýmzt við álit meiri hluta deildarmanna, það er jeg viss um.

Það var álit meiri hluta nefndarinnar, að stofna ætti tvo húsmæðraskóla í sveitum, í samsvörun við bændaskólana, bæði af því, að oss virtist þess fullkomin þörf, og svo er það ekki nema jafnrjettiskrafa kvennfólksins móts við karlmenn, og hafa mótbárurnar ekki hrundið þessum ástæðum. Mjer kom því alveg á óvart, hvernig farið var með 1. grein frumv.

Jeg býst við því, að það hafi dregið úr mörgum, að þeim hafi ekki þótt málið nógu rækilega undirbúið, nje skörulega flutt, og svo hefur það ef til vill gjört nokkuð að verkum, hvernig fjárhagsástandið er nú. Jeg vona samt, þótt eitthvað kunni að vera út á undirbúning málsins að setja, þá þurfi ekki meira að gjöra en búið er til þess, að sýna þörfina á þessum skólum. Málið hefur verið rætt í aðalatriðunum hjer á þingi áður, og menn mun reka minni til baráttunnar um norðlenzku kvennaskólana á Akureyri og Blönduósi; þingið hefur ekki viljað styðja tvo slíka skóla, en látið í veðri vaka, að það álíti sjer skylt, að sinna

hússtjórnarskóla, þar sem verkleg kennsla væri látin sitja í fyrirrúmi. Af þessum ástæðum hefur Eyfirzki kvennaskólinn gamli verið sviptur aðstoð landssjóðs.

Á síðasta þingi var svo lýst yfir því frá hálfu þeirra manna, sem fluttu styrkbeiðnina fyrir Akureyrarskólann, að það væri meiningin, að snúa honum smátt og smátt upp í hússtjórnarskóla. En það var þinginu ekki nóg. Það vildi að eins sinna algjörðum, nýjum hússtjórnarskóla. Við þetta álit þingsins að undanförnu er nú undirbúningur þessa máls miðaður. En jafnframt var álitið rjett, að koma upp samskonar skóla á Suðurlandi; með því væri því slegið föstu, að slíkir skólar ættu að vera tveir, og einungis tveir fyrst um sinn í landinu; það er eins og kunnugt er all-títt, að þegar skóli er stofnaður í einum landshluta, eða einu hjeraði hjer á landi, þá þjóta hinir hlutarnir og hjeruðin upp, og vilja hvort um sig fá samskonar skóla, og þess konar skólakák vildum við fyrirbyggja strax, og var það því tekið upp, að hafa þessa skóla ekki nema tvo, en um leið, að gjöra þá svo vel úr garði, að þeir gætu orðið eins góðir, eins og þótt þeir væru fleiri, og þyrftu ekki að veslast upp af fjárskorti, eins og búnaðarskólar vorir gjörðu af því, að þeir eru svo margir og smáir.

En sökum þess að menn hafa eigi enn þá óskað eptir svona skóla hjer á Suðurlandi, og sumir álíta, að Suðurland muni komast af með hússtjórnarskólann og kvennaskólann hjer í Reykjavík, þá virðist ekki brýn nauðsyn til, að svo komnu, að halda fram tveimur búsmæðraskólum, enda var 1. gr. frumv. felld um daginn. Þess vegna leggur nefndin það nú til, að setja 1. gr. aptur framan við þannig breytta, að skólinn skuli einungis vera einn og á Norðurlandi. Aðrar breytingar nefndarinnar eru í samræmi við þetta, kostnaðurinn verður með þessu móti hálfu minni en áður, en auðvitað er þá ekki sjeð, hve sunnlenzku konurnar verða ánægðar með þelta.

Það eru nokkrir háttv. þingmenn, sem hafa minnzt á það við okkur, að heppilegast muni vera, að flytja frv. fram einmitt á þennan hátt, en við álítum nú samt, að sjálfsagt sje, að stofna sem fyrst hinn skólann á Suðurlandi strax og menn hjer fá jafnríkan hug á málinu og konurnar í Norðurlandi; þetta verður því einungis stundarfrestur; því að þótt svo kunni að vera, að Sunnlendingar sæki nú skólann hjer í Reykjavík, þá er jeg viss um það, að þeir verða ekki lengi ánægðir, nema þeir fái sveitarskóla eins og verður á Norðurlandi.

Jeg þykist nú hafa gjört grein fyrir breyt.till. okkar nefndarmanna, þær eru allar í samræmi við þessa einu aðal-breytingu.

En hjer er komin breyt.till. við þær frá háttv. þingm. Borgf. (Þórh. B.) á þingskj. 168, sem fer fram á það, að nema burtu heimildina til þess, að reka búskap á landssjóðs kostnað á skólajörðinni. Jeg gjöri ráð fyrir því að þetta sje gjört til þess, að gjöra frumv. aðgengilegra, og er jeg háttv. þingmanni þakklátur fyrir það. En mjer finnst það ekki gjöra frv. neitt aðgengilegra í raun og veru. Það var ekki tilgangur okkar og ekki heldur hægt að skilja frumv. svo, að stjórnin skuli endilega láta reka þennan búskap, heldur er henni að eins gefin heimild til þess, ef eigi er annars kostur, til þess að skólinn hafi nauðsynlegan búskap við hendina. Ef skólinn er í sveit, þá getur hann ekki komizt hjá

því, bæði til fæðis og til þess, að stúlkurnar geti lært matgjörð, mjaltir, meðferð á kúm o. fl.

Það er nú líklegast, að þetta fáist með því, að einhver hafi bú á jörðinni, annaðhvort forstöðukonan eða annar. En ef það verður ekki, þá álít jeg, að það sje óhjákvæmilegt, að stjórnin hafi þessa heimild til þess, að geta hjálpað upp á sakirnar; því fer fjarri, að nefndin óski þess, að svo fari, heldur er þetta að eins neyðarhöfn til þess, að skólinn verði ekki ónýtur, ef hitt bregzt. Annars gjöri jeg nú þetta ekki að kappsmáli.

Líkt má segja um breyt.till. háttv. þm. Snæf. á þgskj. 505; það er að eins orðabreyting. Það, að segja að stofna *megi* skólann, er lítið annað, en það sem sagt er í fyrstu grein, að skólinn skuli stofnaður á Norðurlandi, og þar með auðvitað meint, að hann komist í framkvæmd, þegar búið er að sýna þann áhuga, að leggja fram fje til hans. En ef menn óska þess, að þessi breyting sje samþykkt, þá vil jeg það heldur, en að frumv. sje fellt. Jeg álít að vísu enga ástæðu til þess, að vera að hanga yfir þessu til lengdar, en þótt stjórnin dragi það til síðara ársins, ef henni virðist ástæða til þess, þá álít jeg það gjöri ekki mikinn skaða, eða taki því að gjöra þetta að kappsmáli. Jeg vona nú, að háttv. deild taki ekki tillit til þess, þótt málið kunni að vera linlega flutt af mjer eptir þessa útreið, sem það fjekk seinast, heldur líti á málið með sanngirni, og þá vona jeg, að frumv. verði samþykkt.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Ef háttv. flutnm. hefði tekið öðruvísi í breyt.till. mína, þá hefði jeg ekki tekið til máls. Hann sagði raunar, að hún væri ekki annað en orðabreyting, það á eptir því að vera sama, hvort þingið segir við stjórnina: þú *mátt* gjöra þetta eða þú *skalt* gjöra það. En hví lagði þm. á móti tillögunni fremur en hitt? Jeg bar tillöguna fram vegna flutningsm., til þess að hjálpa honum til þess að fleyta þessu kappsmáli sínu gegn um deildina. Vitanlega ætti frumv. helzt að deyja, en það er hættulaust að hleypa því upp í Ed., ef till. mín gengur fram, því að vonandi er ekki hætt við, að stjórnin fari að byggja á þeim sandi.

Háttv. flutnm. kvartaði undan því, að frv. hefði verið hart leikið. En það er síður en svo, þar sem það er nú komið hingað til 3. umr., eptir að það hafði tvisvar verið afhöfðað við 2. umr.

Það er annars undarlegt, hve ólíkt sumir fara með eigið fje og annara fje, einkum landssjóðsfje. Þegar menn þurfa að byggja, kaupa sjer föt eða bók, brjóta gætnir menn heilann um, hvort þeir hafi nú efni á því, og þó að það verði ofan á, þá verja þeir sem minnstu til þess, byggja ekki of stórt eða of dýrt, og kaupa hvorki skrautföt nje skrautbók. En þegar landssjóður á hlut að máli, þá horfa sömu menn opt ekki í tugi þúsunda.

Eins og jeg áður hef tekið fram, er algjörlega hrapað að þessari skólastofnun, staðurinn er ekki valinn enn, engin áætlun um hús skólans eða fyrirkomulag hans. Vitanlega er hálfur skaði betri en allur. Betri einn óþarfur og óhugsaður skóli en 2 af sama tagi. En þó er enginn skaði enn betri.

Það má ná sama takmarki, og þessum skóla er sett með miklu minni tilkostnaði. Það má gjöra það, með því að byggja ofan á kvennaskólann á

Blönduósi, og auka þessari húsmæðrafræðslu við kennslu þá, sem þar er fyrir. Það þyrfti ekki að kosta mikið.

Háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) hefur með breyt.till. sinni reynt, að forða landssjóði við því lukkuspili eða heldur ólukkuspili að reka skólabúið, og það er mikil bót. En samt sem áður verður skólinn of dýr í samanburði við árangurinn. Forstöðukonunni eru ætlaðar 1,200 kr. í laun, helmingi meira en forstöðukonu elzta kvennaskólans á landinu. Þar við bætist, hver veit hvað mikið, til annara kennara auk margs og margs annars til skólahaldsins, að slepptum stofnkostnaði. Og þó er sagt í ástæðunum fyrir frumv., að þetta sje ekki nema dálítil byrjun eða lítill vísir til fullkomins húsmæðraskóla. Hvað skyldi hann þá kosta, blessaður, þegar örlítill vísir kostar 40,000—50,000 kr.

Kennsluskeiðið er ekki nema 7 mán. Það er ofstuttur tími til að læra allt, sem þar á að kenna, enda er það 11 mán. í skóla þeim, sem hafður er til fyrirmyndar. Í frv. eru taldar upp ýmsar námsgreinar. Það álít jeg óheppilegt. Slíkt er reglugjörðaratriði. En sje það gjört, þá má sízt sleppa nauðsynlegustu greinunum svo sem efnafræði, eðlisfræði og heilsufræði. Kunnátta í þessum greinum er nauðsynleg hverri húsmóður.

Áður en nokkuð væri gjört í þessu máli, ætti að senda valinn kvennmann til að ferðast um Norðurlönd, til að rannsaka, hvernig þessari kennslu þar er hagað. Hún sendi svo skýrslu um athuganir sínar og kæmi jafnframt fram með ákveðnar tillögur, er þing og stjórn gæti haft til stuðnings við bollaleggingar sínar um málið og skal jeg gjarnan styðja að því, að veittur sje styrkur til þessa völdum og vel menntuðum kvennmanni. Þetta væri rjettasta leiðin, ef á annað borð væri farið af stað með skólann. Hinsvegar er frumv. hættulaust, ef tillaga mín er samþykkt, og því greiði jeg atkvæði með því, nái hún fram að ganga. Ella skal mjer vera sönn ánægja að hjálpa til að stúta því.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg ætlaði ekki að taka til máls, en orð hins háttv. framsm. hafa gefið mjer tilefni til þess. Háttv. þm. kannaðist að vísu við góðan tilgang till. minnar, en virtist þó fremur leggja á móti henni. Spursmálið, sem á leikur, er það, hvort á að reka búskapinn á kostnað landssjóðs. Það stendur, raunar, að það sje heimilt, að eins, en jeg gjöri ráð fyrir, að sú heimild verði notuð. *(Pjetur Jónsson:* Hvers vegna?) Jú, það liggur nærri, menn eru djarfari með fje landssjóðs, vilja heldur hafa landssjóðinn að bakjarli, en að spila upp á eigin spýtur og eiga allt á hættu sjálfir. Það er alkunnugt, hvernig slíkur búskapur reynist eða hefur reynzt á skólabúunum. Það vantaði þúsundir árlega upp á, að þau bæru sig, hvað þá heldur að þau gæfu nokkurn arð. Ef breyt.till. mín verður samþ., þá verður ekki farið af stað með húsmæðraskólann, nema sjeð sje fyrir manni, er reka vill búið á skólajörðinni fyrir sjálfan sig, treysti forstöðukonan sjer ekki til þess.

Jeg tel mjög mikilsvert, að hleypa ekki þessu heimildarákvæði inn í frv., því ef það er gjört, er jeg viss um, að það yrði margra þúsund kr. halli fyrir landssjóð. Frá mínu sjónarmiði er ákvæðið svo hættulegt, að jeg gjöri það að skilyrði fyrir atkv. mínu, að það verði fellt burtu.

A hinn bóginn er þess að gæta, að hugmyndin er góð, og það mælir mikið með málinu, að mjer er kunnugt um, hvaða kona er fyrirhuguð sem

forstöðukona á Norðurlandi. Hún hefur fengið góðan undirbúning erlendis og rekið húsmæðrakennslu í vetur, og getið sjer almanna lof. Þetta er fyrir mjer mjög þýðingarmikið, og vissi jeg ekki, að sú persóna stæði að baki, væri jeg málinu alveg fráhverfur. Það ræður svo miklu, hver með á að fara, og því vil jeg styðja málið með því skilyrði, sem jeg áður hef tekið fram.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Það er rjett til getið hjá h. þm. Borgf. (Þórh. B.), að við höfum haft það bak við eyrað í Norðurlandi, að kona er til, sem getur tekið skólann að sjer. Það hefur komið málinu á gang, og á því sjest, að undirbúningur þess er betri, en háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) ljet á sjer heyra. Hann þekkir ekki, hvern undirbúning málið hefur fengið við meðferð á fundum og umhugsun einstakra manna. Þessi kvennmaður hefur einmitt ferðast erlendis, þótt hún hafi kannske ekki farið um öll Norðurlönd, hún hefur verið á sjerskólum í þessa átt, í Norvegi og Danmörku, og tekið þar próf, og hún hefur kynnt sjer samskonar skóla. Hún hefur því einmitt fengið þá menntun, sem verður að teljast fullnægjandi, þó hún máske hafi ekki ferðast land úr landi, eins og mjer heyrðist háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) telja nauðsynlegt skilyrði.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) gjörði það að skilyrði fyrir atkv. sínu, að skólabúin yrðu ekki rekin á landssjóðs kostnað. Þetta skil jeg ekki, því ef stjórnin er neydd til að reka búskap á skólanum, þá er það af því, að það er skilyrði fyrir því, að skólinn komist á; annars tekur eigi til þess.

Nú segir háttv. þm., að enginn fáist til að reka búið, og þá lítur helzt út fyrir að hann vilji ekki, að málið fái framgang, því þá er breyt.till. hans sama sem algjörð hindrun á því, að skólinn hafi búskap við hendina. Búið þarf ekki að vera mjög stórt, 8—10 kúa bú, svo að kostnaðurinn getur ekki orðið stórkostlegur. Jeg álít því ekki rjett, að láta þetta standa fyrir málinu.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) talaði mikið um slæman undirbúning þessa máls, en mjer finnst hann eins góður og tiðkast um önnur mál af sama tagi, að öðru en því, að ekki fylgja teikningar og nákvæm kostnaðaráætlun, en það hefur heldur ekki verið, þegar aðrir skólar hafa verið stofnaðir, sem kosta meira fje. Jeg tók fram við 2. umr., að óhætt væri að miða byggingarkostnaðinn við Blönduósskólann, og hvað reksturskostnaðinn snertir, tók jeg til samanburðar Blönduósskólann og aðra lika skóla. Mjer finnst ekki, að það sje að vaða blint í sjóinn. Reksturskostnaðurinn getur ekki farið fram úr 4,000 kr. á ári, nema ef tap yrði á búinu, en það getur varla komið til mála.

Ekki var það heldur rjett hjá háttv. þm., að kennsluskeið sje ekki nema 7 mánuðir á móti 11 mánuðum á norska skólanum, sem miðað var við; eptir frumv. er skólatíminn í raun og veru allt að 9 mánuðum, móts við 11 mánuði á hinum norska skóla, því að aukakennsluskeið í verklegri kennslu er allt að 2 mánuðum, og er í raun og veru ekki annað en áframhald hins. Það er satt, jeg hef ekki lagt fram reglulegt »Plan« fyrir skólann, því að skólinn í »Smaalenenes Amt« í Norvegi, sem miðað er við, er nokkuð fullkomnari, þar sem kennsluskeiðið er lengra, en allgóða hugmynd geta menn þó fengið um, hvernig skólinn

á að vera eptir »Planinu« fyrir norska skólann, sem jeg hef látið fylgja aths. við frumv.

Þá minntist háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) á það, að vel mætti byggja ofan á þá kvennaskóla, sem nú eru. Það er ekki hægt, ef skólinn á að vera í sveit, því að þeir eru í kaupstað. Hvað skólann fyrir norðan snertir, þá geta menn þar, að minnsta kosti í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum, ekki sætt sig við, að hann sje settur á Blönduósi; þar er hann mjög illa settur; á vesturjaðri umdæmisins, þar sem einna verst er að sækja hann. Það er opt hæpið, að hægt sje að komast þangað og þaðan haust og vor, nema með lang-töfum. Auk þess er Blönduósskólinn svo til kominn, sem allir vita, og það væri neyðarlegt, að fara að segja Eyfirðingum og Þingeyingum, að hann sje fullgóður handa þeim eptir allt saman. Vel gæti komið til mála, að sameina þessa skóla við bændaskólana; það væri jafnvel betra að ýmsu leyti, en á Hólum getur það þó ekki komið til mála, því hann er þar svo illa settur fyrir allar samgöngur úr öðrum sýslum.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Hinn háttv, þm. S.-Þing. (P. J.) talaði á þá leið, að úr því jeg þekkti ekki betur til þessara mála, þá væri rjettast fyrir mig að leggja ekki til þeirra. Jeg met nú hinn háttv. þm. S.-Þing. mikils og tillögur hans sömuleiðis, en þó ekki svo mikils, að jeg geti greitt atkvæði alveg eptir því, sem hann ætlast til, án þess að gjöra mjer frekari grein fyrir málinu. Og það því síður, sem það kemur nú upp úr kafinu, að þessi skóli á að stofnast fyrir einhvern vissan kvennmann, sem hinn háttv. þm. hefur haft á bak við eyrað. Jeg veit reyndar engin deili á þessum kvennmanni, og hef að svo miklu leyti enga ástæðu til þess að hafa neitt á móti henni, en sje frumv. byggt á tillögum hennar, eins og háttv. þm. segir, þá verð jeg að segja, að ekki sje mikið byggjandi á þeim um hæfileika hennar, meðan ekki sjest annar árangur af ferðalagi hennar og skólavist erlendis, því að frumv. er lítið annað en lausleg þýðing á norska frumvarpinu. Og svo er allt af hætt við, að meira eða minna af persónulegu tagi tolli við þau mál, sem menn flytja fyrir góðkunningja sína.

Og sízt af öllu get jeg greitt atkvæði með búskapnum, sem háttv. þm. ætlast til að verði rekinn á skólabúinu, á landssjóðs kostnað.

Hinn háttv. þm. sagði, að jeg vildi, að þessum skóla væri »hætt ofan á« kvennaskólann á Blönduósi. Jeg ætlast ekki til, að nýja skólahúsið sje sett ofan á kvennaskólahúsið; en jeg ætlaðist til, að þessar sömu námsgreinar væru kenndar á kvennaskólanum og kvennaskólahúsið svo stækkað eptir þörfum. Eða má ekki kenna í kaupstöðum, eins og í sveit, námsgreinar sem íslenzku, reikning, sögu, landafræði, heilsufræði, dráttlist o. s. frv. Og hvað »heimilisforstöðuna« snertir, þá held jeg, að hún lærist ekki á neinum skóla, hvort heldur er í kaupstað eða sveit; hún lærist bezt á góðum heimilum.

Hinnm háttv. þm. var illa við Blönduósskólann; en þá er ekki annað en leggja hann niður; það má sjálfsagt selja húsið, fyrst það er í kaupstað, og koma svo húsmæðrafræðslunni fyrir á kvennaskólanum á Akureyri. Eða sje það ekki hægt, mætti, eins og jeg benti á við 1. umr., sameina hana við búfræðiskennsluna á Hólum. Það er ekki örðugra fyrir námsmeyjar að sækja þangað, en námssveina.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg held, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hafi ekki skilið rjett, þar sem hann hjelt því fram, að þessi skóli ætti að verða stofnaður »fyrir einhvern vissan kvenmann«; og jeg verð að segja, að jeg kann illa við orðatiltækið. En jeg lít svo á, að það sje meðmæli, en ekki mótmæli, í garð stofnunar, hvort heldur skólastofnunar eða annarar, að fengin sje vissa fyrir því fyrir fram, að hægt sje að fá til hennar fullkomlega hæfan og duglegan forstöðumann. Jeg held, að flestir, sem þekkja Jónínu Sigurðardóttur, sjeu á eitt sáttir um það, að hún mundi vera þessu starfi tiltölulega vel vaxin, og er það þessu máli því til meðmæla.

Blönduósskólinn kostaði 19,000 kr. í byggingarkostnað. En nú er verð nokkru hærra á trjávið en þá var, þegar hann var byggður. Svo eru á honum gallar, t. d. sá, að svefnherbergin eru ekki nógu mörg. Að þessu hvorutveggju athuguðu, svo og því, að ýms áhöld þyrfti að auki, áætlaði jeg kostnaðinn 30,000 kr. Ef nú jörð og jafnvel dálitið bú bætist þar við, má gjöra ráð fyrir allt að 40,000 kr. stofnunarfje.

Það er nú ekki tilgangur minn að bera hönd fyrir höfuð flutningsmönnum. Það getur verið, að frumv. sje ekki gallalaust; en jeg hef ekki heyrt háttv. þm. Snæf. benda á neitt, sem gæti verið því til fyrirstöðu, að stjórnin gæti komið upp góðum húsmæðraskóla eptir þessu frumvarpi.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg tek fram, að jeg greiði atkv. með tillögu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) í þeirri von, að stjórnin noti ekki þessa heimild, sem tillagan veitir; og líka af því, að hún gjörir stofnuninni talsvert örðugra fyrir. Jeg álít, að ef stofna á svona skóla, væri betra að hafa hann í sambandi við einhverja aðra skóla, t. d. kvennaskólana, heldur en að fara að byggja fyrir hann sjerstakt hús, þar sem hann svo kannske ekki gjörir neitt gagn.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Jeg vildi að eins segja örfá orð út af ræðu hv. þm. Dal. (B. B.), Mjer fannst hann koma svo, jeg vil segja, ódrengilega fram gagnvart þessu frv., að mjer kom það öldungis á óvart úr þeirri átt. Hann kvaðst mundu gefa fyrirliggjandi brt. atkv. sitt, með það fyrir augum, að stjórnin þá mundi ekki koma lögunum í framkvæmd. Þegar þannig ber að skilja atkv.gr. hv. þm., þá væri þó mun drengilegri aðferð, að hann nú þegar reyndi að drepa frv. En það lítur út fyrir, að það sje undarlega lífseigt. Þessi þm. þorir ekki að ráðast á það; deildin sneið af því höfuðið um daginn við 2. umr., og þrátt fyrir það tórir frv. enn. Hv. þm. Snæf. (L. B.) hefur beitt sjer þannig í garð þessa máls. að jeg er sannfærður um, að mörg önnur frv. væru dauð fyrir löngu, ef þau hefðu fengið aðra eins útreið. Og ekki mundi hv. þm. Snæf. labba hjer aptur og fram í deildarsalnum, ef hann hefði verið jafn hart leikinn. Nei, það er málsstaðurinn, sem hefur haldið lífinu í frv., og málsstaðarins vegna vona jeg að það tóri nú úr þessu.

Hv. þm. er kunnugt um, að hjer liggur fyrir ósk frá miklum fjölda húsmæðra, um að fá reistan slíkan skóla, sem frv. leggur til, á Norðurlandi; og ennfremur að sams konar áskoranir til þingsins voru sþ. á þingmálafundum bæði í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum. Ef þetta bendir ekki á það, að það sje þörf á slíkri stofnun, og að almennur áhugi sje fyrir málinu, þá veit jeg eiginlega ekki hvar á að leita

að ástæðum, sem móistöðumenn frv. taka gildar fyrir flutningi málsins.

Hv. þm. Snæf. var fyrir skemmstu að reikna út, hve mikið gengi til menntunar karla og kvenna hjer á landi, og hvað ábyggilegar, sem þær tölur annars voru, sem honum þá reiknaðist að varið væri í þessu skyni hlutfallslega, þá varð maður þó að álíta að hann mundi fremur vilja styðja að því, að hækkað væri um nokkra aura á nef framlög landssjóðs til kvennamenntunar; að þessu leyti er því afstaða hans til þessa máls allundarleg. Annars heyrðist mjer hann í öðru orðinu vera frv. hlynntur, en í hinu vilja koma því fyrir kattarnef. En það gladdi mig þó, að í niðurlagi ræðu sinnar ljezt hann mundi greiða atkv. með því til Ed.

Jeg vil taka það skýrt fram, að þetta frv. er alls ekki borið fram í þeim tilgangi af okkur flutnm., að koma að skólanum nokkurri einstakri kennslukonu, allar þess konar getgátur eru hrein fjarstæða, og jeg hygg, að þær konur, sem áskorunina sendu, hafi alls ekki hugsað sjer að fylgja einni konu til forstöðunnar fremur en annari.

Það hefur verið ósk bænda og kvenna, þegar um þetta mál hefur verið rætt heima í hjeraði, að hafa skólann í sveit, af því að ætlazt er til, að kennslan verði aðallega, hvað hið verklega snertir, sniðin fyrir sveitakonur, en ekki lögð nein áherzla á hið fínna húshald, er tíðkast í kaupstöðum, og því er það, að mjer þykir það illa farið, að ekki sje skylt að reka búskap fyrir skólann, þá af landssjóðs hálfu, ef ekki fengist álitlegur bóndi til þess fyrir eigin reikning, en jeg ætla þó til samkomulags að greiða atkv. með þeirri tillögu.

V.ðvíkjandi till. hv. þm. Snæf., þá beld jeg að hún verði ekki til þess að eyða málinu. Það er ef til vill eðlileg breyting, því lögin koma fyrst til framkvæmda, þegar 15,000 kr. eru lagðar fram af viðkomandi hjeruðum. En það er ekki víst, að það verði að svo stöddu, en þegar lögin eru komin í gildi, og fjeð er á reiðum höndum frá hjeruðunum, þá treysti jeg því, að stjórnin hlutist til um framkvæmd þeirra.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg skil ekki, hvað hv. 2. þm. Eyf. (S. St.) hafði á móti orðum mínum áðan; auðvitað vildi jeg helzt, að frv. væri drepið. Eða man hann ekki, að jeg greiddi atkv. móti hverri einustu gr. við fyrri umr.? Jeg sje ekki annað, en að það sje »konsekvent« af mjer að greiða atkv. með till. hv. þm. Snæf., því hún dregur þó dálítið úr því kraptinn, ef það merst í gegn, því það er marningur, ef það kemst gegn um deildina.

Þessir reikningar um, hve mikið gangi til menntunar karla og kvenna eru rangir; því skólarnir eru ekki fyrir karlmenn eingöngu, heldur bæði karla og konur alveg jafnt, nema allur þessi urmull af húsmæðra-, hússtjórnar- og kvennaskólum; þeir eru eingöngu fyrir kvennfólk; það eru því miklu fremur við karlmennirnir, sem erum afskiptir.

Með því að breyta núverandi kvennaskóla má fá alveg jafngott fyrirkomulag eins og þó stofnaður væri sjerstakur skóli; það er yfir höfuð skakkt að vera að stofna marga skóla með litlum fjárstyrk. Það er betra að hafa einn góðan skóla með nægum fjárstyrk, en að vera að peðra þeim út um allt land, svo að þeir geti ekki gjört neitt gagn.

ATKV.GR.:
Brtill. (505) sþ. með 14 atkv.

Brtill. (468) sþ. með 15 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnason,	Guðm. Björnsson,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Ólafsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Magnús Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Pjetur Jónsson,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
L. H. Bjarnason,	Sl. Stefnsson, Skgf.
Magnús Andrjess.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Thorlacius,	
St. Stefánss., Eyf.	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnason.	

Brt. á þgskj. 450 1. tl. samþ. með 15 atkv. gegn 4.

Brt. á	þgskj.	450	2.	tl.	sþ.	án	atkv.gr.
—	-	—	—	3.	-	—	—	—
—	-	—	—	4.	-	—	—	—
—	-	—	—	5.	-	—	—	—
—	-	—	—	6.	-	—	—	—
—	-	—	—	7.	-	—	—	—

Frv. sþ. með 15 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. september, kom frv. (A 512) til 1. umr.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Þetta mál er upprunnið úr Norðurlandi, aðallega úr Þingeyjarsýslu. Það var flutt og samþ. í hv. Nd. Jeg álít rjett, að deildin taki það til rækilegrar athugunar og vona, að hún taki vel undir það. Jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd, að loknum umræðum.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkv. gegn 1.

Samþ. var með 9 shlj. atkv. að skipa þriggja manna nefnd í málið.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Steingrímur Jónsson.
Björn M. Ólsen.
Jóhannes Jóhannesson.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður og Steingrímur Jónsson skrifari. Nefndin ljet ekki upp neitt álit.

II. Stjórnarskrárbreyting.

Á 19. fundi Nd., miðvikudaginn 24. júlí, kom frumv. til stjórnarskipunarlaga (A. 105) um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, með áorðnum breytingum samkvæmt stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903 og lögum nr. 41, 20. okt. 1905 — Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Björn Kristjánsson, Magnús Andrjesson, Ólafur Briem, Ólafur Thorlacius, Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Einar Þórðarson — til 1. umr.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg hef ásamt nokkrum öðrum háttv. þingdm. leyft mjer að koma fram með frumv. til laga um breyting á stjórnarskránni, Það er að

vísu stutt síðan henni var breytt seinast, er stjórnarskrárbreytingin frá 3. október 1905 var staðfest, en þegar að er gætt, þá er það í raun og veru mjög eðlilegt, að þetta frumv. komi fram einmitt á þessum tíma. Þegar menn renna huganum til þess, hvernig ástatt var áður, og til þinganna 1902 og 1903, þá verður þetta mjög skiljanlegt. Löggjafarstarf alþingis var harla þýðingarlítið vegna þess að stjórnin undirbjó ekki lagafrv., því hún hafði ekki næga þekkingu á því, hvað oss vanhagaði um. þar sem ráðherrann var erlendur maður, og hafði öðrum ráðherrastörfum að sinna. og þegar þingið bar fram lagafrumv. af sjálfsdáðum, sem það taldi mundu verða þjóðinni til heilla, þá var lagasynjununum óspart beitt sakir þekkingarleysis og viljaskorts dönsku stjórnarinnar, sem þannig reyndist þröskuldur á vegi ýmsra áhugamála vorra. Þegar stjórnarskrárfrumv., sem varð að lögum 3. okt. 1905, var lagt fyrir þingið 1902, þá gjörði danska stjórnin það að beinu skilyrði þess, að það yrði staðfest, að það yrði samþykkt alveg óbreytt, því að ella gæti eigi verið um neina stjórnarskrárbreytingu að ræða. Þegar á þetta er litið, þá var þess full von, að þinginu blandaðist ekki hugur um, að samþykkja frumv., þrátt fyrir »ríkisráðsákvæðið«, sem Alberti hafði skotið inn í það öllum óvænt. Þingið hefur verið áfellt fyrir það, að samþykkja þetta, en jeg held þó, að dómur sögunnar muni verða sá, að þinginu hafi verið nauðugur einn kostur, annaðhvort að taka þessu, og hinar mikilvægu rjettarbætur, sem því fylgdu, eða þá að leggja út í nýja stjórnarbaráttu, sem gat staðið yfir í mörg ár, og orðið þess valdandi, að meiri dráttur hefði orðið á ýmsum framförum vorum, heldur en líklegt var, að verða mundi, ef stjórnarskrárbreytingin væri samþykkt, þrátt fyrir agnúann, sem á var. Þess ber og að gæta, að þó að þingið gengi að ákvæði, »tilneytt« eins og jeg tók fram, þá setti það þó þau skilyrði í nefndarálitunum, sem nægileg voru til þess, að gæta rjettar landsins, og þingið samþ. ríkisráðsákvæðið með alveg ákveðnum skilningi. Og hefði þessum skilningi alþingis verið fylgt, þá hefði ríkisráðsákvæðið ekki orðið þjóðinni sá þyrnir í augum, sem raun er á orðin; en skilyrði alþingis var eigi fullnægt, þegar ráðherra vor var skipaður og forsætisráðherrann danski blandaði sjer í íslenzkt sjermál, og skrifaði undir skipunarskjal hans. En um þetta var svo ítarlega talað í hitt eð fyrra, og síðan hafa svo mörg orð verið töluð og rituð um það, að jeg sje ekki ástæðu til að lengja umræðurnar um það nú. En víst er um það, að breytingin á stjórnarskránni frá 3. okt. 1905 hefur, að því er snertir ríkisráðsákvæðið, vakið svo mikla óánægju hjer á landi, að öllum ætti að vera annt um, að fá þeirri óánægju kippt burt sem fyrst.

Nú kunna menn að segja, að það sje kynlegt að koma fram með breytingu á stjórnarskránni einmitt nú, þegar á að fara að semja við Dani um sambandsmálið, og sumir líta ef til vill svo á, sem þetta geti beðið, unz þeim samningum sje lokið. En til þess liggja þau svör, að vjer vitum alls eigi, hvenær þessi sambandslög milli Dana og Íslendinga kunna að vera fullgjör, eða með öðrum orðum, hvenær þau kunna að öðlast samþykki danska og íslenzka löggjafarvaldsins. Vjer vitum ekki, hvenær nefndin kann að hafa lokið störfum sínum, þótt henni sje ætlað að hafa lokið þeim á einu ári, og vjer vitum eigi, hvernig

starf hennar gengur, og því síður hvort það, sem ofan á kann að verða í nefndinni, nær samþykki alþingis eða ekki. Það er því allt í óvissu um sambandslögin, og það er ekki rjett, að skjóta á frest nauðsynlegum umbótum á stjórnarskipun vorri, þangað til þeim málum er lokið, enda ætti það eigi að taka langan tíma, að koma fram þeim breytingum á stjórnarskránni, sem hjer er farið fram á.

Í þessu sambandi skal jeg og taka það fram, að þegar blaðamannaávarpið birtist í vetur, þá skrifuðu »lögrjettumenn« undir það, með þeim eina fyrirvara, að þeir teldu, að »ríkisráðsákvæðið« ætti ekki að vera í sambandslögunum, þar sem það væri íslenzkt sjermál, eins og það að vísu er, að nokkru leyti *(Guðlaugur Guðmundsson:* Þó það!), og kváðust þeir vona, að geta sýnt samvinnufúsleik sinn, þegar þar að kæmi. Þessi athugasemd »Lögrjettumanna« vakti sem kunnugt er, allmiklar blaðadeilur, og það vill opt fara svo, að þegar menn deila um eitthvað, þá fjarlægjast menn hvor annan æ meira og meira, og sú virðist hafa raun á orðið að þessu sinni.

Jeg álít því nauðsynlegt, að frv. þetta komi fram einmitt nú *vegna þjóðarinnar*, til þess að hún viti glöggt afstöðu fulltrúa sinna fyrir næstu kosningar. Þjóðin á heimtingu á því, að fulltrúar hennar komi fram hreint og beint, svo að enginn vafi geti leikið á því, hverjar sjeu skoðanir þeirra á landsmálum. Nú gefst stjórnarflokknum ágætt færi á því, að sýna »samvinnufúsleik« sinn, sýna hvað það er, sem fyrir honum vakir, koma fram sem góðir drengir, og láta ekki allt vera á huldu, eins og verið hefur.

En endurskoðunin er líka nauðsynleg vegna Dana. Þeir verða að vita glöggt, hvað við viljum, vita, að oss er það afarmikið áhugamál, að þegar til þeirra mála kemur, sem verða sjermál vor, þeirra mála, sem vjer eigi í væntanlegum sambandslögum felum Dönum að fara með fyrir vora hönd, þá viljum vjer vera einráðir með konungi vorum, viljum eigi, að danskir ráðherrar geti blandað sjer í þau á nokkurn hátt. Þetta þarf að koma skýrt fram, þegar vjer semjum við Dani, og jeg álít, að millilandanefndin geti ómögulega hjá því komizt, að ræða um ríkisráðsákvæðið, svo að þetta gamla ágreiningsefni verði útkljáð og Danir sjeu í engum vafa um vilja vorn í þessu efni. Þess vegna var lögð áherzlan á þetta í blaðamannaávarpinu. Og þegar Danir heyra, að Íslendingar sjeu þegar teknir að ræða stjórnarskrárbreytingu þess efnis, að kippa þessu ákvæði burtu úr stjórnarskránni, þá sjá þeir, hve þetta er oss mikið áhugamál, og þá ættu þeir að skilja, að hjer er um það atriði að ræða, sem fullt samkomulag verður að nást um, eigi samningar að takast.

Þess ber og að gæta, að það er heppilegt að bera stjórnarskrármálið fram einmitt á þessu þingi, vegna þess, að nú er síðasta þing kjörtímabilsins, svo að nýjar kosningar eiga að fara fram, hvort sem er.

Jeg hef nú fjölyrt nokkuð um aðalatriði frv., og gjört grein fyrir, hvers vegna vjer komum fram með það. En svo eru og ýmsar aðrar ástæður, sem gjöra það nauðsynlegt, að fresta ekki stjórnarskrárbreytingunni.

Í núgildandi stjórnarskipunarlögum eru ýms ákvæði, er flestir munu játa að þurfi bráðrar breytingar við. Í þjóðfjelagi voru er allt á framfara skeiði, svo að kröfurnar til löggjafarinnar vaxa ár frá ári, og þess vegna

þarf að vera þing á hverju ári, enda hefur þeirri kröfu áður verið hreyft, bæði í blöðum og á þingmálafundum. Það liggur líka í augum uppi, að »pólitíska« lífið í landinu verður miklu fjörugra en nú er, ef kjörtímabilið er ekki nema 3 ár, og þing á hverju ári. En það, að »pólitíska« lífið sje sem fjörugast í landinu, hefur sína miklu kosti, þrátt fyrir stöku ókosti, því að af baráttunni, fundarhöldunum og umræðunum í blöðunum leiðir þó alloptast ýmislegt gott. Upp af deilunum spretta mörg góð fræ, og því fleiri, sem áhugamálin eru optar og ítarlegar rædd.

Þá er ákvæðið um afnám konungkjörnu þm. Það þolir enga bið.

Jeg get ekki álitið, að þeirra sje nein þörf, eins og nú er komið. Þjóðin á völ á mörgum hæfum mönnum til þess, að skipa fulltrúasætin og þarf því ekki að fela stjórninni að velja sjer menn. Það er og óheppilegt að fela henni það, því að það dregur úr líkunum fyrir þjóðræðinu. Eins og er, virðist að vísu rjett, þrátt fyrir konungkjörnu þingm., að gjöra þá kröfu, að stjórnin víki úr völdum, þegar er meiri hluti þjóðkjörinna þm. snýst gegn henni. En í stjórnarskipunarlögunum höfum vjer enga tryggingu fyrir því, að hún gjöri það. Vjer getum átt á hættu að hafa þá stjórn, er ljeti sjer nægja fylgi hinna konungkjörnu og minni hluta þjóðkjörinna þingmanna, og sæti sem fastast, ef hún á þann hátt hefði afl atkv. á þinginu. En þá er það minni hluti þjóðarinnar, sem ræður, og sjá allir hversu heppilegt það er. Þessi krafa um afnám konungkjörinna þingmanna, er og engin nýung; henni hefur opt verið hreyft áður.

En þegar konungkjörnu þingmennirnir falla úr sögunni, þótti okkur nægja þingmannatalan gamla 24 í Nd. og 12 í Ed. Við það sparast kostnaður, enda er hægurinn hjá, að fjölga þm. aptur með almennum lögum, ef þess þykir þurfa.

Enn fremur er það og knýjandi ástæða til breytinga á stjórnarskránni, að kosningarrjettur til alþingis er í stjórnarskipunarlögunum takmarkaður um of. Þess vegna er það ein af aðalbreytingunum í frv. voru, að rýmka mjög um kosningarrjettinn, að veita í fullum mæli almennan kosningarjett, þannig, að hann nái til allra, karla og kvenna, giptra og ógiptra, er lögaldur hafa (25 ár), og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Allir verða að játa, að þetta er ekki annað, en rjettlætis krafa, og nú verður því eigi lengur barið við, að kvennþjóðinni sje þetta eigi áhugamál. Það sýnir allur áskoranafjöldinn, er þinginu hefur borizt í sumar, undir þær hafa skrifað 10,927 konur.

Jeg finn ekki ástæðu til þess að drepa á annað en aðalatriðin í þetta sinn. Það, sem jeg eigi hef minnzt á í ræðu minni, er flest að eins afleiðingar af aðalbreytingunum, svo sem að landsreikningarnir sjeu árlega lagðir fyrir alþingi til úrskurðar o. s. frv.

Jeg vona, að deildin taki þessu frv. vel, svo að það geti orðið afgreitt frá þessu þingi, og lagt undir úrskurð kjósendanna við næstu kosningar. Leyfi jeg mjer að stinga upp á 7 manna nefnd í málið, þá er þessari umr. er lokið.

Lárus H. Bjarnason (þingm. Snæf.): Háttv. flutningsm. þótti það eðlilegt, að mál þetta kæmi þannig fram nú, en jeg hygg, að líta megi á það frá öðru sjónarmiði, en hans. Mjer þykir það *einkennilegt*, en ekki eðlilegt, sjerstaklega þá er tekið er tillit til þess, er minni hlutinn hefur haldið fram í

blöðum, á þingmálafundum og síðast á Þingvallafundi; þar eru kröfurnar allt aðrar, en þær, er hjer koma fram. Eigi nú þetta frumv. að sýna það, að þeir sjeu viknir frá sínum fyrri skoðunum, þá er það eigi komið fram til einkis. Þá er framkoma þeirra nú fyllilega rjettlætt.

Háttv. flutningsm. sagði, að sumum mundi virðast svo, sem þetta frumv. gæti beðið. Það er ekki ofdjúpt tekið í árinni, og jeg get ekki annað sjeð, en að það hefði *átt* að bíða, að minnsta kosti svo framarlega, sem vjer vonumst eptir nokkrum árangri af sambandslaganefndinni.

Fyrirkomulag landsstjórnarinnar hlýtur að fara að meiru eða minna leyti eptir því, hvernig lagað sambandið verður milli landanna, en um það verður ekkert sagt að svo stöddu. Og þótt árangurinn yrði enginn annar en sá, er vjer getum gengið að vísum, eptir því sem til talaðist í fyrra, nefnilega, að ríkissjóðstillagið verði »kapitaliserað«, þá hefur það eitt fyrir sig stjórnarskrárbreytingu í för með sjer, því að til þess tillags er vísað í stjórnarskránni. Meira að segja, þótt ekki væri nema um orðabreytingar að ræða, þá þyrfti samt stjórnarskrárbreytingu. Jeg álít því frumv. algjörlega *ótímabært*.

Og á hinn bóginn fer það *of skammt*, ef fara ætti út í stjórnarskrárbreytingu á annað borð, því að margt er það fleira, en þar er tekið fram, sem að breyta þyrfti. Sumt er þar og tekið fram, sem ekki þarf stjórnarskrárbreytingu til, heldur að eins almenn lög, til dæmis til þinghalds á hverju ári.

Eptir 11. gr. stjórnarskrárinnar getur stjórnin gefið út bráðabirgðafjárlög, sem önnur bráðabirgðalög. Undir þann leka ætti að setja, þegar stjórnarskránni verður breytt næst, en það er ekki gjört í þessu frumv.

Eptir 22. gr. stjórnarskrárinnar getur þingið að eins sett nefndir um þingtímann, en ekki milli þinga. Það vald ætti þó að fá þinginu, en það er heldur ekki gjört í frumv.

Eptir 45. gr. stjórnarskrárinnar er lútherska kirkjan þjóðkirkja á Íslandi, og þarf því stjórnarskrárbreytingu, ef afnema ætti þjóðkirkjuna og koma á fót fríkirkju. Fríkirkjuhugmyndin breiðist æ meir og meir út, og hefði því flutningsmaður átt að fara fram á breytingu á þessu ákvæði, en það er ekki gjört.

Eptir 17. gr. stjórnarskrárinnar er það skilyrði fyrir kosningarrjetti bænda, að þeir gjaldi til allra stjetta. Nú á að losa allar aðrar stjettir við alla gjaldskyldu, og hefði því mátt búast við, að flutningsm. hefðu farið fram á, að breyta þessum ójöfnuði, en það hafa þeir heldur ekki gjört.

Enn mætti nefna mál, er landinu ríður ekki minna á að goldið sje varhuga við, en það er bankamálið. Vjer höfum dæmið fyrir oss, þar sem Norðmenn eru, hve mikla rækt þeir leggja við þjóðbanka sinn. Jeg hef reynt að koma því inn í stjórnarskipunarlögin, að landsbankinn yrði ekki lagður niður án stjórnarskrárbreytingar. En það tókst ekki, af ástæðum, sem jeg hirði ekki að nefna.

Það hefði farið vel á því, að flutningsmenn, sem nú þykjast vera farnir að iðrast landsbankasynda sinna, hefðu tekið líkt ákvæði upp í frumv. sitt, en það hafa þeir ekki gjört. Svona mætti halda áfram að telja lengi, en það sem komið er, sýnir, að frumv. fer of skammt, og bendir til þess í hvaða skyni það er fram komið.

Háttv. þingm. sagði, að frumv. væri fram komið af því, að »nauðsynlegar« umbætur á stjórnarskránni mættu ekki bíða eptir óvissum úrslitum millilandanefndarinnar. En hverjar eru þær *nauðsynlegu* umbætur, sem frumv. fer fram á. Jeg sje þær ekki, enda munu þær allar vera handahófs-umbúðir utan um ríkisráðsákvæðis-breytinguna, sem flutningsm. hafa bitið sig svo fast í, en sem eptir ólyginni reynslunni sannarlega ekki ríður á að breyta. Jeg álít nú, sem fyrri, betra að hafa ríkisráðsákvæðið í stjórnarskránni, heldur en að mál vor sjeu eins og fram að 1904 borin þar upp án heimildar stjórnarskrárinnar, því að reynist það illa, getum við allt af tekið það út úr stjórnarskránni, eins og við settum það þar inn. En nú er svo langt frá, að það hafi reynzt illa, því að síðan vjer fengum heimastjórnina, þá höfum vjer fengið samþykkt ýms mikilsvarðandi lagafrumvörp, sem oss hafði verið neitað um ár frá ári, og sem fráfarandi ráðherra hafði lagt á hilluna, svo sem lagaskólann, stórmikla lækkun eptirlauna og ráðherra-ábyrgðarlögin. Það er nógur tími til að berjast gegn ríkisráðsákvæðinu, þegar það sýnir sig að einhverju leyti skaðlegt, og þá skal jeg líka verða fyrstur manna til að ráðast á það.

Eptir minu viti er frumv. þetta ekkert annað en það, sem kallað er á framandi máli: »Parade« eða skrúðganga, enda sagði háttv. þm., að það væri fram komið bæði vegna íslenzku þjóðarinnar og Dana, eða til að sýna bæði inn á við og út á við, að flutnm. væri karlar í krapinu.

Heilráðum háttv. þm. til Heimastjórnarflokksins um að sýna meiri heilindi af sjer, hefði verið rjettilegar beint að öðrum flokki, sem hvað eptir annað hefur haft skoðanaskipti bæði í þessu máli og öðrum málum og jafnopt breytt um nafn, líklega til þess að sveiflurnar yrðu síður munaðar.

Svo vil jeg klykkja út með þeim tilmælum til stjórnarinnar, að þjóðinni verði gefinn sem lengstur tími til að átta sig á gjörðum millilandanefndarinnar, svo að ekki verði sagt, eins og sagt var 1902, að vísu með röngu, að leikið hafi verið á hana. Kosningarnar 1908 verða líklega að ganga fram, en verði nefndarálitið ekki birt almenningi að minnsta kosti nokkrum mánuðum áður, tel jeg rjett að boðað yrði til nýrra kosninga aptur, áður en væntanlegt frumv. nefndarinnar væri lagt fyrir alþingi.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Mig furðar ekki svo mjög á því, að þetta frumv. er borið fram nú, jafnvel þótt næsta óheppilegt sje, að hreyfa málinu eins og á stendur.

Um undanfarinn tíma hafa nokkrir menn úr flokki háttv. flutnm. beitt sjer með mikilli frekju og svæsnum orðum, til þess að vekja og ala óánægju hjá þjóðinni með ýms atriði bæði í stjórnarlögum og stjórnarfari landsins; þeim hefur, eins og ekki er neitt undarlegt, tekizt að vekja talsvert háværar raddir í þessa átt, og nú finna þeir til þess, að þrýstingin utan að neyddi þá til að hefjast handa á alþingi, jafnvel þótt þeir sjálfir viðurkenni, að málinu væri betur óhreyft á þessu þingi. Aldan, sem þeir hafa vakið, knýr þá til að standa hjer við »*stóru orðin*«.

Frá öðru sjónarmiði skoðað er það samt sem áður ekki nema gott, að málið hefur komizt á dagskrá þingsins. Hjer er hægra að svipta af því þeirri þoku, sem flokkurinn hefur vafið málið í, sjerstaklega með því, að blanda saman þeim málum, sem verða eiga samningamál við Dani, og þeim, sem eru sjerstök íslenzk löggjafarmál og á

jeg þar einkum við ákvæðið »í ríkisráðinu«. Út af þessu hafa þeir haldið uppi svæsnum blaðadeilum, með sviguræmælum, rangfærslum og tortryggnisgetgátum í garð þeirra, er rjett hafa litið á þetta ákvæði sem sjermál, háð íslenzkri löggjöf, en ekki komið undir samningum við Dani eða þeirra atkvæði.

Þess vegna er það gott, að þetta frumv. er komið fram, því það ber þess ljósan vott, að flutnm. *nú* skoða þetta ákvæði sem íslenzkt löggjafarmál, ekki sem samningsmál. Þetta sýnir talsverða framför í skilningi á málinu og í pólitískum þroska, því á þessari skilgreining hefur flokkurinn áður flaskað svo stórkostlega, og haldið fram algjörlega röngum skilningi. Jeg neita því ekki, að málið snerti afstöðu okkar gagnvart Danmörku óbeinlínis, en 1903 er oss seldur í hendur löggjafarrjettur um þetta atriði. Með löglega samþykktum stjórnarskipunarlögum höfum vjer rjett til að fella ákvæðið burtu. Þeim rjetti getum vjer beitt, hvenær sem við viljum, Spurningin í því efni er að eins sú, hvenær það sje heppilegt fyrir þing og þjóð; þá spurningu þurfum við ekki að leggja fyrir sambandsnefndina, heldur fyrir konung og Íslandsráðherrann (*Stefán Stefánsson,* Skgf.: Hver hefur haldið því fram?) Háttv. þm. sjálfur. (*Stefán Stefánsson*, Skgf.: Það er ósatt). Enginn getur skilið það, sem um þetta hefur verið rætt og ritað af flokksins hálfu öðru vísi en svo, að flokkurinn hafi álitið þetta eitt atriðið í sambandslagamáli landanna. En það er aptur sama sem sagt sje, að danskir stjórnmálamenn eigi að fjalla um þetta mál; það eigi að *semja* við þá um það. Það sjá nú allir heilvita menn, að með þessu er farið fram á, að selja Dönum aptur í hendur atkvæði um mál, sem búið er að vinna löggjafarvald yfir, og rjettar-aðstöðu þjóðarinnar stórkostlega spillt. Annað mál er það, hvort hyggilegt er að beita nú þegar þessum rjetti. Eitt er að hafa valdið, annað að beita því.

Þetta kallaði háttv. flutnm. »dálítið deiluefni milli blaðanna«. Það er rjett. Þetta deiluatriði, skilgreiningin milli þessa sjerstaka íslenzka löggjafarákvæðis (»í ríkisráðinu«) og samningamálanna við Danmörk, skildi á milli »Lögrjettu« og »Ávarpsmanna«. Nú sjá væntanlega allir, hvorir þar fóru með rjettara mál. Það er ekki »Lögrjetta«, sem úr þessu hefur blásið upp bólu, heldur »þjóðræðis- og landvarnarmenn«. Þeir hafa viljað blanda þessu atriði saman við samningamálin. Deilan var ekki að eins um form, heldur um talsvert þýðingarmikið efni. Til breytingar á þessu ákvæði þurfum vjer engrar náðar að biðja eða leyfis að leita frá Danmerkur hálfu. Meira að segja, ef oss í þessu efni yrði misbocið af Dana hálfu og við teldum brýna nauðsyn þess, og álitum þjóðina við því búna, þá gætum við með lagasamþykktum, endurteknum þing af þingi, um þetta ákvæði, gjört Hans Hátign ómögulegt að stjórna og knúið fram aðskilnað landanna alveg á sama veg og átti sjer stað milli Norðmanna og Svía. Hvort vjer erum viðbúnir slíku nú, er annað mál. Jeg álít það ekki, og jeg álít sjerlega óheppilegt og misráðið, að hreyfa nú þessu gamla deiluefni, meðan önnur eru óútkljáð. Meðan það er í óvissu, hvernig samningarnir takast og hvaða stjórnarfyrirkomulag við sjálfir ákveðum fyrir Íslandsmálin, er hyggilegast að láta málinu óhreyft.

Einmitt það, að þetta gamla deiluefni er vakið upp, gæti orðið til að spilla mjög fyrir samningum. Í sambandi við og framhaldi af hinum miklu

ærslum og æsingum, sem beitt hefur verið, hlýtur slíkt frumv. hinna háttv. þm. að hafa mjög óholl áhrif á sambandsmálið, enda hef jeg fyrir satt, að nokkrir þeirra manna, er mest hafa gengið fram í æsingunum, hafi sagt það, að þeirra tilgangur væri að spilla öllum samningum, til þess að þvinga fram fullkominn aðskilnað. Jeg skal taka fram, að jeg beini því ekki til flutnm. frumv., en það er í öllu falli óhyggilegt, að byrja samninga með því, að skaprauna samningsaðila að raunalausu, ekki sízt þegar er við ofjarl að eiga, og ekki annað en rjettarkröfur á pappírnum, ekki vopn eða vald við að styðjast. Enginn hygginn maður fer svo að ráði sínu, og slíkt hlýtur að vekja óhug hjá mörgum, sem vill þessum málum og landinu vel. Einkum finnst mjer óheppilegt að hreyfa þessum gömlu dulum, eins og nú er ástatt. Það er eins og dreginn sje upp nokkurskonar ófriðarfáni mót Hans Hátign konunginum og vorum tignu gestum, sem nú eru lagðir af stað hingað til landsins.

Jeg ætla ekki að fara neitt frekar út í einstök atriði frumv.; þar sem jeg gjöri ráð fyrir, að málið verði sett í nefnd, og gjöri jeg það meira að segja að minni till., að kosin sje 7 manna nefnd og umr. frestað. Málið er svo stórvaxið, að nauðsynlegt er að athuga það vel áður en því er vísað til 2. umr. og jeg álít rjettast, að málið bíði þingsins 1909. Við Íslendingar höfum lifað undir verra fyrirkomulagi en þetta mannsöldrunum saman, skyldum við þá ekki geta lifað við það þangað til 1909? Það er auk þess nokkuð fljótráðið, að umsteypa eptir 3 ár stjórnarskipun, sem að minnsta kosti í verklegri hugmynd hefur reynzt vel, og sannreynt er það, að tíðar stjórnarskrárbreytingar eru ekki álitnar hollar þjóðunum.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefur víst verið að gjöra að gamni sínu; hann er stundum gamansamur, þegar hann hjelt því fram, að frumv. sannaði og sýndi, að vjer, flutnm. þess, værum horfnir frá kröfum þingvallafundarins. Hann veit þó sjálfsagt, að það er sitt hvað breyting á sambandslögunum og breyting á stjórnarskránni. Vjer getum ekki gjört þær breytingar á stjórnarskránni, sem koma í bága við sambandslögin, svo að þessi athugas. þm. er óviðkomandi máli þessu.

Sami háttv. þm. benti á ýmislegt, sem taka hefði mátt upp í frumv., svo sem að óheimila stjórninni að gefa út bráðabirgðafjárlög, gefa þinginu heimild til að skipa milliþinganefndir o. fl. En ef háttv. þm. vill, þá getur hann reynt að koma þessum ákvæðum inn í frumv. Það er algengt, að flytja frumv. inn á þing, sem búast má við að verði breytt. Vjer flutnm. tókum að eins þau atriði í frumv., sem oss þóttu bráðnauðsynlegust, en það var ekki okkar meining að meina öðrum að koma fram með þær breytingar, sem þeir kynnu að telja æskilegar; þessar mótbárur háttv. þm. sanna því einmitt þörfina á stjórnarskrárbreytingu, og ætti hann því að taka frumv. fegins hendi. Fleira tel jeg ekki svaravert í ræðu háttv. þm.; að eins vil jeg mótmæla því, að þetta frumv. sýni á nokkurn hátt afstöðu vora í sambandsmálinu.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) lagði áherzlu á, að ríkisráðssetuákvæðið sje eingöngu íslenzkt sjermál. Hver ber á móti því, að það sje skilningur vor Íslendinga á málinu? En það er ekki einhlýtt, eða skilja Danir það á sama veg? Nei, það hlýtur háttv. þm. að vera kunnugt um. Eptir vorum skiln-

ingi hafa Danir enga heimild til að skipta sjer af sjermálum Íslands, en þeir gjöra það engu að síður. Í stjórnarskrána frá 5. janúar 1874, og stöðulögin frá 2. janúar 1871, lögðum vjer Íslendingar einatt þann skilning, að íslenzk sjermál ættu ekki að berast upp í ríkisráðinu. En Danir fóru sínu fram, og báru þau upp í ríkisráðinu, hvað sem vjer sögðum, og því urðum vjer að hlýta, af því að Danir höfðu valdið, og beittu sínum skilningi, og munu gjöra það framvegis. Þeir gjörðu það, þegar núverandi ráðherra var skipaður, og alþingi Íslendinga veit reyndar fæst af því, sem gjörist í ríkisráði Dana.

Háttv. þm. V.-Skf. (Guðl. G,) sagði, að þeir, sem skrifað hefðu undir »blaðamannaávarpið«, ætluðu að gefa dönskum ríkisþingsmönnum atkvæði um það, hvort ríkisráðsákvæðið sje íslenzkt sjermál eða ekki; en þetta er tilhæfulaust; slíkt hefur engum dottið í hug. Annað er hitt, að þeir, sem skrifuðu undir »blaðamannaávarpið« vilja, að þeir, sem í nefndinni sitja, haldi því fram, að »ríkisráðsákvæðið« sje sjermál Íslendinga og fái Dani til að viðurkenna það. Vjer viljum koma hreint og beint fram við Dani, og viljum að þeim sje það ljóst, að vjer viljum alls eigi, að þeir hafi nein afskipti af sjermálalöggjöf vorri, og viljum, að svo sje um hnútana búið, að fyrirbyggðar verði allar frekari deilur út af því. Sami háttv. þm. sagði, að það væri óheppilegt, að hreyfa þessu »deiluefni« nú — hann brúkaði það orð — en jeg þykist hafa ástæðu til að líta svo á, sem hjer sje ekki um neitt verulegt deiluefni að ræða. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Þetta er rangfærsla á mínum orðum, jeg sagði ekki milli flokkanna hjer, heldur milli Íslendinga og Dana). Þá játar hann, að hjer sje um atriði að ræða, sem Danir og Íslendingar hafi gagnstæðar skoðanir á; en fyrst svo er, þá megum vjer ekki láta farast fyrir, að jafna þetta ágreiningsefni. Hann ljet sjer ennfremur sæma að segja, að það væri skapraun fyrir Dani, að fara fram á þessa breytingu. En jeg vil halda því fast fram, að þó að það væri Dönum skapraun, þá eigum við að ganga hreint og beint að öllu; það er miklu ljótara, að segja ekki hreinskilnislega, hvað á milli ber, og beita undirhyggju, sem getur gefið tilefni til nýrrar deilu og óánægju. Og ef Danir yrðu eigi áskynja um óánægju frá vorri hálfu, að því er þetta atriði snertir, þegar sambandsnefndin sezt á rökstóla, þá væri sizt að furða, þó að það kæmi flatt upp á þá, ef þessu gamla deiluefni yrði hreyft síðar. Og að láta sjer um munn fara, að það sje að draga upp »ófriðarfána« að halda fram rjettmætum kröfum landsins, gegnir furðu. Því hverjum er þá sýndur ófriður? Ekki getur það talizt ófriður gegn Dönum, þó að vjer sem samningsaðilar segjum þeim skýrt og skorinort frá því, hvers vjer óskum og teljum oss eiga heimtingu á.

Mjer fjell það því ver að heyra nú háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) segja þetta, þar sem jeg hef heyrt, að hann hafi á þingmálafundi á Akureyri í vor talið það nauðsynlegt að koma nú fram með stjórnarskrárbreytingu í þessa átt, og vil jeg í því skyni leyfa mjer að skírskota til háttv. 2. þm. Skagf. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það er ekki allt satt, sem stendur í Þjóðviljanum). Blaðið »Þjóðv.« hefur eigi getið þessa. (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skagf.: Till. er til). Að öðru leyti færði jeg svo skír rök fyrir því í fyrri ræðu minni, hvers vegna heppilegt væri að þessi breyting á stjórnarskránni kæmi nú fram, að jeg finn eigi ástæðu til þess að taka þær ástæður upp aptur.

Það eru líka, eins og jeg tók fram, fleiri breytingar, sem farið er fram á í frumv., heldur en afnám »ríkisráðsákvæðisins«. Hvers vegna á t. d. að láta kvennfólkið fara á mis við þann eðlilega rjett, að hafa kosningarrjett og kjörgengi til alþingis, unz sambandslög eru staðfest? Hvers vegna mega þessar 10,900 konur, sem sent hafa áskoranir til þingsins, ekki kjósa til alþingis? Heldur háttv. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) að það muni hafa áhrif á kosningu hans? Svo eru og fleiri bráðnauðsynlegar breytingar á frumv., en jeg gat um þær áður, og sje því ekki ástæðu til þess að gjöra það aptur.

Háttv. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) vill láta fresta 1. umr. um þetta mál. Jeg sje enga ástæðu til þess, og vil leggja til, að því sje vísað til 2. umr. og síðar kosin 7 manna nefnd.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg get að nokkru leyti tekið undir það, sem hinn háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, en jeg held þó, að hann hafi tekið nokkuð fast á sumu. Mjer heyrðist háttv. þingmaður segja, að Dönum væri gjörð skapraun með því að fara fram á afnám ríkisráðsákvæðisins. (*Ólafur Ólafsson:* Hann *sagði* að það væri Dönum til skapraunar). Já, jeg heyrði, að hann sagði eitthvað í þá átt, en jeg tók það ekki svo, að það væri beinlinis meining hans. Manni hrýtur stundum annað af vörum en meint er, enda getur það á engan hátt verið Dönum til skapraunar, þó að vjer reynum að breyta lögum vorum.

Annars stóð jeg upp til að spyrja hina h. flutningsmenn þessa frv., *hvað* þeir ætla að setja í stað ríkisráðsins. Þeir eru óánægðir með ríkisráðsákvæðið, en því verður þó varla neitað, að þar sem þegnrjetturinn er sameiginlegur fyrir Dani og Íslendinga, og þar sem Danir bera ábyrgð gagnvart útlendingum á okkar gjörðum, þá eigi þeir heimting á því að vita, hvað hjer fer fram. *Á hvern hátt* vilja nú hinir háttv. flutningsmenn leyfa Dönum að gæta þessa ótvíræðu hagsmuna sinna? Þeir vilja breyta því sem er, og eru því *skyldir* til að benda á það, sem koma á í staðinn.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hjelt því fram, að þjóðin væði í villu og svíma, hvað snertir skoðanir meiri hlutans í þessu máli; en það held jeg þó, eins og jeg þegar hef tekið fram, að eigi frekar við minni hlutann, með öllum þeim fjölda af skoðunum, sem hann hefur haft. Fyrst á þinginu 1901, svo á þingunum 1902 og 1903, síðan á árunum 1905—1906 og nú síðast á þingvallafundinum sæla í vor, þessum fundi, sem kallaður hefur verið í skopi »þjóðfundur«.

Hinn háttv. þm. N.-Ísf. hjelt því fram, að það væri kostnaðarsparnaður að taka þetta mál til meðferðar nú þegar, af því að það sparaði eitt þing. Þetta er naumast rjett; því þó að hin fyrirhugaða millilandanefnd ekki gæti komið sjer niður á nein úrslit önnur en þau, að »kapítalísera« þessar 60,000 kr., þá væri þó stjórnarskrárbreyting óumflýjanleg fyrir það eitt, og væri þá samþykkt þessa frumv. á þessu þingi ónýt. Það yrði að leita samþykktar á því, að viðbættri úrfellingu árgjaldsins, á þingi 1909. Svo yrði að leysa upp þingið og leggja það aptur fyrir nýkosið alþingi 1910 eða 1911. Með öðrum orðum: Þetta frumv. á ekki annað erindi á þetta þing, en að tefja tímann og eyða fje til ónýtis.

Loks verð jeg, áður enn jeg sezt niður, að mótmæla því, sem opt kemur fram í ræðum og ritum

minni hlutans, því sem sje, að við eigum það undir Dönum, hvort ríkisráðsákvæðið verði fellt burt eða ekki. Þetta er ekki að eins rangur skilningur, heldur beinlínis hættulegur og ósamboðinn Íslendingum. Ef við samþykkjum að fella ríkisráðsákvæðið burtu, þá flytur ráðherra vor það mál sem önnur sjermál við konung einan; vjer eigum þar ekkert undir Dani að sækja. Annað mál er það, að vel getur svo farið, að mál manna í sambandsnefndinni hnigi einhverntíma að þessu margumtalaða ákvæði.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg þarf fáu að svara ræðu hins háttv. flutuingsmanns. Hann hrakti ekki eina einustu af ástæðum mínum gegn því, að bera fram stjórnarskrárbreyting á *þessu þingi*.

Það kom fram í ræðu hans, að hann hefur þó eigi til fulls gjört sjer ljósa skilgreining þá, er jeg minntist á, milli íslenzkra löggjafarmála og samningamálanna. Það lítur því út fyrir, að hann hafi ekki náð til fulls þeim »pólitíska« skilningsþroska, sem jeg var að hæla flokksmönnum hans fyrir.

Það var og mjög villandi í ræðu hans, þar sem hann vjek að stöðu Íslandsráðherrans gagnvart ríkisráði Dana, og virtist byggja á því, að aðstaða ráðherrans þar væri nú hin sama, eins og hún var fyrir 1903. Það er gjörsamlega rangt; áður hafði danskur ráðherra störfin í hjáverkum og ábyrgð hans gagnvart alþingi var sama sem engin. Hann gat synjað lögum og sitt hvað annað gjört gegn þingsins vilja, án þess að eiga á hættu að þurfa að víkja. Nú höfum við sjerstakan ráðherra, háðan alþingi að öllu leyti, en alls óháðan dönskum þingum eða ráðaneytinu, mann, sem alþingið getur velt af stóli, ef hann undirskrifar með konungi nokkuð það, sem er móti þingsins vilja, lagasynjanir eða hvað annað. Fyrir ríkisráðinu eða ríkisþinginu ber hann enga ábyrgð sinna gjörða, ríkisráðið hefur engan atkvæðisrjett um þau mál, er undir hans verkahring heyra. Hjer er því mjög gagngjörð breyting á orðin.

Það er auðvitað, að Danir hafa áður fyr litið öðruvísi á þetta mál, en við gjörum. En nú er einmitt að rofa fyrir rjettum skilningi á þessu hjá þeim. Jeg skal því til stuðnings benda á ritgjörð eptir Knud Berlin, »Doctor« í lögum, sem jeg veit ekki betur en að háttv. flutnm. hafi fengið senda fyrir nokkru og lánað mjer til gegnumlesturs. Þar er þessum skilningi á ákvæðum stjórnarskrárinnar 1903 all-ótvírætt haldið fram.

Svo er það atriði, sem í þessu sambandi hefur mesta þýðingu, það, að við getum með íslenzku lagaboði slitið allt samband Íslands ráðh. og ríkisráðsins að því, er Íslandsmálin snertir, og það verður líka án efa gjört, ef eða þegar þetta fyrirkomulag *reynist* að einhverju leyti skaðlegt eða hættulegt fyrir landsins mál. Hitt er allt annað mál, hvort eigi að gjöra það *nú*, meðan fyrirkomulagið *ekki hefur reynzt nema vel*, enn sem komið er. Það virðist enda nokkuð fljótfærnislegt, að breyta nú því, sem nærri í einu hljóði var samþ. af þinginu 1903, án þess sjerstakar nýjar ástæður sjeu til. Blaðadeilurnar, sem hafa orðið um þetta mál, hafa líka mjög spillt skilningi manna á því; það hefur, eins og svo opt áður í þessu máli, verið grautað saman því, sem átti að halda greinilega sundur, þeirri hlið málsins sem að Dönum snýr, og snertir samband

landanna, hinni ytri hlið þess, og hinni hlið málsins, þeirri sem snertir að eins stjórnarskipunina í landsins málum og undir okkar löggjafarvald heyrir, hinni innri hlið málsins. Þessar deilur hafa þess vegna villt sjónir mörgum glöggum og fróðum mönnum, og þá því heldur almenningi, sem lítil tök hefur á að kynna sjer málið af öðru en blöðum, enda hefur verið spekúlerað sem mest í því að æsa tilfinningar manna með »slagorðum« og stóryrðum, til þess að aðgætni þeirra og skynsemi síður gæti notið sín.

Jeg álít það ótímabært, að vera að þarflausu að vekja upp gamalt deiluefni gagnvart Dönum, er eptir okkar núverandi stjórnarlögum snertir hina innri hlið málsins, þá hlið þess, sem til lykta var ráðið um sinn 1903, þar sem einmitt nú standa til samningar um hina ytri hlið þess, sambandið við Danmörku. Við höfum ekki svo mikið bolmagn, að okkur veiti af að ganga að því máli með óskiptum kröptum. Það er ekki ráðlegt fyrir okkur, svo liðlitlir sem við erum, að heyja baráttu í tveim áttum í einu, því að það eru alltaf líkur til þess að slælega verði unnið, ef margt er haft með höndum í einu.

Það er alls ekki rjett að segja, að við förum með nokkurri undirhyggju að Dönum, hvað ríkisráðsákvæðið snertir. Við höldum því að eins fram, að það komi þeim ekki við, hvort við látum það standa eða nemum það burt, ekki fremur en hvert annað lagaboð, sem við höfum frjálsan, viðurkenndan rjett til að samþykkja. Reynist ákvæðið skaðlegt eða hættulegt, verður það líka sjálfsagt numið burt. Það gæti máske komið fyrir, að við þyrftum að steypa á því nokkrum ráðaneytum. En enginn mundi horfa í það, ef um frelsi landsins væri að ræða. Það var vitnað í till., sem jeg á að hafa borið upp á fundi á Akureyri á 2. í hvítasunnu í vor. Það var fundur, sem menn úr þjóðræðisfjelaginu »Skjaldborg« höfðu boðað til, og varð víst að teljast nokkuð einhliða flokksfundur. Þar gjörði jeg fundarmönnum ljósa grein fyrir þessari skilgreiningu, sem jeg hef haldið fram, og sýndi þeim fram á það, að þeir í þessu máli væru á villigötu; ef þeir vildu fella burt ríkisráðsákvæðið, þá ættu þeir að beina áskorun um það *til alþingis*, en ekki setja það í samband við samningamálin. Alþingi hefði vald til að nema það burtu, ef það áliti rjett og heppilegt að gjöra það, en auðvitað yrði það að vera undir áliti þingsins komið, hvernig það tæki í slíka áskorun. Í samræmi við þetta »formúleraði« jeg till. í þessa átt. En eitt blað þar skýrði frá þessari till. þannig, að það skaut inn í hana orðunum »nú þegar«; það gjörði talsverða breytingu á efni tillögunnar, en jeg hef í höndum tillöguna, og get sýnt að þar stendur ekki »nú þegar« (*Stefán Stefánsson* þm. Skgf.: Blaðið hafði tillöguna frá formanni fjelagsins). Formaðurinn hefur þá ekki munað rjett hvað í henni stóð. (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.: Þm. tók hana áður en hún var færð inn). Það held jeg sje ekki rjett. Formaðurinn var genginn úr sætinu og fundarmenn að tvístrast, þegar jeg hirti blaðið, sem skilið hafði verið eptir á borði nokkuð frá formannsstólnum, í reiðileysi að mjer virtist. En hvað um það, sú tillaga var felld, og hvað sýnir betur, að þessir menn voru orðnir fulltrúa um, að ákvæðið um ríkisráðið í okkar stjórnarskrá væri samningamál við Dani. (*Stefán Stefánsson* þm. Skgf.: Þetta er ósatt og rangt).

Það, sem jeg hef hermt, er rjett og satt, orð fyrir orð. Því til sönnunar, að fleiri glöggir og skynsamir menn hafa villzt, hefur verið villt sjón á þessu, skal jeg benda á þingmálafundargjörð Austur-Skaptfellinga, þar sem ríkisráðsákvæðið er *sett í beint, óslitið samband við þau atriði, er kveðið skuli á um í sambandslögunum.* Það má vel vera, að ekki hafi það verið tilgangur ávarpsmanna, að hnýta þessu tvennu þannig saman, eða villa mönnum sjónir í því, en það er engu að síður víst, að afleiðingin af ritgjörðum þeirra og kenningum hefur orðið sú, að kjósendur og fólk almennt hefur blandað saman því, sem halda átti aðgreindu. Skilgreiningin, sem hverjum manni hlýtur að liggja í augum uppi, jafnskjótt, sem þetta mál er skýrt, hefur auðsjáanlega ekki verið almenningi ljóst, enda víst heldur ekki blaðastjórunum, sem mest hafa ritað um málið. Og hvort, sem um þetta er rætt lengur eða skemur, þá verður því ekki neitað, að það var í mesta máta óheppilegt, að þessu gamla bitbeini hefur ranglega og að þarflausu verið blandað inn í mál, þar sem það á alls ekki heima.

Sízt skal jeg mæla á móti kosningarjetti kvenna. Þótt jeg hafi ekki orð fyrir, að vera maður kvennhollur, nema við hóf, þá hef jeg þó jafnan borið virðingu fyrir kvennfólkinu. Og sjerstaklega skal jeg benda á, að í stjórnarskrárfumvarpi, er jeg hafði í ráði að bera fram á þinginu 1897, en hætti við að bera upp þá, vegna þess, að þá var borið fyr upp annað frumv. hv. þm. G.-K. (V. G), var ein grein, er áskildi konum kosningarrjett.

Það atriði kemur mjer því ekki til að mæla á móti þessu frumv., sem hjer er borið fram, heldur hitt, að jeg tel það í mesta máta óhyggilegt, að hefja þennan bardaga nú, meðan ekki er komið fast skipulag á ytri hlið málsins. Að veifa slíku ófriðarflaggi getur aldrei orðið til að bæta samkomnlagið milli þjóðanna, sem vjer þó eigum mikið undir að verði sem bezt.

Stefán Stefánsson, (2. þm. Skgf.): Jeg veit það vel, að jeg færist ofmikið í fang er jeg stend upp til þess að eiga orðastað við annan eins mann og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.). Það er annað en þægilegt að skipta orðum við menn, sem eins og hann, ýmist rangfæra það, sem talað hefur verið, eða leggja allt annan skilning í orð mótstöðumanna sinna, en þeim nokkurn tíma hefur komið til hugar, og vefa svo úr þessum rangfærslum og misskilningi langar ræður.

Það var eitt atriði í fyrri ræðu hins hv. þingmanns, sem jeg vildi benda á.

Hann sagði, að það væri gott, að þetta frumv. væri komið fram, vegna þess, að það kynni að dreifa þokunni, sem lægi um oss flutningsmenn, að því er þetta mál snertir.

Jeg sje, að hinn háttv. þm. (Guðl. Guðm.) er farinn út, og skil jeg það svo, sem hann vilji ekki heyra meira. Samt sem áður neyðist jeg til að halda áfram ræðu minni í fjarveru hans, þótt mjer þyki það leitt. — Hv. þm ætti að muna eptir því, að sá maður, er sjálfur stendur í þoku, sjer allt óljóst, enda þótt umhverfið liggi í sól og birtu utan þokunnar, sólin sjálf verður jafnvel óskýr fyrir þess manns sjónum.

Háttv. þm. fer eins og manninum í þokunni, það er hann, sem er í þoku, veður í villu og svima í þessu máli, eins og ræða hans og öll framkoma ber vott um, en við stöndum á hreinu

og björtu sjórnarsviði, og vitum glöggt, hvað við viljum og meinum,

Margt fleira vildi jeg minnast á, en úr því háttv. þm. er ekki viðstaddur, mun jeg geyma það til 2. umr.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) ljet þess getið, að minni hlutinn hefði haft 5 mismunandi skoðanir á þessu máli. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þau ummæli hans með því að hann er »dauður«, heldur að eins víkja þeirri spurningu að honum til 2. umr., hverjar þessar skoðanir eru. Það er víst enginn hægðarleikur að gjöra grein fyrir þeim, en jeg treysti honum sjerstaklega til þess sem skýrum manni. Vænti jeg glöggra svara frá honum við 2. umr. málsins.

Jeg get ekki skilið þá skoðun sama háttv. þm., að allt það erfiði, er við nú mundum hafa í meðferð þessa frumv., verði til ónýtis, þótt síðar þurfi að koma til stjórnarskrárbreytinga. Þvert á móti mætti það verða til mikils góðs. (*L. H. Bjarnason*: Það er undarlegt að hinn háttv. þm. bíður allt af með andmæli sín, þar til maður er »dauður«!). Þetta var að eins stutt athugasemd.

Úr því háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) er uú kominn aptur inn í salinn, skal jeg minnast lítið eitt á ummæli hans um þingmálafundinn á Akureyri, er hann sagði frá. Hann kvað mig og annan háttv. embættismann hjer í bænum hafa verið flutningsmenn með sjer að tillögu þeirri, er hann vitnaði til. Þetta er ekki rjett hermt. Við gengum að eins inn á að tillagan kæmi fram. Og við tókum það skýrt fram, að við ætluðumst eigi til, að ríkisráðsákvæðið yrði tekið upp í sambandslögin. Skora jeg á hann að færa rök á móti því við 2. umr. ef hann getur. Allt þetta kafald um að við blöndum saman hinni ytri og hinni innri hlið málsins, eins og háttv. þm. komst að orði, stafar frá þekkunni, sem hann sjálfur er hjúpaður. Þetta hefur margopt verið tekið fram, bæði á fundum og í blöðum, þótt hann virðist ekki hafa skilið það eða viljað skilja það. Hann hlýtur líka sjálfur að sjá, að svo framarlega sem Danir ganga inn á það við samningana, að Ísland verði frjálst sambandsland, þá getur það ekki komið til neinna mála, að sjermál Íslands verði borin fyrir konung í ríkisráðinu *danska*.

Annars vil jeg leyfa mjer að fara þessa á leit við hæstv. ráðherra, að hann lýsi afstöðu sinni í þessu máli, því að mjer finnst þingd. eiga heimting á að fá að heyra, hvernig hann lítur á svo mikilsvarðandi mál.

Öðrum atriðum í ræðum andmælenda frumv. hefur háttv. aðalflutningsmaður svarað.

Að eins skal jeg geta þess að lokum, að háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) virðist hafa einkennilegar hugmyndir um hvað sje kurteisi og ókurteisi, þar sem hann telur það ókurteisi gagnvart H. Hátign konunginum, að vjer leyfum oss að bera hjer fram á þingi breytingar á vorri eigin sjermálastjórnarskrá.

ATKV.GR.:

Þá kom fram uppástunga um að kjósa 7 manna nefnd í málið og fresta 1. umr. þess, og var sú uppástunga samþykkt með 16 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 þm., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Magn. Andrjesson,
Eggert Pálsson,	Ólafur Briem,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Thorlacius,
Hannes Þorsteinss.,	Skúli Thóroddsen,
Herm. Jónasson,	St. Stefánss., Skgf.

Já:	*Nei:*
Jóh. Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánsson, Eyf.	
Þórh. Bjarnarson.	

Lárus H. Bjarnason og Tryggvi Gunnarsson greiddu eigi atkv., og töldust með meiri hlutanum. Hannes Hafstein var ekki viðstaddur.

Hlutfallskosning var viðhöfð og hlutu kosningu:

Guðlaugur Guðmundsson,
Guðmundur Björnsson,
Skúli Thoroddssen,
Pjetur Jónsson,
Hannes Þorsteinsson,
Einar Þórðarson,
Jón Jónsson.

Í nefndinni var Guðlaugur Guðmundsson kosinn formaður og Einar Þórðarson skrifari. Framsögumaður meiri hlutans var kosinn Guðlaugur Guðmundsson og minni hlutans Skúli Thoroddsen.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom frumv. (A. 105, 451, 463, 492) til framh. 1. umr.

Framsögumaður meiri hlutans Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Eins og þetta frumv. liggur fyrir samkvæmt áliti meiri hluta nefndarinnar, finn jeg ekki ástæðu til að fara að flytja langa ræðu um efni málsins eða einstök atriði þess, sem farið er fram á í frv. að breyta skuli. Jeg skal að eins vísa til álits meiri hluta nefndarinnar og þeirra röksemda, sem þar eru færðar gegn því, að *þetta* þing gjöri nokkrar breytingar á stjórnarskránni, hvorki þessar nje aðrar, er menn kynnu að vilja koma fram með.

Meiri hlutinn hefur gjört ítarlega grein fyrir því, á hverju hann byggir, þessa tillögu sína, og kemur samkv. því fram með tillögu til rökstuddrar dagskrár. Að hann hefur ekki beint lagt það til. að frumv. þetta verði fellt, stafar af því, að í þá ályktun mætti ef til vill leggja einhverja þýðingu, er þarflaust er að gefa undir fótinn með. Enda er hitt langrjettast.

Tillagan til rökstuddrar dagskrár, er meiri hluti nefndarinnar ber fram, er svo hljóðandi:

«Þar eð búast má við, að tillögur millilandanefndarinnar um sambandsmálið leiði til breytinga á stjórnarskránni, og þar sem þær breytingar á stjórnarskránni mundu fara nokkuð eptir því fyrirkomulagi, sem yrði á sambandinu milli landanna — en um það verður ekkert sagt að svo stöddu — þykir deildinni of snemmt, að taka nokkra ályktun um hið fyrirliggjandi frumvarp, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Þessa tillögu leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta.

Framsögumaður minni hlutans Skúli Thoroddsen (þm. N. Ísf.): Minni hluti nefndarinnar getur ekki verið samþykkur áliti meiri hluta nefndarinnar nje þeirri tillögu til rökstuddrar dagskrár, sem hjer hefur verið lesin upp.

Það var að vísu sýnt, þegar er frv. þetta var borið fram, hver forlög meiri hlutinn ætlaði því. Hann byrjaði á því, að vilja ekki vísa málinu til 2. umr., áður en nefnd var kosin, en fresta umræðunni í þess stað. Var það auðsjáanlega í því skyni gjört, að tefja fyrir málinu. Sú aðferð á sjer þó nú orðið ekki stað, nema við 1. umr. fjárlaganna, af því að ætlazt er til þess, að við framhald 1. umr. sje haldinn hinn svo nefndi »eldhúsdagur«, er gjörðir stjórnarinnar eru sjerstaklega teknar til athugunar. Þetta var ekki góð bending um það, hverjar undir-

tektir málið mundi fá í deildinni. Og þá var það heldur ekki vænlegt fyrir oss flutnm. þess, hve afarseint nefndarstörfin gengu, þar sem fundir fórust fyrir hvað eptir annað af hinum og þessum ástæðum. Og loks skal jeg bæta því við, að þótt nefndarálitin væru loks prentuð 28. og 29. ágúst, þá hefur hæstv. forseta ekki þóknazt, sjálfsagt í samráði við meiri hlutann, að láta frv. koma til umræðu fyr en í dag. Allt þetta sýnir þel meiri hlutans til frv., enda lýsir sjer það nú til fullnustu í hinni rökstuddu dagskrá, er borin hefur verið fram.

Meiri hlutinn leggur mikla áherzlu á það, að rjett sje að bíða, að því er breytingar á stjórnarskránni snertir, unz nefndin í sambandsmálinu hafi lokið störfum sínum, og væntanleg sambandslög hafi náð staðfestingu. En þrátt fyrir það er það tekið fram í nefndaráliti hans, »*að eigi sje hægt að spá neinu um það með vissu*«, hver árangurinn verði af þessu nefndarstarfi. Meiri hlutinn þorir með öðrum orðum ekkert að fullyrða, og hann dirfist ekki að kveða ákveðnar að orði, en svo, að »*væntanlega*« verði sambandslagafrv. millilandanefndarinnar lagt fyrir alþingi 1909. Þetta orðalag sýnir, að hann er í algjörðri óvissu um það, hvort nokkurt frv. til sambandslaga verði lagt fyrir þingið 1909 eða ekki.

Og þar sem nú allt þetta er í óvissu, hversu lengi vill þá meiri hlutinn láta bíða að gjöra nauðsynlegar umbætur á stjórnarskránni? Enda þótt nú sje gjört ráð fyrir, að nefndin hafi lokið störfum sínum fyrir lok júlímánaðar næstkomandi, þá getur hæglega farið svo, að hún ljúki þeim ekki að sumri, og jafnvel ekki næsta vetur. Það fer allt eptir því, hversu greiðlega gengur með samvinnuna, og hversu miklar og viðtækar skýrslur nefndin þykist þurfa að útvega sjer. Og svo er líka óvíst, þótt alþingismenn yrðu loks á einu máli við ríkisþingsmennina dönsku, hversu heppileg niðurstaðan yrði. Um allt þetta er ómögulegt að vita neitt með vissu. Og þar við bætist, að þó að eitthvert frv. frá nefndinni yrði lagt fyrir ríkisþingið og alþingi, þá er viðbúið, að öðrum hvorum málsaðila, eða jafnvel báðum, þyki ástæða til að breyta því í ýmsum greinum. Hvar stöndum vjer þá? Þá gæti orðið langt í land til þess, er sambandslög kæmust á. En þrátt fyrir allan þann drátt, er á þessu kann að verða, vill meiri hlutinn bíða með nauðsynlegustu umbætur á stjórnarskipunarlögunum, þar til allt er um garð gengið, og vill því fresta málinu um óákveðinn tíma, og snúa sjer frá því að þessu sinni með rökstuddri dagskrá. Hjer er þó um svo mikilvægar umbætur að ræða, að minni hlutanum finnst öll frestun óráðleg. Má þar sjerstaklega tilnefna það ákvæði frv., að nema »ríkisráðsákvæðið« úr stjórnarskránni, það ákvæði, er verið hefur aðalágreiningsefnið milli Íslendinga og dönsku stjórnarinnar síðan stjórnarskrárbaráttan hófst, og vakið hefur megnustu deilur innanlands, svo að síðan 1903 hefur það verið efst á baugi í allflestum blöðum. Þetta atriði, »ríkisráðsákvæðið«, hlýtur að verða eitt af þeim aðalatriðum, er millilandanefndin fjallar um, þegar um sambandið milli Íslands og Danmerkur er að ræða. Hvernig sem samningunum að öðru leyti verður hagað, hljótum vjer Íslendingar að taka það skýrt og ótvirætt fram, að Danir hafi engin afskipti af öðrum málum, er oss viðkoma, en þeim einum, er vjer felum þeim með sjerstöku umboði; um öll önnur mál viljum vjer hafa óskert ráð með konungi vorum einum, án allra minnstu íhlutunar dönsku stjórnarinnar. Og það ligg-

ur í augum uppi, hvílíkur stuðningur mætti að því verða fyrir þá menn, er sæti eiga í sambandsnefndinni af vorri hálfu, að það liggi fyrir glögg yfirlýsing frá alþingi um þetta umþráttaða atriði, afskipti dönsku stjórnarinnar af sjermálum vorum. Þá geta þeir með meira afli fylgt fram sínum málsstað, er þeir hafa mikinn meiri hluta þjóðarinnar að baki sjer.

Meiri hluti nefndarinnar, sem að líkindum er í samræmi við meiri hluta þingsins, er nú líka farinn að játa, eptir álitinu að dæma, að þetta atriði hljóti að koma til umtals í milliþinganefndinni, því að þar stendur svo: »En um það efni verða væntanlega tvímælalaus ákvæði tekin upp í frv. það, er þingið 1909 fær til meðferðar«. Þetta hefur þó græðzt við það, að frv. vort kom fram. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Þetta er misskilningur hjá háttv. þm.; hjer er ekki átt við sambandslagafrv., heldur það frv. til stjórnarskrárbreytinga, er væntanlega verður lagt fyrir sama þing!) Úr því háttv. framsm. meiri hlutans, sem löngum er ötull málfærslumaður, reynir að vinda sjer frá því á þessa leið, þá skal jeg ekki tala meira um það.

En það tek jeg upp aptur, að nokkuð hefur þó græðzt, að því er skoðun meiri hlutans í þessu efni snertir, þótt háttv. framsm. vilji ekki við það kannast. Þegar »blaðamanna-ávarpið« var á ferðinni síðastliðinn vetur, töluðu »Lögrjettu«-menn mikið um »samvinnufúsleik«, og fleiri tóku í sama strenginn. Og í nefndarálitinu er meiri hlutinn kominn svo langt, að hann segir, að »brottnám ríkisráðsákvæðisins úr stjórnarskránni nægi ekki eitt út af fyrir sig til þess að tryggja frekar, en nú er, yfirráð Íslendinga yfir landsins málum með konungi einum«; en ef til vill telur framsm. meiri hlutans þetta einnig vera misskilning! Áður, meðan stjórnarskrárbaráttan stóð yfir, valt allt á því í augum hins núverandi stjórnarflokks, að tekið væri upp ákvæði í stjórnarskrána þess efnis, að sjermál Íslands mætti ekki bera upp í ríkisráðinu. Nú álítur meiri hlutinn á hinn bóginn, að það hafi engin áhrif, að því er kemur til íhlutunar Dana um sjermál vor, þótt ákvæðið sje numið brott úr stjórnarskránni. En þá verður maður þó að álykta »e contrario«, að þessi úrfelling hafi þá þýðingu, að útiloka öll afskipti dönsku stjórnarinnar af sjermálum vorum. Á því getur enginn vafi leikið. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Vafningar!) Aptur gægist málfærslumaðurinn fram!

Þá færir hinn háttv. meiri hluti þá ástæðu móti því, að þetta frumv. verði samþykkt nú, að stjórnin verði að leysa þingið upp, ef stjórnarskrárfrumvarpið verði samþykkt samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar, og kveðja til aukaþings í ágústmánuði 1908, og fari þá kosningar fram áður en kjósendur geti kynnt sjer álit millilandanefndarinnar. Þetta er satt og ekki satt; það er satt, að stjórnin verður að rjúfa þingið, og efna til nýrra kosninga. En hver segir, að aukaþingið þurfi að vera í ágústmánuði? Stjórnin getur hagað svo til, að kosningar fari fram seint í september, og geta kjósendur þá haft fyrir sjer frumvarp millilandanefndarinnar, ef það verður nokkuð til. Þar með er þessi ástæða fallin; sömuleiðis er sú ástæða fallin, að þingið 1909 bresti umboð, til að ráða úrslitunum, að því er til sambandsmálsins kemur.

Það er annars einkennilegt, hve hinum háttv. meiri hluta, sem síðastliðinn vetur vildi ekki leyfa þjóðinni að láta uppi álit sitt um sambands-

málið áður en skipun millilandanefndarinnar færi fram, er nú orðið svo annt um vilja þjóðarinnar, að því er sambandsmálið snertir, að hann ætlast til þess, að þjóðin hafi málið til íhugunar við tvennar kosningar; þetta er óneitanlega framför hjá hinum háttv. meiri hluta. En hver veit, hvort þessu verður hagað svo? Það er ekki skylda, samkvæmt stjórnarskránni, þótt sambandslögin sjeu samþykkt af alþingi, og þó að núverandi stjórn kynni að ætla sjer þetta, þá er ekki víst, að hún verði þá við völd, og menn vita ekki, hvort næsta stjórn mundi líta sömu augum á það mál. Manni gæti því dottið í hug, að þetta væri »speculation«, og að hinn háttv. meiri hluti sje hræddur um, að hann muni biða lægri hluta við næstu kosningar, og vilji því hafa vaðið fyrir neðan sig og reyna að verða ofan á aptur 1910. En hvað ætti það að þýða, að kjósa aptur 1910? Sje kjósendum við kosningarnar 1908 kunnugt álitsskjal millilandanefndarinnar, þá gefst þjóðinni kostur á því, að láta skýlaust í ljósi vilja sinn um það; það væri því fásinna að efla til nýrra kosninga 1910; það er eins og að segja, er það nú áreiðanlegt, að þú viljir þetta, sem þú falst oss að fylgja fram við síðustu kosningar?

Hv. meiri hluti heldur því fram, að staðfesting sambandslaganna—sem óvíst er nú hvort, eða hvenær, kemst fram — muni leiða til endurskoðunar á stjórnarskránni. Getur verið, að svo verði, en hvað er í hættu, þótt þetta frumv. verði samþykkt nú? Háttv. meiri hl. segir, að þá verði aukaþing haldið að ári, og kostnaðinum við það sje þá á glæ kastað. — En frumv. þetta ætti að vera orðið að lögum, áður en þing hefst 1909, og þá eru þær rjettarbætur, sem í því felast, þegar fengnar. — Annars vil jeg taka það fram, að þetta aukaþing gæti og haft annað til meðferðar, en stjórnarskrármálið, það gæti haft nóg að gjöra. Þetta þing hefur t. d. ekki gjört neitt verulegt til þess, að styrkja landsbankann; það væri því ekki vanþörf á því, að aukaþingið gjörði einhverjar ráðstafanir til þess að hjálpa honum úr kröggum.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að rökfærsla háttv. minni hluta er ekki rjett, og á ekki að valda því, að málinu verði frestað, eins og hann hefur lagt til, og það því síður, sem frumv. hefur að geyma ýmsar mikils verðar rjettarbætær, svo sem rýmkun kosningarrjettarins, — svo að hann nái meðal annars, til kvennþjóðarinnar — að þing skuli haldið á ári hverju, afnám konungkjörinna þm., ákvæðið um, að stjórnin hafi ekki heimild til að gefa út bráðabirgðafjárlög o. fl. Öllum þessum mikilsverðu breytingum vill háttv. meiri hluti fresta um óákveðinn tíma. Hvernig á því stendur, skal jeg ekki segja neitt um frekar, en skoðun hans virðist mjer kynleg, og rökfærslan undarleg.

Að svo stöddu ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um frumv., enda talaði jeg rækilega við byrjun 1. umr., og mæli jeg með því, að málinu verði vísað til 2. umr., en rökstudda dagskráin felld.

Framsögumaður meiri hlutans Guðlaugur Guðmundsson (þgm. V.-Sk.): Jeg ætlaði ekki að vekja langar umr. um málið; þær verða hvort sem er ekki til neins gagns. Enda er lítlu að svara í ræðu háttv. framsm. minni hlutans. Ræðu hans er svarað í nefndaráliti meiri hlutans, og jeg get ekki gjört að því, þó hann hafi lesið það »eins og fjandinn biflíuna«.

Það stendur hvergi í nefndarálitinu, að endurskoðun stjórnarskrárinnar eigi að bíða þangað til sambandslög *eru staðfest*. Þar er að eins tekið fram, að sambandslögin geti leitt og muni leiða til endurskoðunar á stjórnarskránni, og að þess vegna ætti bæði þau frumv., til sambandslaga og stjórnarskipunarlaga, að verða samferða á þinginu, þetta er einmitt eðlilegt og þannig hlýtur það að verða.

Háttv. þm. var tíðrætt um, að málið hefði verið dregið á langinn; það er ekki rjett; það er eðlilegt að fyrstu umr. sje frestað, þegar um stór mál er að ræða. Það er t. d. ætíð gjört við fjárlögin. Margir þm. álíta eins heppilegt, að taka það upp aptur, að fresta 1. umr. í öllum stórmálum.

Öllum hlýtur að koma saman um, að þetta frumv. sje stórmál, og þess vegna var sjálfsagt að fresta 1. umr., til þess að fá tíma til að átta sig á hinni almennu hlið þess, þegar úr því á að skera, hvort hyggilegt sje að rjúka nú í stjórnarskrárbreyting, eða bíða þangað til sambandslaganefndin hefur látið uppi álit sitt. Þá verða menn fyrst að gjöra sjer ljóst, hvort sje sennilegra, að störf millilandanefndarinnar verði árangurslaus, eða að þau beri einhvern árangur. Jeg held, að enginn háttv. þm. geti leyft sjer að ætla, að störf nefndarinnar beri engan árangur. Jeg veit, að við vonum það allir, að þau beri góðan árangur. En svo framarlega sem frumv. til sambandslaga verður lagt fyrir alþingi, sem við allir teljum sennilegt, þá er enginn vafi á, að það leiðir af sjer endurskoðun á stjórnarskránni.

Jeg vil ekki gjöra hinum nýkosnu nefndarmönnum þær getsakir, að þeir ljúki ekki störfum sínum á þeim tíma, sem þeim er markaður, það væri rangt. Þess vegna má telja víst, að álit nefndarinnar liggi fyrir þinginu 1909. Það er ósæmilegt að láta sjer annað eins um munn fara, og það, að nefndin muni draga málið á langinn til að spilla því, eða jafnvel gefa í skyn, að menn óski þess, að starf hennar verði árangurslaast. Jeg veit að að enginn Íslendingur óskar þess, og það væri ósæmilegt ef nokkuð slíkt kæmi fram frá nokkrum nefndarmanni.

Háttv. framsögumaður minni hlutans talaði mikið um ríkisráðsákvæðið og skoðun Lögrjettumanna á því. Það var ekki heil brú í því, sem hann sagði um þetta atriði. Það eina, sem hann sagði satt, var það, að hann hefur aldrei vitað um skoðanir þessara manna. Hið sanna í því efni er það, að hann sjálfur hefur aldrei viljað skilja hana, eða að minnsta kosti aldrei kannast, við að hann skildi hana. Jeg ætla ekki að fara að reka fjarstæður hans, það er ekki tími til að koma honum í skilning um það, sem hann ekki vill skilja. En að telja ríkisráðsákvæðið aðalatriðið í sambandslögunum, það nær ekki neinni átt.

Síðan í haust hefur verið margsýnt fram á, að það á ekki heima þar. Ákvæðið stendur í stjórnarskránni og heyrir undir okkar löggjafarsvið. Það er viðurkennt með undirskript konungs undir stjórnarskrána. Við þurfum ekki að kveðja danska ríkisþingsmenn til að láta uppi álit sitt um það. Það er okkar mál og engra annara.

Auk þess á háttv. minni hluti eptir að sanna, að þetta ákvæði hafi reynzt svo skaðlegt fyrir land og lýð, að okkur bráð liggi á stjórnarskrárbreytingu. Það er eptir að sanna, að nauðsynin sje svo brýn, að ekki megi endur-

skoðunin biða til 1909; en þá er fullsjeð, hvað kemur frá millilandanefndinni. Verði niðurstaðan sú, að nefndin ekki komi með frumvarp, eða þá þannig lagað, að þjóðin geti ekki aðhylzt það, þá er enginn þröskuldur lengur í vegi, þá getum við farið að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Jeg finn svo ekki ástæðu til, að fara nánar út í ræðu hins hv. frmsm., það er þýðingarlaust. Öllum er ljóst, að meiri hl. nefndarinnar hefur sagt það eitt, sem hann telur rjett vera, og ástæður hans eru svo ljósar, að þær eru skiljanlegar hverjum meðalvitrum manni.

Framsögumaður minni hlutans Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að meiningin væri ekki sú, að stjórnarskrárbreytingin biði staðfestingar sambandslaganna. Jeg mun hafa talað um staðfesting sambandslaganna,af því jeg ætlaði h.meiri hl. ekki annan skilning, því að þótt frv. um sambandslög verði lagt fyrir þingið, er óvíst, hvort það verður samþykkt af báðum málsaðilum, ríkisþingi og alþingi, og að tvinna endurskoðun stjórnarskrárinnar saman við sambandslögin, sem er óvíst, hvort nokkurn tíma næst samkomulag um, og staðfestingu hljóta, það er gjörsamlega ástæðulaust.

Framsögumanni þótti það getsakir, er jeg taldi óvíst, hvort árangur yrði af starfi sambandslaganefndarinnar, og hvenær hún lyki störfum. Starfið er svo mikið, málið erfitt, og þekking Dana svo nauðalítil á því, að sízt er að furða, þótt langan tíma kynni að þurfa til að skýra það fyrir þeim út í æsar. Þess utan verður að gá að því, að þar sem háttv. stjórn vildi ekki verða við tilmælum almennings, um að rjúfa þingið, þá getur vel svo farið, að hið nýkosna þing verði á annari skoðun en sambandslaganefndin, og breyti hennar gjörðum. Háttv. þm. þótti leitt, að jeg hefði aldrei vitað, hver skoðun »Lögrjettumanna« væri á ríkisráðsákvæðinu. Jeg held, að fleiri en jeg sjeu með því marki brenndir, að þeir viti ekki, hver stefna þeirra er í því máli nje öðru, eða hversvegna »Lögrjettumenn« eru sjerstakur þjóðmálaflokkur. Jeg vona, að háttv. þm. taki ekki hart á mjer fyrir þetta, þar sem hann er sjálfur valdur að þessu þekkingarleysi mínu.

Ríkisráðsákvæðið drap jeg að eins lauslega á, er jeg sagði, að það væri eitt af aðalatriðunum, sem sambandslaganefndin yrði að fjalla um. Háttv. þm. þótti það vera að gjöra of mikið úr því og fannst skilningi mínum hafa farið aptur í seinni tíð. Jeg gjöri þó ráð fyrir því, að hann furði sig ekki á, þótt jeg væri stuttorður og færi ekki að rekja þetta út í æsar, þar sem hann byrjaði á því að óska, að ekki yrðu langar umræður um málið. Það er auðvitað rjett, að úr því ákvæðið er komið inn í stjórnarskrána, þá er það stjórnarskráratriði, en þar sem háttv. þm. sagði, að það heyrði undir oss að öllu leyti, og að vjer gætum kippt því burt þegar vjer vildum, þá er það nú svo og svo. Þetta er skilningur vor Íslendinga, og þann skilning höfðum vjer, þegar vjer samþ. þetta ákvæði, en bæði háttv. þm. og allir aðrir vita, að hinn málsaðilinn vill ekki viðurkenna þennan skilning. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Jú, jú). Nei, það er alveg það sama og í fyrri stjórnarskrárbaráttu vorri; þá hjeldum við því fram, að sjermálin ættu ekki að berast fram í ríkisráðinu, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar og stöðulaganna, en það nægði ekki. Vjer fengum engu áorkað, allt lenti í þjarki og þrefi af því að sterkari málsaðil-

inn kannaðist ekki við þennan skilning vor Íslendinga, en fylgdi fram gagnstæðum skilningi sínum. Þess vegna verður ekki hjá því komizt, að þetta atriði komi fram í samningum millilandanefndarinnar; með öðrum orðum, það verður að koma skýrt og greinilega fram, að vjer Íslendingar viljum ekki hafa afskipti dönsku stjórnarinnar af þeim málum, sem ákveðið verður, að alþingi eitt eigi að fjalla um.

Þá gat háttv. framsm. meiri hlutans þess, að minni hlutinn hefði ekki sýnt, að þær breytingar, sem hjer er um að ræða, væru svo nauðsynlegar, að þær kölluðu að, eins og hann komst að orði. En jeg verð þvert á móti að álíta, að við höfum einmitt sýnt, að þær kalla að, bæði ríkisráðsákvæðið, til þess að millilandanefndin geti þar haft alþingi að bakhjarli, og hvað finnst hv. þm. V.-Sk. kalla að, ef ekki kosningarrjettur kvenna, og afnám konungkjörnu þingmannanna. Það getur verið, að þessum hv. þm. þyki sjálfum ekki liggja neitt á kosningarrjetti kvenna, enda er hann sjálfur svo lánsamur að hafa þennan rjett, en jeg býst við, að ef hann ekki hefði hann, þá þætti honum liggja á að fá hann sem fyrst.

Sama er að segja um kgk. alþm.; jeg veit ekki, hvaða rjettarbót kallar að, ef afnám þeirra gjörir það ekki, því það að stjórnin getur aukið flokk sinn með 6 kgk. þm., getur fyrst og fremst hept framgang ýmsra mála, sem stjórnin vill ekki að nái fram að ganga, eins og opt sást á fyrri þingum, og það getur í öðru lagi orðið til þess, að drepa allt þingræði í landinu.

Annars er það um þingræðið hjer á landi að segja, að þó að opt sje á það minnzt, virðist það þó vera meira í orði en á borði. Jeg veit ekki betur, en að nýlega hafi verið felld tvö þýðingarmikil frumv. fyrir stjórninni, kosningalagafrumv. og frumv. um almennan kosningarrjett, án þess stjórnin hreyfi sig, eða kippi sjer upp við það. Í öðrum löndum hefur þingræðisskrafið meiri þýðingu; þar þykir það víða óhjákvæmileg afleiðing af þingræðisreglunni, að stjórnin fari frá völdum, ef atkv. ganga gegn henni á þingi. En hjer virðist þingræðisreglan eiga að vera í því fólgin, að ráðherrann geti setið sem fastast, hvað mörg frumv. sem felld eru fyrir stjórninni, og sagt: Jeg tek mjer það alls ekki nærri, þó að þið fellið fyrir mjer nokkur frumv., piltar; jeg sit jafnt eptir sem áður.

Loks tók hv. framsm. meiri hlutans það fram, að meiri hlutinn hjeldi því fram, sem honum fyndist rjett, en þrátt fyrir það, og jeg efast ekki um að svo sje, þá má hann þó ekki drótta því að oss minni hluta mönnum, að vjer ekki höldum því fram, sem vjer álítum rjett frá voru sjónarmiði.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg tók það fram við upphaf 1. umr. þessa máls, að jeg væri á móti frv. af tveim ástæðum, í fyrsta lagi af því að málið væri *ótímabært*, og í öðru lagi af því, að *ekki væri farið nógu langt* í frumv.

Fyrri ástæðan er enn ríkari nú, en þá, því nú hefur konungur skipað millilandanefndina, en það hafði hann ekki gjört, þegar frumv. kom fyrst til umr.

Seinni ástæðan er að vísu ekki alveg eins rík nú og þá, því síðan hefur háttv. minni hluti tekið upp tvö ný atriði, samkvæmt bendingu frá mjer við byrjun umr., sem sje bann á móti því, að gefa út bráðabirgðarfjárlög og heimild til þess að afnema þjóðkirkj-

una með einföldum lögum. En auk þeirra atriða, sem jeg hreyfði við upphaf 1. umr. og hv. minni hluti hefur ekki tekið til greina, mætti benda á ýmislegt fleira, sem jafnframt þyrfti að taka til athugunar, ef farið væri á annað borð að breyta stjórnarskránni. Konungur ætti t. d. að sverja eið að stjórnarskránni eins og hann gjörir að grundvallarlögunum; alþingi ætti að vera lýst friðheilagt, eins og ríkisþingið er lýst það í Danmörku. Menn, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, og ekki heldur í neinu öðru kirkjufjelagi ættu eigi að vera gjaldskyldir til þjóðkirkjunnar, eins og þeir eru nú. Svona mætti halda áfram að telja lengi, en af því að jeg hallast enn að gömlu byggingaraðferðinni, að því að byrja að neðanverðu, á undirstöðunni, en ekki að ofanverðu, á mæninum, þá skal jeg ekki rekja þessi atriði lengur.

Annars stóð jeg nánast upp til þess að mótmæla því sem fastast, að eitt af aðalhlutverkum millilandanefndarinnar ætti, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að vera það að leita *samþykkis* Dana um afnám ríkisráðsákvæðisins; mótmæli jeg þessu, ekki að eins sem þingmaður, heldur einnig sem Íslendingur. Með því móti væri leikinn upp aptur sorgarleikurinn frá seinustu áratugum sjálfstæðis vors, er Íslendingar fóru að leita úrskurðar Norvegskonungs um mál, sem þeir einir áttu úrslitavald um og sem leiddi til þess, að þeir glötuðu sjálfstæði sínu. Enda stoðaði það oss alls ekki, þó að Danir heimiluðu okkur hundrað sinnum að bera sjermál vor upp fyrir konung utan ríkisráðsins. Ríkisráðsákvæðið, sem er alíslenzkt, stæði jafnfast eptir sem áður í stjórnarskránni. Vjer einir getum numið það burt, eins og vjer einir gátum tekið það upp.

Viljum vjer losna við ákvæði þetta, þá er aðferðin sú, að við samþykkjum afnám þess tvisvar á alþingi. Ráðherrann leitar svo staðfestingar konungs, en vilji ráðherrann annaðhvort ekki bera málið undir konung eða konungur ekki samþykkja, þá gefum vjer ráðherranum fararleyfi og setjum annan undir stýrið.

Þetta er sú eina rjetta aðferð, hvort sem litið er á málið frá »politísku« eða lagalegu sjónarmiði. Hitt, að gjöra ríkisráðsákvæðið að beinu samningsatriði við Dani, gengur landráðum næst og væri lagalegt »Dyrhólagat«. Þess vegna ættu þessir svo kölluðu landvarnar- eða þjóðræðismenn, eða hvað sem þeir *nú* kalla sig, að verða manna síðastir til að bera slíkt fram.

Nema þetta frumv. sje eins og jeg gat til við upphaf 1. umr. ekki annað en eins konar »parade« eða skrúðganga. Og því trúi jeg enn bezt. Það er sem sje næsta undarlegt, að háttv. þm. N.-Ísf. & Comp., sem samþykktu ríkisráðsákvæðið 1902 og 1903, skuli nú berjast á móti því, þar sem vitanlegt er, að það hefur aldrei orðið oss að ógagni enn, heldur hafa þvert á móti síðan verið staðfest frumv., sem synjað hafði verið staðfestingar áður hvað eptir annað og lögð höfðu verið a hilluna af seinasta danska ráðherranum okkar. Og það er enn einkennilegra, að háttv. þm. skuli nú halda því fram, að þetta sje sameiginlegt mál, þar sem engum *dönskum* manni hefur komið það til hugar, nema svæsnustu hægri mönnum, að undanteknum einum manni, sem hefur verið of mikið við þetta mál riðinn til þess að hann geti litið alveg óvilhallt á það. Og jafn undarlegt er það, að sami maðurinn, sem taldi það alveg nauðsynlegt í fyrra, að sett væri *sem fyrst* sameiginleg nefnd í sambandsmálið og því flýtt sem mest mætti, og enda hældi sjer þá af að hafa

átt góðan þátt í þessu, skuli í sumar hafa orðið til þess að afbiðja þessa nefnd. Hvernig getur þessi sami hv. þm. brugðið Heimastjórnarflokknum um hringlandaskap um ríkisráðsákvæðið. Heimastjórnarflokkurinn, *sem fyrst varð til á alþingi 1901,* hefur *enga* afstöðu tekið til þessa máls. Hann ber enga ábyrgð á orðum og gjörðum hinnar svo kölluðu »Bendizku«, enda þó að nokkrir úr þeim gamla flokki gengju seinna inn í Heimastjórnarflokkinn.

Þá eru ekki síður kynleg, en jafnframt gleðileg, þau veðrabrigði, sem orðin virðist vera á skoðunum háttv. þm. um landsbankann. Og má þar um segja, að betra sje seint en aldrei.

Jeg vona, að vonleysi h. þm. um gott samkomulag og góðan árangur af millilandanefndinni stafi ekki af neinum miður góðum ásetningi í því máli, því að undir því er mjög mikið komið, að nefndarmenn geti orðið sem lengst sammála, þótt það sje ekki beint nóg, heldur þurfa blöðin okkar einnig að haga sjer betur en hingað til. Það má ekki ala lengur á tortryggninni innanlands og sízt af öllu má bera flokksmiskliðina í Dani.

Annars vildi jeg óska, að Danir og Íslendingar bæru gæfu til þess að fara sem mest að dæmi Svía og Norðmanna 1905. Um eitt leyti voru orðnar svo miklar viðsjár með þeim þjóðum, að báðir höfðu herafla á takteinum á landamærum sínum. Svo bar það til, að norskur liðsmaður skaut sænkan yfirliða, og vissu um það bæði Svíar og Norðmenn. En báðir málsaðilar voru svo skynsamir, að þeir leyndu verkinu, og ljetu berast út, að maðurinn hefði orðið bráðkvaddur, til þess að forðast vandræði.

Jeg vildi óska, segi jeg að sjerstaklega Íslendingar bæru gæfu til að haga sjer eitthvað þessu líkt, þá mundi vel rætast úr málaleitun vorri.

Framsögumaður minni hlutans Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagðist vera á móti þessu frv. af tveim ástæðum, fyrst vegna þess, að það væri ekki tímabært; en það virtist hann þó ekki leggja mikla áherzlu á; hin ástæðan var sú, að frv. gengi of skammt. En þessa síðari ástæðu hefði hann ekki átt að láta sjer um munn fara, því hver meinar honum að gjöra breyt.till. við frumv. Hann getur haft þær eins margar og viðtækar eins og hann vill. Það var aldrei meining vor, sem þetta frumv. fluttum, að það væri alfullkomið, og ekki mætti breyta því; vjer minni hluta menn eigum því heldur ekki að venjast, að vjer njótum þess trausts hjer í deildinni, að orð vor sjeu tekin jafngild, sem þau stæðu í bifliunni.

En hitt er ekki nýtt, þegar menn ekki vilja, að eitthvert mál fái framgang, að slá því fram, að tíminn sje ekki hentugur; það er mótbára, sem er mjög algeng, og sem opt er notuð, til að hylja fjölda synda, ef svo mætti að orði kveða.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hafði ekki rjett eptir mjer orð mín, er hann sagði, að jeg hefði sagt, að minni hlutinn vildi leggja það undir úrskurð sambandslaganefndarinnar, hvort vjer mættum taka sjermál vor út úr ríkisráðinu. Það hef jeg aldrei sagt. Jeg veit, að ríkisráðsákvæðið er íslenzkt sjermál, samkvæmt stjórnarskrá vorri, og að Danastjórn á því alls engin afskipti að hafa af sjermálum vorum; en hitt er aðalatriðið, að fá Dani til að viðurkenna, að svo sje, og að vjer einir eigum atkvæði um það. En við danska ríkisþingsmenn verðum vjer að semja

af því að konungur skoðar sig ekki, sem einvaldsherra, að því er til sambandsmálsins kemur.

Þá furðaði háttv. þm. Snæf. sig á því, að jeg skuli nú vera með því, að nema »ríkisráðsákvæðið« burt, þar sem jeg hefði verið einn af þeim, sem samþykktu það 1903. Jeg furða mig á hinn bóginn á honum, að hann skuli ekki vilja fella burt ríkisráðsákvæðið, því honum má vera kunnugt um það, að sá skilningur, sem alþingi lagði þá í þetta ákvæði, hefur eigi verið viðurkenndur af hálfu Danastjórnar. Þau skilyrði, sem alþingi setti þá, hafa verið brotin, t. d. við ráðherraskipunina. Og það er hægt að slá því fram, að ríkisráðsákvæðið hafi aldrei orðið oss til ógagns, en hvað vitum við um það? Höfum vjer »ríkisráðsprótókollana« fyrir oss? Og hvað vitum vjer, hvaða áhrif það hefur á ráðh. vorn að bera sjermálin þar upp? Við sáum, hvernig fossafrv. var útlítandi, er það kom þaðan. Svipað kann að vera um fleira, og það getur verið, að ríkisráðsákvæðið sje orðið oss að meira ógagni, en vjer vitum.

Þá sagði sami háttv. þm., að það riði á því, að millilandanefndin yrði sammála; jeg er honum ekki sammála um það; það er auðvitað gott að vera sammála, ef það er um eitthvað, sem er gott og gagnlegt. En jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg vil heldur, að menn komi sjer ekki saman, heldur en að búinn verði til, með allra samþykki, einhver bræðingur, sem ekki verður búizt við að þjóðin samþykki, eða jafnvel væri heppilegast að hún ekki aðhylltist. Jeg álít það heppilegast, að hver komi fram gagnvart öðrum, sem djarfir og einlægir menn, er segja hverir öðrum, hvað menn vilja; ef mótparturinn vill teyma oss inn á þá braut, sem vjer álítum að ekki sje til neins góðs, þá segi jeg fyrir mig, að jeg vil heldur vera einn í minni hluta, en fylgja meiri hlutanum að málum.

Þá var háttv. þm. að segja einhverja sögu; hún getur ef til vill verið sönn; en mjer finnst hún koma þessu máli lítið við.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Mig furðar á því kappi, sem háttv. minni hluti leggur á, að koma þessu frumv. fram einmitt nú; jeg hafði ekki hugsað, að þeir ætluðust til, að þetta frv. yrði samþ. á þessu þingi, heldur væri það fram komið málinu til undirbúnings, eða þess, að þingið eins og legði hin ýmsu atriði þess til hæfis fyrir umr. í blöðum og á fundum milli þinga, og þá gat meðferð þess hjer orðið til gagns. Jeg skil sem sagt enn ekki, að háttv. minni hluta sje full alvara, að fá það samþ. nú. Og jeg skil ekki, hvernig háttv. minni hluti lítur á þetta mál, þar sem hann fór fram á það í blöðunum í vetur að leysa upp þing, áður en millilandanefndin yrði tilnefnd, nefnd, sem hefur tiltölulega þröngan verkahring í samanburði við endurskoðun á allri stjórnarskránni og að eins tillögurjett, ekki einu sinni neitt ákveðið umboð frá þinginu til samninga, heldur er það verkefni hennar, að koma fram með frumv. til laga um sambandið milli Íslands og Danmerkur, en það frumv. kemur að minnsta kosti fyrir eitt nýkosið þing ef ekki fleiri til ályktunar. Þetta verk, að nefna menn í nefnd þessa, áleit háttv. minni hluti, að ekki mætti framkvæma án þess að rjúfa þing, en nú vill hann framfylgja breytingu á stjórnarskránni, sem ekki er þó þýðingarminni, án þess að kjósendur fái tækifæri til að segja sitt álit um það, og án þess að fara fram á nýjar kosningar.

Þetta frumv. inniheldur mörg mjög mikilvæg ákvæði; það fyrst, að nema

skuli úr lögum ríkisráðsákvæðið, þar næst um afnám kgk. þm. Afnám þeirra sýnist í rauninni ekki stórkostleg breyting, eins og frumv. gengur frá því, en þegar litið er til þess, hvaða mögulegleikar vakna um samsetningu þingsins á eptir, þá er málið stórt og vandasamt, því jeg hygg ekki, að menn geti sætt sig við till. flutnm. í því atriði. Þriðja stórvægilega atriðið er um stórkostlega rýmkun kosningarrjettarins, og væri ekki úr vegi, að bera það undir kjósendur. Fjórða mikilsverða atriðið er að leysa upp þjóðkirkjuna. Allt eru þetta stórfelld mál, og þegar hjer við bætast ýms önnur atriði, sem taka þyrfti til íhugunar, þá er það einsdæmi, ef svo mikilsverðu máli væri ráðið til lykta án frekari undirbúnings. Þetta finnst mjer koma í bága við það, sem minni hlutinn hefur haldið fram áður um skírskotun til þjóðarinnar, og veit jeg ekki, hvaðan þessi nýja sannfæring er komin.

Það hefur verið mín skoðun, að nauðsynlegt væri, að taka þar aptur til málanna, sem frá var horfið 1897 við endurskoðun stjórnarskráarinnar, áður en langt um liði. Eins og kunnugt er, varð ofan á 1895 og til fullnustu 1897, að taka fyrir að eins aðalatriðin um sjerstakan ráðherra og búsetu hans, og loks komust þær breytingar á, svo við mátti una og nú er komið til nota. En ýms atriði önnur hafa legið í þagnargildi.

Nú liggur fyrir væntanleg umbót á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og þegar þar er komið á skipulag, sem viðurkennt er af Íslands hálfu og viðunandi þykir, þá er tækifæri til að taka til óspilltra mála við endurskoðun stjórnarskrárinnar. En á meðan hitt er ófengið, og sá grundvöllur, er það veitir, sýnist mjer næsta óráðlegt að vekja deilur þær, er stjórnarskrármálið eðlilega hefur í för með sjer innanlands.

Framsögumaður meiri hlutans Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skaptf.): Jeg hef litlu við að bæta það, sem jeg þegar hef tekið fram, og litlu að svara í þeim ræðum, er haldnar hafa verið.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að það væru einkanlega þrjú atriði í frumv., er sjerstaklega bráðlægi á að endurskoðuð yrðu. Fyrst og fremst ríkisráðsákvæðið. Jeg benti ljóslega á það við 1. umr. málsins, að nú væri miklu minni ástæða en áður til þess, að gjöra mikið veður út af því ákvæði, þar sem nú er tryggilega búið um sjerstöðu hins íslenzka ráðherra gagnvart ríkisráði Dana, og nýlega hefur verið samþykkt á alþingi nær því með öllum atkvæðum frumv., sem þetta ákvæði stendur í. Jeg veit heldur ekki til, að það hafi hingað til orðið að meini. Enda er þessu efni svo varið, að hjer er um íslenzkt löggjafarákvæði að gjöra, er nema má burtu, hvenær sem vera skal, ef það skyldi reynast skaðlegt.

Hinn háttv. þm. kvað einnig bráðliggja á rýmkun kosningarrjettarins. En jeg veit ekki betur, en að hann og margir af hans flokksmönnum hafi sýnt það með atkvæðagreiðslu sinni á þessu þingi um kosningarlagafrumv., að þeim er ekki næsta hugleikið, að koma fram endurskoðun á kosningarrjettinum í landinu.

Og hvað afnámi konungkjörinna þingmanna við kemur, þá hygg jeg það ekki svo bráðnauðsynlegt, að það geti ekki beðið þingsins 1909. Að minnsta kosti færði háttv. framsögum, minni hlutans (Sk. Th.) ekki neinar verulegar ástæður fyrir því.

Annars talaði hann mikið um það,

að allt af væri hægt að slá því fram, að tíminn væri óhentugur. Það má vel vera, að sumir bregði stundum fyrir sig þeirri viðbáru, sem neyðarvörn. En meiri hluta nefndarinnar getur hann ekki borið það á brýn, því að hann hefur fært glögg og óhrekjanleg rök fyrir sinni skoðun, og þau rök hefur hinn háttv. þm. ekki getað hrakið, svo sem ekki heldur var von.

Eitt var það í ræðu hins háttv. framsögum. minni hlutans (Sk. Th.), er kom mjer til að standa upp. Hann leit svo á, að sambandslaganefndin af Íslendinga hálfu ætti að fara að semja við Dani en ekki við konunginn, því að hann væri ekki einvaldskonungur. Þessum skilningi leyfi jeg mjer að mótmæla. Íslendingar semja einmitt við konunginn og engan annan. Að því er til þeirra mála kemur, er Danmörk varða eða alríkið, þá er það rjett, að hann er ekki einvaldur, heldur þarf *hann* um þau að leita samþykkis fulltrúa hinnar dönsku þjóðar. En gagnvart Íslandi og íslenzkum málum er konungurinn einvaldsherra, að svo miklu leyti sem hann er ekki þingbundinn af hinni *íslenzku* stjórnarskrá. Sá skilningur, er hinn háttv. þm. hefur á þessu atriði, er allsendis rangur, og sjerstaklega óleyfilegur hjá þeim mönnum, sem fjalla eiga um sambandsmálið.

Framsögumaður minni hlutans Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) var að fárast um það, að álits kjósenda hafi ekki verið leitað um þetta mál. Til þess er því að svara, að þær umbætur sem farið er fram á í þessu frv,, eru flestar margræddar, og ítarlega íhugaðar af þjóðinni, og auk þess stendur svo sjerstaklega á, að því er stjórnarskrárbreytingar snertir, að samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar er skylt að leita álits kjósenda um þær eptir á; að þjóðinni fornspurðri geta þær ekki orðið að lögum. Þessu hefur hinn háttv. þingm. víst ekki munað eptir. Skírskotun hans til þess, að minni hlutinn vildi fá þingrof, áður en millilandanefndin væri skipuð, á ekki við. Það gat farið svo, fyrst þing var eigi rofið, áður en nefndin var skipuð, að alþingi fjallaði um sambandsmálið, án þess þjóðin hefði sagt álit sitt um það. Það var eigi ólíklegt, að næstu kosningar færu fram, áður en álit sambandsnefndarinnar væri kunnugt, og sú getur enn orðið raunin á, þótt að nefndinni sje ætlað að ljúka störfum sínum fyrir júlílok næsta ár. Það var og eðlilegast, að fengin hefði verið vitneskja um vilja þjóðarinnar, áður en í nefndina var kosið.

Svo má líka minna hinn háttv. þm. á það, að vjer fjöllum einatt hjer á þingi um mörg mál, sem ekki hefur verið leitað um álits kjósenda. Jeg þarf ekki annað en að nefna stjórnarfrumvörpin, sem borin hafa verið fram á þessu þingi. Ekki hefur almenningur átt kost á að kynna sjer þau að nokkru ráði, nema þá í einstökum hjeruðum.

Gagnvart ræðu háttv. framsögum. meiri hlutans get jeg verið stuttorður. Það er ekki til neins að fara að þrefa frekar en gjört hefur verið um ríkisráðsákvæðið. Hann heldur því föstu, að vjer getum numið það ákvæði burt, hvenær sem vjer viljum. Það er nú svo. Auðvitað getum við samþykkt stjórnarskrárbreytingu í þá átt. En hitt er allsendis óvíst, hvort ráðherra tekst að koma henni fram. Og vjer vitum ekki einu sinni, hvort ráðherra þykir málið þess vert, að gjöra það að »kabinetsspursmáli«. Hann gæti ef til vil fundið upp á að segja, að

hann fyndi ekki ástæðu til, að víkja úr sæti vegna þess.

Háttv. þm. sagði, að það hefði sýnt sig við atkvæðagreiðsluna um rýmkun kosningarrjettarins, að þinginu væri ekki hugleikið, að rýmka hann sem stendur. Það er satt, og ekki satt. Það er satt, að Ed. felldi frumvarp þetta. En Nd. hefur einmitt sýnt, að henni var annt um málið, þar sem hún samþykkti frumv. með öllum atkvæðum.

Enn fremur tók framsögumaður meiri hlutans fram, að jeg hefði ekki fært rök fyrir því, að afnám konungkjörinna þingmanna væri nauðsynlegt. Jeg ljet þess þó getið, að þetta væri nauðsynlegt til tryggingar þingræðinu. Jeg ljet þess getið, að á meðan þeir eru ekki afnumdir, getur stjórnin setið að völdum, enda þótt hún hafi ekki fylgi meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna. Þó að 19 stjórnarandstæðingar næðu kosningu, en ekki nema 15 úr flokki stjórnarsinna, þá gæti hún samt sem áður setið vegna hinna konungkjörnu þingmanna, ef henni væri annt um að halda í völdin.

Hinn háttv. þm. sló því fram, að jeg hefði ekki hrakið neitt af ástæðunum í nefndaráliti meiri hlutans. Jeg lít svo á, sem jeg hafi hrakið þær allar. Það þýðir lítið, að vera að slá um sig með hinum og þessum staðhæfingum, hvorki fyrir hann nje mig. Slík slagorð sannfæra engan og eru ekki svaraverð.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Að jafnmikill mælskumaður og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) er talinn vera, skuli þurka borðin með ræðum sínum um jafnþýðingarmikið mál og stjórnarskrármálið hefur þótt hingað til, það sýnir bezt, að þessu frumv. liggur ekki á, enda hef jeg ekki orðið var við, að þjóðin hafi sótt það fast.

Annars stóð jeg upp að eins til þess, að undirstryka það, sem jeg áður hef sagt, að *stjórnarskipunin innlenda* hlýtur að vera *komin undir sambandslögunum.*

Hugsum okkur, að niðurstaðan verði sú með sambandslögunum, að Ísland skuli vera þjóðveldi. Til þess þarf ný stjórnarskipunarlög. Eða þó það verði ekki nema frjálst sambandsland Danmerkur, þá þyrfti samt að laga stjórnarskrána eptir því. Eða hugsum okkur, að hjer skuli vera jarl, er skipaður sje af konungi. Ekki gæti það heldur látið sig gjöra án nýrra stjórnarskipunarlaga.

Mjer kom undarlega fyrir að heyra það af vörum hins háttv. þm., að konungur vor væri eigi bær um að ráða sjermálum vorum til lykta með alþingi. Hingað til höfum vjer þó ekki viljað vera »þegnar þegnanna«.

Það er svo laust við, að jeg hafi kannazt við, að undirskriptin svokallaða hafi verið skilyrði þinganna 1902—1903 fyrir því, að þiggja stjórnarbótina, að jeg hef haldið hinu gagnstæða fram, bæði 1903 og 1905. Annars er þýðingarlaust að vera að hampa undirskriptinni lengur, úr því að það atriði verður lagað við næstu ráðherraskipti.

Út af þeim getsökum, er hinn háttv. þingmaður ljet sjer sæma að slöngva í garð ráðherra, þótt hann væri ekki viðstaddur, skal jeg að eins geta þess, að þær voru allsendis órjettmætar, og næsta ófimlega af hendi sendar.

Dæmið, sem hinn háttv. þm. nefndi, var ekki vel valið, sem sje fossafrumvarpið. Um það þarf engar grafgötur að fara, að það var, eins og stjórnin segir sjálf í athugasemdunum við frv.,

að miklu leyti endurprentun á frumv. frá 1901, sem var aptur að miklu leyti tekið eptir þingfrumv. 1899. Enda hefði ráðherrann ekki gengið jafnfúslega og raun er á orðin inn á þá breytingu, að í stað orðanna »í Danaveldi« kæmi »á Íslandi«, ef hann hefði búizt við, að það fyrir þá sök yrði skorið niður fyrir sjer.

Annars vona jeg, að hinn háttv. þm. ætli sjer ekki að gjöra starf sitt í sambandslaganefndinni að drætti á kosningarborði sinu hjer heima. Mjer skildist svo á ræðum hans, sem hann teldi það ekki óliklegt, að hann mundi ganga þar lengra en góðu hófi gegnir. En jeg vona, að jeg hafi misskilið hann. Enda veit jeg, að hann talar þar ekki fyrir hönd alls minni hlutans, því svo góða drengi þekki jeg í þeim flokki, að þeir mundu aldrei ljá fylgi sitt til slíks. Jeg vænti líka svo góðs til hans, að hann sjái, að *sambandsmálið á ekki að vera liður í innanlands kosningabaráttu.* Það á ekki að vera *flokks*mál, það er **þjóðar**mál, velferðarmál lands og lýða.

Framsögumaður minni hlutans Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Háttv. þm. Snæf. (L. B.) gat þess, um leið og hann var að segja mjer einhver »komplíment«, sem jeg finn að vísu eigi ástæðu til að þakka honum fyrir, að jeg væri farinn að þurrka borðin með ræðum minum. Það sannar ekkert, að því er frv. snertir, annað en það, að meiri hlutinn geldur við því athyggjuleysi í stað áhuga, hann hefur ráðið með sjer forlög þess fyrir fram, og þykist því ekki þurfa að hlusta á nein rök; þau breyta ekki atkvæðagreiðslunni hvort sem er; enda varð jeg þess heldur ekki var, að margir flykktust inn, til að hlýða á ræðu hv. þm. sjálfs. (*Lárus H. Bjarnason:* Fleiri þó.)

Þá fór hann að tala undir rós; kvaðst vona, að hann misskildi mig, og að það væri víst ekki ætlan mín, að vilja valda drætti í sambandsnefndinni. Það er mjög óviðfelldið, þegar menn eru að kasta fram slíkum getsökum, sem enginn fótur er fyrir; en sem síðar eru notaðar eptir á, og orðnar að fullyrðingum; menn hugsa sem svo: »Eitthvað hlýtur að vera hæft í því; eitthvað hefur hann vitað, en að eins verið svo kurteis, að orða það svona hógværlega«. Í ræðu minni var ekkert það, er gæti gefið honum ástæðu til að láta sjer þessi orð um munn fara. Jeg ljet þess að eins getið, að jeg mundi ekki vilja ganga að öðru en því, sem jeg sæi að gæti orðið til hags og heilla fyrir þjóðina, og að jeg mundi ekki vilja samþykkja neitt það, er orðið gæti þröskuldur fyrir fullu frelsi landsins.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg hjelt, að jeg mundi geta sloppið við að standa upp í þetta sinn. En nú finnst mjer ekki að jeg geta látið það vera vegna þess, að jeg hef skrifað fyrirvaralaust undir nefndarálit meiri hlutans. Það gjörði jeg sakir þess, að jeg var fyllilega samþykkur aðalstefnu þess, að frv. nái ekki fram að ganga á þessu þingi, og jeg taldi næg rök færð fyrir því. En hjer hefur nú verið rætt mikið um ríkisráðsákvæðið. Inn á það er ekki gengið í nefndaráliti meiri hlutans. Nú hafa tveir þm. af þeim flokki, hv. framsm. (G. G.) og hv. þm. Snæf. (L. B.), lýst svo andstæðri skoðun á því atriði, að jeg get ekki látið hana ómótmælta. Samkvæmt því, sem jeg ávallt hef haldið fram, felli jeg mig við andsvör og röksemdir hv. framsm. minni hlutans um þetta efni. Það slagorð, er kveðið hefur við í ræðum meirihlutamanna, lætur mjer næsta illa í eyrum, að með því að segja, að ríkisráðsákvæðið hljóti að koma til um-

ræðu í millilandanefndinni, sje verið að leggja sjermál Íslendinga undir yfirráð Dana. Háttv. þm. Snæf. ljet sjer jafnvel sæma að fara svo hörðum orðum um þetta, að hann líkti því við landráð, og kvað þetta engu betra en atferli höfðingja þeirra hinna fornu, er ráðið hefðu Ísland undir Norvegs konung og glatað með því sjálfstæði þjóðar sinnar. Það var einkum þetta, er neyddi mig til að standa upp til að mótmæla harðlega jafn óviðurkvæmilegum ummælum. Það hefur enginn talað um að leggja sjermál vor undir yfirráð Dana, þótt því hafi verið haldið fram, að ríkisráðsákvæðið ætti að koma til umræðu í sambandslaganefndinni. Jeg veit með vissu, að þjóðin muni aldrei gjöra sig ánægða með annað, en að þessu deilumáli verði ráðið til lykta á viðunandi hátt og að eitthvað verði á það minnzt í sambandslaganefndinni. Það *hlýtur* að koma þar til meðferðar í sambandi við önnur sambandsmál. Enda væri ekki gott, að ekkert væri um það talað, hvernig haga ætti þessu fyrirkomulagi eptirleiðis. Brautin þarf að vera rudd, svo að eptir á geti enginn ágreiningur risið og að menn geti átt vísar vonir um, að fá þennan hnút leystan um leið og vjer sjálfir kippum þessu ákvæði burt úr stjórnarskránni, en þurfum ekki að vera að berja höfðinu við steininn að árangurslausu, ef til vill um langan aldur. Og jeg vona jafnvel, að sambandslaganefndin gangi svo langt, að stjórnarskráin hljóti að breytast svo mikið, að þetta ríkisráðsákvæði falli burt af sjálfu sjer. Reyndar hef jeg fyrir mitt leyti ekki mikla von um gott samkomulag í nefndinni. En jeg vildi óska, að hv. þm. Snæf. og hv. þm. N.-Ísf. gætu komið sjer vel saman, því að jeg veit, að það skiptir miklu, hvað þeir leggja til málanna.

Annars vildi jeg lýsa því yfir, að jeg get ekki sjeð, að það væri að drýgja neitt ódæði, þó sambandslaganefndin ræddi með sjer ríkisráðsákvæðið. Það hefur tvær hliðar, aðra inn á við, sem íslenzkt sjermál, en hina út á við gagnvart alríkisvaldinu, og því tjáir ekki að neita. Ráðið, sem hv. þm. Snæf. benti á, að láta ráðherra fara frá hvern eptir annan, ef þeir fengju breytingunni ekki framgengt, tel jeg óyndisúrræði, enda mundi þjóðin fljótt þreytast á slíkri pólitík gagnvart harðlegri neitun stjórnarinnar. Betra að hafa greitt málinu götuna áður, og það á sambandslaganefndin að gjöra. Það er hrein og bein *skylda* hennar.

Framsögumaður meiri hlutans Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það er að eins út af því, er síðasti hv. þm. sagði, að jeg tek til máls. Jeg skal geta þess, að hv. þm. hjelt fram í nefndinni sama skilningi, og kom fram í ræðu hans, og það var ekki meining mín, að gefa í skyn, að hann væri á sömu skoðun sem jeg um ríkisráðsákvæðið; aðrir nefndarmenn meiri hlutans munu vera samdóma í þessu efni. Að jeg fór nokkrum orðum það, kom af því, að hv. þm. N.-Ísf. gaf tilefni til, að þetta atriði bar á góma.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, bar forseti upp *tillögu til rökstuddrar dagskrár* frá framsögumanni meiri hlutans Guðlaugi Guðmundssyni, svo hljóðandi:

»Þar eð búast má við, að tillögur millilandanefndarinnar um sambandsmálið leiði til breytinga á stjórnarskránni, og þar sem þær breytingar mundu fara nokkuð eptir því fyrirkomulagi, sem yrði á sambandinu milli

landanna — en um það verður ekkert sagt að svo stöddu — þykir deildinni of snemmt að taka nokkra ályktun um hið fyrirliggjandi frumvarp, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Var hún samþykkt með 16 atkv. gegn 7.

III. Hækkun á aðflutningsgjaldi.

Á 27. fundi Ed., fimmtudaginn 15. ágúst, kom frumv. til laga (A 154) um hækkun á aðflutningsgjaldi — frá kirkjumálanefnd Ed. — til 1. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg skal ekki tefja þetta mál mikið, því að eiginlega hef jeg ekki neitt nýtt fram að færa með málinu, annað en það, sem tekið var fram hjer í deildinni við umræður um laun presta. Að frumv. þetta er fram komið, styðst við það, að nefndinni þótti rjett að benda þinginu á einhverjar tekjur, sem gætu komið í staðinn fyrir sóknartekjurnar og hugkvæmdist ekki annar vegur en þessi, að auka þann tollauka, sem nú hefur verið samþykktur, um 10%. En nefndin tekur það fram, að þótt hún komi fram með þessa hækkun, þá gildir það sama um hana og frumv. stjórnarinnar, að þetta sje að eins til bráðabirgða og á ekki að standa nema þangað til milliþinganefndin hefur starfað og skattamál landsins eru komin í betra horf.

Jeg skal benda á það, að tekjurnar af þessari 10% tollhækkun — miðað við tollreikninginn 1905, ef innheimtulaun yrðu ekki tekin — þá munu nema hjerum bil nákvæmlega þeirri upphæð, sem sóknartekjurnar eru áætlaðar eða um 67,000 kr. Það má sjálfsagt segja margt um frumv. þetta, bæði með því og móti, en ekki verður hægt að segja annað, en að það sje til bóta, þegar tekið er tillit til, að ætlazt er til, að sóknartekjunum verði ljett af. Jeg hef áður sýnt fram á, hve ranglátar sóknartekjurnar eru, og stendur það óhrakið. Hins vegur verður þessi tollhækkun engum manni tilfinnanleg, þótt pundið af kaffinu hækki um 1 eyri, en sykur pundið um ½ eyri og brennivínspotturinn um 4 aura. Þar sem nú er mikil og almenn óánægja út af sóknartekjunum, þá mun almenningur ekki telja þessa hækkun eptir, einkum þar sem þetta er gjört að eins í bráðina. Að sinni hef jeg ekki meira að segja um þetta mál.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg stend upp til þess að krefjast þess, að máli þessu sje vísað frá sem ólögmætu hjer á þingi. Jeg hef tekið það fram áður, að jeg skoðaði það sem þingsafglöpun að koma fram með frumv., og þótti háttv. framsm. það harður dómur, en jeg hafði þá orðið »þingsafglöpun« í fornri merkingu. Í fornu máli þýðir orðið ekki annað, en brot á rjettum þingsköpum, og það hefur verið og er skoðun mín, að frumv.. eins og það liggur fyrir, fari í bága við þingsköpin. Í því formi, sem frv. kemur fram nú, fer það fram á, að gjöra breytingu á lögum, sem í raun-inni eru ekki lengur í gildi, því að með staðfestingu tollaukalaganna frá þessu þingi, sem konungur staðfesti 31.

júlí þ. á., eru gömlu lögin frá 1905 úr gildi numin. Menn verða að muna eptir, að hin nýju tollaukalög eru eigi að eins framlenging á gildi eldri laganna heldur einnig breyting á þeim. Frumv. er því ólögmætt, að því leyti sem það kemur fram sem breyting á lögum, sem ekki eru framar til, en ekki sem breyting við þau lög, sem í gildi eru. Kirkjumálanefndin tók það fram í nefndaráliti sínu um prestalaunamálið, að hún ætlaði að koma fram með þetta sem breyt.till. við frv. um frmlengingu tollaukalaganna, og hefði ekkert verið við það að athuga, þar hefði að eins komið 40% í stað 30%. En þegar nú lögin um framlengingu laga frá 29. júlí 1905, hafa gengið í gegnum báðar deildir þingsins og eru staðfest, þá finnst mjer það vera á móti þingsköpunum, að koma með nokkra breyt.till. við þau lög. Þetta byggi jeg á 27. gr. þingskapanna. »Lagafrumv. er önnur hvor deildin hefur fellt, má eigi bera upp aptur á sama þingi.« Raunar hefur þingið ekki beinlínis fellt neitt frumv. um þetta, en með því, að það hefur samþykkt síðustu tollaukalögin, þar sem ákveðið er að tollaukinn skuli vera 30%, *þá hefur þingið óbeinlínis fellt allar aðrar tillögur um tollaukann.* Það getur t. d. ekki samrýmzt, að tollaukinn sje bæði 30% og þó 30% + 10%, og álít jeg því, að lögin frá þessu þingi útiloki beinlínis þá breytingu, sem hjer er farið fram á. Þótt því formi þessa frumv. væri breytt þannig, að það ætti ekki við lögin frá 1905, sem það getur ekki átt við, heldur við lögin frá 31. júlí þ. á., þá álít jeg það samt ólöglega fram komið. Loks vil jeg leyfa mjer að benda á 30. gr. þingskapanna. Þar stendur: »Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aptur í sömu deild á sama þingi«. Nú hefur 30% tollhækkun verið samþykkt af báðum deildum þingsins, en það er í raun rjettri sama sem að allar aðrar tillögur um tollhækkun hafi verið felldar.

Jeg held því fram, að frumv. þetta sje ólöglega borið hjer upp og krefst þess, að því verði vísað frá.

Forseti, Júlíus Havsteen, bar undir atkv., hvort taka skyldi till. h. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) um frávísun málsins til greina, og var það fellt með 7 atkv. gegn 5.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það var sjálfsagt yfirsjón, að taka ekki strax til greina væntanlegar mótbárur lögfræðingsins, hins 3. kgk. þm. (B. M. Ó.). En þegar nefndin kom með þetta frumv., þá voru engin tollhækkunarlög samþ. frá þinginu. Þau lög eru staðfest 31. júlí, og kom mjer og mörgum öðrum h. þm. ekki til hugar, að þeim yrði hraðað svo. Þess vegna eru það engin þingsafglöp hjá nefndinni, þó hún kæmi með þetta tollhækkunarfrumv. sem breytingu við hin gildandi lög, þar sem frumv. var þá ekki samþ. Annars er harla einkennilegt samþykki þingsins á þeim lögum. Lögin frá 1905 um tollhækkun gilda til 31. desember 1907, svo að nú gilda tvenn lög um þetta sama efni, þar sem lögin frá 31. júlí komu þá strax í gildi. *(Umboðsmaður ráðherra Kl. J.*: Yngri lög upphefja eldri lög). Það eru engin ákvæði um það í lögunum frá 31. júlí, svo að jeg sje ekki betur, en að eldri lögin gildi því enn.

Jeg er nú ekki eins lögfróður og háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.). En jeg tel engan vafa á því, að við 2. umr. megi koma fram með breyt.till. við frumv. í þá átt, að það sje breyting á lögunum frá 31. júlí þ. á. Það eru engin ákvæði neinstaðar til um það

hjá oss, hve gömul lög skuli vera til þess að þeim megi breyta. Hvergi í þingsköpum eða í stjórnarskránni er neitt, sem hindrar það, að lögum sje breytt, þótt ekki sjeu eldri, en þessi lög frá 31. júlí. Þingafglapastagl háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) var því allt út í bláinn. Eptir því, sem hann sagði, að 30% tollhækkuninni væri slegið fastri, þá má sama segja um öll tollög; það ætti eptir því aldre að mega breyta þeim. Það var því engin lögspeki, sem hann kom með, heldur lögvillur einar. Jeg tel því engan vafa á lögmæti þessa frumv., og mun jeg við 2. umr. koma fram með breyt.till. samkvæmt því, sem jeg nú hef tekið fram.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg ætla að lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkv. á móti þessu frumv. af þeim ástæðum, sem jeg tók fram við umr. um launamál presta.

Jeg álít ekki rjett, að afnema hin gömlu sóknargjöld, og fleygja svo öllu á landssjóð. Annars er engin ástæða til, að vera nú að tala um formhlið þessa máls, en þó vil jeg taka fram, að eptir frumv. á hækkunin, 10%, að gilda frá 1. janúar 1908, en lögin frá 29. júlí 1905, sem nefnd eru í frumv. eru þá gengin úr gildi. Í stað þeirra eru komin lögin frá 31. júlí 1907. En vitanlega má breyta þessu.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg ætla að eins að lýsa því yfir, eins og háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.), að jeg mun greiða atkv. á móti þessu frumv.

Ræða háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) gekk út á það, að gjöra gys að lögfræðisþekkingu minni, en jeg þykist vera að minnsta kosti eins lögfróður og hann. Sá eini lögfróði maður hjer í deildinni, sem láfið hefur upp skoðun sína á þessu máli, hefur þó tekið eins í það og jeg, og greitt atkv. með frávísunarkröfu minni, og er mjer engin óvirðing í því, þótt mjer kynni að skjátlast með honum. En það tek jeg fram, að háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) er ekki bærari að dæma um þetta en háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 5.

Á 32. fundi Ed., miðvikudaginn 21. ágúst, kom frumv. (A. 154, 292) til 2. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfj.k.): Samkvæmt umræðum, sem áður hafa farið fram hjer í deildinni um þetta mál, þá hefur nefndin leyft sjer að koma fram með breyt.till. í þá átt, að frumv. miði sig við lögin frá 31. júlí 1907, í stað þess, að miða sig við lögin nr. 6, 26. júlí 1905.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., þá gat nefndin ekki miðað frumv. við önnur lög en þau, sem þá voru gildandi. Nefndin ætlaðist til, að frumv. þetta yrði að eins breyt.till. við frv. það um tollhækkun, sem þá var á ferðinni, en því var hraðað svo mjög mikið, að þess varð ekki kostur. Og úr því svo fór, þá áleit hún heppilegast, að miða frumv. við hin nýstaðfestu lög.

Um efni frv. hefur verið svo mikið rætt, að jeg álít engu þar við að bæta, og mun því ekki halda lengri ræðu um það, nema að jeg verði til þess neyddur.

Steingrímur Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg vil að eins leyfa mjer, að endurtaka það, sem jeg sagði við 1. umr., að jeg mun greiða atkvæði á móti frv. Að öðru leyti skal jeg bæta því við, að jafnvel þó svo færi, að frumv. það um laun presta, sem nú er afgreitt til

neðri deildar, yrði að lögum, og laun presta kæmu þar af leiðandi til útborgunar úr landssjóði, þá mun jeg samt ekki breyta skoðun minni, að rangt sje, að samþykkja þetta frv. nú.

Mun jeg heldur vilja, að landssjóður borgi alla upphæðina án nokkurrar slíkrar uppbótar.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg get tekið undir með háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) með það, sem hann sagði. En bæti því enn fremur við, að jeg er hræddur um, að svo kunni að fara, að þó þetta frumv. verði samþykkt, þá muni það ekki gefa eins miklar auknar tekjur eins og nefndin ætlast til. Því að það má spenna bogann svo hátt með tollhækkunina, að það hafi ekki auknar tekjur í för með sjer, heldur lækkaðar tekjur. En þetta frv. er svo ólöglega til orðið, og stendur í svo undarlegu sambandi við prestalaunafrumv., að jeg sje ekki, hvernig nokkur getur með góðri samvizku gefið því atkvæði sitt.

Jeg sje, að háttv. framsögum. (Sig. St.) hlær. Jeg skil, að það muni vera í sambandi við það, að hann og háttv. sessunautur minn (Sig. J.) gjörðu gys að rjettlætistilfinningu minni í öðru máli. En jeg hef mína sannfæringu fyrir mig, og mun reyna að greiða atkvæði eptir minni beztu samvizku um þetta mál sem önnur.

Annars þykir mjer það undarlegt, að leggja þannig rjettlætistilfinningu manna á metaskálar hjer á þinginu. Finnst mjer það minna dálítið á söguna um Farísean og tollheimtumanninn; en getur verið, að jeg fari rjettlátari heim í mitt hús, heldur en þeir háttv. »skriptlærðu« þingmenn, sem gjört hafa gys að rjettlætistilfinningu minni.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg þarf ekki miklu við að bæta, því hjer hafa engin andmæli komið fram móti frumv., sem ei höfðu áður komið. Jeg er þakklátur háttv. 6. kgk. þm. (Stgr. J.) fyrir þá yfirlýsingu, að hann segist geta greitt atkv. með prestalaunafrumv., þó ekki hefði verið bent á þessa leið til að auka að sama skapi tekjur landssjóðs í bráðina. En það, sem nýtt hefur komið fram í þessu máli, kom frá háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.), þegar hann sagði, að frv. þetta gæti orðið til þess að lækka tekjur landssjóðs. Jeg held, að nefndinni hafi ekki dottið slík mótbára í hug. Og þar sem menn þekkja brúkun á tollvörum þeim, sem hjer ræðir um og vita, að sumar þeirra mega kallast nauðsynjavörur, þá held jeg að afarlítil ástæða sje til þess að halda að menn hættu að kaupa þær. Hækkunin er á kaffipundinu 1 eyrir, sykurpundinu ½ eyrir, tóbakspundinu 5 aurar og áfengispottinum 4—8 aura; er því engin ástæða til að ætla að menn minnki kaup á þessum vörum vegna þessarar litlu tollhækkunar. En hitt er annað mál, að nefndin hefði gjarnan viljað vera laus við að þurfa að koma fram með þetta frumv. En hún áleit, að hún yrði að benda á einhverja leið, til að bæta landssjóði upp þau auknu útgjöld, er á hann koma af prestalauna frumv. Og í svipinn sá hún ekkert betra ráð; enn þess ber að gæta, að þetta er að eins bráðabirgðaráð, sem við vonum, að ei þurfi lengi að nota, þar sem það nú liggur í loptinu, að skattamálum landsins verði breytt. Jeg verð að halda því fram, af reynslu þeirri, sem menn hafa frá síðustu tollhækkun, að þessi litla hækkun, muni engin áhrif hafa á verð þessara vara. En hvað því viðvíkur, að háttv. 3. kgk

þm. (B. M. Ó.) var enn að klifa á því, að frumv. væri ólöglega til orðið, þá hjelt jeg að sú mótbára hefði verið kveðin svo rækilega niður við síðustu umræðu, að jeg bjóst ekki við að hún mundi ganga svo fljótt aptur. Viðvíkjandi síðari hluta ræðu hans skal jeg geta þess, að jeg efast ekkert um, að háttv. þm. sje eins heiðvirður og samvizkusamur maður, eins og hann sjálfur og aðrir álíta hann vera.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg vil að eins leyfa mjer að mótmæla því, að jeg hafi hæðzt að rjettlætistilfinning háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.). En þegar hann var aptur og aptur að sfaglast á því, að sóknartekjurnar væru rjettlát gjöld, eins og þær nú eru, þá sagðist jeg ekki vita, hvort hann hefði sett sig inn í það mál, og væri fær um að dæma um það, og heldur ekki sagðist jeg vita, hve næm rjettlætistilfinning hans væri. Gjörði jeg það alls ekki í því skyni, að hæðast að rjettlætistilfinningu hans. En jeg get bætt því við, að jeg þykist hafa orðið þess var, að það eru fleiri en hann, sem lítur út fyrir að ekki hafi sem næmasta rjettlætistilfinningu, ef dæma skal eptir framkomu þeirra í þessum málum um launakjör presta.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (292) samþ. með 7 samhjóða atkv.

Meginmál frumv. samþ. með 7 atkv. gegn 6.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 6.

Á 36. fundi Ed., mánudaginn 26. ágúst, kom frumv. (A 353) til 3. umr.

Ráðherrann: Jeg hef því miður ekki verið við hjer í deildinni, þegar frumv. þetta hefur verið til umræðu, og veit því ekki, hvað um það hefur verið rætt, hvað því hefur verið fært til ágætis, eða hvað því hefur verið fundið til foráttu, en frá mínu sjónarmiði er frumv. þetta mjög athugavert. Í fyrsta lagi fæ jeg ekki fullkomlega sjeð, við hvað er átt með frumv., hvort að átt er við, að tollurinn hækki um 10% af tollinum, sem á var fyrir tollhækkunina 1905, eða hvort hjer er átt við að tollurinn, sem nú er samkvæmt lögum frá 31. júlí 1907, skuli hækka um 10%. Það sjest með öðrum orðum ekki, hvort þessi hækkun er 10% af 100 eða af 130, og sje jeg þess vegna ekki, að auðið sje að samþ. þetta frumv. þannig orðað. Í öðru lagi er það mjög viðsjárvert og óheppilegt, að samþ. á þessu þingi önnur lög um tollhækkun, rjett eptir að hin fyrri eru gengin í gildi. Í þriðja lagi yrði tollur á tóbaki og fleiru með þessu móti svo afarhár, að það líktist fremur banntolli en öðru, og tel jeg mjög vafasamt, að það yrði til þess að hækka tekjur landsjóðs, eins og flutnm. ætlast til; það gæti eins vel farið svo, að það yrði til þess að svipta landssjóð tekjum, því að allt verður að hafa sín takmörk, eins tollhækkun sem annað. Jeg álít því ekki rjett að samþ. þetta frv.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Mjer þykir leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa getað verið við fyrri umr. þessa máls, því að þá mundi honum líka ljóst, á hvern hátt frv. þetta er fram komið. En eptir ræðu hans að dæma leit ekki út fyrir, að honum væri ljóst, að frv. þetta stendur í nánu sambandi við þær breytingar, sem gjörðar hafa verið á frumv. um laun sóknarpresta. Þegar nefndin í því máli lagði til, að sóknartekjurnar væru afnumdar, áleit hún það skyldu sína

að benda á eitthvað, sem gæti komið í þeirra stað.

Þá þótti hæstv. ráðh. undarlegt, að frv. þetta skyldi koma svo seint. Eins og jeg hef áður getið um hjer í deildinni, var það fyrst meining nefndarinnar að koma með brtill. við framlengingu tollaukalaganna, en því máli var flýtt svo gegnum þingið, að nefndin fjekk ekki svigrúm til þess að koma með brt. og hafði því ei önnur ráð, en koma með þetta frv. Ekki sje jeg, að nokkuð sje athugavert við það, að breyta tollaukalögunum frá 31. júlí í sumar. Það stendur hvergi í lögum vorum, hvað lög þurfi að vera gömul til þess að hægt sje að breyta þeim.

Þá kom hæstv. ráðh. fram með mótbáru gegn frv. þessu, sem áður hefur ekki verið hreyft hjer í deildinni af mótmælendum þess, að frv. væri svo óljóst orðað. Þetta hefur nefndin ekki athugað; eins og skýrt hefur komið fram við umr. málsins á hún við, að hækkunin sje 10% af hinum upprunalega tolli. Hægt væri sjálfsagt að gjöra þetta enn ljósara.

Þá gat hæstv. ráðh. um, að þetta mundi verða til þess að svipta landssjóð tekjum, því að tollurinn mundi verða svo gífurlegur, að það fældi menn frá kaupum á þessum vörum. Þetta get jeg ekki fallizt á. Því hefur áður verið hreyft hjer í deildinni, að þessi tollhækkun mundi nema 5 aurum á hvert tóbakspund, 1 eyri á kaffipundið, ½ eyri á sykurpundið og 4—8 aurum á áfengispottinn, og fæ jeg ekki sjeð, að slíkt mundi hafa nokkur áhrif á kaup þessara vara; vjer tóbaksmennirnir mundum alls ekki brúka minna tóbak þeirra hluta vegna, og þó gætir nú hækkunarinnar einmitt mest á tóbakinu.

Hitt skal jeg játa, eins og jeg hef tekið fram við fyrri umr. málsins, að nefndin hafi gjarnan viljað geta sleppt að koma fram með þetta frumv. um tollhækkun, en hún sá ekki annað ráð. Þetta er að eins bráðbirgðaákvæði, þar til skattamál landsins komast í betra horf, en nefndin mundi hæstv. ráðh. mjög þakklát, ef afdrif þessa máls hefðu ekki áhrif á atkv. hans og afskipti af prestalaunamálinu, og hann gæti ljeð því sitt góða fylgi og atkv., þótt þessi tollhækkun yrði felld. Eptir þeirri stefnu, sem þing og stjórn virðist nú hafa tekið í fjármálum landsins, ætti heldur ekki sá tekjuhalli, sem leiðir af afnámi sóknartekjuanna, að vaxa mönnum svo mjög í augum, þótt ekkert kæmi beinlínis í þeirra stað, því að á þessum tímum finnst mjer ekki svo mikið horft í að leggja út aðrar eins og stærri upphæðir; en jeg skal játa, að mjer og nefndinni í kirkjumálunum óx hann svo í augum, að hún taldi sjálfsagt að reyna að bæta landssjóði hann upp á þennan hátt, og þess vegna bar hún frv. þetta fram.

Að svo stöddu skal jeg ekki fjölyrða meira um þetta.

Ráðherrann: Á ræðu háttv. þingm. Ísfj.k, (S. St.) skil jeg, að meiningin með þessari 10% tollhækkun muni vera sú, að tollurinn, eins og hann var áður en tollaukinn bættist við 1905, eigi að hækka um 10%, auk þeirrar tollhækkunar, sem ákveðin er með lögunum frá 31. júlí í sumar, en eptir orðalagi frumvarpsins, þá hygg jeg, að dómstólarnir mundu verða að dæma svo, að með þessari hækkun væri meint, að sá tollur, er nú hvílir á hinni tollskyldu vöru, eptir lögunum frá 31. júlí þ. á., skuli hækka um 10%.

Ef menn vilja því láta frumv. þetta

halda áfram, þá álít jeg nauðsynlegt, að orðalaginu sje breytt.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg held ekki, að vel megi skilja þetta öðru vísi, en hjer sje átt við 10% hækkun af tollinum 1901, því að það stendur — auk þeirrar hækkunar o. s. frv. — skal gjald *þetta* hækka um 10%, eða með öðrum orðum, að þessi 30% hækkun, sem ákveðin er með lögunum frá 31. júlí þ. á., skuti færð upp í 40%.

Auðvitað má breyta orðalaginu, ef þurfa þykir, en þá þarf annaðhvort að taka málið út af dagskrá, eða þá geyma breytinguna og sjá um, að hún verði gjörð í neðri deild.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg ætlaði einmitt að koma fram með þessa mótbáru gegn frumv. þessu nú við 3. umr., og hef jeg ekki kært mig um að koma með hana fyr, því að jeg er málinu ekki hlynntur.

Jeg skil orðalag þessa frumv. eins og hæstv. ráðherra, að hjer sje átt við 10% hækkun af hinum aukna tolli, sem ákveðinn er með lögum frá 31. júlí þ. á.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 7 atkv. gegn 5, og afgreitt til forseta neðri deildar.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst, kom frv. (A. 420) til 1. umr.

Þingmaður V.-Sk. (Guðl. Guðm.) stakk upp á því, að vísa málinu til prestakallanefndarinnar, að lokinni umræðu.

Frumv. var vísað til 2. umr. með 13 atkv. gegn 4, og samþykkt með 11 atkv., að vísa frumv. til prestakallanefndarinnar.

III. Þingsályktunartillögur.

A. Samþykktar.

I. Tillögur í landsreikningamálinu.

Á 29. fundi Nd., þriðjudaginn 20. ágúst, komu tillögur nefndarinnar í reikningslagamálinu um athugasemdir yfirskoðunarmanna (A 218) til fyrri umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Fyrsti liðurinn í þessum tillögum lýtur að því, að ávísanir á verzlunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar gildar sem borgun upp í tekjur til landssjóðs, að þær sjeu borgaðar við sýningu. Áður fyrri var það altítt, að manntalstekjur og umboðstekjur voru greiddar með ávísunum með allt að þriggja mánaða innlausnarfresti. En á síðari árum hefur þetta færzt í það horf, að gjöra frestinn styttri, og einu sinni hefur komið fram tillaga um að afnema innlausnarfrest ávísana, en sú till. var felld á þinginu 1887. Nú er aptur farið fram á, að ákveða fasta reglu í þessu efni, sem sje þá, að ávísanir borgist jafnan við sýningu, og miðar hún einkanlega til þess, að tekjur landssjóðs komi inn sem fyrst og minni verði tekjueptirstöðvar í landsreikningnum.

Annar liðurinn í tillögum nefndarinnar gengur út á það, að landsstjórnin gangist fyrir því, að gæta þess svo sem unnt er, að landssjóður eða Fiskiveiðasjóður Íslands verði ekki fyrir skakkaföllum af lánum, sem veitt eru gegn veði í skipum eða veiðarfærum. Tilefni til þessarar breyt.till. er það, að á fjárhagstímabilinu 1904—1905 hefur landssjóður orðið fyrir töluverðu tjóni af slíkum lánum, alls að upphæð 3,169 kr. 68 a. Það kann raunar að virðast erfitt fyrir stjórnina, að gæta þess sem með þarf í þessu skyni, en landsreikninganefndin hefur álitið, að hjer kæmi sjerstaklega þrennt til greina. Í fyrsta lagi, að lán gegn veði í skipum sje ekki veitt nema til fárra ára í einu, enda mun það hafa verið regla. Annað það, að þess sje ávallt gætt, að ganga eptir, að vextir og afborganir sje greitt í tæka tíð. Þess hefur eigi verið gætt til hlítar undanfarið. Annað af þeim þilskipalánum, er landssjóður hefur heðið halla af, var veitt árið 1898, að upphæð 4,000 kr. Þegar til endurgreiðslu kom, 5 árum síðar 1903, var upphæðin orðin 4,171 kr. 99 aur. eða hátt á annað hundrað hærri en hið upphaflega lán, í staðinn fyrir að búast hefði mátt við, að töluvert skarð hefði verið höggvið í skuldina á tjeðum 5 árum. Viðvíkjandi þessum lánum er þess að gæta, að það er ekki aðallega undir því komið, hvað skipin hafa verið virt hátt upphaflega; hins ber engu síður að gæta, hvernig meðferð skipið hefur. Ef skipin lenda í óhirðu, þá getur verðmæti þeirra minnkað mjög mikið á skömmum tíma. Það er áríðandi, að aðgæta þetta í hvert skipti sem eigandaskipti verða að skipi, og má jafnvel segja, að ógjörlegt sje að lána út á slík veð, nema að sjálfskuldarábyrgð sje jafnframt.

3. tillaga nefndarinnar fer fram á, að embættismönnum og sýslunarmönn-

um, sem laun taka úr landssjóði, skuli eigi greiddir fæðispeningar á ferðalögum í þarfir landsins, nema sjerstök lagaheimild sje fyrir því. Þessi till. er að eins til þess, að sporna við glundroða og ágreiningi eptir á út af því, hvort rjett sje að greiða slíka fæðispeninga í hverju einstöku tilfelli eða ekki; því það getur verið vafa bundið, hvort greiða skuli fæðispeninga, þegar að eins er tiltekið, að ferðakostnaður skuli greiddur.

Afleiðingin af því að samþ. þessa till. yrði ekki önnur en sú, að þar sem ætlazt er til, að fæðispeningar skuli greiddir, þá verði það sjerstaklega tekið fram, t. d. í fjárlögunum, ef það er ekki ákveðið í sjerstökum lögum. Og jeg álít, að það sje miklu betra, að hafa hjer að vísu að ganga, ekki að eins fyrir fjárveitingarvaldið, heldur einnig fyrir landsstjórnina.

4. till. nefndarinnar gengur út á það, að landsstjórnin fari ekki út fyrir heimildina í 3. gr. fjárlaganna, að því er snertir styrkveitingar til húsabóta á þjóðjörðum.

Um þetta atriði hefur hingað til verið fylgt tveim reglum, annari sem er sett er með ráðgjafabrjefi 25. maí 1880 og snertir aðallega jarðabætur, en hefur verið heimfærð upp á húsabyggingar, og er þar ákveðið, að styrkur sje veittur með því skilyrði, að afgjald jarðarinnar hækki svo sem svarar 4% af styrksupphæðinni. Hin reglan, sem sett er í athugas. við 3. gr. fjárlaganna, kveður svo á, að veittur sje styrkur til húsabóta án afgjaldshækkunar á jörðinni, gegn því að hlutaðeigandi leggi sjálfur fram 1/3 af kostnaðinum. Það geta auðvitað verið skiptar skoðanir um, hver reglan sje betri. En að sumu leyti virðist óhenntugt, að tvær mismunandi reglur gildi um sama efni, og að það sje eingöngu komið undir geðþekkni landstjórnarinnar, hvorri reglunni er fylgt, og getur það valdið talsverðu misrjetti. Þetta misrjetti er einkum hætt við að komi fram, ef jörðin er seld skömmu eptir að ábúandi hefur fengið húsabótastyrk, því engin full trygging er fyrir því, að jörðin verði metin þeim mun meira, sem svarar styrksupphæðinni á þeim jörðum, þar sem afgjald hefur ekki verið hækkað.

Jafnvel þó það geti verið álitamál, hvort ákvæðið í 3. gr. fjárlaganna sje betra en eldri reglan, þegar á allt er litið, hefur nefndin þó lagt það til, að eptir því sje farið, aðallega af þeirri ástæðu, að það er yngra og því meiri líkur til, að það fari nær tilætlun fjárveitingarvaldsins.

Ráðherrann: Jeg hef ekki mikið að athuga við þessar till. En við 3. till. um, að embættis- og sýslunarmönnum, sem taka laun úr landssjóði, sjeu eigi greiddir fæðispeningar á ferðalögum í landsins þarfir o. s. frv., þætti mjer þó vænt um, að fá nánari útskýringar.

Það var að minni hyggju óheppilegt í aukatekjulögunum frá 1894, að dagpeningarnir voru lagðir niður, og lögin síðan skýrð svo, að þar með væri fyrirmunað, að embættismennirnir fengju borgaðan fæðiskostnað sinn í embættisferðum fyrir hið opinbera. Mjer liggur alltaf við að halda, að það hafi orðið einhvern veginn í misgáningi, og að það ætti að ráða bót á því. Það er ekki hinu opinbera í hag, að gjöra starfsmönnum þess óhægra fyrir að uppfylla embættisskyldu sína með því að þröngva kosti þeirra. Jeg álít, að heppilegri væri sú aðferðin, til þess, að embættunum yrði vel gegnt að ljetta fyrir um fullnæging embættisskyldanna, meðal annars með því, að borga hæfilega upphæð til þess kostnaðar, sem

hver maður, sem ferðast í þarfir hins opinbera, þarf að hafa til viðurværis á ferðinni. Sú ástæða, sem sagt er að liggi til grundvallar fyrir afnámi dagpeninganna, að menn þurfi jafnt að borða, hvort sem þeir eru heima eða heiman, er þannig löguð, að jeg get varla skilið, að henni verði haldið til streitu í alvöru. Allir vita, að þeir, sem heimili hafa, þurfa jafnt til þeirra að leggja, þótt þeir verði að bregða sjer í burtu dag og dag, svo að þeir verða ekki varir við neinn sparnað af því. Fæðispeningarnir á ferðinni verða því hreint og beint aukagjald, sem þeir hefðu ekki þurft að greiða, ef þeir hefðu setið heima.

Nú langar mig til að vita, við hvað er átt með orðinu: fæðispeningar í tillögunni, sem jeg áðan nefndi. Hvort er þar átt við fastákveðnar upphæðir (Diæter), eða er meiningin, að taka fyrir endurborgun á öllu, nema beinum kostnaði við fylgd, hesta, skip o. s. frv. Er það meiningin, að það skuli vera bannað, að setja inn á ferðakostnaðarreikninga borgun fyrir næturgistingu, fæðispeninga á skipum, sem eru tilfinnanlega miklir, 4 kr. á dag, hvort sem menn snerta matinn eða ekki (*Lárus H. Bjarnason*: Menn eru ekki skyldugir til þess á strandferðum). Það munu þó flestir gjöra, enda mun það framvegis verða sett sem regla á 1. farrými, einnig á strandferðum. Um þetta hefði mjer þótt vænt um að fá svar frá háttv. framsögumanni, og eins um hitt, hvort það er meiningin með orðunum: »nema sjerstök lagaheimild sje fyrir«, að venjuleg dagpeningagreiðsla til æðri embættismanna, t. d. biskups og landlæknis, skuli niður falla.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Jeg skal að eins geta þess, að eptir því, sem mjer skildist á hæstv. ráðherra, þá hefur hann lagt annan skilning í 3. tillögu, en tilætlun nefndarinnar var. Nefndin hefur ekki gjört neina tillögu um það, hvort fæðispeningar skuli endurborgast, heldur látið það liggja milli hluta. Hún hefur að eins viljað hafa lagaheimild fyrir þeim, ef þær ættu að greiðast, til þess að fyrirbyggja glundroða í því efni. Og jeg get bætt því við, að með orðinu »lagaheimild« á nefndin ekki einungis við bein lagaákvæði, heldur og við gamlar og fastar rjettarvenjur. En svo framarlega sem til þess er ætlast, þegar um ný embætti eða sýslanir er að ræða, að fæðispeningar sjeu greiddir á ferðalögum í landsins þarfir, þá ætti það að vera skýrt tekið fram, annaðhvort með almennum lögum, eða þá í fjárlögunum.

Hitt atriðið, hvort rjett sje, að þeir embættismenn eða sýslunarmenn, sem hafa haft dagpeninga á slíkum ferðalögum, sjeu sviptir þeim, hefur nefndin ekki látið uppi álit sitt um, og jeg finn heldur ekki ástæðu til þess að gjöra það hjer.

Ráðherrann: Enn er ósvarað þeirri spurningu, er jeg beindi til hinnar háttv. nefndar. Meinar hún með »fæðispeningar« fastákveðna dagpeninga, eða má heimfæra undir ferðakostnað útgjöld eins og borgun fyrir gistingu, mat eða hressingu, til viðurværis á ferðinni? Jeg veit til þess, að slíkt hefur stundum verið látið fljóta með á reikningum, þótt optar hafi hinu verið haldið fram af úrskurðarvaldinu, að slíkt heyrði undir »dagpeninga«, sem ekki mætti greiða.

Ef nefndin á við fastákveðna dagpeninga, þá væri rjettara að breyta orðalagi tillögunnar samkvæmt því, og hafa heldur það orð.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Viðvíkjandi þessu, hvað

nefndin hafi skilið við fæðispeninga, skal jeg svara því, að nefndin hefur aðallega haft fyrir augum dagpeninga, sem venjulega eru reiknaðir 6 kr. á dag, án sundurliðunar, en þar á móti hefur hún ekki ætlazt til, að þar með væru talin sundurliðuð smáútgjöld, er yrðu að koma til álita í hverju einstöku tilfelli, um leið og ferðakostnaðarreikningar væru endurskoðaðir og úrskurðaðir.

Fleiri tóku ekki til máls.

ATKV.GR: Var svo gengið til atkv. um till. og var

1. liður sþ. með 18 atkv.
2. — — — 20 —
3. — — — 15 —
4. — — — 19 —

Málinu vísað til síðari umr. með 18 atkv.

Á 31. fundi Nd., fimmtudaginn 22. ágúst, komu till. (A 218) til síðari umr.

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Um tillögur nefndarinnar er ekkert að segja, en jeg vil leyfa mjer að minnast á atriði, sem stendur í sambandi við endurskoðun landsreikninganna, þótt eldri sje. Menn muna vist, að talsverð rekistefna varð út af gjaldinu fyrir rjett til að flytja opinberar auglýsingar, sem í landsreikningunum fyrir árin 1902 og 1903 var talið helmingi minna, en það átti að vera í raun og veru, talið 400 kr. í stað 800 kr. Og það var fundið að því, að þingið hefði látið það við gangast, að gjald þetta hefði ófyrirsynju og í heimildarleysi verið fært niður af þáverandi ráðgjafa fyrir Ísland. Jeg skal geta þess, að það væri fjarstæða að ætlast til, að hver einstakur þm. setji sig inn í hvern einstakan lið landsreikninganna með öllum þeim skilríkjum, sem þar til heyra, en það er ekki einu sinni hægt að ætlast til, að reikningslaganefndin gjöri það. Slíkt starf er svo umfangsmikið, að væri það heimtað, gætu nefndarmenn naumast sinnt öðrum þingstörfum, svo sem vera ber, enda er svo ákveðið í stjórnarskránni, að þingið kjósi yfirskoðunarmenn, sem gæti þess, að allar tekjur landssjóðs sjeu taldar. En auðvitað getur það komið fyrir, að yfirskoðunarmönnum sjáist yfir eins og öðrum mönnum. En hjer víkur svo við, að öðrum yfirskoðunarmanni hlaut að vera fullkunnugt um þetta, og hefði því átt að geta þess, ef hann hefði metið skyldu sína meir en nokkur hundruð krónur. Jeg tel mjög illa farið, að þetta skuli hafa komið fyrir, því að þingið á heimting á, að allir, sem líkt starf taka að sjer, láti ekkert á skorta til að leysa það starf samvizkusamlega af hendi. Það hefur mjög skaðlegar afleiðingar, að vekja grun um, að í þessu efni sje ekki allt með felldu. Jeg vildi að eins taka þetta fram til athugunar framvegis, að yfirskoðunarmenn láti ekki undir höfuð leggjast, að athuga landsreikningana eins vel og tök eru á.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg veit ekki, hvort ástæða er til fyrir mig að svara árás hv. framsm. (Ó. Br.) á mig. Þar sem hann fór að vekja upp gamlan draug, sem hv. þm. skauzt svo all leiðinlega yfir að athuga á síðasta þingi. En það er viðvíkjandi niðurfærslunni á gjaldi fyrir opinberar auglýsingar. En svo er háttað því máli, að jeg get mjög vel gjört grein fyrir því, en það yrði of langt mál hjer í deildinni, enda hef jeg gjört það rækilega í blaði mínu, svo að hv. framsm. getur sannfært sig um það, að þessi eptirgjöf var fyllilega rjettmæt, og að jeg átti fulla heimtingu á henni, og að þingið hefði ekki getað því að neinu leyti haggað. Mjer þykir það

annars nokkuð undarlegt og óviðurkvæmilegt af hv. framsm., að hreyta þessum ónotum til mín nú, fara að gefa mjer ákúrur eptir dúk og disk fyrir vanrækslu á endurskoðunarstarfi minu, enda þótt hann sje ef til vill gramur yfir, að honum hefur sjezt yfir þetta stórmál(!) í reikningslaganefndinni á síðasta þingi. Jeg vísa ummælum hv. framsm. á bug, og þykist alls ekki eiga þau skilið fyrir starf mitt. Jeg þori óhræddur að skjóta því undir dóm allra skynbærra og óvilhallra manna, og þar á meðal einnig undir sjálfan framsm., ef hann er samvizkusamur maður, sem jeg efast ekki um, að endurskoðun landsreikninganna í minni tíð stendur fullkomlega á sporði fyrri ára endurskoðun, og sje engu síður af hendi leyst. En góðvilji eða miður góður hugur einstakra manna í landsreikninganefndinni gagnvart endurskoðendum getur stundum skekkt málið fyrir deildinni, sem er öldungis ókunnug öllum landsreikningum, og hefur engin tök á að sannfærast um, hvernig endurskoðunin er af hendi leyst. Það er skylda þingsins, að gjöra sjer grein fyrir, hvernig endurskoðunin fer fram, og þess vegna stakk jeg upp á því 1903, að landsreikningarnir yrðu sendir út um land á sama hátt og stjórnartíðindin til þess að þeir yrðu kunnari landsmönnum. En það hefur ekki verið gjört. Jeg er alls ekkert smeikur við samanburð á endurskoðun minni við endurskoðun þeirra manna, er næstir voru á undan mjer, og ef hv. framsm. vill segja deildinni satt, þá mun hann ekki geta vottað annað, vilji hann heita óvilhallur og sanngjarn maður. Þess vegna kom mjer þetta flasfengislega frumhlaup hans öldungis óvart. Jeg átti ekki von á þessari rúsínu í pylsuendanum hjá hv. framsm., sem sagður er gætinn maður og gegn.

Það er auðvitað rjett hjá hv. framsm., að mjer var vel kunnugt um þessa niðurfærslu, og jeg gat þess þá við samverkamann minn, hvort ekki mundi rjettara formsins vegna að spyrja stjórnina um þetta, eins og maður vissi ekki um ástæðurnar, svo að það gæti sjezt í landsreikninga-athugasemdunum, en hann taldi það alveg óþarft, úr því að okkur báðum væri svo vel kunnugt um, hvernig í þessu lægi, og að ekkert væri við þessa eptirgjöf að athuga. En ei að síður getur vel verið, að það hefði verið formlegra að minnast á þetta í reikningnum, svo að landsreikningslaganefndin hefði rekið augun í það, því að hún virðist hvort sem er ekki gjöra annað en að lesa athugasemdir endurskoðenda, svör ráðherra og tillögurnar.

Úr því jeg stóð upp, vildi jeg minnast á annað atriði. Aðferð reikningslaganefndarinnar er ekki samkvæm nú og í fyrra. Í fyrra fjellst nefndin á tillögur okkar, að heimta aukafjárveitingar fyrir öllum upphæðum, jafnt áætlunarupphæðum sem öðrum. Jeg get þess út af ræðu háttv. framsögumanns við fyrri umr., þar sem hann sagði, að yfirskoðunarmenn ættu að ákveða, hvað væru áætlunarupphæðir og hvað ekki, jeg álít alls ekki, að yfirskoðunarmenn eigi að taka þessa ábyrgð á sig. Þingið á að gjöra það, þegar nokkur vafi getur á því leikið. Í fjárlögum á að ákveða hvað sje fastákveðin fjárveiting og hvað áætlunarupphæð. Jeg fyrir mitt leyti tel þá reglu eina rjetta, að aukafjárveitingar sje jafnan krafizt, hvort sem um stórar eða smáar upphæðir er að ræða, og hvort sem fjárveitingin er talin föst eða áætlunarupphæð. Hitt er viðsjárverð regla,

og gæti leitt út á hálan ís, að gefa stjórninni frjálsar hendur í umframgreiðslum á áætlunarupphæðum. Það *gæti* orðið allmjög misbrúkað og fjárráð alþingis skert með því. En að því stefna tillögur landsreikninganefndarinnar *nú*, en gagnstætt því, sem var á síðasta þingi. Á þetta virtist mjer nauðsyn að benda háttv. deild.

Framsögumaður Ólafur Briem, (1. þm. Skagf.): Jeg mótmæli því, að það sje varúðarverð stefna fyrir landssjóðinn, eins og háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) gaf í skyn í ræðu sinni, þó þeirri reglu sje fylgt, að ekki sje krafizt aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslu á áætlunarupphæðum lögmæltra gjalda, heldur sjeu að eins teknar í fjáraukalög þær upphæðir, sem greiddar eru fram yfir fastákveðnar fjárveitingar. Þessi regla, sem landsreikninganefndin vill slá fastri, er bæði rjett í sjálfu sjer, og þar að auki skýr og full tryggileg.

Út af hinu vantalda gjaldi fyrir einkarjett, til að flytja stjórnarvaldaauglýsingar, vil jeg ekki fara að yrðast við háttv. þm. Árn. (H. Þ.). Það er komið, sem komið er, og tilgangslaust að sakast um orðinn hlut, nema í því skyni, að hlutaðeigendur gjaldi varhuga við, að líkt komi optar fyrir, og þeim tilgangi ætti að vera náð með því, sem þegar er tekið fram í málinu.

ATKV.GR.:

Tillögurnar samþykktar í einu hlj., og afgreiddar til forseta Ed.

Á 40. fundi Ed., föstudaginn 30. ágúst, komu tillögurnar til einnar umr. samkvæmt 28. gr. þingskapanna.

Valtýr Guðmundsson, (2. þm. G.-K.): Það er óþarfi að fara mörgum orðum um viðaukatillögur þessar, sem jeg hef leyft mjer að koma með, því að aðalástæðurnar fyrir þeim hef jeg tekið fram í umræðunum um samþykkt á landsreikningunum.

Þótt þessi deild felldi þar burtu nafnbótaskattinn, sem h. Nd. áleit að ætti að teljast með tekjum landsins, þá má skoða það svo, að hún vilji ekki láta stjórnina bera reikningslega ábyrgð á því, þótt hann hafi ekki verið heimtur inn enn, en að hún þó vilji, að úrskurðar dómstólanna sje leitað um málið. Mjer virðist það harla ólíklegt, að h. deild vilji gjöra sig dómara í þessu máli, og enn ólíklegra þó, að hún vilji dæma í því stjórninni í vil, þvert ofan í það, sem virðist liggja svo ljóst fyrir í íslenzkum lögum, og þrátt fyrir það, þótt stjórnin hafi hjer brugðið út af fleiri alda venju. Jeg sje ekki, hvernig þeir fara að forsvara það gagnvart landsmönnum.

Jeg vona því, þangað til jeg sje hið gagnstæða, að h. deild vilji að minnsta kosti láta dómstólana skera úr málinu.

Um tillöguna um mótorvagninn er það að segja, að það er að eins farið fram á, að tilraun sje gjörð, til að fá endurborgaðar þær 2,000 kr., sem til hans voru lagðar úr landssjóði. Að minnsta kosti væri æskilegt, að stjórnin fengi nákvæma skýrslu um, hvað hann hafi kostað í innkanpi; sjái stjórnin þá, að eitthvað sje bogið við málið, þá ætti hún að fara í mál, og heimta landssjóðsfjeð endurborgað; en ef allt er hreint í málinu, þá getur hún látið það falla niður.

Það er dálítið óviðkunnanlegt af þinginu, að láta þetta viðgangast orðalaust, þar sem allir vita, að hjer var rangt að farið.

Um nafnbótaskattinn er það að segja, að það er nokkuð hart, ef

hafðar eru tekjur af landssjóði, og lítt stendur þingið á verði, ef það lætur það viðgangast, að ráðherra þeim, sem við stýrið situr í þann og þann svipinn, haldist það uppi, að ívilna gæðingum sínum og vildarmönnum, á landssjóðs kostnað.

Jeg hef heyrt það austan yfir fjall, að farið sje að kalla ráðherra mel í landssjóðnum, og það má búast við að almenningi þyki það fullþungar búsifjar, að hann eyði og spenni fje því sem í landssjóð kemur, en þá fyrst fer þó skörin upp í bekkinn, ef hann einnig fer að hafa lögmæltar tekjur af landssjóði, og notar til þess atkvæðaafl fylgifiska sinna, þvert ofan í það sem heilbrigð skynsemi og lagafyrirmæli segja. Jeg mun annars við umræðurnar um fjárlögin færa fyllri rök fyrir óhófseyðslu ráðherra, en hjer er kostur.

Hún virðist ekki svo þýðingarmikil breyt.till. hæstv. ráðherra, um að í stað »dagpeningar« komi: »fæðispeningar«; þó er orðið dagpeningar víðtækara. Þegar þingmönnum er borgaðar 6 kr. í dagpeninga, þá eru það ekki einungis fæðispeningar, heldur og fyrir húsnæði, þjónustu o. s. frv. Það getur því vel verið, að ef breyt.till. er samþykkt, þá áliti stjórnin sjer heimilt að borga þeim mönnum, sem hjer ræðir um, fæðispeninga, en meining háttv. Nd. mun hafa verið sú, að hlutaðeigandi menn ættu að lifa á launum sínum, eins þó þeir væru á ferðalagi, og því er jeg samþykkur. Jeg verð því að vera breyt.till mótfallinn.

Ráðherrann: Jeg get ekki betur skilið en að þegar sje búið að taka ákvörðun gagnvart þessum till. hv. þm. G.-K. (V. G.), með atkvgr. um reikningslagafrumv. Það er búið að ákveða, að ekki skuli telja í eptirstöðvum nafnbótaskatt frá 1904, og jeg skil ekki, að komið geti til mála, að fara nú rjett á eptir að ákveða, að gengið skuli eptir honum samt.

Sama er að segja um mótorvagninn; það mál var líka afgjört við atkvgr. um reikningslagafrv., og þá var það samþ. að sleppa að gjöra tilraun til að fá aptur þetta fje. Hv. þm. ætlast *nú* ekki til að farið sje í mál, heldur að eins farið fram á að fá þetta endurgreitt, en jeg hygg, að lítill árangur yrði af því, að fara bónarveg í þessu efni, enda harla óviðfelldið. Tel jeg slíka ályktun sem þá, er háttv. þm. heldur fram, ósamboðna þessari deild og þinginu yfir höfuð. Það er ekki heldur nokkur heimild til þess að heimta af mönnum verðskýrslur yfir vörur, er þeir hafa keypt, svo að þótt það væri samþ. hjer, væri ekki hægt að fylgja því fram að heimta, að skýrt væri frá innkaupsverðinu.

Mjer datt því ekki annað í hug, en að háttv. þm. mundi taka aptur till. sínar, en úr því hann hefur ekki gjört það, þá býst jeg við að háttv. deild hjálpi honum til þess að losna við þær.

Stóryrði háttv. þm. í minn garð, um að jeg væri »melur í landssjóði«, eyddi og spenti landsins fje o. s. frv., sýna bezt af hvaða toga afstaða hans í þessum málefnum er spunnin. Hv. þm. hefur álitið, að hann þyrfti að nota tækifærið til að reyna að ná sjer svolitið niðri á stjórninni; en einmitt þessi ummæli hans og hiti sýna hvers eðlis barátta hans út af nafnbótaskattinum, mótorvagnsupphæðinni m. m. er í raun og veru. Það á að vera ofurlítið flokkspólitískt »númer«. En einkennilegt er að heyra þennan háttv. þm þykjast vera að bera nú svo mjög

fyrir brjósti rjett landsjóðs til þeirra smáupphæða, sem hjer er um að ræða. Honum hefur ekki alltaf verið svo annt um þann sjóð, þegar um meiri og markverðari atriði hefur verið að gjöra.

Háttv. þm. mun ekki geta, þótt hann sje málsnjall, talið mönnum trú um, að nafnbótaskattleysið muni eyðileggja landssjóð; en hann mun hafa viljað mæla þetta hjer, ekki hvað minnst fyrir menn, sem ekki eru hjer viðstaddir, og býst jeg við að sjá ræðu hans orðrjetta innan skamms í »líforgani« hans hjer í bænum, sæmdarblaðinu Ísafold.

Jeg nenni ekki að vera að svara getsökum háttv. þm. um, að jeg »taki fje landsins til að ívilna gæðingum mínum«; röksemdirnar, sem hann hafði fyrir þessu, fella sig sjálfar. Slíkar getsakir hrína alls ekki við mig. Jeg get brosað að þessum vandræðatilraunum þm., annars eru þær eigi verðar. Það er satt, að jeg hef lagt það til við Hans Hátign konunginn, að þessir 2 heiðursmenn, sem hann vill klekkja á, yrðu sæmdir nafnbótum, og jeg hef sagt þeim það álit mitt, að þeim bæri ekki að greiða nafnbótaskatt. En að jeg hafi gjört það til að launa þeim vinahót við mig á landssjóðs kostnað, það eru þm. góðu orð, sem ef til vill verða af sumum talin nýr vottur þess, hvað háttv. þm. sje rækalli góður að spjara sig, en jeg er ekki viss um, að allir, sem þau heyra, verði honum samdóma um þær sakargiptir.

Jeg vil svo ekki fjölyrða um þetta, en snúa mjer að brtill., sem jeg á á þskj. 459. Við umr. í Nd. gjörði jeg þá fyrirspurn til háttv. framsm. reikningslaganefndarinnar (Ó. B.), hvort það væri meiningin með orðalagi tillögunnar (»fæðispeningar«), að nefndin vildi, að stjórnin færi strangara í það en hingað til, að útiloka úr ferðakostnaðarreikningum embættismanna allan kostnað við gistingu, mat o. s. frv., og svaraði hann, að það væri ekki meiningin að skipta sjer af því, heldur ætti till. að eins við ákveðna dagpeningaupphæð.

Það var of seint að fá þessu breytt í Nd., og nú fer brt. mín hjer að eins fram á, að sett sje orðið »dagpeningar« í stað »fæðispeningar«, til þess að till. sje einmitt það, sem nefndin meinti. meiningin er þá, að útgjöld til fæðis á ferðinni, sjeu ekki endurgoldin nema eptir sundurliðuðum reikningi.

ATKV.GR.:

1. liður sþ. með 12 shlj. atkv.

2. — — — 12 — —

Breyt.till (459) við 3. lið sþ. með 9 atkv.

3. liður (breyttur) sþ. með 12 shlj. atkv.

4. liður sþ. með 12 shlj. atkv.

Breyt.till. 442 (nýr 5. liður) felld með 10 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson,	Björn M. Ólsen,
Sigurður Stefánss.,	Ágúst Flygenring,
Valtýr Guðmundss.	Eirikur Briem,
	Guðj. Guðlaugsson,
	Gutt. Vigfússon,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jakobsson,
	Steingr. Jónsson.
	Þórarinn Jónss.,
	Þorgr. Þórðarson.

Breyt.till. 442 (nýr 6. liður) felld með 11 atkv. gegn 2, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Valtýr Guðmundss.,	Björn M. Ólsen,
Þórarinn Jónsson.	Sig. Jensson,
	Ágúst Flygenring,

Já:	*Nei:*
	Eiríkur Briem,
	Guðj. Guðlaugsson,
	Gutt. Vigfússon,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jakobsson,
	Sigurður Stefánss.,
	Steingr. Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson.

Tillögurnar þannig samþ. afgreiddar til forseta Sþ.

Á 3. fundi Sþ., laugardaginn 7. september, komu tillögurnar til einnar umræðu.

Með því, að tillögunum hafði eigi verið útbýtt með nægum fyrirvara, var borið undir atkvæði, hvort tillögurnar mættu fram ganga, og var það samþykkt í einu hljóði.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skaptf.): Í hv. Ed. hefur að eins ein breyting verið gjörð á tillögunum, að í staðinn fyrir »fæðispeningar« komi: »dagpeningar«. Það er eptir þingsköpunum einasta atriði, sem hægt væri að gjöra breytingu við hjer; en reikningslaganefnd Nd., sem jeg hef borið mig saman við, finnur ekki ástæðu til þess, að stinga upp á, að svo sje gjört, og leggur því til, að tillögurnar sjeu samþykktar.

ATKV.GR.: Tillögurnar voru samþykktar með 31 samhlj. atkv., og afgreiddar til ráðherrans sem þingsályktanir frá alþingi.

II. Fiskimat.

Á 34. fundi Ed., föstudaginn 23. ágúst, var lögð fram tillaga til þingsályktunar (A. 382) um fiskimat — flutningsmaður Sigurður Stefánsson, — og á 36. fundi sömu deildar, mánudaginn 26. ágúst, var eptir uppástungu forseta samþykkt með 8 samhlj. atkv., að ein umræða skyldi fara fram um málið.

Á 39. fundi Ed., fimmtudagiun 29. ágúst, kom þingsályktunartillagan (A. 382) til einnar umr.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Eins og háttv. deild er kunnugt, þá var hjer á þingi 1903 álitið nauðsynlegt, að þingið skipti sjer af útflutningi á fiski okkar Íslendinga á þann hátt, að sem mest trygging fengist fyrir því, að góður fiskur væri fluttur úr landi; varð það þá ofan á, að skipa skyldi tvo fiskimatsmenn, annan í Reykjavík og hinn á Ísafirði, og hefur landsstjórnin gefið þeim erindisbrjef til að fara eptir í þessu starfi.

Í umræðunum um þetta mál á þinginu 1903 heyrðist engin rödd í þá átt, að þetta kæmi í bága við frjálsa verzlun, eða mundi verða til þess, að hnekkja henni; þvert á móti var því haldið fram, að eptirlitið væri mjög nauðsynlegt til þess, að fiskurinn gæfi fengið gott álit á erlendum markaði, og komizt í sem hæzt verð.

Á Ísafirði varð árangurinn af ákvæðunum um fiskimatsmennina annar en

vænta hefði mátt; þar var fiskimatsmaðurinn að eins notaður fyrsta árið, en síðan ekki. Hjer á Suðurlandi nota kaupmenn hann aptur almennt, og hef jeg talað við ýmsa þeirra, og telja þeir sjer mikinn hag í því af því, að vottorð hins lögskipaða fiskimatsmanns gefi vörunni svo mikil meðmæli og gjöri kaupendurna öruggari, enda er nú svo komið, að sunnlenzki fiskurinn er kominu fram úr vestfirzka fiskinum að gæðum og verði.

Þessi tillaga er komin fram eptir óskum kjósenda minna; þeir sjá það, að kaupmenn vilja ekki nota fiskimatsmanninn, og að fiskverkuninni fer eins mikið aptur þar vestra, eins og henni fer fram hjer syðra; en slíkt hlýtur að hafa áhrif á fiskverðið. Það má reyndar segja, að kaupmennirnir sjálfir eigi mest í húfi með hvernig fiskurinn frá þeim selst, og því sje óliklegt, að það þurfi að þvinga þá til þess, að vanda hann sem bezt. En þetta er ekki nema hálfur sannleikur; kaupmenn haga innkaupsverði sínu á fiskinum eptir því, hvernig hann selst á markaðinum, svo það kemur að lokum niður á útvegsmönnum, hvernig fiskurinn selst í útlöndum, og það er nú komið svo, að innkaupsverð á vestfirzkum fiski er ár eptir ár lægra nú, en á sunnlenzkum fiski, þar sem það áður um langan aldur hefur verið töluvert hærra. Nú í ár er verð á saltfiski nr. 1 hjer 76--78 kr. skippundið, en fyrir vestan að eins 72 kr. Það munar Vestfirðinga ekki litlu þessi verðmunur, sem þeir hafa átt við að búa síðustu árin; það eru ekki svo fá þúsund krónur. Það er aðgætandi með þessa fiskimatsmenn, að þótt þingið skipaði þá, þá eru kaupmenn ekki skyldugir til þess, að nota þá, og í því skjóli skáka þeir þar vestra.

Mönnum fyrir vestan þykir mál þetta svo þýðingarmikið, og svo mikið í húfi fyrir þá, að þeir vilja láta skylda kaupmenn til þess með lögum, að þeir láti fiskimatsmenn skoða allan þann fisk, sem fluttur er til Ítalíu og Spánar, og geta vottorð um hann.

Háttv. Nd. hefur sett inn í fjárlöglögin athugas. um það, að þegar skip, sem afgreidd eru frá Reykjavík eða Ísafirði með fiskfarma til Spánar eða Ítalíu, þá eigi lögreglustjóri að sjá um, að vottorð yfirmatsmannsins um gæði vörunnar sje rituð á hleðsluskjölin. Þetta er sett í því skyni, að tryggja vöruvöndunina, en hæstv. ráðh. tók það fram við umr. fjárlaganna í Nd., að vafasamt væri, hvort þessi athugas. gæti komið að notum, því að það vantaði lög, sem skylduðu kaupmenn til að láta yfirmatsmennina skoða fiskfarmana; það mundi þurfa almenn lög til þess, að fá því framgengt. Þegar jeg heyrði þessar undirtektir hæstv. ráðh. taldi jeg mjer skylt, að koma fram með þingsályktunartill. þessa, og vona jeg, að hún fái góðan byr hjá háttv. deild, en hins vegar verð jeg að ætla, að áðurnefnd athugas. í fjárlögunum geti í bráðina komið að tilætluðum notum.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg get verið samþykkur aðalstefnu þingsályktunartill. þessarar, og jeg fæ ekki sjeð, að það sje varúðarvert, að setja almenn lög um það, sem hún fer fram á, að allur fiskur sem fluttur er hjeðan til Spánar og Ítalíu, sje háður opinberu eptirliti. Fiskverzlunin milli landa þessara og vor Íslendinga byggist alveg sjerstaklega á tiltrú og undanfarinni reynslu á gæðum vörunnar. Fyrir það var all auðvelt að selja fisk frá Vestfjörðum, og hann vel borgaður af því að kaupendur treystu því samkvæmt reynslu sinni, að þeir mundu

fá þaðan góða vöru. Það er alveg nauðsynlegt fyrir kaupendur, að þeir megi fulltreysta því, sem um gæði vörunnar er sagt í farmskjölunum, því að varan er seld, þegar hún er komin á skipsfjöl á Íslandi, og áður en kaupendur hafa sjeð hana. Undir eins og kaupendur fá farmskjölin í hendur, þá er venjan, að þeir borgi vöruna, og venjulega er svo um búið, að þeir geta ekki gengið frá kaupunum, hvernig sem varan reynist, þegar hún kemur til þeirra. Af þessu má sjá, hve afarmikið er undir því komið, að fiskurinn reynist eins og hann er sagður að vera, annars má búast við verðfalli fyrir alla, eins þá, sem vanda vöru sína vel, eins og hina.

Eins og háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) tók fram, mun það vera rjett, að áritun yfirmatsmannsins hjer við Faxaflóa hefur gjört sitt til þess, að verð hefur hækkað hjer á fiski, og eptir skýrslum konsúla er nú svo komið, að verði sama stund lögð á að vanda fiskverkun og aðgreining fisksins eins og nú upp á síðkastið, þá eru líkindi til, að íslenzki fiskurinn komist í hærra verð en samskonar vara annarstaðar að. Jeg mundi vera með því, að yfirmatsmenn væru skipaðir til, að hafa eptirlit með öllum fiski, sem fluttur er hjeðan af landi til Spánar og Ítalíu. Yfirmatsmaðurinn hjer hefur flokk manna undir sjer, sem hafa lært, eptir hvaða reglum beri að flokka fiskinn, en sjálfur hefur hann að eins aðalumsjón með flokkuninni og útskipuninni. Eins gæti það verið á Vestfjörðum. En þá vantar enn sem komið er slíka yfirumsjónarmenn á Austfjörðum og á Norðurlandi. Það er að vísu dálítill kostnaður fyrir landssjóð að skipa þá, en það mundi meira en borga sig, ef nokkuð að mun er flutt af fiski frá þessum stöðum beint til Ítalíu og Spánar. Það er því eitt af því, sem stjórnin þyrfti að rannsaka, áður en samin eru lög um yfirfiskimatsmenn, hver þörf muni vera á þeim á Norður- og Austurlandi, og haga svo lagasmíðinni eptir því, sem hún verður vísari við þá rannsókn.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg er þakklátur háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.) fyrir undirtektir hans í þetta mál; hann tulaði af meiri þekkingu um þetta, en jeg hef til að bera, og gladdi það því mig, að hann studdi tillögu mína. Það er satt, að það liggur beinast við, að lög um þetta næðu yfir allt landið. Og þar sem þetta er harla mikilsvert mál, þá ber ekki að sjá eptir því, þótt það kæmi í ljós, er stjórnin hefur látið rannsaka það, að nokkur kostnaður væri óhjákvæmilegur. Mjer þykir líklegt, að stjórnin telji sjer skylt að láta rannsaka, hvort ekki beri nauðsyn til að skipa eptirlitsmenn fyrir Norður- og Austurland; því að þó nú sje að vísu ekki mikið flutt út af fiski frá þessum landshlutum, til Spánar og Ítaliu, þá getur vel þar að komið, að utflutningur aukist þaðan, svo að heppilegt væri, að lögskipaðir eptirlitsmenn væru þar til staðar.

ATKV.GR.:

Till. samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgr. til forseta Nd.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 30. ágúst, var lögð fram og útbýtt till. til þingsályktunar (A 457) um fiskimat, og á 39. fundi sömu deildar, mánudaginn 2. september, var eptir uppástungu forseta samþ. í e. hlj., að hafa skyldi eina umr. um tillöguna.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7.

september, kom tillagan (A 357) til einnar umræðu.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg sje ekki ástæðu til þess, að þingið fari að skora á stjórnina að semja frv. til laga um útflutning á fiski, er skipi fyrir um það, að engan saltfisk megi flytja til Spánar eða Ítalíu, nema honum fylgi vottorð lögskipaðra fiskimatsmanna. Að vísu mun það satt, að matsmenn þeir, sem nú eru launaðir af landssjóði, gjöra talsvert gagn. Jeg get ekki af eigin reynslu sagt um, hvort hagnaðurinn, þegar til alls kemur, er eins mikill, af fiskimatinu eins og af er látið, og víst er það, að skoðanir þeirra manna, sem þessu eru kunnugastir, eru nokkuð mismunandi. Heyrt hef jeg, að á Vesturlandi komi fiskimatið ekki að tilætluðum notum og mun það að sjálfsögðu koma af því, að útflytjendur hafa ekki getað sannfærzt um, að mikill hagnaður væri að matinu. En öllum er það ljóst, að af þessu leiddi töluverðan kostnað, því að óhjákvæmilegt væri að skipa fiskimatsmenn á Norðurlandi og Austurlandi, ef slík lög yrðu samþykkt. En nú veit jeg ekki til þess, að nokkur ósk hafi komið fram um þetta úr þessum landshlutum, og getur þingið því leift þessa tillögu hjá sjer að þessu sinni, því að ekki væri mönnum það ofætlun að koma slíku máli á framfæri fyrir milligöngu þingmanna sinna, þegar verulegur áhugi væri vaknaður fyrir því að nota þennan markað og menn væru orðnir sannfærðir um nauðsyn þessa máls. Það er því minni ástæða til þess, að samþykkja þessa till. nú, þar sem athugasemdin við 16. gr. fjárlaganna 20. lið gefur að minu áliti fullnægjandi tryggingu í þessu efni, eins og nú hagar til, og engar líkur eru til, að útflytjendur láti sjer koma til hugar að flytja út svo ljelega vöru, að hún geti spillt markaðinum.

Að jeg hef komið fram með athugasemdir við þessa till., kemur af því, að jeg er því algjörlega mótfallinn, að slík þvingunarlög, sem hjer er farið fram á, verði samþykkt nema ef brýna nauðsyn bæri til.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg held, að þetta mál sje ihugunarverðara en svo, að sæmilegt sje, að lofa því leiðar sinnar umtalslaust. Frá því að jeg var unglingur, hef jeg allt af heyrt talað um það sem eitt okkar versta mein, hvað vörur þær, sem vjer seldum til útlanda, væru illa verkaðar. Jeg hef einlægt heyrt menn fárast út af þessu; fyrst tóku menn eptir því, að ullin var illa verkuð og því í lágu verði. Síðan var talað um, hvað útflutt kjöt væri illa verkað. Einna minnst hefur verið *talað* um það, að fiskverkuninni væri ábótavant, en ef til vill hafa landsmenn þó gjört sjer einna *mest* far um, að vanda *þá* vöru. Víst er um það, að þurkaður saltfiskur frá Íslandi er í hærra verði en saltfiskur annara landa; ber það vott um, að okkar fiskur skari fram úr, hvað vöndun snertir. Er því ástæða til að ætla, að við höfum gjört okkur meira far um að vanda hann en aðrir. Þetta er ekki hægt að segja um neina aðra vöru hjeðan; jeg veit ekki til, að nein önnur vara standi jafnfætis útlendu vörunni af sama tagi, hvað þá heldur framar.

Síðustu árin hefur glæðzt sjerstaklega mikill áhugi á því, að verka fiskinn betur, og mikið verið gjört til þess, einkum hjer syðra. Vesturland gekk á undan í þessu; bezti fiskurinn var áður frá Vestfjörðum, og var kallaður Bíldudalsfiskur á markaðinum og seldist hærra verði en annar fiskur. Síðustu árin hefur þetta breytzt, eins

og jeg drap á; hjer syðra, við Faxaflóa, hafa menn gjört sjer meira far en áður um að verka fiskinn vel. Afleiðingin af þessu er sú, að Faxaflóafiskur hefur á síðari árum stigið svo í verði, að *hann* er nú dýrari en nokkur annar fiskur. Þessi mikla framför er mestmegnis að þakka yfirmatsmanninum í Reykjavík. Sá maður hefur ef til vill gjört meira landi sínu til gagns, en nokkur maður annar. Fyrir tilraunir hans og áhuga á að útbreiða þekkingu á fiskverkun, hefur þessi vara stigið svo í verði, að það er mörg hundruð þúsund kr. ábati fyrir landið.

Er mjög þýðingarmikið, að fiskurinn haldi áliti sínu í útlöndum, og ekki einungis það, heldur fái betra og betra orð á sig. Allur íslenzkur fiskur á að fá bezta orð.

Það er ekki nóg að gefa lög um þetta, ef menn vantar með þekkingu og áhuga. En jeg skil ekki annað, en að þessir menn sjeu til, og að þetta ákvæði geti orðið að gagni. Jeg er ekki nógu kunnugur á Norður- og Austurlandi. Þessi tillaga er komin frá Vesturlandi, og jeg veit, að hjer syðra eru menn á sömu skoðun í þessu máli. Það getur verið, að fiskverkun sje öðru vísi hagað nyrðra, en annarsstaðar á landinu, og að þar þyki hún góð eins og hún er nú. Jeg skal ekki segja um það. En það verður þá að taka tillit til þess, þegar lögin eru samin.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Mjer er ekki ljóst, hvað meint er með þessari tillögu. Vanalega þegar skorað er á stjórnina, að undirbúa mál til alþingis, þá er um stóra lagabálka er að ræða. Jeg sje ekki, það geti verið í þetta sinn, þetta verða ekki nema 1 eða 2 gr., svo að það þarf ekki mikinn undirbúning. En svo er annað, sem jeg á bágt með að skilja. Er það meiningin með till., að fyrirmuna mönnum, þar sem ekki eru fiskimatsmenn, að flytja út fisk, jafnvel þótt það sje tilraun til að senda fiskinn beina leið til Suðurlanda, eins og mörgum hefur dottið í hug að reyna. Það kalla jeg undarlega aðferð, og jeg skal fyrir mitt leyti taka það fram, að öll lagasetning, sem leggur höpt á atvinnuvegina, er viðsjárverð, þótt þetta þing hafi hætt sjer inn á þá braut, er það samdi lögin um útflutning hrossa. Ef þessi till., verður samþykkt, þá verða lögin að skipa fiskimatsmenn á Norðurlandi og Austurlandi.

Á Austurlandi veit jeg til þess, að framtakssamir og duglegir fiskimenn og kaupmenn hugsa alvarlega til að reyna að fá hærra verð með því að senda fiskinn beint á markaðinn til Suðurlanda. Gagnvart þeim mönnum er með breyt.till. byrjað á öfuga endanum. Það ætti að byrja með, að sjá þeim fyrir mönnum til að meta fiskinn. Síðan mætti banna að flytja út fisk, án þess mat hafi farið fram.

Eitt vil jeg enn benda á. Syðra hafa menn notað yfirfiskimatsmenn Reykjavíkur, og gjört það rækilega. Fiskurinn hefur vaxið í áliti og hækkað í verði. Og þess vegna væri gott, ef fleiri fengju að sitja við þann eld. Á Ísafirði hafa útflytjendur lítið eða ekki notað yfirfiskimatsmanninn, og því hefur vestfirzkur fiskur fallið í áliti í samanburði við sunnlenzka fiskinn. En nú heyri jeg, að Ísfirðingar sjeu byrjaðir að láta meta sinn fisk, og sjái af reynslunni hjer syðra, að það muni borga sig bezt. Austfirðingar, sem um þetta mál hugsa, líta svo á, að fyrsta stigið í þessa átt eigi að vera það, að fá þar skipaðan fiskimatsmann. Og mjer sýnist fjar-

stæða að banna útflutning á ómetnum fiski, meðan ómögulegt er að fá hann metinn.

Jeg er ekki beint á móti till. en mjer finnst hún samt nokkuð öfug.

Ráðherrann: Mjer er ekki kunnugt um, að fiskur sje fluttur til Spánar og Ítalíu, án þess að mat fari fram. Það er gjört allstaðar, án þess að það sje lögskipað, vegna þess að hinn aðilinn, kaupendur á Spáni og Ítalíu, heimta það. Að þessu leyti fer því tillagan ekki fram á neitt nýtt. Það, sem er nýtt í till., er að hún fer fram á lögskipaða fiskimatsmenn, en nú eru »vragarar« útnefndir af sýslumanni í hvert skipti, nema þar sem yfirmatsmennirnir ná til.

Eins og stendur eru yfirmatsmenn að eins tveir, annar í Reykjavík og hinn á Ísafirði; það er auðsætt hve ómögulegt það er, að þessir 2 menn nái allstaðar til, að hafa eptirlit með fiskiútflutningi. Ætti að koma því á með lögum, að allur fiskur, sem fluttur er út úr landinu, sje skoðaður af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna, þá yrði að skipa miklu fleiri launaða yfirmatsmenn hingað og þangað um landið; en þar sem mjög lítið er um fiskiútflutning til Spánar eða Ítalíu, gæti sá kostnaður orðið mikill í samanburði við gagnið, enda mjög kostnaðarsamt fyrir útflytjendur, því naumast gætu hinir föstu launuðu matsmenn verið svo margir að hjá því yrði komizt, að þeir yrðu opt að gjöra sjer langar ferðir í fiskimatserindum, og yrðu þá útflytjendur að borga þeim þann ferðakostnað. Það gæti því vel farið svo, að þetta yrði óþægilegt hapt á atvinnu manna; en löggjafarvaldið verður að fara mjög varlega í allt það, sem getur orðið að þvingun á frelsi manna, eða hept frjálsa þróun og viðgang framleiðslu og verzlunar.

Þó þessi þingsál.till. verði samþ., þá get jeg því ekki að svo stöddu lofað neinu um framkvæmd á henni fyrir stjórnarinnar hönd. En jeg skal geta þess, að mjer finnst þó rjett að halda fram þeirri hugsun, sem mun aðallega liggja til grundvallar fyrir þessari till. og reyna í öllu falli að koma því til leiðar, að þeir föstu fiskimatsmenn sjeu notaðir, sem nú eru til. Jeg vona, að hv. Ed. setji athugasemdina við fjárveitinguna til yfirmatsmanna í fjárlögunum í það form, að hún verði til þess, að allir fiskiútflytjendur bæði í Reykjavík og á Ísafirði *verði* að hlýta mati hinna föstu matsmanna, og ætti það ekki að geta verið tilfinnanlegt frelsishapt. Ef til vill, má svo síðar færa sig upp á skaptið, og smám saman koma fastri skipan á matið annarsstaðar, án þess að ganga þegar til valdboða um þetta efni.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Það var út af orðum hv. 2. þm. Rvk (G. B.), sem jeg vildi leyfa mjer að segja örfá orð. Jeg álít, að nú sem stendur sje ekki brýn ástæða til að fara að skora á stjórnina að undirbúa nokkurs konar þvingunarlög, sem hafa mikinn kostnað í för með sjer. Það er óviðfelldið að setja marga menn á laun úr landssjóði, sem svo lítið eða ekkert hafa að gjöra, því þó þessir menn, sem nú eru skipaðir matsmenn, hafi eitthvað að gjöra nokkurn tíma ársins, þá álít jeg litla ástæðu til að fjölga þeim, meðan ekki koma fram almennar óskir í þá átt. Hv. 2. þm. Rvk. fór mörgum orðum um vöruvöndun, og hve mikil breyting hefði orðið á henni hjer á seinni árum að því, er fisk snertir. Það er hverju orði sannara, að vöruvöndun er nauðsynleg, en það er alls ekki nóg að skipa marga yfirmatsmenn til þess að skoða fiskinn, því hann verður í sjálfu sjer ekkert

betri fyrir það, þótt hann sje skoðaður, ef illa hefur verið með hann farið frá upphafi. Það sem þarf að gjöra til þess að auka vöruvöndun, er það að koma því inn hjá almenningi, hversu mikilvægt það sje og hversu mikil hagsvon er af því að vanda vöruna sem bezt. Til þess að fullkomið gagn verði að starfi vörumatsmanna, þurfa þeir að vinna kappsamlega að því að leiðbeina mönnum í því, á hvern hátt þeir eigi að framleiða góða vöru; verði því ekki við komið, álít jeg að ekki svari kostnaði að skipa marga slíka starfsmenn.

Það hefur líka verið talað um ullarmat þessu máli til stuðnings, en því miður stoðar ekki að vitna í það, því ullarmatið fjell fljótt niður, og þótti ekki verða að tilætluðum notum.

Það er raunar ekki meining mín, að halda því fram, að yfirmatsmenn hafi enga þýðingu, en jeg álít samt sem áður, að þar sje ekki ástæða til að skipa fyrir með lögum, að ekki megi flytja út úr landinu óskoðaðan fisk. Jeg veit líka, að það er á móti vilja margra manna, og það væri eflaust almennt talin hepting á frelsi í viðskiptum. Jeg efast ekki um það, að svo framarlega sem reynslan sýnir mikinn árangur á þeim stöðum, sem fiskimatið er byrjað á, þá muni óskað eptir því víðar, og þá fyrst álít jeg að tími sje til kominn að gjöra þessar ráðstafanir. Þegar litið er til þess, að nú er í ráði að skipa milliþinganefnd til þess að íhuga skattamál landsins, álít jeg það enga fjarstæðu að hugsa sjer, að sú nefnd taki þetta mál til íhugunar, þar sem hjer er um tollskylda vöru að ræða. Það má búast við, að hún komi með tillögur um að breyta fyrirkomulagi á tollgæzlu, tollheimtu o. fl., og þá er ekki óhugsandi, að þetta mál verði sett í samband við önnur, þannig að þeir menn, sem á sínum tíma kynnu að verða skipaðir til þessa eptirlits, geti um leið sinnt fleiri störfum í landsins þarfir og þannig kynni að mega spara landinu nokkurn kostnað.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Af því að jeg er töluvert kunnugur fiski og fiskimati, þá vil jeg leyfa mjer að segja, að þessi þingsályktunartillaga er orð í tíma töluð, enda er hún komin frá manni, sem veit hvernig á stendur í þessu máli. Það var rjettilega tekið fram hjá hv. 2. þm. Rvk., að Vestfjarðafiskur hafi fallið í verði nú á síðari árum. En hverjum er það þá að kenna, að hann hefur fallið í verði? Það er að mínu áliti óefað kaupmönnum mikið að kenna. Fiskverkunin er eins góð og hún hefur verið, en kaupmenn munu gjöra helzt til mikið að því að blanda alls konar fiski saman og senda hann til útlanda sem nr. 1, þó þeir kaupi hann mjög misjöfnu verði af viðskiptamönnum sínum. Þannig mun það til komið, að t. d. Bíldudalsfiskur, sem fyrir nokkrum árum þótti beztur af öllum íslenzkum fiski, nú er ekki talinn það lengur.

Mjer er ómögulegt að skilja, hvaða ástæða geti komið mönnum til að tala á móti þessari þingsál.till.; það kynni að vera hvernig hún er orðuð. En það sem verið er að gjöra er það, að fela stjórninni að búa til lög um eptirlit með útfluttum fiski, en í till. er ekkert talað um, hvernig þau lög eigi að vera. Flutningsm. mun hafa gjört það rækilega, þegar hún var til meðferðar í Ed., enda mun hann flestum háttv. þm. kunnugri þessu máli. Jeg veit fyrir víst, að á Vesturlandi er mönnum það áhugamál, að skipaðir sjeu matsmenn á fiski eptir öðrum

reglum en hingað til hefur gjört verið. Hingað til hefur fiskimatið á Vestfjörðum verið svo, að kaupmenn hafa tekið einhvern úr vinnunni hjá sjer, sem eins opt ekki hafa minnsta vit á fiski, og stinga upp á því við sýslumann, að þessi maður sje gjörður að matsmanni. En það sjer hver heilvita maður að getur ekki verið nein trygging fyrir því, að fiskurinn í raun og veru sje aðgreindur eins og þarf. Það er talað um, að yfirfiskimatsmenn sjeu ekki notaðir á Ísafirði, en hvers vegna er það? Það er af því að þeir »vröguðu« fiskinn, sem kallað er, en það vildu kaupmenn ekki að þeir gjörðu og hættu því að nota þá. Kaupmenn gátu þá ekki sent allskonar ruslfisk út sem góða vöru.

Háttv. þm. Sfjk., (J. J.) var að spyrja að því, hvort það væri meiningin, að enginn gæti sent út fisk nema yfirmatsmenn skoðuðu. Nei, það er alls ekki meiningin, heldur er hjer um að ræða að komið sje á betra eptirliti með fiski, sem út er fluttur; til þess yrði að skipa fleiri yfirmatsmenn en nú eru, t. d. á Akureyri og Seyðisfirði, sem þá rjeðu matsmenn þá, er fiskinn skoðuðu á þeim stöðum, er þeir sjálfir ekki gætu skoðað hann á, og yrðu þeir yfirmatsmenn að hafa ákveðið starfssvið.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að þessi þingsályktunartill. væri ekki tímabær nú, en jeg veit ekki, hvenær hún verður tímabær ef ekki nú? Það er alltaf tímabært að koma í veg fyrir, að ein af aðalvörum Íslendinga falli í verði. Jeg veit, að það hefur komið fram á fjöldamörgum almennum fundum á Vesturlandi í seinni tíð, að nauðsynlegt væri að hafa betra eptirlit með útfluttum fiski, en verið hefur; það er öllum þar fullkomið áhugamál. Útgjörðarmenn, sem ekki eru kaupmenn, og bændur, sem hafa útveg, finna til þess þegar fiskur þeirra er af kaupmanninum tekinn sem nr. 2, en svo heyra þeir kannske rjett á eptir, að kaupmaðurinn sendir hann út sem nr. 1. Það er ekki von, að mönnum sje þessháttar verzlun geðfelld. Jeg verð því aptur að taka það fram, að mjer er ómögulegt að skilja hvers vegna menn hafa haft svo mikið á móti þessari þingsál.till., jeg er öldungis samdóma háttv. flutnm., 2. þm. Rvk. (G. B.), um allt það, er hann tók fram máli þessu til stuðnings og hann sýndi með ræðu sinni, að hann hefði kynnt sjer málið rækilega, og það hlýtur hver maður að sjá, að nauðsyn ber til að sjávarafurðunum sje ekki stórspillt aðeins fyrir eptirlitsleysi.

ATKV.GR.:

Þingsályktunartillagan samþ. með 12 atkv. gegn 11 og afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá alþingi.

III. Gagnskipti á bókum.

Á 37. fundi Ed., þriðjudaginn 27. ágúst, var lögð fram og útbýtt till. til þingsál. (A 410) um gagnskipti á dönskum og íslenzkum bókum — flutningsmaður Jón Jakobsson, — og á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 29. ágúst, var eptir uppástungu forseta samþ., að hafa eina umr. um málið.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 31. ágúst, kom till. (A 410) til einnar umr.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Af því að jeg er skrifaður undir þessa till. og af því að sá, er framar stendur undir till., h. 2. þm. G.-K. (V. G.), er lasinn, þá skal jeg leyfa mjer að segja örfá orð.

Það er ei margra orða þörf, því að jeg er viss um, að till. þessi fær bezta byr hjer í deildinni, eptir því sem fram hefur komið við umr. annars máls hjer, og ennfremur hefur hæstv. ráðh. tekið vel í að sinna þessu máli. Það varð að samkomulagi milli mín og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að setja í till., að Landsbókasafnið skyldi fá *helztu* bækur og tímarit frá Danmörku í stað þess, að hann vildi upphaflega láta leita samninga um það, að okkur yrði sent allt, sem út kæmi. Jeg áleit, að það mundi verða okkur hefndargjöf, sem við mundum kikna undir, með því að okkur mundi bæði vanta fje til bókbands á svo miklu máli, og húsrúm fyllast fyrir tímann, ef við ættum að taka við þeim aragrúa af blöðum, bókum og tímaritum, sem út eru gefin árlega í Danmörku, og því varð þetta að samkomulagi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vona, að hin háttv. deild samþ. till. í einu hljóði.

ATKV.GR.:

Till. samþ. með öllum atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 2. september, var lögð fram og útbýtt till. til þingsál. (A 499) um gagnskipti á dönskum og íslenzkum bókum, og á 44. fundi sömu deildar, laugardaginn 7. september, var samþ. samkvæmt uppástungu forseta, að hafa eina umr. um málið.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom till. (A 499) til einnar umr.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg efast ekki um, að þessi till. verður samþ.

Jeg er þakklátur háttv. Ed. fyrir, að hafa sent hana hingað. Það hefur opt verið minnzt á þetta mál í Landsbókasafnsnefndinni, og þaðan mun till. vera runnin. Vjer eigum að mega gjöra oss von um einhvern árangur af till. Það er orðið stórmikið af bókum, sem fer frá Íslandi til Danmerkur árlega, og er ekki til mikis mæltz, þó að farið sje fram á, að eitthvað komi í staðinn. Að öðrum kosti sjálfgefið að hætta að senda hjeðan.

ATKV.GR.:

Till. samþ. í e. hlj. og afgreidd til ráðherra sem ályktun frá alþingi.

IV. Efling Landsbankans. a.

Á 43. fundi, Nd., föstudaginn 6. september, var lögð fram og útbýtt meðal þingdeildarmanna tillögu til þingsályktunar (A 565) um efling landsbankans — flutningsmaður Lárus H. Bjarnason — og á 45. fundi sömu deildar, mánudaginn 9. september, var samþykkt, eptir uppástungu forseta, að hafa eina umræðu um málið.

Á 48. fundi Nd., fimmtudaginn 12.

september, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason, (þm. Snæf.): Bankamál landsins eru ekki í góðu lagi, því er þessi tillaga fram komin.

»Ídealið« í þessu efni væri, að minni hyggju, það, að hjer væri einungis einn seðlabanki, sem annaðhvort væri eign landsins, eða þá svo um hnúta hans húið, að landið rjeði algjörlega fyrir honum, hefði þar bæði undir- og yfirtök. og svo ætti auk hans að vera til einn nógu stór privatbanki, eða fleiri smærri.

En þessu er nú ekki að heilsa hjer. Eins og menn vita, var seðlaútgáfurjetturinn illu heilli gefinn útlendingum árið 1901. Jeg mundi ekki hafa nefnt forsögu þessa máls nú, ef jeg hefði ekki heyrt orð, sem mjer komu undarlega fyrir, þegar þetta mál var til meðferðar í Ed. Háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) lýsti því sem sje yfir, að sjer hefði þótt það illa farið, að seðlaútgáfurjetturinn hefði verið gefinn Íslandsbanka, og að hann hefði aldrei verið á móti Landsbankanum. Þetta hefði víst enginn annar þorað að segja í hans sporum, því að það var hann, sem barðist manna fastast fyrir Íslandsbanka og fyrir því, að Landsbankinn fengi eigi að standa. Það var eiginlega fyrir tilviljun eina, að Landsbankinn var ekki drepinn. Jeg barðist fyrir því hjer í deildinni 1901, að Landsbankinn fengi að halda lífinu og standa við hliðina á hlutabankanum, en sú tillaga mín var felld með litlum atkvæðamun, en svo barg landshöfðingi málinu í Ed. Hann tók tillögu mína þar upp og leiddi hana til sigurs.

Frumv. var svo endursent Nd. og kom þar til umræðu síðasta þingdaginn. Nú var úr vöndu að ráða. Það var fyrirsjáanlegt, að felldi deildin ákvæði frumv. um, að Landsbankinn skyldi standa, mundi frumv. um stofnun hlutabankans ekki verða útrætt, og bankinn þannig ekki komast á. Því tóku Valtýingar það ráð, að samþykkja frumv. heldur eins og það kom frá Ed., en að verða alveg af brjóstbarninu sínu, hlutabankanum.

Það má nú búast við því, að það verði ókleift, eða því sem næst, að eignast seðlaútgáfurjettinn yfirstandandi mannsaldur, því að það er ekki líklegt, að landið geti eignazt eða fái að eignazt hlutabankann, allra sízt ef hlutafjeð verður aukið upp í 3 miljónir kr. Hitt er hugsanlegra, að sameina mætti bankana þannig, að landinu væru tryggð yfirtökin. Jeg vil þó ekki leggja það til fyr en í síðustu lög, því að samkeppnin er ekki síður nauðsynleg í peningaverzluninni en í annari verzlun.

En einmitt þess vegna er það lífsskilyrði, að landsbankanum sje haldið við. Það var mörgum áhugamál 1902, að koma því inn í stjórnarskipunarlögin, að hann yrði ekki lagður niður, nema með stjórnarskrárbreytingu. Þannig hafa Norðmenn búið um sinn seðlabanka. Jeg reyndi þá það sem jeg gat að fá því framgengt, en þess var enginn kostur.

Því er nú ekki annað ráð fyrir hendi, en að hlaða svo undir Landsbankann, að hann geti staðið og meira að segja *staðið í* Hlutafjelagsbankanum. En til þess að svo megi verða, þá verður meðal annars að varast það, að efla Hlutafjelagsbankann *um of*. Það má drepa Landsbankann á margan hátt. Það má skera hann niður með lögum, en að því þarf jeg ekki að eyða mörgum orðum, því að það *þorir* nú væntanlega enginn úr þessu, en það má líka smápína úr honum lífið, t.

d. með því, að auka gjöldin á honum; svo má líka drepa hann með því, að efla Hlutafjelagsbankann um of. Og það er sú aðferðin, sem mest bólar á. Hlutabankanum var ekki að eins gefinn 30 ára seðlaútgáfurjettur og það með litt felldu móti, heldur hefur bankinn fengið ívilnun á ívilnun ofan síðan. Honum var leyft að minnka gullfúlguna og gefa út bankavaxtabrjef. Sjálfur tók hann sjer þegar í upphafi leyfi til þess, að reka sparisjóðsstörf og lána gegn fasteignarveði. Og nú síðast hefur þetta þing leyft honum að auka hlutafje sitt að miklum mun, allt saman skilyrðislaust og endurgjaldslaust.

Landsbankinn hefur ekki átt þessu láni að fagna. Löggjafarvaldið tvöfaldaði 1905 árgjald *hans* til landssjóðs fyrir seðla hans. Og stjórnin kvað, eptir því, sem bankastjórinn sagði mjer áðan og bað mig að nefna, taka miklu meira út af innstæðu landsins í honum, en af innstæðu þess í hlutabankanum. Þetta er hvorttveggja miður gott, en þó er sú breyting, sem orðin er á afstöðu hans til »Landmandsbanken« miklu iskyggilegri. »Landsmandsbanken«, sem áður var aðalhjálparhella Landsbankans — Landsbankinn skuldar »Landmandsbanken« nú 2 miljónir — er nú orðinn keppinautur Landsbankans, því að »Landmandsbanken« er nú genginn í fjelag við þá, sem standa að hlutabankanum.

Hvaða ráð á nú að taka? Það er ekki við því að búast, að vjer þingmenn getum lagt á ráð, sem duga, því að bankastjórnin, sem ætti að standa þetta næst, virðist ekki hafa gjört neitt í þá átt og lætur sig málið litlu skipta Svo mikið mun þó mega fullyrða, að bankaskuldabrjefafrumv. þessa þings gjöri ekki mikið gagn. Bankaskuldabrjefin hljóta að verða lítt seljanleg; vextir eru nú svo háir, að þau seljast ekki nema með afföllum; en því lægra verð, sem fæst fyrir þau, þess dýrari verða peningarnir, sem bankinn útvegar sjer á þennan hátt.

Jeg get ekki bent á einhlítt ráð, en jeg býst við því, að stjórnin geti eitthvað gjört til næsta þings; hún *verður* að finna eitthvert ráð. — Þó mætti benda á, að eðlilegast virðist, að hvor bankinn um sig hefði sitt starfsvið; Íslandsbanki ætti ekki að ávaxta sparisjóðsfje og ekki heldur að lána út á fasteignir; þetta hvorttveggja ætti Landsbankinn að gjöra. Þetta væri vafalaust það rjettasta. En nú er Íslandsbanka leyft í reglugjörðinni, að taka sparisjóðsfje í innlánabækur og lána gegn fasteignarveði, og þyrfti því að breyta reglugjörðinni til þess, að koma þessum breytingum á, enda er það stjórninni innan handar. Hún hefur sett reglugjörðina og getur breytt henni innan takmarka bankalaganna.

Líka mætti fara fram á það við eigendur hlutabankans, að leysa haptið af seðlaútgáfurjetti landssjóðs fyrir Landsbankann, og gæti þá komið til mála, að leyfa þeim í notum þess, að auka hlutafjeð eptir vild.

Jeg er handviss um, að hlutabankinn leitar aptur og aptur nýrra hlunninda; hann kemur líklega aptur á næsta þingi, og þá bæði mætti og ætti þingið að heimta eitthvað fyrir snúð sinn og snældu.

Sem sagt, jeg er ekki bankafróður, og auk þess er ekki tími til þess, vegna annara þingstarfa, að fara út í langar ráðaleitir.

Aptur á móti býst jeg við, að stjórninni takist, að finna einhver góð ráð. Og það þykist jeg vita, að háttv. deildarmenn muni allir, hvernig sem þeir

kunna að hugsa til Landsbankans, samþykkja þessa tillögn. Það var borin fram samhljóða tillaga í efri deild, að minni tilhlutun og hún samþykkt þar í einu hljóði. Vonandi fer eins hjer.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Það er gleðilegt að heyra, hvað hv. þm. Snæf. (L. H. B.) er hlýtt til Landsbankans, en það er ekki rjettlátt af honum, að ráðast á bankastjórnina eins og bæði hann og fleiri gjöra. Það er allt af segin saga með Landsbankann, ef eitthvað er að, þá er bankastjórninni kennt um, og aldrei litið á óviðráðanleg tildrög til þess, sem skeður. En þó ástæða sje til að segja eitthvað um Íslandsbanka, þá heyrist ekkert orð, og blöðin flytja, að þar sje allt eins og það á að vera.

Á endanum trúir fólk því svo, að fjeleysi bankans sje áhugaleysi bankastjórnarinnar að kenna. En jeg veit ekki hvernig verður heimtað meira af bankastjórninni með sanngirni, en hún hefur gjört: 1896 eða 1897, þegar sauðfjárflutningarnir til Englands hættu allt í einu, þá varð peningaskortur í landinu. En þá jafnsnart hafði bankastjórnin á reiðum höndum frv. um veðdeildina, sem varð skömmu síðar að lögum, og fengust með því til útlána 2 miljónir kr. Það ráð gafst ágætlega. 1901 kom bankastjórnin aptur með tillögu um það, að auka seðlafúlguna upp í 1 miljón, en upp úr því hafðist að eins 1/4 miljón, og sama ár var hlutabankanum gefinn seðlaútgáfurjetturinn, og úr því hann var farinn, gat landsbankinn ekki aukið starfsfje sitt nema með lánum, og það hefur hann gjört á hverju ári, án ábyrgðar landssjóðs, þann tíma af árinu, sem mest er þörf fyrir peninga hjer. 1903 var veðdeildin búin að lána út að mestu 2 miljónir kr., og gekkst þá bankastjórnin fyrir, að bætt væri við annari »seríu« við veðdeildina, sem er 3 miljón kr. Það var borið fram hjer fyrir nokkrum dögum, að það væri mjög hættulegt fyrir Landssjóð, að ganga í ábyrgð fyrir landsbankann, þótt niðurlag ræðunnar væri öðru vísi, þá var þó meiningin með ræðunni þessi.

Mjer finnst ranglátar þessar árásir á bankastjórnina; miklu fremur er það þakkarvert, hvað bankinn hefur hjálpað mörgum, og stutt mörg þörf fyrirtæki með ekki meira fje en hann hefur haft, fyrst að eins 1/2 miljón kr. Mörg fyrirtæki eiga honum tilveru sína að þakka, og hefðu verið óhugsanleg án hans. Jeg vil nefna þilskipaútveginn sunnanlands og rjómabúin; á þetta er aldrei minnzt, menn vilja ekki líta á það, sem bankinn hefur komið til framkvæmda.

Þar sem hv. þm. Snæf. minntist á hættu fyrir bankann, þá mun sá kvíðbogi mest stafa af umhyggju hv. þm. fyrir bankanum. En jeg álít, að ekki sje ástæða til að líta svart á framtíð bankans, þótt hann sem stendur sje í talsverði skuld, svo hefur verið á hverju sumri áður, en borgað að mestu leyti fyrir hvert nýár. Hann á nú óseld brjef fyrir 6—700,000 krónur, sem ekki er hægt að selja fyr en markaðurinn batnar og vextirnir lækka. 700,000 kr. skuld er ekki hræðileg fyrir banka, allra sízt þegar nægileg verðbrjef eru til upp í hana.

Hvað það snertir, að Landmandsbankinn hætti viðskiptum við Landsbankann, þá er jeg ekki hræddur um það. Jeg þekki vel bankastjóra Landmandsbankans og veit, að hann er tryggari en svo, þar sem hann tekur því, að hann skilji við okkar banka í

vandræðum. Jeg fæ því ekki sjeð, að Landsbankinn sje í neinni hættu. En jeg þoli vel hv. Snæf., þó hann hnýti að bankastjórninni ástæðulaust, af því að jeg finn velvilja hans til bankans, sem er meira verður en bankastjórnin.

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg veit ekki, hvort skilja hefur átt hv. 1. þm. Rvk. svo, sem ekki væri þörf á þessari tillögu, og ef svo er, tek jeg hana aptur, því að það situr sannarlega ekki á þinginu, að vera að neyða upp á þá, sem hlut eiga að máli, slíkum tillögum.

Það er ekki að undra þó að þm. hafi ekki fundið eins mikið að stjórn hlutabankans eins og að stjórn Landsbankans. Hlutabankinn er ekki landsins eign og mönnum finnst sig minna um hann varða.

Jeg skal játa það, að bankastjórinn hefur bezta vilja, en hann er, sem Englendingar kalla of »busy«, hefur of mörg járn í eldinum, og þar af leiðandi of lítinn tíma til að sinna vel skylduverkunum.

Ekki er heldur mikið byggjandi á þessum blessuðum Glückstadt. Hann er nú fyrst og fremst gamall maður, og svo hefur það jafnan reynzt fallvalt að byggja upp á »vinina«, þegar peningar hafa verið í aðra hönd.

Jeg hygg, að háttv. 1. þm. Rvk. hafi ekki tekizt að sannfæra hv. deild um að tillagan sje óþörf, enda mun það ekki hafa verið tilgangur hans.

ATKV.GR.:

Tillagan var samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem ályktun frá neðri deild alþingis.

V. Efling Landsbankans b.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 6. september, var lögð fram og útbýtt meðal þingdeildarmanna till. til þingsál. (A 566) um efling landsbankans — flutningsmaður Björn M. Ólsen — og á 48. fundi sömu deildar, mánudaginn 9. s. m., var eptir uppástungu forseta samþykkt í e. hlj. að hafa eina umr. um málið.

Á 50. fundi Ed., miðvikudaginn 11. september, kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Björn M Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg get verið fáorður, því að málið er svo ógnar einfalt. Tillaga þessi er sprottin af velvild til bankastofnunar okkar lands, og vona jeg að allir beri hlýjan hug í brjósti til þeirrar stofnunar. Jeg álít það mjög misráðið, þegar landið afsalaði sjer seðlaútgáfurjettinum til lengri tíma í hendur hlutabankanum, og getur því verið, að erfiðara verði að efla hag Landsbankans. Háttv. þingdm. vonast ef til vill eptir því, að jeg bendi á ráð til að framkvæma þessa efling Landsbankans og gjöri grein fyrir hvers efnis lög þau eigi að vera, er stjórnin leggur fyrir næsta þing um það efni. En jeg er enginn sjerfræðingur í þeirri grein, svo að ef jeg færi að segja eitthvað um það efni, þá yrði það ef til vill að eins til að villa, og því vil jeg ekki hætta mjer út í það. En jeg treysti því, að stjórnin í samráði við stjórn Lands-

bankans muni finna eitthvert gott ráð í þessa átt. Vona jeg því, að h. deild samþ. till. í einu hlj.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er síður en svo að jeg eða minni hlutinn hafi nokkuð á móti því að efla Landsbankann, að við hefðum þvert á móti óskað, að það hefði verið gjört fyrir mörgum árum, eða að stjórn Landsbankans hefði þá eitthvað viljað gjöra í þá átt. Eins og kunnugt er, var fyrir nokkrum árum háð áköf barátta fyrir því að fá meiri peninga inn í landið; en þá verandi stjórn Landsbankans— og var forstjóri Landsbankans þar fremstur í flokki — stóð á því fastar en fótunum, að ekki væri þörf á meiri peningum inn í landið. Það er ekki hægt að bera á móti þessu, enda er auðgjört að sanna það með því að slá upp í þingtíðindunum. Forstjóri Landsbankans sagði þá hjer á þinginu, að það væri hreint og beint hættulegt, að fá mönnum meiri peninga í hendur vegna þess, að menn kynnu ekki að fara með þá; þeir brúkuðu þá til lána og ætu þá upp. Þannig löguð meðul notaði þáverandi stjórn Landsbankans til þess að berjast á móti því að fá meira fje inn í landið, og hefði henni þó átt að vera skylt að efla Landsbankann sem mest, svo að strangt tekið var það forstjóra Landsbankans að kenna, að seðlarjetturinn var gefinn hlutabankanum; álít jeg það illa farið, að svo var gjört, enda lýsti jeg því yfir á þinginu þá. En þegar útsjeð var um það, að hægt væri að fá stjórn Landsbankans til þess að koma fram með neinar tillögur til þess að auka fje bankans, þá varð að fara aðra leið.

Þá sögðu menn, að þá sundlaði við, að farið var fram á að stofna annan banka með 5 miljóna hlutafje, en nú sundlar menn ekki við því, að auka fje þessa banka, svo miljónum skiptir, og því er það ekki um skör fram, að þessi till. um efling Landsbankans er komin fram, og hefði sú till. átt að vera komin fram löngu fyr og meira að segja líka komin í framkvæmd fyrir mörgum árum. Þeir sem börðust á móti hlutafjelagsbankanum sögðu þá, að þáverandi meiri hluti væri að berjast fyrir stofnun hans til þess að eyðileggja Landsbankann; en það hefur sýnt sig, að peningarnir voru þá of litlir í þessum nýja banka, og að höfuðstóllinn ekki var látinn vera meiri þegar frá upphafi, var ekki okkur að kenna, heldur mótstöðumönnum okkar. meðhaldsmönnum Landsbankans, sem ekki voru svo framsýnir að sjá, að landið þurfti meiri peninga. Jeg er hræddur um, að það veri erfitt fyrir núverandi stjórn að ráða fram úr þessu vandamáli, að efla Landsbankann; en ef hún sjer einhver ráð til þess, þá mun ekki standa á minni hlutanum með að styðja hana sem bezt í því, með því að það er ekki vanþörf á að efla Landsbankann eins og nú stendur á, þó fje hins bankans verði aukið, og vil jeg þess vegna mæla hið bezta með þessari þingsályktunartill. og óska stjórninni góðs gengis með að koma henni í framkvæmd.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Út af orðum háttv. 2. þm. G.-K., þar sem hann gat þess, að stjórn Landsbankans hefði verið á móti því, að auka fje bankans, þá veit jeg það um mig, að jeg hef aldrei látið þau orð falla, að bankinn ekki þyrfti meira fje, og að það var ekki af því, að jeg var á móti stofnun hlutafjelagsbankans, heldur af því, að mjer þótti peningar hans of dýrt keyptir, og hv. þm. veit það vel, að till. sú, sem borin var upp í hv.

Nd. af minni hlutanum um það, að Landsbankinn fengi að standa við hliðiða á hinum bankanum, var felld af þáverandi meiri hluta, en hjer í deildinni náði sú sama till. fram að ganga, og því er það að þakka, að landsbankinn er þó til enn þá.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skal taka það fram, að jeg sagði ekki, að hv. 2. kgk. þm. hefði neitað því, að Landsbankinn þyrfti meiri peninga, heldur talaði jeg um forstjóra eða framkvæmdarstjóra Landsbankans, háttv. 1. þm. Rvk., en hitt atriðið, sem háttv. 2. kgk. þm. minntist á, að við komum fram með till. um að leggja niður Landsbankann, kom til af því, að við vildum allt til vinna, að fá meira fje inn í landið, jafnvel þó það væri með þeim skilmálum, að afsala Landsbankanum seðlarjettinum, en eins og jeg tók fram áður, þá gjörðum við það nauðugir; en að það fór svo, var af forsómun landsbankastjórnarinnar í því að útvega meiri peninga handa bankanum, en þörf landsmanna á peningum hins vegar svo afar brýn, að það varð með engu móti hjá því komizt að útvega landsmönnum meira fje til nauðsynlegra og óhjákvæmilegra fyrirtækja. Það var reynt til þess að skýra þessa baráttu okkar fyrir þessum nýja banka í þá átt, að spilla fyrir málstað okkar og að við hefðum ekkert annað fyrir augum en að spilla fyrir Landsbankanum; en það reyndist nú svo með það, eins og svo opt vill verða, að mönnum eru opt gjörðar getsakir, sem ekki eru á rökum byggðar. En við vildum útvega landsmönnum meiri peninga, og vildum jafnvel ganga svo langt, að leggja niður Landsbankann, þó okkur væri það þvernauðugt; en það fór nú vel sem fór, og að hann stendur enn þá. En þegar við sáum enga aðra leið til þess að bæta úr peningavandræðum landsins, þá vildum við þó vinna til að afnema Landsbankann, enda þótt við gjörðum það nauðugir.

Flutningsmaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það gleður mig að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) er nú með því að styðja að efling Landsbankans. Það lýtur út fyrir, að háttv. þm (V. G.) sje nú farinn að ganga í endurnýjungu lífdaganna, þar sem hann taldi það illa farið, að seðlaútgáfurjettur hefði verið seldur í hendur Íslandsbanka, og að hann og hans sinnar hefðu aldrei barizt á móti Landsbankanum. Það var öðruvísi á þinginu 1901; mig mun ekki misminna það, þegar háttv. þm. (V. G.) ásamt þeim flokki, sem þá rjeð mestu, vildi óvægur ráða Landsbankanum bana. Enn nú veit jeg ekki hvað er a »berjast móti Landsbankanum«, ef það er ekki það að brugga honum banaráð. Ef þessi deild hefði þá eigi bjargað málinu, mundi Landsbankinn hafa verið lagður niður svo kappsamlega barðist þá flokkur h. þm. fyrir því.

Jeg hygg, að þetta sje ekki rangminni mitt, að vísu sat jeg ekki þá á þingi, en jeg skýt því til háttv. þingdeildarm. sem þá voru á þingi, hvort hjer sje ekki rjett með farið. (*Ýmsir:* Það er rjett). En hvað sem þessu líður, þá gleður það mig, að háttv. þm. (V. G.) vill nú greiða atkv. með till.

ATKV.GR.:

Tillagan samþ. í e. hlj. og afgreidd til ráðherra sem ályktun frá Ed. alþingis.

VI. Háskóli á Íslandi.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 27. ágúst, var lögð fram og útbýtt meðal þingdeildarmanna tillögu til þingsályktunar (A. 412) um háskóla á Íslandi — flutningsmaður Guðmundur Björnsson — og á 36. fundi sömu deildar, fimmtudaginn 29. s. m., var eptir uppástungu forseta, samþykkt að hafa eina umr.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 3. september, kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg gat þess, þegar professora-frumv. var á ferðinni, að jeg væri þakklátur hæstv. stjórn fyrir það, að hún hefði hug á því, að auka veg og gengi hinna æðri menntastofnana vorra, og sjerstaklega gladdi það mig, að heyra að Hans Hátign konungurinn vildi að eitthvað væri gjört til þess.

Þetta er gamalt áhugamál þjóðarinnar. Jeg hef getið þess, í umr. um annað mál, að lagaskólinn hafi verið eitt af fyrstu málunum, sem þingið tók fyrir, þegar það reis úr rústum.

Það hefur haft þennan skóla fyrir augum frá því rjett eptir 1845 og þangað til nú á þessari stundu. Að setja hjer á fót reglulegan háskóla, kom ekki til orða fyr en eptir 1880; 1883 voru samþ. lög um landsskóla. Þau náðu nú ekki samþykki stjórnarinnar, og hefur hún þar líklega mest rekið tærnar í lagaskólann. 1885 var aptur borið fram frumv. um landsskóla, og var það samþ. í Nd., en fellt í Ed. Loks var 1891 borið fram frumv. um háskóla. Þá hafði málið vakið hinn mesta áhuga, með fundahöldum, fjelagsstofnunum og samskotum um land allt. Háskólasjóður var stofnaður, og safnaðist talsvert fje. Jeg veit ekki gjörla hvað af því er orðið, en til mun það vera. En um frumv. fór eins og áður; það var fellt í Ed.; og síðan hefur málinu lítið eða ekkert verið hreyft. Eptir 1890 fer hugur þings og þjóðar að snúa sjer að annari hlið menntamálanna, alþýðumenntun og lægri skólum, og til þess hefur tíminn gengið þessi síðustu 16 ár, en háskólatalið hefur farið þverrandi, og á síðustu tveim þingum virðist svo sem þingm. hafa verið undarlega drumbs um það, sem áður var áhugamál þeirra og allrar þjóðarinnar; jeg á við lagaskólann.

Jeg verð nú fyrst og fremst að spyrja hvort þjóðinni muni hafa missýnzt svo mjög, þegar hún vildi koma á fót hjá sjer allsherjar menntastofnun í líkingu við þær, sem gjörast hjá öðrum þjóðum. Jeg hygg það verði erfitt, að rjettlæta nokkur veðrabrigði í þessu máli. Þörfin á því, að hafa í landinu skóla fyrir embættismannaefni þess, er jafnrík nú sem fyr; það hlýtur að verða affarasælast, að embættismenn vorir fái menntun sína hjer á landi, að minnsta kosti prestar og lögfræðingar. Vitanlega er læknamenntun fremur alþjóðlegs eðlis, og fullkomnari erlendis, en það væri þó óðs manns æði, að ætla sjer að senda öll læknaefni þangað, því að með því fengjum vjer aldrei nógu marga lækna; það gengur nógu illa samt, að fá þá, þótt skólinu sje í landinu sjálfu.

En það er ekki eingöngu hin knýjandi þörf á embættisskólum, sem mælir með þessu. Það er líka nokkuð annað, sem jafnan hefur legið á bak við, og hleypt fjöri í menn, þegar á þetta hefur verið minnzt, og það er hin þjóðlega hlið málsins. Jeg býst ekki við, að menn hafi í raun og veru

gjört sjer ljósa *grein* fyrir því, hvaða þjóðlega þýðingu það hefur, að háskóli sje til hjer á landi, en þeir hafa *fundið* það á sjer ósjálfrátt og fundið rjett. Því að hvert sem litið er meðal annara þjóða, þá sannast það, að vísindin efla alla dáð. Það má hvervetna rekja sögu háskólanna í sambandi við sögu þjóðanna sjálfra. Þegar þeir hafa verið í niðurlægingu, þá hefur optast dimmt að í lífi þjóðanna, og þær verið að því komnar, að gleyma sjálfum sjer. En þegar aptur hefur lifnað yfir þjóðunnm, þá eru það þessar stofnanir, sem einna fyrst hafa vaknað og visað veginn. Það er því víst, að svo framarlega sem vjer æskjum framfara í landi voru, sjerstaklega í þá átt, er snertir sjálfstæði landsins og verndun þess, sem vjer höfum dýrast erft eptir forfeðurna, tungu vora og þjóðerni, því hljótum vjer einnig að óska þess, að þetta mál nái fram að ganga.

Þessu hefur nú líka ekki verið mótmælt, en það er annað, sem haft er á móti framgangi málsins; það eru erfiðleikarnir, kostnaðurinn. Nú verður kostnaðurinn hlutfallslega minni en áður, þegar lagaskólinn er kominn hvort sem er; ef þessir þrír skólar verða sameinaðir og settir undir eina stjórn: þá er þar fengin góður vísir til fullkomins háskóla.

Það er sagt, að ekki sje hægt að sameina skólana, nema reist sje handa þeim nýtt hús. Þetta er nú fyrst og fremst ekki rjett, því að í öðrum löndum er það algengt, að deildir háskólanna búi hver á sínum stað. Þetta þarf því ekki að vera því til fyrirstöðu, að stofnaður sje hjer háskóli af þeim kennsludeildum, sem nú eru til, og síðar bætt við fleiri deildum. En svo verð jeg líka að segja, að jeg sje ekki betur, en að innan skamms *hljóti* að reka að því, að hinum æðri skólum vorum sje útvegað húsnæði, hvað sem sameiningu þeirra líður.

Nú sem stendur hefst læknaskólinn við í gömlu og ónýtu húsi, sem hann á ekki einu sinni sjálfur. Það hefur komið til orða að selja það, og þá yrði honum úthýst. Prestaskólanum þarf jeg ekki að lýsa. Allir þekkja þennan lága, ljóta kofa með grænu, brostnu rúðunum. Það er ekki virðuleg vistarvera fyrir slíka stofnun. Það mun vera í ráði, að leigja hús handa lagaskólanum einhverstaðar úti í bæ, en hvort hann getur fengið viðunanlegt húsnæði fyrir það fje, sem til þess er ætlað, það tel jeg mjög vafasamt. Þetta er allt útdráttarsamt og ófullnægjandi til lengdar, og undarlegt er það, að landið skuli verja stórfje til húsabygginga handa gagnfræðaskólum, búnaðarskólum, kvennaskólum og barnaskólum, en láta æðstu menntastofnanir sínar vera húsnæðislausar. Jeg á bágt með að skilja í þessu.

Í þessari þingsál.till., er hjer liggur fyrir, er ekki farið fram á annað en það, að skora á stjórnina, að íhuga háskólamálið, og leggja árangurinn af þeim íhugunum fyrir næsta þing í frumvarpsformi. Ef þingið sjer þá ekki fært að leggja út í neitt slíkt kostnaðarins vegna, þá er ekki meira um það að segja, og er þá hægur vandi að láta þar staðar numið. En þessa þingsályktunartill. vona jeg að háttv. deild samþykki, því að það kostar ekkert.

Eins og bent hefur verið á, hefur þetta mál lengi verið óskabarn þjóðarinnar, en ekki stjórnar vorrar að sama skapi, en nú hefur það komið í ljós á þessu þingi, að bæði Hans Hátign konungurinn og háttv. núverandi stjórn

vor virðast hafa áhuga á málinu. Málið horfir því óneitanlega betur við nú en áður, meðan það átti við bæði innlent og útlent apturhald að stríða, og mundi það vera til mikils fagnaðar fyrir hina fyrri styrktarmenn þess, ef þeir mættu nú líta upp úr gröf sinni. Því að mörgum þeirra, er áður hafa setið á þessum bekkjum, var þetta mest áhugamál allra mála, þeirra, er þeir fluttu á þingi. Jeg er þess líka fullviss, að *þjóðin* sleppir aldrei af því hendinni, heldur munu ætíð einhverjir vekjast upp til að halda því á lopti.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Þótt nú sje þegar komið fram yfir þann tíma, þegar vant er að gjöra fundarhlje, hef jeg samt beðið mjer hljóðs, því að jeg kann ekki við það, að þessu máli sje varpað svo hjeðan út úr deildinni, að ekki sje á það minnzt, nema af flutnm. einum, þótt hann hafi mælt svo vel fyrir því, að fáu þurfi við að bæta.

Það er alltaf gleðilegt þegar gott mál sigrar, og það virðist vera sigurbragur á þessu máli nú, því að líkur eru til þess, að það sje að leggja undir sig almenningsálitið. Það var það að vísu búið að gjöra áður um eitt skeið litlu eptir 1890, en síðan það þá var svæft um sinn, bæði af mótspyrnu stjórnarinnar og ýmsra annara, hefur verið kyrrð á því. Það var líka von, að það kæmist ekki lengra þá, því að ýmsir beittu sjer gegn því. Það var kölluð »blóðlaus hugmynd« og mörgum fleiri óvirðulegum nöfnum, og þótti smellið. Þrátt fyrir þetta var þó safnað talsverðu fje í háskólasjóðinn 1893. Háttv. flutnm. sagðist ekki vita hvað af því væri orðið, en jeg get frætt hann um það og glatt hann með því, að táta hann vita, að það er allt í öruggri geymslu í landsbankanum og er nú orðið eitthvað um 8,000 kr. eða rúmlega það. Eins og jeg sagði, hefur verið hljótt um þetta mál í seinni tíð. 1896 skrifaði jeg um það alllanga grein í Þjóðólfi, sem er eiginlega fyrirlestur, haldinn fyrir hið íslenzka kvennfjelag, sem aðallega var stofnað út af háskólahreyfingunni. Í þau 10 ár, sem síðan eru liðin, hefur málið eiginlega sofið. Þá kom stjórnarskrárþrasið, sem gleypti allt annað og svo biðu menn eptir því, að fá lagaskólann, því að hann vantaði alltaf, þangað til lögin 1904 komu. En þegar vissa var fengin fyrir honum, þá þótti mjer og öðrum stuðningsmönnum þessa máls, — jeg verð að telja mig meðal þeirra — að minnsta kosti síðan 1892 að jeg byrjaði á blaðamennsku, að tími væri kominn til þess að taka það upp aptur. Því var nú samt ekki hreyft í blöðum, fyrri en jeg skrifaði grein um það í þrem blöðum »Þjóðólfs« í vetur sem leið, frá 11. janúar til 1. febrúar til þess að reyna að vekja málið af þessum langa svefni. Þar voru tekin fram aðalatriði málsins, hvernig ætti að koma því í framkvæmd og bein áskorun til stjórnarinnar um að undirbúa frumvarp um sameiningu þessara þriggja menntastofnana og kennslu fyrirkomulagið við þær. Vera má að stjórnina hafi skort tíma til þess að undirbúa þetta frumv., og það verð jeg að ætla, heldur en að hún hafi eigi viljað sinna málinu. En þess verð jeg að geta, að engu öðru blaði varð að vegi að minnast á málið þá. Nú vona jeg úr því að búið er að hreyfa málinu á þennan hátt hjer í þinginu, þá muni þetta lagast, og öll blöðin taka undir í einum kór. Jeg álít líka að það sje ekki lítill vinningur fyrir þetta mál, að einmitt forstöðumaður læknaskólans skuli vera flutnm. þess.

Jeg hefði gjarnan viljað minnast dálítið á fyrirkomulagið. Það hefur alltaf verið meining mín og annara, sem málið hafa stutt, að steypa saman þessum þrem deildum og bæta svo við eptir þörfum og ástæðum. Það væri t. d. sjálfsagt, að fá innan skamms tvo eða þrjá kennara í sögu Íslands og bókmenntum, að minnsta kosti tvo, svo að annar gæti tekið tímabilið fyrir, en hinn eptir 1264. Vjer verðum að útbúa þá deild svo, að menntamenn úr öðrum löndum sæki þangað, og viti að hvergi sje betri kennslu að fá í norrænum fræðum, en við íslenzka háskólann, en til þess þarf mjög vel hæfa menn til kennara. Svo eru fleiri greinar. Smámsaman þyrftum vjer að koma á hjá oss góðri kennslu í náttúrufræði, efnafræði, eðlisfræði og almennri sögu og bókmenntum. Útlend bókmenntasaga er alveg látin sitja á hakanum hjer, Jeg hef sjerstaklega rekið mig á það, hve ófróðir menn eru um mestu andans menn, sem uppi eru og hafa verið í öðrum löndum, og það jafnvel lærðir menn. Kennsluna í þessari grein hefur ætíð vantað hjer, en í staðinn hefur verið kennd tóm hernaðarsaga og konungaraðir, þótt slíkt hafi miklu minni þýðingu.

Jeg vonast til þess, að þá er þessi stofnun kemst á fót, þá verði hún eigi eingöngu til þess, að lypta undir andlegar framfarir hjer innanlands, heldur og til þess, að vegur vor vaxi út á við, svo að aðrar þjóðir leiti til Íslands sem miðstöðvar allrar þekkingar og fræði um þann tíma, þegar hjer á Norðurlöndum var ein tunga og ein þjóð.

Það er eitt atriði, sem háttv. flutnm. hefur gleymt, og jeg vil minnast lítið eitt á í þessu sambandi, en það er námstyrkur íslenzkra stúdenta við háskólann í Kaupmannahöfn. Á síðasta þingi var samþ. þingsl.till. um það, að fá þessum styrk breytt þannig, að helmingur styrksins legðist til íslenzkra stúdenta, sem nám stunda hjerlendis, en helmingur til þeirra, sem eru að námi erlendis. Jeg veit, að landsstjórnin hefur farið þessa á leit, en árangurinn mun hafa lítill orðið, Háskólaráðið danska mun hafa lagt eindregið á móti, að þessu væri sinnt. En þótt þessu væri neitað, og vjer yrðum alveg að missa af Garðstyrknum, þá er mjer næst að halda, að vjer værum eins vel settir, þó að vjer afsöluðum oss honum alveg; vjer gætum víst komizt af án hans, en það mætti aptur verða til þess, að losa nokkuð böndin milli Íslands og Danmerkur, sem margur vill nú heldur losa um en festa. Auðvitað mundi Hafnarháskóli verða sóttur eptir á, einkum vegna ýmsra greina, er þar væri kostur á að fá numið til meiri hlítar en hjer. Samt álít jeg ekki, að styrkurinn ætti að standa fyrir, hann hefur ekki ávallt verið sú heillaþúfa íslenzkum stúdentum. Enn má jeg geta þess í sambandi við þetta mál, að það er ekki annað fyrirsjáanlegt, en að hinar innlendu menntastofnanir vorar, prestaskóli, lagaskóli og læknaskóli veslist upp eða hangi á horriminni alla þá stund, sem námsstyrkurinn við Hafnarháskóla dregur meginþorra námsmanna vorra út yfir pollinn. Það er einmitt Garðstyrkurinn, sem sýgur merg og þrótt úr þessum æðri skólum vorum, meðan fyrirkomulaginu er ekki breytt, og háskóli stofnaður hjer. Og þessi ástæða ætti að vera ein næg til að hrinda máli þessu í framkvæmd.

Jeg vona, að þessi till. fái hinar beztu undirtektir, því að hjer er um miklu meira velferðarmál að ræða en nokkur getur ef til vill gjört sjer í

hugarlund í fljótu bragði. Kostnaðinum hef jeg nokkuð gjört grein fyrir í grein minni í Þjóðólfi um þetta mál, þeirri er áður var til vikið. Bæði læknaskóla og lagaskóla vantar hús, eins og háttv. flutnm. tók fram, svo að full nauðsyn er á að koma upp sómasamlegu húsi fyrir alla skólana, en fyrst í stað mætti eflaust bjargast við leiguhús, þótt háskóli yrði stofnaður. Það er ekki beint nauðsynlegt, að það tvennt fari saman undir eins, húsbyggingin og skólastofnunin, þótt það væri auðvitað æskilegast.

Jeg skal ekki orðlengja meira um þetta mál; vona jeg, að hin háttv. þingd. bregðist vel við till.; minnstu skiptir um það, hverjir stuðlað hafa að því, að hreyfingin er komin á þetta mál, ef árangurinn verður góður, sem vænta má.

Ráðherrann: Háttv. flutnm. byrjaði með því, að nefna prófessorafrumv., sem svo er kallað, og hafði þau orð eptir mjer, að Hans Hátign konungurinn hafi með því frumv. viljað sýna menntastofnunum landsins sóma. Það getur verið að svo sje, og vissulega vill konungurinn bæði hinum æðri menntastofnunum vorum og öllu landi voru allt hið besta. Hann hefur og samþ., að það frv. skuli lagt fyrir þingið sem stjórnarfrumv. En jeg hef ekki kennt honum um framkomu þess frumv. Jeg hef alla ábyrgð á því, að það er fram komið. Jeg hef að eins sagt, að frumv. stæði *í sambandi* við konungskomuna. En ef háttv. flutnm. segir, að konungur sje hlynntur háskólastofnun hjer á landi, þá hefur hann það ekki frá mjer, heldur hlýtur hann þá að hafa fengið vitneskju sína á annan hátt.

Háttv. flutnm. sagði, að háskólamálið hefði ætíð haft gott gengi hjá þjóðinni, en aldrei haft byr hjá stjórninni. Þetta getur ekki gilt um þá stjórn, sem nú er, því að málið hefur aldrei legið fyrir henni.

Jeg heyrði, að háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) var mjög óánægður yfir því, að stjórnin hefur ekki tekið eptir einhverri grein í Þjóðólfi um þetta mál, nje rokið upp til handa og fóta til þess, að fara eptir einhverju, sem þar segir. En þar er því til að svara, að stjórnin hefur annaðhvort ekki tekið eptir greininni, eða greinin komið svo seint, að ekki hefur verið auðið að átta sig nægilega á öllu því, sem athuga þarf og undirbúa, áður stjórnin getur lagt slíkt mál fyrir þingið. Meðal annars þyrfti eitthvað að athuga kostnaðarhliðina. Það er ekki nóg, að koma fram með »blóðlausa hugsjón« frá »almennu sjónarmiði«; það þarf merg og blóð, »fæði og skæði, hús og heimili«. Undirbúningurinn þarf að vera margvíslegur og ítarlegur. Ef þessi þingsál.till. verður samþ., mun stjórnarráðið hugsa málið eptir föngum, og reyna að komast að einhverri niðurstöðu um það. En ekki get jeg lofað neinu um það, að þeim undirbúningi miði svo vel, að hægt verði að leggja fyrir þingið 1909 neitt frv. þess efnis.

Jeg vil gjöra þá fyrirspurn til háttv. flutnm., hvers vegna lagaskólinn er ekki talinn með í till.; vafalaust er þó meining hans, að lagakennsla skuli einnig vera við háskólann, og þá þarf auðvitað líka að endurskoða lagaskólalögin. Er það ekki að eins »prentvilla«, að lagaskólans er ekki getið? Jeg hygg að svo sje.

Í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að skýra frá afdrifum þingsál.-till. þeirrar, sem samþ. var á síðasta þingi um það, að nokkur hluti háskólastyrksins mætti útborgast hjer heima. Út af þessari till. skrifaði jeg

»Kultusministeríinu« og það aptur háskólaráðinu. 18. júní síðastl. fjekk jeg það svar, að slíkt fyrirkomulag kæmi í bága við »Fundats Kommunitetsins«, sem ákvæði, að styrkurinn væri eingöngu handa stúdentum við Kaupmannahafnar háskóla. Mjer var þetta kunnugt áður eins og jeg skýrði frá á síðusta þingi, en jeg hafði talað við einn af prófessorum háskólans og hann var ekki frá því, að breyta mætti »Fundats Kommunitetsins« í þessa átt. En eptir þessu svari er auðsætt, að kirkju- og kennslumálastjórnin vill ekki beitast fyrir slíkri breyting. Hinsvegar segir »Kultursministeríið« í svari sínu, að það sje fúst til að semja um breytingar á styrknum til íslenzkra stúdenta í Höfn, en þær breytingar verði að vera á grundvelli »Fundatsins«, sem heimtar, að þeir stundi nám við háskólann í Kaupmannahöfn, er styrksins njóta.

Að svo stöddu sje jeg því ekki til neins að fara lengra út í það mál.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það er tvennt, sem jeg vil taka fram út af ræðu hæstv. ráðh. Fyrst er það, að ekki er ástæðulaust að ætla, að konungur sje hlynntur stofnun háskóla hjer á landi, því að hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að prófessorafrv. væri til orðið í sambandi við konungskomuna og væri gjört að hans vilja til að auka veg embættaskólanna hjer, og mætti því ætla, segi jeg, að konungur væri því hlynntur, að þeir sameinuðust í eina heild og yrðu að háskóla, því að þá hlyti vegur þeirra að aukast sem mest má verða. En hvort sem menn álíta þetta mikla sönnun eða ekki, þá er það föst sannfæring mín, að svo muni reynast, að konungur verði þessu máli hlynntur.

Hitt, sem jeg vildi minnast á, var þetta, að hæstv. ráðh. furðaði sig á, að farið var fram á, að prestaskólalögin og læknaskólalögin yrðu endurskoðuð, en ekki lagaskólalögin. Þetta var ekki gjört af gleymsku, heldur af ásettu ráði og aðallega af kurteisi. Það á sem sje ekki vel við að skora á stjórnina, að gjöra breytingar á nýsamþ. lögum; en þó lagaskólalögin sjeu ekki nefnd, þá liggur það í augum uppi, að sjálfsagt er að breyta þeim eptir þörfum, þegar kemur að stofnun háskólans. Auk þess er mikill munur á þessum lögum; lög lagaskólans eru ný, en lögin um hina skólana eru gömul, og því líklegra að þau þurfi breytinga við. Hvað viðvíkur breytingunni á námsstyrk við Hafnarháskóla, kemur mjer þetta svar ekki á óvart. Jeg vissi, að sú breyting gat aldrei komið til neinna mála. »Kommunitetið« er ætlað stúdentum, sem stunda nám við háskólann, og hefur aldrei verið ætlað til annars og annað ekki leyfilegt. Það hefur því aldrei með rjettu veri hægt að byggja neinar vonir á þeirri þingsál.till.

Ráðherran: Jeg vildi spyrja háttv. flutnm. till., hvort hann álítur ekki rjettast að taka málið af dagskrá til að skjóta lagaskólanum inn í till. Jeg skil ekki í því, að það gjöri neitt mein, en það er betra vegna þeirra, sem skoða till. eptir á, og frestar að eins málinu um tvo eða þrjá daga. Auðvitað þarf að endurskoða lagaskólalögin um leið og ákvæðin um hina aðra skóla, ef á að steypa hann saman við þá í eina heild, enda hefur háttv. þm. sjálfur sagt, að hann ætlaðist til þess.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg á dálítið bágt með að skilja skoðun hæstv. ráðh. á þessu atriði. Landsstjórnin hefur svo

opt endurskoðað ný og gömul lög, þó ekki hafi legið fyrir áskorun um það frá þinginu og eins getur hún gjört það nú. (*Ráðherra:* Því hef jeg aldrei neitað). En jeg hef sagt, að það væri sjerstök ástæða til að nefna gömlu skólana, en sleppa lagaskólanum, því að þau lög eru glæný. Annars er jeg ekki á móti því, að málið sje tekið af dagskrá og því frestað 1 eða 2 daga, ef það vörður þá ekki málinu til meins.

Ráðherrann: Auðvitað gæti stjórnin lagt málið fyrir þingið án þingsályktunartillögu um endurskoðun á þessum lögum; en það er betra, að nefna lagaskólann með vegna seinni tíma, svo að menn geti sjeð, hverjum það er að þakka, að hann fær að vera með í háskólanum. Annars kynnu menn ef til vill að þakka Þjóðólfi það, í stað þess að þakka það háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.).

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg vil gjöra það að tillögu minni, að málið verði tekið út af dagskrá.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Mætti jeg styðja tillögu hins hæstv. ráðherra. Jeg hef ekki heldur haft tíma vegna annara þingstarfa, til að vera við umræðurnar um málið.

ATKV.GR.:

Samþykkt að taka málið út af dagskrá með 14 atkv. og var umr. því frestað.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom þingsályktunartillagan til framhalds einnar umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Jeg álít ekki þörf að mæla frekar með þessari tillögu, en gjört hefur verið, fyrst engar mótbárur hafa komið í ljós. Jeg aðhyllist breyt.till. háttv. þm. Snæf. um lagaskólann. Jeg tók það fram, að jeg hefði ekki sleppt lagaskólanum af gleymsku, heldur af því, að mjer þótti ekki eiga við að skora á stjórnina að endurskoða lög, sem búin eru til á þessu þingi. Jeg greiði atkv. með breyt.till. og vona að tillagan verði samþykkt.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg stend að eins upp til þess að þakka hv. flutningsm. (G. B.) fyrir liðlegar undirtektir undir viðaukatillögu mína, sem jeg þannig ekki þarf að tala fyrir. Og sömuleiðis finnst mjer háttv. sessunautur minn, 1. þm. Arn. (H. Þ.) eiga þakkir skyldar fyrir góða baráttu í þessu máli. Hann og blað hans hafa alltaf stutt málið vel.

Forseti Magnús Stephensen: Eru fleiri þakkarávörp?

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Já, jeg gleymdi að þakka hæstv. forseta fyrir biðlundina.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 592 samþykkt í einu hljóði.

Tillagan þannig breytt samþykkt í einu hljóði og afgreidd til ráðherra sem ályktun frá Nd. alþingis.

VII. Metorðaskattur.

Á 43. fundi Nd., föstudaginn 6. sept., var till. til þingsál. (A 567) um metorðaskatt — flutningsmaður Hannes Þorsteinsson — lögð fram og henni útbýtt meðal þingdeildarmanna, og á 45. fundi deildarinnar, mánudaginn 9. s. m., var eptir uppástungu forseta samþ. að hafa eina umr. um tillöguna.

Á 46. fundi Nd., þriðjudaginn 10. september, kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Það vill svo vel til, að áður en till. þessi kom fram, hafði efni hennar verið þaulrætt í báðum deildum og þarf það því ekki langra skýringa við.

Svo stendur á, að ágreiningur hefur verið um það, jafnvel meðal lögfræðinganna, hvort tilskipun frá 7. febr. 1764 hafi gildi hjer á landi, og þessi sami ágreiningur hefur nú komið fram í báðum deildum þingsins. Og sakir þess, að meiri hluti þingmanna var þeirrar skoðunar, að þessi lög sjeu gildandi hjer á landi, þá hefur nafnbótaskattur verið tekinn upp í tekjukafla fjárlaganna. Hins vegar hefur því verið haldið fram, að engin heimild sje til að heimta slíkt gjald af þeim mönnum hjer á landi, er metorð hafa fyrir orður eða titla.

Fyrir því hefur mjer komið til hugar, að bezt væri að skera úr þessu með ákveðnu lagafyrirmæli, svo að ekki sje verið að áætla skatt á fjárlögunum, sem ef til vill verður ekki innheimtur nema í heimildarleysi. Hins vegar tel jeg menn ekki of góða til að gjalda skatt af titlum sínum og tignarmerkjum, ef þeir vilja þiggja þá vegtyllu. Fyrir hina, sem þegar hafa þegið metorðin, ef til vill í þeirri meiningu, að þeir þyrftu ekkert af þeim að gjalda, er afarauðvelt að segja þeim af sjer, ef þeir vilja ekki vinna til að borga fyrir þau. Auðvitað er hjer ekki um stórvægilega tekjugrein fyrir landssjóð að ræða — eptir öllum eyktamörkum að dæma, eru þó líkindi til, að hún fari að mun vaxandi — en það er ekki vegna þess, að jeg hef flutt þessa tillögu, heldur vegna þess, að jeg vil láta menn þessa borga eitthvað fyrir þetta tildur, sem margir álita hjegóma, og jeg fyrir mitt leyti vildi helzt að alls ekki ætti sjer stað. En að nema slíkt *úr* lögum mundi eflaust ekki fá framgang hjer. Þessi metorðaskattur getur komið víða við, því tröppustiginn er ekki skammur. Hjer geta þotið upp »konferensráð«, »etatsráð«, »justitsráð«, »kancelliráð«, »kammeráð« og »striðsráð«. Og jeg álít rjettast, að hann taki út yfir hvorttveggja, bæði titla og orður, er skipa mönnum í hærri lögtign, en embætti þeirra veita þeim. Það mætti því ef til vill öllu heldur kalla þetta gjald lögtignarskatt. Það má búast við því, að margir vilji vinna til þess að borga eitthvert árgjald til að hækka í þessum lögtignarstiga. Röðin í þeim stiga er hvort sem er dálítið önnur og eptir öðrum mælikvarða en í hinum rjetta mannvirðingar- eða rjettara sagt, manngildisstiga þjóðfjelagsins.

Jeg álít rjett, eins og líka hæstv. ráðh. hefur tekið fram, að til sje ákveðið lagaboð um innheimtu þessa gjalds, svo að enginn megi telja þess krafizt í heimildarleysi, og þess vegna hef jeg leyft mjer að koma með þessa tillögu um að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frumv. til laga um metorðaskatt. Ef til vill kunna sumir

að telja betur við eiga að fela það skattamálanefndinni, jafnt sem önnur skattamál landsins. En jeg býst við, að hún muni eiga í svo mörg horn að líta, að ekki sje aukandi á hana störfum. Enda er stjórninni vorkunnarlaust að annast það. Það gæti kannske hugsazt, að þau lög yrðu til þess, að menn yrðu ekki jafn fiknir í metorð eptir sem áður, en jeg held það væri þá ekki skaði skeður. Og jeg skal enn taka það fram, að með slíkum lögum væri þeim, er þegar hafa þegið nafnbætur, engin rangindi gjörð, því að fyrir þá, er eigi vilja gjalda af metorðum sínum, er opinn vegur að segja þeim af sjer.

Jeg tel mig ekki þurfa að tala meira fyrir þessu máli; það er bæði einfalt og óbrotið og vandalaust fyrir stjórnina að ráða fram úr því.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 16 atkv. og afgreidd til ráðherra sem ályktun frá neðri deild alþingis.

VIII. Handrit í Árna Magnússonar safni.

Á 44. fundi Nd., laugardaginn 7. september, var tillaga til þingsályktunar (A. 575) um skil á handritum, fyrrum lánuðum hjeðan af landi Árna Magnússyni, — flutningsmaður Hannes Þorsteinsson — lögð fram og henni útbýtt meðal þingdeildarmanna, og á 45. fundi deildarinnar, mánudaginn 9. s. m., var eptir uppástungu forseta samþykkt, að hafa eina umræðu um tillöguna.

A 46. fundi Nd., þriðjudaginn 10. september, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Flutningsmaður Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg býst við því, að þessi tillaga muni þurfa frekari skýringar við gagnvart hinni háttv. deild, heldur en hin næsta á undan (um metorðaskattinn).

Jeg get ímyndað mjer það, að sumum kunni í fljótu bragði að virðast svo, sem hjer sje farið nokkuð langt, og lítil von sje um árangur af þessari kröfu. En ekki dugar ófreistað, og krafan er fyllilega rjettmæt í alla staði. Vjer höfum fyrir oss fullan lagalegan rjett til þess, að fá henni fullnægt, og ætla jeg nú að leyfa mjer að skýra þetta fyrir háttv. deildarmönnum, ef þeir vilja hlýða á mál mitt.

Eins og menn vita, er margt af dýrmætustu bókmenntafjársjóðum vorum niður komið í Kaupmannahöfn. Nokkuð hefur að vísu lent í Bretlandi og Svíþjóð, en allur aðal-stofn fornra skinnbóka og brjefa er þó í safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Það er kunnugt, að hann safnaði slíku hjer á landi með afar-miklum dugnaði um og eptir aldamótin 1700, og er það allt þar í því safni, það sem ekki fórst í brunanum 1728. Það hefur áður í formálanum fyrir skrá um skjöl og bækur í landsskjasafninu hjer, sem Dr. Jón Þorkelsson skjalavörður hefur samið, verið gjörð grein fyrir því, hver af þessum skjölum vjer gætum heimtað. En jeg get ímyndað mjer, að margir háttv. þingmenn hafi ekki lesið þetta, og skal jeg því fara um það fáum orðum til skýringar.

Þá er Árni Magnússon hafði veturseturí Skálholti, afskrifaði hann fyrnin öll af skjölum, og fjekk þá mikið til láns frá Hólum. En er hann fór, þá hafði hann ekki lokið afskriptunum, svo að frumbrjefin frá Hólum voru send með utan, eptir að hann sjálfur var farinn af landi brott, og drógst svo úr hömlu, að skila þeim aptur. Brjef þessi eru á fimmta hundrað að tölu. Aptan á flest öll þeirra hefur Árni sjálfur skrifað eða látið skrifa stafina »sk.«, og hefur sú skýring á þessari skammstöfun fundizt í fornbrjefaskrá hans, eptir hann látinn, að það merki »skilist«, og hefur hann þannig gjört ráð fyrir því, að þeim yrði skilað aptur til Hólastóls. Auk þess vita menn, að hjer í landsskjalasafninu eru 23 forn skinnbrjef, sem sömu stafirnir standa á, og sem Árni hefur haft í höndum og skilað aptur. Nú eru það ekki eingöngu brjef, sem hann hefur fengið til láns, og á þann hátt hafa lent í Kaupmannahöfn, heldur og dýrmæt handrit, t. d. brjefabók Jóns biskups Vilhjálmssonar, elzta íslenzka brjefabókin, máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar, máldagasafn gamalt og æfa-gamlar rekaskrár klaustranna og biskupsstólsins. Allar þessar bækur hafa verið til á stólnum við úttektina 1708, en hafa verið ljeðar honum eptir það. Árni hefur líka ekki eingöngu fengið skjöl til láns frá Hólum, heldur og frá Bessastöðum mjög mörg. Framan á einni gamalli konungsbrjefabók, sem nú er í landsskjalasafninu, stendur vottorð um það, að Árni Magnússon hafi 1703 fengið til láns 121 gamalt skinnbrjef um klaustraeignir hjer á landi frá Bessastöðum, og þar stendnr jafnvel, að Árni hafi gefið skriflega viðurkeuningu fyrir þessum brjefum, dags. í Keflavík 9. sept. 1703.

Þá er að minnast á það, hvernig um þetta fór, að Árna látnum, og skal jeg ekki fara út í það að tala um erfðaskrána sjálfa, þótt ekkert frumrit sje nú til af henni, svo að hún stendur nú á nokkuð völtum fæti. Mjer dettur ekki í hug að fara fram á það, að því sje skilað aptur, sem hann hefur keypt sjálfur eða fengið að gjöf. En hitt er dálítið einkennilegt, að í stofnskránni (»fundazíunni«) frá 18. jan. 1760, 30 árum eptir dauða Árna, láta þessir dönsku menn, sem sömdu hana, standa að allt sje gefið háskólanum holt og bolt, sem Árni hafði safnað, hvort sem það var hans eigin eða ekki. Hefur það hlotið að koma annaðhvort af því, að þeir hafi ekki vitað annað, en að það væri allt hans eign, eða hinu, að þeir hafi eigi hirt um það, en álitið, að það væri bezt komið þarna. En nokkuð er það, að þeir gjörðu þetta upp á sitt eindæmi, og jeg veit ekki til þess að leitað hafi verið um þetta álits biskupanna eða nokkurra annara yfirvalda á landi hjer.

Af þessu leiðir, að Árna Magnússonar safnið hefur engan rjett til þessara skjala, enda hefur þegar tekizt að fá skilað þrem fornbrjefum frá Þingeyraklaustri og einu að minnsta kosti frá Mýrakirkju í Dýrafirði.

Nú hef jeg farið fram á það, að stjórnin gjöri tilraunir til þess, að landinu verði skilað aptur þeim skjölum, sem það á með skýlausum rjetti, sem enginn getur neitað. Jeg hef orðað till. varlega, svo að það geti ekki orðið neitt athugavert fyrir stjórnina, að leggja út í þetta. Jeg hef hugsað mjer það, að þegar stjórnin hefur gjört þessar ráðstafanir, þá leggi hún öll skjöl og skilríki þessu viðvíkjandi fyrir næsta þing, og geti það þá úrskurðað, hvernig með málið skuli fara, ef því er þá ekki þegar ráðið til lykta.

Jeg skal í sambandi við þetta leiða athygli manna að því, að Alþingisbók Þórðar lögmanns Guðmundssonar var flutt hjeðan burtu 1837 úr skjalasafni stiptamtsins og sett í ríkisskjalasafnið. Neitaði stjórnin harðlega að skila henni aptur, þangað til hún fjekkst 1904 fyrir fylgi vorrar innlendu stjórnar og aðstoð annara manna ytra. Af þessu sjest, að það er ekki lítið varið í það, að stjórn vor veiti þessu máli eindregið fylgi og leggi fram krapta sína eins og unnt er. Með því er líklegt að þetta mál hafist fram. Auk þess má geta þess, að jeg get ekki hugsað mjer annað þakklátara starf og vinsælla fyrir stjórnina að takast á hendur en þetta, að vinna að því, að bókmenntafjársjóðum vorum verði skilað aptur, og mjer finnst, að stjórnin mætti vera þakklát fyrir það, að geta sýnt hjer hvað miklu góðu hún gæti orkað.

Jeg skal geta þess í sambandi við þetta, að á öðrum söfnum í Kaupmannahöfn, t. d. ríkisskjalasafninu, er ákaflega margt hjeðan frá Íslandi. Þar er nú nokkuð öðru máli að gegna, þau skjöl eru ekki lánuð, heldur komin þangað í gegn um hendur stjórnarvaldanna. En reynandi væri fyrir stjórnina að vita, hvort hún getur ekki fengið meira af þeim, en fengizt hefur enn þá; vjer höfum ekki fengið eldri skjöl en frá 1847, en gott væri að fá jarðabækur o. fl., sem nauðsynlegar er, þó ekki væri eldra en frá því um miðja 18. öld og niður úr. Þessu vildi jeg skjóta til stjórnarinnar, því að þótt líklega sje ekki að tala um það, að fá eldri skjöl aptur, þá gæti þó verið gott, að ríkissjóður kostaði svo sem einn eða tvo afritara, svo að við gætum að minnsta kosti fengið afrit af þessum skjölum, ef vjer getum eigi gjört beina kröfu til þeirra sjálfra. Þetta snertir að vísu ekki tillögu þá, sem fyrir liggur, en jeg hef getið þessa, af því að það er málinu skylt. En nú skal jeg snúa mjer aptur að till. sjálfri. Jeg vona, að stjórnin gangi nú að þessu með afli og áhuga. Auðvitað gildir hjer málsháttúrinn: »Ultra posse nemo obligatur«, Það er ekki ætlazt til þess, að stjórnin gjöri *meira* en hún getur, heldur *það* sem hún getur, og að hún leggi fyrir næsta þing skýrslu um það, hvað hún hefur gjört og hverju hún hefur áorkað. Jeg býst við því, og get vel skilið það, að þeir sem bækurnar hafa að varðveita þar ytra, muni halda fast í þær, ekki fellur trje við fyrsta högg, og vjer verðum að treysta því, að vjer fáum stigið yfir þann múr, þó ekki brotni skarð í hann við fyrsta áhlaupið. Jeg veit að sá maður, sem hefur forstöðu fyrir safni Árna Magnússonar, (Kr. Kaalund) er svo sanngjarn, að hann verður að játa, að vjer höfum rjettartilkall til þessa, þótt honum sárni það. Safn Árna Magnússonar verður eptir sem áður höfuðprýði hjá Dönum, sem þeir eru hreyknir af, sem von er. En þeir mega ekki halda þar fyrir oss því, sem vjer eigum með rjettu. Þeir hafa nóg eptir samt.

Jeg get ekki skilið það, að nokkur verði til þess, að mótmæla þessari till., heldur verði hún samþ. í einu hljóði, og hún á að verða samþ. í einu hljóði. Jeg álít, að það geti nú verið áhrifa, meira en áður, að gjöra þessa kröfu, það hefði ef til vill átt að vera búið, að gjöra hana fyrir löngu, en nú álít jeg þó, að sje einmitt kominn hinn rjetti tími til þess, er vjer höfum fengið innlenda stjórn. Jeg vil geta þess, að mjer finnst það sjálfsagt, að stjórnin leiti sjer upplýsinga um það, hvað heimta á, og má þá benda til landsskjalavarðarins, og ef til vill fleiri

manna. Það er sjálfsagt, að ekki verður farið fram á neitt það, sem vjer höfum ekki fullan rjett til, enda er það nauðsynlegt, að fara ekki of langt, því það gæti valdið mótmælum með rjettu, og spillt fyrir framgangi málsins. Vjer viljum ekki beita neinni ósanngirni í þessu, en rjett vorn viljum vjer hafa óskertan.

ATKV.GR.: Till. borin undir atkv. og samþ. í e. hlj.

Till. var síðan afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá Neðri deild alþingis.

IX. Fjármálanefnd í Ed.

Á 12. fundi Ed., laugardaginn 13. júlí, var till. til þingsál. (A 74) um skipun nefndar, til að íhuga fjármál landsins — flutningsmenn: Jón Jakobsson og Valtýr Guðmundsson, — lögð fram og henni útbýtt meðal þingdm., og á 13. fundi deildarinnar, mánudaginn 15. júlí, var eptir uppástungu forseta samþ. að hafa eina umr. um till.

Á 14. fundi Ed., þriðjudaginn 16. júlí, kom þingsál.till. til einnar umr.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg finn ekki ástæðu til þess, að tala langt mál um þingsál.-till. þessa; alveg samskonar till. kom fram á síðasta þingi hjer í deildinni, og var hún flutt af sömu mönnum og nú. Till. var þá samþ. af öllum og býst jeg við, að eins verði nú; tíminn er orðinn svo naumur, þegar fjárlagafrumv. kemur hingað, að nauðsynlegt er, að menn hafi áður verið settir til þess að íhuga fjármálin.

ATKV.GR:

Till. samþ. í e. hlj.

Kosnir voru í nefndina með hlutfallskosningu:

Guðjón Guðlaugsson,
Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Jóhannes Jóhannesson,
Sigurður Jensson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður, og Jón Jakobsson skrifari og framsögumaður.

X. Traustsyfirlýsing til ráðherrans.

Á 4. fundi Sþ., miðvikudaginn 11. september, kom til umræðu, hvernig ræða skyldi tillögu til þingsályktunar á þingskjali 613 — flutningsmenn Guðjón Guðlaugsson og Guðlaugur Guðmundsson — um traustsyfirlýsing til ráðherrans.

Forseti stakk upp á einni umræðu.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að viðhafðar sjeu 2 umræður, því ef á að telja upp allar syndir stjórnarinnar, og meðhaldsmenn hennar fara að spreyta sig á, að telja upp dyggðir

hennar, þá hygg jeg, að ekki muni af veita 2. umræðum.

ATKV.GR :

Samþykkt var með 26 atkv., að ein umræða skyldi verða um málið.

Á 5. fundi Sþ., laugardaginn 14. september, kl. 12¾ e. h., kom tillaga til þingsályktunar á þingskjali 613, til einnar umræðu.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal stuttlega gjöra grein fyrir, hvers vegna þessi tillaga er fram komin og borin upp í sameinuðu þingi. — Það er sjálfsagður rjettur þingsins hjer, eins og í öðrum löndum, sem þingræðisstjórn hafa, að lýsa yfir afstöðu sinni almennt gagnvart stjórninni, þeirri stjórn, sem meiri hluti þingsins hefur á sínum tíma hafið til valda. — Þetta er ekki einasta rjettur þingsins, það er líka skylda þess, bæði gagnvart þjóðinni og eins gagnvart stjórninni. — Í þannig lagaðri yfirlýsingu liggur úrskurður þingsins um það, hvort stjórnin hafi brugðizt því trausti, er til hennar var borið, eða hvort hún hafi reynzt miður en með sanngirni varð af henni krafizt. Bæði þjóðin og stjórnin hafa rjett á því, að heimta hreinan úrskurð um þetta.

Eptir því hvernig þingið er skipað, virðist rjettast, að yfirlýsing um traust eða vantraust á stjórn landsins komi frá sameinuðu þingi, fremur en frá neðri deild eða deildunum hvorri í sínu lagi. Sameinað þing er nokkurs konar æðsti dómstóll þingsins, sem sker úr, ef deildirnar greinir á. Um fjárlög landsins hefur sameinað þing æðst atkvæði, og einfaldur meiri hluti þess sker úr öðrum ágreiningsmálum um fjárhaginn. Það mun í öllum þingræðislöndum siður, að sá hluti þingsins, sem æðst atkvæði hefur um fjárhagsmálin, ráði og mestu um það, hvort ráðherrastjórnin haldi völdum eða ekki. Hjer hjá oss er það sameinað þing, en önnur lönd með sviplíkri þingskipun hafa ekkert, er til þess svarar, og hjá þeim flestum er það því þjóðkjörna málstofan, sem úr þessu sker.

Nú er það líka fyrst og fremst fjárhagsmál, sem gefið hefur tilefni til þess, að við flutningsmenn tillögunnar fundum ástæðu til þess, að krefja sameinað þing úrskurðar um traust eða vantraust á stjórninni, svo að einnig af þeirri ástæðu er rjett, að tillagan sje hjer borin upp, enda munu þau mál allopt riða baggamun, ef að á annað borð stjórnin befur lítið fylgi.

Jeg hef sjerstaklega vegna síðari tíma fundið ástæðu til, að gjöra grein fyrir þessari formhlið tillögunnar, og vona, að hin virðulega samkoma sje mjer samdóma í þessu efni.

Um efni tillögunnar skal jeg svo fara nokkrum orðum.

Tilefnið er fremur ljettvægt: árás á hinn núverandi ráðherra frá hálfu eins þingmanns fyrir það, að ráðherrann væri með fjárhagsstjórn sinni, að gjöra landið gjaldþrota, að hans dómi, af því að ráðherrann hefði ekkert vit á fjármálum, en að dómi einhvers ónefnds manns, er þingmaðurinn bar fyrir sig, *vísvitandi* til þess, að eiga því hægara með, að *selja Dönum sjálfstæði landsins.*

Háttv. þingm. hefur sagt, að hann hafi flutt þetta fram í nafni andstæðingaflokksins, en það hygg jeg, að ekki sje rjett, því að mætir menn úr þeim flokki hafa borið á móti því.

Það hafa allir, sem nokkuð þekkja til um fjárhag landsins, lokið upp einum munni um það, að fjárlagafrv. það, er ráðherrann lagði fyrir þingið,

hafi verið mjög gætilega samið, og það fyrst og fremst fjárlaganefndirnar. Í þeim eiga sæti 4 af völdustu og fjárhagsfróðustu mönnum andstæðingaflokksins. Þeim stóð næst að vara þingið, ef fjárhagsleg hætta hefði verið á ferðinni. Jeg hef ekki orðið var við, að nokkuð slíkt hafi komið fram frekara hjá þeim en öðrum þingm. Þeir hafa ágreiniugs- og fyrirvaralaust skrifað undir nefndarálitin, og þau eru hin ábyggilegustu skjöl í þessu efni. Þau sýna bezt, að allur hinn mikli útreikningur þingmannsins er rakalaus heilaspuni, enda er margbúið að sýna það og sanna með tölum og rökum. Ásökun þingm. til ráðherra út af fjárlögunum um, að hann bæri ekki skyn á fjármál, væri hún annað en uppspuni, ætti því ekki við hann, heldur við deildir þingsins, sem að samþykkt hafa hvor um sig *í einu hljóði* fjárlögin með mjög lítilvægum mismun, og svo sjerstaklega við þessa virðulegu samkomu, þingsins æðsta rjett, sem uýlega hefur einnig samþykkt þau *í einu hljóði*. En hinn háttv. þingm., með allri virðingu fyrir hans þekkingu, getur ekki enn þá sett sig svo hátt yfir hið sameinaða alþingi, að þess dómur verði ekki metinn meira en hans eins.

Hvað hina getsökina snertir, þá bar háttv. þm. hana ekki fram í eigin nafni, kvaðst enda ekki trúa henni, og það veit jeg, að háttv. þm. segir satt. Hafi nokkur sá maður látið sjer slíkt um munn fara, sem heyrt hefur, hvernig hæstv. ráðh. flutti og skýrði opinberlega sjálfstæðiskröfur, föðurlandsást og frelsisþrá Íslendinga fyrir ráðherrum og þingmönnum Dana 19. júlí í fyrra og fyrir Hans Hátign konunginum og allri fylgd hans hjer innan þessara veggja, 30. júlí í ár, þá hlýtur sá maður að hafa farið með *vísvitandi ósannindi*.

Það á að mínum dómi ekki við að fara ítarlega út í einstakleg atriði til rjettlætingar hinum almennu orðtækjum í niðurlagi tillögunnar. Við flm. álítum, að stjórnin eða hæstv. ráðh. hafi ekki unnið neitt sjer til óhelgis. Þvert á móti, við álítum, að hin síðustu 3 ár sýni það ljóslega, að stjórnin er áhugamikil, dugandi og framkvæmdarsöm. Árin 1906 og 1907 verða talin ein hin þýðingarmestu merkisár í sögu þessa lands. Þess verður ávallt getið, að 1906 var landið tengt við umheiminn með ritsíma, og hinar fjarlægustu byggðir landsins innbyrðis með talsíma, og að það ár fóru fulltrúar hinnar íslenzku þjóðar hina glæsilegu kynnisför til nágrannalandsins, sem orðið hefur til þess að auka þekkingu manna erlendis á landinu, og efla þess álit meir en nokkuð annað. Heimsókn konungsins á þessu sumri og þeirra manna, sem honum fylgdu, og skipun millilandanefndarinnar myndar hyrningarsteininn undir hinn komandi tíma, og jeg hef þá öruggu von, að vjer Íslendingar, þrátt fyrir allar okkar miskliðir, berum gæfu til að ráða þeim þýðingarmiklu málum svo til lykta, að það verði okkar landi og þjóð til heilla í framtíð. Það má óhikað fullyrða, að hinn núverandi ráðherra hefur átt mikinn þátt í þessum merkisatburðum öllum, og leyst af hendi sína forustu í þeim, svo að landinu og þjóðinni hefur verið það til mikils sóma og ómetanlegs gagns.

Um forustu ráðherrans í innanlandsmálum hjer á þingi þarf jeg ekki að eyða orðum. Verkin sýna merkin. Og í þá stefna hafa rætzt, meira að segja um fram allar vonir, þær spár, sem opt heyrðust hjer á þingi 1895–1903, um áhrif þess á starf þingsins, að íslenzkur ráðherra ætti sæti hjer á þingi. Það væri fróðlegt í þessa stefnu, að

bera saman hin eldri þing, og svo þetta þing 1907, en til þess er ekki timi.

Á þessu þingi hefur stjórnin borið upp 51 lagafrv., — hærri tala en nokkru sinni áður. Af þeim eru afgreidd sem lög 47—hlutfallslega hærri tala en nokkuru sinni áður — 3 hafa fallið, en að eins eitt er óútrætt. Þetta sýnir bæði góðan undirbúning málanna og mjög góða samvinnu milli þingsins og ráðh. Það munu líka allir þm. geta borið það, að hæstv. ráðh. hefur verið þinginu mjög þýður í samvinnu, og tekið mjög tillit til vilja þingsins. Mörg af þeim þýðingarmiklu málum, sem frá þessu þingi fara, eru samþ. að heita má í einu hljóði, og sum þeirra, — og það einmitt þýðingarmestu málin, er snerta kirkju- og fræðslumál í landinu, — með öruggu fylgi og framúrskarandi góðri aðstoð úr»andstæðingaflokknum«, svo nefndum. Jeg segi þetta til hróss, ekki einasta þessum hv. þingmönnum. úr andstæðingaflokknum og hæstv. ráðh., sem, eins og rjett var og eðlilegt, barðist með þeim, heldur líka til hróss þeim mönnum úr »stjórnarflokknum«, sem börðust mót þessum málum af alefli; það sýnir, að við erum nú á rjettri braut, þeirri að setja »*þingræðið*« ofar en »*flokksræðið*«. 1905 fannst mjer spor stigið þar inn á villibraut, en það er mjer sönn ánægja, að geta hjer bent á þessi ljósu rök fyrir því, að mikill meiri hluti þingsins er snúinn af þeirri braut.

Að endingu þetta: Jeg og fleiri góðir menn, sem enn eiga hjer sæti, þótt ekki sjáist þeir hjer þessa stundina, sumir þeirra, lýstum því yfir 1901, að við vildum styðja hverja þá stjórn í landinu, sem væri rjettlát, heiðarleg og landinu gagnleg. Það er okkar tillaga, flutningsmanna, að hin virðulega samkoma kveði upp þennan dóm um stjórn hins núverandi ráðherra til þessa, með fullu trausti þess, að svo verði og á komandi tíð. Í raun rjettri hefur þingið þegar með atkvæðum sínum um fjárlögin látið þetta í ljós í einu hljóði — öðru vísi stjórn selur enginn fjárlög í hendur — svo að jeg efast ekki um, að tillögunni geti allt hið sameinaða þing greitt einhljóða atkvæði.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg stend upp einungis til þess, að slá því föstu, að minni hlutinn mætir ekki af því, að hann treystir sjer ekki til þess að greiða atkvæði á móti tillögunni; það er bezta sönnunin fyrir því, að tillagan er rjettmæt.

ATKV.GR.:

Atkvæði voru greidd um tillöguna með nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Guðm. Björnsson,	
Hannes Þorsteinss.,	
Ág. Flygenring,	
Árni Jónsson,	
Björn Bjarnarson,	
Björn M. Ólsen,	
Eggert Pálsson,	
Guðj. Guðlaugss.,	
Guðl. Guðmundss.,	
Guttormur Vigfúss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóh. Ólafsson,	
Jón Jakobsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Júlíus Havsteen,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magn. Kristjánsson,	
Magn. Stephensen,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánss., Eyf.,	
Steingr. Jónsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Hannes Hafstein greiddi ekki atkv.

Fjarverandi voru:
Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,
Jóh. Jóhannesson,
Magnús Andrjess.,
Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacíus,
Sigurður Jensson,
Sig. Stefánsson,
Sk. Thoroddsen.
St. Stefánss. Skagf.,
Valtýr Guðmundss.,
Þórarinn Jónsson,
Þorgr. Þórðarson,

Að lokinni atkv.gr. lýsti forseti því yfir, að samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar yrði að vera meira en helmingur úr hvorri deildinni um sig á fundi í sameinuðu þingi og eiga þátt í atkvæðagreiðslunni, til þess að gjöra þar fullnaðaályktun í máli; en með því að að eins rjettur helmingur þingmanna úr Ed. hefði tekið þátt í þessari atkvæðagreiðslu, þá væri þingið að hans ætlun ekki fært um að gjöra lögmæta ályktun í þessu máli.

Ráðherrann: Jeg þakka háttv. þm. fyrir það traust, sem þeir hafa sýnt mjer með því að samþykkja þessa tillögu. Yfirlýsingin er mjer eins mikils verð, þó að minni hlutanum hafi heppnazt, með hjálp eins af hinum konungkjörnu þingmönnum, að gjöra fundinn ógildan til ályktana, að því leyti sem háttv. forseti tók fram; hún er mjer jafnkær sem dómur um hið liðna, og stoð fyrir það, sem ókomið er. Jeg þakka háttv. þingmönnum fyrir góða samvinnu og allt umburðarlyndi, er þeir hafa sýnt mjer á hinu liðna kjörtímabili, og óska Íslandi góðrar framtíðar fyrir góða, viturlega og drengilega forsjá og framkomu fulltrúa sinna á alþingi.

Forseti setti fund á ný kl. 3. Var þá á ný borin upp til atkvæða þingsályktunartillagan á þgskj. 613, og voru þá staddir inni í þingsalnum nokkrir þingmenn úr Ed., er ekki höfðu verið við hina fyrri atkvæðagreiðslu, en þeir stóðu upp úr sætum sínum og gengu út úr salnum, jafnskjótt sem tillagan var borin upp. Að viðhöfðu nafnakalli sögðu allir hinir sömu 24 þingmenn *já*, sem fyr höfðu greitt henni atkvæði. *Nei* sagði Ólafur Briem. Magnús Andrjesson og Hannes Hafstein greiddu eigi atkvæði; en 12 þm. voru eigi viðstaddir.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Má jeg óska þess beinlínis getið í bókun þessa fundar, að þeir Efrideildarmenn, er ekki svöruðu, voru inni í deildinni, eptir að nafnakallið var byrjað, að undanskyldum Þórarni Jónssyni, sem kom ekki á fundinn.

B. Felldar.

I. Kosning í millilandanefnd. a.

Á 5. fundi Nd., laugardaginn 6. júli, var lögð fram tillaga til þingsályktunar (A 53) um frestun á kosning í millilandanefnd – flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson og Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf. — og var henni útbýtt meðal þingdeildarmanna.

Á 6. fundi deildarinnar, mánudaginn 8. s. m. kom til umræðu, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Forseti Magnús Stephensen stakk upp á, að hún yrði rædd í einni umr., og var það samþ. í e. hlj.

Þvínæst bar forseti undir þingdeildina tillögu um afbrigði frá þingsköpunum, að þingsályktunartillaga þessi yrði tekin til umræðu á fundi síðar í dag, og var það samþ. í e. hlj. Ráðherra hafði gefið leyfi til þess.

Á 7. fundi deildarinnar s. d., kl. 1½ e. h., kom tillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg hef, ásamt 2 öðrum hv. þm., leyft mjer að koma fram með tillögu þessa, sem fer fram á það, að útnefningu manna í hina væntanlegu millilandanefnd verði frestað.

Eins og kunnugt er, hefur ekkert slíkt stórmál sem sambandsmálið er, komið fyrir þjóðina á seinni öldum. Það er því afaráríðandi, að vilji þjóðarinnar komi í ljós, áður en nefnd er skipuð til þess, að fjalla um það mál, því að undir þeirri nefndarskipun *geta* úrslit málsins verið komin. Að vísu hefur nefndin ekki ályktunarvald, en búast má við því, að ríkisþing Dana og Hans Hátign, konungur vor, telji það mjög eðlilegt, ef eigi sjálfsagt, að það nái samþykki löggjafarvalda beggja þjóðanna, er fulltrúar Dana og Íslendinga kynnu að verða ásáttir um í nefndinni.

Með því að þing eigi var rofið, áður en nefndin yrði skipuð, þá verð jeg að telja það mjög óheppilegt, að stjórnin skyldi ekki taka tillit til þess, er fram hefur komið, bæði í blöðum og á þingmálafundum víðs vegar um land, og nú síðast á Þingvallafundi, og gangast fyrir því, að skipun nefndarinnar yrði frestað, unz kosningarnar 1908 eru um garð gengnar. Jeg verð að telja það mjög áríðandi, að vilji þjóðarinnar komi fram í nefndinni, en fyrir því er lítil trygging, þar sem þing var eigi rofið, því að þegar kosningar fóru fram síðast, var þetta mál eigi komið á dagskrá, heldur voru kosningarnar þá aðallega miðaðar við það, að ráða til lykta stjórnmáladeilum vorum, er þá voru.

Það er að vísu óþarfi, að fara mörgum orðum um þetta mál eptir þær undirtektir, er það fjekk nýlega á »privat«fundi þm., því að búast má við, að úrslitin verði hin sömu, sem þar. Jeg vil þó geta þess, að tillit til konungs ætti ekki að valda því, að nefndarskipuninni yrði eigi frestað, því að honum er það óefað kærast, að þekkja vilja þjóðarinnar í þessu efni, og mun því vera það ljúft, að láta nefndarskipunina farast fyrir, unz kosningar eru um garð gengnar, svo að sem bezt von sje um árangur af starfi nefndarinnar.

Þá get jeg og eigi stillt mig um að benda á það, hve aðferðin við nefndarskipunina er einkennileg, og er ekki laust við að þar kenni ráðríkis, eða þá hugsunarleysis hjá hæstv. ráðherra og forsætisráðherra Dana. Bæði í blaðinu »Reykjavík« og á þingmálafundi ráðherrans í Eyjafirði er því slegið fram sem alveg sjálfsögðu, að nefndarskipuninni sje hagað þannig, að konungur tilnefni mennina, að ekki sjeu í nefndinni aðrir en þm. o. s. frv., og nafni konungsins óspart otað fram. Konungur skipar þó ekki nefndina sem einvaldskonungur, heldur sem þingbundinn konungur á ábyrgð ráðherranna, og virðist því, sem betur hefði farið á því, að alþingi hefði fengið að ráða því, hvernig nefndarskipuninni af hálfu Íslendinga hefði verið háttað, t. d. hve marga menn það vildi hafa í nefndinni, og hvort það skyldu vera þm. einir, sem í nefndina yrðu valdir, eða hvort aðrir skyldu einnig eiga sæti í henni. Jeg bendi á þetta til þess að sýna, að yfir höfuð er undirbúningurinn undir þessa nefndarskipun þannig, að það er full ástæða til að fresta því að skipa í hana.

Verði nefndin skipuð nú, þá getur svo farið, að hið nýkosna alþingi, sem síðar á að fjalla um gjörðir hennar, verði eigi að öllu leyti sammála nefndarmönnum þeim, er nú yrðu tilnefndir af þingflokkunum, svo að starf nefndarinnar ónýttist. Jeg tel það og víst, að frestun þess, að skipa nefndina, muni mælast mjög vel fyrir hjá þjóðinni, og engan kvíðboga ber jeg fyrir því, að Danir verði ófúsir til samninga, þótt skipun nefndarinnar væri frestað fram yfir næstu kosningar. Auðvitað hefði það verið langheppilegast, að þing hefði verið rofið, því hvernig sem úrslit nýrra kosninga hefðu orðið — ef til vill hefði stjórnin haft jafnmörg atkvæði á þingi eptir sem áður —, þá var ekki um neitt að kvarta; en þá hefði þó allt verið gjört af hálfu stjórnarinnar til þess að hafa grundvöllinn, sem nefndin ætti að byggja á, sem tryggastan. Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, og jeg býst heldur ekki við, að það hafi mikla þýðingu, þegar jeg minnist þess, er fram fór á »privat«fundi þm., þar sem mál þetta var rætt.

Ráðherrann: Eptir því, sem máli þessu víkur við, get jeg ekki betur sjeð, en það að fresta því að tilnefna í nefndina, sje alveg það sama og að falla algjörlega frá því, að nefndin sje sett. Geti jeg ekki nú vísað H. H. konunginum á menn, til þess að taka sæti í nefndinni af Íslands hálfu, eða ráði jeg nú konunginum frá því að verða við óskum þeim, sem fram komu í fyrra um skipun sameiginlegrar nefndar, þá eru lítil líkindi til þess, að kostur verði á slíkri nefndartilnefning á næsta þingi. Ekki af því, að það geti verið neitt keppikefli fyrir Dani, að fá þessa nefnd skipaða einmitt nú, eða yfir höfuð; það er ekki fyrir þá gjört, og þeir hafa ekki neina hagsvon af nefndarsetningunni. Það erum við sjálfir, sem höfum komið þessu af stað, og farið þess á leit við ríkisþingsmennina dönsku. Þeir hafa orðið við tilmælum vorum, tekið þau í alvöru, og farið eptir þeim. Þeir eru þegar búnir að tilnefna menn í þessa nefnd að sínu leyti, og formleg skipan nefndarinnar bíður að eins þess, að jeg skýri H. H. konunginum frá því, hverja alþingismenn af sinni hálfu alþingi óski tekna í hana.

Ef við nú, þegar svo langt er komið, neitum að eiga tal við þá menn,

sem tilnefndir hafa verið af ríkisþingsins hálfu, sláum hendinni á móti því, sem við í fyrra óskuðum eptir, og ljetum uppi sem einlægan vilja vorn, og það áhugamál, sem svo mikið hefur verið af látið, þá er þar með lokið þessari málaleitun; tilnefning ríkisdagsmanna fellur þá niður; þeirra framrjettu hendi er hafnað, og tilslökun sú, sem nú er boðin, er á engan hátt bindandi fyrir síðari ríkisþing.

Það mun seint verða hægt, að telja hinum málsaðilanum trú um, að slík veðrabrygði hjá oss stafi af því, að alþingi hafi ekki verið rofið, sem alls ekki stóð til, þegar vjer bárum þessar óskir fram, enda mun torvelt að leiða rök að því, að nokkur ástæða hafi verið til að rjúfa þingið. En um það er búið að ræða svo mikið annarsstaðar, meðal annars á privatfundinum fyrir skemmstu, að jeg álít ekki nauðsynlegt að fjölyrða um það hjer. Úr þessu verður þingið hvort sem er ekki rofið, áður en nefndin verður skipuð. Jeg vil að eins taka það fram, að jeg minnist þess ekki að hafa heyrt neinar óskir um þingrof, fyr en ríkisþingið danska var búið að fallast á, að skipa í nefndina að sínum parti.

Jeg varð aldrei var við í fyrra sumar, að menn töluðu um, að það þyrfti að bíða eptir nýjum þingkosningum, til þess að vita hvernig ætti að snúa sjer í þessu efni. Öllum, sem jeg átti tal við, kom saman um, að grípa yrði tækifærið, nota hituna, og reyna sem allra fyrst að fá ráðagjörðunum breytt í ákvarðanir, ádráttunum í loforð og fögrum orðum í framkvæmd. Það var auðsætt, að væri beðið með allar ráðstafanir um fyrirkomulag væntanlegrar nefndar þangað til á þessu þingi, svo sem um tölu nefndarmanna, tilnefningarmátann, o. s. frv., þá hlaut allt málið að dragast. Þá hefði danska þingið eða rjettara sagt dönsku ríkisþingsmennirnir ekki getað tekið ákvarðanir að sínu leyti fyr en í vetur, og þá hefði vel getað farið svo, að ekki yrðu tilnefndir menn af alþingis hálfu fyr en 1909; jeg varð að líta svo á, að alþingismenn hefðu þegar nægilega lýst sínum vilja í Danmerkurförinni, en að ekki þyrfti annað en samþykki ríkisþingsmanna, til þess að allt um nefndarsetninguna gæti verið klappað og klárt, og jeg hikaði því ekki við að semja við forsætisráðherrann um nánara fyrirkomulag fyrirhugaðrar nefndar, bæði að því, er snertir tölu, tilnefningaraðferð, verkefni o. fl., og á þeim grundvelli leitaði hann svo til ríkisþingsins, sem með undirtektum sínum sýndi það, að sá hlýi bróðurhugur, sem vjer fundum í Danmörku í fyrra, var engin uppgjörð nje fyrirsláttur.

Ósk af vorri hálfu um frestun á skipun millilandanefndarinnar væri að minni hyggju bæði stök ókurteisi gagnvart meðsemjendum vorum í þessu máli, og þar að auki svo mikið »pólitískt« glappaskot, að því yrði engin bót mælt. Það er ekki rjett af háttv. flutnm. (Sk. Th.), að blanda persónu konungsins inn í þessar umræður, hann stendur báðum málsaðilum jafnnærri; en ekki þarf margra orða við til að sýna, að það væri ekki afarkurteist heldur gagnvart honum, að slá nú hendinni á móti, og reyna að aptra því, að hann geti byrjað dvöl sína hjer á landi með þeirri stjórnarathöfn, sem hann, eptir því, sem fram fór í fyrra sumar, hefur ástæðu til að álíta, að vjer teljum mikilsvarðandi fyrir framtíð landsins, ef svo skyldi vera, að hann með einlægum velvildarhug til þessa lands og þjóðar þess einmitt hefði hlakkað til að geta glatt oss með þessu við samfundina í sum-

ar. En jeg tek það skýrt fram, að ástæðan til þess að skerast nú ekki úr leik er fullnægileg í hinu, sem jeg hef nefnt, að nefndarmenn eru þegar tilnefndir af Dana hálfu, samkvæmt vorri eigin ósk, og málinu teflt í tvísýnu, ef neitað er að eiga tal við þá. Jeg vona því, að þessi þingál.till. nái ekki samþykki hinnar háttv. þingdeildar, og jeg ber það traust til þeirra háttv. þm., sem hafa komið fram með hana, að hún sje ekki sprottin af þeim huga, að koma málinu fyrir kattarnef, heldur sje hún fram komin af því að flytjendur hennar hafi fundið sig skylda til þess gagnvart kjósendum sínum, er fengnir hafa verið til að samþ. ályktanir um þetta mál, að tala eitthvað um það á þinginu, með öðrum orðum, að þeir hafi gjört það fremur fyrir þingtíðindin, heldur en af föstum ásetningi, að fá þessu framgengt, og án þess að þeir hafi gjört sjer ljósa grein fyrir því, hvað ljótt það í raun og veru er, sem þeir eru að fara fram á.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Það voru sjerstaklega síðustu orðin í ræðu hins hæstv. ráðh., sem gáfu mjer tilefni til að standa upp. Það er leiðinlegt, ef þm. — og ekki sízt hæstv. ráðh. - eru að bregða mönnum um það, að gjörðir þeirra sjeu sprottnar af illum hvötum. Hæstv. ráðh. hafði að vísu ekki þau orð, en taldi það »ljótt, sem vjer værum að fara fram á«. Það er ekki í fyrsta skiptið, sem svipað heyrist af hans hálfu í okkar garð, stjórnarandstæðinganna. Þar sem hæstv. ráðh. tók það fram, að sjálfsagt væri að haga nefndarskipuninni á þann hátt, sem hann fer fram á, af því að Danir hafi þegar skipað menn í hana að sínu leyti, þá álít jeg, að það komi oss ekkert við. Alþingi átti í þessu efni að hafa óbundnar hendur, og jeg hefði álitið það rjettast og heppilegast, að það hefði algjörlega ráðið því, hvernig tilnefningu í nefndina var hagað að öllu leyti. Jeg skal loks geta þess, að jeg minnist þess ekki, að það kæmi neitt til tals á málfundinum, sem dönsku ríkisþingsmennirnir og íslenzkir þm. áttu með sjer í fyrra sumar — fundur sem að flestu leyti var þýðingarlítill — að menn þeir, sem skipaðir yrðu í þessa nefnd, skyldu að eins vera ríkisþingsmenn og alþm., þótt Danir hafi að eins skipað ríkisþingsmenn af sinni hálfu. Mjer er og ómögulegt að sjá, að árangurinn af Danmerkurferðinni hefði orðið að engu, þó að ríkisþingið hefði ekki til nefnt menn í nefndina, fyr en í vetur, þar sem ekki er ætlazt til, að nefndin taki til starfa fyr en á komandi vetri. Að ekki hafi komið fram óskir um þingrof, fyr en eptir að Danir höfðu kosið í nefndina, held jeg að ekki sje rjett hjá hæstv. ráðh., því ef jeg man rjett, þá fór tilnefningin í ríkisþinginu ekki fram, fyr en rjett áður en ríkisþinginu var slitið, eða að minnsta kosti seinni part vetrar, en jeg man, að jeg hreyfði því í mínu blaði fyrir nýjár, að þingrof væri æskilegt, eins og á stæði, og um líkt leyti mun það hafa komið til tals í öðrum blöðum. Jeg sje því ekki, að þær ástæður, sem hæstv. ráðh. færir á móti frestuninni, eigi að geta verið þess valdandi, að þingsál.till. sje ekki samþ. En reyndar geng jeg ekki gruflandi að því, hverju háttv. meiri hluti býr yfir, og skal jeg því ekki lengja umr. meir.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það yrði of langt mál, ef ætti að fara að rekja til róta söguleg og lagaleg rök þessa máls, sem hjer er til umr., og tildrög öll að því, að þessi þingsál. er borin upp hjer. Jeg ætla ekki að

fara til þess, enda býst jeg við, að þar þætti forseta allmikið vikið frá efninu. Það eru að eins tvö atriði í þessum umr. sem jeg vildi drepa á, ástæðurnar fyrir því, að jeg álít það alveg rjett, að þing var ekki rofið, og þær ástæður, sem eru móti, að fresta skipun manna í nefndina.

Jeg býst við að allir, sem samferða urðu til Danmerkur í fyrra sumar, muni eptir því, að á fundi þingm., þar sem rætt um væntanlegar kröfur vorar gagnvart Dönum, voru allir fyllilega sammála; þar voru þm. allir sem einn maður. Jeg hygg, að bæði hæstv. ráðh. og hver einstakur þm. hafi allir borið það traust hver til annars, að þeirri samhygð yrði ekki raskað fyrir lítilfjörlegan ágreining um aukaatriði, enda leið æði langur tími frá því, er kunnugt varð um undirtektir í þessu máli frá Danmerkur hálfu, og til þess er nokkur rödd heyrðist um þingrof. Það er því svo langt frá því, að ráðh. verði láð það, að hann hefur borið það traust til þm., að þeir eigi ljetu sundrast í flokkadeilur um hin þýðingarminni atriði í þessu máli, að hitt hefði verið gjörræði gagnvart þinginu, dæmalaust í stjórnarsögu þeirra landa, er þingræði hafa.

Þær raddir, sem hrópað hafa upp fyrir þjóðinni þessa þingrofskröfu, eptir það, er í ótíma var komið að sinna henni, eru að vísu æði háværar, sumar þeirra, en það er ekkert útlit fyrir, að þeim fylgi meiri hluti landsbúa. Þeir hafa ekki ætíð mest fylgi, sem hæst láta. Fyrir því höfum vjer þm. nægа reynslu. Auk þess er dómsniðurlagið ekki aðalatriðið, heldur röksemdirnar, forsendurnar, sem allt er undir komið. En röksemdirnar fyrir þessum kröfum eru í þessu máli eingöngu blekkingar blaðanna, sem hafa flutt þjóðinni rammskakkar kenningar um málið, og gefið henni rangar hugmyndir um öll eða allflest atriði þess til þess að spana upp flokkarig og tortryggni. Ef röksemdirnar eru á skökkum grundvelli byggðar eins og hjer, verður dómsniðurlagið skakkt.

Annars eru endanleg úrslit málsins ekki komin undir nefndarkosningunni nje nefndinni, heldur þjóðinni sjálfri, því að hvað sem nefndin gjörir, þá kemur það til þjóðarinnar, að láta uppi sitt álit um það. (*Skúli Thoroddsen:* Hvaða trygging er fyrir því?). Því svara jeg á þann veg, að auk þess, sem gjörðir nefndarinnar liggja fyrir við næstu kosningar, 1908, þá má ganga að því vísu, að væntanleg sambandslagaákvæði verði að skoða sem stjórnarskrárbreytingu, og því verður sjálfsagt að leysa þingið upp eptir alþingið 1909, og verða þannig úrslit málsins lögð í hendur þjóðarinnar við tvennar kosningar.

Hvað hið síðara atriðið snertir, þá er nóg að taka það fram, að þm. Dana mundu skoða frestun málsins sem gabb og líta svo á, sem tilmælum íslenzku þm. 1906 hefði lítil alvara fylgt, en það mundi spilla aðstöðu vorri gagnvart þeim og orðið málum vorum til stórtjóns. Hinn hæstv. ráðh. hefur tekið það fram, að svo framarlega sem málinu yrði frestað á þessu þingi, þá muni oss ekki standa sama til boða næsta ár, og það yrði jeg að telja hinn mesta skaða, sem þjóðin gæti orðið fyrir. Því er það mjög varhugavert, að tefla málinu í tvísýnu, en jeg fæ ekki annað sjeð, en að svo sje gjört með till. þeirri, sem nú liggur fyrir, og mun jeg því greiða atkv. á móti henni.

Ráðherrann: Jeg ætla aðeins að gjöra stutta aths. út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. Mjer fannst hann taka orð mín óþarflega óstinnt upp. Meining mín var ekki að móðga hann nje

flokksbræður hans á nokkurn hátt, heldur vil jeg þvert á móti lýsa þeirri skoðun minni, að þeir hafi ekki gjört sjer ljóst, hversu óviðeigandi till. í raun og veru er, því að annars kostar mundu þeir ekki hafa komið fram með hana. Það var einskonar bæn um fyrirgefning þeim til handa, af því þeir vissu ekki hvað þeir gjörðu.

Annað var það í ræðu háttv. þm., er jeg vildi minnast á. Hann kvaðst ekki muna til, að ætlazt hafi verið til í fyrra, að nefndin yrði eingöngu skipuð ríkisþingsmönnum og alþingismönnum. En hann hefur samt munað eptir því í fyrra haust, því að 4. sept. skrifar hann í »Þjóðviljanum«: »Slíka endurskoðun ætti sem fljótast að búa undir með því að skipa nefnd ríkisþingsmanna og alþingismanna«. Þetta er einmitt það, sem gjört hefur verið. Jeg hef verið í fullu samræmi við hann, er jeg óskaði, að nefndin yrði tilnefnd á fyrsta ríkisþingi á eptir, og gekk út frá því sem sjálfsögðu, að Íslendingar í nefndinni yrðu eingöngu alþingismenn.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Hvað snertir þetta greinarkorn, sem hæstv. ráðh. vitnaði í í »Þjóðviljanum«, þá er óvíst, að hún sje eptir ritstjórann, og getur verið að hún standi í frjettabálki; en ritstjóri getur auðvitað ekki ábyrgzt, að allar frjettir, sem blaðinu berast, sjeu sannar. (*Ráðherra*: Það er ritstjórnargrein, löng grein, sem heitir »Hvað vjer viljum«). Jeg kann hæstv. ráðh. þakkir fyrir, að hann minnti mig á þessa grein, því að hún sýnir að eins, að þegar jeg ritaði grein mína í »Politiken« — greinin í »Þjóðv.« er þýðing á þeirri grein — hefur það vakað fyrir mjer, að í nefndinni sætu að eins ríkisþingsmenn og alþingismenn, og á jeg því ekki að venjast, að stjórnin meti till. mínar jafn mikils, sem ráða mátti af ræðu hæstv. ráðh. En auðvitað var þessi till. mín fljóthugsuð, og það var ráðh., sem stjórnlagalega ábyrgð ber, að íhuga málið vandlega. Og þótt þetta hafi nú einhvern tíma verið mín skoðun, þá er hún það ekki nú, og sízt situr það á hæstv. ráðh., að bregða mjer eða öðrum um skoðunaskipti, þar sem slíkt hefur svo opt hann sjálfan hent, sem kunnugt er.

Svo að jeg minnist á »Botnía«fundinn, sem þm. V.-Skf. (Guðl. G.) drap á, þá var hann annars eðlis, en sagt er frá í blöðum stjórnarflokksins. Þar er því haldið fram, að þingmenn hafi orðið ásáttir um kröfur þær, er halda skyldi fram við væntanlega samninga. Þetta er ekki rjett. Stjórnarandstæðingar töluðu sig saman og á því er byggð grein mín í »Politiken«, sem þýdd er í »Þjóðviljanum« með fyrirsögninni »Hvað vjer viljum«. Á »Botnia«fundinum gjörðu stjórnarliðar ekki ráð fyrir neinni opinberri málaleitun, heldur var það þvert á móti tekið fram af ráðherra og fleirum, að alls ekki ætti við að hreyfa málinu opinberlega, eða gjöra sendinefnd á fund helztu stjórnmálaflokka í Danmörku; en þessu var af hálfu stjórnarandstæðinga þegar mótmælt á fundinum, og er mjer þetta því minnisstæðara, þar sem jeg flutti þau mótmæli. Það sem talað var um á »Botnia«, var um það, hvað þingmenn skyldu segja, ef málið bæri á góma milli einstakra þingmanna eða »hverju menn skyldu stinga að sessunaut sínum«, eptir því sem að orði var komizt. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Það er ekki rjett). Mjer er eins kunnugt um það eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.). Með grein minni í »Politiken« vildi jeg koma hreyfingu á málið, og hefði hún ekki verið skrifuð, hefði því að líkindum alls ekki verið hreyft, eða með öðrum

orðum, aldrei neitt orðið úr samtalsfundi alþingismanna og dönsku ríkisþingsmannanna.

Ráðherrann. Það er ekki vert að metast um, hverjum sje að þakka, að þessi rekspölur er kominn á málið. Það er rjett hermt hjá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að margir, þar á meðal jeg, voru á móti þeirri tillögu að senda »deputation« eða sendinefnd til danskra stjórnmálamanna, til þess að beiða þá afskipta af íslenzkum stjórnskipulagsatriðum. Jeg er enn á því máli, að það hefði verið miður heppileg leið. Hins vegar skal jeg fúslega játa, að grein háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur vafalaust átt mikinn þátt í að koma hreyfing á þetta mál, en ekki mundi hún hafa verið einhlít, ef aðrir menn hefðu ekki komið til sögunnar, og jeg þori að fullyrða, að hans góða grein hefði ekki dugað til þess að fá framgengt hinum sameiginlega fundi, því síður til frekari framkvæmda, án afskipta annara, sem jeg hirði ekki að nefna. En hún er góð sönnun fyrir því, að það var ríkt í huga, bæði hans og annara þingmanna, að einskorða nefndina við ríkisþingsmenn og alþingismenn, og kom það mjög ljóst fram á fundinum í ríkisþingssalnum. Það getur vel verið, að hann sje einmitt höfundur þess fyrirkomulagsatriðis og að hann hafi fyrstur manna fært þá kröfu skýrt í letur, að nefndin skyldi vera þingmannanefnd. Honum ber þá heiður fyrir það, því það var efalaust rjettasta fyrirkomulagið, og kann jeg honum þakkir fyrir að hann hefur stungið upp á þessu og fest það í huga okkar hinna. Samkvæmt tillögum hans hafa Danir eingöngu kosið ríkisþingsmenn í nefndina og við getum ekki byggt okkar nefndarhluta á öðrum grundvelli.

ATKV.GR.: Fleiri tóku ekki til máls, og var þá tillagan borin upp og felld með 16 atkv. gegn 4.

II. Kosning í millilandanefnd. b.

Á 5. fundi Ed., laugardaginn 6. júlí, var lögð fram tiltaga til þingsál. (A 54) um frestun á kosningu í millilandanefnd — flutningsmenn Valtýr Guðmundsson og Sigurður Jensson — og henni útbýtt meðal þingdeildarmanna.

Á 6. fundi deildarinnar, mánudaginn 8. júlí, kl. 1. e. h., kom til umræðu, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Forseti Júlíus Havsteen: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að till. þessi verði rædd í einni umr.

Ef enginn háttv. þingm. hefur neitt við það að athuga, skoða jeg það sem samþ.

Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, er það álitið áríðandi, að flýta fyrir þessu máli. Með því að fengið er samþykki hæstv. ráðh. til þess að breyta út af þingsköpunum til þess að ræða þessa till. þegar í dag og með því gjörðabókin frá síðasta fundi er óvenjulega stutt, skal jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að fundur verði haldinn í þessari deild kl. 2 og verður þá ekki annað gjört þar, en að ræða tillögu þessa.

Samþ. án atkv.gr.

Á 7. fundi Ed., mánudaginn 8. júlí, kl. 2 e. hád., kom tillagan til einnar umræðu með afbrigðum frá þingsköpunum.

Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Við flutningsm. þessarar till. höfum komið fram með hana samkvæmt áskorunum, sem liggja fyrir þinginu frá mörgum þingmálafundum og einnig frá Þingvallafundi þeim, sem haldinn var í lok júnímánaðar, þar sem komnir voru saman fulltrúar frá öllum kjördæmum landsins nema frá tveimur, nfl. Strandasýslu og Vestmannaeyjum. Úr sumum kjördæmum voru margir fulltrúar; einn eða fleiri úr hverjum hrepp.

Á þingmálafundunum og á Þingvallafundi þessum var skorað á þing og stjórn, að hlutast til um, að nefndarskipun í sambandsmálið yrði frestað, þar til kosningar hefðu farið fram til alþingis næst.

Það hlýtur að vera öllum ljóst, að þetta er svo þýðingarmikið mál fyrir heill landsins, að eigi má hrapa að neinu þar að lútandi og verður að vanda allt sem bezt til þess. Og þó aldrei nema málinu vikji svo við, að nefnd sú, sem hjer ræðir um, eigi ekki að taka neinar bindandi ályktanir, heldur að eins undirbúa og koma fram með tillögur í málinu, þá verður því þó ekki neitað, að sá undirbúningur er afarþýðingarmikill, því að eins og málsháttur inn segir, þá »varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin«.

Þar sem farið hefur verið fram á, að nefnd þessi yrði skipuð, þá er það af því, að svo örðugt er aðstöðu, þar sem tvö löggjafarþing tveggja landa eiga að ræða og samþykkja eitt og sama mál. Hafa menn þessvegna reynt að finna ráð til tryggingar fyrir því, að málið geti gengið óbreytt fram á báðum stöðum og þyrfti eigi að ganga fram og aftur milli landanna. Eina ráðið, sem mönnum hefur hugkvæmzt til þess, er að skipuð væri nefnd manna úr báðum löndum. En til þess að fá tryggingu fyrir því, að tillögur þessarar nefndar verði teknar til greina, þá verður jafnframt að vera trygging fyrir því, að nefndin sje í samræmi við vilja þjóðarinnar, ekki að eins vilja einstaks flokks, heldur allra flokka í hvoru landinu um sig.

Nú stendur svo á, að hjer hafa komið fram háróma raddir og fundarályktanir meðal þjóðarinnar um það, að hinn núverandi meiri hluti þingsins sje eigi í samræmi við vilja þjóðarinnar. Í fyrsta lagi hafa komið fram áskoranir til einstakra þm. um að leggja niður þingmennsku, og í öðru lagi áskoranir til stjórnarinnar um að rjúfa þingið.

Það virðist því hafa legið beinast fyrir, að alþingi hefði verið rofið til þess, að nýjar kosningar hefðu getað farið fram og þingið getað verið í samræmi við vilja þjóðarinnar. Auðvitað getur hugsazt, að þingið hefði orðið líkt skipað eptir sem áður, þótt nýjar kosningar hefðu farið fram, um það er ekki hægt að segja með vissu hvorki til nje frá, en það liggur í augum uppi, að þá hefði ekki verið hægt að segja annað, en að hinir nýkosnu þm. væru í samræmi við vilja þjóðarinnar, er þeir hefðu verið kosnir einmitt með þetta mál fyrir augum.

Svo er annað atriði, sem hjer kemur til greina, sem sje það, að í raun inni heyrir þetta mál alls ekki undir alþingi. Hlutverk alþingis er eingöngu að ræða um sjermál landsins. Um önnur mál og sjerstaklega um samband landanna hefur alþingi engan

rjett nje umboð til að ræða. Þess vegna er opt í ýmsum öðrum löndum skipuð sjerstök þing til þess, að ræða um slík mál. Og vjer vitum það, að þegar upprunalega var gjörð ráðstöfun til þess, að Íslendingar hefðu samþykktar atkvæði um stjórnarfarslega stöðu sína, þá kallaði stjórnin ekki alþingi saman, heldur stofnaði hún sjerstakt þing með sjerstökum kosningarlögum við hliðina á alþingi. Og var það þing þjóðfundurinn 1851.

Eðlilegast hefði verið, að farið hefði verið að nú alveg eins og þá, nefnil., að stofnað hefði verið til sjerstaks þjóðfundar. En jeg skal játa, að eins hefði mátt fara hina leiðina, að því er íslenzku hliðina snertir; fela alþingi að fjalla um það með sjerstöku umboði frá kjósendum.

Það dugar ekki að vitna í það, sem þingmenn gjörðu í utanförinni í fyrra, og að þeir þá hafi heldur ekki haft neitt umboð. Þar var ekkert alþingi háð í Danmörku. Það, sem þeir þá gjörðu, það gjörðu þeir að eins sem »privat«-menn, þó auðvitað meira tillit væri tekið til þess, af því vitanlegt var, að þeir voru jafnframt alþingismenn, en gjörðir þeirra þar voru samt sem áður að eins »privat«-gjörðir.

Af þessum tveimur ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram, þá verð jeg þess vegna, að álíta það mjög áríðandi, að ekkert sje gjört í þessu máli fyr enn nýjar kosningar til alþingis hafa farið fram.

Hjer er um það að ræða, að ráða bót á þessu atriði, og enn er tími til bóta. Þetta mál er svo vaxið, að það getur ekki legið neitt sjerstaklega á því, að flýta fyrir því. Það getur ekki stofnað málinu í neina hættu, þó beðið sje eitt ár enn, eða fram yfir nýjar kosningar.

Mjer er að vísu kunnugt um, að búizt er við því í Danmörku, að skipaðir verði menn hjer í nefndina nú á þessu þingi, og ríkisþingið hefur af sinni hálfu þegar tilnefnt menn í nefndina, en jeg hygg, að það sje af því að stjórn Dana hafi ekki fengið nægilegar upplýsingar um þjóðarviljann hjer á landi í þessu máli. En þær upplýsingar hefði ráðh. átt að veita.

Jeg get ekki skilið, að Hans Hátign konunginum sje það svo mikið áhugamál að skipa þessa nefnd nú þegar; tilætlun hans er að gleðja Íslendinga með nefndarskipun þessari og þess vegna setur hann það í samband við för sína hingað. En jeg er sannfærður um, að ef honum væri kunnugt um þá megnu óánægju, sem ríkir hjer í landi út af því, hvernig nefndarskipuninni er hagað, og að menn óskuðu, að henni væri frestað, þá mundi hann ekki framkvæma þá stjórnarathöfn nú í sumar.

Ábyrgðin á þessu hlýtur að lenda á ráðh., sem ráðið hefur Hans Hátign til að skipa nefndina á þenna hátt.

Enn þá væri tími til, ef hann vildi ráða Hans Hátign til að láta þetta bíða fram yfir næstu kosningar. Og álitu menn áríðandi að nefndarstarfið gæti farið fram næsta vetur, þá væri líka hægt að koma því við, með því að rjúfa þingið og láta kosningar fara fram í haust. Þá gæti nefndin starfað á alveg sama tíma eins og þó hún væri tilnefnd nú í sumar.

En jeg er viss um það, að gagnvart þjóðinni og konunginum er það alls eigi rjett að láta nefndarskipunina fara fram á þann hátt, sem nú er til ætlazt.

Jeg skal í sambandi við þetta mál taka það fram, að undirbúningurinn undir það hefur eigi verið þannig lagaður, að hollt sje að nefndin verði skipuð nú. Undirbúningnum hefur

verið þannig hagað, að ætlazt er til, að nefndin verði skipuð eingöngu þingmönnum. En það er mjög óeðlilegt, að stjórn og þing hjer sjeu í nokkru bundin við það, hvernig þessu er hagað í Danmörku; þar er þingið svo fjölmennt, að þingmenn eru víst nálega 180, og eiga þeir því mjög hægt með að skipa menn í þessa nefnd af öllum þeim sæg.

Öðru máli er að gegna hjer hjá oss, þar sem þingmenn eru svo fáir, en ef til vill völ á betri mönnum utan þingsins. Sjerstaklega er andstæðingaflokkur stjórnarinnar mjög fámennur á þingi, en eptir okkar skoðun er hann allfjölmennur utan þings. Gæti þá ekki verið, að hægt væri að fá margfalt hæfari menn af þeim mörgu utan þings? Og að einmitt af þeim góðu og hæfu mönnum mundu nokkrir eiga sæti á þingi eptir næstu kosningar? Það eru því margar ástæður, sem mæla með því, að nefndarskipun þessi fari eigi fram nú.

Eina ástæðu enn má nefna til að fresta nefndarskipun þessari, nefnilega þá, að ef nefnd væri skipuð nú og hún gjörði samninga við Dani, þá mundu þeir ganga að því vísu, að þeir mættu treysta því, að þeir samningar yrðu samþ. af löggjafarþingum beggja þjóðanna. En svo þegar kosnir væru nýir þm. og þeir höfnuðu þessum samningum, þá mundu Danir telja sig gabbaða og segja, að ómögulegt væri að semja við Íslendinga. Þeir hefðu sent fulltrúa sína til að semja við sig, en eyðilegðu svo allar þeirra gjörðir. Þetta gæti haft mjög óheillarikar afleiðingar fyrir oss, ef grundvöllur málsins væri þannig lagður. Þeir menn, sem vilja taka á sig ábyrgðina á þessu, taka á sig mjög þunga ábyrgð gagnvart þjóð sinni; því að enda þótt þeir hafi þá hugsun, að þeir ekkert ógagn vinni með þessu, þá getur það orðið þess valdandi, að þetta mál komist í óefni, og gjört landinu stórtjón um margar ókomnar aldir, eingöngu fyrir þrákelkni þeirra, er þar um ráða. Auðvitað er það, að, ef hinn hv. meiri hluti vill skora á ráðh. að fresta málinu, þá mun hann ráða konungi til að gjöra það; en ef nefndarskipunin verður samþ., þá er það á ábyrgð ráðh., sem ráðið hefur konungi til þess, en ekki konungs, sem allt vill gjöra til að gleðja oss. Jeg vona þess vegna, að hin háttv. deild samþ. að ráða konungi til að fresta þessu máli. Af því getur margt gott leitt, en af hinu mjög mikið tjón, bæði fyrir landið sjálft og mál þess í framtíðinni.

Ráðherrann: Jeg er nýbúinn að taka þátt í umræðum um þetta mál í háttv. Nd. og hef í raun og veru engu við að bæta það, sem jeg tók þar fram; og því minni ástæðu finn jeg til að fjölyrða um málið nú, þar sem svo lítið nýtt kom fram í ræðu háttv. flutningsm. (V. G.), er svara þurfi. Tillaga þessi virðist ekki heldur hafa neinn sjerlegan byr hjer á þinginu, þar sem að eins voru greidd 4 atkvæði með henni í háttv. Nd., þrátt fyrir ágætan málsflutning af hálfu hins háttv. minni hluta þar. Með allri röksnilld sinni og sannfæringarmagni gat framsögumaður hennar þar ekki aflað henni nema *eins* atkvæðis í viðbót við atkv. háttv. flutningsmanna og ber slíkt ekki vott um, að málsstaðurinn sje upp á það bezta.

Eins og jeg gat um, álít jeg óþarft að taka hjer upp ástæður þær, er jeg bar fram í háttv. Ed. gegn tillögunni. Með því að allur þessi tillöguflutning-

ur og umræðurnar um tillöguna munu mest megnis ætluð fyrir þingtíðindin, miður fyrir þingmenn sjálfa, sem þegar hafa rætt málið ítarlega á almennum »prívat«fundi, ætti að vera nægilegt, að hafa sókn og vörn um málið í Neðrideildarumræðunum, og finnst mjer, að mátt hefði spara sjer að koma fram með sömu tillöguna einnig í þessari deild. En einstök atriði verð jeg þó að taka fram, úr því jeg er staðinn upp.

Jeg verð að líta svo á, að ef nú væri það ályktað, að biðja Hans Hátign konunginn að fresta útnefningu manna í nefnd þá, sem hjer ræðir um, þá sje það í raun rjettri sama sem að fleygja málinu frá sjer, girða fyrir allan væntanlegan árangur af málaleitun alþingismanna í Danmerkurförinni í fyrra. Jeg gat ekki orðið annars var, en það væri *einhuga* ósk alþingismanna í fyrra, að nefndarskipunin færi fram og það einmitt á þann hátt, sem nú er gjört ráð fyrir. Jeg taldi mig því vera í fullu samræmi við alþingi, er jeg ljet þá ósk í ljósi við ráðaneytisforsetann danska, að ríkisþingið tilnefndi þegar í vetur sem leið menn í nefndina að sínu leyti. Ef alþingismenn neita nú að tilnefna menn í nefndina að sínu leyti, þá verður það naumast skoðað öðru vísi en að þingmenn gangi frá því, sem þeir töldu áhugamál sitt í fyrra, og neiti að eiga tal við þá menn, sem þingin í Danmörk hafa til nefnt. Þetta er svo bersýnileg móðgun og brigðmæli, að það má telja vonlaust um, að málið geti með góðum árangri orðið tekið upp að nýu í bráðina.

Háttv. flutningsmaður (V. G.) sló því fram, að í raun og veru heyrði þetta mál ekki undir verksvið alþingis, því að ætlunarverk þess væri eingöngu að fjalla um sjermálin. Jeg ætla ekki að fara langt út í þessa nýjustu stjórnvizku; það er víst varla ómaksins vert að brjóta hana til mergjar, því að jeg býst við, að háttv. þm. (V. G.) muni sjálfur hverfa frá þessari kenningu sinni, þegar hann fer að íhuga hana betur, og að honum muni varla koma til hugar, að mynda flokk upp á hana. Það er bágt að sjá, hvað því ætti að verða til fyrirstöðu, að alþingi setti nefnd til þess að íhuga sameiginlegt mál, og þekki jeg enga aðra stofnun hjer á landi, er hafi köllun og vald til að taka *þátt* í löggjöf af Íslands hálfu um slík mál. En hjer liggur þessi spurning alls ekki fyrir. Jeg verð að biðja háttv. flutningsmann vel að gæta þess, að hjer er alls eigi verið að fara fram á, að alþingi sem slíkt skipi neina nefnd. Það er tilætlunin, að konungur skipi nefnd manna til undirbúnings máli, sem snertir bæði Ísland og Danmörku, og málið tekur ekki til alþingis að öðru leyti en því, að jeg hef snúið mjer til alþingismanna, er voru í utanförinni í fyrra, og þá óskuðu, að nefndin yrði skipuð, og gefið þeim kost á, að tilnefna — utan þings — þá menn, er þeir vilja að skipaðir sjeu í nefndina, í þeim tilgangi, að bera svo þessar óskir fram fyrir Hans Hátign konunginn, er væntanlega tekur tillit til þess við nefndarskipunina. Það eru hinir háttv. flutningsmenn tillögunnar, sem hafa dregið mál þetta inn á alþingissalina, annars mundi það ekki hafa komið til alþingis kasta í sumar.

Það hefur mikið verið tatað um það af stjórnarandstæðingum, að það hefði verið skylda stjórnarinnar, að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga, áður en nefndarskipunin færi fram.

En einmitt þetta, sem jeg síðast nefndi að alþingi skipar alls eigi nefndina, sýnir eitt með öðru mjög áþreifanlega, hve ástæðulaust þingrof hefði verið eða er fyrir þær sakir. Allt þetta umtal um þingrof nú hvað ofan í annað, virðist benda á, að þeir, sem sí og æ eru að klifa á því, gjöri sjer ekki grein fyrir, hve alvarleg stjórnarathöfn þingrof — þ. e. heimsending eða afsetning allra þjóðkjörinna þingmanna — er í raun og veru. Það er naumast forsvaranlegt af neinni stjórn að grípa til slíks, nema um alvarlegan ágreining sje að ræða milli þings og stjórnar, þegar stjórnin sem annar aðili löggjafarvaldsins hefur ástæðu til að álíta, að atkvæði þingsins sje ekki í samræmi við vilja þjóðarinnar. Að hlaupa til slíks eptir ósk lítils minni hluta, að eins til þess, að gefa einstökum mönnum tækifæri til þess að reyna, hvort þeir gætu ekki náð sjer í eitt þingsæti eða svo, væri óforsvaranlegt, eigi að eins gagnvart meiri hlutanum, heldur sjerstaklega gagnvart þjóðinni, sem á rjett á því, að fulltrúakjöri hennar sje í hefð haldið, nema sjerstök ástæða sje til að leita sjer nýs úrskurðar hennar, og henni sje ekki ófyrirsynju bakað allt það vafstur, óþægindi og kostnaður, sem nýjar kosningar hafa í för með sjer. Jeg lít svo á, að það geti jafnvel verið vítaverð athöfn að rjúfa þing upp úr þurru, athöfn, sem stjórnin gæti sætt ábyrgð fyrir. Jeg skil ekki, með hverjum rökum jeg hefði átt að geta ráðið Hans Hátign konunginum til að setja þá þingmenn af, sem nú sitja á þingi, þótt hann vilji verða við óskum þeirra um, að skipa nefnd manna til að íhuga og undirbúa málefni, sem þeir hafa sjálfir hreyft. Það hefur verið margtekið fram, að áður en nokkur bindandi ákvörðun verður tekin, gefst þjóðinni kostur á, að láta álit sitt í ljósi um tillögur nefndarinnar; engu verður til lykta ráðið fyr en eptir að nýjar kosningar hafa farið fram; þetta er háttv. flutnm. (V. G.) jafn kunnugt sem mjer, hann veit það vel, að ekki verður farið á bak við þjóðina með neitt í máli þessu; hún getur hagað fulltrúakosningunni 1908 eptir afstöðu í þessu máli, áður nokkuð verður samþykkt á þingi, og leiði stjórnarskrárbreyting af till. nefndarinnar, þá gefst þar endurtekið færi til úrskurðar þjóðarinnar, eptir að slík breyting hefði einusinni verið samþykkt. Því síður er nokkur átylla til þingrofs »á þessu stigi málsins«.

Því hefur verið barið við, að ófært sje að skipa nefndina nú, af því að skipun þingsins mundi breytast svo mjög, og völ verða á nýjum kröptum eptir nýjar kosningar; en nú játar háttv. flutnm. (V. G.) sjálfur, að mjög óvíst sje, hvort skipun þingsins eða afstaða flokkanna mundi breytast nokkuð, þótt nýjar kosningar færu fram. Allt mundi líklega verða óbreytt að mestu. Nýjar kosningar ættu því að eins að vera til þess, að fyrra sig ábyrgð, gjöra þjóðinni allt það ómak, sem nýjum kosningum fylgir, að eins til þess að geta skellt skuldinni eptirá á þjóðina, ef óánægja skyldi rísa, og skotist sjálfur út úr allri ábyrgð, bak við vebönd sjálfskapaðs þjóðarvilja, eins og Björn að baki Kára. En slík ástæða fyrir frestun á nefndarsetningu, er æði ómannleg, og hefðu þeir menn, sem nú láta svona, ekki átt að vera svo ákafir í fyrra, ef þeir væru ekki vissari í sinni sök og hefðu ekki sterkari sannfæringu um, hvað gjöra skyldi en nú virðist raun bera vitni um.

Í þessu máli eigi síður en öðrum, verðum vjer að fara eptir því einu

sem vjer álítum rjettast og heillavænlegast fyrir þjóðina, og það þykist jeg hafa gjört, og ber því engan beyg fyrir því, að taka upp á mig ábyrgð þá, er háttv. þm. (V. G.) var að ógna mjer með; jeg vona, að mjer verði ljett að bera hana; og er fjarri því, að jeg telji það neitt þrek, að takast þá byrði á herðar. Jeg ímynda mjer jafnvel, að háttv. þm. (V. G.) hefði gjört hið sama, sem jeg hef gjört í málinu, ef hann hefði verið í mínum sporum; því að jeg hef eigi gjört annað en það, sem jeg áleit sjálfsagt, úr því sem á stóð og komið var, og samkvæmt vilja alls þorra háttv. þingmanna.

Það hefði verið þyngri ábyrgð því samfara, að spilla fyrir undirbúningi nefndarsetningarinnar, eða láta undir höfuð leggjast, að taka þær ákvarðanir, sem voru nauðsynlegar sem grundvöllur fyrir frekari málaleitun við ríkisþingsmennina. Þá ábyrgð vildi jeg ekki taka, því hvort sem menn gjöra sjer meiri eða minni vonir um mikinn beinan árangur af starfi nefndarinnar, þá er þó sízt fyrir það að synja, að skipun hennar miðar til samkomulags; hún út af fyrir sig er tilslökun, sem við aldrei áður höfum fengið framgengt, og getur, hvað sem öðru líður, orðið til góðs, með því að skýra málefnin og taka af tortryggð og vafa, og þar með eyða úlfúð og ófriði innanlands.

Það er ekki af neinni þrákelkni að jeg held því fram, að nefndin sje skipuð *nú*, og skipuð þingmönnum einum, en ekki utanþingsmönnum, heldur af því að jeg álít það afgjört mál, og að annað sje eigi forsvaranlegt gagnvart nútíð og framtíð.

Jeg skil ekki annað, en að allir sjái hvílík ókurteisi það væri við bræður vora og samþegna, að hrinda frá sjer hendinni, sem þeir bjóða fram til samvinnu og samkomulags, og neita að tala við þá fulltrúa, sem kosnir hafa verið eptir ósk vorri, til þess að ræða sameiginleg málefni vor með oss, og skal jeg því ekki fara lengra út í mál þetta nú; tel víst, að afdrif þess verði svipuð hjer eins og í háttv. Nd., og jeg vona, að það verði á engan hátt til að spilla samkomulagi voru og samvinnu, hvorki hjer á þinginu í sumar, nje síðar í nefndinni, þótt frestunartillagan verði felld.

Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg þarf ekki að tala langt að þessu sinni, jeg hef líka þegar tekið fram öll höfuðatriði, er mæla með till. þessari, en nokkrar athugas. vil jeg samt gjöra við ræðu ráðh. Hann tók það fram, að fresta því að tilnefna nefndina, væri það sama og að eyðileggja nefndarskipunina, það væri móðgun við Dani, sem þegar hefðu tilnefnt menn í nefndina, en jeg hef fullkomna ástæðu til þess að ætla, að Dönum mundi ekkert kærkomnara, en vissa fyrir því, að þeir fengju að vinna saman við þá nefnd, sem hefði fullkomið fylgi og eindregna velvild þjóðarinnar við að styðjast; en vissa fyrir því, að nefndin verði þannig skipuð, fæst ekki nema með því, að nýjar kosningar verði, áður en tilnefning nefndarinnar fer fram, þá líka um leið fengin trygging þess, að gjörðir nefndarinnar hafa fylgi þingsins, eins og það yrði skipað eptir kosningarnar. Mjer er kunnugt um, að fjölmargir danskir stjórnmálamenn litu svo á, að sjálfsagt væri, að þing væri rofið áður en nefndin væri skipuð, t. d. flutti »Social-Demokraten« alllanga ritstjórnargrein um þetta efni; blað sem er eitt af útbreiddustu blöðum Dana með 54,000 kaupendur. Og í mörgum fleiri blöðum Dana birtust

greinar í sömu átt. Satt er það hjá ráðh., að alþingi kýs ekki mennina, sem í nefndina fara, konungur skipar þá eptir tilnefningu þm., en þetta er ekki annað en form, sem ekki er til neins að vera að prátta um, en hver hefur tekið sjer vald til að ákveða, að þetta skuli einmitt svo vera. Það er enginn annar en ráðh., sem hjer hefur sýnt það einræði, að ákveða þetta svo, án þess að ráðfæra sig við þingið um tilhögun á nefndarskipuninni.

Kunnugt er, að í Danmörku var leitað ráða ríkisþingsins um tilhögun á skipun nefndar þessarar, svipað því hefði mátt fara hjer með mál þetta, hefði ráðh. látið það bíða, að ákveða neitt um skipunina, unz hann náði til alþingis, og þurfti enginn dráttur að verða á málinu fyrir því.

Ráðh. vefengdi þau orð mín, að alþingi hefði að eins með sjermálin að fara, en kunnugt er, að verksvið alþingis er takmarkað af stjórnarskránni, sem nær einungis til sjermála Íslands. Þjóðfundurinn frá 1851 er ennfremur ljóst dæmi þess, að komið gæti til greina, að aðrir en alþingismenn ljeti í ljósi álit sitt í þessu máli. Dr. Birck, einn af hinum fremri stjórnmálamönnum Dana og ríkisþingsmaður, hefur látið það skýlausa álit sitt í ljós í grein í »Nationaltidende«, að hann teldi ekki nægilega trygging í því, að alþingi samþ. sambandslögin, og ekki einu sinni þó að þjóðfundur gjörði það, heldur því að eins, að málið væri lagt beint undir atkv. íslenzkra kjósenda, þeir greiddu atkv. um lögin sjálf. Þetta sjerstaklega, er enn þá eitt dæmi þess, hvernig ýmsir Danir líta á þetta mál, enda er hjer um svo mikilsvert mál að ræða, að fullkomin þörf, enda brýn nauðsyn var til þess, að þing væri rofið, eða málinu frestað þar til nýjar kosningar hafa farið fram. Þar sem hinn hæstv. ráðh. tók það fram, að nefndin gæti ekki gjört neinar bindandi ályktanir; málið kæmi til þingskasta eptir á, þá var óþarfi að taka slíkt fram. Að vera að hampa slíku, er eins og verið væri að tala við börn, og eins og barn væri að tala. Það er svipað, eins og þegar einn ónefndur maður í Kaupmannahöfn fór síðastliðinn vetur að fræða Dani á því opinberlega í blaði, þegar frjettist um samþykkt stúdentafjelagsins hjer í fánamálinu, að stúdentafjelagið hefði ekki löggjafarvald, og samþykkt þess væri því ekki bindandi. Jafn óþarft er að fræða okkur á því, að milliþinganefnd hafi ekki löggjafarvald, því það er nokkuð, sem allir heilvita menn vita.

Þar sem hinn háttv. ráðh. gat þess, að í Nd. hefðu að eins 4 atkv. fengizt fyrir till. um frestun, þá ber þess að geta, að þetta kom af því, að svo margir voru fjarverandi af okkar flokki. (*Ráðherrann:* Hvers vegna?) Einn hefur hinn háttv. ráðh. sjálfur og móttökunefndin sent austur í sveitir, annar er veikur, en þriðja veit jeg ekki hvað hefur hamlað. En jeg vona, að annað verði ofar hjer í deildinni, og að háttv. þm. þessarar deildar, — og skýt jeg þar máli mínu aðallega til meiri hlutans, — samþ. till. þessa í einu hljóði, og efast jeg þá ekki um, að ráðh. taki hana til greina.

ATKV.GR.:

Till. felld með 6 atkv. gegn 5.

Guðjón Guðlaugsson var ókominn til þings, og Jón Jakobsson fjarverandi með leyfi forseta.

III. Námsskeið á varðskipinu.

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 31. ágúst, var lögð fram tillaga til þingsályktunar (A. 464) um námsskeið Íslendinga á varðskipinu — flutningsmenn Guðlaugur Guðmundsson og Jón Jónsson — og var henni útbýtt meðal þingdeildarmanna, og á 40. fundi sömu deildar, þriðjudaginn 3. september var uppástunga forseta um að hafa eina umræðu um málið samþykkt með 14 atkv.

Á 45. fundi Nd., mánudaginn 9. september, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg þarf ekki að þreyta þingd. á langri ræðu. Jeg vona, að deildin hafi ekki á móti tillögunni, þar sem hún fer ekki fram á annað, en að Íslendingar, *sem þess óska*, eigi kost á að læra sjómennsku á herskipinu. Eins og menn vita, er opt um það talað út um landið, að æskilegt væri, að Íslendingar væru á varðskipinu og jafnvel að þar yrðu mestmegnis Íslendingar. Þetta væri spor í þá átt, og þó að það væri lítið spor, gæti það orðið vísir til annars meira. Yfirmenn á varðskipinu eiga að vera, samkvæmt löggæzlutilskipuninni og samningi þeim, sem hann byggist á, fyrirliðar úr viðurkenndum her. Menn í þá stöðu eigum við ekki og til þess þarf sjerstaka menntun, próf o. s. frv.

Í öðru lagi gæti þetta orðið til þess, að hinn innlendi fiskifloti gæti haft betri hemil á hinum útlendu landhelgisbrotum. Það hefur opt verið bagi að því, hve kærurnar frá innlendum mönnum hafa verið lítt ábyggilegar, hefur það verið vegna þess, að innlendir menn hafa ekki kunnað að búa út fullnægjandi sönnunargögn. Því væri »praktiskt« að menn fengju verklega þekking á slíku.

Auk þessa gæti það orðið til þess, að þessir menn lærðu dálítið í vopnaburði nútímans. En það gæti orðið til góðs fyrir landið, og jafnvel til að firra landslýðinn voða, ef til væru í hverjum kaupstað og kauptúni menn, sem kynnu eitthvað í vopnaburði. Hjer er orðið svo mikið af útlendum ruslaralýð og opt svo mikill usli að þeim, að lögreglunni er orðið á stundum alveg nauðsynlegt, að geta kvatt vopnaða menn til hjálpar.

Jeg get ekki sjeð, að þjóðinni sje sómi að því, að standa varnarlaus fyrir útlendum þorparalýð. Nú er svo ástatt, að ein vopnlaus eða vopnlítil útlend skipshöfn getur drepið menn, rænt og svívirt heil kauptún, án þess hægt sje að koma vörnum við.

Jeg hef talað um þetta við yfirforingja varðskipsins, og tók hann vel í, að þessu mundi verða sinnt. Sömuleiðis hefur hæstv. ráðh. tekið vel í tillöguna. Jeg vona því, að háttv. deild samþykki tillöguna, það því fremur sem lítinn kostnað mundi af henni leiða, ef hann yrði nokkur.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg játa, að mjer ekki alveg ljóst hvert þessi þingsályktunartillaga stefnir. Hinn háttv. flutningsm. sagði, að það væri æskilegt, að hafa Íslendinga á varðskipinu og líka, að það væri æskilegt, að hafa íslenzk varðskip. En þetta er tvennt ólíkt. Mjer finnst það, að fara að hafa unga Íslendinga á varðskipunum, sje fyrsta sporið í áttina til þess, að gjöra Íslendinga herþjónustuskylda. Jeg veit nú að vísu, að þetta muni ekki vera tilgangur hv.

flutningsm., en jeg get þó ekki varizt þess, að láta mjer koma það til hugar. Við leggjum fram fje til strandvarnar, og það er rjett frá minu sjónarmiði; en hitt er annað mál, hvort við eigum að taka á okkur varnarskyldu. (*Guðlaugur Guðmundsson:* Varnarskyldu!) Jeg veit að vísu, að *þetta* er engin varnarskylda, en það gæti þó orðið fyrsta sporið *í þá átt.*

Hinn háttv. flutningsm. sagði, að svo framarlega, sem við ættum að hafa íslenzk varðskip, þá væri fyrsta skilyrðið, að fá á þau íslenzka foringja, og að þeir yrðu að vera hermenn úr viðurkenndum her. Ef við nú eltum þessa hugsun dálítið lengra, þá verða þeir að vera annað hvort úr viðurkenndum dönskum her eða viðurkenndum íslenzkum her.

Hinn háttv. þm. sagði enn fremur, að þetta gæti orðið til þess, að íslenzk fiskiskip gætu betur haft gát á útlendingum; það getur vel verið, *ef* þessir foringjar hans þættust þá ekki of »fínir« til þess, að vera yfirmenn á íslenzkum fiskiskipum. En hvað sem því svo líður: við Íslendingar höfum hingað til talið okkur það til gildis, að við hefðum engan her og engan herkostnað. Og að vísu þykist jeg vita, að fyrir hinum háttv. flutningsm. vaki ekki íslenzkur her, heldur að eins vopnað lögreglulið. En er þá *varðskipið* rjettur skóli fyrir lögreglulið *á landi*? Það held jeg naumast.

Jeg efast *sízt* um það, að yfirmennirnir á varðskipunum sjeu þessu hlynntir, því það væri þeim auðvitað mjög kærkomið, ef Íslendingar tækju á sig herskyldu.

Jeg vil svo að lokum beina þeirri fyrirspurn til háttv. flutningsm.: hvernig hugsar hann sjer stöðu þessara manna á varðskipinu? Eiga þeir að vera dátar eða lærisveinar? Það er að segja nokkurs konar utanveltu-besefar, er mega sjá það sem fram fer og kannske njóta einhverrar tilsagnar? Á þessu tvennu er mikill munur. Og jeg vil bæta því við, að ef það er tilætlanin, að þeir eigi að læra að moka kolum og skaka byssum, þá hafa þeir naumast mikið gagn af þeim lærdómi hjer á Íslandi. Og sízt gæti það komið að gagni á íslenzkum fiskiskipum. En jeg vona, að háttv. flutningsm. vilji skýra tillöguna betur, því mjer er það sem sagt ekki fyllilega ljóst, hvort jeg á að greiða atkvæði með henni eða móti.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Mig furðar nokkuð á ræðu hins háttv. þm. Rvk. (G. B.), Hún bar vott um það, að hann hefur ekki lesið tillöguna, og þá er ekki undarlegt, að hann veit ekki, hvernig hann á að greiða atkvæði. Hann sagði, að þetta væri fyrsta spor í áttina til þess, að koma á hervarnaskyldu; ef það einhvern tíma skyldi verða skoðun meiri hluta þjóðarinnar, að við ættum að hafa landvarnarlið, þá væri það í mínum augum enginn skaði nje lítilsvirðing fyrir þjóðina. En það á ekki við, að tala um það í sambandi við þessa tillögu. Hjer er ekki farið fram á neitt slíkt; að eins þetta er farið fram á, að ungir menn »*sem þess kynnu að óska*« ætti kost á, að læra á varðskipinu það, sem að strandgæzlu lýtur hjer við land.

Hann var að tala um íslenzk varðskip og mjer fannst hann meina eitt hvað í þá átt, að fyrst yrði skipið að vera íslenzkt og svo kannske skipshöfnin á eptir. Þetta sýnist mjer vera alveg öfugt; mjer er alveg sama þó skipið væri byggt á Borneo eða Madagaskar, jeg mundi telja það íslenzkt

væri það skrásett hjer og skipshöfnin íslenzk. (*Guðm. Björnsson:* Þetta fer allt fyrir norðan garð og neðan). Það fór líka allt »fyrir norðan garð og neðan« hjá hinum háttv. þm. og utan við alla heilbrigða skynsemi. Það, sem hann sagði um yfirmennina var líka út í hött talað. Það eru allstaðar menn, sem gengið hafa á sjerstakan skóla, tekið próf o. s. frv.; Það gætu auðvitað Íslendingar líka gjört og hafa enda gjört það. Það kemur heldur ekki hervarnarskyldunni við hjá neinni þjóð.

Hitt var á meiri rökum byggt hjá hinum háttv. þm., að varðskipið væri ekki hinn heppilegasti skóli, ef sjerstaklega væri um það hugsað, að kenna þessum mönnum vopnaburð, ef þeir óska þess. Til þess væri betra að stofna fjelög hjer, sem svo fengju sjerstakan kennara í þessu, undirforng ja úr einhverjum landher. En hinsvegar sýnist mjer, að kennsla í slíku á varðskipinu gæti í öllu falli verið betri en alls ekkert, eins og nú er. Jeg verð að segja, að mjer finnst það eitthvað lúpulegt og lítilsiglt fyrir þjóð, sem er eins »mikil í munninum«, eins og við, að verða að flýja á náðir annarar þjóðar til þess að verja oss fyrir vopnlausum útlendingum, sjóara- og skrælingja-lýð, að hann ekki svívirði og hálfdrepi landslýðinn á okkar eigin landi eins og varnarlausar sauðkindur. Það hefur brytt talsvert á slíkum aðförum af þesskonar lýð á Vesturlandi fyrir nokkru, og nú á Siglufirði og Eyjafirði, og gegn slíku eru menn ekki óhultir, nema vopn sjeu fyrir, og menn, sem kunna með þau að fara.

Hvað snertir stöðu þessara manna á herskipinu, þá veit hinn háttv. þm., að á herskipunum eru svo nefndir »Elevskoler«, og þeir, sem ganga á þá, taka ekki þátt í daglegum störfum; þeir hafa annað fyrir stafni en kolamokarar eða kokkar.

Jeg held að það sje ekki fleira, sem hinn háttv. þm. spurði um. Jeg vona að jeg hafi svarað honum út í æsar. Hjer er ekki farið fram á annað, en að opna veg ýmsum Íslendingum, sem mundu vilja hagnýta sjer þá verklegu æfingu og kennslu, sem fram á er farið í tillögunni.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Eptir því, sem þessi tillaga er orðuð, þá er hjer að eins að tala um sjómennskunám á varðskipinu; jeg get því ekki skilið þetta öðru vísi, en að hjer sje átt við nám í siglingafræði. Þó að till. væri samþ., væri því engin heimild til þess, að gangast fyrir því, að Íslendingar lærðu hernað. Tillagan nær því ekki þeim tilgangi sem hv. flm. ætlast til. Jeg held líka, að þegar að því kemur, að vjer Íslendingar kostum strandvarnirnar sjálfir, þá sje nógur tíminn. Og þó að enginn verði skyldaður til þess, að læra vopnaburð, þá er þó með till., ef hún verður samþ., ungum mönnum gefið undir fótinn, að fara að temja sjer vopnaburð á danska varðskipinu. En þar sem nú vantar svo tilfinnanlega starfskrapta í landið, álít jeg mjög óheppilegt, að beina huga manna inn á þessa braut; svo er það og aðgætandi, að það er ekki ólíklegt, að þeir sem tækju þátt í þessu námi, vildu hafa eitthvað upp úr hernaðarkunnáttu sinni eptir á, og þannig yrði þetta fyrsta spor, eða gæti orðið fyrsta spor í áttina til þess að hafa hjer launaða vopnaða menn.

Háttv. flutnm. sagði, að hjer væri of fátt lögreglulið, og það má satt vera. En þar til er því að svara, að bæjarstjórnir og sveitarstjórnir eiga þá að sjá um það, að hafa menn til taks, sem þær gætu gripið til, þegar á þarf

að halda. Hitt gæti að mínu áliti haft slæmar afleiðingar að mörgu leyti. Það eru nú þeir tímar hjer á landi, að þess má vænta, að allmiklar æsingar verði hjer með köflum, og þegar svo er ástatt í einhverju landi, vitum vjer hvernig herliðinu er stundum beitt. Það er því ekki flasandi að því, að láta lögreglustjórnina hafa vopnaða menn til taks, er það geti beitt, þegar því sýnist.

Hermennska er sú fyrirlitlegasta atvinna sem til er, og er vonandi, að sá tími komi, að þjóðirnar leggi þann ósóma niður sem fyrst. Jeg álít, að ef auka þarf lögreglulið, þá eigi það lögreglulið að vera skipað af bæjar- og sveitarstjórnum, en ekki eigi að hafa vopnaða menn, sem standi undir landsstjórninni.

Ef nokkurt gagn ætti að verða að þessum vopnuðu mönnum, þá yrðu þeir og að vera mjög margir. Þeir yrðu að vera bæði á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi, og mundi þó eigi nægja á einum stað í hverjum þessara landsfjórðunga, því ekki geta sömu mennirnir verið allstaðar; þeir geta ekki flogið, meðan loptballónarnir eru ekki lengra á veg komnir, en nú er. Að öllu yfirveguðu sýnist mjer þetta þann veg vaxið, að rjettast sje að láta þessa till. ekki fara lengra. Það situr illa á Íslendingum að vera að koma sjer upp vopnuðu liði; til þess erum við allt of fáir.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg get ekki neitað því, að mjer fundust þær vera nokkuð »loptballón«-kenndar hugleiðingarnar hjá hinum hv. þm. N.-Ísf. Hann sá í anda heilt herlið hjer á landi, sem landsstjórnin mundi misbeita, auðvitað í »pólitísku« augnamiði, skildist mjer. Slíkt er brosleg fjarstæða, ekkert annað.

Það er hægra sagt en gjört, að útvega nægilega marga menn til þess að halda uppi reglu í fámennum strjálbyggðum hjeruðum, þar sem margir útlendingar sækja að. Í Siglufjarðarkauptúni búa 270 manns, og þar eru opt um 2,000 útlendir sjómenn. Í slíkum tilfellum sýnist mjer það að eins af borginmannlegri vanþekking talað, að »hreppsnefndin eigi að hafa til taks menn til þess að halda uppi lögreglu«. Lögreglusamþykktir hafa ekkert að segja gagnvart slíkum lýð, þar sem svo stendur á, því að hann virðir ekki þess háttar »pappírslög«, ef ekki er hægt að framfylgja þeim með valdi gegn þeim, sem brjóta þau.

En jeg gjöri ráð fyrir því, að slík fjelög mundu hjálpa, ef þau væru tilkvödd og voði væri á ferðum, þótt þau stæðu ekki í sambandi við landsstjórn, eða lögreglustjórn. Allar þessar hugleiðingar um herskyldu eru út í loptið. Má vera að úr því megi skapa grílur, en slíkt hefur aldrei legið í tilgangi þessarar till.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Jeg get verið stuttorður, því að nú er jeg farinn að skilja, hvað átt er við með þessari tillögu. Það er tvennt; fyrst það, að þeir menn, sem ganga í skóla á þessum strandvarnaskipum — þar *er* nú enginn skóli, en á ef til vill að *verða* framvegis handa Íslendingum — þeir eigi að verða svo »forframaðir«, að þeir sjeu hæfir til þess, ef þeir verða sjómenn, að líta eptir fiskiskipum, og ef þeir verða á landi, þá að geta barizt þar við útlendan fiskimannaskríl. Og nú veit jeg, bæði hvernig jeg greiði atkvæði og hvers vegna. Jeg er meir en sannfærður um það, að þeir menn, er tekið hafa stýrimannapróf, hafa annað nytsamara að gjöra, en að eyða hálfu ári á varðskipinu. Þeir munu sjá sjer harla lít-

inn hag í því og leita sjer sjálfsagt fremur annarar atvinnu, sem borgar sig betur. Að nokkur færi að leiðast til þessa, með það fyrir augum að verða »úníformeraður« bardagamaður norður á Siglufirði, það get jeg ekki skilið. Og ef við fáum vopnaða lögreglu þar eða annarsstaðar — og það getur vel farið svo að við þurfum þess — þá þarf hún að fá allt öðru vísi undirbúning og æfingu, en fengizt getur á varðskipinu. Það ættu allir að vita, að í öðrum löndum er allt önnur undirbúningsmenntun fyrir lögreglumenn en hermenn.

Þess vegna get jeg ekki annað sjeð, en að það, sem farið er fram á í þessari tillögu, sje eitthvað svipað því, sem á útlendum málum er kallað »Humbug«. Það getur aldrei orðið til gagns, en getur aptur á móti orðið til ills, og þess vegna er jeg einráðinn í að greiða atkv. á móti tillögunni.

Fleiri töluðu ekki og var því gengið til atkv. og var tillagan felld með 14 atkv. gegn 9.

IV. Sala þjóðjarða. b.

Á 42. fundi Ed., mánudaginn 2. september var lögð fram tillaga til þingsályktunar (A 498) um sölu nokkurra þjóðjarða — flutningsmaður Þórarinn Jónsson — og henni útbýtt meðal þingdeildarmanna, og á næsta fundi daginn eptir var samþ. í e. hlj. eptir uppástungu forseta að hafa eina umræðu um málið.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. september, kom þingsályktunartillagan (A 408, 536, 574) til einnar umræðu.

Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Jeg stend hjer eiginlega sem plokkaður fugl, því að jeg hef lítið af þeim plöggum, sem jeg þarf að hafa til þess, að geta talað um þetta mál, þar sem þau hafa ekki legið fyrir þinginu og ekki verið fáanleg í stjórnarráðinu nú upp á síðkastið. Ástæður þær, er til þess liggja, að jeg flyt þetta mál hjer í deildinni eru þær: Í fyrsta lagi að umkvartanir hafa borizt frá nokkrum þjóðjarðalandsetum í Húnavatnssýslu um það, að stjórnin hafi sett svo hátt verð á þær þjóðjarðir, er þeir vildu kaupa, að þeir hafi orðið að ganga frá því. Í öðru lagi er það, að frumvarp um sölu þessara jarða hefur verið fellt í Nd., en í umræðum um það mál þar fjellu svo orð hjá hæstv. ráðherra um það, að rjettara væri, að koma með mál þetta fram í þingsályktunarformi. Í þriðja lagi hafði fulltrúi ráðherrans látið þess getið á þingi hjer í sumar, að virðing á þjóðjörðum í Eyjafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu væri svo lág, að það væri fjarri öllum sanni. Þar sem nú líka svo stendur á, að jeg er kunnugur í Húnavatnssýslu og hef dálítið verið riðinn við mat jarða þar, þá getur það ekki talizt nema skylda mín, að jeg hreyfi þessu máli.

Ekki skal jeg fara út í, hvernig menn líta og hafa litið á þjóðjarðasöluna yfir höfuð. Þær »pólitísku« öldur hafa ýmist fallið yfir þjóðjarðirnar, eða skolað út af þeim aptur. En áhugi

hefur vaknað allmikill fyrir henni á síðari árum, og hefur sá áhugi borið þann árangur, að nú höfum við lög um þjóðjarðasölu frá 20. okt. 1905. Ágreiningurinn er því enginn um það, og getur ekki verið, hvort rjett sje að selja jarðirnar eða ekki, heldur snýst hann nú um, hvernig lögunum eigi að framfylgja og er það aðallega, sem jeg vil gjöra að umtalsefni, jafnvel þó mjer sje ljóst, að mismunandi skoðanir sjeu á því. Annarsvegar frá hinni háttv. stjórn og hinsvegar frá hlutaðeigendum.

Aðaltilgangur fyrsti milliþinganefndarinnar, sem undirbjó nefnd lög, og sömuleiðis þingsins 1905, var sá, að landsetar landssjóðs fengju jarðirnar keyptar við sanngjörnu verði, og að landssjóður biði ekki halla af sölunni þegar á allt væri litið. Þingið setti því inn í lögin ákvæði í þá átt, sem tryggðu þennan rjett landsetanna, svo að stjórnin; sem ókunnug út um land gæti ekki af eigin geðþótta sett það verð á jarðirnar, sem henni sýndist, ef sjerstakar ástæður væru fyrir höndum, og á jeg þar við ákvæði 12. gr. Þau ákvæði laganna, að dómkvaddir menn meti þær, er síðar verða að staðfesta gjörðir sínar, eiga að tryggja hvorutveggja, rjett leiguliðanna og hag landssjóðs, og dómurum landsins er treyst til þess að nefna ekki aðra menn til þessa starfa, en þá, sem þeir treysta til þess að gjöra það af viti, og eptir því virðist ekki mjög ósanngjörn krafa þó eitthvert tillit væri tekið til þeirra; því að sú afsökun mundi ekki verða tekin gild sem afsökun frá því að meta, að menn þættust ekki hafa vit á því, því slíkt geta allir sagt, og væri þá komið í óefni.

Eitt vil jeg taka fram, sem sýnir ljóslega, að þingið nú hefur litið svo á, að stjórnin hafi ekki í framkvæmdum þessara laga fylgt anda þeirra eða bókstaf, en fullkomlegu viðurkennt minn skilning, það er breyting á frv. til laga um sölu kirkjujarða, sem nú er orðið að lögum, og þar sem afskipti stjórnarinnar í þessa átt eru með öllu afnumin. Þingið hefur með þessu viðurkennt, að eitthvað ber að byggja á ákvæðum þeim, sem sett eru í 12. gr. laganna frá 20. okt. 1905; enda er það ekki nema eðlilegt, að stjórnarráðið hafi ekki nána þekkingu á jörðum út um allt land; og ef ekki væru kvaddir óvilhallir menn til þess að meta jarðirnar, þá gæti matið aldrei orðið nema af handahófi. Og hvað snertir álit umboðsmanns til stjórnarráðsins, þá get jeg ekki kallað það óvilhallt í þessu efni.

Það hefur nýlega verið sagt hjer í deildinni, í umr. um gaddavírslögin, að þinginu bæri ekki að bregða út af loforðum sínum, Hjer er um það sama að ræða. Þingið hefur með þjóðjarðasölulögunum bundið sig til þess, að þola það ekki, að þeim væri í neinu misboðið eða þau brotin, og það er því meiri ástæða hjer en um gaddavírslögin, að undirstaða, hvort heldur er til girðinga í landinu eða annara búnaðarframfara, er sjálfsábúð og ekkert annað en sjálfsábúð. Hjer hefur því þingið það verkefni, að gjöra upp á milli þess, hvað því er sæmandi sem löggjafa gagnvart stjórninni og sjálfu sjer.

Þá skal jeg minnast á þessar einstöku jarðir, sem getið er um í till., og jeg er kunnugur; mig vantar raunar plögg þau, sem nauðsynleg eru til þess, að geta talað ítarlega um þær, en jeg treysti því, að hæstv. ráðh. hafi þau; og gefst mjer þó að líkindum tækifæri til athugas., er jeg hef fengið upplýsingar hjá honum.

Þá eru fyrst Sveinsstaðir, sem till.

fer fram á að seldir verði fyrir 2,700 kr., sem er upphæð sú, sem jörðin hefur verið virt á. Umboðsmaður mun hafa tekið fram í álitsskjali sínu til stjórnarinnar, að hann hafi leitað álits kunnugra manna um jörðina og hafi sumir sagt, að þetta matsverð mundi of lágt, en aðrir, að það mundi hæfilegt. Hann mun því heldur hafa verið með því, að jörðin verði seld fyrir þetta. Hjáleiga, sem fylgir jörðinni, var víst ekki talin með, þegar beðið var um kaupin eða jörðin virt. Þessi hjáleiga, sem var lítilfjörlegt kot eða skiki úr landinu, liggur að nokkru leyti í Vatnsdalshólum, sem er grýtt og hrjóstrugt land, og ekki mikilsvirði. Nú veit jeg ekki, hvort ætlun stjórnarinnar hefur verið sú, er hún færði upp verðið á jörðinni, að þessi hjáleiga fylgdi með, að öðrum kosti veit jeg ekki, hvaða ástæður hún hefur haft til þess. Á þessari jörð hefur lengi búið mesti búfrömuður, sem hefur bætt jörðina stórmikið, byggt bæinn og önnur hús, sljettað túnið og girt, og stækkað að stórum mun, en engjar eru þar mjög litlar, svo að hann hefur alltaf orðið að fá sjer engjar annarsstaðar að, og það svo svarar fleiri hundruðum hesta, til þess að geta framfleytt búi sínu, sem aldrei hefur þó verið stórt. Eptir þjóðjarðasölulögunum á ekki að taka tillit til þess við söluna, sem jörðinni hefur verið gjört til bóta síðustu 10 árin, þegar sá kaupir, er umbæturnar hefur gjört. Fyrir 10 árum mun ábúandi hafa verið búinn að sljetta talsvert í túninu, en síðan hefur hann bætt jörðina mikið á einn og annan hátt, og þegar þessi ábúandi tók við jörðinni, var hún mjög rýr; nú er auðvitað útlit jarðarinnar allt annað, og mjög mismunandi frá því fyrir 10 árum síðan, svo að stjórninni er kannske vorkennandi, þó hún eptir spurnum af jörðunum nú álíti þær meira virði, en þær eptir ákvæðum laganna og allri sanngirni geta verið. En landssjóður verður aldrei ríkur á því, sem kriað er út úr bændum fyrir þarfaverk, sem þeir hafa sjálfir gjört, enda sýnist mjer jörðin fullseld fyrir þetta, þó hjáleigan fylgi með.

Þá kem jeg að þessu stóra þrætuepli Kornsá. Mjer er það mál vitanlega ekki óskilt að því leyti, að jeg var þar virðingarmaður. En það vil jeg taka fram, að enginn muni hafa getað álitið mig vilhallan. Þessi jörð hefur lengi haft á sjer gott orð fyrir sitt góða engi, og það orð á hún, því að slægjurnar eru bæði miklar og góðar. Aptur á móti er jörðin húsalaus, og að fleiru en einu leyti háð skemmdum. Síðasta vor fór skriða yfir stóran hluta af túninu, sem kostaði mikið að hreinsa, og verður seint jafngott, auk þess sem það er stöðugt háð nýjum skemmdum í þessa átt. Þá hefur og túnið verið háð skemmdum af Kornsánni, sem stöðugt hefur brotið af því, þar til ábúandinn hlóð öflugan grjótgarð til varnar, sem hann fjekk styrk til af umboðssjóði. Við gátum ekki talið jörðinni það til hækkunar, þar sem verkið nam miklu meira en styrkurinn var, og auk þess er stórmikið viðhald árlega á verki þessu. Ábúandi fjekk að vísu styrk nokkurn til þessa verks, en um það er mjer vel kunnugt, að verkið hefur kostað miklu meira, en styrkurinn nam.

Við mat þessarar jarðar kappkostuðum við að þræða þjóðjarðasölulögin, og það fyrsta, sem við tókum tillit til, var eptirgjaldið. Í 10 ár hefur það verið það sama eða 132 kr., sem er að sönnu of lágt, en þá er að miða við aðrar jarðir í sama byggðarlagi. Við litum þá fyrst á Hvamm í Vatns-

dal, sem nýlega hefur verið seldur. Hvammur hefur vanalega helmingi meira töðufall, og miklu meira engi, en ekki eins mikið beitiland. Hvammur var seldur fyrir 7,000 kr., en að því var að gæta, að þar voru öll hús í bezta lagi, sem er sjálfsagt óhætt að meta að minnsta kosti 3,000 kr. virði. Þessi jörð varð nú fyrst fyrir okkur, er við fórum að athuga, hvernig jarðir væru seldar.

Þessu næst lítum við þá á, hvernig jarðir væru leigðar, og skal jeg geta þess, að við kynntum okkur það víða á einstöku bæjum í sveitinni, auk þess sem við gengum einnig í gegnum búnaðarskýrslurnar grandgæfilega og fengum við út úr því, að ekki væri hægt að leigja Kornsá á meira en 160 kr. Mig minnir að umboðsmaður segi í álitsskjali sínu, að ekki sje rjett af okkur að taka Hnjúk til samanburðar, af því þar sje svo slægjulaust. Jeg skal ekki fara mikið út í það, en þessi jörð er einhver hin byrgasta af heyja fyrningum þar um sveit; hefur að vísu fengið heyskap lítið eitt að, en þar er líka eins stórt eða stærra bú en á Kornsá, svo að ekki er hægt að þessu leyti að skoða samanburðinn neina fjarstæðu.

Þá segir umboðsmaður, að meðalheyafli þar muni vera um 1,400 hestar af útheyi að meðaltali, í stað þess að við gefum upp í skýrslu okkar að meðaltalið sje um 1,050. Ekki skil jeg í, hvaðan umboðsmaður hefur þessa háu tölu, nema ef miðað er við engjaband eins og vanalega er bundið, en það er kunnugt og auðvelt að fá sannanir um, að þar er bagginn opt ekki nema 50—70 pd. Enda er það vanalegt, að af þessu bandi þarf 4—5 hesta handa kindinni yfir veturinn.

Þá álítur umboðsmaður, að við virðingarmenn hefðum átt að tala um nátthagann og taka tillit til hans. Fyrst er það að segja til þess, að nú er nátthaginn svo niðurfallinn, að hann getur ekki komið til greina, og í öðru lagi er enginn nátthagi nefndur í neinni úttekt á jörðinni, svo að líklega hefur hann þá verið fallinn við síðustu úttekt, að minnsta kosti mundi erfitt að skylda ábúanda til þess að svara álagi á hann. Hvað frekari lýsingu jarðarinnar snertir, er það helzt að athuga, að landið er mjög stórt, en mikið afrjettarland og er mjög erfitt að hreinsa það, t. d. við samanrekstur á haustum og vorum. Niðri um sig er aptur á móti ekkert land, gjörsamlega gróðurlausar hálsahlíðar, og verður að sitja yfir kúnum í enginu yfir sumarið. Umboðsmaður segir, að þar muni mega hafa 3 eða 4 sel, hvert með 200 ám. Þetta er sú fjarstæða, að ekki tekur því að tala um það, þegar litið er til þess búskaparlags, sem nú er orðið, og tekið er tillit til, hve vinnukrapturinn er orðinn dýr; öðru máli væri að gegna, ef hægt væri að skipta jörðinni sundur í svo og svo mörg grasbýli, en um það getur heldur ekki verið að tala, því að mest landið liggur upp á hálsum, en þar er afar snjóþungt, og engum dytti í hug að setjast þar að. Jeg álít sem sagt kosti jarðarinnar sáralitla, annað en engið, en jeg skal láta hjer staðar numið, hvað þessa jörð snertir, þar til jeg hef heyrt hjá hæstv. ráðh. ástæður til þess, að jörðin var sett svo mikið upp, úr 4,000 kr., sem var virðingarverð, upp í 5,400 kr. Að jeg hef nú sett verð á þessari jörð 4,500 kr., kemur af því, að Nd., hafði gjört það, og jeg veit, að það er það hæðsta verð, sem ábúandinn vill gefa fyrir hana. Þó að jörðin áður hafi verið metin meira, sannar ekki neitt, þar sem ábúandinn hefur alls ekki viljað kaupa hana fyrir það verð. Þannig varð það, að mig minnir um 1883

að hún var virt á 4,800 kr., en ábúandinn, Lárus sál. sýslumaður, vildi þá alls ekki kaupa hana fyrir það verð. Ekki er heldur takandi mikið tillit til þess, þótt einhver óviðkomandi bjóði svo og svo hátt í jörðina, því að sá hinn sami veit ósköp vel, að ekki er hægt að selja honum, svo að hann á ekkert á hættunni; ef taka ætti tillit til þess, mætti gjöra hvaða landseta landssjóðs sem væri, ómögulegt að kaupa ábúðarjörð sína.

Þriðja jörðin er Brúsastaðir, og hefur hún orðið fyrir sama af hálfu umboðsmanns. Jörð þessi er í Vatnsdal, og er þar almennt álitið grösugt land. Á þessari jörð var í fyrra vinnukraptur einna mestur í Vatnsdal tiltölulega, og heyjaðist þó tæplega fyrir 100 kindum og sem því svarar öðrum skepnum. Voru þar þó víst stöðugt 2—3 fullkomnir menn til sláttar. Sýnir þetta hve engjarnar eru sárljelegar. Vitanlega er virðingaverðið lítið eitt fyrir neðan það, sem það mundi verða reiknað samkv. eptirgjaldi, en kúgildaþungi er þar stórmikill, með þeim mesta á landssjóðsjörðum. Hefur það viljað brenna við, að á fátækari landssjóðsbændunum hefur hann legið eins og farg, því að hinir kraptmeiri hafa hrundið honum af sjer.

Jeg vil enn taka það fram viðvíkjandi Kornsá, að þar sem eptirgjaldið er, að frádregnum umboðslaunum, 115 kr., þá græddi landssjóður eptir virðingu okkar, sem mundi svara 43 kr. á ári.

Þá er 1 viðaukatill., sem jeg kem fram með eptir áskorun háttv. 1. þm. Húnv. Jeg vil ekki fara út í það í löngu máli, en stjórnin hefur beint neitað að selja þessa jörð, Árbakka, sem farið var fram á að fá keypta. Ástæður þær, sem hæstv. ráðh. færði í Nd. fyrir neitun þessari, voru mjög svo lítils virði. Það er óhugsandi, að á þessari jörð komi kauptún, eða að þar verði prestssetur, af því að það skiptir svo litlu, hvort prestur situr á Höskuldsstöðum, sem er miklu betri bújörð, og mun hann því alltaf sitja þar, ef hann býr, en annars í Hólanesi eða Skagaströnd.

Tala jeg svo ekki að sinni frekar um þetta mál, en vænti að fá að heyra ástæður hæstv. ráðh.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K): Jeg hef leyft mjer að koma með viðaukatill. við þingsál. um 1 jörð í Gullbringusýslu, sem föluð hafa verið kaup á, en stjórnin ekki viljað selja. Jeg var upprunalega og hef æfinlega verið á móti þjóðjarðasölunni, en jeg lít svo á, að þar sem lög um það eru nú einu sinni samþ., þá beri að framfylgja þeim samkvæmt vilja þingsins, ef skilyrðin eru fyrir hendi til þess. Og þeirrar meginreglu ber að gæta, að þjóðjarðirnar eru seldar til þess að efla sjálfsábúð í landinu.

Sýslunefndin hefur látið uppi það álit sitt um þessa jörð, að hún heyri ekki undir þær jarðir, sem undanskildar eru sölu í 2. gr. laga frá 20. október 1905, og sýslunefndin segir einnig, að hún sjái ekki ástæðu til, að undanskilið sje neitt, er jörðinni tilheyri. Í virðingargjörðinni er tekið fram, hvernig jörðin sje, hún hafi fremur góðan töðuvöll, er gefi af sjer að meðaltali nær 100 hesta, utantúns reitingsslægjur, 50—60 hesta. Ennfremur er það tekið fram í virðingargjörðinni, að þar sem eptirgjaldið sje fremur lágt, 80 kr., sje verðið sett upp úr þeim 2,000 kr., sem eptirgjaldið bendir til, í 2,350 kr. Ábúandinn fer fram á að fá jörðina keypta fyrir þetta verð, en stjórnin vill alls ekki selja hana vegna legu

hennar, sem geti komið í þarfir hins opinbera.

Það geta verið ríkar ástæður fyrir þessu, en rjettara er það þó, að ábúandanum sje gefin vitneskja um það, svo að hann geti betur sætt sig við úrslitin. Öll skilyrði fyrir sölu eru álitin vera fyrir hendi, eptir því sem lögin tilskilja, og þessvegna hefur þess verið óskað, að jeg bæri þetta fram á þinginu.

Það virðist, eptir því sem hjer kemur fram, að það sje nokkuð af handahófi, hvort stjórnin selur jarðirnar eða ekki, enda er henni í lögunum gefinn rjettur til þess að haga því, eins og henni líkar. Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en bið eptir skýringum frá hæstv. ráðh.

Ráðherrann: Það er rjett hjá aðalflutnm. þingsál.till., háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.), að jeg sagði það í Nd., að ef þingið blandaði sjer inn í verksvið stjórnarinnar í þessu máli, þá væri betra að viðhafa þingsál. leiðina, heldur en að þingið færi að samþykkja nýja heimild til að selja jarðirnar, ofan á þá heimild, sem stjórnin befur. En jeg gat ekki um, hvernig sú þingsál. ætti helzt að vera; það hefði mátt hafa aðra aðferð en háttv. þm. hefur tekið. Það er dálitið hart aðgöngu, að skora á stjórnina að selja þessar jarðir fyrir það verð, er hún telur óhæfilegt; sök sjer hefði verið, að skora á hana að taka sjer nýja menn til að yfirfara matið. Stjórninni er það ljóst, að tilgangur þjóðjarðasölulaganna er að efla sjálfsábúð í landinu. Hitt er aptur á móti ekki tilgangur þeirra, að auðga einstaka menn á þann hátt, að selja ábúanda jörðina svo lágu verði, að hann þegar geti selt jörðina öðrum fyrir miklu hærra verð, og stungið mismuninum í vasa sinn. Tilgangurinn er, að gjöra ábúanda ljett fyrir að kaupa ábýli sitt fyrir rjett gangverð með vægum afborgunum. Eptir lögunum er það aðalreglan, að miða söluverðið við 25-falt eptirgjaldið, en þegar eptirgjald það, sem á jörðinni hvílir, þykir oflágt, geta matsmennirnir metið jörðina til eptirgjalds, er hæfilegt er, og síðan 25-faldað það. Þessi var skilningur þingsins í hitt eð fyrra, að miðað væri við það eptirgjald, er hæfilegt getur talizt frá sjónarmiði seljanda. Stjórnin á, eptir lögunum, að ákveða verðið, og hún er ekki bundin á annan hátt en þann, að verðið má ekki vera *lægra*, en það sem metið hefur verið, en gjarnan hærra. Virðingargjörðin ákveður lágmark verðs. En stjórnin hefur haft þá reglu, að ákveða verðið ekki fyrir neðan 25-faldað eptirgjald, nema alveg sjerstakar ástæður hafi verið til. Á hinn bóginn eru þess fá dæmi, að verðið hafi af stjórnarráðinu verið ákveðið *hærra*, og það ekki nema fullaugljós rök væru fyrir því færð, að eptirgjaldið væri of lágt. Meðal tilfella, sem hafa komið fyrir í þá átt, er jörðin Kornsá.

Jeg get ekki hrósað mjer af því, að jeg hafi neina sjerstaka kunnugleika á þessum jörðum. En eptir því að dæma, hvað eptirgjaldið er, og eptir skýrslum frá umboðsmanni landssjóðs, þá horfir þetta svo við:

1. jörðin er Sveinsstaðir. Verð það, sem stjórnarráðið heimtar fyrir hana, er miðað við eptirgjaldið, og ef það er nokkurn veginn rjett metið, er verðið ekki of hátt. Þó er það þessi jörðin, sem að mínu áliti helzt bæri að slaka til á; en eptir skjölum þeim og skýrslum, sem fyrir liggja, verður að halda henni í þessu verði fyrst um sinn, þangað til skilríki koma fram fyrir því, að sjerstakar ástæður leyfi, að brugðið sje út af meginreglunni.

2. Önnur jörðin er Kornsá. Þar er öðru máli að gegna; umboðsmaðurinn hefur þar fært greinileg rök fyrir sínu máli, og til þess að sýna, hver þessi rök sjeu, þá vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr áliti umboðsmanns. Þar segir:

»Um lýsing og mat á þessari jörð má segja hið sama og á Brúsastöðum, nema hvað þetta hvorttveggja er hjer svo fjarri lagi, og fjarri því, að ná nokkurri átt. Þessi jörð er með sannindum sögð einhver allra bezta landbúnaðarjörð í sýslunni; engjarnar eru að vísu ekki afskaplega viðlendar, en afbrigða heygóðar, loðslægar, þurar og sljettar, og allar svo að segja út úr túninu, og því örstutt til heimflutnings á heyinu. Nákunnugur maður hefur sagt mjer, að hann viti aldrei dæmi til, að *minna* hafi fengizt af engjunum en 1,200 hestar heys á sumri, en optast 1,400—1,500 og stundum 1,600—1,700, og dæmi til meira, og annar maður, sem hefur verið mörg ár á Kornsá, hefur sagt mjer, að skýrsla matsmannanna um útheysfeng á jörðinni nái engri átt, hann sje svo miklu meiri, en þeir skýri frá. Það er því óhætt að fullyrða, að *meðal* heyskap á jörðinni megi telja 1,400—1,500 hesta útheys, og munar það töluverðu frá skýrslu matsmannanna.

Ekki geta matsmennirnir heldur í skýrslu sinni nátthaga, sem er á jörðinni, og Lárus heitinn Blöndal sýslumaður ljet byggja; hann er um 6 dagsláttur að stærð, og núverandi ábúandi tók við honum í allgóðri hirðing og umgirtum, en nú er hann mjög í vanrækt kominn og girðingin fallin. En ekki mundi núverandi ábúandi komast hjá því, að svara álagi á hann, ef hann færi frá jörðinni, og ekki get jeg annað sjeð, en taka beri tillit til hans sem mannvirkis á jörðinni, þó núverandi ábúandi hafi látið hann falla í niðurlæging. Þá virðast matsmennirnir taka heldur lítið tillit til þess afarmikla og góða lands, sem jörðin á til háls og heiðar, sem að vísu er erfitt að nota til fulls gagns heiman að, en sem er svo stórt, að í því mætti sjálfsagt hafa 4 sel, hvert með 200 ám, án þess að hvert þrengdi að öðru, nje nokkurt þeirra að því búi heima á jörðinni, sem engjar og tún bæru með nærlægu beitilandi.

Leigumáli á jörð þessari nær engri átt í samanburði við allar aðrar jarðir, er jeg þekki til hjer í grennd. Jeg er viss um, að ef jörðin væri nú laus, þá mætti velja úr ábúendum á hana fyrir 400 álna landskuld, og sjezt á þessu, að verð á jörðinni nær engri átt, eptir mati virðingarmannanna. Jeg þori að fullyrða, að sanngjarnt verð á jörðinni er í minnsta lagi 5000 kr., auk fossins; og jeg hef talað við menn, sem mundu vilja gefa það eða meira fyrir jörðina, væri hún föl. Jörðin hefur heldur ekki batnað svo teljandi sje fyrir ábúð núverandi ábúanda, enda fjekk hann mikið fje af umboðssjóði til þess, að byggja varnargarð fyrir túnið gegn ánni.

Jeg vil því fastlega ráða hinu háa stjórnarráði Íslands til þess, að gjöra jörðina ekki fala fyrir *minna* en 5,000 — fimm þúsund — krónur auk fossins, eða að öðrum kosti kveðja kunnuga menn sjer til ráðaneytis um sölnna, á bæði þessari jörð og Brúsastöðum, samkvæmt þjóðjarðasölulögunum.

Jeg get getið þess, að þegar Lárus

sál. Blöndal (sýslumaður) bjó á Kornsá, þá sótti hann um kaup á henni, en hún var þá metin á 6 þús. kr., og batnaði þó jörðin stórkostlega eptir það í ábúð þess manns. Jeg skal taka það fram að endingu, að annar matsmaður þessara tveggja jarða, Þórarinn Jónsson, alþingism. er þeim bráð-ókunnugur báðum, og enn fremur það, að jeg skal nefna þá menn, sem jeg hef átt tal við um jarðirnar, ef að þess verður óskað«.

Samkvæmt þessari lýsingu umboðsmannsins, þá hefur stjórnarráðið ekki álitið rjett, að gefa jörðina fala fyrir minna en 5,400 kr., sem er sú upphæð, er alþingi hefur áður heimtað fyrir hana. Og jeg hygg, að fleiri þm. mundu komast að líkri niðurstöðu, ef þeir ættu að bera ábyrgð á sölunni.

Þá er 3. jörðin, Brúsastaðir. Þar segir umboðsmaður á þessa leið:

»Lýsing á þessari jörð er alls ekki rjett og matið á henni því ekki heldur; þessi jörð er mjög mikil kostajörð; túnið er afar grasgefið, og góð taða af því, engjar fremur góðar og mjög nærri, og jörðin er að öllu afar-hæg og ófólksfrek, en slíkt er nú mestur kostur hverrar jarðar. Vetrarbeit er þar ágæt, bæði mikil og góð og mjög hæg til nota. Landrými er mikið og landið gott. Jörðin liggur í einni af allra beztu sveitum sýslunnar, Vatnsdal og örskammt frá rjómabúi. Það er enginn efi á því, að sá sem nú fengi jörð þessa keypta fyrir 2,200 kr., mnndi þegar geta selt hana miklu hærra verði, enda er alls ekki of há landsskuld á henni, og áreiðanlegt, að ef hún nú væri laus, þá yrði boðin hærri landsskuld eptir hana, en hún er nú leigð fyrir. — Samanburður matsmannanna á Brúsastöðum og Hnjúki, er alls ekki á rökum byggður. Engjatak þar er víst engu meira en á Brúsastöðum, en loðslægara nokkuð. Aptur er sú jörð miklu óhægari en Brúsastaðir, og heyskap þar verður mest allan að sækja yfir djúpa og vonda á. Beit er þar ljelegri og að öllu verri til afnota en á Brúsastöðum, enda notar ábúandinn þar land næstu jarðar, sem er eign hans, til beitar. Þegar á allt þetta er litið, og svo það, hvernig jarðir eru seldar hjer í sýslu nú sem stendur, þá mun jörðin hreint ekki vera of seld fyrir 2,500 kr., og vil jeg fastlega ráða hinu háa stjórnarráði til þess, að gjöra jörðina ekki fala fyrir minna verð en það«.

Þetta fellur alveg saman við álit stjórnarráðsins, enda hygg jeg, að 2,500 kr. sje ekki of hátt verð.

4. jörðin er Árbakki, og hefur umboðsmaðurinn eindregið ráðið frá því, að hún væri seld. Með því að það flýtir fyrir umræðunum, skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa enn upp úr skýrslu hans:

»Lýsing á þessari jörð er hreint ekki nákvæm, þó mat á henni fari ekki afarfjarri rjettu lagi. Í fyrsta lagi er töðufengur jarðarinnar sjálfsagt 40 hestum meiri að jafnaði árlega, eða 240 hestar í stað 200, sem matsmennirnir hafa tilfært, og er mjer persónulega kunnugt um þetta og hef það auk þess eptir fyrverandi ábúanda á jörðinni, sem fór þaðan vorið 1899, Jakob Jósefssyni, sem nú að undanförnu hefur átt heima á Laugavegi 10 í Reykjavík. Hann sagði mjer, að mörg síðustu árin hefði hann fengið af túninu 220—260 hesta árlega, optast

um 240, sjaldan meira og sjaldan minna. Mun því mega fullyrða, að töðufall sje í meðalári 240 hestar, Því túnið er í góðri rækt, enda hefur núverandi ábúandi ávallt haft miklu meiri nautpening en fyrverandi búandi. Úr útbeit á jörðinni er og gjört of lítið, því hún má heita afbragð, bæði til fjallsins og eins niðri í flóum upp frá sjónum, sem eru mjög víðlendir og góðir til beitar á vetrum bæði fyrir fje og hross. Ekki er það heldur rjett, að engin veiði sje í Hrafndalsá, en til hlunninda mun hún ekki geta talizt.

Þegar fyrverandi ábúandi sótti um jörð þessa til kaups fyrir rúmum 20 árum, þá var hún metin af umboðsmanni á 3,500 kr. og af sýslunefnd lítið eitt minna, en það verð náði engri átt, en 2,400—2,500 króna verð á henni mundi mega telja sanngjarnt, og það sagðist fyrverandi ábúandi hafa viljað gefa fyrir jörðina, þegar hann ætlaði að kaupa hana, og hefur þó jörðin stórlega batnað síðan að túni til. Er og ekki vafi á því, að jörðin mundi seljast þessu verði nú, eptir því sem jarðir eru seldar; t. d. hefur jörðin Þverá í Hallárdal, sem er 13 hndr. að dýrleika og liggur í einhverju því mesta snjóþyngsla- og illviðraplássi sýslunnar, nýlega verið seld fyrir 1900 kr., og er þó mesta galla- og hættujörð, en hefur góðan heyskap, þegar vel árar og hey nýtast. Mun enginn kunnugur maður telja Árbakka ofkeyptan þriðjungi hærra verði en Þverá. Er og víst, að leigumáli jarðarinnar er of lágur í samanburði við leigumála á öðrum jörðum hjer í sveit, svo sem þjóðjörðinni Njálsstöðum, sem allir mundu síður kjósa til ábúðar en Árbakka, en er þó leigð fyrir 160 álna landskuld og hefur auk þess 2 kúgildi, en Árbakki ekki nema 1. Vil jeg því fastlega leggja það til, að jörðin verði ekki seld fyrir minna en 2,400—2,500 kr., þó hún verði gefin föl. En jeg ætla að síðustu að benda á 2 ástæður, sem mjer sýnast mæla á móti því, að jörðin verði seld.

Önnur ástæðan er sú, að jörðin liggur fast við kauptún, þó það standi ekki í landi jarðarinnar, einkum vegna þess, að mjög lítið er orðið um lóðir í landi Höfðahóla, vegna þess, að landið hefur til skamms tíma verið hlutað svo gegndarlaust í sundur handa öllum, sem æskt hafa, og má því vel búast við, að teknar yrðu lóðir úr landi Árbakka, ef þær fengjust með skaplegum kjörum.

Hin ástæðan er sú, að ef framgengt verður tillögum milliþinganefndarinnar í kirkjumálunum, sem lauk störfum sínum í vor er leið, og Hofsbrauð á Skagaströnd verður sameinað Höskuldsstaðasókn, en Holtastaðasókn tekin undan því brauði og sameinuð Bergsstaðaprestakalli, þá leiðir af því sem sjálfsögðu, að presturinn verður að sitja um miðbik brauðsins, sem er um kaupstaðinn, en þar hefur hið opinbera ekki ráð á nokkurri jörð, sem boðleg væri til prestsseturs, nema Árbakka, því Höfðahólar geta ekki talizt boðleg jörð nokkrum manni, er bú hefur til muna.

Prófasturinn í Húnavatnsprófastsdæmi hefur talað um þetta við mig, og taldi hann sjálfsagt, að sýslunefndin hefði bent á þetta, ef álit milliþinganefndarinnar hefði verið komið fyrir sýslufund í fyrra, og vil jeg því gjöra það að tillögu minni,

að leitað verði álits bæði prófastsins og sýslunefndarinnar hjer í sýslu um sölu á jörð þessari, áður en hún verður ráðin, og er því meiri ástæða til þess að þetta verði gjört. að sýslunefndin flaustraði þjóðjarðasölumálinu, eins og jeg hef bent á í upphafi þessa álits um jarðirnar í heild sinni, verð og sölu á þeim«.

Samkvæmt þessu hefur stjórnarráðið afráðið, að láta þessa jörð ekki fala að svo stöddu. Sýslunefndin getur tekið þetta mál fyrir aptur, ef henni sýnist svo. En þessi skýrsla umboðsmannsins sannar það fullnægilega, að það er ekki vert fyrir stjórnarráðið eða hið opinbera að flýta sjer að selja þjóðjarðirnar undir hæfilegu verði.

Loks er jörðin Hólmur, sem farið er fram á að fá keypta fyrir virðingarverðið 2,350 kr. Sýslumaður G.-K., sem sjálfur er umboðsmaður, hefur fært rök að því, að virðingin sje allt of lág, jörðin mundi auðseld fyrir 4,000 kr. Enda segir hann í brjefi frá 8. apr., að þar sem jörðin sje svo nálægt Reykjavík, sje hætt við, að bærinn kunni að þurfa á henni að halda á ýmsan hátt, bæði til vatnstöku og annars. Jörðin mundi þá hækka mjög í verði, er eigandinn geti spennt öll afnot hennar upp. En eins og jeg hef tekið fram, er meining þjóðjarðasölulaganna ekki að gefa einstökum mönnum tækifæri til að kaupa jarðirnar upp á »speculation«, spenna þær upp og selja þær hærra verði til óhags opt og einatt fyrir hið opinbera, heldur stefna þau að því að efla sjálfsábúð í landinu. Þessari málaleitun hefur því verið svarað svo af stjórnarráðinu, að jörðin yrði ekki seld að svo stöddu, þar eð hún gæti komið hinu opinbera að notum.

Þessi er skoðun stjórnarinnar og virðist mjer ekki vel til fallið, að hv. deild fari að skora á stjórnina að selja þessar jarðir, og það fyrir verð, sem hún álítur óhæfilegt, og breyta þannig á móti betri vitund. Annars skal þess getið, að taka má til endurnýjaðrar yfirvegunar sölu á Árbakka; sýslunefnd og prófastur eru ekki samþykk umboðsmanni; má vera, að þær ástæður sem nú hafa verið taldar móti sölunni, verði álitnar burtu fallnar. En við hinar jarðirnar verður ekki önnur aðferð viðhöfð en þessi, sem samræm er þjóðjarðasölulögunum.

Flutningsmaður Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Jeg hef haft ánægju af að hlusta á allan þennan blessaðan upplestur, en það er mjer ekki alveg nóg. Hástv. ráðh. byrjaði ræðu sína á því að tala um, að það hefði ekki verið meining sín að verð jarðanna væri ákveðið í þingsál.till. En jeg átti einmitt tal um þetta við hæstv. ráðh. einslega, og áleit hann þá, að stjórnin mundi alls ekki selja jarðirnar, nema verðið væri tiltekið. Hann talaði um, að rjettara hefði verið að skora á stjórnina að fá sjer til aðstoðar kunnuga menn til þess að gefa álit sitt um jarðirnar. En jeg býst við, að þá hefði komið sama svarið eins og í Nd., að ekki væri til neins að koma með þingál.till. um það, sem lög væru áður til um. Því að það stendur í lögunum, að, ef sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, þá megi stjórnin kveðja kunnuga menn til álits um jarðirnar. Og ef hún gjörir slíkt ekki samkvæmt lögunum, þá gjörir hún það ekki fremur, þó þingsál.till. komi fram í þá átt. En til hvers eru annars matsmennirnir, ef ekkert má taka til greina það, sem þeir segja, og ef stjórnin álítur, að þeir segi alls ekki satt og trúir engu nema því sem umboðsmaðurinn segir. Jeg skal leyfa

mjer að skjóta því til háttv. deildar, hvort hún álítur þetta rjett. Það getur alls ekki verið rjett, að taka það eitt til greina, sem umboðsmaður segir, því að umboðsmaður getur aldrei talizt óvilhallur. Þetta er hans tekjugrein og ef jarðir landssjóðs eru seldar, þá minnka tekjur hans að sama skapi. Það er alls ekki meining mín, að jeg vilji auðga einstaka menn á þessari sölu, enda held jeg, að jeg hafi ekki komið þannig fram sem virðingarmaður, og skil jeg varla í, að nokkur geti álitið mig vilhallan í þessu máli. Hvað það snertir, að umboðsmaður segir mig ókunnugan þessum jörðum, þá skal jeg geta þess, að jeg hef þó verið þarna í grenndinni í 10 eða 12 ár, og er það meira en umboðsmaðurinn getur sagt, og er auk þess mjög vel kunnugur jörðunum. En á hverju má annars taka mark, ef ekki má taka mark á búnaðarskýrslunum? Nei, aðeins taka trúanlegt það, sem umboðsmaður segir, sem þó við hefur sömu röksemdafærslu og Gróa gamla á Leiti, að vitna í það, sem hinir og þessir hafi sagt sjer. En matsmennirnir? Nei, í öllum guðsbænum ekki að trúa einu orði af því, sem þeir segja!

Hæstv. ráðh. tók það fram, að matsmenn mættu ekki fara niður fyrir 25 falt jarðarafgjald, en í lögunum stendur: »ef leigumáli að dómi matsmanna hefur verið hæfilegur, og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskipti«, þá eiga þeir að fara eptir leigumálanum, »*ella* miða matsmenn við afgjald það, sem *þeir telja hæfilegt* eptir leigumála jarða í því byggðarlagi«.

Matsmenn hafa þannig alveg jafna heimild til að fara niður fyrir leigumála eins og upp fyrir. Í sambandi við þetta skal jeg benda á, hve leigumáli á jörðunum er misjafn og ósanngjarn. Þannig eru sum ónýt kotleigð fyrir afgjald, sem til verðs kotsins mundi nema 170—180 kr. hundraðið, en beztu jarðir aptur ekki leigðar hærra en svo, að hundraðið mundi kosta 120 kr. Er þá rjett fyrir matsmennina, að setja slík kot tiltölulega miklu hærri en góðar jarðir, og virða að vettugi eitt af nýtustu ákvæðum þjóðjarðasölulaganna, nefnilega að matsmenn þurfi *ekki* að vera bundnir við vitlausan leigumála?

Það hefur verið talað um, að landssjóður væri góður landsdrottinn, en hann hefur alls ekkert gjört til þess, að jafna þennan rangláta leigumála, og þó á að heimta, að matsmenn fari að eins eptir honum. Jeg gæti nefnt mörg dæmi þessu til sönnunar, t. d. veit jeg um eitt kot, sem síðast liðið ár var metið til verðs, og varð hundraðið þar metið á 175 kr., og þó fyrir neðan afgjaldið. Þar sem umboðsmaður segir, að meðal útheys heyskapur á Kornsá sje 1,400 hestar, þá vil jeg ekki svara því, af því að það yrði hvort sem er ekkert tekið til greina. Það er að eins þetta eina skjal umboðsmannsins, sem lagt er til grundvallar, en búnaðarskýrslur og þess háttar pappírar hafðir að engu. Þá talar umboðsmaður um nátthaga þann, sem jeg áðan gat um, að aldrei hefði verið með talinn í úttektum á jörðinni. Og hef jeg heyrt sagt, að hann aldrei hafi verið gripheldur, og nú er hann alveg niðurfallinn. Þá var það enn eitt atriði hjá umboðsmanni, sem jeg sjerstaklega tók eptir. En það var þar sem hann segir, að Kornsá mundi vafalaust leigjast fyrir 400 álnir, ef hún nú væri laus. Þetta nær nú auðvitað ekki nokkurri átt. En það er einmitt eitt dæmi þessu viðvíkjandi, sem sýnir hve gott það

»princip« er, sem farið er eptir þegar leigðar eru landssjóðsjarðir. En það er, að ef jörð losnar, þá er hún boðin upp til ábúðar, og fær hæstbjóðandi hana, þó hann sje vita fjelaus maður, og engar líkur sjeu til, að hann geti staðið í skilum, eða farið sómasamlega með jörðina. Þetta veit jeg hefur komið fyrir opt, t. d. get jeg nefnt: Ás á Vatnsnesi og Ægissíðu á Vatnsnesi. Að Ægissíðu kemur bláfátækur maður, segir svo lausri jörðinni eptir tvö ár, og þá er jarðarafgjaldið fært niður og niður fyrir það, sem það var áður en hann tók við.

Eptir þessu »principi«, er jeg viss um, að ef einhver yrði til að bjóða slík boð eins og umboðsmaður getur um, þá mundi hann strax fá jörðina án tillits til þess, hvort hann stæði við að borga svo mikið, eða gæti staðið í skilum. En það er alls ekki sama, hver ábúandi er á jörðum, hvort það er sá, sem trúandi er til að halda jörðunni í góðu lagi, og stendur vel í skilum, eða hinn, sem er vita fjelaus og að eins níðir jörðina niður.

Það var eitt, sem jeg skrifaði upp, þegar jeg allra snöggvast náði í skjöl umboðsmannsins, sem sýnir hve mikið hann gjörir til þess að koma í veg fyrir, að jarðirnar sjeu seldar. Í grennd við mig býr fátækur bóndi, en mesti þrifa bóndi og situr jörð sína mæta vel. Hann vildi fá jörðina keypta og fjekk það reyndar, en um það segir umboðsmaður: »Vil jeg því virðingarfyllst leyfa mjer að leggja það til, að ábúandanum verði alls ekki seld jörðin að sinni«. Síðan segir hann, að annar maður standi þar á bak við. En mjer er kunnugt um að systir þessa manns, sem var að flytja til Ameríku, ætlaði að hjálpa honum til að kaupa jörðina. Hygg jeg því, að það hafi verið mestu ósannindi, að þar stæði annar á bak við. Síðan segir umboðsmaður um þennan sama mann, að hann hafi »aldrei staðið í lögskilum með jarðarafgjald«. Skal jeg því viðvíkjandi benda á, til þess að sýna hve mikils virði orð umboðsmanns eru í þessu efni, að jeg hef sjeð kvittanabók þessa manns, og auk þess hefur hann borgað að nokkru leyti afgjaldið til mín vegna umboðsmanns, og gat jeg ekki sjeð annað, en að þar væri kvittað fyrir öll þau ár, er hann hafði setið á jörðunni. En ef á að fara út í það, að ekki sje borgað á rjettum degi, þá hygg jeg, að langt megi ganga í að telja til vanskila.

Viðvíkjandi Árbakka þá skal jeg að eins geta þess, að þrátt fyrir það, þó jeg sje ekki eins kunnugur þar, þá þykir mjer nokkuð kynleg röksemdaleiðsla umboðsmannsins, þar sem hann í byrjun álits síns segir, að virðingarverðið »sje ekki afarfjarri« lagi; þá dregur hann þó út þá ályktun, að sjálfsagt sje að hækka verðið um þriðjung.

Um Sveinsstaði segir hann, að sumir hafi sagt sjer, að virðingarverðið væri of lágt, en aðrir að það væri nærri lagi, en út af þessu dregur hann þó þá ályktun, að verðið sje fjarri sanni, en ræður þó stjórnarráðinu fremur til að selja hana. Yfir höfuð byggir hann ekki á neinu nema því, sem einhver og einhver hefur sagt. Mjer finnst rjett, að stjórnarráðið hefði kvatt kunnuga menn til að segja álit sitt um þessar jarðir, því að þá fyrst hefði það getað sagt, hvort nokkuð væri að marka matsmennina. Umboðsmaður tekur það fram um Höfðahóla, að þeir geti ekki komið til tals sem prestssetur. Eru þeir ef til vill að eins fyrir umboðsmenn? Eða segir hann þetta af því, að hann sjálfur vilji sitja þar? Það getur auðvitað enginn bannað honum, en það getur

líka ábúandinn á Arbakka, meðan honum endist aldur.

Jeg sje enga ástæðu til að vera að fjölyrða frekar um þetta mál, það hefur hvort sem er enga þýðingu. Það er bara að segja: »klippt var það, skorið var það«. En jeg hef þó fengið þær upplýsingar hjá hæstv. ráðherra, að ekki væri eitt orð að marka af því sem matsmennirnir segðu. Jeg get eiginlega ekki þakkað fyrir það vottorð, en verð víst að taka það til inntekta, af því það kemur úr þeirri átt.

Ráðherrann: Jeg hef ekkert slíkt vottorð gefið matsmönnunum, sem háttv. 5. kgk. þm. (Þ. J.) talaði um. Jeg sagði að eins, að það væri ekki rjett, að taka ekkert tillit til álits umboðsmanns. Eptir lögunum má stjórnin ekki fara niður fyrir verð matsmanna. Hún á að ákveða endanlegt söluverð jarðanna, sem þó ekki má vera *lægra* en matsmenn hafa tiltekið. Mat þeirra á að veita tryggingu fyrir, að stjórnarráðið selji jarðirnar ekki fyrir neðan hæfilegt verð. Það getur vel komið fyrir að stjórnin verði að setja annað verð á jarðirnar, þó að engum detti í hug að efast um, að matsmenn hafi framkvæmt gjörð sína eptir beztu samvizku. Það getur verið, að þeir hafi ekki vitað um einhver atriði, sem þyrfti að taka til greina, en sem stjórnarráðið svo fær upplýsingar um, og sem líka alltaf getur verið skoðanamunur um, hve mikils skuli meta. Jeg hef því sem sagt vissulega ekki gefið matsmönnunum neitt vottorð í þá átt, að ekki mætti marka orð þeirra. Jeg hef að eins sagt, að stjórnin sje eptir lögunum engan veginn bundin við að láta jarðirnar fyrir það lágmark söluverðs, sem virðingarnar tiltaka.

Jeg ímynda mjer, að háttv. 5. kgk. þm. gjöri of mikið úr því, að efa orð umboðsmannsins. Sjerstaklega er jeg viss um, að þar sem umboðsmaður getur þess, að háttv. þm. sje ókunnugur jörðum þessum, þá sje það alls ekki meining hans að móðga þm. á neinn hátt, heldur munu ummæli hans einmitt eiga að afsaka matsmanninn og gjöra það skiljanlegt, að öðrum eins greindar, og skilríkismanni, eins og háttv. þm. er, skuli hafa skjátlast í matinu vegna skakkra upplýsinga, er hann hafi fengið, ókunnugur maður. Og þar sem umboðsmaður segir heyskapinn á Kornsá 1,400 hesta en háttv. þm. 1,050 hesta, þá vill umboðsmaður einmitt afsaka þennan mun með ókunnugleik þingmannsins.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál.

Flutningsmaður Þórarinn Jónsson, (5. kgk. þm.): Jeg skal ekki mikið lengja umræðurnar. Hæstv. ráðherra tók það fram, að hann áliti, að matsmenn ættu æfinlega að meta jarðirnar lægsta verði. Hvað gjörir hæstv. ráðherra þá úr þessum sjerstöku kringumstæðum, sem talað er um í lögunum, og til hvers eru þá þessir kunnugu menn? Jeg man ekki hvar þetta er í lögunum, en held þó það sje í 12. gr.

»Þegar málið er komið til stjórnarráðsins, getur það, ef því þykir sjerstaklegar ástæður til bera, kvatt sjer til ráðaneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups er falað, meti til verðs, og segi álit sitt um, hvort rjett sje að selja«. Þegar svo þessir kunnugu menn eru komnir í millitíð, þá ákveður stjórnarráðið verðið ekki fyrri.

Hvað viðvíkur því, sem hæstv. ráðherra sagði um ókunnugleik minn, þá

get jeg ekki verið að þrátta um það, því að jeg þykist engu ókunnugri en umboðsmaður sjálfur. Jeg spurði líka marga til álits um verðið, og fannst mörgum ekki vera hægt að setja það hærra, en sumum *nágrönnunum* þótti það aptur á móti langt úr vegi of lágt. Eptir slíku álít jeg ekki gott að fara. Þeir geta þá einhverra hluta vegna hugsað sem svo: »Það er þá ekki ofgott þó hann komist að jörðinni fullkeyptri«. Það þarf opt lítið til, að menn hagi sjer eptir slíkri hugsun. En það álít jeg gjörsamlega óviðeigandi, að stjórnarráðið taki nokkuð tillit til slíks álits.

Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strand.): Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í deilur hæstv. ráðherra og 5. kgk. (Þ. J.), um verðið á jörðum þessum eða kunnugleik matsmanna. Það, sem mjer finnst aðallega koma til greina hjer, er það, hvort stjórnin hafi ekki heimild til að neita um sölu á þjóðjörð, eða setja verð hennar hærra en matsmenn hafa tiltekið. Eptir lögunum um þjóðjarðasölu fæ jeg ekki betur sjeð, en að stjórnin hafi heimild til að neita um sölu þjóðjarðar eða fresta henni, þegar henni virðist verðið of lágt, og er margt, sem á það bendir. Fyrst er nú það, að virðingin á að leggjast fyrir umboðsmann til umsagnar, auk þess sem það er hvergi tekið fram í lögunum, að stjórnin sje skyld til að selja jarðirnar, heldur er henni að eins veitt heimild til þess. Fyrst nú stjórnarráðið á að bera málið undir umboðsmanninn, þá er það sjálfsagt í því skyni ákveðið, að það taki eitthvert tillit til þess sem hann segir. Annars finnst mjer þingið mega vera stjórninni þakklátt fyrir það, að hún lítur eptir hag landssjóðs, og það er erfitt að sam-

rýma það, að vera í sömu andránni að ávíta hana fyrir eyðslusemi á landsfje, og ásaka hana fyrir það, að hún vilji ekki selja þjóðjarðirnar, hversu lágt sem þær kunna að vera metnar. Þetta, að skipa að selja jarðirnar umsvifalaust, er sama sem að gefa kaupendum undir fótinn með, að sætta sig ekki við matið á jörðunum. Ef þeir vita það, að eigi muni þurfa annað en að þeir lýsi óánægju sinni yfir matinu, þá muni þingið skipa að selja þeim jarðirnar fyrir það verð, er þeim vel líki, ef þeir að eins flýi á náðir þess.

Mjer finnst það liggja í augum uppi, að þegar stjórnin fær nýjar og betri upplýsingar en hjá matsmönnum, að hún taki þær til greina; og eigi fæ jeg sjeð það, að ekki sje rjett að hafa hliðsjón af því, sem umboðsmaður segir. Til hvers ætti annars að vera að leita álits hans. Jeg tel það rjett, að stjórnin skýri ábúanda frá hinum nýju upplýsingum, og bjóði honum jörð sína fyrir það verð, er sanngjarnt má telja með hliðsjón af þeim.

Jeg veit ekki, hvort stjórnin hefur hingað til sýnt nokkurt ranglæti eða harðdrægni fyrir landssjóðs hönd við kaupendur landssjóðsjarða; jeg get ekki sagt af eða á um það; mjer er málið ekki fullkunnugt til þess. En það sýnist mjer auðsætt, að þingið geti ekki að jafnaði skipað stjórninni, að selja þær landssjóðsjarðir, sem hún, eptir að hafa aflað sjer allra upplýsinga, telur óráð að selja fyrir það verð, sem boðið er.

Í þessu máli verður að fara gætilega; það þarf bæði að taka tillit til hagsmuna landssjóðs, og hins, að kaupendum landssjóðsjarðanna sje sýnt fyllsta rjettlæti.

Til þess að sjá hvorttveggju sem bezt borgið, hefur mjer dottið í hug að bera upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá, er jeg með leyfi hv. forseta skal lesa upp:

»Í því trausti, að landsstjórnin framvegis sem að undanförnu hafi gætur á því, að þjóðjarðir verði ekki seldar við of lágu verði, og sýni hins vegar þeim, er kauprjett hafa, fulla sanngirni, þegar gildar ástæður koma fram fyrir því, að upphæð sú, sem boðin er í jörðina, sje hæfileg, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Flutningsmaður Þórarinn Jónsson (5. kgk. þm.): Jeg varð hálf hissa, er jeg heyrði þessa rökstuddu dagskrá háttv. þm. Strand. (G. G.); mjer finnst hún hálfvandræðaleg, og hvorki vera fugl nje fiskur. Háttv. þm. (G. G.) þóttist vilja hlynna að þjóðjarða kaupendunum; en svo fannst honum þó, að þingið ekki gæti samþ. sölu á þjóðjörðum á annan hátt en stjórninni líkaði, eptir að hún væri búin að hafa mikla fyrirhöfn fyrir að leita sjer upplýsinga um jarðirnar. En það er nú einmitt það, sem hún hefur ekki gjört hjer; hún hefur sett sjálf fast verð á jarðirnar eptir upplýsingum, sem jeg þykist hafa fært rök fyrir að ekki hafi verið rjettar, og þetta verð stórum hærra en matsmennirnir höfðu talið hæfilegt. Þetta fæ jeg ekki sjeð að sje í samræmi við lögin um þjóðjarðasöluna, og því vona jeg að háttv. deild hugsi sig tvisvar um, áður en hún fer að samþ. þessa dagskrá, sem má elta eins og hrátt skinn. Reyndar get jeg búizt við, að svo sje í garðinn búið, að hún verði samþ., og því vil jeg taka það fram, að jeg vona, að stjórnin leiti eptirleiðis nákvæmari upplýsinga, áður en hún setur sjálf fast verð á jarðir, þegar mikið ber á milli hjá matsmönnum og umboðsmanni.

Ráðherra: Jeg vil benda hv. 5. kgk. (Þ. J.) á, að jeg álít að heimildin í 12. gr. þjóðjarðasölulaganna, um að kveðja kunnuga menn til að segja álit sitt um mat á jörð, sem á að selja, geti varla komið til greina, nema ef stjórninni sýndist ástæða til að selja einhverja jörð lægra, en hún hefur verið metin; en að hún hafi að öðru leyti heimild til að neita um sölu á jörð, þegar henni finnst ástæða til, og sömuleiðis að hækka verð hennar frá matsverðinu; en að að eins megi ekki selja hana undir matsverði, nema nýrra upplýsinga sje leitað á þann hátt, sem lögin gjöra ráð fyrir í 12. gr. Hingað til hefur ekki verið, að áliti stjórnarráðsins, ástæða til að selja nokkra jörð undir matsverði, og því hefur það ekkt heldur sjeð ástæðu til að kveðja kunnuga menn sjer til ráðaneytis. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að stjórnarráðið mun hafa það hugfast, að fylgja tilgangi þjóðjarðasölulaganna í þeim tilgangi, að selja ábúendum þær jarðir, sem heimilt er að selja samkvæmt lögunum, jafnan er nokkurn veginn forsvaranlegt verð fæst fyrir þær, og von er um, að sá er kaups beiðist, búi á jörðinni sjálfur. En jeg tel það ekki samkvæmt tilgangi laganna, að fleygja þeim frá sjer langt fyrir neðan sannvirði, enda mundi slíkt naumast styðja að sjálfsábúð, heldur miklu fremur að gróðabralli með jarðirnar. Jeg er háttv. þm. Strand. (G. G.) þakklátur fyrir hina rökstuddu dagskrá. Það er langt frá því að stjórnin vilji ekki efla sjálfsábúð í landinu. Fyrir henni hefur það eitt vakað, að gæta hagsmuna landssjóðs, að því leyti sem hún hefur talið það samrýmanlegt við sanngirni gagnvart þjóðjarðakaupendunum.

ATKV.GR.:

Hin rökstudda dagskrá svo látandi:

»Í því trausti að landsstjórnin framvegis, eins og hingað til, hafi gætur á því, að þjóðjarðir verði ekki seldar við of lágu verði, og sýni hins vegar þeim, sem kauprjett hafa, fulla sanngirni, þegar gildar ástæður koma fram fyrir því, að fjárhæð sú, sem boðin er í jörðina, sje hæfileg — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«
var samþ. með 8 atkv. gegn 1.

IV. Fyrirspurnir.

Fyrirspurn um strandvarnir í Garðsjó

Á 40. fundi Ed., föstudaginn 30. ágúst, skýrði forseti frá, að lögð væri fram og útbýtt meðal þingdeildarmanna fyrirspurn (A. 448) um frekari strandvarnir í Garðsjó — flutningsmaður Valtýr Guðmundsson — og á næsta fundi daginn eptir var leyft með 10 atkv. gegn 1, að bera fyrirspurnina upp.

Á 49. fundi Ed., þriðjudaginn 10. september, var fyrirspurnin borin upp og henni svarað.

Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K,): Það hefur komið hingað til þingsins skjal frá útgjörðarmönnum í Keflavík og Garði, þar sem þeir bera sig upp undan yfirgangi botnvörpunga, er mjög hefur færzt í vöxt á þessu sumri; annað brjef lengra en sama efnis hafa þeir sent til stjórnarráðsins. Þeir fara þess á leit, að þing og stjórn reyni, að gjöra eitthvað til, að ljetta af þeim þessari plágu, og í brjefinu til stjórnarráðsins nefna þeir ýmsar ráðstafanir, sem þeir ætla, að mundu verða til þess, að bæta úr vandræðum þessum að einhverju leyti. Þeir taka það fram, að komið gæti til mála, að hafa sjerstakan bát til gæzlu í flóanum, eða að sett væru dufl í sjóinn, er sýndu, að þar fyrir innan væri þeim ekki heimilt að fiska, og fleira er þar nefnt.

Auk þessara brjefa hef jeg í höndunum skýrslu um þennan yfirgang þar syðra frá manni, sem þar hefur verið búsettur í 38 ár, og er því öllu gagn-kunnugur.

Til þess að flýta fyrir, þá vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp úr henni þann kaflann, sem að einkum snertir fyrirspurn mína.

»Aldrei hefur yfirgangur útlendra botnvörpuskipa eins úr hófi keyrt eins og á þessu sumri í Garðsjónum. Síðan franskir bættust við í þann hóp hefur verið farið yfir allt það svæði innan landhelgis, sem þorskanet eru lögð á, að undanskildum litlum bletti vestur á móts við Garðsskaga, en sem helzt eru ekki leggjandi net á fyrir straumum, hrauni og alls ekki nema í smá-straumi. Þeir hafa vaðið yfir allt upp að þörum, nótt sem dag, þó helzt aldrei meira en á meðan konungsflotinn lá í Reykjavík.

Fyrsta skipti, sem net voru lögð, tók botnvörpungur hálfa trossuna, $2^1/_2$ net, og nú fyrir nokkrum dögum voru hirt 9 net, nálega á sömu miðum, í landhelgi. Það virðist svo, sem þeir sjeu nú al-óttalausir fyrir varðskipinu, enda virðast ferðir þess vera hjer meira líkar barnaleik en öðru; skipið kemur helzt beina leið frá Reykjavík eða Hafnarfirði um hádaginn, þegar flestir þeirra eru hættir að fiska. Fiskurinn heldur sig aðallega við botninn á nóttunni frá klukkan 9 á kvöldin til klukkan 3 á morgnana, einkum þegar á líður sumarið.

Ef að varðskipið legði það í vana sinn, að læðast suður með landi fyrri part nætur, og koma svo óvörum í Garðsjóinn nálægt klukkan 12, er ótrúlegt, að þeir gætu ekki handsamað einhvern úr hópnum, eða í öllu falli yrðu þeir þá varla eins óttalausir.

Að við Suðurkjálkabúar ekki kvörtum að ástæðulausu, sýnir sig bezt á því, að eina nótt á síðastliðinni vetrarvertíð hirtu botnvörpungar 100 þorskanet með duflum og duflfærum. Sje nú hvert þorskanet 25 kr. virði með tilheyrandi — og þetta var þegar netja-fiskiríið var allra mest, og ýmsir fengu frá 70—100 fiska í neti eptir nóttina[1]. Ef maður nú áætlar 50 fiska í þessum 100 netjum til jafnaðar, sem mun þó of lágt sett, og hvern þorsk 70 aura, þá verður beini skaðinn, að óreiknuðum óbeinlínis skaða við aflamissi, 6,000 kr. Fyrir utan þetta töpuðu ýmsir frá 3—10 netjum á öðrum tíma, sem jeg hef ekki ljósar tölur yfir. — Til sönnunar því, að Garðsjórinn sje þó ekki einskis virði, set jeg hjer, fyrir hvað margar krónur hefur aflast netjafiskur í Garðsjó haustið 1906 og vetrarvertíðina 1907, byggt á verzlunarbókunum í Keflavík og Gerðum, og svo öðrum upplýsingum, sem mjer hafa verið gefnar; en þó skal þess getið, að þessar tölur eru heldur lágar en háar.

Haustið 1906 var aflinn,	
eingöngu bolur, . .	kr. 38,000
Vertíðina 1907 var aflinn,	
eingöngu bolur, . . .	— 214,000
Rask af þessum afla, svo	
sem höfuð, lifur, hrogn,	
sundmagi o. fl. 10%	— 25,200
	Kr. 277,200

Enn fremur skal þess getið, að á 2 skip í Garði aflaðist nálega 800 kr. í hlut á 6—7 vikna tíma. Slík gullnáma, sem Garðsjórinn er, er ekki víða í kringum landið, ef menn gætu haft frið og næði til að stunda hann með þeirri þrautseigju og dugnaði, sem sjómönnum hjer er eiginlegur.

Ef nú fyrir yfirgang útlendinga og ónýtjungsskap stjórnarinnar Garðsjórinn verður ómögulegur sem netjastöðvar, verða sumir að leggja árar í bát og hætta við útgjörð, en aðrir hrúgast með netin inni á grunni, undan Strönd, Vogum, Njarðvíkum og Keflavík; verður þar þá svo margt af netjum, að lítil verður aflavonin, og rekur að sama aflaleysi og var samþykktarárin. Er þá ekki nema um tvennt að gjöra, flýja hjeðan eða svelta«.

Jeg vil ekki lesa lengra upp úr skýrslu þessari; það sem á eptir fer, er mestmegnis ákúrur til stjórnarinnar, og þess meðal annars getið, að ekki finnist mönnum strandgæzlan hafa batnað við það, þótt svo sje ákveðið, að $^2/_3$ hlutar botnvörpungasektanna eigi að renna í ríkissjóð. Hjer er augsýnileg hætta á ferðum með það, að botnvörpungar muni eyðileggja svo veiðarfæri og afla manna, að eigi verði við slíkt búandi. En hins vegar er mjer

1) Pannig í handritinu.

það ljóst, að hjer er erfitt aðgjörða fyrir stjórnina og úr vöndu að ráða. Á undanförnum þingum hefur verið samþykkt ályktun um það, að stjórnin beittist fyrir því, að fá sjer sjerstakan varnarbát á Faxaflóa. Jeg þykist vita, að stjórnin muni hafa reynt til að framfylgja þessum þingsályktunum, en það vitum vjer, að þar hefur henni ekki orðið ágengt. Jeg hef því álitið það þýðingarlaust að koma að nýju með þingsályktunartillögu í sömu átt sem áður. En jeg held það megi þó gjöra ýmislegt til að hindra að nokkru yfirgang botnvörpunganna, og jeg hef komið með fyrirspurnina einkum í því skyni, að fá vitneskju um, hvort stjórnin fyndi ekki einhver ráð til þess að draga úr botnvörpunga ófögnuðinum í Garðsjónum. Jeg fyrir mitt leyti get ætlað að eitthvert lið væri að því, að gjöra út mótorbát, sem ætti að reyna að ná númeri sökudólga og ákveða hvar þeir hefðu framið lögbrot sitt. Þegar varðskipið hefði fengið þessi gögn, þá mundi það opt og einatt geta síðar meir klófest lögbrjótana, og fengið þá sektaða. Reyndar veit jeg, að þetta er alltorvelt, því að botnvörpungarnir kváðu leika þá list að hylja númer sín með því að breiða yfir þau, en ætíð mun þeim þó ekki takast það. Eitt af því, sem mönnum hefur dottið í hug að gæti orðið til varnar, er að sökkva niður á við á dreif um fiskimiðin tilfærum, til þess að eyðileggja botnvörpurnar. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði áleit þetta gjörlegt og bjóst við að það mundi ekki verða mjög dýrt. Þá hefur mönnum og dottið í hug að hafa dufl með rafmagnsljósum til að afmarka með landhelgissvæðið, jafnvel líka fyrir utan landhelgi, þegar netjafiski væri stundað þar, því að jeg hef heyrt sagt, að samkvæmt samningi milli Englendinga og Dana sjeu hvorutveggju skyldir að taka tillit til slíkra dufla, ef skýr eru og greinileg, og það jafnvel þótt ljóslaus sjeu, hvort sem slíkt gæti og náð til Íslendinga. En þó nú Íslendingar yrðu að hafa dufl með ljósum, þá mundu þau ekki kosta mjög mikið, þau kvað vera notuð þannig í Norvegi, fremur ódýr.

Helzta ráðið, sem hægt er til að grípa, hygg jeg þó vera, að veita styrk til mótorbáts til að vera á vakki þar syðra. Nú vill að vísu svo óheppilega til, að fáir mótorbátar eru þar syðra; jeg hef heyrt sagt, að þeir muni ekki vera nema tveir; en að minnsta kosti annar þeirra, »Gammurinn«, kvað vera allstór, og góður bátur; væri eigi ólíklegt, að hægt væri að komast að samningum við eiganda hans, um að fá hann til eptirlitsins.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta nú, en óska að hæstv. ráðherra skýri frá, hvað hann áliti að hægt sje að gjöra til þess að vernda þennan þýðingarmikla atvinnuveg, sem svo mikið er undir komið fyrir hjeraðsbúa að njóti sem öflugastrar verndar og aðstoðar landsstjórnarinnar, og sem er landssjóði svo mjög í hag, að hann blómgist sem bezt, því að af sjávarútvegnum og frá sjávarsveitunum fær hann einna drýgstar tekjur.

Ráðherrann: Jeg verð að segja það, að mjer kom það dálítið kynlega fyrir, þegar fyrirspurn þessi kom fram undir eins, fám dögum eptir að brjefið, sem gaf háttv. þgm. (V. G.) tilefni til, að koma með hana, var dagsett, og áður en að mjer gæti verið orðið persónulega kunnugt um málaleitunina. Það lítur helzt út fyrir, að brjefið sje skrifað vegna fyrirspurnarinnar, en fyrirspurnin ekki gjörð vegna brjefsins. En hvað sem því líður, þá er mál þetta alvarlegt mjög, og þess vert, að allra ráða sje leitað til að reyna að

ráða bætur á yfirgangi botnvörpunganna. Það er sama hvað duglegur sem yfirmaðurinn á varðskipinu er, þá getur hann ekki allsstaðar verið og alla varið, sem varnar þurfa. Hitt er ekki svo óeðlilegt, að hverjum finnist mest varnarþörfin hjá sjer, og hætti við að kasta nokkuð þungum steini á varðskipið, ef það er ekki jafnan viðstatt, er á þarf að halda. Það er ekki von, að íbúar hvers einstaks hjeraðs geti dæmt eins vel um varnarþörfina viðsvegar um landið, eins og stjórnin og yfirmaðurinn á varðskipinu. Jeg hygg, að það muni verða all erfitt, með þeim föngum, sem fyrir höndum eru, að taka það tillit til kærunnar að sunnan sem æskilegt væri. Eptir því, sem mjer er sagt, þá eru ýms veiðimið þeirra sunnanmanna fyrir utan landhelgi, og þar getur varðskipið ekki beitt sjer gegn botnvörpungunum, nema þegar um skemmdir á veiðarfærum er að ræða, og þó því að eins, að glögg merki sjeu sett, þar sem veiðarfærin liggja, og greinilegar kærur komi yfir skemmdunum, eða það standi sökudólgana að verki. Á síðasta ári hefur verið reynt, að leita endurgjalds hjá útgjörðarmönnum í Englandi fyrir skemmdir á veiðarfærum landsmanna. Foringinn á varðskipinu, Ammundsen, hefur gjört sjer mikið far um, að leiðbeina mönnum í þessu, og fyrir hans fulltingi hafa Akurnesingar fengið endurgjald fyrir skemmdir á veiðarfærum.

Stjórnarráðið hefur skorað á menn, að reyna að komast eptir nafni og númeri skipa þeirra, sem skaða valda á veiðarfærum, og svo að fá skaðann metinn á löglegan hátt. Sje það ekki gjört, þá er ekki við að búast, að skaðinn fáizt bættur.

Jeg er á sömu skoðun og háttv. þm. (V. G.), að helzta ráðið, sem hægt sje eptir atvikum að grípa til, sje það að styrkja menn til að halda úti mótorbát, er reyni að taka nafn og númer skipa, er fiska ólöglega í landhelgi, og ákveða staðinn, er lögbrotið fer fram á.

Jeg held aptur á móti, að ekki vinnist mikið við það, að leggja út dufl eins og háttv. þm. (V. G.) var að tala um, að minnsta kosti mundi lítil vörn verða að þeim í náttmyrkri, því að þá sæust þau ekki. Yfir höfuð mun verða mjög örðugt, að koma fram ábyrgð gegn þeim, sem eru við ólöglegar veiðar í náttmyrkri, þar sem svo mikill skortur er á vitum hjer. Það er því nær ómögulegt fyrir varðskipið, að ákveða hvort eitthvert skip er fyrir utan eða innan landhelgi, nema það geti miðað það við tvo staði á landi, í myrkri við tvo vita, en nákvæm staðarákvörðun er skilyrði fyrir því, að hægt sje að fá skip sektuð fyrir ólöglega veiði.

Jeg hef ekki haft svigrúm, síðan brjefið var lagt fram á þinginu, að gjöra neinar sjerstakar ráðstafanir, enda þyrfti talsverða fjárupphæð til þess, að auka eptirlit verulega, en það væri líklega ekki hentugt, að bætt væri mikið við tekjuhallann eptir skoðun háttv. þgm. (V. G.). Það væri afarhá upphæð, sem þyrfti til þess, að kaupa skip til eptirlits, og gjöra það út. Jeg sje mjer ekki fært að leggja slíkt til í svipinn. Aptur á móti tel jeg reynandi, að styrkja íbúana til þess, að halda úti mótorbátum, er skyldu aðgæta númer skipanna, og eins hvaða skemmdum þau valda utan landhelgi. Annað held jeg ekki að geti komið hjer til mála að gjöra. Annars væri mjer kært, ef hinn háttv. 4. kgk. þm. (Ág. Fl.) vildi skýra frá, hvort ekki sjeu netamið utan landhelgi í Garðsjó, og hvort ekkert gagn mundi

vera að því, að hafa dufl á landhelgismörkunum; yfir höfuð væri mjer kært, að heyra skoðun hans á þessu málefni.

Ágúst Flygenring (4. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer, samkvæmt ósk hins hæstv. ráðherra, að skýra frá, hvaða þýðingu jeg álít að það hefði, að gjöra eitthvað af því þrennu, sem háttv. þm. G.-K. (V. G.) stakk upp á að talað væri um, til að afstýra ólöglegum fiskiveiðum, enda þótt jeg hafi litlu við það að bæta, sem hæstv. ráðherra sjálfur hefur tekið fram.

Viðvíkjandi duflunum, sem háttv. þm. minntist á, hvort ekki mætti hafa til þess að afmarka með þeim landhelgissvæðið, þá skal jeg skýra frá, að ef þau eiga að vera tryggileg, þá eru þau afardýr. Þau eru ekki örugg að nóttunni, nema þau sjeu útbúin með ljósum og þá þyrftu þau stöðugt eptirlit, sem yrði mjög dýrt. Slík dufl eru víða notuð í hafnarmynnum eða úti fyrir fjörðum þar sem skerjótt er, þó mjög óvíða með ljósi, en þau duga ekki jafnaðarlega lengur en 6 mánuði í einu, þó að rammbyggilega sje um þau búið; þá þarf að minnsta kosti að eptirlíta keðjuna, þó duflið sjálft sje óskemmt. Ef afmarka ætti landhelgissvæðið utan frá Garðsskaga 2 mílna veg með duflum, kæmi það ekki að tilætluðum notum, nema stöðugt eptirlit væri haft með þeim. En þrátt fyrir fyllstu reglu og ljós mundu þau ekki koma að tilætluðum notum vegna þess, að ránsmennirnir mundu nema burtu duflin, og væri ekki hægt að hafa eptirlit með því, og á næturþeli mundu þeir ekki víla fyrir sjer að fara inn fyrir slíka línu.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.) tók það fram, að afmarka mætti einnig svæðið utan landhelgi, sem veiðarfæri væru á, með ljósum; það væri gjört sumstaðar í öðrum löndum, t. d. í Norvegi. En það er gjört þar í því skyni, að menn viti, hvar veiðarfæri þeirra liggja og þeir skemmi ekki hver fyrir öðrum. En að setja á stofn eptirlit þarna, eins og í Norvegi, gæti ekki komið til mála, þó að Garðssjór sje dýrmæt auðsuppspretta; kostnaðurinn yrði hlutfallslega of mikill móts við það, sem fengist í aðra hönd.

Það var rjett hjá hæstv. ráðherra, að dýrmætustu Faxaflóamiðin eru fyrir utan landhelgi, en það er alveg hætt að hugsa um þau, af því að það er hætt að fiskast á þeim. Botnvörpungar halda sig þar líka allan tíma ársins. Eptir er nokkur hluti af Garðssjónum, sem getur verið arðvænlegur á ýmsum tímum, en þar eru líka á flestum tímum árs botnvörpungar utan landhelgi.

Í brjefinu, sem háttv. þm. G.-K. (V. G.) las upp, var þess getið, að að minnsta kosti 100 net hefðu í einu tapast fyrir yfirgang botnvörpunga, en þess má geta, að þau munu hafa flest verið fyrir utan landhelgi, enda getur slíkt verið óviljaverk, því duflin á netunum eru lítil og sjást illa þegar bára er, auk þess sem að á nóttunum sjest ekkert þesskonar. Til þess að allt veiðisvæðið yrði varið, þyrfti að hafa bát stöðugt á sjó; en allar slíkar ráðstafanir kosta mikið fje.

Ein af bollaleggingunum þar syðra er sú, að sökkva niður áhöldum til þess að eyðileggja botnvörpurnar og gjöra þeim ómögulegt að fiska. Jeg heyrði einu sinni þá uppástungu, að flytja grjót út á sjó og mynda með því hauga, svo að botnvörpurnar rifni. Mjer er ekki ljóst, á hvern hátt ætti að sökkva grjótinu niður til þess að eyðileggja botnvörpurnar, því að þær eru afar rammgjörðar og eru dregnar upp með stálstrengjum, sem eru afar-

sterkir. Það hefur komið fyrir, að upp í vörpunum hafa komið ýmsir hlutir, sem hafa verið mörg tonn á þyngd. Jeg vildi sjá þau tæki, sem menn gætu flutt með þangað út hluti, sem botnvarpan drægi ekki upp. Þær lypta mörgum sinnum þyngri hlutum en hægt væri á nokkurn hátt að flytja út á bátum. Þetta er byggt á misskilningi og skammsýni. Það eina, sem dygði, væri að halda sjerstakan bát fyrir Faxaflóa, og sem auðvitað hefði stærra svæði þá um leið. En til þess vantar því miður fje, því slíkir bátar eru dýrir. Hann þyrfti að vera vel út búinn og geta verið á sjó í hvaða veðri sem væri, eins og botnvörpuskipin, og útbúinn með fallbyssu.

Það mætti auðvitað styrkja mótorbáta til þess að taka númer af botnvörpungum, eins og hæstv. ráðh. benti á, eða veita verðlaun fyrir upplýsingar um, hvaða skemmdir yrðu af þeirra völdum á veiðarfærum bæði utan landhelgis og innan að svo miklu leyti sem kostur væri a. Að öðru leyti fæ jeg ekki sjeð neinn veg til þess að koma í veg fyrir hina sorglegu eyðileggingu þessarar atvinnugreinar, því að meðan varðskipið er að eins eitt, hlýtur það allt af að vera einhvern tíma ársins fjarri Faxaflóa. Það verður líka að vera fyrir Norðurlandi, þar sem líka er mikil veiði, sjerstaklega síldveiðatímann. Í þetta sinn er of seint að tala um ráðstafanir í þá átt að auka strandvarnir af eigin rammleik, þó þess vissulega þyrfti. Sem sagt, jeg álít, að mótorbátar til eptirlits, sjeu spor í áttina — hið eina sem talandi er um nú; önnur ráð fæ jeg ekki sjeð, að verði notuð.

Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðh. skal jeg taka það fram, að hann byrjaði á því, að svo liti út, sem kæran væri fram komin vegna fyrirspurnarinnar, en fyrirspurnin ekki vegna kærunnar. Jeg er ekki svo kunnugur þessu máli, að jeg gjöri mjer leik til að tala um það, en þar sem jeg er þm. kjördæmisins, þá álít jeg skyldu mína að hreyfa þessu. Jeg áleit þessa leiðina betri en þingsályktunarleiðina. Jeg áleit ekki, að stjórnin gæti útvegað strandvarnarbát. Það getur verið, að dufl gjöri ekki gagn, eins og hæstv. ráðh. sagði, nema vitar væru nærri, en hjer stendur svo sjerstaklega á, að vitar eru nærri, bæði á Reykjanesi og á Garðskaga. Annað ráðið, sem háttv. 4 kgk. þm. minntist á, að stungið hafi verið upp á, að sökkva áhöldum í sjóinn, held jeg ekki að komið gæti að gagni; sumir halda því fram, en jeg efast um, að það dugi. Þriðja ráðinu, að styrkja mótorbáta til eptirlits, til þess að taka númer af botnvörpungunum, segist hæstv. ráðh. vilja sinna; jeg held líka, að það sje það bezta. Jeg verð að enda fyrirspurn mína með því að skjóta þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort hann vilji gjöra breyt.till. við fjárlagafrumv. í þessu augnamiði. Það er að vísu í fjárlögunum dálítil fjárupphæð veitt í líku skyni, en hún nægir varla hjer líka. Jeg álít, að hjer sje ekki um stóra fjárupphæð að ræða, og þó fjárhagurinn sje erfiður, þá tel jeg sjálfsagt að veita fje í þessu skyni, þar sem um arðsama atvinnu margra manna er að ræða. Mjer hefur ekki dottið í hug að fara fram á mikla fjárupphæð, og jeg sje mjer ekki fært að fara fram á sjerstakan strandvarnarbát, eins og beðið er um í umsókninni. Jeg vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vilji ekki í háttv. Nd. koma fram með breyt.till. í þessa átt.

Ráðherrann: Jeg hef ætlað mjer að

koma fram með breyt.till. við tjárlagafrumv. í Nd., að upphæðin í 10. gr. B. 6. verði aukin um 1000 kr. á ári í þeim tilgangi, að hægt sje af því fje að styrkja mótorbáta til þess að taka númjer af skipum og veita því eptirtekt, hvaða skip valdi skemmdum innan og utan landhelgis. Jeg sje ekki, að annað sje hægt að gjöra í þessu efni í svip. Jeg óska þess, að þessum yfirgangi mætti linna, en vjer erum þess ekki megnugir, að halda sjerstakt varðskip fyrir Faxaflóa, og þó vjer hefðum það, þá væri ekki hægt að koma í veg fyrir skemmdir, t. d. á næturþeli.

V. Kosningar.

A. Í sameinuðu þingi.

I.

Kosning nefndar til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna.

Kosningin fór fram á 3. fundi Sþ., laugardaginn 7. september.

Forseti stakk upp á 5 manna nefnd, og var það samþ. án atkv.gr.

Eptir ósk þessara 10 þingmanna: Stefáns Stefánssonar, þm. Skagf., Valtýs Guðmundssonar, Björns Kristjánssonar, Jóhannesar Jóhannessonar, Þorgríms Þórðarsonar, Ólafs Briems, Sigurðar Stefánssonar, Ólafs Ólafssonar, Skúla Thoroddsens og Ólafs Thorlaciusar, var við höfð hlutfallskosning eptir hlutfallinu 23 (A-listinn) og 12 (B-listinn). Kosningu hlutu;

1. Magnús Stephensen (A).
2. Guðlaugur Guðmundsson (A).
3. Guttormur Vigfússon (A).
4. Ólafur Briem (B).
5. Sigurður Stefánsson (B).

Í nefndinni var Magnús Stephensen kosinn formaður og Ólafur Briem skrifari.

II.

Kosning 3 manna í nefnd til að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar (A. 284, 302).

Kosningin fór fram á sama fundi sama dag.

Kosnir voru með hlutfallskosningu eptir ósk sömu þingmanna og eptir sama hlutfalli 23 : 12:

1. Björn M. Ólsen (A).
2. Eiríkur Briem (A).
3. Björn Jónsson (B).

Óskað var skýringar um, hvort hinn síðastnefndi væri Björn Jónsson, ritstj. Ísafoldar, og var því játað af flutningsmönnum B-listans.

III.

Kosning yfirskoðunarmanns Landsbankans. Sami fundur, sama dag.

Kosinn var:

Jón Jakobsson, 1. varaforseti Ed.' með 21 atkv.

Næst honum fjekk Björn Kristjánsson 10 atkv.

IV.

Kosning á framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðsins. Sami fundur, sama dag.

Kosning hlaut:

Eiríkur Briem, forseti Sþ., með 31 atkv. Magnús Stephensen og Björn M. Ólsen hlutu eitt atkv. hvor; 1 seðill var ógildur og 1 auður.

V.

Kosning fulltrúa í bankaráð Íslandsbanka.

Kosningin fór fram á 4. fundi Sþ., miðvikudaginn 11. september.

1. Kosning fulltrúa í bankaráðið fyrir tímann til aðalfundar 1909.

Forseti Eiríkur Briem tók fram, að 1903 hefðu verið kosnir 3 menn í bankaráðið; af þeim hefði fyrst verið dreginn út Sigurður Briem, þá í sumar Sigfús Eymundsson og loks ætti að ganga úr að sumri Lárus Bjarnason.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg vildi gjöra þá aths. við þennan lið á dagskránni, að jeg álít, að við kosningu þessara manna eigi að fara eptir 46. gr. þingskapanna, er segir, að viðhafa skuli hlutfallskosning hvarvetna, þar sem kjósa á um 2 eða fleiri, hvort sem er til utan- eða innanþingsstarfa. En eins og dagskráin er samin, er ekki mögulegt að koma því við.

Forseti Eiríkur Briem: Hlutfallskosning verður ekki viðhöfð við þessa kosningu; henni er þannig farið, að kjósa á hvern af þessum mönnum út af fyrir sig.

Valtýr Guðmundsson (þm. G.-K.): Kosning þessi gildir til 3. ára fyrir hvern um sig, og til alveg sama starfa, og hægt er að ákveða, fyrir hvaða tíma hver sje kosinn, þótt hlutfallskosning sje viðhöfð. Þessi aðferð, sem hjer á að beita, er ekki ákveðin í lögum, heldur í reglugjörð bankans, og jeg efast um, að reglugjörðin geti breytt lögum eða sett löggjafarþingi stólinn fyrir dyrnar.

Forseti Eiríkur Briem: Jeg hygg þetta vera lögum samkvæmt, þingið kýs 3 fulltrúa, og af þeim fer 1 frá á ári, þannig að hver er kosinn til 3ja ára.

Ráðherrann: Það er ekki rjett, sem háttv. þm. G.-K. sagði, að allir þeir, sem hjer er um að ræða, skuli kosnir til 3. ára, heldur er sá fyrsti kosinn að eins til tæpra 2. og hinn annar til tæpra 3. ára, enda er það atvik eitt, að þrír eru kosnir í einu í þetta skipti.

Kosningu hlaut Jón Jónsson, þm. Sfjk. með 23 atkv. Sigurður Briem póstmeistari fjekk 12 atkv.; 4 seðlar voru auðir.

2. Kosning fulltrúa í bankaráðið fyrir tímann til aðalfundar 1910.

Kosinn var Sigfús Eymundsson bóksali með 24 atkv.; Magnús Stephensen fjekk 2 atkv., Skúli Thoroddsen 1 atkv. og 12 atkvæðaseðlar voru auðir.

3. Kosning fulltrúa í bankaráðið fyrir tímann frá aðalfundi 1908 til aðalfundar 1911.

Kosinn var Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf. með 24 atkv.; Ágúst Flygenring fjekk 2 atkv. 13 seðlar voru auðir.

VI.

Tilnefning 4 manna í nefnd milli þinga til að endurskoða skattalög landsins.

Á sama fundi, sama dag.

Hlutfallskosningar höfðu þessir þingmenn óskað: Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Sigurður Jensson, Jóhannes Jóhannesson, Valtýr Guðmundsson, Sigurður Stefánsson, Björn Kristjánsson, Þorgrímur Þórðarson, Einar Þórðarson og Ólafur Thorlacius.

Tveir listar voru lagðir fram; A-listinn með 4 nöfnum og B-listinn með 1 nafni, en af því að það nafn (Ólafur Briem) var einnig síðasta nafn á A-listanum, þurfti ekki frekari kosning fram að fara, og lýsti forseti því yfir, að þessir 4 menn væru kosnir í nefndina.

Ágúst Flygenring,
Pjetur Jónsson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Ólafur Briem.

B. Í Efri deild.

Kosning á yfirskoðunarmanni landsreikninganna fyrir árin 1896 og 1897.

Á 50. fundi Ed., miðvikudaginn 11. september, fór kosningin fram og hlaut kosningu:

Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv., með 7 atkv., Kristján Jónsson yfirdómari fjekk 5 atkv.; 1. seðill var auður.

C. Í Neðri deild.

1. *Kosning á gæzlustjóra landsbankans.*

Kosningin fór fram á 50. fundi Ed., föstudaginn 13. september, og hlaut kosningu:

Eiríkur Briem, 2. kgk. þm., með 18 atkv.; 3 seðlar voru auðir.

2. *Kosning á yfirskoðunarmanni landsreikninganna 1896 og 1897.*

Kosningin fór fram á sama fundi, sama dag, og hlaut kosningu:

Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn. með 14 atkv., Jón Jensson hlaut 3 atkv.; 4 seðlar auðir.

3. *Kosning á gæzlustjóra Söfnunarsjóðsins.*

Kosningin fór fram á sama fundi sama dag, kosningu hlaut:

Magnús Stephensen, 2. þm. Rangv., með 18 atkv.; 3 seðlar voru auðir.

VI. Þinglok.

A. I neðri deild.

Á 50. fundi Nd,, föstudaginn 13. sept. ávarpaði **forseti** (M. St.) þingdeildina, að lokinni dagskrá, á þessa leið:

Starfi þingdeildarinnar á þessu þingi er þá lokið, og skilnaðartíminn fyrir dyrum, og þar sem þetta þing er síðasta þing á þessu kjörtímabili, er það undir hælinn lagt, hversu margir af oss mætast hjer aptur á næsta þingi, að minnsta kosti gjöri jeg ekki ráð fyrir að sitja optar í þessu sæti. Jeg vil því að skilnaði þakka háttvirtum þingdeildarmönnum fyrir samvinnuna á þessu þingi, og fyrir alla þá velvild, og allt það umburðarlyndi, sem þeir hafa sýnt mjer, sjerstaklega vil jeg þakka hinum háttv. varaforsetum og deildarskrifurum fyrir alla þá góðvild og aðstoð, sem þeir hafa auðsýnt mjer, og látið mjer í tje.

Óska jeg svo öllum þingdeildarmönnum, sem ekki eiga heima hjer í bænum, lukkulegrar heimferðar og gleðilegrar heimkomu.

Tryggvi Gunnarsson, (1. þm. Rvk.): Deildin þakkar forseta sínum fyrir samvinnuna, bæði á fyrri þingum og nú.

Guðlaugur Guðmundsson, (þm. V.-Sk.): Má jeg, fyrir deildarinnar hönd, leyfa mjer að mæla nokkur fleiri þakkarorð til hæstv. forseta. Hann hefur um mjög langt árabil átt sæti á alþingi, og við vitum allir, hversu mikið þingið og þjóðin á honum að þakka, hans dugnaði, vandvirkni og yfirburða hæfileikum. Hann gat þess í ræðu sinni, að hann byggist ekki við því, að skipa forsetasæti hjer í deildinni optar, og mjer finnst því sjerstök ástæða til þess nú, þegar svo mikilhæfur maður kveður þingdeildina, að minnast með þökkum alls þess, er hann

hefur starfað fyrir land og þjóð, bæði utanþings og innan. Hann er maður, sem ætið og allstaðar hefur staðið mjög framarlega meðal sinnar þjóðar, maður, sem hefur mjög þýðingarmikið lífsstarf að baki sjer, sem með áhuga og ánægju hefur lagt fram sína miklu krapta og hæfileika í þarfir þings og þjóðar.

Allir megum vjer sjerstaklega viðurkenna þá framúrskarandi lipurð og alúð, sem hann hefur sýnt deildinni á þessu sumri, sem forseti hennar.

Jeg leyfi mjer því, í nafni deildarinnar, að flytja honum alúðarþakkir að skilnaði, og beztu heillaóskir fyrir hinn komandi tíma. —

Þá er hann hafði lokið máli sínu, tóku allir þingdeildarmenn undir með því að standa upp.

B. Í efri deild.

Eptir að síðasta mál á síðasta fundi Ed. 13. septbr. var útkljáð, ávarpaði **forseti** (*J. H.*) um leið og hann sleit fundi, þingdm. með innilegu þakklæti sínu fyrir góða samvinnu á afstöðnu þingi, elju þá, sem þeir hefðu sýnt í því, að leiða til lykta svo mörg mál, sem fyrir deildinni hefðu verið, og góða aðstoð þá, sem þeir jafnan hefðu látið sjer í tje við framkvæmd forsetastarfanna, og jafnframt óskaði hann þeim allra heilla, og þeim, sem ferð ættu fyrir höndum, góðrar heimfarar og gleðilegar heimkomu.

Þessu ávarpi svaraði *Sigurður Stefánsson*, (þm. Ísafjk.) með hlýjum vinarorðum í garð forseta, og flutti honum þakkir allra þingdm. fyrir góða og rjettláta frammistöðu hans í forsetasætinu, sem hann hefði skipað vel, og bætti hann þar við óskum alls góðs honum og ástvinum hans til handa.

C. Í sameinuðu þingi.

Að lokinni dagskrá á 5. fundi Sþ., laugardaginn 14. september, skýrði forseti frá, að útbýtt hefði verið yfirliti yfir mál þau, er hefðu verið til meðferðar á þinginu, og var síðan gjörðabók lesin upp og samþykkt.

Forseti: (E. Br.) Eins og sjá má af yfirliti því yfir þingmálin, er hjer hefur verið útbýtt, er það ekki lítið verk, sem þingið hefur haft með höndum í sumar, þar sem samþykkt hafa verið 47 frv., er stjórnin hefur lagt fyrir þingið, og 24 þingmannafrumvörp, fyrir utan ýms önnur mál, er þetta þing hefur haft til meðferðar, og þar á meðal mál, er líkindi eru til, að muni hafa stórmikla þýðingu fyrir framtíð þessa lands, t. d. kosning millilandanefndar og skattamálanefndar.

En það, sem ef til vill mun gjöra þetta þing minnisstæðast, er sá merkisatburður, að á þessum þingtíma kom konungur vor hingað til landsins og hinir dönsku ríkisþingsmenn, er alþingi og stjórn hafði boðið.

Jeg vil nú við þinglokin leyfa mjer að þakka þingmönnum fyrir það, hversu vel þeir hafa komið fram gagnvart mjer, og því fremur harma jeg þetta atvik, er komið hefur fyrir í dag; það er ekki þinglegt atferli.

Sjerstaklega þakka jeg forsetum deildanna fyrir hina miklu velvild, er þeir hafa sýnt mjer. Og þá þakka jeg eigi síður hæstvirtum ráðherra, er í öllum efnum, sem jeg hef átt við hann að skipta, samkvæmt stöðu minni, hefur sýnt mjer einstaka ljúfmennsku, eins og honum er jafnan lagið.

Ráðherrann: Með því að liðinn er

hinn lögboðni þingtími og einnig sá tími, er þingið var framlengt um, og með því ekki ber nauðsyn til nýrrar framlengingar, þá lýsi jeg því hjer með yfir, samkvæmt því valdi, er mjer er til þess veitt af Hans Hátign konunginum, að alþingi er slitið.

Þá stóð upp 1. þingm. Reykvíkinga Tryggvi Gunnarsson og mælti:

Lengi lifi konungur vor Friðrik hinn 8, og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Var síðan gengið af þingi.